Alls nemur lækkun gjalda 6 756 942 þús. kr. og skiptist lækkunin þannig á einstakar tegundir útgjalda: Laun 784 493 þús. kr., önnur rekstrargjöld 63 349 þús. kr., viðhald 60 100 þús. kr., vextir 100 000 þús. kr. og tilfærslur 5 807 000 þús. kr. Að auki lækka sértekjur um 58 000 þús. kr. Útgjaldabreytingin skiptist á einstök ráðuneyti og útgjaldaliði sem hér segir:

02 Menntamálaráðuneyti

872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Framlag ríkissjóðs til sjóðsins er hækkað um 500 000 þús. kr. og nemur því 4 673 887 þús. kr. Lántökur sjóðsins eru sömuleiðis lækkaðar um 500 000 þús. kr. eins og fram kemur síðar. Telja verður afar ósennilegt að Lánasjóður ísl. námsmanna geti staðið undir verulegum lántökum, nema því aðeins að til komi fjárveitingar fyrir afborgunum og vaxtakostnaði að einhverju leyti, þar sem reikna má með að veitt lán sjóðsins séu til lengri tíma en tekin lán. Mjög brýnt er að gerð verði áætlun um greiðslustreymi lánasjóðsins fyrir næstu ár.

04 Landbúnaðarráðuneyti

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Framlag til stofnunarinnar, þ. e. framlag til fyrirtækja í B-hluta, lækkar um 23 000 þús. kr. Þessi lækkun á eingöngu við framlög ríkissjóðs til tilraunastöðva. Í fyrra frumvarpi nam framlag til tilraunastöðvanna að Hesti, Reykhólum, Möðruvöllum, Skriðuklaustri og Sámsstöðum 181 626 þús. kr. en er nú 158 626 þús. kr. Á móti lækkuðu framlagi ríkissjóðs til stöðvanna hafa tekjur stöðvanna verið hækkaðar enda eru þær vanmetnar. Þessi gjaldalækkun er liður í þá átt að rekstrargrundvelli stöðvanna verði breytt, hugsanlega með fækkun búanna fyrir augum.

289 **Framræsla.** Framlag ríkissjóðs vegna flýtigreiðslna til framkvæmda að upphæð 65 000 þús. kr. fellur niður, enda er það ekki lögbundið. Framlagið verður því alls 320 000 þús. kr.

290 **Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.** Áætlað framleiðsluverðmæti landbúnaðarvara framleiðsluárið 1979/80 er um 76 milljarðar króna. Miðað við fullnýtingu verðábyrgðar ríkissjóðs samkvæmt gildandi lögum næmi framlag ríkissjóðs alls 7 600 000 þús. kr. Þetta frumvarp miðast við að lögum um hámarksverðábyrgð verði breytt þannig að á árinu 1980 nemi framlag ríkissjóðs vegna verðábyrgðar sem svarar 8,5% framleiðsluverðmætisins. Í samræmi við þetta lækkar framlag ríkissjóðs um 1 100 000 þús. kr. frá fyrra frumvarpi.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

202 **Hafrannsóknastofnun.** Lækkun á framlagi til stofnunarinnar nemur alls 287 982 þús. kr. Þessi lækkun skiptist þannig að laun á rannsóknaskipinu Hafþór eru lækkuð um 236 287 þús. kr., viðhald um 45 900 þús. kr., stofnkostnaður um 4 000 þús. kr. og rekstrargjöld um 153 795 þús. kr. Að auki eru sértekjur, alls 42 000 þús. kr., felldar niður. Fjárveiting til Hafþórs nemur því alls 20 000

þús. kr. til eftirlits og nauðsynlegrar gæslu þar til ákvörðun verður tekin um nýtingu skipsins. Á móti útgjaldalækkuninni er fjárveiting til annarrar rannsóknarstarfsemi Hafrannsóknastofnunar aukin um 110 000 þús. kr. Til bráðabirgða er hækkunin færð til gjalda hjá rannsóknaskipunum en síðar í samvinnu við hlutaðeigandi aðila mun endanleg ráðstöfun fjárins verða ákveðin.

203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Sértekjur stofnunarinnar eru lækkaðar um 16 000 þús. kr. frá fyrra frumvarpi og nema því alls 30 000 þús. kr. og er þar um leiðréttingar að ræða.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

251 **Landhelgisgæslan.** Framlag lækkar alls um 576 960 þús. kr. Lækkunin skýrist þannig að framlag til varðskipsins Árvakurs lækkar alls um 134 943 þús. kr. Þar af laun 101 189 þús. kr., rekstrargjöld 19 554 þús. kr. og viðhald 14 200 þús. kr. Fjárveiting til þessa viðfangsefnis nemur því alls 20 000 þús. kr. til eftirlits með skipinu. Gert er ráð fyrir að skipinu verði lagt í upphafi árs og síðar tekin ákvörðun um það hvað gert verður við skipið og hvernig verkefni þau verði best leyst af hendi sem sinnt hefur verið með skipinu. Þá er gert ráð fyrir að eldri Fokker-flugvél landhelgisgæslunnar (TF-SÝR) verði seld og er áætlað söluverð flugvélarinnar 345 000 þús. kr. Þar eð rekstur vélarinnar fellur niður er áætlað að draga megi úr launakostnaði við fluggæslu um 97 017 þús. kr. en það eru áætluð laun 8 starfsmanna fluggæslunnar. Að öðru leyti er rekstri fluggæslunnar ekki breytt. Andvirði vélarinnar, sem seld verður, rennur í landhelgissjóð og framlög ríkissjóðs til sjóðsins lækka að sama skapi. Nauðsynlegt er að gangskör verði gerð að því að athuga hagræðingu í viðhalds- og viðgerðarþjónustu flugvéla í eigu opinberra stofnana.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

324 **Heyrnar- og talmeinastöð.** Í fyrra frumvarpi hafði þessi stofnun fjárlaganúmerið 08-394. Hér er sú ein breyting gerð að stofnunin fær númerið 08-324 til samræmis við ríkisreikning.

371 **Landspítalinn.** Framlag lækkar um 50 000 þús. kr., eingöngu vegna stofnkostnaðar. Er þá dregið úr framkvæmdahraða við byggingu sjúkramóttöku, tengiganga og færslu deilda.

10 Samgönguráðuneyti

211 **Vegagerð ríkisins.** Framlag lækkar um 2 500 000 þús. kr. og nemur framlagið því alls 19 463 000 þús. kr. Það er 6 835 000 þús. kr. eða 54% hærri fjárhæð en í fjárlögum 1979. Lækkun þessi kemur öll fram á verklegum framkvæmdum. Gjaldfærður stofnkostnaður er því lækkaður um 2 150 000 þús. kr. og launaliðurinn um 350 000 þús. kr.

11 Iðnaðarráðuneyti

221 **Lánasjóður iðnaðarins.** Bætt er við nýju viðfangsefni, aðlögunargjald, en til þessa verkefnis renna 300 000 þús. kr. Hér er gert ráð fyrir að þessari fjárhæð verði ráðstafað til iðnaðarmála á líkum kjörum og gilda hjá lánasjóðum iðnaðarins, að fenginni atvinnuvegaáætlun skv. 22. og 23. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl.

299 **Iðja og iðnaður, framlög.** Framlög til viðfangsefnisins Iðnþróun hækkar um 200 000 þús. kr. og er þar um að ræða hluta af tekjum af aðlögunargjaldi, sbr. athugasemd við fjárlagalið 11-221. Fjárveitingunni verður samkvæmt síðari ákvörðun iðnaðar- og fjármálaráðherra varið til sérstakra áhættuverkefna og endurgreiðslu lána sem slíkum verkefnum fylgja.

321 **Rafmagnsveitur ríkisins.** Samkvæmt lögum nr. 20/1979 um heimild til erlendrar lántöku o. fl. segir að ríkissjóður greiði vexti og afborganir af 600 000 þús. kr. láni RARIK sem tekið er 1979. Ákveðið er að gjaldfæra lán þetta á ríkissjóð 1979 og fella þar með niður framlag til RARIK 1980 vegna þessa.

370 **Virkjunarrannsóknir.** Í fyrra frumvarpi var ráðgerð 300 000 þús. kr. lántaka til rannsókna á virkjunarkostum landsmanna. Í þessu frumvarpi er fallið frá lántökunni en þess í stað áætluð fjárveiting til B-hluta fyrirtækisins Virkjunarrannsóknir alls 150 000 þús. kr. Ráðstöfun þessa fjár er til upphaflegs verkefnis og mun gerð í samráði iðnaðar- og fjármálaráðherra. Áformað er að sveigja fjármögnun þessara rannsókna í þá veru að framvegis verði litið á fjármögnun rannsókna helstu virkjunarkosta sem afturkræft fé.

371 **Orkusjóður.** Framlag lækkar um 600 000 þús. kr. og er það vegna jarðhitaleitar. Þess í stað mun Orkusjóði heimiluð lántaka að sömu fjárhæð til þessa verkefnis.

12 Viðskiptaráðuneyti

201 **Niðurgreiðslur.** Fyrra frumvarp til fjárlaga miðaði að því að auka niðurgreiðslur um 2 020 000 þús. kr. á árinu 1980. Í forsendum frumvarpsins um verðlag og kaupgjald var því ekki gert ráð fyrir þessari aukningu niðurgreiðslna. Framlag til niðurgreiðslna er nú lækkað um þessa fjárhæð og miðast fjárveitingin við það að núgildandi niðurgreiðslur haldist óbreyttar.

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun

991 **Ýmis lán ríkissjóðs.** Fært reynist miðað við verðlagsforsendur frumvarpsins að lækka áætlun um greiðslur vaxta um 100 000 þús. kr. Stafar þetta í höfuðatriðum af því að gengistryggðum lánum ríkissjóðs í Seðlabanka hefur verið breytt í innlend verðtryggð lán.

Tekjuhlið

Tekjuáætlun ríkissjóðs er í öllum atriðum óbreytt frá því frumvarpi, sem lagt var fram í október, nema tekjuskattur einstaklinga hefur verið lækkaður um 7,2 milljarða króna. Áætlaður innheimtur tekjuskattur nemur því 30,2 milljörðum króna og beinir skattar alls 56,2 milljörðum króna eða 17,4% heildartekna ríkisins. Lækkun tekjuskattsins leiðir til þess að álagðir beinir skattar á einstaklinga í hlutfalli við tekjur manna verða lægri á árinu 1980 en þeir eru á árinu 1979.

Ný lög um tekju- og eignarskatt gengu í gildi um síðustu áramót og koma til framkvæmda við álagningu á árinu 1980. Þegar þessi áætlun er gerð er ekki ákveðið hver skattstigi og skatthlutföll hinna nýju laga verði. Hefðu sömu reglur gilt í þessu efni og 1979 og tekjuskattslækkunin komið öllum skattþegnum jafnt til góða svarar hún til hækkunar skattvísitölu um 8%.

Lánahreyfingar

Lánahreyfingar inn

Í 1 gr. frumvarps þessa kemur fram að heildarfjáröflun til A- og B-hluta nemur 28 455 m.kr. eða 2 411 m.kr. lægri fjárhæð en var gert ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi því sem lagt var fram í október s. l. Þessari lækkun er náð með því að draga úr erlendum lántökum um 4 411 m.kr. en auka innlenda fjáröflun um 2 000 m.kr. Samkvæmt þessum tillögum nema erlendar lántökur 14 647 m.kr., þ. e. 2 562 m.kr., eða 21% hærri fjárhæð en áætlun fyrir árið 1979 bendir til.

Útgáfa og sala ríkistryggðra skuldabréfa á árinu 1979 gefur vísbendingu um að auka megi innlenda fjáröflun um 2 000 m.kr. Heimildar til innlendrar lántöku er aflað í 6. gr. þessa frumvarps en heimildar til erlendrar lántöku mun samkvæmt venju leitað með sérstöku lagafrumvarpi.

Lánahreyfingar út

Niðurstöðutala á lánahreyfingum út er 17 413 m.kr. eða 1 000 m.kr. lægri fjárhæð en fram kemur í fyrra frumvarpi. Þessi lækkun kemur fram á liðnum afborganir af teknum lánum hjá Seðlabanka Íslands. Síðla árs 1979 var sú formbreyting gerð á skuldum ríkissjóðs í Seðlabankanum að gengisbundnum lánum var breytt í innlend verðtryggð lán. Þessi formbreyting leiðir til minni afborgana en upphaflega var talið.

Ráðstöfun lánsfjár til A- og B-hluta ríkissjóðs er allbreytt frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlagafrumvarpi því er lagt var fyrir í október s. l. Í eftirfarandi töfluyfirliti er sýnd áætluð lánsfjárráðstöfun 1979 eins og hún var ákveðin af stjórnvöldum, ráðstöfun samkvæmt frumvarpi því er lagt var fram í október s. l. og ráðstöfun samkvæmt því frumvarpi sem hér liggur fyrir. Síðan fylgja athugasemdir um einstaka liði sem breytt hefur verið.

Lánsfjárráðstöfun ríkissjóðs skv. áætlun 1979, frumvarpi til fjárlaga lögðu fram í október s. l. og breyttu frumvarpi

	Áætlun 1979	Frumvarp 1980 Lagt fram í okt. s. l.	Frumvarp 1980
A-hluti:			
Þjóðarbókhlaða	200	300	300
Vegagerð	3 130	7 800	5 300
Landshafnir	150	125	125
Flugöryggistæki	200	—	—
Laxastigi í Laxá	60	—	—
Hafnargerð við Grundartanga	230	100	100
Landsvirkjun, eiginfjárframlag	180	263	263
Járnblendifélagið, hlutafjárframlag	600	195	195
Framlag til Byggðasjóðs	—	—	2 635
Fiskveiðasjóður	—	—	900
Yfirtaka láns vegna RARIK	—	600	—
Samtals	4 750	9 383	9 818
B-hluti:			
Byggðasjóður	—	2 500	2 500
Lánasjóður ísl. námsmanna	700	1 200	700
Ríkisútvarpið	—	500	500
Flugmálastjórn	160	—	—
RARIK, almennar framkvæmdir	2 487	3 496	3 000
— vegna Vestmannaeyjastrengs	290	—	—
— vegna skuldagreiðslna	600	—	—
Byggðalínur	2 337	4 459	4 709
Bessastaðaárvirkjun	600	1 550	—
Kröfluvirkjun	270	750	1 200
Jarðvarmaveitur ríkisins:			
vegna Kísiliðjunnar	575	—	—
Jarðboranir ríkisins	200	—	—
Lyfjaverslun ríkisins	180	—	—
Borgartún 6	460	—	—
Orkusjóður:			
vegna Orkubús Vestfjarða	360	—	—
vegna styrkingar dreifikerfis	520	800	700
vegna sveitarafvæðingar	200	415	215
vegna einkarafstöðva	—	20	20
vegna jarðhitaleitar	250	—	600
vegna byggðalína	—	3 090	3 090
vegna hitaveitulána	—	500	500
Virkjunarrannsóknir	—	300	—
Póstur og sími:			
vegna jarðstöðvar	1 260	400	400
vegna skuldagreiðslna	485	—	—
vegna vörukaupalána	400	469	469
Endurlán vegna Grundartanga	176	34	34
Samtals	12 510[1])	20 483	18 637

[1]) Þ.e. lánsfjáráætlun 10 980 m. kr. auk 1 530 m. kr. vegna viðbótar við lánsfjáráætlun 1979.

A-hluti fjárlaga

Vegagerð ríkisins. Lánsfjáröflun til vegagerðar er ráðgerð 5 300 m.kr. eða 2 500 m.kr. lægri fjárhæð en stefnt var að í fyrra frumvarpi, sbr. athugasemd að framan.

Byggðasjóður. Ráðgert er að 2 635 m.kr. af lánsfjáröflun til A-hluta renni til Byggðasjóðs. Í fyrra frumvarpi, eins og í þessu, er sjóðnum sjálfum ætlað að taka lán allt að 2 500 m.kr.

Fiskveiðasjóður. Fyrirhugað er að 900 m.kr. af lánsfé til A-hluta renni til Fiskveiðasjóðs og er þar um að ræða hluta af lögboðnu framlagi ríkissjóðs til sjóðsins.

Rafmagnsveitur ríkisins, vegna yfirtöku lána. Eins og fram hefur komið í athugasemdum er ríkissjóður skuldbundinn til að inna af hendi greiðslur vaxta og afborgana af 600 m.kr. láni sem tekið er 1979. Eðlilegt er að ríkissjóður yfirtaki þetta lán strax á árinu 1979.

B-hluti fjárlaga

Lánasjóður ísl. námsmanna. Dregið er úr lántökum sjóðsins um 500 m.kr. þannig að þær nemi nú 700 m.kr. eins og á árinu 1979, að öðru leyti vísast til athugasemdanna að framan.

RARIK, almennar framkvæmdir. Dregið er úr lánsfjármögnuðum framkvæmdum um 496 m.kr. með því að fresta ýmsum framkvæmdum sem í fyrra frumvarpi var ráðgert að hefja á árinu 1980. Nánari grein verður gerð fyrir einstökum framkvæmdaliðum í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980.

Byggðalínur. Lánsfé til framkvæmda við byggðalínur er hækkað um 250 m.kr. Þessari fjárhæð á að verja til hönnunar og pöntunar á efni til svokallaðrar Suðausturlínu sem tengir Höfn í Hornafirði við það byggðalínukerfi sem þegar er risið.

Bessastaðaárvirkjun. Öll fjáröflun til Bessastaðaárvirkjunar, alls 1 550 m.kr., er felld niður, enda engin fyrirliggjandi ákvörðun um framkvæmdir. Áform um byggingu Suð-austurlínu eins og getið er um í athugasemd að ofan og aukið fjármagn til borana við Kröflu ber að skoða sem annan kost til þess að bæta úr þeim raforkuerfiðleikum sem steðja að Suð-austur- og Austurlandi.

Kröfluvirkjun. Lánsfjáröflun er aukin um 450 m.kr. og nemur alls 1 200 m.kr. Þessi breyting er gerð til þess að mögulegt verði að bora að minnsta kosti tvær holur í hlíðum Kröflu og ganga frá nauðsynlegum tengingum við virkjunina. Frestun Bessastaðaárvirkjunar, aukið fjármagn til byggðalína, Kröfluvirkjunar og aukinnar orkuframleiðslu í Svartsengi er að mati stjórnvalda talin skila skjótari árangri í raforkuöflunarmálum landsmanna en bygging nýrrar virkjunar muni geta gert. Hitt er ljóst að skoða verður framlög til borana við Kröflu sem hreint áhættufé.

Orkusjóður vegna styrkingar dreifikerfa í sveitum. Ráðgert er að draga úr þessari fjáröflun um 100 m.kr. þannig að alls verði til ráðstöfunar 700 m.kr.

Orkusjóður vegna sveitarafvæðingar. Áformað er að draga úr framkvæmdum við sveitarafvæðingu um 200 m.kr. Til ráðstöfunar verði því alls 215 m.kr.

Orkusjóður vegna jarðhitaleitar. Í fyrra frumvarpi var ráðgerð fjárveiting til þessa verkefnis 600 m.kr. Sú breyting er nú gerð að orkusjóði er ætluð lántaka að sömu fjárhæð til verkefnisins.

Virkjunarrannsóknir. Felld er niður lántaka til virkjunarrannsókna 300 m.kr. en í þess stað ákveðin fjárveiting til sama verkefnis, alls 150 m.kr. Að öðru leyti vísast til athugasemdanna að framan.

Sþ. **2. Tillaga til þingsályktunar** [2. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda viðskiptasamning EFTA-landanna og Spánar.

(Lögð fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda samning milli EFTA-landanna og Spánar, sem undirritaður var í Madrid 26. júní 1979, og samning um gildi samningsins milli EFTA-landanna og Spánar gagnvart furstadæminu Liechtenstein, sem undirritaður var í Madrid sama dag.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Hinn 26. júní 1979 var undirritaður í Madrid fríverslunarsamningur sjö EFTA-landa og Spánar með fyrirvara um samþykki þjóðþinga viðkomandi landa.

Undirbúningur þessa samnings hafði staðið í nokkur ár og með honum er stefnt að afnámi tolla og annarra viðskiptahindrana í nær öllum viðskiptum aðildarríkja samningsins.

Samningur þessi kemur til framkvæmda um leið og hann hefur verið fullgiltur af ríkjum þeim, sem að honum standa. Hafi öll ríkin hins vegar ekki staðfest hann fyrir 1. janúar 1980 koma fulltrúar þeirra ríkja, sem samninginn hafa fullgilt, saman og ákveða, hvort samningurinn komi engu að síður til framkvæmda þeirra á milli.

Samningur þessi nær fyrst og fremst til fríverslunar með iðnaðarvörur líkt og fríverslunarsamningur EFTA-landanna. Að frumkvæði Íslands fékkst þó tekinn upp viðauki við sjálfan samninginn (Annex VII), sem fjallar um fríverslun með fisk og fiskafurðir, og fylgir sérstakur vörulisti (Annex II, D), er telur upp þær vörur, sem falla undir fríverslunina.

Í viðaukanum (Annex VII) er tekið fram í málsgrein a, að stefnt skuli að frekari afnámi innflutningshafta á sjávarafurðum til Spánar með það að markmiði, að innflutningur á þeim verði algjörlega frjáls. Í málsgrein b fallast Spánverjar á að athuga að afnema hið svonefnda verðjöfnunargjald á innfluttum fiskafurðum. Ekki tókst að fá það afnumið að sinni, þar sem spánska ríkisstjórnin telur það nauðsynlega verndarráðstöfun fyrir spánskan sjávarútveg enn um sinn, en hann á mjög í vök að verjast.

Í málsgrein c er kveðið á um, að innflutningsleyfi fyrir sjávarafurðum skuli veitt án tafar og að þau gildi í 3 mánuði hið minnsta. Er hér um þýðingarmikið atriði að ræða fyrir viðskiptahagsmuni Íslendinga gagnvart Spáni.

Að síðustu er í málsgrein d ákveðið, að viðskipti með sjávarafurðir skuli yfirfarin og athuguð í sameiginlegri nefnd EFTA-ríkja og Spánar a. m. k. einu sinni á hverju ári. Er Íslandi áskilinn réttur í greininni til þess að bera fram umkvörtun við sameiginlegu nefndina um þessi viðskipti hvenær sem er.

Vörulistinn (Annex II, D), sem samningurinn um sjávarafurðir nær til, er tvískiptur. Í hluta I eru vörur, þar sem innflutningstollur er lækkaður um 60%. Þar

undir fellur t. d. mjöl og lýsi. Í hluta II eru vörur, þar sem innflutningstollur er lækkaður um 25%. Þar undir fellur t. d. saltfiskur og lækkar tollur á honum úr 10% í 7.5%.

Fríverslunarsamningurinn skyldar Spán til þess að veita EFTA-ríkjunum sams konar tollalækkanir á iðnaðarvörum og hann veitir ríkjum Efnahagsbandalags Evrópu og EFTA-ríkin jafnframt til þess að veita Spáni sams konar tollalækkanir og Efnahagsbandalagið veitir Spáni. Þannig lækka verndartollar á flestum iðnaðarvörum frá Spáni um 60% svo til strax við fullgildingu samningsins. Þó er lækkunin 30% og 40% á nokkrum iðnaðarvörum. Hins vegar mun Spánn lækka tolla á sumum iðnaðarvörum frá EFTA-ríkjunum um 60% og á öðrum um 25%. Í árslok 1982 á að kanna vandlega með frekara afnám viðskiptahafta í viðskiptum ríkjanna.

Lækkun tolla í EFTA-löndunum á innflutningi frá Spáni miðast við bestu tollakjör þriðja lands eins og þau voru í hverju EFTA-landanna 1. janúar 1978. Spánn mun miða sínar tollalækkanir við þá tolla, sem í gildi eru, þegar fríverslunarsamningurinn hlýtur fullgildingu.

Aðalregla samningsins er sú að banna magntakmarkanir innflutnings. Undantekning er þó frá þeirri reglu með fáar vörutegundir. Samningurinn gerir ráð fyrir, að þær takmarkanir verði afnumdar stig af stigi og nýjar verði ekki upp teknar nema í undantekningartilfellum og þá í samráði við samningsaðila.

Fríverslunarsamningur EFTA-landanna og Spánar miðar að því að tryggja frjálsa samkeppni. Varðandi hringamyndun og fyrirtæki með yfirburðaaðstöðu á markaði gilda sömu reglur og í fríverslunarsamningi EFTA-landa við EBE. Í samningnum er enn fremur að finna ákvæði, sem koma eiga í veg fyrir ríkisstyrki við útflutning einstakra landa, og eru heimildir til gagnráðstafana af hálfu annarra samningsaðila í slíkum tilfellum.

Sérstök nefnd aðildarríkjanna fylgist með framkvæmd samningsins.

Við framlagningu tillögu þessarar má vísa til 6. töluliðs 3. greinar laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl., þar sem fjármálaráðuneytinu er heimilað að láta koma til framkvæmda tollfrelsis- og tollalækkunarákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum, og jafnframt eru hér til glöggvunar gefnar upplýsingar um viðskipti Íslands og Spánar árið 1978.

Útflutningur Íslands til Spánar árið 1978 var 2.6% af heildarútflutningi Íslands það ár og skiptist svo sem hér segir (fob, í milljónum króna):

Saltfiskur	4 392.7
Hörpudiskur	13.9
Þorskalýsi	0.6
Hvalmjöl	75.6
Lagmeti	10.4
Ullarlopi og ullarband	0.7
Ullarteppi	0.2
Prjónavörur	0.4
Járn- og stálúrgangur	72.7
Frímerki	2.9
	4 570.1

Af útflutningnum til Spánar árið 1978 voru sjávarafurðir alls 98.3%. Saltfiskur var 96.1% af útflutningnum, en tollar á honum lækka eins og áður segir um 25%, úr 10% í 7.5%. Þá lækka tollar á lagmeti, sem var 0.2% útflutningsins, einnig um 25%. Af hörpudiski, þorskalýsi og hvalmjöli, sem voru 2% af útflutningnum, lækka tollar um 60%.

Innflutningur Íslands frá Spáni árið 1978 var 0.6% af heildarinnflutningi Íslands það ár og skiptist svo sem hér segir (cif, í milljónum króna):

Salt	283.6
Ávextir og grænmeti	150.6
Vín	101.3
Flutningatæki á vegum	90.2
Vefnaðarvara	58.5
Járn og stál	40.1
Rafmagnsvélar, -tæki og -áhöld	34.8
Skófatnaður	31.9
Unnar málmvörur	27.4
Annað	246.8
	1 065.2

Miðað við innflutningsvörur frá Spáni árið 1978 má sjá, að lækkun verndartolla hér mundi ekki hafa í för með sér neina verulega fórn fyrir okkur. Salt er tollfrjálst. Ávextirnir, grænmetið og vínin falla ekki undir samninginn og eru reyndar tollfrjáls. Engir sérréttindatollar eru á flutningatækjum á vegum né járni og stáli eftir því hvort varan kemur frá fríverslunarsvæði eða ekki, og veldur aðild að samningnum þegar af þeirri ástæðu því ekki missi tolltekna hér. Sama gildir um rafmagnsvélarnar, -tækin og -áhöldin, sem inn voru flutt. Sérréttindatollar voru hins vegar á vefnaðarvöru, skófatnaði og nokkrum hluta unninna málmvara. Á helstu liðum vefnaðarvöru var tollprósentan, sem lækkun reiknast af, 4—9% og af skófatnaði 31%. Af meiri hluta vefnaðarvaranna er tollalækkunin 30% og fer 1. janúar 1982 í 40%, en af skófatnaðinum er tollalækkunin 40%. Þess ber þó að gæta, að tollalækkanir á spænskum iðnaðarvörum miðast við almenna tolla, eins og þeir voru hér á landi 1. janúar 1978, en síðan hafa þeir tollar farið lækkandi, þannig að tollalækkanir í einstökum tilvikum verða minni á borði en í orði og stundum jafnvel engar, t. d. á skófatnaðinum.

Niðurstaðan miðað við árið 1978 sýnir að samningurinn leiðir til 25% tollalækkana á Spáni á svo til öllum útflutningsvörum okkar en tollalækkanir okkar á spænskum vörum taka aðeins til mjög lítils hluta innflutningsins, þ. á m. hluta vefnaðarvara, unninna málmvara og ótilgreindra vara, og verður missir tolltekna óverulegur.

Eins og kunnugt er hefur Spánn sótt um inngöngu í Efnahagsbandalag Evrópu, og hófust viðræður þar um í febrúar s. l. Ekki er þó búist við, að Spánn verði aðili að bandalaginu fyrr en árið 1983, og síðan er gert ráð fyrir nokkurra ára aðlögunartíma, þar til tollar hafa að fullu verið afnumdir milli Spánar og Efnahagsbandalagsins. Þegar Spánn verður aðili að Efnahagsbandalaginu, mun fríverslunarsamningur EFTA-landanna og Spánar falla sjálfkrafa úr gildi en við taka fríverslunarsamningur hvers EFTA-ríkis um sig við Efnahagsbandalagið með óhjákvæmilegum breytingum. Með gerð fríverslunarsamningsins við Spán nú er ekki aðeins tryggt að sömu tollalækkanir verði í viðskiptum EFTA-landanna og Spánar með iðnaðarvörur og EBE-ríkin og Spánn höfðu samið um þegar á árinu 1970, heldur er og lagður grundvöllur að því að frekari tollalækkanir á iðnaðarvörum milli EBE-landanna og Spánar í framtíðinni komi og til með að gilda milli EFTA-landanna og Spánar.

Samhliða undirritun samningsins milli EFTA-landanna og Spánar var undirritaður samningur um gildi samningsins milli EFTA-landanna og Spánar gagnvart furstadæminu Liechtenstein og er sótt um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda báða samningana.

Fylgiskjal I.

SAMNINGUR MILLI EFTA-LANDANNA OG SPÁNAR

INNGANGUR

Lýðveldið Austurríki, lýðveldið Finnland, lýðveldið Ísland, konungsríkið Noregur, lýðveldið Portúgal, konungsríkið Svíþjóð, Svissneska ríkjasambandið (hér á eftir kölluð EFTA-löndin)

og

Spánn

sem staðfesta sameiginlega ósk sína um að Spánn taki smám saman meiri þátt í evrópskri fríverslun og styrki þannig efnahagstengsl milli ríkja Evrópu,

eru ákveðin í að setja í þessu skyni reglur sem miði að því að afnema smám saman tálma í viðskiptum milli EFTA-landanna og Spánar í samræmi við ákvæðin um stofnun fríverslunarsvæða í Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti,

hafa hliðsjón af samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu og samkomulaginu um stofnun samtaka milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Finnlands,

hafa hliðsjón af samningunum milli Evrópubandalaganna og ríkjanna sem eru aðilar að eða í samtökum við EFTA,

hafa hliðsjón af samningnum milli Efnahagsbandalags Evrópu og Spánar og

álíta að engin ákvæði samnings þessa megi túlka sem svo að þau undanþiggi ríki sem eru aðilar að samningi þessum skuldbindingum sínum samkvæmt öðrum alþjóðasamningum

hafa í því skyni að ná markmiðum þessum ákveðið að gera eftirfarandi samning:

1. gr.
Markmið samningsins

Markmið samnings þessa er að draga smám saman úr og afnema tálma í svo til öllum viðskiptum EFTA-landanna og Spánar með vörur sem upprunnar eru í EFTA-landi eða á Spáni.

2. gr.
Samningssvið

1. Í því skyni að ná markmiði því sem sett er í 1. gr. skal samningur þessi taka til
   a) vara sem falla undir 25. til 99. kafla tollnafnaskrár tollasamvinnuráðsins, að undanskildum þeim vörum sem taldar eru upp í skrá 1;
   b) unninna landbúnaðarvara sem taldar eru upp í skrám C við viðauka I og við viðauka II enda sé tekið tillit til þeirra sérreglna sem kveðið er á um í skrá C við viðauka I, í viðauka II og í viðauka P.

2. Samningur þessi skal taka til fisks og fiskafurða eftir því sem mælt er fyrir um í viðauka II, í skrá D við þann viðauka og í bókuninni í viðauka VII um viðskipti með fisk og fiskafurðir.

3. Ákvæði um viðskipti með landbúnaðarvörur er að finna í 9. gr.

3. gr.

Tollar og aðrir viðskiptatálmar

1. Sem fyrsta skref í áttina að markmiðinu sem sett er í 1. gr.
   a) skulu EFTA-löndin, svo sem greint er frá í viðaukum I og P, lækka innflutningstolla og öll önnur gjöld sem hafa sömu áhrif af innflutningi vara sem upprunnar eru á Spáni
   og
   b) Spánn skal, svo sem greint er frá í viðaukum II og P, lækka innflutningstolla og öll önnur gjöld sem hafa sömu áhrif af innflutningi vara sem upprunnar eru í EFTA-landi.

2. Sameiginlega nefndin sem fjallað er um í 22. gr. skal árlega athuga möguleika á að taka frekari skref til að ná markmiði samnings þessa. Enn fremur skal nefndin eigi síðar en árið 1982 gera ítarlega könnun á samningnum með það í huga að ná umtalsverðum árangri við að afnema viðskiptatálma enn frekar. Í samræmi við fundarskapaákvæði 23. gr. getur nefndin í þessum tilgangi hvenær sem er ákveðið að breyta viðaukum þeim og skrám er fylgja samningi þessum.

4. gr.

Grunntollar

Um innflutningstolla þá eða önnur samsvarandi gjöld sem lækka skal samkvæmt ákvæðum samnings þessa (grunntolla) er fjallað í viðaukum I, II og P.

5. gr.

Útflutningstollar

Að svo miklu leyti sem lagðir eru tollar á útflutning milli EFTA-landanna og Spánar mega slíkir tollar ekki vera hærri en þeir sem lagðir eru á útflutning til þriðja ríkis er nýtur bestu kjara meðferðar eða á útflutning samkvæmt friverslunarskipan hver svo sem hún er.

6. gr.

Fjármálaráðstafanir

Bannað er að grípa til sérhverrar ráðstöfunar eða framkvæmdar í fjármálum innanlands sem hefur beint eða óbeint í för með sér mismunun milli vara sem upprunnar eru í EFTA-landi og sams konar vara sem upprunnar eru á Spáni.

7. gr.

Upprunareglur

Upprunareglur er að finna í viðauka III.

8. gr.

Magntakmarkanir á innflutningi

1. EFTA-löndin skulu ekki grípa til magntakmarkana á innflutningi vara sem upprunnar eru á Spáni, sbr. þó viðauka IV og viðauka P.

2. Spánn skal ekki grípa til magntakmarkana á innflutningi vara sem upprunnar eru í EFTA-landi, sbr. þó viðauka V.

3. Í samningi þessum merkir „magntakmarkanir“ bann við eða takmarkanir á innflutningi til EFTA-lands frá landsvæði Spánar eða til Spánar frá landsvæði EFTA-lands hvort sem þeim er komið á með kvótum, innflutningsleyfum eða öðrum ráðstöfunum sem hafa sömu áhrif, þ. á m. stjórnarathöfnum og skilyrðum sem hefta innflutning.

9. gr.

Viðskipti með landbúnaðarvörur

1. Ríki þau sem eru aðilar að samningi þessum lýsa sig reiðubúin til að stuðla að samræmdri þróun viðskipta með landbúnaðarvörur að svo miklu leyti sem stefna þeirra í landbúnaðarmálum leyfir.

2. Til að ná þessu markmiði hafa EFTA-löndin gert sérstaka tvíhliða samninga við Spán þar sem gert er ráð fyrir tollalækkunum og öðrum ráðstöfunum sem greiða fyrir viðskiptum með landbúnaðarvörur.

3. Ríkjum þeim sem eru aðilar að samningi þessum ber að framkvæma reglur sínar um búfjár- og jurtasjúkdóma og heilbrigðiseftirlit án mismununar og skulu ekki gera nýjar ráðstafanir sem torvelda viðskipti á ótilhlýðilegan hátt.

10. gr.

Framkvæmd landbúnaðarstefnu

1. Ef settar eru sérstakar reglur vegna framkvæmdar stefnu í landbúnaðarmálum eða gerðar einhverjar breytingar á gildandi reglum getur viðkomandi ríki sem er aðili að samningi þessum aðlagað þá skipan er leiðir af samningi þessum fyrir viðkomandi vörur að þeim reglum eða breytingum.

2. Ef EFTA-land setur slíkar reglur eða breytir þeim skal taka tilhlýðilegt tillit til hagsmuna Spánar og ef Spánn setur slíkar reglur eða breytir þeim ber að taka tilhlýðilegt tillit til hagsmuna EFTA-landanna. Í þessu augnamiði má hafa samráð í sameiginlegu nefndinni.

11. gr.

Greiðslur

Engin höft má leggja á greiðslur sem fara fram vegna viðskipta með vörur milli EFTA-lands og Spánar né á yfirfærslu á slíkum greiðslum til landsvæðis þess ríkis sem er aðili að samningi þessum og kröfuhafinn er búsettur í.

12. gr.

Viðskiptatengsl samkvæmt samningi þessum og öðrum samningum

1. Í samningi þessum er hugtakið „viðskiptatengsl samkvæmt samningi þessum“ notað um viðskiptatengsl milli einstakra EFTA-landa annars vegar og Spánar hins vegar en ekki um viðskiptatengsl milli einstakra EFTA-landa.

2. Um viðskiptatengslin milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og milli aðila að samkomulaginu um stofnun samtaka milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Finnlands gilda enn samningurinn um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu og áðurgreint samkomulag.

3. Samningur þessi girðir ekki fyrir það að haldið sé við eða stofnað til tollabandalaga, fríverslunarsvæða eða sérskipanar um landamæraviðskipti að svo miklu leyti sem ekki er raskað þeirri skipan viðskipta sem gert er ráð fyrir í samningi þessum, einkum ákvæðunum um upprunareglur.

13. gr.

Almennar undanþágur

Samningur þessi skal ekki hindra bönn eða höft á innflutningi, útflutningi eða gegnumferð vara ef það er réttlætt af ástæðum sem varða almennt siðgæði, lög og reglu eða almannaöryggi, verndun lífs og heilbrigðis manna, dýra eða jurta, verndun þjóðarverðmæta sem hafa listrænt, sögulegt eða fornleifafræðilegt gildi, verndun eignarréttinda á sviði iðnaðar eða verslunar eða reglur um gull og silfur. Slíkum boðum eða höftum má þó ekki beita til gerræðisfullrar mismununar né til að leggja dulin höft á viðskipti milli EFTA-lands og Spánar.

14. gr.

Undanþágur vegna öryggisástæðna

Ekkert ákvæði samnings þessa skal vera því til fyrirstöðu að ríki sem er aðili að honum geri allar þær ráðstafanir:

a) sem það telur nauðsynlegar til að koma í veg fyrir uppljóstrun upplýsinga er væri andstæð mikilvægum öryggishagsmunum þess;
b) sem varða viðskipti með vopn, skotfæri eða herbúnað ellegar óhjákvæmilegar rannsóknir, þróun eða framleiðslu í þágu varna svo framarlega sem slíkar ráðstafanir veikja ekki samkeppnisgrundvöll varðandi vörur sem eru ekki sérstaklega ætlaðar til hernaðarþarfa;
c) sem það telur mikilvægar öryggi sínu á tímum ófriðar eða alvarlegrar spennu í alþjóðaviðskiptum.

15. gr.

Framkvæmd skuldbindinga samkvæmt samningnum

1. Ríki þau sem eru aðilar að samningi þessum skulu forðast allar aðgerðir sem eru fallnar til að valda hættu á að markmiði samnings þessa verði ekki náð og skulu gera allar ráðstafanir, almenns eða sérstaks eðlis, sem nauðsynlegar eru vegna skuldbindinga þeirra samkvæmt samningnum.

2. Ef EFTA-land álítur að Spánn hafi látið undir höfuð leggjast að framkvæma skuldbindingu samkvæmt samningi þessum eða Spánn telur að EFTA-land hafi gert það getur hlutaðeigandi aðili gert viðeigandi ráðstafanir með þeim skilyrðum og eftir þeim leiðum sem mælt er fyrir um í 20. gr.

16. gr.

Samkeppnisreglur

1. Eftirfarandi ráðstafanir eru ósamrýmanlegar góðri framkvæmd samnings þessa að svo miklu leyti sem þær kunna að hafa áhrif á viðskiptin milli EFTA-lands og Spánar:

a) Allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir fyrirtækjasamtaka og samhæfðir viðskiptahættir fyrirtækja sem miða að því eða hafa þau áhrif að hindra, hamla eða spilla fyrir samkeppni um framleiðslu á eða viðskipti með vörur;
b) misnotkun af hálfu eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi aðstöðu á landsvæðum ríkja þeirra, sem eru aðilar að samningi þessum, í heild sinni eða í verulegum hluta þeirra.

2. Ríki þau sem eru aðilar að samningi þessum munu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að sneiða hjá hvers konar opinberri aðstoð, einkum þó útflutningsstyrkjum í skránni í viðauka VI, sem spillir fyrir eða er líkleg til að spilla fyrir samkeppni með því að veita vissum fyrirtækjum eða framleiðslu vissra vara forréttindi.

3. Ef ríki sem er aðili að samningi þessum telur að tiltekin framkvæmd sé ósamrýmanleg 1. tl. eða leiðir til þess sem lýst er í 2. tl. getur það gert viðeigandi ráðstafanir með þeim skilyrðum og eftir þeim leiðum sem mælt er fyrir um í 20. gr.

17. gr.

Viðskiptafrávik

1. Ef aukning innflutnings tiltekinnar vöru í viðskiptatengslum samkvæmt samningi þessum veldur alvarlegu tjóni eða er líkleg til að valda alvarlegu tjóni á framleiðslustarfsemi á landsvæði ríkis sem er aðili að samningi þessum getur hlutaðeigandi aðili gert viðeigandi ráðstafanir með þeim skilyrðum og eftir þeim leiðum sem mælt er fyrir um í 20. gr. enda stafi þessi aukning af:

i) lækkun eða afnámi tolla og samsvarandi gjalda, sem lögð eru á þessa vöru í innflutningslandinu, í samræmi við ákvæði samnings þessa; og

ii) því að tollar eða samsvarandi gjöld sem útflutningslandið leggur á innflutning hráefna eða hálfunninna vara til notkunar í framleiðslu viðkomandi vöru eru verulega lægri en samsvarandi tollar og gjöld sem lögð eru á í innflutningslandinu.

18. gr.

Undirboð

Ef ríki sem er aðili að samningi þessum verður vart við að beitt er undirboðum í viðskiptatengslum samkvæmt samningi þessum getur það gert viðeigandi gagnráðstafanir í samræmi við 6. gr. Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og samninga sem snerta þá grein með þeim skilyrðum og eftir þeim leiðum sem mælt er fyrir um í 20. gr.

19. gr.

Vandkvæði í einstökum framleiðslugreinum eða landshlutum

Ef alvarlegar truflanir verða í einhverri framleiðslugrein eða erfiðleikar sem geta leitt til alvarlegrar hnignunar í efnahagslífi landshluta getur viðkomandi ríki sem er aðili að samningi þessum gert viðeigandi ráðstafanir með þeim skilyrðum og eftir þeim leiðum sem mælt er fyrir um í 20. gr.

20. gr.

Öryggisráðstafanir og aðferðir við beitingu þeirra

1. Ef ríki sem er aðili að samningi þessum setur innflutning vara sem verslað er með á grundvelli samnings þessa og þykja fallnar til að valda erfiðleikum er um getur í 17. og 19. gr. undir opinbert eftirlit til að afla skjótlega upplýsinga um hvert stefnir í viðskiptunum ber því að tilkynna sameiginlegu nefndinni þetta.

2. a) Áður en gerðar eru ráðstafanir í þeim tilvikum sem fjallað er um í 15., 16., 17., 18. og 19. gr., eða eins fljótt og auðið er í þeim tilvikum sem falla undir 3. tl. d), skal viðkomandi ríki sem er aðili að samningi þessum láta sameiginlegu nefndinni í té allar upplýsingar sem skipta máli og nauðsynlegar eru til þess að unnt sé að kanna ástandið vandlega í þeim tilgangi að leita lausnar sem hlutaðeigandi aðilar geta sætt sig við.

b) Velja ber öðrum fremur þær ráðstafanir sem raska minnst framkvæmd samningsins. Ráðstöfunum sem Spánn grípur til gegn aðgerð eða aðgerðarleysi eins EFTA-landanna má aðeins beina að viðskiptum við það land.

c) Öryggisráðstafanirnar skal tafarlaust tilkynna sameiginlegu nefndinni og skal fjallað reglulega um þær í nefndinni, einkum með það í huga að frá þeim verði horfið strax og aðstæður leyfa.

3. Um framkvæmd 2. tl. skulu eftirfarandi ákvæði gilda:
   a) i) Að því er varðar 16. gr. getur sérhver aðili að samningi þessum lagt málið fyrir sameiginlegu nefndina ef hann telur að tiltekið atferli sé ósamrýmanlegt réttri framkvæmd samningsins í skilningi 1. tl. þeirrar greinar.
      ii) Hlutaðeigandi aðilum ber að veita sameiginlegu nefndinni allar þær upplýsingar sem máli skipta og veita henni þá aðstoð sem nauðsynleg er til þess að rannsaka málið og eftir atvikum uppræta atferli það sem andmælt hefur verið.
      iii) Ef hlutaðeigandi aðili lætur undir höfuð leggjast að binda enda á atferli það sem andmælt hefur verið innan tímamarka sem sameiginlega nefndin ákveður, eða ef ekki næst samkomulag í sameiginlegu nefndinni innan þriggja mánaða frá því að málinu var vísað til hennar, getur aðili sá sem hagsmuna á að gæta gert þær öryggisráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar til að vinna bug á alvarlegum erfiðleikum vegna atferlis þess sem um ræðir, einkum með því að afturkalla tollaívilnanir.
   b) i) Að því er varðar 17. gr. skal vísa erfiðleikum er stafa af ástandi samkvæmt þeirri grein til athugunar í sameiginlegu nefndinni sem getur tekið þær ákvarðanir sem þörf er á til að binda enda á slíka erfiðleika.
      ii) Ef sameiginlega nefndin eða útflutningsaðilinn hafa ekki tekið ákvörðun sem bindur enda á erfiðleikana innan þrjátíu daga frá tilkynningu þar um getur innflutningsaðilinn lagt jöfnunargjald á innfluttu vöruna.
      iii) Jöfnunargjaldið skal reikna í hlutfalli við áhrifin á verðmæti umræddrar vöru af tollamismun vegna hráefna eða hálfunninna vara sem notaðar eru í framleiðsluna.
   c) Að því er varðar 18. gr. skulu fara fram viðræður í sameiginlegu nefndinni áður en hlutaðeigandi aðili gerir viðeigandi ráðstafanir.
   d) Þegar athugun fyrirfram reynist ókleif vegna óvenjulegra aðstæðna sem krefjast tafarlausra aðgerða getur hlutaðeigandi aðili, við þær aðstæður sem lýst er í 17., 18. og 19. gr. og einnig þegar útflutningsstyrkir hafa þegar í stað bein áhrif á viðskipti milli EFTA-lands og Spánar, án tafar gert varúðarráðstafanir sem óhjákvæmilegar eru til að ráða bót á ástandinu.

21. gr.

Greiðslujafnaðarerfiðleikar

Þegar ríki sem er aðili að samningi þessum á í greiðslujafnaðarerfiðleikum eða alvarleg hætta er á slíkum erfiðleikum getur aðilinn gert nauðsynlegar öryggisráðstafanir. Honum ber að tilkynna sameiginlegu nefndinni það án tafar.

22. gr.

Stofnun sameiginlegu nefndarinnar

1. Hér með er stofnuð sameiginleg nefnd og á hvert ríki sem er aðili að samningi þessum fulltrúa í henni.

2. Nefndin skal annast framkvæmd samnings þessa og fylgjast með því að honum sé framfylgt. Til að framkvæmd samningsins verði sem ákjósanlegust skulu ríki þau sem eru aðilar að samningi þessum skiptast á upplýsingum, svo og bera saman ráð sín í sameiginlegu nefndinni ef einhver aðila æskir þess. Nefndin skal hafa til athugunar möguleika á að ryðja enn frekar úr vegi tálmum í viðskiptum EFTA-landanna og Spánar.

3. Í samræmi við ákvæði 3. tl. 23. gr. getur nefndin ákveðið að breyta viðaukunum við og skránum með samningi þessum. Um önnur mál getur nefndin gert tillögur.

23. gr.

Fundarsköp sameiginlegu nefndarinnar

1. Sameiginlega nefndin skal koma saman þegar nauðsyn krefur en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Sérhvert ríki sem er aðili að samningi þessum getur farið fram á að fundur verði haldinn.

2. Ákvarðanir nefndarinnar skulu gerðar samhljóða.

3. Ef fulltrúi ríkis sem er aðili að samningi þessum hefur í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að skilyrðum í stjórnlögum lands hans verði fullnægt skal ákvörðunin ganga í gildi á þeim degi þegar afturköllun fyrirvarans er tilkynnt nema síðari dagsetning sé ákveðin í ákvörðuninni.

4. Sameiginlega nefndin skal sjálf setja sér fundarsköp sem skulu m. a. hafa að geyma ákvæði um boðun funda, tilnefningu formanns og starfstímabil hans.

5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa þær undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur nauðsynlegar sér til aðstoðar við lausn verkefna sinna.

24. gr.

Viðaukar og skrár

Skrá 1 og viðaukar I til VII auk viðauka P við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti samningsins.

25. gr.

Gildissvæði

Samningur þessi tekur til landsvæða þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum.

26. gr.

Breytingar á samningi þessum

Breytingar á samningi þessum, samþykktar af sameiginlegu nefndinni, aðrar en þær sem greint er frá í 3. tl. 22. gr., skulu bornar undir ríkin sem eru aðilar að samningi þessum til samþykktar og skulu ganga í gildi ef allir aðilar samþykkja þær. Samþykktarskjölin skulu afhent ríkisstjórn þeirri sem sér um vörslu samningsins og skal hún tilkynna öllum öðrum aðilum að samningnum þar um.

27. gr.

Uppsögn og lok gildistíma

1. Sérhvert ríki sem er aðili að samningi þessum getur sagt samningi þessum upp svo framarlega sem það er tilkynnt með sex mánaða fyrirvara ríkisstjórn þeirri sem sér um vörslu samningsins og skal hún tilkynna öllum öðrum aðilum þar um.

2. Ef Spánn tilkynnir uppsögn sína skal samningurinn falla úr gildi í lok uppsagnarfrestsins og ef öll EFTA-löndin tilkynna uppsögn sína skal hann falla úr gildi í lok síðasta uppsagnarfrestsins.

3. Sérhvert aðildarríki EFTA sem er aðili að samningi þessum og segir upp samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu skal með því samdægurs hætta að vera aðili að samningi þessum og sama gildir um Finnland ef það segir upp samkomulaginu um stofnun samtaka milli aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Finnlands.

28. gr.

Gildistaka

1. Samningur þessi skal ganga í gildi daginn eftir að öll ríki sem hafa undirritað hann hafa afhent ríkisstjórn Svíþjóðar til vörslu staðfestingar- eða samþykktarskjöl sín.

2. Ef samningur þessi hefur ekki gengið í gildi í samræmi við ákvæði 1. tl. fyrir 1. janúar 1980 en Spánn hefur afhent staðfestingar- eða samþykktarskjal sitt til vörslu skulu fulltrúar þeirra ríkja sem hafa undirritað samninginn og afhent slíkt skjal koma saman til fundar fyrir 1. febrúar 1980 og geta tekið ákvörðun um það hvenær samningurinn skuli ganga í gildi að því er þessi ríki varðar. Meðan engin slík ákvörðun hefur verið tekin skal fundur haldinn í sama tilgangi eigi síðar en þrjátíu dögum eftir að eitthvert ríki í viðbót sem hefur undirritað samninginn hefur afhent skjal sitt til vörslu.

3. Að því er varðar ríki sem hefur undirritað samninginn en afhendir staðfestingar- eða samþykktarskjal sitt til vörslu eftir fund þann sem um ræðir í 2. tl. skal samningur þessi ganga í gildi daginn eftir afhendingu skjalsins til vörslu en þó ekki fyrr en á þeim degi sem ákveðinn hefur verið í samræmi við ákvæði 2. tl.

4. Gildistökudagur sem ákveðinn er samkvæmt 2. tl. skal ekki gilda ef samningurinn gengur fyrr í gildi í samræmi við ákvæði 1. tl.

5. Ríkisstjórnin sem sér um vörslu samningsins skal tilkynna hvaða dag sérhvert ríki sem hefur undirritað samninginn afhendir staðfestingar- eða samþykktarskjal til vörslu og gildistökudag samningsins samkvæmt 1.—4. tl.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar undirritað samning þennan.

GJÖRT í Madrid 26. júní 1979 í einu löggiltu eintaki á ensku sem komið skal í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar og skal hún senda öllum ríkjum er samninginn hafa undirritað staðfest eftirrit af honum.

VIÐAUKAR VIÐ SAMNINGINN, SKRÁR OG BÓKANIR

SKRÁ 1
SEM VÍSAÐ ER TIL Í 1. TL. a) Í 2. GR.

Vörur sem falla undir 25.—99. kafla tollnafnaskrár tollasamvinnuráðsins og samningur þessi tekur ekki til þegar vörurnar eru fluttar inn til þeirra EFTA-landa sem greindar eru fyrir aftan hverja vöru

Nr. í tollnafnaskrá tollasamvinnuráðsins	Vörulýsing	Undanskildar vörur við innflutning til eftirtalinna landa
...		
úr 35.02	Albúmín, albúmínöt og aðrir albúmínderivatar: — Albúmín önnur en þau sem eru eða gera á óhæf til manneldis; — Ovóalbúmín og laktóalbúmín	Öll EFTA-löndin
...		
45.01	Náttúrlegur korkur, óunninn, mulinn eða malaður; korkúrgangur	Öll EFTA-löndin

Nr. í tollnafnaskrá tollasamvinnuráðsins	Vörulýsing	Undanskildar vörur við innflutning til eftirtalinna landa
54.01	Hör, óunninn eða tilreiddur, þó ekki spunninn; hörruddi og úrgangur úr hör (þar með taldar tættar tuskur)	Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Sviss
57.01	Hampur („cannabis sativa"), óunninn eða tilreiddur, þó ekki spunninn; hampruddi og úrgangur úr hampi (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar)	Austurríki, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Sviss

VIÐAUKI I VIÐ SAMNINGINN

Tollalækkanir af hálfu EFTA-landanna

1. Frá og með þeim degi sem tilgreindur er í 7. tl. skulu EFTA-löndin lækka tolla og önnur gjöld sem hafa sömu áhrif á innfluttum vörum sem upprunnar eru á Spáni um neðantalda hundraðshluta af grunntollum:

a) um 60 hundraðshluta
á vörum sem falla undir 25. til 99. kafla tollnafnaskrár tollasamvinnuráðsins, að undanskildum vörum í skrám A og B og vörum sem um ræðir í lið b);

b) um þá hundraðshluta
og í samræmi við ákvæði þau sem um ræðir í skrám C, D og E að því er varðar vörur sem þar eru taldar upp.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. geta Ísland og Sviss lagt þá innflutningstolla fjáröflunareðlis eða gjöld sem samsvara fjáröflunarþætti tolla á vörur, upprunnar á Spáni, sem þau í samræmi við ákvæði fríverslunarsamninga sinna við Efnahagsbandalag Evrópu og hugsanlegar breytingar á þeim samningum leggja á hliðstæðar vörur þegar þær eru fluttar inn frá því bandalagi; slíka tolla skal tilkynna sameiginlegu nefndinni.

3. Grunntollarnir skulu vera tollar þeir sem lagðir eru á í raun gagnvart þriðja ríki 1. janúar 1978 með þeim undantekningum sem ráð er fyrir gert í skrá E.

4. Tollar þeir sem lagðir eru á samkvæmt hinu almenna ívilnanakerfi samkvæmt tillögu Ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun (UNCTAD), tollar sem lagðir eru á í samræmi við ákvæði IV. hluta Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og tollar sem felldir eru niður tímabundið skulu ekki taldir þeir tollar sem lagðir eru á í raun gagnvart þriðja ríki.

5. Við álagningu hinna lækkuðu tolla skulu þeir jafnaðir við fyrsta aukastaf.

6. Sérákvæði um Portúgal er að finna í viðauka P.

7. Tollákvæðum þessa viðauka skal beita frá og með fyrsta degi hins þriðja mánaðar talið frá og með mánuðinum sem kemur næst á eftir þeim mánuði þegar samningurinn hefur gengið í gildi í samræmi við ákvæði 1., 2. og 3. tl. 28. gr. (hér á eftir nefndur upphafsdagur).

SKRÁ A VIÐ VIÐAUKA I

Skrá yfir vörur úr kolum og stáli sem ákvæði viðauka I við samning þennan taka ekki til

Nr. í tollnafnaskrá tollasamvinnuráðsins	Vörulýsing
úr 26.01	Málmgrýti, einnig hreinsað, og brennt brennisteinskís (pyrít) og önnur náttúrleg járnsúlfíð: — Járngrýti — Mangangrýti, þar með talið manganblandað járngrýti sem inniheldur 20% eða meira af mangan miðað við þunga
úr 26.02	Gjall, sindur og annar úrgangur frá járn- eða stálframleiðslu: — Ryk frá járnbræðsluofnum
27.01	Steinkol; steinkolatöflur og annað fast eldsneyti unnið úr kolum
27.02	Brúnkol og brúnkolatöflur
úr 27.04	Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó, einnig í töflum; gaskoks: — Koks og hálfkoks úr steinkolum, annað en til framleiðslu á rafskautum — Koks og hálfkoks úr brúnkolum
73.01	Hrájárn, steypujárn og spegiljárn, í klumpum, drumbum, stykkjum eða með annarri áþekkri lögun
úr 73.02	Járnlegeringar: — Ferrómangan sem inniheldur meira en 2% af kolefni miðað við þunga (hákolefnisferrómangan)
73.03	Úrgangur og brot af járni eða stáli
úr 73.05	Járn- eða stálduft; járn- eða stálsvampur: — Járn- eða stálsvampur
73.06	Hnoðuð (puddled) hrájárns- og stálstykki og stengur; steypt hrájárns- og stálstykki (ingots), klumpar, drumbar o. þ. h. stykki, úr járni eða stáli
úr 73.07	Gjallfrítt hrájárn (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs) og renningar (sheet bars) — einnig tinaðir — úr járni og stáli; lauslega formuð stykki með hömrun, að öðru leyti óunnin, úr járni eða stáli: — Gjallfrítt hrájárn og drumbar, valsaðir — Plötur og renningar (þar með taldir tinaðir renningar), valsaðir
73.08	Plötuefni í rúllum úr járni eða stáli
73.09	Alhæfiplötur (universal plates) úr járni eða stáli
úr 73.10	Stengur (einnig vírstengur) úr járni eða stáli, heitvalsaðar, slegnar, þrykktar eða kaldunnar, þar með taldar fíndregnar; jarðborspípur úr stáli: — Ekki frekar unnar en heitvalsaðar eða þrykktar — Klæddar eða yfirborðsunnar (t. d. fágaðar eða húðaðar): — — Heitvalsaðar eða þrykktar en ekki frekar unnar en klæddar
úr 73.11	Prófíljárn og -stál, heitvalsað, slegið, þrykkt eða kaldunnið; þiljárn og -stál með boruðum eða slegnum götum eða án gata, einnig samsett: — Prófíljárn og -stál: — — Ekki frekar unnið en heitvalsað eða þrykkt — — Klætt eða yfirborðsunnið (t. d. fágað eða húðað): — — — Heitvalsað eða þrykkt en ekki frekar unnið en klætt — Þil

Nr. í tollnafnaskrá tollasamvinnuráðsins	Vörulýsing
úr 73.12	Bönd úr járni eða stáli, heit- eða kaldvölsuð:
	— Heitvölsuð en ekki frekar unnin
	— Kaldvölsuð en ekki frekar unnin, í vafningum til framleiðslu á tinhúðuðum járnþynnum
	— Klædd, húðuð eða yfirborðsunnin á annan hátt:
	— — Tinhúðuð:
	— — — Þynnur
	— — Önnur en silfurhúðuð, gyllt, platínuhúðuð, glerhúðuð (emeleruð), tinhúðuð, zinkhúðuð eða blýhúðuð:
	— — — Heitvölsuð en ekki frekar unnin en klædd
úr 73.13	Plötur og þynnur úr járni eða stáli, heit- eða kaldvalsaðar:
	— Plötur og þynnur, húðaðar með rafgreiningu
	— Aðrar plötur og þynnur:
	— — Heitvalsaðar en ekki frekar unnar
	— — Kaldvalsaðar en ekki frekar unnar, innan við 3 mm að þykkt
	— — Slípaðar, fágaðar eða gljáhúðaðar en ekki frekar unnar
	— — Klæddar, húðaðar eða yfirborðsunnar á annan hátt en silfurhúðaðar, gylltar, platínuhúðaðar eða glerhúðaðar (emeleraðar)
	— — Formaðar eða unnar á annan hátt:
	— — — Sniðnar í önnur form en rétthyrningslaga en ekki frekar unnar og ekki silfurhúðaðar, gylltar, platínuhúðaðar eða glerhúðaðar
úr 73.15	Stállegeringar og kolefnisríkt stál með sama lagi og tilgreint er í nr. 73.06—73.14:
	— Hrásteypa, gjallfrí hrásteypa, drumbar, plötur og stengur, annað en slegið
	— Plötuefni í rúllum
	— Alhæfiplötur
	— Stangajárn (þar með taldar vírstengur) og jarðborspípur; prófiljárn:
	— — Ekki frekar unnið en heitvalsað eða þrykkt
	— — Klætt eða yfirborðsunnið:
	— — — Heitvalsað eða þrykkt en ekki frekar unnið en klætt
	— Bandaefni:
	— — Ekki frekar unnið en heitvalsað
	— — Klætt, húðað eða yfirborðsunnið á annan hátt:
	— — — Heitvalsað en ekki frekar unnið en klætt
	— Plötur og þynnur:
	— — Plötur og þynnur, húðaðar með rafgreiningu
	— — Aðrar plötur og þynnur:
	— — — Ekki frekar unnar en heitvalsaðar
	— — — Ekki frekar unnar en kaldvalsaðar, innan við 3 mm að þykkt
	— — — Fágaðar, klæddar, húðaðar eða öðruvísi yfirborðsunnar
	— — — Öðruvísi formaðar eða unnar:
	— — — — Sniðnar í önnur form en rétthyrningslaga en ekki frekar unnar

Nr. í tollnafnaskrá tollasamvinnuráðsins	Vörulýsing
úr 73.16	Eftirgreindar vörur úr járni eða stáli til lagningar á járnbrautum og sporvagnabrautum: Teinabrautir, öryggisteinar, skiptiteinar, tengispor, skiptistykki, trjónustengur, tannhjólateinar, brautarbitar, tengispangir, teinafestingar, festingafleygar, undirstöðuplötur, teinagrip, teinastengur, festiplötur og annað efni sérstaklega ætlað til lagningar járnbrauta og smíði þeirra: — Teinabrautir, aðrar en straumstýriteinar að hluta úr öðrum málmum en járni — Öryggisteinar — Brautarbitar — Tengispangir og undirstöðuplötur, valsaðar

SKRÁ B VIÐ VIÐAUKA I

Skrá yfir vörur, aðrar en vörur úr kolum og stáli, sem ákvæði viðauka I við samning þennan taka ekki til

Tollalækkanir þær sem gert er ráð fyrir samkvæmt viðauka I skulu ekki taka til neðangreindra vara:

Nr. í tollnafnaskrá tollasamvinnuráðsins	Vörulýsing
36.06	Eldspýtur
55.05	Garn úr baðmull, ekki umbúið til smásölu
55.06	Garn úr baðmull, umbúið til smásölu
56.05	Garn úr stuttum tilbúnum trefjum eða úrgangi slíkra trefja, ekki umbúið til smásölu
58.04	Flauel-, flos- og chenillevefnaður (þó ekki vörur þær er teljast til nr. 55.08 og 58.05)

SKRÁ C VIÐ VIÐAUKA I

Skrá yfir vörur sem unnar eru úr hráefnum landbúnaðarins

1. Á þær vörur sem upprunnar eru á Spáni og nafngreindar hér skulu EFTA-löndin leggja þá tolla sem tilgreindir eru fyrir hverja vöru í dálkinum til hægri.

2. Samningur þessi girðir ekki fyrir það að taka megi tillit til mismunar á verði landbúnaðarvara sem vörurnar eru framleiddar úr með því að:

a) leggja breytilegt gjald eða fast gjald á við innflutning eða gera ráðstafanir til verðjöfnunar innanlands;
b) gera ráðstafanir við útflutning.

3. EFTA-löndin áskilja sér rétt til að velja og breyta því kerfi sem byggt verður á þegar gerðar verða ráðstafanir vegna mismunar á verði helstu landbúnaðarvara. Breytingar á kerfinu skal tilkynna sameiginlegu nefndinni og skal rannsaka þær í sameiginlegu nefndinni ef eitthvert ríki sem er aðili að samningi þessum fer fram á það.

4. Skammstöfunin „bg“ sem notuð er í dálkunum merkir breytilegt gjald.

...

ÍSLAND

Nr. í íslensku tollskránni	Vörulýsing	Grunntollur %	Tollur sem lagður verður á frá upphafsdegi %
17.04	Sykurvörur sem kakaó er ekki í:		
04	— Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	100	40
09	— Aðrar	100	40
18.06	Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó:		
09	— Aðrar	100	40
úr 19.02	Maltextrakt	50	20
19.07	Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbætts sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta; altarisbrauð, hylki fyrir lyf, innsiglunaroblátur, risþynnur og þess konar vörur	80	32
19.08	Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti	80	32
úr 21.02	Extraktar, kjarnar og seyði úr kaffi, tei eða maté og vörur framleiddar úr þessum efnum; brenndar síkoríurætur og annað brennt kaffilíki og extraktar, kjarnar og seyði úr þeim:		
	— Brennt kaffilíki (annað en brenndar síkoríurætur) og extraktar, kjarnar og seyði úr þeim	70	28
21.05	Súpur og seyði, fljótandi, í föstu formi eða sem duft:		
02	— Annað	100	40
21.06	Náttúrlegt ger, þar með talið þurrger; tilreitt bökunarduft:		
01	— Ger, lifandi eða dautt	80	32
02	— Bökunarduft, tilreitt	100	40
21.07.02	— Búðingar og búðingsduft	100	40
22.02.00	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 20.07	100	40
22.03.00	Öl gert úr malti	100	40
35.01.00	Kasein, kaseinöt og aðrir kaseinderivatar; kaseinlím	30	12
35.06	Límblöndur, ót. a.; hvers konar efni sem nota má til límingar og eru í smásöluumbúðum sem bera það með sér að um lím sé að ræða, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg:		
01	— Í smásöluumbúðum, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg	40	16
09	— Annað	30	12

...

SKRÁ D VIÐ VIÐAUKA I

EFTA-löndin skulu, nema ákvæði í skrá E eigi við, lækka innflutningstolla um 40 hundraðshluta á upphafsdegi á vörum þeim sem tilgreindar eru hér að neðan án stjörnumerkis en um 30 hundraðshluta á upphafsdegi og um 40 hundraðshluta 1. janúar 1982 á vörum þeim sem tilgreindar eru hér að neðan með stjörnumerki.

Númer í tollnafnaskrá tollasamvinnuráðsins	Vörulýsing
úr 40.11	Hjólbarðar, nýir, með holrúmi
42.02	Ferðabúnaður, innkaupatöskur, handtöskur, skólatöskur, skjalatöskur, veski, pyngjur, snyrtiskrín, verkfæraskrín, tóbakspungar, slíður, skrín, öskjur og áþekk ílát úr leðri, leðurlíki, vúlkanfiber, plastplötum, plastþynnum, pappa eða vefjarefnum
51.04*	Vefnaður úr endalausum tilbúnum trefjum, þar með talinn vefnaður úr einþáttungum og ræmum er teljast til nr. 51.01 eða 51.02
53.11*	Vefnaður úr ull eða fíngerðu dýrahári
54.05*	Vefnaður úr hör eða ramí
55.09*	Annar vefnaður úr baðmull
úr 56.01*	Stuttar tilbúnar trefjar, hvorki kembdar, greiddar né að öðru leyti undirbúnar undir spuna: — Uppkembdar spunatrefjar
56.07*	Vefnaður úr stuttum tilbúnum trefjum eða úrgangi slíkra trefja
60.01*	Prjónavoð og heklvoð, ekki teygjanleg eða gúmmíborin
60.03*	Sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar, prjónað eða heklað, ekki teygjanlegt eða gúmmíborið
60.04*	Nærfatnaður, prjónaður eða heklaður, ekki teygjanlegur eða gúmmíborinn
60.05*	Ytri fatnaður og aðrar vörur, prjónaðar eða heklaðar, ekki teygjanlegar eða gúmmíbornar
61.01*	Ytri fatnaður handa karlmönnum og drengjum
61.02*	Ytri fatnaður handa kvenmönnum, telpum og smábörnum
61.03*	Nærfatnaður handa karlmönnum og drengjum, þar með taldir flibbar, skyrtur og ermalín
61.04*	Nærfatnaður handa kvenmönnum, telpum og smábörnum
62.01*	Ferðaábreiður og önnur svipuð teppi
62.02*	Sængurlín, borðlín, handklæði, þvottaklútar og þurrkur; gluggatjöld og aðrar spunavörur í vistarverur manna
64.02	Skófatnaður með ytri sóla úr leðri eða leðurlíkisdúk; skófatnaður (þó ekki skófatnaður sem telst til nr. 64.01) með ytri sóla úr gúmmíi eða plasti

SKRÁ E VIÐ VIÐAUKA I

Skrá yfir vörur sem sérstakar tollalækkanatímatöflur gilda um

...

VIÐAUKI II VIÐ SAMNINGINN

Tollalækkanir af hálfu Spánar

1. Frá og með þeim degi sem tilgreindur er í 7. tl. skal Spánn lækka tolla og önnur gjöld sem hafa sömu áhrif á innfluttum vörum sem upprunnar eru í EFTA-landi um neðantalda hundraðshluta af grunntollum:

a) um 60 hundraðshluta
á vörum í skrá A, í I. hluta skrár C og í I. hluta skrár D;
b) um 25 hundraðshluta
á vörum í skrá B, í II. hluta skrár C og í II. hluta skrár D;
c) um 20 hundraðshluta
á vörum í III. hluta skrár C;
d) um 10 hundraðshluta
á vörum í IV. hluta skrár C.

2. Að því er varðar vörur í skrá C getur Spánn gripið til verðjöfnunarráðstafana enda sé slíkum ráðstöfunum beitt almennt. Slíkar jöfnunarráðstafanir og breytingar á þeim skal tilkynna sameiginlegu nefndinni og þær skal rannsaka í sameiginlegu nefndinni ef eitthvert ríki sem er aðili að samningnum fer fram á það.

3. Grunntollarnir skulu vera tollar þeir sem lagðir eru á í raun af hálfu Spánar gagnvart þriðja ríki á hverjum tíma. Sá tollur sem lagður er á í raun gagnvart þriðja ríki skal vera hinn almenni tollur spænsku tollskrárinnar eða, ef hann er lægri, tollurinn sem mælt er fyrir um í reglum Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti; breytingar á tollinum sem lagður er á í raun skal tilkynna sameiginlegu nefndinni án tafar.

4. Tollar þeir sem lagðir eru á samkvæmt hinu almenna ívilnanakerfi samkvæmt tillögu Ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og þróun (UNCTAD) og tollar sem lagðir eru á í samræmi við ákvæði IV. hluta Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti skulu ekki taldir þeir tollar sem lagðir eru á í raun gagnvart þriðja ríki.

5. Við álagningu hinna lækkuðu tolla skulu þeir jafnaðir við fyrsta aukastaf.
6. Sérákvæði um innflutning vara sem upprunnar eru í Portúgal er að finna í viðauka P.

7. Tollákvæðum þessa viðauka skal beita frá og með fyrsta degi hins þriðja mánaðar talið frá og með mánuðinum sem kemur næst á eftir þeim mánuði þegar samningurinn hefur gengið í gildi gagnvart viðkomandi EFTA-landi.

...

SKRÁ C VIÐ VIÐAUKA II

Vörur sem unnar eru úr hráefnum landbúnaðarins

...

SKRÁ D VIÐ VIÐAUKA II

Fiskur og fiskafurðir

I. hluti

Spænskt tollskrárnúmer	Vörulýsing
03.01 A, B	Fiskur, lifandi, nýr eða kældur
03.01 C—3, C—4	Túnfiskur og aðrir fiskar af túnfiskaætt (thunnus, neothunnus eða parathunnus og euthunnus), rákungar og svipaðir fiskar (sarda, auxis og orcynopsis, o. fl.), frystir
03.01 D—1	Flök, heil eða í hlutum, ný eða kæld
03.01 E—1	Fisklifur og hrogn, ný eða kæld
05.05	Fiskúrgangur
05.15	Afurðir úr dýraríkinu, ót. a., dauð dýr þeirra tegunda sem 1. og 3. kafli taka til, óhæf til manneldis

Spænskt tollskrárnúmer	Vörulýsing
15.04	Feiti og olía úr fiski og sjávarspendýrum, einnig hreinsuð
16.05	Krabbadýr og lindýr, tilreidd eða niðursoðin
23.01	Mjöl og duft úr kjöti, sláturúrgangi, fiski, krabbadýrum og lindýrum, óhæf til manneldis; hamsar
	II. hluti
03.02	Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi; reyktur fiskur, einnig soðinn á undan eða jafnhliða reykingu
15.10 A	Feitisýrur
15.10 B	Súr olía frá feitihreinsun
15.12	Feiti og olíur úr jurta- eða dýraríkinu, vetnaðar að nokkru eða öllu leyti eða gerðar fastar eða hertar með öðrum hætti en ekki frekar unnar
16.04 C	Tilreiddur eða niðursoðinn túnfiskur og skyldar fisktegundir
16.04 D	Tilreiddur eða niðursoðinn lax
16.04 E	Tilreidd eða niðursoðin styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra
16.04 F	Annar tilreiddur eða niðursoðinn fiskur

VIÐAUKI III VIÐ SAMNINGINN

SKILGREINING Á HUGTAKINU „UPPRUNAVÖRUR“ OG REGLUR UM SAMSTARF Á SVIÐI STJÓRNSÝSLU

...

VIÐAUKI IV VIÐ SAMNINGINN

Magntakmarkanir af hálfu EFTA-landanna

Eftirtalin EFTA-lönd geta beitt magntakmörkunum gagnvart þeim vörum sem eru taldar upp í dálki viðkomandi lands:

Tollskrárnúmer í viðkomandi landi	Vörulýsing
...	
Ísland	
27.09	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, óhreinsaðar
úr 27.10	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, hreinsaðar; vörur ótaldar annars staðar sem í er minnst 70% af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum miðað við þunga, enda séu þessar olíur einkennandi fyrir vörurnar: — Jarðolía, hreinsuð að nokkru, þar með taldar frumhreinsaðar hráolíur („topped crudes“) — Bensín, annað en flugvélabensín — Gasolía, brennsluolía til heimilisnota og létt brennsluolía — Þung brennsluolía
úr 96.01	Sópar og burstar, þó ekki burstar sem eru hlutar af vélum, málningarrúllur, gúmmíþurrkur á skafti, skaftþvögur, listmálunarpenslar, tannburstar og sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið en ekki fest á haus, með eða án skafts
...	

VIÐAUKI V VIÐ SAMNINGINN

Magntakmarkanir á innflutningi af hálfu Spánar, þ. á m. innflutningur háður leyfisveitingum

1. Skuldbindingarnar sem vísað er til í 2. tl. 8. gr. skulu taka til vara sem falla undir 25.—99. kafla tollnafnaskrár tollasamvinnuráðsins og varanna sem taldar eru upp í skrá C við viðauka II.

2. Spánn getur þó gripið til magntakmarkana á innflutningi í samræmi við ákvæði þessa viðauka gagnvart:

a) vörum sem falla undir allsherjarkvótakerfi OECD og taldar eru upp í skrá A við þennan viðauka;
b) vörum sem falla undir ríkisverslunarskipan og taldar eru upp í skrá B við þennan viðauka;
c) vörum innan ramma innflutningskerfis sem byggir hvorki á frílista né allsherjarkvótum, í samræmi við upptalninguna í skrá C við þennan viðauka.

3. Þessar magntakmarkanir á innflutningi skal smám saman afnema í því skyni að ná eins fljótt og auðið er markmiði því sem sett er í 1. gr. samningsins. Takmarkanirnar og beitingu ákvæða þessa viðauka skal athuga árlega og láta fara fram könnun þá sem mælt er fyrir um í 2. tl. 3. gr.

4. Spánn skal ekki beita magntakmörkunum á innflutningi annarra vara en þeirra sem voru í samræmi við ákvæði þessa viðauka háðar slíkum takmörkunum við gildistöku samningsins.

5. Ef svo færi samt sem áður að Spáni bæri brýna nauðsyn til að koma á nýjum allsherjarkvóta gagnvart aðildarríkjum OECD sem tæki þá einnig til EFTA-landa skal Spánn, áður en nokkur ákvörðun er tekin um að koma á nýjum kvóta, láta sameiginlegu nefndinni í té allar nauðsynlegar upplýsingar til undirbúnings rækilegra viðræðna án tafar til að leita lausnar sem sé aðgengileg viðkomandi aðilum. Ef kvóta er komið á skal ráðgast reglulega við um hann í sameiginlegu nefndinni í því skyni að afnema hann eins fljótt og aðstæður leyfa.

6. Sérhvern allsherjarkvóta skal hækka ár hvert um a. m. k. 10 hundraðshluta af verðmæti sínu árið á undan eða um þann hundraðshluta sem hækkunin nemur að lögum eða í reynd gagnvart Evrópubandalögunum ef sá hundraðshluti er hærri.

7. Allsherjarkvótana skal tilkynna sameiginlegu nefndinni árlega áður en þeir ganga í gildi. Gögn um nýtingu kvótanna á ákveðnu tímabili skal láta sameiginlegu nefndinni í té annað hvert ár.

8. Magntakmörkunum á innflutningi samkvæmt 2. tl. a) og c) sem Spánn grípur til gagnvart vörum, upprunnum í EFTA-landi, skal beita í samræmi við markmiðin í 3. tl. og á þann hátt að innflutningi frá EFTA-löndum verði örugglega ekki gert lægra undir höfði en innflutningi frá Evrópubandalögunum.

9. Frílistavörur eða vörur sem falla undir allsherjarkvótakerfið má ekki fella undir kerfið sem vísað er til í 2. tl. c). Í undantekningartilvikum má fella þær undir kerfið samkvæmt 2. tl. b) við þær aðstæður og eftir þeim leiðum sem mælt er fyrir um í 5. tl.

10. Innflutningsskilríki eða allir aðrir nauðsynlegir formlegir gerningar vegna innflutnings vara sem upprunnar eru í EFTA-landi og óháðar eru leyfilegum magntakmörkunum samkvæmt ákvæðum þessa viðauka skal láta í té eins fljótt og auðið er og innan eðlilegs tíma miðað við alþjóðlegar venjur.

SKRÁ A VIÐ VIÐAUKA V

Skrá yfir vörur sem falla undir allsherjarkvótakerfi OECD

Kvótanúmer árið 1978	Vörulýsing	Spænskt tollskrárnúmer	Árlegur kvóti í pesetum árið 1978	Móttaka umsókna
5	Tapíókagrjón og sagógrjón	19.04 21.07 B* 21.07 F* 21.07 G	16 749 324	
6	Súpur og seyði	21.05	31 124 909	
7	Öl gert úr malti	22.03	38 275 724	
9	Feitialkóhól	15.10 C	104 683 150	Tvisvar á ári
11	Brennisteinskís og brennisteinn	25.02* 25.03	331 419 000	Tvisvar á ári
12	Blýgrýti og öskukenndur úrgangur með blýi í	26.01 E 26.03 A	266 200 000	Allt árið
13	Kol til koksgerðar	úr 27.01 A*	452 510 000	Allt árið
14	Gljákol	27.01 B*	55 714 400	Allt árið
15	Ólífræn kemísk efni	28.02 28.14 A* 28.15 B* úr 28.46 B* 28.48 D-3	25 003 972	Tvisvar á ári
16	Lökk, litir, pigment og svipaðar vörur	32.09 A 32.09 B 32.09 D 32.09 E	89 009 423	Tvisvar á ári
17	Ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur	33.06 A* 34.01 B*	52 707 000	Tvisvar á ári
18	Dextrín og dextrínklístur; uppleysanleg eða brennd sterkja; sterkjuklístur	35.05	7 320 500	Tvisvar á ári
19	Púður, sprengiefni, flugeldar og fosfór	29.03 B-2 36.01 36.02 36.04 A 36.04 B 36.04 D 36.05 36.06	33 275 000	Tvisvar á ári
20	Yfirborðsvirkar efnablöndur og þvottaefni; smurefni; ýmsar framleiðsluvörur kemísks iðnaðar	34.02 B 34.03 B úr 38.07 úr 38.08 38.19 F-2 úr 38.19 G úr 38.19 I úr 38.19 J	265 022 456	Tvisvar á ári

*) Á frílista um stundarsakir

Kvótanúmer árið 1978	Vörulýsing	Spænskt tollskrárnúmer	Árlegur kvóti í pesetum árið 1978	Móttaka umsókna
21	Fenóplast og furanharpixar	39.01 A*	117 128 000	Tvisvar á ári
22	Amínóplast	39.01 B*	79 061 400	Tvisvar á ári
23	Önnur efni orðin til fyrir þéttingu (condensation), fjölþéttingu (polycondensation) og fjölaukningu (polyaddition)	39.01 C-1* úr 39.01 C-4	77 812 273	Tvisvar á ári
24	Pólystyren og derivatar þess	39.02 C	40 262 750	Tvisvar á ári
25	Pólyvinylklóríd	39.02 E	79 061 400	Tvisvar á ári
26	Önnur efni orðin til fyrir pólymeriseringu og kópólymeriseringu	39.02 A-2 39.02 G-2 39.02 G-3 39.02 G-4 39.02 L-2 úr 39.02 N-1 úr 39.02 N-2 39.02 O úr 39.03 A	142 669 144	Tvisvar á ári
27	Vörur úr plast- og gerviefnum; sellulósaeter og sellulósaester eða gerviharpix	39.07 B	117 128 000	Tvisvar á ári
28	Trjávörur sem eru ekki á frílista	44.11* 44.15* 44.16* 44.18	35 013 911	Tvisvar á ári
29	Vefnaður úr náttúrlegu silki	50.09	80 525 500	Tvisvar á ári
30	Garn úr ýmsum spunaefnum	55.05 55.06 57.06 57.07 C	152 149 631	Tvisvar á ári
31	Vefnaður úr ýmsum spunaefnum	55.07 55.08 55.09 57.10 úr 57.11 C	99 825 000	Tvisvar á ári
32	Gólfteppi (þar með taldar mottur)	58.01 58.02 A	19 033 300	Tvisvar á ári
33	Tyll, laufaborðar og kniplingar, flauel- og flosvefnaður og prjónavörur	58.04 E úr 58.08 A úr 58.08 B úr 58.09 A úr 58.09 B úr 58.09 C 58.09 D-1 úr 58.09 D-2 60.01 C	45 094 280	Tvisvar á ári

*) Á frílista um stundarsakir

Kvótanúmer árið 1978	Vörulýsing		Spænskt tollskrárnúmer	Árlegur kvóti í pesetum árið 1978	Móttaka umsókna
34	Spunavörur til sérstakra nota	úr	59.03 A	40 152 750	Tvisvar á ári
		úr	59.07		
			59.08		
		úr	59.11		
		úr	59.12		
35	Prjónavörur		60.04 C	4 831 530	Tvisvar á ári
			60.05 C		
36	Ytri fatnaður		61.01 A	25 289 000	Tvisvar á ári
		úr	61.01 D		
		úr	61.01 E		
			61.02 A		
		úr	61.02 D		
		úr	61.02 E		
37	Nærfatnaður		61.03 A	4 392 300	Tvisvar á ári
		úr	61.03 D		
			61.04 A		
		úr	61.04 D		
38	Annar fatnaður og annað er honum heyrir til		61.05	12 444 850	Tvisvar á ári
			61.07		
			61.09		
		úr	61.10 D		
39	Aðrar tilbúnar vörur úr spunaefni		62.01 B-1	12 884 080	Tvisvar á ári
			62.02 A		
			62.03		
		úr	62.05 C		
40	Leirvörur		69.11 B	41 315 300	Tvisvar á ári
			69.12 B		
			69.13		
			69.14		
41	Aðrar vörur úr gleri	úr	70.13 B-1	66 550 000	Tvisvar á ári
			70.21 A*		
			70.21 B*		
			70.21 C*		
42	Náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálfeðalsteinar og svipaðar vörur		71.01	598 950 000	Allt árið
			71.02 B		
		úr	71.04		
43	Gullplett		71.08	13 310 000	Allt árið
44	Góðmálmar og góðmálmsplett, óunnið eða hálfunnið		71.05	485 850 000	Tvisvar á ári
			71.06		
		úr	71.09		
			71.10		
			71.11		
45	Skraut- og glysvarningur, gull- og silfursmíðavörur og aðrar vörur		71.12	53 240 000	Tvisvar á ári
			71.13		
			71.14		
			71.15		
			71.16		
46	Ílát úr járni eða stáli	úr	73.23*	51 909 000	Tvisvar á ári

*) Á frílista um stundarsakir

Kvótanúmer árið 1978	Vörulýsing		Spænskt tollskrárnúmer	Árlegur kvóti í pesetum árið 1978	Móttaka umsókna
47	Aðrar vörur úr steypujárni eða steypustáli	úr	73.40 C-1*	58 564 000	Tvisvar á ári
			73.40 C-2*		
			73.40 C-3*		
48	Aðrar vörur úr kopar		74.19 E	25 954 500	Tvisvar á ári
			74.19 F		
49	Aðrar vörur úr áli	úr	76.15	28 616 500	Tvisvar á ári
			76.16 D		
50	Óunnið blý og blývörur		78.01	79 860 000	Allt árið
			78.02		
			78.03		
			78.04		
			78.05		
			78.06		
51	Handverkfæri til iðnaðarþarfa	úr	82.03 A	136 161 300	Tvisvar á ári
		úr	82.03 B		
		úr	82.03 C		
		úr	82.03 E		
			82.04		
52	Handsagir og sagarblöð	úr	82.02	76 532 500	Tvisvar á ári
		úr	82.06 A		
		úr	82.06 B		
53	Hnífar, skeiðar og gafflar úr járni og stáli		82.09	51 909 000	Tvisvar á ári
			82.11 A		
			82.11 C		
			82.11 D		
			82.11 E		
			82.14		
54	Vélar til nota í fljótandi förum eða á landi, ekki á frílista	úr	84.06 B-2-b	571 920 211	Tvisvar á ári
		úr	84.06 B-2-c*		
			84.06 B-2-d*		
		úr	84.06 C-1		
55	Hreyfildælur og hreyfilþjöppur, ekki á frílista	úr	84.10 F-2-a*	103 749 697	Tvisvar á ári
		úr	84.10 F-2-b*		
		úr	84.11 D-3*		
56	Saumavélar til heimilisnotkunar og varahlutir í þær		84.41 A-1	15 972 000	Tvisvar á ári
		úr	84.41 C		
57	Útvörp og sjónvörp		85.15 A-1	79 061 400	Tvisvar á ári
			85.15 A-2		
58	Senditæki og sendi—móttökutæki		85.15 B-1*	172 763 800	Tvisvar á ári
		úr	85.15 B-2*		
			85.15 B-3*		
59	Tæki í nýjar verksmiðjur		XVI. og XVII. flokkur	19 971 816 943	Allt árið
60	Ökutæki til flutnings á mönnum eða mönnum og vörum, með 9 sæti mest		87.02 A-1	1 610 510 000	Tvisvar á ári
		úr	87.02 A-2		

*) Á frílista um stundarsakir

Kvótanúmer árið 1978	Vörulýsing	Spænskt tollskrárnúmer	Árlegur kvóti í pesetum árið 1978	Móttaka umsókna
61	Ökutæki til flutninga á jarðvegi, grjóti og málmgrýti	87.02 B-2*	518 748 491	Tvisvar á ári
62	Grindur og yfirbyggingar fyrir ökutæki	úr 87.04* úr 87.05*	54 450 000	Tvisvar á ári
63	Dráttarvélar	87.01 A** 87.01 B-2*	1 232 546 414	Tvisvar á ári
64	Ökutæki til atvinnunota	87.01 C 87.02 B-1* 87.02 B-3 87.03	1 047 763 200	Tvisvar á ári
65	Önnur ökutæki án drifs	87.14 A* 87.14 B	33 247 777	Tvisvar á ári
66	Grammófónar, hljóðritarar og önnur hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki	92.11 C 92.11 D 92.11 E	57 099 900	Tvisvar á ári
67	Vopn	93.01 93.02 93.03 93.04 93.05 93.06	43 923 000	Tvisvar á ári
68	Skotfæri	93.07	21 961 500	Tvisvar á ári
69	Leikföng	97.01 97.02 97.03	43 923 000	Tvisvar á ári
70	Leiktæki	97.04 97.05 97.08	35 138 400	Tvisvar á ári
71	Ýmsar unnar vörur	98.01 A-2-b* 98.01 A-2-d* 98.01 B* 98.12 A*	5 989 500	Tvisvar á ári

*) Á frílista um stundarsakir
**) 87.01 A—2 á frílista um stundarsakir

SKRÁ B VIÐ VIÐAUKA V

Skrá yfir vörur sem falla undir ríkisverslunarskipanina

Spænskt tollskrárnúmer	Vörulýsing
27.10	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, hreinsaðar; vörur ótaldar annars staðar sem í er minnst 70% af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum miðað við þunga, enda séu þessar olíur einkennandi fyrir vörurnar
27.11	Jarðgas og önnur loftkennd karbonhydríd
55.03	Baðmullarúrgangur (þar með taldar tættar tuskur), hvorki kembdur né greiddur
55.04	Baðmull, kembd eða greidd

SKRÁ C VIÐ VIÐAUKA V

Skrá yfir vörur innan ramma innflutningskerfis sem byggir hvorki á frílista né allsherjarkvótum

Spænskt hagskýrslunúmer	Vörulýsing
17.04 B, C, D	Sykurvörur sem kakaó er ekki í nema lakkrískjarnar (sem í er meira en 10% af sykri)
19.02 B	Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd
19.03	Makkarónur, spaghetti og þess konar vörur
19.05	Neysluvörur úr uppbólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum, svo sem „puffed rice", „corn flakes" eða þess konar vörur
19.07	Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbætts sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta; altarisbrauð, tóm hylki fyrir lyf, innsiglunaroblátur, rísþynnur og þess konar vörur
19.08	Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti
22.09 úr F, úr G	Brennivín og aðrir áfengir drykkir til beinnar neyslu sem í eru egg eða eggjarauður og/eða sykur (sakkarósi eða umbreyttur sykur)
63.01	Fatnaður og hlutir er honum heyra til, ferðaábreiður og önnur svipuð teppi, búshlutir (þó ekki vörur er teljast til nr. 58.01-58.03) úr spunatrefjum, einnig skófatnaður og höfuðfatnaður úr hvers konar efni, enda beri vörur þessar allar það greinilega með sér að þær séu slitnar af notkun og þær séu án umbúða eða í böllum, sekkjum eða öðrum svipuðum umbúðum
71.07	Gull, þar með talið platínuhúðað gull, óunnið eða hálfunnið
72.01	Mynt
89.01	Skip, bátar og önnur fljótandi för sem teljast ekki til eftirfarandi númera í þessum kafla
89.02	För sérstaklega gerð til dráttar (dráttarbátar) eða til að ýta öðrum förum
89.03	Vitaskip, slökkviskip, hvers konar dýpkunar- og dæluskip, flotkranar og önnur fljótandi för sem ætluð eru aðallega til annars konar notkunar en siglinga; flotkvíar, fljótandi eða sökkvanlegir pallar til borunar eða framleiðslu
89.05	Fljótandi útbúnaður, annar en skip og bátar (t.d. steinsteypt ker, löndunarbrýr, baujur og sjómerki)

VIÐAUKI VI VIÐ SAMNINGINN

Tegundir útflutningsstyrkja sem vísað er til í 2. tl. 16. gr.

a) Fyrirkomulag þar sem útflytjendur fá að halda hluta aflaðs gjaldeyris og önnur svipuð tilhögun er leiðir til uppbótar við útflutning eða endurútflutning.
b) Beinar ríkisuppbætur til útflytjenda.
c) Fyrirkomulag þar sem iðnaðar- eða viðskiptafyrirtæki fá í sambandi við útflutning eftirgjöf á beinum sköttum eða félagslegum útgjöldum.
d) Undanþágа gagnvart útflutningsvörum á gjöldum og sköttum, öðrum en innflutningsgjöldum og óbeinum sköttum sem á eru lagðir á einu eða fleiri stigum á sömu vörur, seldar til innanlandsneyslu, eða greiðsla vegna útflutningsvara á hærri upphæðum en þeim sem lagðar hafa verið á vörurnar á einu eða fleiri stigum í formi óbeinna skatta og/eða gjalda í sambandi við innflutning varanna.
e) Sett er upp lægra verð en heimsmarkaðsverð þegar ríkið eða ríkisfyrirtæki selja útflutningsfyrirtækjum innflutt hráefni á öðrum kjörum en fyrirtækjum sem framleiða fyrir heimamarkað.
f) Reiknað er með gjöldum vegna ríkisábyrgða á útflutningslánum sem nægja greinilega ekki til að standa undir kostnaði og tapi lánsábyrgðastofnana til langs tíma.
g) Fyrirkomulag þar sem ríkið (eða sérstakar stofnanir sem ríkið ræður yfir) veitir útflutningslán gegn lægra gjaldi en það þarf að greiða til að afla fjármagns í þessu skyni.
h) Fyrirkomulag þar sem ríkið stendur að öllu eða einhverju leyti undir kostnaði útflytjenda við að afla sér lánsfjár.

VIÐAUKI VII VIÐ SAMNINGINN

Bókun um viðskipti með fisk og fiskafurðir

Auk þeirra ákvæða samningsins, viðaukanna og skránna með honum sem fjalla sérstaklega um viðskipti með fisk og fiskafurðir skulu inngangur samningsins og ákvæði 1., 2., 3., 22. og 23. gr. hans taka til viðskipta með slíkar vörur, svo og eftirfarandi ákvæði:

a) Til að ná því markmiði sem sett er í 1. gr. samningsins skal Spánn leitast við að gera frjálsan innflutning þess fisks og fiskafurða sem taldar eru upp í skrá D við viðauka II við samninginn og upprunnar eru í EFTA-landi. Lokatakmarkið er að fella niður öll skilyrði um innflutningsleyfi eða aðrar svipaðar ráðstafanir sem takmarka innflutning fiskafurða. Að svo miklu leyti sem slíkar afurðir eru nú sem stendur háðar reglum um innflutningsleyfi skal beiting slíkra reglna vera eins frjálsleg og unnt er og undir engum kringumstæðum óhagkvæmari en gildir um innflutning sömu afurða sem upprunnar eru í þriðja ríki eða ríkjum er njóta bestu kjara meðferðar.
b) Spánn skal athuga allar leiðir til að fella niður eða fresta framkvæmd hins svokallaða „derecho compensatorio variable“ sem lagt er á innflutning fisks og fiskafurða samkvæmt lið a).
c) Ákvarðanir um allar umsóknir um innflutningsleyfi eða -skilríki (eða hverja aðra formlega gerninga) sem krafist er í sambandi við innflutning fisks og fiskafurða er samningur þessi tekur til skulu teknar eins fljótt og auðið er og innan eðlilegs tíma miðað við alþjóðlegar venjur. Leyfi fyrir innflutningi afurða frá EFTA-löndunum skulu að meginreglu til gilda a. m. k. í þrjá mánuði.

d) Þróun viðskipta með fisk og fiskafurðir skal taka til rækilegrar athugunar í sameiginlegu nefndinni a. m. k. einu sinni ár hvert. Slík athugun skal einnig fara fram hvenær sem eitthvert ríki sem er aðili að samningi þessum fer fram á það.

VIÐAUKI P VIÐ SAMNINGINN

Sérákvæði um viðskipti Portúgals og Spánar

...

SAMNINGUR UM GILDI SAMNINGSINS MILLI EFTA-LANDANNA OG SPÁNAR GAGNVART FURSTADÆMINU LIECHTENSTEIN

Lýðveldið Austurríki, lýðveldið Finnland, lýðveldið Ísland, konungsríkið Noregur, lýðveldið Portúgal, konungsríkið Svíþjóð, Svissneska ríkjasambandið (hér á eftir kölluð „EFTA-löndin"),

furstadæmið Liechtenstein

og Spánn

sem taka tillit til þess að furstadæmið Liechtenstein er í tollabandalagi við Sviss samkvæmt samningnum frá 29. mars 1923 og að sá samningur hefur ekki í för með sér að öll ákvæði samningsins milli EFTA-landanna og Spánar sem undirritaður var í dag öðlist gildi gagnvart furstadæminu Liechtenstein og

taka tillit til þess að furstadæmið Liechtenstein hefur látið í ljós þá ósk að öll ákvæði samningsins sem snerta Sviss hafi gildi gagnvart því

eru sammála um eftirfarandi:

1. gr.

Samningurinn milli EFTA-landanna og Spánar sem undirritaður er í dag skal taka til furstadæmisins Liechtenstein á sama hátt og samningurinn tekur til Sviss.

2. gr.

Að því er varðar framkvæmd samningsins milli EFTA-landanna og Spánar getur furstadæmið Liechtenstein látið fulltrúa úr svissnesku sendinefndinni í sameiginlegu nefndinni sem stofnuð er með þeim samningi gæta hagsmuna sinna.

3. gr.

Samning þennan skulu EFTA-löndin, furstadæmið Liechtenstein og Spánn samþykkja í samræmi við reglur landslaga sinna.

Samningurinn skal ganga í gildi samtímis gildistöku samningsins milli EFTA-landanna og Spánar gagnvart Sviss og skal gilda svo lengi sem sá samningur tekur til Sviss og samningurinn frá 29. mars 1923 er í gildi.

GJÖRT í Madrid 26. júní 1979 í einu löggiltu eintaki á ensku sem komið skal í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar og skal hún senda öllum ríkjum er samninginn hafa undirritað staðfest eftirrit af honum.

Ed. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimildar vegna framkvæmda á sviði orkumála 1979 o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 1 570 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar 10. júlí 1979, um framkvæmdir á sviði orkumála 1979.

3. gr.

Heimil er lántaka vegna hitaveituframkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 625 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að fjárhæð 80 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar hitaveituframkvæmda.

5. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3. og 4. gr. með þeim kjörum og skilmálum, sem hann ákveður.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast skuldbreytingalán, sem viðskiptabankar í eigu ríkisins veita olíufélögunum, vegna halla, sem myndast hefur til loka september-mánaðar 1979 á innkaupajöfnunarreikningum þeirra fyrir gasolíu, að fjárhæð allt að 2 800 millj. króna, með skilmálum, sem fjármálaráðherra ákveður.

7. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka skammtímalán hjá Seðlabanka Íslands til að fjármagna tímabundinn mismun tekna og gjalda ríkissjóðs allt að 4 500 millj. kr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimildar vegna framkvæmda á sviði orkumála 1979 o. fl.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss að vegna þess, að þing hafi nú verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla um bráðabirgðalög nr. 71 10. júlí 1979, um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimildar vegna framkvæmda á sviði orkumála, bráðabirgðalög nr. 72 20. júlí 1979, um hækkun olíugjalds til fiskiskipa og heimild til ríkisábyrgðar á skuldbreytingalánum vegna halla á innkaupajöfnunarreikningum fyrir olíu, og bráðabirgðalög nr. 74 10. september 1979 um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, er biðu staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis sem geti komið til staðfestingar á Alþingi þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 1 570 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar 10. júlí 1979, um framkvæmdir á sviði orkumála 1979.

3. gr.

Heimil er lántaka vegna hitaveituframkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 625 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að fjárhæð 80 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar hitaveituframkvæmda.

5. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3. og 4. gr. með þeim kjörum og skilmálum, sem hann ákveður.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast skuldbreytingalán, sem viðskiptabankar í eigu ríkisins veita olíufélögunum, vegna halla, sem myndast hefur til loka september-mánaðar 1979 á innkaupajöfnunarreikningum þeirra fyrir gasolíu, að fjárhæð allt að 2 800 millj. króna, með skilmálum, sem fjármálaráðherra ákveður.

7. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka skammtímalán hjá Seðlabanka Íslands til að fjármagna tímabundinn mismun tekna og gjalda ríkissjóðs allt að 4 500 millj. kr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal. **Oddur Ólafsson.** **Ármann Snævarr.**

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

Ed. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um álag á ferðagjaldeyri.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Á árinu 1980 skal leggja 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis öðrum en viðurkenndum kostnaði nemenda og sjúklinga og áhafnagjaldeyri. Gjaldið rennur í ríkissjóð og skal innheimt af gjaldeyrisbönkunum eftir þeim reglum sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir 1980 er gert ráð fyrir óbreyttri innheimtu gjalds á ferðalög til útlanda frá því sem verið hefur á árinu 1979. Gjald á ferðalög til útlanda á hins vegar samkvæmt gildandi ákvæðum í lögum nr. 121/1978 um kjaramál að ganga úr gildi í árslok 1979. Ef tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir 1980 á að standast er því nauðsynlegt að leggja þetta frumvarp fram, þar sem gildandi ákvæði um gjald á ferðalög til útlanda er tímabundið. Samkvæmt frumvarpinu verður gjaldið óbreytt frá því sem verið hefur og gildir til ársloka 1980. Á árinu 1979 skilar gjaldið að líkindum um 1 450 m.kr. í ríkissjóð en í fjárlagafrumvarpi fyrir 1980 er gert ráð fyrir að tekjur af gjaldinu verði um 1 600 m.kr.

Ed. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur allt að 850 millj. kr. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin hafi falið Bjargráðasjóði að annast fyrirgreiðslu vegna tjóna af völdum hafíss og harðinda s. l. vor og vegna grasbrests og uppskerutjóns á liðnu sumri, enda sé það í samræmi við hlutverk sjóðsins. Hafi ríkisstjórnin í því sambandi heimilað sjóðnum að taka lán allt að 850 millj. króna. Til tryggingar þeim lánum þyrfti sjálfsskuldarábyrgð ríkissjóðs, en lagaheimild skorti til að veita slíka ábyrgð. Beri því brýna nauðsyn til að setja lög um slíka heimild.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, svohljóðandi:

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur allt að 850 millj. kr. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. nóvember 1979.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

1. og 2. málsliður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1980 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 18% gjald til og með 11. september 1979 en tímabilið frá og með 12. september 1979 til og með 31. desember 1980 greiðist 24% gjald.

2. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 1. gr. laganna:
97.06.01, 97.06.02 og 97.06.09.

3. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr B-lið 1. gr. laganna:
92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00, 92.10.00 og 92.12.21.

4. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið hækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 12. september 1979 skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 12. september 1979 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 12. september 1979.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 12. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem gildir frá og með 12. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri, sem tollur er færður til samræmis við. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal þó í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið hærra vörugjald.

5. gr.

Niðurfelling gjaldsins skv. 2. og 3. gr. þessara laga sbr. lög nr. 74/1979 skal miðuð við sölu eða aðra afhendingu frá og með 12. september 1979 ef um innlenda framleiðslu er að ræða en um innfluttar vörur skulu gilda í þessum efnum ákvæði 3. mgr. 14. gr. l. 120/1976 um tollskrá o. fl.

6. gr.

Óheimilt er vegna hækkunar vörugjalds frá og með 12. september að hækka verð vörubirgða sem vörugjald hafði verið greitt af fyrir þann dag.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál og laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 102/1978.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss að vegna þess, að þing hafi nú verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla um bráðabirgðalög nr. 74 10. september 1979 um breyting á lögum nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald er biðu staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis sem geti komið til staðfestingar á Alþingi þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. og 2. málsliður 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Gjaldið skal greiða til og með 31. desember 1980 í eftirfarandi tveimur gjaldflokkum:

A. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum greiðist 18% gjald til og með 11. september 1979 en tímabilið frá og með 12. september 1979 til og með 31. desember 1980 greiðist 24% gjald.

2. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr A-lið 1. gr. laganna:
97.06.01, 97.06.02 og 97.06.09.

3. gr.

Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr B-lið 1. gr. laganna:
92.01.00, 92.02.00, 92.03.09, 92.04.01, 92.04.09, 92.05.00, 92.06.00, 92.07.01, 92.07.09, 92.08.00, 92.10.00 og 92.12.21.

4. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Hið hækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 12. september 1979 skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 12. september 1979 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 12. september 1979.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 12. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem gildir frá og með 12. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, skal veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Þó skal við samræmingu tolls skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga eigi veita slíka undanþágu hvíli sérstakt vörugjald á vöru þeirri, sem tollur er færður til samræmis við. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal þó í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið hærra vörugjald.

5. gr.

Niðurfelling gjaldsins skv. 2. og 3. gr. þessara laga sbr. lög nr. 74/1979 skal miðuð við sölu eða aðra afhendingu frá og með 12. september 1979 ef um innlenda framleiðslu er að ræða en um innfluttar vörur skulu gilda í þessum efnum ákvæði 3. mgr. 14. gr. l. 120/1976 um tollskrá o. fl.

6. gr.

Óheimilt er vegna hækkunar vörugjalds frá og með 12. september að hækka verð vörubirgða sem vörugjald hafði verið greitt af fyrir þann dag.

Um refsingar og viðurlög vegna brota gegn ákvæðum þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði laga nr. 54/1960 um verðlagsmál og laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 102/1978.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal. **Oddur Ólafsson.** **Ármann Snævarr.**

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 73/1979) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 20% — tuttugu af hundraði — söluskatt og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hafi fyrir 16. september verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir þann dag, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 73/1979 og söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 111/1976, nema sannað sé, að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II.

Af vörum, söluskattskyldum við tollafgreiðslu sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 16. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða þann söluskatt, sem skv. 1. gr. laga nr. 73/1979 gilti frá og með 16. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

III.

Vegna septembermánaðar 1979 skulu framteljendur skila tveimur söluskattsskýrslum, annarri vegna söluskattskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með 15. september en hinni vegna söluskattskyldrar starfsemi frá og með 16. september og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð oss, að vegna þess, að þing hafi nú verið rofið án þess að kostur væri á að fjalla um bráðabirgðalög nr. 73 10. september 1979 um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með síðari breytingum er biðu staðfestingar Alþingis og falli því úr gildi við þingrofið beri brýna nauðsyn til að setja að nýju bráðabirgðalög sama efnis sem geti komið til staðfestingar á Alþingi þegar það kemur saman.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 73/1979) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 20% — tuttugu af hundraði — söluskatt og auk þess 2% — tvö af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Hafi fyrir 16. september verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir þann dag, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 73/1979 og söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 111/1976, nema sannað sé, að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II.

Af vörum, söluskattskyldum við tollafgreiðslu sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 16. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða þann söluskatt, sem skv. 1. gr. laga nr. 73/1979 gilti frá og með 16. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

III.

Vegna septembermánaðar 1979 skulu framteljendur skila tveimur söluskattsskýrslum, annarri vegna söluskattskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með 15. september en hinni vegna söluskattskyldrar starfsemi frá og með 16. september og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýs-

inga af söluskattskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

Gjört í Reykjavík, 16. október 1979.

Benedikt Gröndal. **Oddur Ólafsson.** (L. S.) **Ármann Snævarr.**

Sighvatur Björgvinsson.

Nd. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds skulu á árinu 1980 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt og auk þess á bönkum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1979 á þeirri fasteign, sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því hvaða eignir myndi stofn til sérstaks eignarskatts skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1979.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við þá hópa sem koma fram sem sjálfstæður kjaraaðili, þ. e. a. s. þeir sem vinna sömu, svipuð eða sambærileg störf eða starfa á sama vinnustað, mynda stærri hópa í verkalýðsfélögum eða enn stærri hópa í landssamtökum ákveðinna tegunda verkalýðsfélaga eða jafnvel landshluta. En eins og í 5. lið koma hér ýmsar hópmyndanir einnig til álita, t. d. elli- og örorku-, ekkna- og ekklalífeyrisþegar, einstæðir foreldrar og hinir fjölmörgu hópar atvinnurekenda, þ. e. a. s. þeir, sem teljast ekki launþegar vegna þess að þeir fá ekki sínar tekjur samkvæmt kjarasamningum nema þá á óbeinan hátt.

Rannsaka á hvort einhver slíkra hópa er óeðlilega vanbúinn, t. d. vegna samsetningar eða aðstöðuleysis eða af öðrum ástæðum, til að berjast fyrir bættum lífskjörum, og á sama hátt á að rannsaka hvort aðrir hópar hafi náð óeðlilegri aðstöðu eða notfært sér aðstöðu sína á óeðlilegan hátt til að knýja fram lífs- og launakjör sem eru í engu samræmi við vinnuframlag þeirra.

Um 7. lið.

Hér er í æðimörg horn að líta. Vinnuaðstæður eru launakjör út af fyrir sig. Óþrifalegar, heilsuspillandi og óaðlaðandi vinnuaðstæður hafa án efa veruleg áhrif á starfsgetu sem og vinnuframlag starfsfólks. — Það gæti því hvort tveggja í senn verið hagur vinnuveitandans sem launþegans ef samanburðarkönnun á sambærilegum vinnustöðum leiddi í ljós marktækan mismun á vinnuframlagi betri vinnuaðstæðum í hag.

Alkunna er að margvísleg launakerfi eru notuð á vinnumarkaðinum til að auka afköst eða árangur, önnur til að ná samfelldari vinnu, t. d. vaktaálag, enn önnur til að halda góðum starfskröftum, t. d. yfirborganir, og einnig eru launakerfi til að halda starfseminni gangandi í misjafnlega langan tíma, t. d. dagvinnu- og yfirvinnutaxtar.

Það er augljóst að slík launakerfi hafa ekki sömu áhrif, hvorki á launþegann sjálfan né árangur vinnu hans. Öll hafa þau sína kosti og sína galla, ýmist heilsufræðilega, félagslega eða hagfræðilega. — En nauðsynlegt er að slíkt sé metið á hlutlausan hátt.

Um 8. lið.

Opinber rekstur margs konar, t. d. framleiðslurekstur, hefur oft verið gagnrýndur bæði að seku og óseku fyrir slælegan árangur, skipulagsleysi og óráðsíu. Einn liður í að auka samkeppnisfærni hans um starfskrafta og auka skipulag hans, afköst og ráðdeildarsemi liggur ef til vill í að borga laun með sambærilegum hætti og einkarekstur inn í landinu gerir, t. d. með afkastahvetjandi launakerfum.

Um 9. lið.

Ef tölfræðilegir útreikningar skv. 2. lið sýna marktækan mismun um einhverja þætti sem athuga ber, þá gefur auga leið að leita þarf skýringa með könnunum eða á annan hátt ef æskilegt þykir þar um að bæta.

Um 10. lið.

Segja má að erfitt og torsótt geti verið að kanna hversu mikil brögð geti verið að því að launamisrétti sé falið í stöðuheitum. — Kemur þar margt til, m. a. að eðli og uppbygging flokkaskipunar og launataxta er bæði flókin, margþætt og oft óljós skil á milli taxtaþrepa í ýmsum starfsgreinum, sem gefur aukna möguleika á að fela misrétti í stöðuheitum.

Erfitt getur því reynst fyrir verkalýðsfélögin að gæta hagsmuna og réttinda umbjóðenda sinna. Ber einnig að nefna í þessu sambandi Jafnréttisráð sem fylgjast á með því að lögum nr. 78/1976, um jafnrétti karla og kvenna, sé framfylgt.

Slíkt getur í mörgum tilfellum kallað á mjög nákvæmt starfsmat og er oft vandmeðfarið að meta af fyllstu réttsýni hugsanlegt launamisrétti, þó oft geti slíkt misrétti verið augljóst.

Óeðlilegt er að svo yfirgripsmiklar kannanir á launakjörum séu gerðar án þess að reynt sé að kryfja slíkt til mergjar.

Um 11. lið.

Staðreynd er að kynbundin starfsskipting er almennt talin ríkjandi í mörgum atvinnugreinum, þó óljóst sé í hve ríkum mæli karlmenn sitji að betur launuðum störfum en konur, — einnig að konur veljast jafnan í láglaunastörf.

Kannanir hafa leitt í ljós að launamunur milli karla og kvenna er einnig innan sömu starfsgreina.

Slíkar staðreyndir krefjast að leitað sé skýringar á því, hvort uppbygging launataxta og annarra launakjara kalli fram mismun í kjörum karla og kvenna, og á því, hvers vegna þau störf, sem konur stunda, séu jafnan lægst launuð. Er t. d. einhverra skýringa að leita á launamismun karla og kvenna vegna aðildar að mismunandi verkalýðsfélögum.

Með skírskotun til jafnréttislaga, nr. 78/1976, er brýnt að fá svar við slíkum spurningum í þjóðfélagi þar sem þegnarnir eiga skv. lögum að búa við sömu laun fyrir sömu störf.

Um 12. lið.

Skert starfsgeta eða starfsþrek hefur vitaskuld áhrif á lífsafkomu og kjör margra hópa, bæði vegna andlegrar og líkamlegrar fötlunar og vegna aldurs, sjúkdóma og slysa.

Slíkar breytingar á högum fólks koma oft fyrirvaralaust — og hafa mikil áhrif á lífsafkomu og hagi þess. Slíkt mat og könnun geta verið erfið í framkvæmd, en nauðsynlegt er að leita leiða til að kanna hvaða áhrif það getur haft á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu — og í hve ríkum mæli skert starfsgeta er ákvarðandi þegar um er að ræða aðra sambærilega þætti, eins og t. d. menntun og starfsreynslu.

Um 13. lið.

Ef slík könnun sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir upplýsir að yfirborganir séu miklu ráðandi um launakjör almennt, er samhliða nauðsynlegt að upplýsa hvaða áhrif það hefur í reynd á verðlagsþróun í landinu, því varla getur það talist eðlilegt að láglaunahópar, sem eingöngu taka laun samkvæmt kjarasamningum, beri kostnaðarhækkanir vöru og þjónustu sem leiðir af slíku.

Um 14. lið.

Þau hagstjórnartæki, sem stjórnvöld hafa helst yfir að ráða til tekjujöfnunaráhrifa, eru í gegnum skatta- og almannatryggingakerfið. Þessum hagstjórnartækjum hefur því eðlilega verið beitt til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir vegna skertrar starfsgetu, starfsþreks eða annarra félagslegra aðstæðna.

Hér er um stóran hóp fólks að ræða, þar sem t. d. öryrkjar eru milli 7 og 8 þúsund og fjöldi aldraðra einnig með skerta starfsgetu. Erfitt reynist því oft á tíðum fyrir þetta fólk að fá starf við sitt hæfi á vinnumarkaðinum og á það því oft undir högg að sækja í starfsvali og launakjörum.

Lífeyrir almannatrygginganna og ákvarðanir stjórnvalda í skattamálum eru því mjög ákvarðandi um lífsafkomu og hagsmuni þessa fólks. — Ekkjur, ekklar og einstæðir foreldrar eru í mörgum tilfellum einnig mjög afkomulega háð þeim tekjutilfærslukerfum sem stjórnvöld hafa yfir að ráða. Slíkir hópar hafa ekki verkalýðsfélög til að gæta réttar síns og eru því háðir ákvörðunum stjórnvalda hverju sinni um afkomu sína. Leita ber því allra tiltækra leiða til að tryggja þessu fólki réttmæta og eðlilega hlutdeild í vaxandi þjóðartekjum.

Um 15. lið.

Brýna nauðsyn ber til að athuga hvort ekki væri hægt á grundvelli slíkra upplýsinga sem þáltill. gerir ráð fyrir að einfalda og samræma þann frumskóg launataxta og mismunandi kjaraatriða sem almennt gilda í landinu.

Slíkan aragrúa launataxta hlýtur að teljast hagkvæmt að einfalda og samræma, því slíkt flókið og margþætt kjarakerfi er kostnaðarsamt, torveldar, tefur og skapar ýmsa erfiðleika í allri samningagerð, auk þess sem slíkt fyrirkomulag eykur líkur á misrétti og óréttlátri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu.

Hér er því um hagsmunamál allra aðila að ræða, bæði aðila vinnumarkaðarins, ríkisvaldsins og þjóðarinnar í heild. Slíkt mætti einnig gera án afskipta stjórnvalda, þó æskilegra væri að þau hefðu forgöngu í svo yfirgripsmiklu og vandasömu verki.

Á grundvelli slíkra upplýsinga sem þáltill. gerir ráð fyrir mætti auðvelda slíka samræmingu og einföldun á allri samningagerð, og þær eru raunar forsendan fyrir að slíkt sé framkvæmanlegt, hvor leiðin sem farin yrði — með eða án afskipta stjórnvalda, ef slíkt þætti ganga inn á frjálsan samningsrétt.

Vissulega er hér um ærið yfirgripsmikið og jafnvel kostnaðarsamt verkefni að ræða. En líta verður til þess, að mörg af þessum atriðum má framkvæma með litlum tilkostnaði og á skömmum tíma, en önnur eru framtíðarverkefni, sem taka langan tíma og kosta töluvert.

En allt er þetta mikilvægt og hagnýtt, og kostnaðurinn gæti skilað sér í bættum skilyrðum til uppbyggingar heilbrigðs efnahagslífs og betri og réttlátari kjörum fólksins í landinu.

Sþ. 15. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um málefni hreyfihamlaðra.

Flm.: Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera úttekt og kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang, og að settar verði nauðsynlegar reglugerðir til skipulegra aðgerða í þessu skyni.

Greinargerð.

Þörfin fyrir samhjálp er víða og hún mikil. Á síðasta Alþingi náðist víðtæk samstaða um heildarlöggjöf um málefni þroskaheftra, sem mun marka tímamót ef rétt verður á haldið.

Nauðsyn ber til að hvetja stjórnvöld til virks stuðnings við alla viðleitni til að skapa fötluðu fólki aðstöðu til að taka þátt í daglegu lífi og til að gera mögulegt að nýta starfskrafta þess og hæfileika fyrir þjóðfélagið við ýmis störf.

Endurhæfing, starfsþjálfun og atvinnuskilyrði eru að sjálfsögðu þýðingarmikill þáttur í þessu öllu, en meira þarf til.

Komið hefur fram, að það hefur farið fram hjá flestum, er séð hafa um hönnun framkvæmda og byggingarstarfsemi í landinu, að taka tillit til hreyfihamlaðs fólks til að komast í og um flestar byggingar. Dæmin um þetta blasa svo til alls staðar við. Í nýjum byggingarlögum er þetta leiðrétt, þannig að gera má ráð fyrir að hér eftir verði fullt tillit tekið til þessa við hönnun og byggingu nýrra mannvirkja. Verður að sjá svo um, að reglugerðir og byggingarsamþykktir taki af allan vafa um það. En brýnasta þörfin í dag er að framkvæma nauðsynlegar breytingar á eldri byggingum og þeim sem nú eru í smíðum, ekki síst opinberum byggingum, svo sem heilsugæslustöðvum, skólum, samkomuhúsum, söfnum, verslunum o. s. frv., til að auðvelda þessu fólki greiðan aðgang. Hér þarf til að koma reglugerð, svo að gert verði skipulegt átak til framkvæmda sem tekið verði tillit til við gerð fjárlaga ríkisins og fjárhagsáætlana sveitarfélaga.

Sérstök nefnd fatlaðra, ferlinefnd fatlaðra, hefur unnið að þessu máli sérstaklega. Sendi hún frá sér bréf til ýmissa aðila, sem hljóðar svo:

„Ferlinefnd fatlaðra leitar liðsinnis yðar til þess að auðvelda fötluðu og öldruðu fólki að komast leiðar sinnar. Þegar skammtíma- og varanleg hreyfihömlun gerir armstafi eða hjólastóla að nauðsynlegu hjálpartæki koma oft í ljós annmarkar á húsnæði og umhverfi, svo sem of þröngar dyr og of háir þröskuldar, of lítil salerni, stigar og tröppur, þar að auki oft án handriðs, of þröng lyfta og tröppur að lyftu, gangstétt og bílastæði með föstu slitlagi er ekki í námunda við útidyr. Ef breyta á gömlu húsnæði eða byggja nýtt, hvort heldur er um að ræða íbúðar-, atvinnu- eða þjónustuhúsnæði, er nauðsynlegt að muna eftir hreyfihömluðu fólki áður en framkvæmdir hefjast.

Við biðjum yður vinsamlegast að hafa vandamál hreyfihamlaðra í huga og treystum á liðveislu yðar.“

Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu vill flutningsmaður vekja sérstaka athygli á þessu máli og væntir þess, að með samþykkt tillögunnar verði hafið skipulagt átak við þetta brýna verkefni.

Ed. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 83/1974 orðast þannig:

Greiða skal 19% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta, þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna. Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%.

2. gr.

Í stað „1975“ í 16. gr. l. nr. 83/1974 kemur „1980“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér framlengingu um 1 ár á gildistíma laga um verðjöfnunargjald af raforku. Gjaldinu er skipt á sama hátt og ákveðið var í l. nr. 6/1979 milli Rafmagnsveitna ríkisins, sem fá 80%, og Orkubús Vestfjarða, sem fær 20%.

Gjaldið er nauðsynlegt til þess að bæta úr fjárhagsörðugleikum fyrirtækjanna og til þess að hamla gegn hinum mikla mun á raforkuverði í landinu, sem bitnar mest á viðskiptavinum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Með l. nr. 85/1975 var gildistími l. nr. 83/1974 framlengdur til 31. desember 1976; með l. nr. 114/1976 til 31. desember 1977; með l. nr. 71/1977 til 31. desember 1978; með brbl. nr. 122/1978 til 31. desember 1979 og með l. nr. 6/1979 til sama tíma og þá hækkaði gjaldið jafnframt úr 13% í 19%.

Ed. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

I. KAFLI.
Um hlutverk og skipulag stofnunarinnar.

1. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Hlutverk stofnunarinnar er að hafa með höndum stjórn veðlánakerfis hins opinbera til húsnæðismála.

Opinber veðlán til byggingar, kaupa og endurbóta á íbúðarhúsnæði teljast samkvæmt lögum þessum lán úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna.

2. gr.

Húsnæðismálastofnunin skal starfa í þremur deildum:

Deild fyrir almenn íbúðaveðlán, sem fari með málefni Byggingarsjóðs ríkisins og lánveitingar úr honum.

Deild fyrir félagslegar íbúðir, sem annist málefni Byggingarsjóðs verkamanna og leiguíbúðir sveitarfélaga.

Tæknideild, sem hafi með höndum tæknileg málefni stofnunarinnar og þjónustu við lántakendur.

Rekstrarbókhald stofnunarinnar skal ríkisbókhald annast.

3. gr.

Stjórn Húsnæðismálastofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipa sjö menn, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt.

Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar en að öðru leyti skiptir hún sjálf með sér verkum.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar og greiðist hún úr ríkissjóði.

4. gr.

Hlutverk húsnæðismálastjórnar er eftirfarandi:

1. Að marka meginstefnu í málefnum Húsnæðismálastofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.
2. Að hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og gæta þess að hún starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
3. Að skera úr vafa eða ágreiningsmálum varðandi einstakar lánveitingar og ákveða greiðsludaga þeirra.
4. Að gera tillögur um skiptingu ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka, afgreiða fjárhagsáætlanir og úrskurða ársreikninga stofnunarinnar og byggingarsjóðanna.
5. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um löggjafaratriði á sviði húsnæðismála.
6. Að fjalla um önnur mál, sem ráðherra, forstjóri eða framkvæmdastjórar deilda leggja fyrir hana.

5. gr.

Félagsmálaráðherra skipar forstjóra Húsnæðismálastofnunar ríkisins og framkvæmdastjóra deilda, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

Forstjóri hefur á hendi heildarstjórn stofnunarinnar og annast jafnframt þau mál sem heyra undir húsnæðismálastjórn. Framkvæmdastjórar annast afgreiðslu mála hver í sinni deild undir yfirumsjón forstjóra og húsnæðismálastjórnar. Forstjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar, í samráði við framkvæmdastjóra hlutaðeigandi deilda stofnunarinnar.

6. gr.

Kostnaður við rekstur Húsnæðismálastofnunar ríkisins greiðist þannig: Byggingarsjóður ríkisins greiðir kostnað við almenna íbúðaveðlánadeild stofnunarinnar. Byggingarsjóður verkamanna greiðir kostnað við deild félagslegra íbúða. Kostnaður við yfirstjórn og annar sameiginlegur kostnaður geiðist úr sjóðnum í hlutfalli við útlán hvors um sig.

Kostnaður við rekstur tæknideildar skal borinn uppi af sölu á þjónustu deildarinnar.

II. KAFLI.

Um Byggingarsjóð ríkisins og almenn veðlán til íbúðarhúsnæðis.

7. gr.

Hlutverk Byggingarjóðs ríkisins er að veita lán til byggingar eða kaupa á nýjum eða notuðum íbúðum, til viðhalds, endurbóta og endurhæfingar á eldri íbúðum, og til nýjunga í byggingariðnaði í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

8. gr.

Fjár í Byggingarsjóð ríkisins skal aflað á þann hátt sem hér segir:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.
2. Með árlegum framlögum úr ríkissjóði af launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum, af tekju- og eignaskatti og af aðflutningsgjöldum.
3. Með árlegum framlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum.
4. Með lántökum frá Atvinnuleysistryggingasjóði og lífeyrissjóðum samkvæmt lögum nr. 57/1973 og 82/1977 og nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.
5. Með tekjum af skyldusparnaði skv. VI. kafla.

9. gr.

Byggingarsjóður ríkisins er í vörslu Seðlabanka Íslands.

Afgreiðslur lána úr sjóðnum og innheimtur þeirra fara fram á vegum Veðdeildar Landsbanka Íslands, f. h. Byggingarsjóðs ríkisins.

Þóknun fyrir þessi störf Veðdeildarinnar skal greiðast skv. fyrirfram gerðu samkomulagi. Heimilt er ráðherra að ákveða að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar að almennum innlánsstofnunum skuli heimilað að annast afgreiðslur lána og innheimtur þeirra.

10. gr.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán samkvæmt töluliðum 1—9, enda hafi verið gert ráð fyrir þessum lánaflokkum í fjáhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár, sem veiting láns fer fram:

1. Lán til kaupa eða byggingar á nýjum íbúðum.
2. Lán til kaupa á eldri íbúðum.
3. Lán til byggingar íbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistunarstofnana fyrir börn og aldraða.
4. Lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á eldra íbúðarhúsnæði.
5. Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.
6. Sérstök viðbótarlán til einstaklinga með sérþarfir.
7. Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.
8. Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.
9. Lán til framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

11. gr.

Umsóknir um lán skulu sendar á sérstöku umsóknareyðublaði, sem stofnunin lætur í té. Með umsókn skal senda öll þau gögn, sem tilskilin eru svo sem samþykktar teikningar, og er ella ekki skylt að veita umsókn viðtöku.

Sækja ber um lán til nýbyggingar áður en framkvæmdir hefjast.

12. gr.

Lán skv. 1. tl. 10. greinar er aðeins heimilt að veita einstaklingum, og fer um fjárhæð þeirra eftir fjölskyldustærð umsækjanda og stærð íbúðar sbr. nánar 32. grein.

Eigi er heimilt að veita umsækjanda lán, ef högum hans er þannig háttað, sem hér segir:

1. Umsækjandi á íbúð, sem ekki er fyrirhugað að selja.
2. Umsækjandi hefur brotið gegn ákvæðum byggingarlaga eða byggingarreglugerðar.
3. Umsækjandi byggir fleiri en eina íbúð.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu þegar umsækjandi hefur tvisvar áður fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna til nýbyggingar eða til kaupa á eldri íbúð.

Að jafnaði skulu þeir sitja fyrir um lánveitingar, sem eru að eignast íbúð í fyrsta skipti.

13. gr.

Þegar fyrir liggur að umsókn uppfyllir lánshæfnisskilyrði, skal senda umsækjanda skriflega staðfestingu á því, ásamt upplýsingum um þær reglur sem ákvarða lánsfjárhæð og um væntanlega greiðsludaga lánsins.

Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera 21 ár. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. greinar.

14. gr.

Lán samkvæmt 2. tl. 10. greinar er aðeins heimilt að veita einstaklingum og skal lánsfjárhæð vera jafn hátt hlutfall af umframfjárþörf lántakanda og veitt er það ár til nýbygginga.

Umframfjárþörf skal reiknuð sem mismunur kaupverðs annars vegar og samanlagðar fjárhæðir áhvílandi lána uppfærðra og eigin fjár hinsvegar. Sé kaupverð hærra en nýbyggingaverð staðalíbúðar fyrir hlutaðeigandi lántakanda skal miða við verð staðalíbúðar. Aldrei skal þó reikna eigin fé lægra en 20% né áhvílandi lán lægra en 30% af kostnaðarverði staðalíbúðar.

Eigi er heimilt að veita umsækjanda lán, ef íbúð sú, sem sótt er um lán til, telst vera heilsuspillandi samkvæmt vottorði héraðslæknis eða hefur ekki hlotið tilskilið samþykki byggingaryfirvalda.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánsveitingu þegar umsækjandi hefur tvisvar áður fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna til nýbyggingar eða kaupa á eldri íbúð.

Að jafnaði skulu þeir sitja fyrir um lánveitingu sem eru að eignast íbúð í fyrsta skipti.

15. gr.

Húsnæðismálastofnun skal tilkynna umsækjendum skriflega hvort þeir geti vænst láns og tilgreina lánsfjárhæð og greiðslutíma eins nákvæmlega og unnt er. Ef umsókn er synjað, skal getið forsendna synjunar.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteingamats.

Lánstími skal vera 16 ár, en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. greinar.

16. gr.

Lán samkvæmt 3. tl. 10. greinar er aðeins heimilt að veita sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins, eða félagasamtökum, sem hafa það að meginmarkmiði að byggja íbúðir eða heimili fyrir aldraða.

Lánsfjárhæð má nema sama hlutfalli byggingarkostnaðar hverrar íbúðar og lánað er á því ári til byggingar einstaklingsíbúðar, þó aldrei hærra en sem svarar helmingi byggingarkostnaðar.

Lán til dvalarheimila aldraðra og dagvistunarstofnana fyrir börn mega nema allt að helmingi af byggingarkostnaði.

17. gr.

Sá sem hyggst hefjast handa um byggingu íbúða fyrir aldraða eða dvalarheimilis, skal fyrst láta fara fram athuguná þörf fyrir slíkar íbúðir eða heimili í samvinnu við sveitarstjórn.

Umsókn um lán til byggingar íbúða, dagvistunarstofnana eða dvalarheimila samkvæmt niðurstöðum slíkrar könnunar, skal fylgja umsögn heilbrigðisráðuneytis. Ef umsögn er neikvæð er óheimilt að veita lán til framkvæmdanna. Umsókn um lán til byggingar dagvistunarstofnunar fyrir börn skal fylgja umsöng menntamálaráðuneytis. Er það skilyrði lánveitingar að sú umsögn sé jákvæð.

18. gr.

Heimilt er að greiða út lán skv. 3. tl. 10. gr. í samræmi við framkvæmdahraða, og gera sérstakan framkvæmdalánssamning þess efnis. Lokagreiðsla láns skal þó aldrei fara fram fyrr en framkvæmdum er að fullu lokið.

Lán þessi eru til 16 ára og eru veitt gegn 1. og 2. veðrétti. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. greinar.

19. gr.

Lán samkvæmt 4. tölulið 10. greinar er aðeins heimilt að veita einstaklingum og getur lánsfjárhæð numið allt að sama hundraðshlutfalli áætlaðs framkvæmdakostnaðar og gildir það ár fyrir lán til nýbygginga, sbr. 32. grein, enda sé um meiri háttar endurbætur að ræða eða viðbyggingu sem eykur íbúðarrými húsnæðis um a. m. k. 20 fermetra. Kostnaður við viðbyggingu er þó aðeins lánshæfur að því marki er svarar til byggingarkostnaðar tilsvarandi húsrýmis í nýbyggingu samkv. I. staðli.

20. gr.

Stofnunin skal staðfesta skriflega hvort umsókn uppfyllir lánshæfnisskilyrði og geta um lánsfjárhæð og væntanlegan afgreiðslutíma. Greiðsla láns vegna endurbóta fer þó aldrei fram fyrr en framkvæmdum þeim er lokið, sem sótt er um lán til. Greiðslu láns til meiriháttar viðbygginga má þó haga í samræmi við reglur um greiðslu nýbyggingarlána.

Þessi lán eru veitt gegn 2. vetrétti og er lánstími 11. ár. Þó er húsnæðismálastjórn heimilt að ákveða lengri lánstíma, eða allt að 21 ári, vegna meiriháttar viðbygginga. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 30. greinar.

21. grein.

Lán samkvæmt 5. tl. 10. greinar er aðeins heimilt að veita sveitarstjórnum, sem með skipulegum hætti vinna að útrýmingu heilsuspillandi íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu.

22. grein.

Sveitarstjórn sem hyggst hefjast handa um nýbyggingu íbúða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis skal láta fylgja umsókn skýrslu um niðurstöður könnunar á fjölda heilsuspillandi íbúða í sveitarfélaginu, staðfesta af héraðslækni, upplýsingar um fjölda íbúa í húsnæðinu og ítarlega áætlun um framkvæmdahraða við útrýmingu þess.

Lán samkvæmt þessum flokki geta verið tvenns konar:

1. Lán til byggingar íbúða til endursölu handa fólki, sem áður bjó í heilsuspillandi húsnæði. Lánskjör eru hin sömu og á lánum samkv. 1. tl. 10. gr.
2. Lán til byggingar leiguíbúða. Gilda um þau lán ákvæði III. kafla laga þessara um leiguíbúðir sveitarfélaga.

Heimilt er að greiða þessi lán út með sama hætti og greinir í 1. mgr. 18. gr.

23. gr.

Lán samkv. 6. tl. 10. gr. er aðeins heimilt að veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum, sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir. Lánin eru veitt til byggingar íbúðarhúsnæðis vegna aukins kostnaðar af völdum sérþarfa umsækjanda, og geta komið til viðbótar lánum skv. 1. tl. 10. greinar.

Lán þessi má ennfremur veita til endurbóta á eldra húsnæði og er þá heimilt að þau komi til viðbótar lánum samkv. 2. tl. 10. greinar.

24. gr.

Fjárhæð láns samkv. 6. tl. 10. greinar má nema allt að 80% af viðbótarbyggingarkostnaði eða endurbótakostnaði, enda séu framkvæmdirnar nauðsynlegar að mati húsnæðismálastjórnar.

Heimilt er að veita lánið gegn 2. veðrétti og er lánstími 11 ár. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 30. greinar.

25. gr.

Lán samkvæmt 7. tl. 10. gr. er aðeins heimilt að veita einstaklingum til orkusparandi endurbóta á íbúðum, einkum þeirra sem hitaðar eru með olíu. Slíkar endurbætur skulu miðast við að fullnægt sé

ákvæðum 7. kafla 7.5 og 7.6 í Byggingarreglugerð nr. 292/1979. Óheimilt er að veita lán nema fyrir liggi verklýsing og kostnaðaráætlun, sem gerð sé af sérstökum trúnaðarmanni, sem Tæknideild Húsnæðismálastofnunar ríkisins nefnir til, enda séu umrædd gögn samþykkt af tæknideildinni.

26. gr.

Fjárhæð láns má nema allt að 75% endurbótakostnaðar.

Sjóðurinn skal staðfesta skriflega hvort umsókn uppfyllir lánshæfnisskilyrði, greina frá lánsfjárhæð og væntanlegum afgreiðslutíma.

Fullnaðarafgreiðsla láns skal eigi fara fram fyrr en að framkvæmdum loknum og þær verið teknar út. Þó er heimilt að veita fyrir milligöngu viðskiptabanka skammtímafyrirgreiðslu vegna endurbótavinnunnar.

Þessi lán eru veitt gegn 1. eða 2. veðrétti og er lánstími 11 ár. Um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 30. greinar.

27. gr.

Lán samkvæmt 8. tl. 10. greinar er heimilt að veita til þess að taka í notkun tækninýjungar enda fylgi útreikningar, sem sýna á hvern hátt hún getur leitt til lækkunar byggingarkostnaðar.

28. gr.

Fjárhæð láns samkvæmt 8. tl. 10. greinar og lánstími skal ákveðinn hverju sinni af húsnæðismálastjórn með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjunginni í notkun, svo og mikilvægi hennar fyrir byggingariðnaðinn.

Að öðru leyti gilda ákvæði 30. greinar um lánskjörin.

29. gr.

Lán samkvæmt 9. tl. 10. gr. er aðeins heimilt að veita viðurkenndum framkvæmdaaðilum og framleiðendum staðlaðra einingahúsa sem staðið hafa fyrir fjöldaframleiðslu íbúðarhúsnæðis með góðum árangri, að dómi Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Skulu þeir, sem sannanlega byggja og selja ódýrast miðað við hliðstæð gæði húsnæðis, ganga fyrir um framkvæmdalán.

Lán þessi skulu veitt í formi lánsloforða, sem gangi til hlutaðeigandi viðskiptabanka eða annarrar viðurkenndrar lánastofnunar. Lánin koma til greiðslu með sama hætti og venjuleg nýbyggingalán þó að því tilskildu, að fyrir útborgun þriðja hluta þeirra hafi verið þinglýst kaupsamningi um íbúðina við kaupanda sem er lánshæfur.

Lánstími skal vera allt að 2 ár og vaxtakjör hin sömu og á hliðstæðum lánum samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands.

30. gr.

Öll lán Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt 1.—8. tl. 10. greinar laga þessara skulu vera að fullu verðtryggð og miðast höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13. frá 10. apríl 1979. Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

Vextir af lánum skulu vera breytanlegir samkv. ákvörðun ráðherra, en þó aldrei hærri en 3.5% á ári. Þó skulu lán samkævmt 6. tl. 10 gr. vera vaxtalaus og vextir af lánum skv. 8.—9. tl. skulu ákveðnir sérstaklega hverju sinni með hliðsjón af almennum vöxtum af sambærilegum lánum.

Lán samkvæmt 1.—7. tl. 10. gr. skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslanda á eftirstöðvum lánstímans. Heimilt skal þó lántakanda að greiða lán upp á skemmri tíma og skal þess getið á skuldabréfi. Af lánum samkvæmt 8.—9. tl. 10. gr. skal að jafnaði greiða afborgun strax á fyrsta ári nema húsnæðismálastjórn ákveði annað.

Gjalddagar lána samkvæmt 1.—7. tl. 10. gr. skulu vera eigi færri en fjórir á ári þ. e. 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert. Húsnæðismálastofnun ríkisins skal fjölga gjalddögum svo fljótt sem kostur er. Gjalddaga lána skv. 8.—9. tl. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.

31. gr.

Að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar ákveður félagsmálaráðherra skiptingu áætlaðs ráðstöfunarfjár Byggingarsjóðs ríksins milli einstakra lánaflokka skv. 10. gr. fyrir eitt almanaksár í senn.

Ennfremur ákveður ráðherra lánahlutfall í þeim útlánaflokkum, þar sem lán eru ákveðin sem hlutfall af áætluðum byggingarkostnaði staðalíbúðar, sbr. 3. mgr. 32. gr.

Ráðherra er heimilt að flytja ráðstöfunarfé milli útlánaflokka innan fjárhagsárs, að tillögu húsnæðismálastjórnar ef sérstakar ástæður mæla með því.

32. gr.

Hámarkslánsfjárhæð má nema allt að 80% af áætluðum byggingarkostnaði þeirrar staðalíbúðar sem gildir sem viðmiðun fyrir hlutaðeigandi umsækjanda, miðað við fjölskyldustærð, samkvæmt þeim reglum sem húsnæðismálastjórn setur, og eiga allir umsækjendur í sama lánaflokki rétt til sama lánahlutfalls ár hvert.

Við ákvörðun viðmiðunar íbúðarstærðar umsækjanda má íbúð sú, sem sótt er um lán út á, vera allt að 20% stærri en staðalíbúð. Sé íbúð sú, sem sótt er um lán til, minni en staðalíbúð fyrir hlutaðeigandi fjölskykdu, skal þess gætt að íbúðin fullnægi settum reglum á hverjum tíma hvað varðar hönnun, gerð og búnað.

Húsnæðismálastofnun ríkisins lætur hanna staðalíbúðir fyrir einstaklinga og þrjár mismunandi fjölskyldustærðir. Miðað skal við, að íbúðir séu hagkvæmar, einfaldar að allri gerð, hóflegar að stærð en vandaðar og uppfylli kröfur um hönnun, gerð og búnað á hverjum tíma. Byggingarkostnaður þessara staðalíbúða skal áætlaður í samráði við Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og endurskoðaður ársfjórðungslega í samræmi við þróun byggingarkostnaðar.

Í sérstakri reglugerð, sem ráðherra staðfestir, skal gera nákvæma lýsingu á stærð, skipan og frágangi hverrar staðalíbúðar svo og þeim reglum sem stuðst er við til ákvörðunar á kostnaðarverði hennar.

III. KAFLI.

Um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar.

33. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að annast lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga, með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks.

Félagslegar íbúðir teljast samkvæmt lögum þessum:

a) Íbúðir í verkamannabústöðum sem byggðir eru á vegum framkvæmdastjórna verkamannabústaða í sveitarfélögum landsins og ætlaðar eru til endursölu handa láglaunafólki sem fullnægi skilyrðum þeim, sem sett eru í þessum kafla laganna.
b) Leiguíbúðir, sem byggðar eru af sveitarfélögum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum handa láglaunafólki eða öðrum þeim, sem þarfnast af félagslegum ástæðum aðstoðar við húsnæðisöflun.

34. gr.

Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Fjár til hans skal aflað sem hér segir:

a) Með tekjum af eigin fé, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.
b) Með árlegu framlagi úr ríkissjóði af fjárlögum, sem nema skal 20% af áætlaðri fjármagnsþörf sjóðsins.
c) Með framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags sem skal nema 20% af byggingarkostnaði þeirra íbúða sem hafin verður bygging á í verkamannabústöðum í sveitarfélaginu.
d) Með sérstökum lántökum sem ákveðnar verða í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni, þegar ráðstöfunarfé skv. stafliðum a, b, c og e, nægir ekki til áformaðra framkvæmda.
e) Með greiðslum frá kaupendum íbúða í verkamannabústöðum, sem skulu nema 10% af söluverði íbúðar.

Stefna skal að því að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna verði með þeim hætti, að sjóðurinn geti fjármagnað a. m. k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna.

Eigin fé sjóðsins skal varið til lánveitinga vegna endursölu á verkamannabústöðum til greiðslu hugsanlegs vaxtamunar og síðar til lækkunar á framlögum skv. stafliðum b og c hér að framan.

Veðdeild Landsbanka Íslands annast afgreiðslur lána úr sjóðnum og innheimtu þeirra fyrir hönd hans.

35. gr.

Framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga skv. 34. gr. skulu greidd Byggingarsjóði verkamanna í samræmi við greiðslubyrði hans. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal annast greiðslu á framlögum þeirra.

36. gr.

Byggingarsjóður verkamanna er undir stjórn húsnæðismálstjórnar.

Koma skal á reglubundnu samráði um málefni Byggingarsjóðs verkamanna milli húsnæðismálastjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra þeirrar deildar stofnunarinnar sem fer með félagslegar íbúðir, annars vegar og fulltrúa heildarsamtaka launafólks hins vegar. Félagsmálaráðherra skipar samráðsnefnd er skal þannig skipuð:

2 fulltrúar eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands,

1 fulltrúi eftir tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Samráðsverkefni skulu m. a. vera:

a) Að ræða meginþætti stefnumótunar í málefnum Byggingarsjóðs verkamanna.
b) Að fjalla um fjármagns- og framkvæmdaáætlanir sjóðsins.
c) Að taka til meðferðar önnur atriði sem aðilar telja ástæðu til að fjalla um og varða málefni sjóðsins.

Félagsmálaráðherra skal með sérstöku erindisbréfi kveða nánar á um verkefni og valdsvið samráðsnefndarinnar. Forstjóri kallar nefndina saman og skal hún ávallt fjalla um málefni skv. stafliðum a og b. Sérhverjum nefndarmanni er heimilt að krefjast fundar í samráðsnefndinni.

Halda skal fundargerð á samráðsfundum og ber að senda hana ráðherra og nefndarmönnum.

37. gr.

Í öllum kaupstöðum og kauptúnahreppum landsins skulu starfa framkvæmdastjórnir verkamannabústaða, skipaðar sex mönnum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Skulu sveitarstjórnir í upphafi kjörtímabils síns tilnefna 3 fulltrúa í framkvæmdastjórn verkamannabústað í sveitarfélaginu, en fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í hlutaðeigandi sveitarfélagi tilnefnir 2 fulltrúa og félög opinberra starfsmanna tilnefna 1 fulltrúa í framkvæmdastjórn.

Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjórnir verkamannabústaða og skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og sveitarstjórnar. Ráðherra skipar formann framkvæmdastjórnar úr hópi sveitarstjórnarfulltrúa en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Varamenn skulu vera jafnmargir og tilnefndir með sama hætti og aðalmenn.

38. gr.

Framkvæmdastjórnum er skylt að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf láglaunafólks í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Í því skyni að kanna þörf fyrir nýjar íbúðir láglaunafólks í sveitarfélaginu, lætur stjórnin fara fram skipulega könnun meðal þeirra sem ákvæði III. kafla laga þessara taka til, í fyrsta sinni í upphafi kjörtímabils síns og síðan eftir því sem þörf er á að mati stjórnarinnar.

Nánari reglur um framkvæmd könnunarinnar setur ráðherra með reglugerð.

39. gr.

Að lokinni könnun skv. 38. gr. skal framkvæmdastjórn verkamannabústaða skila greinargerð um hana, og tillögum um byggingu íbúða í samræmi við niðurstöður hennar, til hluðaðeigandi sveitarstjórnar. Gera skal grein fyrir fjölda íbúða sem nauðsynlegt er að byggja, æskilegum stærðum íbúða, húsagerð og áætluðum byggingartíma.

Afrit af greinargerð sinni og tillögum skal framkvæmdastjórn senda Húsnæðismálastofnun ríkisins.

40. gr.

Íbúðir í verkamannabústöðum mega ekki vera stærri en 110 m^2 skv. mælingareglum Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Húsagerðir skal annars vegar velja með tilliti til þess að þær fari vel í umhverfinu og hins vegar með tillilti til þess að þær séu ódýrar í byggingu, og unnt sé að byggja þær á skömmum tíma.

41. gr.

Sveitarstjórn skal fjalla um tillögur framkvæmdastjórnar verkamannabústaða, svo fljótt sem við verður komið, og tilkynna Húsnæðismálastofnun ríkisins ákvörðun sína. Skal sveitarstjórn jafnframt sækja formlega um lán úr Byggingarsjóði verkamanna og komi þar fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það, sem nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti tekið afstöðu til lánveitingar til framkvæmdanna.

Með umsókn sinni skuldbindur sveitarstjórn sig til framlags skv. staflið c í 34. gr. laga þessara.

Sveitarstjórn skal tilkynna Húsnæðismálastofnun ríkisins fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir fyrir 1. ágúst árið áður en framkvæmdir skulu hafnar.

42. gr.

Tæknideild skal yfirfara tillögur framkvæmdastjórnar. Deildin skal huga sérstaklega að hagkvæmni íbúða og leiðum til að tryggja sem lægst íbúðaverð svo sem með stöðlun, samkeppnisútboðum og sameiginlegum efniskaupum eftir því sem við verður komið.

Tæknideild skilar skriflegri álitsgerð um framangreind atriði og skal hlutaðeigandi sveitarstjórn og framkvæmdastjórn verkamannabústaða gefinn kostur á að tjá sig um hana.

43. gr.

Þegar húsnæðismálastjórn hefur fengið álitsgerð tæknideildar og athugasemdir umsagnaraðila tekur hún ákvörðun um það hvort framkvæmdin falli undir ákvæði 16. gr. laga þessara. Sé sú raunin að mati stjórnarinnar, heimilar hún framkvæmdastjórn að hefjast handa um lokaundirbúning og framkvæmdir.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal vera framkvæmdaaðilum til ráðuneytis um fjárhagsleg og tæknileg atriði framkvæmda.

44. gr.

Jafnframt veitingu framkvæmdaheimildar gerir Húsnæðismálastofnunin framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi framkvæmdastjórn. Í samningnum skal kveðið á um lánveitingu úr Byggingarsjóði verkamanna sem svarar 90% af áætluðum byggingarkostnaði verkáfangans. Miðað skal við, að lánsféð komi til greiðslu í samræmi við verkstöðu á hverjum tíma staðfestri af trúnaðarmanni, sem Húsnæðismálastofnun tiltekur.

Heimilt er þó að greiða út lánsfé umfram verkstöðu þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna fyrirframgreiðslu við gerð stórra verksamninga og efniskaupa, enda komi þá til bankaábyrgð fyrir því lánsfé, sem er umfram verkstöðu. Að öðru leyti skulu framkvæmdirnar sjálfar standa til tryggingar framkvæmdaláni og bakábyrgð sveitarstjórnar.

Framkvæmdalán skulu vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu en vaxtalaus. Verðbætur teljast til byggingarkostnaðar.

45. gr.

Réttur til kaupa á íbúð í verkamannabústöðum er bundinn við þá sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a) Eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi þegar könnun fer fram.
b) Eiga ekki íbúð fyrir eða samsvarandi eign í öðru formi.
c) Hafa haft í meðaltekjur þrjú síðustu árin áður en úthlutun fer fram eigi hærri fjárhæð en sem svarar 2. 600 þús. kr. fyrir einhleyping eða hjón og 230 þús. kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 16 ára aldurs.

Með tekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna, samkv. skattframtali. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við meðaltal áranna 1976, 1977 og 1978. Meðaltekjur þessar skulu framreiknaðar af Þjóðhagsstofnun í byrjun hvers árs, á grundvelli áætlana um breytingu á meðaltekjum verkamanna á næstliðnu ári og skýrslna Hagstofu Íslands um tekjur starfsstétta eftir skattframtölum árin tvö næstu þar á undan.

Skilyrði er að viðkomandi hafi unnið a. m. k. 1550 stundir árlega síðustu þrjú árin. Jafngildar unnum klukkustundum teljast þó fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla eða verkbanna, allt að 8 klst. fyrir hvern fjarvistardag svo og skráðir atvinnuleysisdagar. Jafngildar unnum stundum teljast hinsvegar ekki álags- og ákvæðisgreiðslur eða aðrar þess háttar greiðslur.

Þeim sem vinna fasta hlutavinnu skal þó rétt að kaupa íbúð í verkamannabústað og skal þá miða við 775 árlegar vinnustundir hið minnsta.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum b- liðar, þegar um er að ræða umsækjendur, sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu. Frá ákvæði c- liðar er heimilt að víkja, að því er varðar fjölda árlegra vinnustunda, gagnvart umsækjendum sem hafa orðið fyrir varanlegri örorku.

46. gr.

Framkvæmdastjórnir verkamannabústaða annast ráðstöfun íbúða í verkamannabústöðum, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum, eftir þeim meginreglum sem ákveðnar eru í 45. gr. og nánari ákvæðum, sem sett verða í reglugerð.

Í auglýsingu um ráðstöfun íbúðanna skal taka fram hverjir eigi rétt til kaupa á verkamannabústað, stærð og gerð íbúða, afhendingartíma og greiðsluskilmála. Umsóknarfrestur má eigi vera skemmri en 3 vikur frá birtingu auglýsingar.

Framkvæmdastjórn ákveður skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á einstakar íbúðir samkvæmt ákvæðum reglugerðar um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum. Söluverð íbúðar skal vera kostnaðarverð hennar.

47. gr.

Umsækjandi, sem fær úthlutað íbúð, skal inna af hendi greiðslu sem nemur 5% af áætluðu kosntaðarverði innan 8 vikna frá dagsetningu tilkynningar um úthlutunina. Standi umsækjandi ekki í skilum innan þess tíma, fellur réttur hans til íbúðarinnar niður.

Framkvæmdastjórn verkamannabústaða ákveður gjalddaga síðari hluta af greiðslu kaupanda og skal greiðslufrestur vera hinn sami og að framan greinir og viðurlög við greiðslufalli þau sömu.

48. gr.

Þegar íbúð er fullgerð og úttekt á henni og uppgjör byggingarkostnaðar hefur farið fram af hálfu tæknideildar Húsnæðismálastofnunar, skal kaupandi fá í hendur skriflegt afsal fyrir íbúðinni gegn yfirtöku áhvílandi skuldar, enda hafi kaupandi staðið í skilum með þær greiðslur sem honum ber að inna af hendi.

Í afsali skal taka fram, að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma. Ennfremur skal í afsali kveða á um skyldu íbúðareiganda til þátttöku í húsfélagi með öðrum íbúðareigendum í sambýlishúsinu, sem annist sameiginleg verkefni eftir nánari ákvörðun framkvæmdastjórnar verkamannabústaða.

Eigi skal greiða stimpilgjald af afsölum fyrir verkamannabústöðum, en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

49. gr.

Óheimilt er íbúðareiganda að veðsetja íbúð í verkamannabústöðum fyrir öðrum lánum en þeim, sem greinir í 50. gr. laga þessara, fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma er veðsetning heimil með samþykki Byggingarsjóðs verkamanna. Slík veðsetning má þó aldrei fara yfir 75% af brunabótamati íbúðarinnar að meðtöldu áhvílandi láni frá Byggingarsjóði verkamanna.

Ekki er heimilt að leigja verkamannabústað án samþykkis framkvæmdastjórnar verkamannabústaða og er leigusamningur ella ógildur. Framkvæmdastjórn getur bundið samþykki sitt til útleigu skilyrðum um fjárhæð leigunnar og leigutíma.

50. gr.

Byggingarsjóður verkamanna lánar til íbúða sem byggðar eru sem verkamannabústaðir samkvæmt lögum þessum, sem nemur 90% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Lánin skulu vera að fullu verðtryggð og miðist höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.

Ársvextir af lánum skulu vera 0,5% og lánið afborgunarlaust fyrsta árið, en endurgreiðist síðan með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands, á 32 árum.

Gjalddagar lána skulu vera fjórir á ári þ. e. 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert. Heimilt er þó að taka upp mánaðarlegar greiðslur, eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar.

Tilsvarandi fyrirgreiðslu veitir sjóðurinn og með sömu kjörum vegna endursölu íbúða sem sveitarstjórnir leysa til sín samkvæmt ákvæðum laga þessara um forkaupsrétt þeirra.

51. gr.

Sveitarstjórn hefur kaupskyldu á öllum íbúðum í verkamannabústöðum, byggðum skv. lögum þessum, sem koma til endursölu, við verði sem tilgreint er í 52. gr., fyrstu 30 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt að þeim íbúðum, sem boðnar verða til sölu. Hafni sveitarstjórn forkaupsrétti að verkamannabústað, er eiganda heimilt að selja íbúðina á frjálsum markaði, enda greiði hann upp áhvílandi, uppfærðar eftirstöðvar láns Byggingarsjóðs verkamanna. Sveitarstjórn skal þá gefa út yfirlýsingu um að niður séu fallnar allar kvaðir, sem verið hafa á íbúðinni um forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti. Skal yfirlýsingunni þinglýst.

52. gr.

Eigandi verkamannabústaðs, sem hyggst selja íbúð sína, skal tilkynna það sveitarstjórn, sem leysir íbúðina til sín og selur að nýju samkvæmt ákvæðum þessara laga og reglugerðar samkvæmt þeim.

Endurkaupverð íbúðar má ekki vera hærra en upphaflegt kostnaðarverð hennar, auk hækkunar svo sem nánar er skýrt í þessari grein. Seljandi skal fá greidd þau 10% kostnaðarverðs íbúðar, sem hann greiddi í upphafi. Auk þess skal hann fá greidd 3% kaupverðsins fyrir hvert ár, sem íbúðin hefur verið í hans eign, að fyrsta árinu frátöldu, þó aldrei meira en 90% upphaflegs kosntaðarverðs. Til viðbótar þessum hundraðshlutum kaupverðs skal koma hækkun samkvæmt lánskjaravísitölu frá kaupdegi til söludags.

53. gr.

Nú er íbúð, sem byggð hefur verið samkv. þessum lögum eða eldri lögum um verkamannabústaði, seld á nauðungaruppboði og skal sveitarstjórn þá neyta forkaupsréttar síns og krefjast þess á uppboðsþingi, að eignin verði lögð henni út til eignar á því verði, sem hæst hefur verið boðið í eignina eða söluverði samkvæmt 2. mgr. 52. gr. ef það er lægra en hæsta boð. Að fengnu afsali samkvæmt þessu ákvæði skal afmá í veðmálabókum veðbönd og höft á eigninni.

54. gr.

Nú samþykkir sveitarstjórn í kaupstað eða kauptúnahreppi að leysa hluta af íbúðaþörf þeirri, sem fram kemur við könnun samkvæmt 21. gr. þessara laga, með byggingu leiguíbúða samkvæmt b- lið 16. gr., og sendir þá sveitarstjórn Húsnæðismálastofnun ríkisins tilkynningu um þá ákvörðun sína. Jafnframt sendir sveitarstjórnin formlega umsókn um lán til framkvæmdanna úr Byggingarsjóði verkamanna. Skal þar koma fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það, sem nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti tekið afstöðu til lánveitingar.

Umsókn skal berast Húsnæðismálastofnun eigi síðar en 1. ágúst árið áður en framkvæmdir skulu hafnar.

55. gr.

Húsnæðismálastjórn skal fela tæknideild Húsnæðismálastofnunarinnar að yfirfara tillögu sveitarstjórnar á sama hátt og fyrir er mælt í 42. gr., að því er verkamannabústaði varðar.

56. gr.

Telji húsnæðismálastjórn, að fenginni umsögn tæknideildar, fyrirhugaðar framkvæmdir falla undir ákvæði b- liðs 33. gr. þessara laga, heimilar hún sveitarstjórn að hefjast handa um lokaundirbúning og framkvæmdir.

Húsnæðismálstofnun ríkisins skal vera framkvæmdaaðila til ráðuneytis um fjárhagsleg og tæknileg atriði framkvæmdanna.

57. gr.

Þegar framkvæmdaheimild hefur verið veitt, gerir Húsnæðismálastofnunin framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi sveitarstjórn. Skal þar kveðið á um lánveitingu úr Byggingarsjóði verkamanna sem svarar hluta hans í fjármögnun framkvæmdanna samkvæmt 1. mgr. 58. gr. þessara laga. Miða skal við, að lánsfé komi til greiðslu í samræmi við framkvæmdahraða og skal sveitarstjórn senda skriflega úttekt á verkstöðu, staðfesta af trúnaðarmanni sem Húsnæðismálastofnun nefnir til.

Framkvæmdalánin skulu vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu, en vaxtalaus.

58. gr.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til leiguíbúða sveitarfélaga skulu nema 70% af áætluðum byggingarkostnaði staðalíbúða þeirra, sem gilda til viðmiðunar fyrir fyrirhugaðar íbúðir, sbr. ákvæði 13. gr. laga þessara, en hlutaðeigandi sveitarfélag ber 30% kostnaðar við framkvæmdirnar. Nú verður raunverulegur byggingarkostnaður meiri en nemur áætluðu verði staðalíbúðar, skal þá hlutaðeigandi sveitarfélag standa undir þeim umframkostnaði.

Lán til leiguíbúða skulu að fullu verðtryggð og miðist höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Lánin skulu tryggð með 1. veðrétti í þeim íbúðum sem byggðar eru.

Meðan verkáfangi er ekki veðhæfur skal koma til ábyrgð sveitarsjóðs eða banka. Vextir af lánum skulu vera breytanlegir samkv. ákvörðun ráðherra en þó aldrei hærri en 3.5% á ári, lánið afborgunarlaust fyrsta árið, en endurgreiðist síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands, á 15 árum.

Gjalddagar lána skulu vera fjórir á ári þ. e. 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert. Heimilt er húsnæðismástjórn að fjölga þeim síðar.

59. gr.

Stærðir íbúða skal eftir föngum miða við þarfir væntanlegra leigutaka.

Íbúðirnar skulu byggðar í sambýlishúsum en Húsnæðismálastofnunin getu þó heimilað, þegar aðstæður eða staðhættir mæla með því, að byggð séu einbýlishús, enda sé þá um staðlaða fjöldaframleiðslu einingarhúsa að ræða og íbúðarstærð ekki yfir 110 m².

60. gr.

Framkvæmdastjórn verkamannabústaða skal ráðstafa í umboði sveitarstjórnar þeim leiguíbúðum, sem reistar eru á hennar vegum. Við úthlutn íbúðanna skulu þeir hafa forleigurétt sem búa við lakastar aðstæður, svo sem láglaunafólk, einstæð foreldri og aðrir þeir, sem þarfnast vegna félagslegra aðstæðna sérstakrar húsnæðisfyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera, þ. á. m. ungt fólk, fyrstu búskaparárin.

Nánari reglur um ráðstöfun leiguíbúða og um ákvörðun húsaleigu skulu sett í reglugerð.

61. gr.

Nú telur sveitarstjórn hagkvæmt að kaupa eldri íbúðarhúsnæði til nota sem leiguíbúð og er þá Byggingarsjóði verkamanna heimilt að veita lán til slíkra kaupa samkvæmt 58. gr., enda fullnægi húsnæðið þeim almennu kröfum, sem gerðar eru um íbúðarhúsnæði og kaupverð sé eigi hærra en nemur byggingarkostnaði nýrrar íbúðar. Lánveiting sjóðsins má þá nema sama hlutfalli af kaupverði að frádregnum áhvílandi lánum og lánað er til nýbygginga. Þó skulu áhvílandi lán, að meðtöldu láni seljanda, aldrei reiknuð minni en sem svarar 30% af kaupverði.

62. gr.

Sveitarstjórn er óheimilt að selja leiguíbúðir, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum fyrstu 30 árin frá byggingu þeirra.

IV. KAFLI.

Um kaupskyldu sveitarfélaga á verkamannabústöðum, sem byggðir hafa verið samkvæmt eldri lögum.

63. gr.

Kaupskylda sveitarfélaga skv. 51. gr. laga þessara tekur einnig til íbúða í verkamannabústöðum, sem byggðar hafa verið samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði, enda sé forkaupsréttur ekki þegar fallinn niður af þeim lögum samkvæmt. Sama gildir um íbúðir sem byggðar hafa verið samkvæmt lögum nr 97/1965. Gildir kaupskyldan í 30 ár frá undirritun kaupsamninga eða útgáfu upphaflegs afsals fyrir íbúð þeirri, sem í hlut á. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt að þessum íbúðum.

Um kaup sveitarstjórnar á eldri íbúðum samkv. 1. mgr. gilda ákvæði 51., 52. og 53. gr. laga þessara, eftir því sem við getur átt.

64. gr.

Kaupverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kostnaðarverð hennar eða síðasta kaupverð, að viðbættri verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kosntaðarverði íbúðarinnar, nema þess hluta, er svarar til láns úr Byggingarsjóði verkamanna og eftir stendur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá fyrningu, 1% á ári af framreiknuðu kaupverði. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum láns úr Byggingarsjóði verkamanna, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu. Ef á íbúðinni hvílir lán úr Byggingarsjóði ríkisins skulu efitrstöðvar þess koma til frádráttar greiðslu til seljanda miðað við uppfærðan höfuðstól.

65. gr.

Sveitarstjórn skal endurselja íbúðina á upphaflegu kostnaðarverði eða því kaupverði, sem fyrri eigandi greiddi fyrir hana, að viðbættri hækkun samkv. byggingarvísitölu og matsverði endurbóta en að frádreginni fyrningu, sem reiknast 1% á ári af uppfærðu verði. Byggingarsjóður verkamanna skal sjá um að greiða upp áhvílandi lán og létta af íbúðinni. Skal hún síðan seld með sömu kjörum og gilda um sölu nýrra íbúða.

Mismunur á endurkaupsverði og endursöluverði rennur til Byggingarsjóðs verkamanna.

66. gr.

Nú innleysir sveitarfélag íbúð, sem er þinglýst eign Byggingarfélags verkamanna, og skal þá stjórn hlutaðeigandi byggingarfélags eða sveitarstjórn hlutaðeigandi byggingarfélags eða sveitarstjórn, hafi hún tekið við hlutverki þess, leysa íbúðina úr veðböndum enda séu eftirstöðvar áhvílandi láns Byggingarsjóðs verkamanna á íbúðinni greiddar að fullu.

Við endursölu slíkrar íbúðar skal nýtt lán tryggt með veði í henni eins og um nýja íbúð væri að ræða og skulu þeir, sem voru fullgildir félagsmenn í hlutaðeigandi byggingarfélagi verkamanna við gildistöku laga þessara að öðru jöfnu ganga fyrir um kaup hennar.

Byggingarfélög verkamanna, sem haldið hafa áfram starfsemi sinni eftir 12. maí 1970, skulu koma í stað húsfélaga samkvæmt 2. mgr. 48. gr. og skulu þeir, sem kaupa slíkar íbúðir, gerast aðilar að hlutaðeigandi byggingarfélagi með öllum réttindum og skyldum.

V. KAFLI.

Um tækni- og þjónustudeild Húsnæðismálastofnunar.

67. gr.

Hlutverk deildarinnar er tvíþætt. Annars vegar skal hún vera húsnæðismálstjórn til ráðuneytis um tæknileg atriði. Hins vegar skal hún veita húsbyggjendum þjónustu með ráðgjöf um byggingarmál og sölu íbúðateikninga.

Verkefni tækni- og þjónustudeildar eru þessi:

a) **Tækniskor:**

1. Að semja skilyrði fyrir lánshæfni íbúða og endurmeta þau að staðaldri með hliðsjón af breyttum þjóðfélagsháttum og nýjungum í byggingartækni. Gera skal grein fyrir gæða- og stærðarkröfum og nauðsynlegum tæknilegum atriðum. Heimilt er að áskilja að forsenda lánshæfni sé hönnun húss í MÁT- kerfi og notkun almennra byggingarstaðla.
2. Að hanna staðalíbúðir skv. 32. gr. laga þessara til viðmiðunar við ákvörðun lánsréttar og áætla byggingarkostnað slíkra íbúða í samráði við Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins.
3. Að hafa á hendi eftirlit með framkvæmdum þeirra aðila sem njóta lána úr veðlánakerfinu eftir því sem þörf er á og sjá um að settum skilyrðum sé fullnægt.
4. Að vera ráðgjafi Húsnæðismálastofnunarinnar og stjórnar hennar um tæknileg málefni og annast samskipti við aðra opinbera aðila sem vinna að áætlunargerð, rannsóknum og tilraunum á sviði húsnæðis- og byggingarmála.

b) **Þjónustuskor:**

1. Að veita umsækjendum um íbúðalán almennar upplýsingar og ráðgjöf á sviði byggingarmála svo sem um þær reglur sem gilda um hönnun, gerð og gæði íbúðarhúsnæðis, byggingaraðferðir og val byggingarefnis.
2. Að sjá um viðhald og dreifingu teikningasafns stofnunarinnar og afla nýrra lausna með því að gangast fyrir opinberum samkeppnum um gerð uppdrátta af húsum og / eða byggingarhlutum og dreifa til byggjenda bestu lausnum sem fást úr slíkum samkeppnum.
3. Að vera sveitarstjórnum og framkvæmdastjórnum verkamannabústaða, sem þess óska, til aðstoðar við undirbúning, útboð og samningsgerð vegna félagslegra íbúðabygginga.
4. Að fylgjast með og kynna tækninýjungar sem stuðlað geta að lækkun byggingarkostnaðar.

68. gr.

Tæknideild skal verðleggja þjónustu sína með þeim hætti að endurgjald fyrir hana standi að fullu undir kostnaði við starfrækslu deildarinnar.

Félagsmálaráðuneytið setur deildinni sérstaka gjaldskrá að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

VI. KAFLI.

Um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga.

69. gr.

Öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára, sem ekki hafa formlega undanþágu samkv. 70. gr., skal skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sér sjóð til íbúðabygginga eða bústofnunar í sveit. Skyldusparnaður hefst við næstu áramót eftir að hlutaðeigandi verður 16 ára og lýkur við næstu áramót eftir að hann verður 26 ára. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

Fé það, sem lagt er til hliðar á þennan hátt, er undanþegið tekjuskatti og útsvari. Sem eign er það, að vöxtum meðtöldum, skattfrjálst en framtalsskylt.

70. gr.

Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkvæmt 1. mgr. 69. greinar hefur náð 26 ára aldri - eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr, kaupir eða byggir íbúð til eigin þarfa, skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkvæmt 1. mgr. með sömu vöxtum og gilda á hverjum tíma fyrir lán skv. 1. tl. 10. gr. frá þeim tíma, er það var lagt inn, að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands samkvæmt 39. gr. laga nr. 13. frá 10. apríl 1979. Ennfremur skulu þeir sitja fyrir um lán til íbúðarbygginga frá Byggingarsjóði ríkisins og mega þau lán vera allt að 5% hærri en gildandi lánahlutfall samkvæmt 32. gr. þessara laga er á hverjum tíma. Aukning lánsréttar er þó bundinn því skilyrði að samanlagður 3ja ára sparnaður, að meðtöldum vöxtum og verðbótum, nemi eigi lægri fjárhæð en sem svarar þessari aukningu á lánsréttinum.

71. gr.

Nú fullnægir sá, er óskar þess að fá sparifé sitt endurgreitt, ekki skilyrðum 70. gr., og er þá félagsmálaráðherra heimilt að veita leyfi til endurgreiðslu þess, ef högum umsækjanda er þannig háttað, að mati ráðherra, að brýna nauðsyn beri til að leyfa endurgreiðsluna af félagslegum ástæðum, svo sem ef um er að ræða öryrkja, einstæð foreldri eða námsmenn.

72. gr.

Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

a. Gift fólk, sem stofnað hefur heimili, og sambýlisfólk þ. e. karl og kona, sem búa saman og eru ógift, hafi þau átt saman barn og sambúðin varað í eitt ár samfleytt.
b. Skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári.
c. Þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu og hafa fyrir heimili að sjá.
d. Þeir, sem eiga íbúð til eigin þarfa.

Sá sem á rétt til undanþágu frá sparnaðarskyldu skal sanna það með formlegu vottorði frá skattstjóra. Ella verður hann að láta tilskilið sparifé af hendi, en á þá rétt til endurgreiðslu svo fljótt sem við verður komið.

Útlendingar, sem hafa landvistar- eða atvinnuleyfi hér á landi um tiltekinn tíma og dvelja hér um stundarsakir, skulu fá skyldusparnað sinn endurgreiddan er þeir hverfa af landi brott.

73. gr.

Heimilt er skattstjórum að veita tímabundna undanþágu frá sparnaðarskyldu þeim, sem verða fyrir veikindum eða slysum eða hafa sérstaklega þungar fjárhagsbyrðar. Skýrslur um slíkar undanþágur skal senda Húsnæðismálastofnun ríkisins. Ákvörðun skattstjóra má áfrýja til félagsmálaráðherra.

74. gr.

Vegna framkvæmda á ákvæðum þessa kafla skal heimilt að gefa út sparimerki og skulu atvinnurekendur og aðrir kaupgreiðendur þá skyldir til að greiða tilskilinn hluta launa með slíkum merkjum hverju sinni, er kaup kemur til útborgunar. Kaupgreiðendum er rétt að krefjast þess að launþegar færi sönnur á aldur sinn með framvísun nafnskírteinis hvernær sem ástæða er til.

Óheimilt er kaupgreiðanda að samþykkja undanþágu frá sparnaðarskyldu nema launþegi framvísi vottorði frá skattstjóra um undanþáguheimild sína.

75. gr.

Ákveða má í reglugerð sérstakt gjald, er skattyfirvald ákveður á hendur þeim atvinnurekanda, sem vanrækir sparimerkjakaup. Gjald þetta má nema allt að þrefaldri þeirri upphæð, sem vanrækt hefur verið að kaupa sparimerki fyrir. Sömuleiðis má með reglugerð ákveða, að hverjum þeim, sem háður er ákvæðum þessara laga um skyldusparnað, skuli skylt að gera skattyfirvaldi grein fyrir sparimerkjaeign sinni með framvísun sparimerkjabókar sinnar að viðlögðu hæfilegu daggjaldi. Gjöld þessi renna til Byggingarstjóðs ríkisisn.

Allur kostnaður við sparimerki, sparimerkjabækur og framkvæmd skyldusparnaðarins greiðist úr ríkissjóði.

Heimilt er ráðherra, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar ríkisins, að ákveða aðra tilhögun við innheimtu skyldusparnaðar.

VII. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

76. gr.

Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

77. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum.

78. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 30/1970 um Húsnæðismálstofnun ríkisins með áorðnum breytingum og reglugerðir settar á grundvelli þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Nú ákveður Húsnæðismálastjórn að beita heimildum 12. og 14. gr. laga þessara til að skerða eða hafna lánveitingu til umsækjanda, sem hefur tvisvar áður fengið lán úr byggingarsjóðum hins opinbera, og skulu þá lán veitt fyrir gildistöku þessara laga, þótt fleiri séu en eitt, aldrei talin jafngilda nema einni lánveitingu.
2. Húsnæðismálastofnun ríkisins skal í samráði við veðdeild Landsbanka Íslands hlutast til um að þeim einstaklingum, sem fengið hafa nýbyggingarlán á árunum 1974—1979 með hlutfallslegri verðtryggingu verði gefinn kostur á að skipta á skuldabréfum. Skal þá gefa út nýtt skuldabréf fyrir uppfærðum eftirstöðvum eldra lánsins, enda nemi þær, þannig reiknaðar, hærri fjárhæð en einni milljón króna. Bréf þetta skal vera með þeim lánskjörum, sem ákveðin eru í lögum þessum, að því

undanskildu að lánstíminn skal vera eftirstöðvar upphaflegs lánstíma margfaldaðar með 21/26. Eigi skal greiða stimpilgjald af hinum nýju skuldabréfum. Breytingar þessar skal, ef henta þykir, heimilt að framkvæma með sérstakri yfirlýsingu eða viðauka við eldri bréf.

3. Allir þeir, sem gert hafa íbúðarhúsnæði fokhelt fyrir gildistöku laga þessara skulu fá nýbyggingarlán sín afgreidd á grundvelli eldri laga, að því er varðar lánshæfni og lánsfjárhæð. Sama gildir um þá, sem gert hafa kaupsamning um eldra íbúðarhúsnæði og lagt inn lánsumsókn fyrir gildistöku laga þessara. Lánveitingar samkvæmt framkvæmdalánssamningum, sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laga þessara, skulu einnig haldast óbreyttar að þessu leyti.
   Allt lánsfé, sem kemur til greiðslu eftir gildistöku laganna, skal hinsvegar veitt með þeim lánskjörum, sem ákveðin eru í lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta

Undirbúningur frumvarpsins.

Að undirbúningi og gerð þessa frumvarps hefur verið unnið í nokkrum áföngum. Hinn veigamesti var skipun starfshóps með bréfi félagsmálaráðherra frá 18. október 1978. Honum var ætlað að leggja grundvöll að nýrri heildarlöggjöf um íbúðalán með því einkum að gera ítarlegar athuganir á fjárstreymi Byggingarsjóðs ríkisins og gildandi tilhögun lánveitinga en huga jafnframt að skipulagi lánamála og starfsemi Húsnæðismálastofnunar í heild.

Í starfshópnum áttu sæti þrír menn tilnefndir af stjórnarflokkunum og fjórir að auki, sem ráðherra skipaði án tilnefningar. Voru þeir starfsmenn hjá Þjóðhagsstofnun, hagfræðideild Seðlabanka Íslands, Rannsóknarráði ríkisins og Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Starfshópinn skipuðu: Hallgrímur Snorrason, hagfræðingur, formaður, Björn Ólafsson, verkfræðingur, Eiríkur Tómasson, aðstoðarmaður ráðherra, Georg Tryggvason, aðstoðarmaður ráðherra, Reynir Hugason, verkfræðingur, Sigurður E. Guðmundsson, framkvæmdastjóri, Sveinn Sigurðsson, viðskiptafræðingur.

Með starfshópnum vann Sigurður B. Stefánsson, hagfræðingur í Þjóðhagsstofnun, sem gerði reikniforrit þau, sem starfshópurinn reisti athuganir sínar á að miklum hluta, og að auki sá hann um megnið af útreikningum starfshópsins.

Í erindisbréfi starfshópsins hafði því verið lýst yfir, að stefna bæri að því, að almenn húsnæðislán næmu 80% af byggingarkostnaði venjulegrar íbúðar. Niðurstöður starfshópsins sýndu, að til þess að unnt væri að ná því marki á næstu árum þyrfti að stórauka fjáröflun til íbúðalána. Niðurstöðurnar bentu einnig til þess, að þótt unnt væri að auka fjáröflunina að mun með lánsfjáröflun og ná með því umtalsverðum árangri, væri ekki unnt að treysta á lánsfjáröflun eingöngu. Jafnframt yrði að auka bein framlög til sjóðsins frá því sem nú er.

Verk starfshópsins skiptist einkum í tvo þætti, athuganir á fjárstreymi Byggingarsjóðs ríkisins annars vegar og athugun á tilhögun lánveitinga, skipulagi lánamála og starfsemi Húsnæðismálastofnunar hins vegar. Athugun á fjárstreymi íbúðalánakerfisins var einkum fólgin í könnun á lánveitingum, lántökum, eignum, skuldum og lánskjörum Byggingarsjóðs ríkisins og í framreikningi þessara þátta miðað við mismunandi tilvik um einstaka þætti til að fá sem gleggsta mynd af fjárstreymi sjóðsins í framtíðinni og möguleikum á nýtingu þess.

Athugun á öðrum þáttum, sem vörðuðu verkefni starfshópsins, var einkum fólgin í öflun og úrvinnslu gagna um íbúðalán, m. a. frá Norðurlöndum.

Í greinargerð sinni kynnti starfshópurinn athuganir sínar og niðurstöður þeirra ítarlega, þannig að samspil einstakra þátta, sem áhrif hafa á fjárstreymi Byggingarsjóðs, kæmi sem skýrast í ljós. Af þessum athugunum dró hann síðan ákveðnar ályktanir um ýmsa þætti, svo sem verðtryggingu og vexti af útlánum og lánstíma og gerði um þá ákveðnar tillögur, jafnframt því sem tillögur voru gerðar um lánategundir og lánareglur í meginatriðum. Starfshópurinn lagði áherslu á að kanna hversu mikið þyrfti að auka fjáröflun til Byggingarsjóðs til þess að unnt væri að auka útlán úr sjóðnum, m. v. mismunandi tilvik um hversu fljótt ætti að ná settu marki um útlánaaukningu og með hvaða hætti. Í þessu fólst, að könnuð voru áhrif mismunandi fjáröflunar, þ. e. með beinum framlögum annars vegar og / eða lánsfjármögnun his vegar, og leitast við að sýna fram á þær fjárhæðir, sem um var að ræða.

Annan áfanga í undirbúningi þessa frumvarps má telja þau drög að frumvörpum um verkamannabústaði og leiguíbúðir sveitarfélaga, sem samin voru á vegum nefndar sem þáverandi félagsmálaráð-

herra skipaði 14. september 1977 og lauk störfum í nóvember 1978. Nefndina skipuðu eftirtaldir menn: Án tilnefningar: Gunnar Helgason, forstöðumaður, sem jafnframt var formaður, Gunnar S. Björnsson, framkvæmdastjóri, Þráinn Valdimarsson, framkvæmdastjóri.

Samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands: Björn Ólafsson, verkfræðingur, Magnús L. Sveinsson, skrifstofustjóri, Óskar Hallgrímsson, rafvirki.

Ritari nefndarinnar var Skúli Sigurðsson, skrifstofustjóri, en ráðgjafi hennar um fjármálefni og lánskjör var Garðar Ingvarsson, hagfræðingur.

Nefndin hafði orðið sammála um ýmsar veigamiklar breytingar á gildandi lögum og voru þessar helstar:

1. Gert var ráð fyrir að ný löggjöf tæki bæði til verkamannabústaða og leiguíbúða á vegum sveitarfélaga.
2. Stjórnir verkamannabústaða störfuðu í öllum kaupstöðum og kauptúnahreppum og hefðu þær skyldur um frumkvæði að lausn húsnæðismála láglaunafólks í sveitarfélaginu.
3. Lán til verkamannabústaða og leiguíbúða sveitarfélaga yrðu 90% af kostnaðarverði og kæmi lánið allt frá Byggingarsjóði verkamanna.
4. Vextir yrðu 2.5% á ári, vísitölutryggt að því marki að raunvöxtun verði sem næst 0. Þó yrði greiðslubyrði afborgana, vaxta og vísitölu aldrei meiri en sem næmi 20% af ársmeðaltali dagvinnutekna, samkvæmt almennum kauptaxta tilgreindra viðmiðunarhópa.
5. Til þess að tryggja að íbúðir í verkamannabústöðum héldu áfram að þjóna upphaflegu markmiði við endursölu, yrði sveitarfélögum gert skylt að neyta forkaupsréttar a. m. k. fyrstu 30 árin, enda veitti Byggingarsjóður lán til slíkra íbúða með sama hætti og í upphafi, þ. e. 90% kostnaðar.

Um nokkur önnur veigamikil atriði náðist hinsvegar ekki samkomulag í nefndinni og skiluðu tveir þeirra fulltrúa, sem skipaðir voru samkvæmt tilnefningu A. S. Í., þeir Björn Ólafsson og Óskar Hallgrímsson, séráliti.

Ágreiningur varðaði einkum eftirtalin atriði:

1. Magn þeirra framkvæmda sem að skyldi stefnt innan félagslega íbúðarlánakerfisins.
2. Skipan stjórnar Byggingarsjóðs verkamanna.
3. Skipan manna í framkvæmdastjórnir verkamannabústaða.
4. Fjármögnun félagslega lánakerfisins.

Í III. kafla þess frumvarps, sem hér liggur fyrir, er í mikilsverðum atriðum byggt á þeim hugmyndum og tillögum, sem komu frá nefndinni. Ýmsu er þó vikið til og öðru breytt og verður síðar gerð nánari grein fyrir því.

Þriðji áfanginn í undirbúningi þessa frumvarps var skipun þriggja manna nefndar, með einum fulltrúa frá hverjum þáverandi stjórnarflokka.

Hlutverk hennar var að semja drög að stefnumótun þáverandi ríkisstjórnar í húsnæðislánamálum, sem síðan yrði rammi nýrrar löggjafar um þetta efni.

Í nefndinni áttu sæti: Af hálfu Framsóknarflokks, Þráinn Valdimarsson,framkvæmdastjóri, af hálfu Alþýðubandalags, Guðmundur Vigfússon, deildarstjóri, af hálfu Alþýðuflokks, Georg H. Tryggvason, aðstoðarmaður ráðherra.

Nefndin studdist í starfi sínu mjög við greinargerð starfshópsins og fyrirliggjandi drög að löggjöf um félagslegar íbúðabyggingar en leitaði þó fanga víðar.

Lauk hún störfum 6. september 1979 og voru tillögur hennar lagðar fram á fundi fyrrverandi ríkisstjórnar sama dag og samþykktar þar formlega á fundi hinn 27. september sama ár með lítilsháttar breytingum.

Stefnumótun þessi var í 9 köflum sem fjölluðu um skipulag Húsnæðismálastofnunar, heildarskipulag veðlánakerfis hins opinbera, ákvörðun lánsfjárhæðar nýbyggingarlána, flokka útlána, lánskjör, breytingu eldri lánskjara, skerðingu lánsréttar, önnur atriði og félagslegar íbúðabyggingar.

Samstaða hafði þá tekist um öll veigameiri atriði hinnar nýju skipunar lánamála að því frátöldu, að ekki var samkomulag um aðild launþegasamtakanna, einkum A. S. Í., að stjórn veðlánakerfisins.

Til glöggvunar er stefnumótunin í heild birt sem fylgiskjal nr. I með frumvarpinu.

Fjórði og síðasti áfanginn var loks samning lagafrumvarpsins sjálfs. Það starf önnuðust Georg H. Tryggvason, aðstoðarmaður ráðherra og Óskar Hallgrímsson, rafvirki, en samráð var einnig haft við þá menn sem átt höfðu sæti í starfshópnum veturinn áður.

Hallgrímur Snorrason og Sigurður B. Stefánsson hafa annast þá útreikninga, sem fram koma í athugasemdum þessum.

Þar sem nánari útfærsla ýmissa atriða í löggjöf sem þessari hlýtur ætíð að gerast með reglugerðum en skipan þeirra getur með ýmsum hætti ráðið úrslitum um túlkun og framkvæmd ýmissa ákvæða laganna, þóttu það rétt vinnubrögð að ganga strax frá drögum að slíkum reglugerðum.

Drög að reglugerð um almenn veðlán Byggingarsjóðs ríkisins eru fylgiskjal nr. II með frumvarpi þessu og drög að reglugerð um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar eru fylgiskjal nr. III.

Ætla má, að hljóti frumvarp þetta samþykki Alþingis muni endanlegar reglugerðir með lögunum verða samhljóða þessum drögum í öllum meginatriðum, nema sérstakt tilefni gefist til annars.

Áður en lengra er haldið þykir rétt að gera grein fyrir tveimur almennum atriðum.

Annað er lýsing þeirra reikniaðferða sem beitt var til að athuga og meta fjárstreymi Byggingarsjóðs ríkisins. Fjárhagsleg uppbygging frumvarpsins er í öllum meginatriðum byggð á þessum útreikningum og því hafa forsendur þeirra mikla þýðingu.

Hitt atriðið er könnun þeirra lánskjara, sem gilt hafa hjá Byggingarsjóði ríkisins en niðurstöður þeirrar könnunar eru með ýmsum hætti óvæntar og ráða þær miklu um þau lánskjör, sem gerð er tillaga um í frumvarpinu, einkum að því er varðar verðtryggingu.

Bæði þessi atriði eru tilfærð úr greinargerð starfshópsins.

Reikniaðferðir.

Útreikningarnir voru framkvæmdir með sérstökum reikniforritum og sýndu helstu tekju- og gjaldaliði sjóðsins og ráðstöfunarfé hans til íbúðalána. Í tekjuhlið voru tekjur af eigin fé, þ. e. afborganir, vextir og verðtrygging af útistandandi lánum. Þessi liður var reiknaður þannig, að skráðir voru allir flokkar útistandandi lána, en hvern flokk mynda öll einstök lán, sem veitt hafa verið með sömu lánskjörum, til jafnlangs tíma og með sömu grunnvísitölu. Þessir flokkar eru 95 að tölu. Síðan var hver flokkur reiknaður fyrir sig, ár fyrir ár, m. v. ákveðnar forsendur um þróun verðlags, og summa afborgana, vaxta og verðtryggingar allra flokka loks dregin saman fyrir hvert ár. Markaðar tekjur til Byggingarsjóðs ríkisins eru verulegur hluti fjáröflunar hans, en með því er átt við tekjur sjóðsins af launaskatti og byggingarsjóðsgjöldum af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum. Ennfremur er um að ræða minniháttar bein framlög á fjárlögum til sjóðsins. Þessar tekjur voru framreiknaðar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Við framreikning á óbreyttum högum Byggingarsjóðs var hlutfallið ákvarðað með varkárnu mati á reynslu liðinna ára, en við könnun á breytingum á fjáröflun til sjóðsins var þetta hlutfall haft breytilegt. Lántökur byggingarsjóða eru þrennskonar, þ. e. kaup Atvinnuleysistryggingasjóðs á skuldabréfum veðdeildar, kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins og móttaka og ávöxtun sjóðsins á skyldusparnaði ungs fólks. Allir þessir liðir voru framreiknaðir sem hlutfall af þjóðarfarmleiðslu á sama hátt og gildir um markaðar tekjur sjóðsins. Ein grundvallarforsenda framreikninganna er, að þjóðarfarmleiðsla aukist að raungildi um 2% á ári að meðaltali og verður það að teljast fremur varkárt mat á hagvaxtarmöguleikum þjóðarbúsins til lengri tíma litið og er raunar töluvert undir reynslu undangenginna tveggja til þriggja áratuga.

Í gjaldahlið voru fjórir liði; 1) Rekstrarkostnaður stofnunarinnar; 2) afborganir, vextir og verðtrygging af teknum lánum hjá Atvinnuleysistryggingasjóði; 3) afborganir, vextir og verðtrygging af teknum lánum hjá lífeyrissjóðum; 4) endurgreiðslur, vextir og verðtrygging af skyldusparnaðarfé. Rekstrarkostnaður var framreiknaður sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, en þar er um minni háttar lið að ræða. Öll lán, sem reiknað var með að sjóðurinn taki, voru færð til skulda og afborganri, vextir og verðbætur af þeim reiknaðar til gjalda ár hvert. Skuldabréf veðdeildar, sem Atvinnuleysistryggingasjóður hefur keypt, hafa verið með sömu kjörum og til jafnlangs tíma og almenn húsnæðismálstjórnarlán, og í framreikningi var gert ráð fyrir, að svo yrði áfram. Skuldabréf Byggingarsjóðs, sem lífeyrissjóðir hafa keypt, hafa verið til 15 ára, að fullu verðtryggð og borið 4% ársvexti. Við framreikni á óbreyttum högum Byggingarsjóðs var reiknað með núverandi kjörum á lánum frá lífeyrissjóðum, en við könnun á breytingum á hinum ýmsu þáttum fjárstreymis sjóðsins var reiknað með breytilegum kjörum á slíkum lánum. Skyldusparnaðarinnstæður eru að fullu verðtryggðar og bera 4% ársvexti, en óvissa ríkir um tímalengd þeirra. Endurgreiðslur innstæðna voru því ákveðnar sem fast hlutfall, 15% af skyldusparnaðarstofni í byrjun hvers árs, uppfærðum með vöxtum og verðbótum. Þetta hlutfall er reist á tölum undanfarinna ára.

Sá mismunur, sem reikningarnir leiddu til á tekjum og gjöldum sjóðsins, er ráðstöfunarfé hans, og var reiknað með, að því væri öllu jafnharðan varið til útlána til mislangs tíma og með mismunandi kjörum. Útlánin voru svo jafnótt skráð sem sérstakir lánaflokkar og færð til eigna, en tekjur sjóðsins af afborgunum, vöxtum og verðtryggingu síðan reiknaðar ár eftir ár í samræmi við lánstíma, lánskjör og verðbólguforsendur.

Þessum reikningum var beitt til að kanna áhrif breytinga lánstíma, lánskjara, fjáröflunar og útlána á þróun ráðstöfunarfjár sjóðsins fram í tímann.

Auk þessara reikninga voru einnig gerðar athuganir á raunvöxtun lánsfjár, sem verðtryggt er að hluta, og á greiðslubyrði afborgana, vaxta og verðtryggingar miðað við mismunandi forsendur um lánskjör og lánstíma.

Fyrsta skref þessara athugana var að framreikna tekjur og gjöld sjóðsins af öllum lánum, sem veitt hafa verið eða tekin frá 1955 til ársloka 1978 m. v. ákveðnar forsendur um verðbreytingar. Þess má geta að tekjur sjóðsins af veittum lánum ná til ársins 2011. Annað mikilvægt skref var reikningur ráðstöfunarfjár sjóðsins m. v. tekjur og gjöld af ofangreindum

Reikningar starfshópsins beindust að því að kanna í stórum dráttum breytingar á fjárstreymi og útlánagetu sjóðsins til lengri tíma m. v. mismunandi forsendur um fjáröflun og útlán. Niðurstöðurnar eru því ekki nákvæmar fyrir allra næstu ár því til skamms tíma litið skipta ýmsar forsendur, svo sem verðbólga, miklu máli.

Athugun eldri lánskjara.

Eitt verkefni starfshópsins var könnun á þáverandi vaxtakjörum Byggingarsjóðs ríkissjóðs, en það starf tengdist síðar könnun á vaxtarkjörum fjárfestingarlánasjóða almennt, sem var unnin í sameiningu af starfsmönnum Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Starfshópurinn fékk í upphafi upplýsingar um verðtryggingu, nafnvexti og lánstíma á lánum frá Byggingarsjóði ríkisins og breytingar þessara þátta undangengin ár. Raunveruleg ávöxtun lánanna hafði hins vegar ekki verið reiknuð og var að auki engan veginn augljós, þar sem lán höfðu ekki verið verðtryggð „að fullu" heldur sem nam ákveðnu hlutfalli af hækkun byggingarvísitölu frá upphafi lánstíma til hvers gjalddaga afborgunar, vaxta og verðtryggingar.

Fyrir mitt ár 1974 höfðu lánskjör Byggingarsjóðs verið með ýmsum hætti. Í upphafi voru lánin óverðtryggð, en voru síðar verðtryggð að hluta m. v. vísitölu almenns verkamannakaups, en síðar voru sett ákvæði um 7½% hámark meðalársvaxta allt tímabil tiltekins láns. Frá og með miðju ári 1974 varð mikil breyting á lánskjörum, en þá var byrjað að ákveða lánskjör í formi verðtryggingar, sem reiknuð skyldi sem tiltekið hlutfall af hækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá upphafi lánstíma til hvers gjalddaga, auk nafnvaxta og mismunandi lánstíma. Þessi tilhögun hélst fram á árið 1979 en verðtryggingarhlutfalli og nafnvöxtum var breytt þrisvar sinnum. Samkvæmt reglugerð frá í júní 1974 skyldu ársvextir almennra byggingarlána vera 5%, en auk þess skyldi greiða verðtryggingu sem álag á árgreiðslu vaxta og afborgana og hún nema 3/10 af hækkun byggingarvísitölu. Í júní 1975 voru nafnvextir nýrra lána ákveðnir 6% og verðtryggingarhlutfall 4/10. Í ágúst 1976 voru nafnvextir nýrra lána ákveðnir 8,5% en verðtryggingarhlutfall hélst óbreytt, 4/10. Í maí 1978 voru nafnvextir allra lána, sem veitt voru 1974 og síðar hækkaðir í 9,5%, verðtryggingarhlutfall nýrra lána var ákveðið 6/10, en verðtryggingarhlutföll eldri lána héldust óbreytt. Til viðbótar nafnvöxtum hefur veðdeild Landsbanka Íslands innheimt 0,25% gjald, þannig að gagnvart lántakanda voru vextir þessum mun hærri eða 9.75%.

Ofangreind ákvæði um nafnvexti og verðtryggingu náðu til allra lána Byggingarsjóðs nema framkvæmdalána og lána til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Lánstími er hins vegar mjög mismunandi eftir lánaflokkum en lánstími hvers flokks hefur haldist óbreyttur. Almenn byggingarlán til einstaklinga (F—lán) og leiguíbúðarlán til einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga eru til 26 ár og afborgunarlaus fyrsta árið. Lán til kaupa á eldra húsnæði (G—lán) eru til 15 ára. Lán til byggingar leigu- og söluíbúða sveitarfélaga og til framkvæmdanefndaríbúða (skv. 1. nr. 97/1965) eru til 33 ára og afborgunarlaus fyrstu þrjú árin. Lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis eru óverðtryggð, þau eru til 42 ára með 4% vöxtum. Öll ofangreind lán eru endurgreidd með jöfnum árgreiðslum vaxta og afborgana, þ. e. annuitetslán. Framkvæmdalán eru hins vegar skammtíma bráðabirgðalán til mest 24 mánaða. Þau eru óverðtryggð og bera 14—17% ársvexti. Frá 1. ágúst 1979 tók gildi sú breyting að öll nýbyggingarlán þ. m. t. lán til byggingar leigu- og söluíbúða sveitarfélaga og lán til kaupa á eldra húsnæði voru full verðtryggð og nafnvextir lækkaðir í 2% á ári. Þeir eru þó breytanlegir.

Sú athugun, sem gerð var á vegum starfshópsins á vöxtum og verðtryggingu lána Byggingarsjóðs, beindist að því að kanna hverjir væru raunvextir af lánum m. v. mismunandi forsendur um verð-

breytingar yfir lánstímann. Niðurstöður þessara reikninga sýndu, að reiknaðir raunvextir almennra nýbyggingarlána (F—lána) yfir allan lánstímann og miðað við lánskjör í árslok 1978 voru á bilinu 4,3% og upp í 9,75% eftir því hver væri meðalvöxtur verðlags á endurgreiðslutímabilinu. Við 20% meðalhækkun verðlags á ári eru reiknaðir raunvextir 5,9%, en 5,4% við 30% meðalverðbólgu og 5.1% við 40% meðalverðbólgu allan lánstímann. Könnun þessi var ítarleg og sýndi m. a., að reiknaðir raunvextir væru ekki utan þessara marka þótt reiknað væri með mismiklum verðbreytingum yfir lánstímann. Jafnframt kom í ljós, að raunvextir eru því hærri sem lánstími er lengri, en það á beinlínins rætur að rekja til þess, að lánin eru verðtryggð að hluta. Væru lánin verðtryggð að fullu hefði lánstími hins vegar engin áhrif á raunvexti. Við þáverandi lánskjör voru reiknaðir raunvextir af 33 ára lánum vegna leigu- og söluíbúða sveitarfélaga 5,8% við 30% meðalverðbólgu samanborið við 5,4% á F—lánum og 4,1% á 15 ára lánum til kaupa á eldri íbúðum, en verðtryggingarhlutfall og nafnvextir eins á öllum þessum lánaflokkum.

Áhersla skal á það lögð, að þessar niðurstöður verður að skoða með hliðsjón af forsendum reikninganna, þ. e. að miðað var við meðaltal alls lánstímans og þágildandi kjör.

Útreikningar á meðalraunvöxtum útlána fjárfestingarlánasjóða sýndu að væri miðað við kjör og útlán 1978 var ávöxtun Byggingarsjóðs af lánum veittum á því ári meiri en hjá flestum öðrum fjárfestingarlánasjóðum, eins og fram kemur í töflu 1.

Tafla 1. Meðalraunávöxtun útlána fjárfestingarlánasjóða miðað við kjör og útlán 1978.

Raunávöxtun á ári allan lánstímann	**Verðhækkun á ári**			
	10%	20%	30%	40%
1. Byggingarsjóður ríkisins	7,0	5,9	5,4	5,1
2. Byggingarsjóður verkamanna	÷7,2	÷14,9	÷21,4	÷27,1
3. Stofnlánadeild landbúnaðarins	7,0	4,6	3,4	2,8
4. Fiskveiðasjóður	4,7	3,1	1,8	0,7
5. Iðnlánasjóður	9,8	6,3	3,8	2,1
6. Iðnþróunarsjóður	3,6	3,6	3,6	3,6
7. Verslunarlánasjóður	3,5	3,5	3,5	3,5
8. Stofnlánadeild samvinnufélaga	5,5	5,5	5,5	5,5
9. Ferðamálasjóður	8,7	5,3	3,1	1,7
10 Lánasjóður sveitarfélaga	8,1	5,4	3,6	2,5
11. Byggðasjóður	3,6	÷5,0	÷12,3	÷18,6

Verður nú getið helstu breytinga og nýmæla, sem felast í einstökum köflum frumvarps þessa, og þær skýrðar.

Um I. kafla.

Helstu nýmæli þessa kafla eru þau að komið er á með formlegum hætti deildarskiptingu innan stofnunarinnar í samræmi við skilgreiningu þeirra viðfangsefna, sem hún fjallar um.

Hver deild lýtur umsjón sérstaks framkvæmdastjóra en dagleg heildarstjórn stofnunarinnar er á hendi forstjóra hennar.

Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir að afgreiðsla og almenn skrifstofuþjónusta verði sameiginleg fyrir stofnunina alla og að ríkisbókhaldið sjái um rekstrarbókhald hennar. Lánabókhald verði hins vegar fyrst um sinn áfram hjá Veðdeild Landsbanka Íslands. Lagt er til að ein stjórn, sem kosin sé hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi, fari með stjórn stofnunarinnar og beggja byggingarsjóðanna, eins og verið hefur síðari ár. Hins vegar falli niður tilnefning Veðdeildar Landsbanka Íslands á einum stjórnarmanni. Kjörtímabil stjórnar fylgi almennum þingkosningum í stað þess að vera fjögur ár, eins og nú er.

Það þykir ótvíræður kostur að báðir byggingarsjóðirnir starfi innan sömu stofnunar og lúti sameiginlegri stjórn. Sú tilhögun stuðlar að samræmdari ákvarðanatöku um heildarútlán til íbúðabygginga og veitir færi á sveigjanleika í stýringu fjármagns.

Ætla má að öflun gagna verði hagkvæmari og úrvinnsla þeirra samræmdari, einkum að því er varðar tæknilegan undirbúning og útfærslu.

Til álita hefur komið að heildarsamtök launafólks fengju beina aðild að stjórn stofnunarinnar, einkum þó Alþýðusamband Íslands sem hefur með ýmsum hætti sérstöðu að því er varðar félagslegar íbúðabyggingar.

Um það hefur þó ekki fengist samstaða nema að því marki sem leiðir af ákvæðum 36. gr. frumvarpsins um skipan sérstakrar samráðsnefndar um málefni Byggingarsjóðs verkamanna og ákvæðum 37. gr. um skipan framkvæmdastjórna verkamannabústaða, þar sem verkalýðsfélög og félög opinberra starfsmanna tilnefna helming stjórnarmanna. Er nánar vikið að þessu síðar.

Verkefni stjórnar stofnunarinnar verða samkv. frumvarpinu óbreytt í meginatriðum. Þó er gert ráð fyrir, að með því að skýra og afmarka lánareglur allra útlánaflokkanna betur en verið hefur, geti stjórnin að mestu komist hjá afskiptum af afgreiðslu einstakra lánveitinga nema til að ákveða greiðsludaga og úrskurða um vafa- eða ágreiningsefni.

Um II. kafla.

Að því er varðar skýringar á einstökum ákvæðum þessa kafla verður hér að mestu látið við það sitja að vísa til meðfylgjandi draga að reglugerð um almenn veðlán Byggingarsjóðs ríkisins sem er fylgiskjal nr. II. með frumvarpinu, en þar eru lánareglurnar nánar útfærðar, svo og til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins hér að aftan.

Þess í stað verður hér gerð ítarleg grein fyrir þeim athugunum og útreikningum, sem byggt er á við ákvörðun lánskjaranna.

Er hér byggt á greinargerð starfshópsins í öllum megin atriðum.

Ákvörðun lánskjara.

1. Verðtrygging. Horfið er frá þeirri tilhögun að lán séu verðtryggð að hluta. Í stað þess er lagt til að verðtryggja þau að fullu.

Þegar lánsfé er ávaxtað með verðtryggingu að hluta auk nafnvaxta liggur alls ekki í augum uppi, hver raunveruleg ávöxtun lánsfjárins eigi að vera og hvaða raunverulega vexti lánið beri, jafnframt því sem raunvextir verða þá háðir hvoru tveggja, verðbólgustigi yfir lánstímann og lánstímanum sjálfum. Þetta verður að telja óeðlilega og óheppilega tilhögun, án tillits til þess, að hvaða heildarávöxtun er stefnt hverju sinni.

Verði lán hins vegar fullverðtryggð ráðast raunverulegir vextir af þeim nafnvöxtum, sem ákveðnir eru á hverjum tíma. Þeir verða óháðir verðbólgustigi og lánstíma, og greiðslubyrði er dreift jafnt á allan lánstímann.

2. Nafnvextir. Við ákvörðun nafnvaxta þarf að gæta ýmissa sjónarmiða. Þau helstu eru, að vextir séu nægilega háir til að tryggja sjóðnum eðlilega ávöxtun þeirra lána, sem sjóðurinn tekur og endurlánar. Vaxtaákvörðun mætti raunar einnig miða við þá ávöxtun, sem lántakandi nýtur af fjárfestingu sinni, en jafnframt þarf að ganga úr skugga um að greiðslubyrði afborgana, vaxta og verðtryggingar sé ekki óhæfileg miðað við tekjur lántakenda. Athuga þarf um leið að lánstími skiptir miklu í þessu sambandi.

Athuganir starfshópsins á ávöxtun og greiðslubyrði m. v. mismunandi lánstíma beindust að því að kanna áhrif útlánavaxta á ráðstöfunarfé sjóðsins svo og greiðslubyrði af lánum til mislangs tíma og með mismunandi vöxtum, en alls staðar var reiknað með fullri verðtryggingu. Ein meginniðurstaða starfshópsins var sú, að heildarvextir væru þá orðnir of háir, en þeir sveruðu til um 5 1/2 — 6% raunvaxta.

Ljóst er, að almennt hefur verið talið, að raunvextir lána Byggingarsjóðs væru mun lægri og af því áliti var sprottin sú skoðun, að unnt væri að auka ráðstöfunarfé sjóðsins með því að taka upp fulla verðtryggingu og lága vexti. Starfshópurinn taldi, að samhliða fullri verðtryggingu gæti samrýmst að ákvarða vexti 3—4%, en einkum voru þó könnuð dæmi um 3 1/2% vexti. Helstu rök sem hníga að því að hafa vexti ekki lægri en 3 1/2% eru þessi:

1) Nauðsynlegt er að stefna að sem mestri ávöxtun lánsfjár til þess að unnt verði að byggja sjóðinn sem örast upp og auka útlán, en þess verður þó að gæta að lánskjör eða greiðslubyrði lántakenda sé innan hóflegra marka, 3 1/2% ávöxtun virðist ná því marki vel.
2) Verðtryggð skuldabréf ríkissjóðs eru nú ávöxtuð með 3 1/2% vöxtum á ári en það er nærri því að svara til meðalaukningar þjóðartekna þegar lengra er litið.

3) Ætla má, að til þess að unnt sé að halda við og auka ráðstöfunarfé sjóðsins verði að treysta á lántökur a. m. k. að hluta, og því verði að gæta, að útlánavextir sjóðsins séu ekki lægri en þeir vextir sem hann verður að greiða af teknum lánum.

Fá má haldgóða vísbendingu um áhrif mishárra vaxta á ráðstöfunarfé sjóðsins af þeim dæmum sem sett eru fram í töflu 2.

Tafla 2. Dæmi um áhrif mismunandi vaxta og verðtryggingar á útlánagetu Byggingarsjóðs ríkisins.

Milljónir króna á verðlagi ársins 1978.

	60% verðtrygging	100% verðtrygging				
Ársvextir	9,75%	1%	2%	3%	3½%	4½%
1979	10.181	10.181	10.181	10.181	10.181	10.181
1980	10.748	10.125	10.197	10.272	10.309	10.382
1981	11.423	10.395	10.514	10.638	10.701	10.820
1982	12.158	10.731	10.901	11.079	11.171	11.343
1983	12.959	11.132	11.355	11.593	11.718	11.948
1984	13.967	11.728	12.011	12.315	12.475	12.770
1985	14.918	12.235	12.584	12.962	13.162	13.532
1986	15.944	12.793	13.214	13.673	13.917	14.369
1987	17.050	13.396	13.895	14.443	14.737	15.279
1988	18.240	14.041	14.625	15.272	15.620	16.263
1989	19.521	14.728	15.406	16.160	16.568	17.324
1990	20.981	15.540	16.320	17.192	17.667	18.548
1991	22.524	16.369	17.260	18.263	18.812	19.831
1992	24.320	17.380	18.392	19.539	20.168	21.342
1993	26.201	18.391	19.535	20.841	21.561	22.905
1994	28.208	19.438	20.728	22.208	23.027	24.562
1995	29.897	20.213	21.651	23.311	24.084	25.806
1996	32.065	20.955	22.542	24.536	25.412	27.350
1997	34.070	21.993	23.760	25.832	26.820	28.994
1998	36.540	22.944	24.752	27.201	28.311	30.743
1999	39.023	23.941	25.941	28.646	29.890	32.605
2000	41.682	24.982	27.186	30.173	31.562	34.586

Í þessum dæmum er reiknað með, að markaðar tekjur til sjóðsins af skattfé og lántökur hans haldist allt reiknitímabilið svipaðar í hlutfalli við þjóðarframleiðslu og var á árinu 1978 og árunum næstu á undan. Lántökur og endurgreiðslur skyldusparnaðar eru einnig reiknaðar m. v. óbreytt hlutfall af þjóðarframleiðslu og er því í reynd um að ræða framreikning dæma um ráðstöfunarfé sjóðsins m. v. óbreytta hagi hvað varðar tekjur og gjöld, að öðru leyti en varðar afborganir, vexti og verðbætur af veittum lánum. Í þessum dæmum er reiknað með, að frá og með árinu 1979 sé ráðstöfunarfé sjóðsins lánað ár hvert, annars vegar í formi almennra nýbyggingarlána til 26 ára, hins vegar til annarra nota, einkum kaupa á eldri íbúðum, og séu þau lán til 15 ára. Síðarnefndu lánin eru reiknuð sem fast hlutfall af þjóðarframleiðslu og vaxa því um 2% á ári. Hlutfallið er byggt á útlánaáætlunum húsnæðismálastjórnar fyrir árið 1979 en skv. þeim eiga G-lán að aukast að mun og verða tæpur fjórðungur heildarlána. Þessi forsenda felur í sér, að allri aukningu ráðstöfunarfjár er varið til F-lána. Reikningur afborgana, vaxta og verðtryggingar lána veittra 1978 og fyrr sýna raunverulegar stærðir og eru nákvæmur framreikningur útistandandi lána. Miðað er við 30% meðalverðbólgu allt reiknitímabilið, en ráðstöfunarféð er fært á fast verðlag ársins 1978. Í fyrsta dálki er sýnd ráðstöfunarfjárröð, sem er reiknuð miðað við eldri lánskjör, en í aftari dálkum er reiknað með að lánstími og kjör á lánum, sem tekin eru hjá Atvinnu-

leysistryggingasjóði, séu hin sömu og á veittum F-lánum eins og nú er. Gert er ráð fyrir 15 ára lánstíma á lánum frá lífeyrissjóðum, en að kjör á öðrum teknum lánum séu hin sömu og á F-lánum, nema í því dæmi er sýnir núverandi kjör, en þar er miðað við gildandi kjör lífeyrissjóðslána, þ. e. fulla verðtryggingu, 4% vexti og 15 ára lánstíma.

Af þessari lýsingu má skilja, að dæmin eru einfölduð en niðurstöður þeirra sýna engu að síður marktækan mun á vexti ráðstöfunarfjárins þegar fram í sækir. Sé miðað við árin 1990 og 2000 má sjá að með eldri kjörum í þessu einfaldaða dæmi hefði ráðstöfunarfé sjóðsins rúmlega tvöfaldast á tímabilinu 1979 til 1990 og rösklega fjórfaldast frá 1979 til ársins 2000. Í dæmi um fulla verðtryggingu og 1% vexti eru sambærileg margfeldi 1,53 og 2,45; í dæminu um 3 1/2% vexti eru margfeldin 1,74 og 3,20 og í dæminu um 4 1/2% vexti eru margfeldin 1,82 og 3,40. Á verðlagi ársins 1978 kemur fram 800—900 m. kr. munur á ráðstöfunarfé á árinu 1990 á hvert 1% sem munar í vöxtum. Þetta svarar til 220—250 íbúðalána á árinu 1978, m. v. 3,6 m. kr. lán eins og á því ári, eða u. þ. b. 75 lána m. v. að lánað væri 80% af 15 m. kr. íbúð á verðlagi ársins 1978. Þessi mismunur verður svo meiri eftir því sem lengra líður og árið 2000 er hann skv. þessu dæmi orðinn 2,2 — 3 milljarðar á verðlagi ársins 1978.

Ljóst er, að þessi dæmi sýna, að ávöxtun sjóðsins var langbest við lánskjör á síðasta ári og ef þau þættu viðunandi fyrir lántakendur mætti fljótlega auka íbúðalán að mun án nokkurra aðgerða. Þeir heildarvextir, sem í þessu felast, eru hins vegar of háir fyrir lántakendur að mati starfshópsins og greiðslubyrði of þung, eins og síðar verður vikið að.

3. Lánstími. Auk verðtryggingar og vaxta hefur lánstími áhrif á ráðstöfnunarfé og greiðslubyrði. Í töflu 3 eru sýnd dæmi um þróun ráðstöfunarfjár sjóðsins miðað við mismunandi lánstíma og lánskjör. Þessi dæmi eru reiknuð á sömu forsendum og dæmin í töflu 2, en hér hafa verið valin tvö vaxtatilvik, þ. e. 60% verðtrygging og 9,75% vextir annars vegar en hins vegar tilvik um fulla verðtryggingu og 3 1/2% vexti, og þrjú tilvik lánstíma á almennum nýbyggingarlánum, þ. e. 16 ár, 21 ár og 26 ár. Er þá reiknað með að fyrsta árið sé afborgunarlaust eins og nú er.

Tafla 3. Dæmi um áhrif mismunandi lánstíma á útlánagetu Byggingarsjóðs ríkisins.
Milljónir króna á verðlagi ársins 1978.

Lánstími	60% verðtrygging, 9,75% vextir			Full verðtrygging, 3 1/2% vextir		
	16 ár	21 ár	26 ár	16 ár	21 ár	26 ár
1979	10.181	10.181	10.181	10.181	10.181	10.181
1980	10.765	10.754	10.748	10.344	10.322	10.309
1981	11.549	11.467	11.423	10.891	10.771	10.701
1982	12.405	12.243	12.158	11.527	11.302	11.171
1983	13.344	13.091	12.959	12.262	11.918	11.718
1984	14.512	14.153	13.967	13.233	12.751	12.475
1985	15.645	15.164	14.918	14.166	13.526	13.162
1986	16.883	16.261	15.944	15.203	14.380	13.917
1987	18.232	17.447	17.050	16.343	15.311	14.737
1988	19.701	18.728	18.240	17.591	16.319	15.620
1989	21.299	20.112	19.521	18.953	17.409	16.568
1990	23.120	21.689	20.981	20.520	18.666	17.667
1991	25.075	23.365	22.524	22.195	19.988	18.812
1992	27.337	25.310	24.320	24.151	21.544	20.168
1993	29.750	27.361	26.201	26.221	23.159	21.561
1994	32.360	29.559	28.208	28.454	24.876	23.027
1995	34.733	31.464	29.897	30.373	26.212	24.084
1996	37.213	33.874	32.065	32.161	27.852	25.412
1997	39.542	36.148	34.070	34.105	29.601	26.820
1998	42.329	38.918	36.540	36.167	31.468	28.311
1999	45.119	41.735	39.023	38.352	33.462	29.890
2000	48.073	44.766	41.682	40.661	35.590	31.562

Þessi dæmi sýna áhrif lánstímans á þróun ráðstöfunarfjár. Í dæminu um fulla verðtryggingu og 3 1/2% vexti kemur fram að á gefnum forsendum eykst ráðstöfunarféð árin 1979—1990 um margfeldið 1,74 miðað við að F-lán séu til 26 ára, en miðað við 21 árs lánstíma verður margfeldið 1,83 og við 16 ára lánstíma verður margfeldið 2.02. Í fjárhæðum munar um 1 milljarði króna á verðlagi ársins 1978 á dæmunum um 21 árs og 26 ára lánstíma á árinu 1990, en um 4 milljörðum króna á árinu 2000.

Tafla 4 sýnir mismunandi greiðslubyrði lána m. v. þau tilvik, sem sett eru fram í töflu 3. Hér er reiknað með 12 m. kr. láni á árinu 1978, en gera má ráð fyrir, að það svari til 80% af byggingarkostnaði miðlungsíbúðar á því ári.

Tafla 4. Greiðslubyrði 12 m. kr. láns á verðlagi ársins 1978.

Reiknaðar árgreiðslur afborgana, vaxta og verðtryggingar sem margfeldi meðalráðstöfunartekna ófaglærðra á mánuði.

	60% verðtrygging, 9,75% vextir			Full verðtrygging, 3 1/2% vextir		
Ár	26 ára lán	21 árs lán	16 ára lán	26 ára lán	21 árs lán	16 ára lán
1	3,04	3,04	3,04	1,20	1,20	1,20
2	3,04	3,25	3,65	2,04	2,37	2,92
3	2,79	2,98	3,34	2,00	2,32	2,86
4	2,59	2,76	3,10	1,96	2,27	2,81
5	2,42	2,59	2,91	1,92	2,23	2,75
6	2,29	2,45	2,75	1,88	2,19	2,70
7	2,18	2,33	2,62	1,85	2,14	2,65
8	2,09	2,24	2,51	1,81	2,10	2,59
9	2,02	2,16	2,42	1,78	2,06	2,54
10	1,95	2,08	2,34	1,74	2,02	2,49
11	1,89	2,02	2,27	1,71	1,98	2,44
12	1,84	1,97	2,21	1,67	1,94	2,40
13	1,79	1,91	2,15	1,64	1,90	2,35
14	1,75	1,87	2,10	1,61	1,86	2,30
15	1,71	1,82	2,05	1,58	1,83	2,26
16	1,67	1,78	2,00	1,54	1,79	2,21
17	1,63	1,74		1,51	1,76	
18	1,60	1,71		1,48	1,72	
19	1,56	1,67		1,46	1,69	
20	1,53	1,64		1,43	1,66	
21	1,50	1,60		1,40	1,62	
22	1,47			1,37		
23	1,44			1,34		
24	1,41			1,32		
25	1,38			1,29		
26	1,35			1,27		

Í þessum dæmum hafa verið reiknaðar raðir afborgana, verðtryggingar og vaxta slíks láns m. v. 30% meðalverðbólgu allan lánstímann (verðbólgan skiptir raunar ekki máli sé um fulla verðtryggingu að ræða). Þessar raðir hafa síðan verið bornar saman við tekjur. Tekjurnar sem miðað er við, eru ráðstöfunartekjur, þ. e. tekjur eftir greiðslu beinna skatta, sem reistar eru á framtöldum meðalbrúttótekjum kvæntra framteljenda í starfsstéttum ófaglærðra skv. athugunum Hagstofu Íslanda á meðaltekjum samkvæmt skattframtölum (sjá Hagtíðindi, október 1978, bls 199—206). Miðað er við vegnar meðaltekjur á árinu 1977 skv. skattframtölum ársins 1978, en tekjurnar hafa síðan verið reiknaðar fram til ársins 1978 og frá þeim dregnir áætlaðir beinir skattar á því ári. Í dæmunum er miðað við, að þessar

tekjur vaxi um 2% á ári að raunverulegu verðgildi. Þessar tekjur eru taldar nema 4,1 m. kr. á árinu 1978. Taflan sýnir hve mörg mánaðarlaun þarf til að standa undir árlegri greiðslu afborgana, verðtryggingar og vaxta af láninu. Miðað við eldri lánskjör og lánstíma, 60% verðtryggingu, 9,75% nafnvexti og 26 ára lánstíma, þarf mest þrenn mánaðarlaun til að standa undir greiðslum af því láni, sem hér um ræðir. Dæmin um 3 ½% vexti og fulla verðtryggingu sýna hins vegar, að m. v. 26 ára lán svari greiðslubyrðin mest til tveggja mánaðarlauna, m. v. 21 árs lán til 2,4 mánaðarlauna og m. v. 16 ára lán til tæpra þriggja mánaðarlauna.

Þegar þessi dæmi eru metin ber að hafa í huga í fyrsta lagi, að hér er miðað við fjölskyldutekjur en ekki mánaðarlaunataxta, í öðru lagi að hér er miðað við meðallaun ófaglærðra og í þriðja lagi má taka húsaleigugreiðslur til samanburðar. Álit starfshópsins var að dæmin um núverandi lánskjör sýndu, að þar væri greiðslubyrðin of þung framan af lánstímanum, en að dæmin um 3 ½% vexti og fulla verðtryggingu sýndu, að óhætt virtist að stytta lánstímann nokkuð frá því sem nú er, t. d. niður í 21 ár. Áherzla skal á það lögð, að þetta mat er háð þeim markmiðum, sem menn vilja setja um uppbyggingu sjóðsins. Hér togast á tvö sjónarmið, annars vegar það, hve ört á að auka útlánagetu sjóðsins, og hins vegar, hve þunga byrði eigi að leggja á lántakendur í því skyni. Ljóst er af þeim dæmum, sem tekin hafa verið, að vextir og lánstími skipta miklu um útlánagetuna, en æskilegt er að lánin verði aukin að mun næstu árin.

Dæmið um 21 árs lánstíma og 3 ½% vexti bendir eindregið til að greiðslubyrði sé ekki óhæfilega mikil. Nefna má, að þegar greiðslubyrðin er mest, 2,4 mánaðarlaun í þessu tilviki, svarar hún til um 67 þús. kr. meðalhúsaleigu á árinu 1978, m. v. þau laun, sem greiðslurnar eru bornar saman við, og svarar því, að um fimmtungur mánaðarlauna eftir skatt gangi til greiðslu afborgana, vaxta og verðtryggingar. Við 26 ára lánstíma verður sambærileg tala 58 þús. kr. á mánuði að meðaltali.

Um leið og þessar tölur eru skoðaðar verður að hafa í huga, að hér er um eignaaukningu en ekki venjuleg rekstrarútgjöld að ræða. Loks má minna á, að í þessu dæmi er verið að greiða af 12 m. kr. láni, sem talið er að duga eigi til að fjármagna 80% af byggingarkostnaði miðlungsíbúðar á árinu 1978. Eigið framlag eigandans er þá 20%, sem er mun lægra en við núverandi aðstæður. Framan af lánstímanum, þegar greiðslugeta lántakandans er hvað knöppust, er greiðslubyrðin af þessu eina láni hins vegar til muna léttari en af þeim lánum alls, sem húsbyggjendur eiga nú kost á. Þetta stafar bæði af því, að í dæminu er reiknað með einu láni til langs tíma í stað þess sem nú er, að húsbyggjendur verða að treysta að miklu leyti á lán til mjög skamms tíma, og af því að með fullri verðtryggingu er greiðslubyrðinni dreift jafnt yfir lánstímann í stað þess að vera þyngst fyrst en fara síðan lækkandi eins og er við núverandi kjör og skýrt kemur fram í töflunni.

Hér er einnig þess að gæta að með því að miða í töflunni við tekjur ófaglærðra er greiðslubyrðin væntanlega sýnd eins og hún gerist almennt hæst. Verður að ætla, að úr þessum hópi velji einmitt fjölmargir að leysa húsnæðismál sín innan félagslega íbúðalánakerfisins þar sem vextir eru mun lægri og lánstími lengri en hér er reiknað með.

Hér verður ekki fjallað nánar um efni II. kafla frumvarpsins. Um einstakar tillögur vísast til athugasemda við einstakar greinar og meðfylgjandi draga að reglugerð.

Um fjárþörf þess íbúðalánakerfis, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er fjallað í einu lagi í sérstökum kafla hér á eftir.

Um III. kafla.

Aðdragandi þessa kafla.

Þegar hefur lítillega verið drepið á aðdraganda þessa kafla frumvarpsins, sem fjallar um félagslegar íbúðabyggingar. Skal hann nú skýrður nánar

Úrbætur í húsnæðismálum almennings hefur verið snar þáttur í kröfugerð stéttarfélaga innan Alþýðusambands Íslands um langt árabil. Sér í lagi hefur verkalýðshreyfingin lagt ríka áherslu á aukningu íbúðarhúsnæðis á félagslegum grundvelli þ. e. verkamannabústaða og leiguíbúða sveitarfélaga fyrir efnalítið fólk.

Stjórnvöld hafa hin síðari ár jafnan litið þessa kröfugerð með skilningi og má rekja ýmsar breytingar, sem orðið hafa á húsnæðislöggjöfinni á seinni árum, beint og óbeint til samkomulags er stjórnvöld hafa átt aðild að við stéttarfélögin í sambandi við lausn vinnudeilna.

Stærsta átakið í þessum efnum er vafalaust sú ákvörðun, sem tekin var með samningum við stéttarfélögin í Reykjavík árið 1965 um byggingu 1250 íbúða samkvæmt svonefndri FB-áætlun. Í

framhaldi af FB-áætluninni ákvað síðan Alþingi að greiða fyrir byggingu allt að 1000 leiguíbúða á vegum sveitarfélaga víðs vegar um landið.

Þegar ljóst var á árinu 1973 að framkvæmdum FB myndi senn ljúka, tóku stéttarfélögin málið upp að nýju í samningaviðræðum, sem þá fóru fram milli aðila vinnumarkaðarins og settu fram kröfur um að fram yrði haldið byggingum á félagslegum grundvelli fyrir lágtekjufólk. Þessar kröfur voru m. a. studdar þeim rökum að sú breyting, sem gerð var á húsnæðislöggjöfinni árið 1970, að því er verkamannabústaði varðar, hefði ekki leitt til aukningar í byggingu verkamannabústaða, svo sem menn höfðu gert sér vonir um.

Með yfirlýsingu ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar frá 26. febrúar 1974, sem gefin var í sambandi við lausn vinnudeilu aðila vinnumarkaðarins, var því heitið að ríkisstjórnin myndi beita sér fyrir því að á árunum 1976 til 1980 yrðu byggðar íbúðir fyrir efnalítið fólk í stéttarfélögum innan Alþýðusambands Íslands og hliðstæðra samtaka um land allt. Samkvæmt yfirlýsingunni skyldi að því stefnt að eigi minna en þriðjungur af áætlaðri íbúðaþörf landsmanna yrði byggður á þessum grundvelli. Jafnframt var gert ráð fyrir því að lífeyrissjóðir á samningssviði Alþýðusambandsins tækju þátt í fjármögnun félagslegra íbúðabygginga með kaupum á skuldabréfum fyrir fjárhæð sem næmi 20% af ráðstöfunarfé þeirra. Ennfremur að launaskattur yrði hækkaður úr 1% í 2% og gengi til húsnæðislánakerfisins.

Þessi yfirlýsing var síðan áréttuð af ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar 26. febrúar 1976 við undirritun kjarasamninga milli ASÍ og vinnuveitenda.

Í fyrrgreindum yfirlýsingum var því heitið að fullt samráð skyldi haft við verkalýðsfélögin um framkvæmd samkomulagsins. Í samræmi við það skipaði þáverandi félagsmálaráðherra á árinu 1975 nefnd til „að endurskoða húsnæðismálalöggjöfina og gera tillögur um frambúðar skipan húsnæðismála". Voru tveir nefndarmanna skipaðir eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Nefnd þessi skilaði ekki áliti og var loks leyst frá störfum, enda hafði sá hluti verkefnis hennar, sem sneri að félagslegum íbúðum áður verið falinn annarri nefnd.

Í ársbyrjun 1977 hélt ASÍ ráðstefnu um kjaramál til undirbúnings samningaviðræðna við vinnuveitendur, sem þá fóru í hönd. Á ráðstefnu þessari var lögð fram ítarleg greinargerð um húsnæðismál og settar fram tillögur um breytta skipan þeirra.

Megin atriði tillagnanna voru þessi:

1. Þörfin fyrir félagslegar íbúðir verði í megin atriðum leyst með byggingu verkamannabústaða.
2. Sveitarfélögum verði gert kleift að byggja leiguíbúðir fyrir þá, sem lakast eru settir.
3. Tryggt verði, m. a. með fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna, að ekki minna en þriðjungi af íbúðaþörf landsmanna verði mætt með byggingu íbúða á félagslegum grundvelli.

Tillögurnar voru samþykktar einróma á ráðstefnunni og þess jafnframt krafist að staðið verði við þau fyrirheit, sem gefin hafa verið af ríkisstjórn.

Í framhaldi af þessari samþykkt fóru fram viðræður milli fulltrúa þáverandi ríkisstjórnar og fulltrúa stéttarfélaganna um tillögur ASÍ og efndir á yfirlýsingunum frá 1974 og 1976. Niðurstaðan varð sú að ríkisstjórnin hét því að taka félagslega þáttinn í húsnæðislánakerfinu til sérstakrar meðferðar og myndi fela nefnd, skipaða að jöfnu fulltrúum sínum og ASÍ, að fjalla um byggingu íbúða á félagslegum grundvelli. Yrði nefndinni falið „að taka sérstaklega til athugunar greinargerð og tillögur ASÍ frá febrúar 1977"

Nefndin var síðan skipuð 14. september 1977 og skipuð þremur fulltrúum frá hvorum aðila. Hún lauk störfum og skilaði áliti í nóvembermánuði 1978. Hefur áður verið greint frá helstu niðurstöðum hennar.

Alþýðusamband Íslands tók með bréfi dags. 30. október 1978 undir sérálit fulltrúa sinna í nefndinni þar sem lögð er áhersla á þá kröfu, að ASÍ verði með beinni aðild að stjórnun félagslega þáttar íbúðalánakerfisins gert kleift að fylgjast með framkvæmdum á gefnum fyrirheitum og að tryggt verði að Byggingarsjóður verkamanna geti risið undir því markmiði að byggja ekki minna en 1/3 af áætlaðri árlegri íbúðaþörf.

Þessi sjónarmið ASÍ hafa verið ítrekuð í samráðsnefnd fráfarandi ríkisstjórnar og Alþýðusambandsins, þar sem fulltrúar ASÍ hafa jafnframt lagt áherslu á að frumvarp yrði flutt svo fljótt sem auðið væri á grundvelli nefndarstarfsins og sjónarmiða ASÍ.

Ekki þykir ástæða til að víkja hér að einstökum ákvæðum þessa kafla. Vísast um það efni til draga að reglugerð um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar, sem eru fylgiskjal nr. III með frumvarpi þessu svo og til skýringa við einstakar greinar þess hér að aftan.

Hinsvegar þykir rétt að gera hér nánari grein fyrir þeim þrem atriðum, sem mesta þýðingu hafa, þ. e. fjármögnun sjóðsins, tekjumörkum umsækjenda og lánskjörum.

Fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna.

Byggingarsjóði verkamanna er með frumvarpinu fengið það hlutverk, að standa undir byggingu félagslegra íbúða í verkamannabústöðum svo og leiguíbúðum sveitarfélaga, en leiguíbúðir hafa til þessa verið fjármagnaðar af Byggingarsjóði ríkisins. Þykir sú tilhögun eðlilegri að allar félagslegar íbúðir heyri til sama lánasjóði. Jafnframt er að því stefnt að ekki minna en þriðjungur árlegrar íbúðaþarfar landsmanna verði byggður á félagslegum grundvelli.

Eigi sjóðnum að vera mögulegt að sinna þessu verkefni er nauðsynlegt að byggja hann upp með því að tryggja raunvöxtun á útlánum hans. Þess verður þó að gæta að lánskjör og greiðslubyrði lántakenda séu innan hóflegra marka og í samræmi við hlutverk sjóðsins. Hér skiptir auðvitað megin máli með hvaða hætti ráðstöfunarfjár sjóðsins er aflað. Um það atriði varð grundvallar ágreiningur milli fulltrúa ríkisstjórnarinnar og ASÍ í nefndinni sem skipuð var haustið 1977. Skoðun fulltrúa ASÍ var sú, að megin uppistaðan í tekjuöflun Byggingarsjóðs verkamanna eigi að vera framlag ríkissjóðs m. a. af núverandi tekjustofnum Byggingarsjóðs ríkisins. Var þessi skoðun studd með þeim rökum m. a., að með byggingu þriðjungs af íbúðaþörfinni á félagslegum grundvelli muni útlánaþörf Byggingarsjóðs ríkisins minnka að sama skapi. Hér verður hins vegar að hafa í huga, að með frumvarpi þessu er stefnt að hækkun á lánshlutfalli Byggingarsjóðs ríkisins í 80% af byggingarkostnaði í áföngum. Þarf sjóðurinn því augljóslega á mestum hluta tekjustofna sinna að halda einkum fyrstu árin, þó eitthvað muni vafalaust draga úr eftirspurn eftir almennum nýbyggingarlánum þegar bygging félagslegra íbúða hefur náð því marki, sem að er stefnt. Um það er fjallað í sérstökum kafla hér að aftan með hvaða hætti auknar félagslegar íbúðabyggingar hafa áhrif á útlánaþörf og þar með fjáröflun til almenna lánakerfisins.

Í frumvarpinu er sú leið valin til fjármögnunar Byggingarsjóðs verkamanna, að framlög ríkisins og sveitarfélaga verði 40—45% af fjármagnsþörf sjóðsins, kaupendur íbúða greiði 10% af byggingarkostnaði en þess sem á vantar verði aflað með lánum. Hér er reiknað með að framlag sveitarfélaga verði 20% af byggingarkostnaði, sem er áþekkt hlutfall eða ívið lægra en í gildandi lögum. Hins vegar er greiðslutilhögun þeirra breytt.

Þar sem tryggja verður sjóðnum nauðsynlegt ráðstöfunarfé með lántökum að töluverðum hluta skiptir það sköpum fyrir sjóðinn og viðgang hans með hvaða kjörum þetta lánsfé fæst. Að vísu er gert ráð fyrir fullri verðtryggingu á útlánum sjóðsins en vextir eru hafðir mjög lágir eða 0.5%. Er það nauðsynlegt til að greiðslubyrði lántakenda sé svo í hóf stillt sem frekast er kostur, í samræmi við félagsleg markmið sjóðsins.

Það er ljóst, að þessi útlánakjör eru ekki í samræmi við ríkjandi stefnu á almennum lánamarkaði. Er þess því vart að vænta, að sjóðurinn eigi kost á lánsfé með þessum kjörum nema sérstakar ráðstafanir komi til. Hitt er jafn ljóst að sjóðurinn verður ekki byggður upp ef verja þarf verulegum fjárhæðum árlega til greiðslu á vaxtamun.

Annar megin þáttur þess samkomulags ASÍ og ríkisstjórnarinnar frá 26. febrúar 1974, sem er upphaf þessa máls, var sá, „að lífeyrissjóðir stéttarfélaganna tækju þátt í fjármögnun þessara félagslegu bygginga“ eins og orðrétt segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Verður að telja slíka tilhögun mjög eðlilega vegna þeirrar áherslu sem stéttarfélögin leggja á eflingu félagslegra íbúðabygginga svo og þeirrar staðreyndar, að það eru fyrst og fremst félagsmenn þeirra samtaka sem njóta þessara íbúða. Má raunar telja víst, að lífeyrissjóðirnir séu hér eftir sem hingað til reiðubúnir til þess að verja hluta af ráðstöfunarfé sínu í þessu skyni. Mismunandi ávöxtun á ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna kann hins vegar að skapa hér einhver vandamál en þau eiga þó að vera yfirstíganleg.

Athugun, sem gerð hefur verið, leiðir í ljós að til þess að Byggingarsjóður verkamanna byggist upp miðað við þær forsendur sem raktar hafa verið, mega vaxtakjör á lántökum hans ekki vera þyngri en svo að sjóðurinn greiði 2% nafnvexti, auk fullrar verðtryggingar, og að lánstími sé a. m. k. 21 ár. Þetta er sýnt nánar í töflu 5.

Eru þetta sömu lánskjör og lífeyrissjóðirnir hafa nýverið ákveðið að láta gilda á útlánum sínum til sjóðfélaga.

Þegar litið er til hlutverks Byggingarsjóðs verkamanna verður að vænta þess, að sjóðurinn geti notið sömu kjara, þar sem hér er í flestum tilvikum um að ræða óbeina lánveitingu til sjóðfélaga.

Æskilegt er að mæta þörfum Byggingarsjóðs verkamanna fyrir lántökur að fullu með lánum frá

lífeyrissjóðunum. Til þess að svo megi verða þurfa lífeyrissjóðirnir væntanlega að auka þá hlutdeild, sem nú er varið til húsnæðislánakerfisins af ráðstöfunarfé þeirra. Þegar náð er því marki að byggja þriðjung íbúðaþarfar á félagslegum grundvelli lætur nærri að Byggingarsjóðurinn muni þurfa á að halda öllum þeim fjármunum sem lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ er, eins og raunar öðrum slíkum sjóðum, skylt að verja til skuldabréfakaupa af fjárfestingarlánasjóðunum. Inn í þetta dæmi kemur einnig lífeyrissjóður opinberra starfsmanna, þar sem sjóðfélagar hans eiga skv. frumvarpinu sama rétt til kaupa á íbúðum í verkamannabústöðum sem félagsmenn ASÍ.

Tafla 5. Byggingarsjóður verkamanna.

	Fjárstreymi			Útlánaþörf		
Ár	Lántökur	Óafturkr.framl.	Ráðst.fé	Fjöldi íbúða	Framkv.kostn.	Útlán
1	1.109	1.44+600	2.639	200	2 400	2 160
2	1.82	1.43	3.22	300	3 600	3 240
3	2.38	1.90	4.27	400	4 800	4 320
4	3.01	2.38	5.37	500	6 000	5 400
5	3.56	2.85	6.39	600	7 200	6 480
6	3.96	3.17	7.10	660	7 920	7 128
7	3.96	3.17	7.09	—	—	—
8	3.96	3.17	7.09	—	—	—
9	3.96	3.17	7.09	—	—	—
10	3.96	3.17	7.10	—	—	—
11	—	—	—	—	—	—
12	—	—	—	—	—	—
13	—	—	—	—	—	—
14	—	—	—	—	—	—
15	—	—	—	—	—	—
16	—	—	—	—	—	—
17	—	—	—	—	—	—
18	—	—	—	—	—	—
19	—	—	—	—	—	—
20	3.96	3.17	7.10	660	7 920	7 128

Skýringar:
1. Taflan sýnir tekjur af lántökum og óafturkræfum framlögum. Ekki eru skrifaðar út þær raðir sem sýna tekjur og gjöld af teknum og veittum lánum en tillit tekið til þeirra í röðinni sem sýnir ráðstöfunarfé.
2. Kjör á teknum lánum eru verðtrygging, 2% ársvextir og 21 árs lánstími. Útlánakjör eru samkv. frumvarpinu verðtrygging, 0,5% ársvextir og 33 ára lánstími.
3. Íbúðaþörf er 2000 á ári, markmið um verkamannabústaði er þriðjungur eða um 660 íbúðir á ári.
4. Kostnaður pr. íbúð er 12 m. kr. á verðlagi ársins 1978.
5. Útlán eru 90% af kostnaði.
6. Dæmið sýnir útlánaþörf ef þriðjungs markinu, 660 íbúðum, er náð á 6 árum.

Ákvörðun tekjumarka.

Réttur til kaupa á verkamannabústað er skv. frumvarpinu bundinn ákveðnum skilyrðum m. a. hvað tekjumörk snertir.

Í 34. gr. frumvarpsins er sú stefna mörkuð að Byggingarsjóður verkamanna eigi að geta fjármagnað a. m. k. þriðjunginn af íbúðaþörf landsmanna. Er þetta í samræmi við yfirlýsingar fyrri ríkisstjórna, sem áður er getið um. Jafnframt er stefnt að því að félagslegar íbúðir þjóni fyrst og fremst hagsmunum efnalítils fólks í hópi launþega, sem hefur tekjur undir tilteknu marki. Það hefur verið nokkuð á reiki við hvaða mark á að miða. Sú hugmynd er sett fram í nefndaráliti fulltrúa ríkisstjórnarinnar og ASÍ, sem áður getur, að miða skuli við dagvinnutekjur skv. kauptöxtum tiltekinna starfsstétta með 30% álagi. Að

baki þessari hugmynd mun liggja það viðhorf að það eigi ekki að svipta menn rétti til félagslegra íbúða, þótt þeir leggi á sig langan vinnudag.

Við nánari skoðun eru þó ýmsir annmarkar á þessari hugmynd. Í fyrsta lagi liggja ekki fyrir haldbærar upplýsingar um tekjudreifingu launþega skv. kauptöxtum og er því með öllu óvíst að slík viðmiðun myndi í raun ná til þriðjungs launþega, sem þó er nauðsynlegt lágmark ef ná á markmiðum frumvarpsins. Í annan stað skapar þessi viðmiðun ýmis vandamál vegna mismunandi kostnaðarverðs íbúða svo sem vegna stærðar eða staðsetningar, en endurgreiðsluþak, sem hefði almenna þýðingu, hlyti sjálfkrafa að skerða verulega endurgreiðslu hæstu lánanna. Einnig er þess að gæta, að skráðir kauptaxtar segj næsta lítið um greiðslugetu launþega. Alkunna er, að verulegur munur er á atvinnutekjum og dagvinnulaunum t. d. verkamanna skv. kauptöxtum og hefur bilið milli atvinnutekna og dagvinnulauna skv. kauptöxtum vaxið mjög á undanförnum árum. Þannig sýnir úrtakakönnun Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnunar að mismunur atvinnutekna kvæntra verkamanna í Reykjavík og árslauna í dagvinnu skv. næst lægsta taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar var árið 1976 um 100%. Þetta hlutfall mun að vísu hafa lækkað lítillega árin 1977 og 1978, vegna sérstakra atvika. Ljóst er eigi að síður, að hugmyndin um viðmiðun við dagvinnulaun er ekki heppileg, hvorki að því er varðar ákvörðun endurgreiðsluhámarks eða aðild að félagslega lánakerfinu. Tekjur fólks ráðast nú orðið í svo ríkum mæli af öðru en töxtum dag- eða yfirvinnu svo sem af ýmsum bónus- eða álagsgreiðslum, aflahlut o. fl.

Af framangreindum ástæðum hefur í frumvarpinu verið horfið að því ráði að miða við atvinnutekjur í stað kauptaxta.

Þjóðhagsstofnun hefur kannað, á grundvelli tekjudreifingartalna, hvaða tekjumörk skuli miða við til þess að tryggt sé að um þriðjungur kvæntra karla ættu kost á að kaupa verkamannabústað ef öðrum skilyrðum er fullnægt. Samkvæmt áætlun stofnunarinnar má gera ráð fyrir að þær tekjur séu á bilinu 2.500—3.000 þús. kr. m. v. árið 1977 og ennfremur, að skv. tekjudreifingartölum þess árs megi ætla að 40% allra ófaglærðra hafi verið undir þessu marki það ár, en um þriðjungur allra ófaglærðra og iðnaðarmanna.

Þessir útreikningar Þjóðhagsstofnunar eru lagðir til grundvallar viðmiðunartekjum skv. 45. gr. frumvarpsins og talan færð til meðaltals áranna 1976—1978. Samkvæmt þessu eru viðmiðunartekjur á árinu 1979 2.600 þús. kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk en 230 þús. kr. fyrir hvert barn innan 16 ára aldurs, sem er á framfæri þeirra. Ef gert er ráð fyrir hjónum með 2 börn á framfæri, sem sæktu um kaup á verkamannabústað á árinu 1979, mættu þau hafa haft í meðaltekjur árin 1976—1978 3 085 þús. kr. til þess að eiga rétt til kaupa á verkamannabústað.

Gert er ráð fyrir að þessar tölur verði síðan færðar fram, skv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar, m. v. breytingar á atvinnutekjum.

Lánskjör og greiðslubyrði.

Frumvarp gerir ráð fyrir að Byggingarsjóður verkamanna veiti einn lán til verkamannabústaða, sem nemi 90% af byggingarkostnaði. Lánið verði til 33 ára, afborgunarlaust fyrsta árið, en endurgreiðist á 32 árum með 0.5% vöxtum og fullri verðtryggingu samkvæmt lánskjaravísitölu. Þrátt fyrir styttingu lánstímans á hluta lánsins, frá því sem nú gildir, er hér um þriðjungi lengri lánstíma að ræða en gilda á fyrir almenn veðlán frá Byggingarsjóði ríkisins. Þessi tilhögun er í samræmi við tillögur nefndar ríkisstjórnarinnar og ASÍ sem fyrr er getið, nema hvað hún gerði ráð fyrir að vextir væru 0%. Sú tilhögun hefði hinsvegar ekki tryggt raunvöxtun sjóðsins svo sem að er stefnt.

Í töflu 6, dálkum 1 og 2, er sýnd greiðslubyrði lána skv. þeim forsendum, sem að framan greinir. Reiknað er með 12 m. kr. og 15 m. kr. lánum, en gera má ráð fyrir að það svari til 90% af byggingarkostnaði miðlungs og mestu leyfilegrar íbúðarstærðar í verkamannabústöðum (110 m²) í dýrustu húsgerðunum á verðlagi ársins 1978.

Í þessum dæmum hafa verið reiknaðar raðir afborgana, verðtryggingar og vaxta. Þessar raðir eru síðan bornar saman við tekjur. Miðað er við meðal ráðstöfunartekjur skv. skattframtölum ársins 1978 hjá kvæntum framteljendum í starfsstéttum ófaglærðra skv. athugun Hagstofu Íslands. Ennfremur er miðað við að kaupmáttur aukist um 1% á ári.

Tafla 6. Byggingarsjóður verkamanna — dæmi um greiðslubyrði lána.

	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.
Ár	10.8 m.kr.	15.3 m.kr.	3.6 m.kr.	7.2 m.kr.	11.7 m.kr.	10.8 m.kr.	15.3 m.kr.
1	0.15	0.22	0.91	0.34	0.55	1.25	1.46
2	1.03	1.46	0.92	0.44	0.72	1.36	1.64
3	1.01	1.43	0.84	0.33	0.54	1.17	1.38
4	0.99	1.40	0.78	0.25	0.41	1.03	1.19
5	0.97	1.37	0.73	0.19	0.31	0.92	1.04
6	0.95	1.35	0.69	0.14	0.23	0.83	0.92
7	0.93	1.32	0.66	0.11	0.17	0.77	0.83
8	0.91	1.30	0.63	0.08	0.13	0.71	0.76
9	0.90	1.27	0.61	0.06	0.10	0.67	0.71
10	0.88	1.25	0.59	0.05	0.07	0.64	0.66
11	0.86	1.22	0.57	0.03	0.06	0.60	0.63
12	0.84	1.20	0.55	0.03	0.04	0.58	0.59
13	0.83	1.17	0.54	0.02	0.03	0.56	0.57
14	0.81	1.15	0.53	0.01	0.02	0.54	0.55
15	0.80	1.13	0.51	0.01	0.02	0.52	0.53
16	0.78	1.11	0.50	0.01	0.01	0.51	0.51
17	0.77	1.08	0.49	0.01	0.01	0.50	0.50
18	0.75	1.06	0.48	0.00	0.01	0.48	0.49
19	0.74	1.04	0.47	—	0.01	0.47	0.48
20	0.72	1.02	0.46	—	0.00	0.46	0.46
21	0.71	1.00	0.45	—	—	0.45	0.45
22	0.69	0.98	0.44	—	—	0.44	0.44
23	0.68	0.96	0.43	—	—	0.43	0.43
24	0.67	0.94	0.43	—	—	0.43	0.43
25	0.65	0.93	0.42	—	—	0.42	0.42
26	0.64	0.91	0.41	—	—	0.41	0.41
27	0.63	0.89		—	—	0.00	0.00
28	0.62	0.87		—	—	0.00	0.00
29	0.60	0.85		—	—	—	—
30	0.59	0.84		—	—	—	—
31	0.58	0.82		—	—	—	—
32	0.57	0.81		—	—	—	—
33	0.56	0.79		—	—	—	—

1. Dálkar 1 og 2 sýna greiðslubyrði tveggja mishárra lána m. v. lánskjör samkv. frumvarpinu.
2. Dálkar 6 og 7 sýna greiðslubyrði jafnhárra lána samkv. gildandi lögum (6 = 3 + 4 og 7 = 3 + 5).
3. Dálkur 3 sýnir greiðslubyrði venjulegs nýbyggingarláns, sem veitt er samkv. gildandi lögum, og dálkar 4 og 5 sýna greiðslubyrði tveggja mishárra viðbótarlána úr Byggingarsjóði verkamanna m. v. gildandi lánskjör.

Taflan sýnir hve mörg mánaðarlaun þarf til að standa undir árlegri greiðslu afborgana, verðtryggingar og vaxta af láninu. Þegar greiðslubyrðin er mest í hærra tilvikinu er hún 1.46 mánaðarlaun m. v. þau laun, sem greiðslurnar eru bornar saman við. Ber þá að hafa í huga, að miðað er við fjölskyldutekjur en ekki kauptaxta, að einungis er miðað við meðallaun ófaglærðra og að miðað er við tekjur að frádregnum sköttum. Dálkar 3 til 7 sýna greiðslubyrði sömu lána skv. gildandi lögum.

Sé þetta dæmi reiknað skv. landsmeðaltali launa kvæntra verkamanna árið 1978, sem skv. könnun Hagstofu Íslands námu 3.570 þús. kr., svarar þessi greiðslubyrði til þess að árgreiðslan, þegar hún er mest, nemi 12.16% af tekjum. Þetta svarar til meðalhúsaleigu á árinu 1978 að fjárhæð 36 þús. kr. á mánuði.

Um IV. kafla.

Í IV. kafla frumvarpsins eru ákvæði um kaupskyldu og forkaupsrétt sveitarfélaga að félagslegum íbúðum, sem byggðar kunna að verða samkvæmt frumvarpi þessu.

Þykir nauðsynlegt að tryggja með þeim hætti að íbúðirnar haldi áfram að þjóna hinu félagslega hlutverki sínu þótt eigendaskipti verði að þeim. Ákvæði í þessa veru hafa ætíð verið í lögum um byggingu verkamannabústaða hér á landi.

Ekki þykir ástæða til að falla frá þeirri tilhögun, þótt lánin verði verðtryggð, enda er til þessara framkvæmda varið miklum fjármunum frá ríki og sveitarfélögum. Með frumvarpinu er það tryggt, að kaupendur félagslegra íbúða fái, ef þeir kjósa að selja þær aftur, endurgreidd að fullu þau verðmæti, sem þeir hafa lagt til íbúðarkaupanna.

Í þessum kafla eru hinsvegar ákvæði um kaupskyldu og forkaupsrétt að þeim íbúðum sem byggðar hafa verið samkv. eldri lögum um verkamannabústaði svo og lögum nr. 97/1965 um svonefndar Framkvæmdanefndaríbúðir.

Ítarlegt ákvæði er í kaflanum um það, hvernig kaupverð slíkra íbúða skuli reiknað en það hefur verið nokkuð á reiki og þá alveg sérstaklega varðandi þær íbúðir, sem byggðar hafa verið eftir árið 1970 og fjármagnaðar að hluta með almennu nýbyggingarláni úr Byggingarsjóði ríkisins. Eru þess dæmi, að kaupendur slíkra íbúða hafi í raun þurft að tvígreiða áfallnar verðbætur á þessi lán. Eru með frumvarpinu tekin af tvímæli í þessu efni.

Um V. kafla.

Samkvæmt frumvarpinu er ráðgert að starfsemi tæknideildar Húsnæðismálastofnunar verði tvíþætt.

Megin verkefni hennar hlýtur að vera margháttuð þjónusta við stofnunina sjálfa sem lánastofnun. Í því felst m. a. að deildin setji fram og endurskoði reglulega tæknileg skilyrði fyrir lánshæfni íbúða, gangi úr skugga um að lánsumsóknir uppfylli þau skilyrði, sjái um nauðsynlegt eftirlit fyrir stofnunina með framkvæmdum lántakenda einkum þeirra, sem njóta framkvæmdalána hjá sjóðum hennar, og annist að öðru leyti alla nauðsynlega tæknilega ráðgjöf fyrir stofnunina og stjórn hennar.

Að margra dómi eru þetta nægileg verkefni fyrir tæknideildina. Ýmis önnur verkefni, sem henni eru falin í gildandi lögum, falli betur að starfssviði annarra opinberra stofnana og sé raunar þegar sinnt af þeim að nokkru leyti. Má þar nefna Þjóðhagsstofnun, Framkvæmdastofnun, Rannsóknaráð ríkisins, Iðntæknistofnun Íslands, Húsameistara ríkisins eða Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Er hér átt við verkefni eins og þau að vinna að umbótum í byggingarmálum, gera áætlanir um íbúðaþörf, fylgjast með þróun byggingarkostnaðar og framkvæma tæknirannsóknir.

Á það hefur einnig verið bent að illa fari saman verkefni eins og t. d. þau að gera teikningar en meta einnig ágæti þeirra og lánshæfni. Að eiga aðild að útboðum og samningagerð en hafa jafnframt eftirlit með þessum þáttum og verkframvindu að öðru leyti.

Með hliðsjón af þessu er verkefnum tæknideildar fækkað töluvert og kveðið á um deildaskiptingu hennar. Margvísleg þjónusta stofnunarinnar við húsbyggjendur er þó talin hafa borið góðan árangur og í sumum tilvikum er torvelt eða óhagkvæmt að leita hennar annars staðar. Er því lagt til að henni verði sinnt áfram að nokkru leyti innan sérstakrar deildar, sem nefnd er þjónustuskor.

Veigamikill þáttur í núverandi verkefnum tæknideildarinnar er gerð íbúðateikninga og sala þeirra á frjálsum markaði.

Í þessari starfsemi hefur falist veigamikil fyrirgreiðsla við húsbyggjendur, einkum í dreifbýli, þar sem oft er óhægt um vik að afla þessarar þjónustu frá sérfræðingum.

Íbúðateikningar stofnunarinnar eru alfarið unnar af arkitektum og verkfræðingum og ná til allra þeirra teikninga sem húsbyggjandi þarfnast, einnig allra sérteikninga. Þeir hafa því vafalaust stuðlað að auknum gæðum íbúðarhúsnæðis í landinu.

Talið er, að aðeins um 15% af því íbúðarhúsnæði, sem byggt er í landinu, sé teiknað af arkitektum. Því verður tæpast fullyrt að með rekstri slíkrar teiknistofu á vegum tæknideildar veiti hið opinbera einstaklingum óeðlilega samkeppni. Skal í því sambandi á það minnt, að tæknideild ber samkv. frumvarpinu að verðleggja sína þjónustu með þeim hætti, að hún standi að öllu leyti undir sér sjálf rekstrslega.

Samkvæmt 67. gr. frumvarpsins skal tæknideild viðhalda núverandi teikningasafni sínu en í því felst heimild til að aðlaga þaz breyttum kröfum og þjóðfélagsaðstæðum. Jafnframt er þó sú stefna mörkuð að

nýrra teikninga af húsum og húshlutum skuli einkum afla með opinberum samkeppnum en stofnunin annist síðan kynningu og dreifingu bestu lausnanna. Ætti sú tilhögun að stuðla að meiri fjölbreytni jafnframt því, að gætt er nauðsynlegra hagkvæmissjónarmiða.

Um VI. kafla.

Þessi kafli frumvarpsins er í meginatriðum óbreyttur frá því sem er í gildandi lögum, að því er varðar sparnaðarskylduna. Þó þykja ekki lengur efni til að sparnaðarskylda iðnnema sé önnur en hjá skólafólki almennt. Vegna breyttra aðstæðna er tæpast lengur nokkur efni til slíkrar sérstöðu þeirra.

Veigamesta breytingin í þessum kafla frumvarpsins lýtur að ávöxtun skyldusparnaðarins.

Það er ljóst, að þær reglur sem gilt hafa um verðtryggingu hans eru á ýmsan hátt úreltar og skila ekki sanngjarnri ávöxtun enda frá þeim gengið við allt aðrar verðlagsaðstæður en ríkt hafa hér á landi á síðari árum. Hefur þetta valdið neikvæðri afstöðu skyldusparenda til kerfisins og viðleitni til að komast hjá þátttöku í því.

Í frumvarpinu eru opnaðar heimildir til breytinga á innheimtukerfi skyldusparnaðar sem er nú seinvirkt og flókið. Það er því óþarflega kostnaðarsamt og torvelt að koma við nægu eftirliti með framkvæmd þess.

Hafa staðið yfir athuganir á því hvernig unnt væri að koma þessum málum betur fyrir.

Um fjárþörf íbúðalánakerfisins.

Gerð hefur verið gróf athugun á fjárþörf íbúðalánakerfis þess, sem tillögur eru gerðar um í þessu frumvarpi. Þessi athugun er að mestu leyti reist á greinargerð starfshópsins sem áður er getið og sömu reikniaðferðum beitt. Þá er jafnframt m. v. forsendur starfshópsins um íbúðaþörf og byggingarþörf næstu árin og fer hér á eftir hluti úr greinargerð starfshópsins, sem um þetta fjallar.

Byggingarþörf.

Á árinu 1977 gaf Framkvæmdastofnun ríkisins út íbúðaspá fyrir tímabilið 1976—1985. Spáin var einkum unnin á árunum 1974—1975 og var að öllu leyti reist á framreikningsaðferðum, sem byggðust á mannfjölda og tengdum stærðum. Niðurstöður þessarar spár voru settar fram í þremur tilvikum og gáfu til kynna að byggingarþörf áranna 1976—1985 svaraði til að lokið yrði smíði 2.500—2.800 íbúða á ári. Könnun starfshópsins á þessum niðurstöðum benti hinsvegar til þess að byggingarþörfin sé þarna ofmetin auk þess sem í þessu fælist svo mikil aukning fjárfestingar í íbúðahúsnæði að tæplega væri raunhæft að gera ráð fyrir að hún gæti átt sér stað. Til samanburðar má geta þess, að áætlað er að árin 1970—1977 hafi verið lokið við smíði 1.950 íbúða á ári að meðaltali, og er innflutningur og uppsetning viðlagasjóðshúsa þá meðtalinn. Gerð íbúðaspár er ýmsum vandkvæðum bundin og háð ýmsum þáttum, svo sem breytingum mannfjöldans, aldursskiptingu, hjúskapartíðni, auk þess sem áætla verður þann fjölda íbúða sem gengur úr sér eða er tekinn til annarra nota, þ. e. afskriftir íbúðastofnsins. Upplýsingar um afskriftir eru hins vegar mjög takmarkaðar og áætlanir um þær fram í tímann mjög óvissar. Jafnframt verður svo að taka tillit til efnahagslegra þátta, a. m. k. ef litið er yfir skamman tíma.

Á grundvelli íbúðaspár Framkvæmdastofnunar og með viðmiðun við síðustu mannfjöldaspár þeirrar sömu stofnunar komst starfshópurinn að þeirri niðurstöðu, að líkleg byggingarþörf næsta áratuginn geti svarað til 2.000—2.200 íbúða á ári. Er þá litið til þess samdráttar í framkvæmdum sem nú er að koma fram, en reiknað með heldur meiri afskriftum en í spá Framkvæmdastofnunar.

Meginskýringarnar á fráviki þessarar niðurstöðu frá spá Framkvæmdastofnunar má rekja til breytinga á mannfjöldanum síðustu fimm árin, einkum brottflutningi fólks á aldrinum 20—34 ára, sem einnig skýrir að miklu leyti breytingar á fæðingartíðni. Þegar þetta er haft í huga þarf ekki að koma á óvart að svipuð niðurstaða um fjölda íbúa á íbúð fæst úr báðum þessum spám.

Sú niðurstaða, sem hér er sett fram, sýnir eins og áður greinir minni byggingarþörf en spá Framkvæmdastofnunar. Við mat á spá Framkvæmdastofnunar þarf að hafa í huga ofangreindar mannfjöldabreytingar og jafnframt að spáin er um margt hin fyrsta sinnar tegundar hér á landi og þeim aðferðum, sem þar var beitt hafði ekki áður verið beitt hér. Jafnframt byggðist spáin að verulegu leyti á mati á ákveðnum íbúðastuðlum fyrir einstaka hópa mannfjöldans, en það mat var ekki unnt að byggja á tölulegum gögnum um íbúðatíðni hér á landi, heldur voru stuðlarnir einkum metnir eftir norskum gögnum. Auk þess kann að vera að mikið hafi verið litið til þróunar fjölda íbúa á íbúð á Norðurlöndum

undangengna áratugi, en aldursskipting mannfjöldans er hér mjög frábrugðin því, sem er á öðrum Norðurlöndum, þannig að hér á landi eru hlutfallslega fleiri í yngri aldursárgöngum en á öðrum Norðurlöndum, barnafjöldi er hér meiri og fjölskyldur stærri. Af þessu leiðir, að hér verða fleiri íbúar á íbúð en á öðrum Norðurlöndum næsta áratuginn, þótt fæðingum fari nú fækkandi.

Útlánaforsendur.

Við reikninga á fjárþörf íbúðalánakerfisins hefur verið miðað við, að byggingarþörfin næsta áratuginn svari til 2.000—2.100 íbúða á ári. Við ákvörðun forsendna um fjölda nýbyggingarlána rísa mörg álitamál, bæði hvað varðar heildarfjölda lána og skiptingu milli byggingarsjóðanna tveggja. Hvað heildarfjöldann varðar hefur hér verið miðað við, að nýbyggingarlán verði samtals 2.000 að tölu fyrstu 5 ár reiknitímabilsins en 2.100 að tölu eftir það. Í þessum tölum ætti fremur að felast ofmat en vanmat á lánafjöldanum því ljóst er, að byggingarsjóðirnir lána ekki til allra íbúðabygginga.

Til samanburðar við þessar tölur má nefna, að síðastliðin þrjú ár hefur Byggingarsjóður ríkisins veitt að meðaltali 1740 frumlán til nýbygginga á ári, flest 1833 á sl. ári, en auk þess hefur 711 framkvæmdalánum til verkamannabústaða og leigu- og söluíbúða sveitarfélaga verið breytt í föst lán eða að meðaltali 237 á ári. Á sama tíma hefur 602 öðrum framkvæmdalánum verið breytt í föst lán, en þar af voru flest á árinu 1978, 561 að tölu. Veiting frumlána og breyting framkvæmdalána í föst lán fellur ekki saman í tíma, en samlagning þessara talna sýnir að alls hafa verið veitt 5.221 frumlán og 1.313 framkvæmdalánum hefur verið breytt í föst lán, þannig að alls varða þessi lán 6.534 íbúðir. Í þessu sambandi má benda á að vegna hins sérstaka átaks í byggingu leigu- og söluíbúða sveitarfélaga, sem ákveðið var með lögum nr. 58/1973 og síðar með lögum nr. 38/1976, hafa að undanförnu verið byggðar óvenju margar þess háttar íbúðir. Samkvæmt lögunum fellur hin sérstaka fjárráðstöfun til byggingar þessara íbúða úr gildi á árinu 1980. Ennfremur þarf að hafa í huga, að af þeim 1.313 framkvæmdalánum, sem breytt hefur verið í föst lán árin 1976—1978 eru 602 til íbúða aldraðra og öryrkja og ýmissa framkvæmdaaðila, einkum byggingarsamvinnufélaga. Fjöldi þessara lána er afar breytilegur frá einu tímabili til annars eins og sjá má af því, að af þessum 602 lánum féllu 561 á árið 1978.

Hvað varðar skiptingu íbúðalána milli byggingarsjóðanna tveggja hefur sú aðferð verið valin við könnun á fjárþörf íbúðalánakerfisins, að taka tvö samstæð dæmi um mismunandi útlán sjóðanna. Forsendur dæmanna um fjölda íbúðalána eru þessar:

Tafla 7

Ár	Dæmi I			Dæmi II		
	Bygg.sj. verkam.	Bygg.sj. ríkisins	Alls	Bygg.sj. verkam.	Bygg.sj. ríkisins	Alls
1	250	1750	2000	200	1800	2000
2	300	1700	2000	200	1800	2000
3	400	1600	2000	250	1750	2000
4	500	1500	2000	250	1750	2000
5	600	1400	2000	250	1750	2000
6 og síðar	700	1400	2100	300	1800	2100

Í fyrra dæminu er þannig gert ráð fyrir, að þörf fyrir félagslegar íbúðabyggingar reynist svo mikil, að Byggingarsjóður verkamanna fjármagni fullan þriðjung íbúðafjöldans. Í síðara dæminu er á hinn bóginn reiknað með að þörf og/eða eftirspurn eftir félagslegum íbúðabyggingum reynist minni, en tilgangurinn með þessari dæmatöku er að lýsa í grófum dráttum líklegum fjárhagslegum afleiðingum tillagna frv., en þær eru augljóslega m. a. háðar skiptingu lánanna á sjóðina tvo.

Verðforsendur dæmanna eru mjög einfaldar og taka mið af kostnaðartölum algengra íbúðabygginga á árinu 1978 í verkamannabústöðum annars vegar og hins vegar þeirra sem lánað er til úr Byggingarsjóði ríkisins. Kostnaðarverð venjulegrar verkamannabústaðaríbúðar er hér sett 12 m. kr. á árinu 1978, en af þeirri fjárhæð lánar Byggingarsjóður verkamanna 90% eða 10,8 m. kr. Kostnaðarverð þeirra íbúða, sem Byggingarsjóður ríkisins lánar til er hér sett 15 m. kr., en eins og fyrr greinir má ætla að sú fjárhæð svari til byggingarkostnaðar algengrar 3—4 herbergja 100—120 fermetra íbúðar á árinu 1978.

Á það ber að leggja áherslu, að forsendurnar um fjölda og upphæð lána skipta miklu máli í fjárþarfareikningum þessum. Hér verður að hafa hugfast, að þessum reikningum er ekki ætlað að sýna nákvæmar niðurstöður, enda erfitt um vik vegna þeirra mörgu óvissuþátta, sem hér tengjast saman, heldur er ætlast til, að niðurstöðurnar gefi sæmilega haldgóðar vísbendingar um þær stærðir, sem hér er um að ræða.

Aðrar forsendur, sem miklu varða, lúta að skiptingu útlána í venjuleg nýbyggingarlán annars vegar og öll önnur lán hins vegar, en þar vega lán til kaupa á eldra húsnæði langþyngst. Þessi lán hafa aukist mjög mikið að undanförnu og skv. útlánaáætlunum verða þau tæpur fjórðungur af heildarlánum á þessu ári. Með hliðsjón af þessari miklu aukningu hefur m. a. verið valin sú aðferð í framreikningi að halda þessum öðrum lánum óbreyttum m. v. þjóðarframleiðslu, en það felur í sér, að þau aukist um 2% á ári að raungildi. Þetta þýðir, að reiknað er með að nær allri aukningu ráðstöfunarfjár verði varið til byggingarlána.

Á þeim forsendum, sem hér hefur verið lýst, hafa dæmin tvö um fjárþörf íbúðalánakerfis næsta áratuginn verið gerð. Hvað Byggingarsjóð ríkisins varðar er miðað við lágmarksforsendur frumvarpsins um hækkun lánshlutfalls af byggingarkostnaði. Er lánshlutfallið því sett 30% á fyrsta ári, og má þá miða við 1980, og hækkað um 5% á ári unz það nær 80% á ellefta ári, þ. e. á árinu 1990.

Tafla 8. Tvö dæmi um ráðstöfunarfé (útlán) íbúðalánakerfis.
Milljarðar króna á verðlagi ársins 1978.

	Byggingarsjóður verkamanna		Byggingarsjóður ríkisins		Samtals	
	Dæmi I	Dæmi II	Dæmi I	Dæmi II	Dæmi I	Dæmi II
1980	2,7	2,2	11,4	11,6	14,1	13,8
1981	3,2	2,2	12,5	13,1	15,7	15,3
1982	4,3	2,7	13,3	14,2	17,6	16,9
1983	5,4	2,7	13,9	15,6	19,3	18,3
1984	6,5	2,7	14,3	17,0	20,8	19,7
1985	7,6	3,2	15,5	18,8	23,1	22,0
1986	7,6	3,2	16,6	20,2	24,2	23,4
1987	7,6	3,2	17,7	21,6	25,3	24,8
1988	7,6	3,2	18,8	23,0	26,4	26,2
1989	7,6	3,2	20,0	24,5	27,5	27,7
1990	7,6	3,2	21,1	25,9	28,7	29,1

Til samanburðar má setja tvær tölur um hugsanleg útlán og fjárþörf íbúðalánakerfisins eins og nú háttar. Hvað Byggingarsjóð ríkisins varðar er þá miðað við þá ráðstöfunarröð, sem gróflega má ætlast á um m.v. óbreytt ástand, sbr. dæmið um 3½% raunvexti og 21 árs lánstíma í töflu 3. Jafnframt er svo sýnt það lánshlutfall hjá Byggingarsjóði ríkisins sem reikna má með út frá þessari röð m. v. tiltækar forsendur um óbreytt ástand lánafjölda hjá sjóðnum, t. d. 1800 nýbyggingar 1980—1984 en 1900 lán eftir það. Forsendur um Byggingarsjóð verkamanna eru einfaldaðar afar mikið í þessu samanburðardæmi og reiknað með 200 íbúðalánum öll árin. Loks er reiknað með, að Byggingarsjóður ríkisins láni til verkamannabústaða með sama hætti og nú.

Tafla 9. Samanburðardæmi — óbreytt tekjuöflun.
Milljarðar króna á verðlagi ársins 1978.

	Byggingarsjóður ríkisins		Byggingarsjóður verkamanna
	Ráðstöfunar-fé	Lána-hlutfall	Ráðstöfunarfé
1980	10,3	22½	2,2
1981	10,8	24	2,2
1982	11,3	25½	2,2
1983	11,9	27½	2,2
1984	12,8	30½	2,2
1985	13,5	31	2,2
1986	14,4	34	2,2
1987	15,3	37	2,2
1988	16,3	40	2,2
1989	17,4	44	2,2
1990	18,7	48	2,2

Dæmin tvö í töflu 8 sýna ekki ýkja mikinn mun á heildarráðstöfunarfé því, sem reikna má með að þurfi til að ná þeim markmiðum, sem dæmin gera ráð fyrir, en talsverður munur er á þeim og þeirri ráðstöfunarfjárröð, sem áætla má út frá forsendum um óbreytta fjármögnun, eins og áður hefur verið lýst. Taflan sýnir, að vöxtur ráðstöfunarfjárins við óbreytta fjármögnun bendir til, að á gefnum forsendum megi ná tæplega 50% lánum á árinu 1990. Taflan nær aðeins til 1990 og sýnir því ekki, að 80% lánshlutfall næst u. þ. b. í þessu dæmi á árinu 1996. Þessi ráðstöfunarfjárröð er framreiknuð m. v. 21 árs lánstíma nýbyggingarlána, en væri miðað við 26 ára lánstíma tæki tveimur árum lengri tíma að ná þessu marki án aukningar á fjáröflun af lánum eða framlögum. Viðmiðun við 16 ára lánstíma styttir hins vegar tímann um 2 ár. Benda má á, að þau kjör sem dygðu til þess að fjárþörfinni í töflu 8 væri fullnægt án sérstakrar aukningar á fjáröflun svara u. þ. b. til 4½% vaxta og 21 árs lánstíma, m. v. gefnar forsendur.

Í framhaldi þeirra raða, sem hér hafa verið sýndar, hefur verið reynt að meta hve mikið þyrfti að auka fjármögnun til íbúðalánakerfisins með framlögum eða lánum til að ná því marki, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Við athuganir sínar á Byggingarsjóði ríkisins reiknaði starfshópur sá, sem það verk annaðist ýmis dæmi um aukningu fjáröflunar, svo sem að aukningin yrði með framlögum eingöngu, lánum eingöngu eða að hluta með lánum og framlögum. Þessir reikningar bentu eindregið til, að ekki væri raunhæft að auka ráðstöfunarfé eingöngu með framlögum og hvorki væri raunhæft né skynsamlegt að auka ráðstöfunarfé sjóðsins með lánum einum saman, heldur yrði óhjákvæmilegt að aukningin yrði bæði með óafturkræfum framlögum og lánum. Á grundvelli þessa hefur hér verið reiknað með að aukningin verði að hálfu með óafturkræfum framlögum og að hálfu með lántökum.

Helstu forsendur, sem mat þetta byggir á, eru þessar:

1. **Með framlögum** er átt við allt óafturkræft fé frá hinu opinbera, hvort sem er í formi fjárveitinga eða markaðra tekna.
2. **Lántökur** Byggingarsjóðs ríkisins gætu orðið af ýmsu tagi, en hér er miðað við 16 ára lánstíma, fulla verðtryggingu og 3½% vexti. Lántökur Byggingarsjóðs verkamanna eru miðaðar við þær forsendur, sem greint er frá í athugasemdum við III. kafla hér að framan.
3. **Lánskjör veittra lána** eru miðuð við tillögur frumvarpsins og sama gildir um lánstíma.

Niðurstöður þeirra reikninga, sem að ofan greinir fela í sér mat á þeim fjárhæðum, sem hér um ræðir. Hér á eftir verður fjallað um þær í almennum orðum, en niðurstöður eru sýndar í töflu 10.

Tafla 10. Dæmi um aukningu framlaga og lána til íbúðalánakerfis.
Milljarðar króna á verðlagi ársins 1978.

	Samanburðardæmi, sbr. tafla 9						Dæmi um árlega viðbótarfjárþörf[2])						
	Byggingarsjóður ríkisins			Bygg.sjóður verkamanna	Bygg.sj. ríkisins		Bygg.sjóður verkamanna		Aukn. framlaga alls	þ. a. ríki	þ. a. sveitarfél.	Aukn. lána alls	Samtals (9) + (12)
	Ráðstöf.fé (1)	Framlög (2)	Lántökur[1]) (3)	Framlög (4)	Framlög (5)	Lántökur (6)	Framlög (7)	Lántökur (8)	(9)	(10)	(11)	(12)	(13)
1980	10,3	4,9	6,7	1,4	0,6/8,8	0,6/0,8	÷0,2/÷0,4	1,4/1,2	0,4/0,4	0,5/0,6	÷0,1/÷0,2	2,0/2,0	2,4/2,4
1981	10,8	5,0	6,8	1,4	1,1/1,4	1,1/1,4	0,0/÷0,4	1,9/1,2	1,1/1,0	1,1/1,2	0,0/÷0,2	3,0/2,6	4,1/3,6
1982	11,3	5,1	7,0	1,4	1,3/1,7	1,3/1,7	0,5/÷0,2	2,4/1,5	1,8/1,5	1,6/1,6	0,2/÷0,1	3,7/3,2	5,5/4,7
1983	11,9	5,2	7,0	1,4	1,3/2,2	1,3/2,2	1,0/÷0,1	3,0/1,5	2,3/2,1	1,8/2,2	0,5/÷0,1	4,3/3,7	6,6/5,8
1984	12,8	5,3	7,2	1,4	1,4/2,6	1,4/2,6	1,5/÷0,1	3,6/1,5	2,9/2,5	2,2/2,6	0,7/÷0,1	5,0/4,1	7,9/6,6
1985	13,5	5,4	7,3	1,4	1,5/3,1	1,5/3,1	1,8/0	4,4/1,8	3,3/3,1	2,4/3,1	0,9/0	5,9/4,9	9,2/8,0
1986	14,4	5,5	7,5	1,4	1,6/3,4	1,6/3,4	1,8/0	4,4/1,8	3,4/3,4	2,5/3,4	0,9/0	6,0/5,2	9,4/8,6
1987	15,3	5,6	7,6	1,4	1,8/3,7	1,8/3,7	1,8/0	4,4/1,8	3,6/3,7	2,7/3,7	0,9/0	6,2/5,5	9,8/9,2
1988	16,3	5,7	7,8	1,4	1,9/3,7	1,9/3,7	1,8/0	4,4/1,8	3,7/3,7	2,8/3,7	0,9/0	6,3/5,5	10,0/9,2
1989	17,4	5,8	8,0	1,4	2,0/3,7	2,0/3,7	1,8/0	4,4/1,8	3,8/3,7	2,9/3,7	0,9/0	6,4/5,5	10,2/9,2
1990	18,7	5,9	8,2	1,4	1,8/3,8	1,8/3,8	1,8/0	4,4/1,8	3,6/3,8	2,7/3,8	0,9/0	6,2/5,6	9,8/9,4

1) Skyldusparnaður meðtalinn.

2) Fyrri talan í hverjum dálki á við Dæmi I hér að framan, en síðari talan við Dæmi II.

Í dálki 1 í töflunni er aftur sýnd ráðstöfunarfjárröðin úr samanburðardæminu í töflu 9 m. v. forsendur um óbreytta fjáröflun. Dálkar 2 og 3 sýna heildarframlög og lántökur í því dæmi og dálkur 4 sýnir þau framlög sem þarf til að fjármagna Byggingarsjóð verkamanna m. v. núverandi kerfi og það dæmi um útlán hans, sem hér er rakið. Dálkar 5—8 sýna þá árlegu aukningu framlaga og lána, sem sjóðirnir tveir þurfa á að halda til að fullnægja útlánaþörf þeirra skv. dæmum I og II hér að framan. Er þá miðað við að viðbótarfjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins sé leyst með auknum framlögum og lántökum til helminga. Tekið skal fram, að taflan sýnir fyrir hvert ár hvað þarf að auka framlög og lántökur það ár umfram það sem er nú, þ. e. umfram fjárhæðirnar í dálkum 2—4.

Niðurstöður.

Sé litið á báða sjóðina í einu benda dæmin í töflu 10 til þess að ekki verði ýkja mikill munur á framlögum og lántökum eftir því hvort miðað sé við fyrra eða síðara dæmið. Fyrra dæmið þ. e. þar sem bygging verkamannabústaða eykst ört og er mikil er þó greinilega fjárfrekara fyrst í stað, en dæmin eru áþekk þegar lengra líður. Á hinn bóginn er ljóst, að framlög ríkisins eru þyngri í dæmi II en í dæmi I en framlög sveitarfélaga að sama skapi minni, enda er í dæmi II ekki gert ráð fyrir að bygging verkamannabústaða verði aukin. Sé miðað við síðasta árið, sem taflan sýnir, en þá á kerfið að skila að fullu þeim lánum, sem að er stefnt, er árleg viðbótarfjárþörf frá því sem nú er um 9—10 milljarðar króna, en þar yrðu 3 1/2—4 milljarðar aukin framlög en 5 1/2—6 milljarðar auknar lántökur. Aukningin á hverju einu ári er mest fyrst í stað, og á 1. ári þarf að auka fjáröflun um 2 1/2 milljarð króna, á 2. ári þarf svo að bæta við 1,2—1,7 milljörðum en eftir það dregur úr aukningunni frá næsta ári á undan.

Ekki eru í frumvarpinu gerðar ákveðnar tillögur um hvernig afla skuli þess lánsfjár og þeirra framlaga, sem hér þurfa að koma til. Hér má þó setja fram nokkrar ábendingar. Hvað framlög varðar virðist koma til álita að nýta í meira mæli en nú þá skattstofna, sem sjóðurinn hefur tekjur af, en að öðru leyti hlýtur ákvörðun og stefna í þessu efni að tengjast heildarstefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum og fjárráðstöfun skatttekna. Hvað lántökur áhrærir má benda á, að lífeyrissjóðir hafa auk Byggingarsjóðs verið önnur meginuppspretta lánsfjár til íbúðabygginga og íbúðakaupa. Ætla má, að mikill hluti þessara lána gangi til íbúðabygginga og íbúðakaupa. Ljóst er, að verði íbúðalán Byggingarsjóðs aukin að mun dregur úr þörfinni fyrir íbúðalán lífeyrissjóða, og er því eðlilegt að fjármagn lífeyrissjóðanna beinist í auknum mæli til byggingarsjóðanna tveggja til endurlána til íbúðabygginga. Með þessu væri í reynd verið að veita því fjármagni, sem til ráðstöfunar er til húsnæðislána, yfir í einn, heildstæðan farveg. Þannig næðu sjóðirnir að líkindum betri ávöxtun en með lánum til sjóðfélaga. Jafnframt væri með þessu verið að veita almenningi eðlilegri aðgang að þessu sparifé en hingað til, þar sem lántökur hjá lífeyrissjóðum hafa verið háðar sjóðsaðild, enda væri það í samræmi við þá stefnu, sem uppi er í málum lífeyrissjóða. Ljóst er, að við þá heildarendurskoðun á lífeyriskerfinu, sem nú er unnið að, þarf að taka afstöðu til sjóðssöfnunar lífeyriskerfisins umfram lífeyrisgreiðslur og virðist skynsamlegt að nýta þann sparnað áfram að hluta til fjármögnunar húsnæðislána úr heildstæðu opinberu lánakerfi.

Sú fjárþörf, sem hér hefur verið sýnt fram á að fullnægja verði til að húsnæðislán megi auka með þeim hætti sem frumvarpið miðar að, sýnir nauðsyn þess, að fé Byggingarsjóðs sé ávaxtað sem best. Eins og áður hefur verið bent á er þó í frumvarpinu lagt til, að raunvextir útlána verði lækkaðir frá því sem áður gilti, enda verður að telja, að þau kjör hafi verið of hörð og greiðslubyrði í þyngsta lagi. Ljóst er þó, að raunvextir mega ekki verða mjög lágir, enda tefði það fyrir uppbyggingu sjóðsins og aukningu útlána. Við þetta miðast vaxtaákvörðun frumvarpsins svo og ákvarðanir um lánstíma, hvort tveggja að teknu tilliti til greiðslubyrði.

Jafnframt verður nú að huga að þeim kjörum, sem eru á fé því, sem sjóðurinn tekur að láni. Eins og nú háttar er lánsfé frá lífeyrissjóðum Byggingarsjóði afar dýrt, enda er sjóðurinn alls ekki enn farinn að njóta góðs af þeim háu meðalraunvöxtum, sem fólust í útlánskjörum hans þegar litið er yfir allan lánstíma þeirra lána. Lán frá lífeyrissjóðum eru nú með mun hærri raunvöxtum en Byggingarsjóður nýtur af eignum sínum í útistandandi lánum og jafnframt eru lífeyrissjóðalánin til mun skemmri tíma en almenn lán Byggingarsjóðs. Í tengslum við þær breytingar á verðtryggingu og vöxtum, sem þegar eru komnar fram sem afleiðing af setningu verðtryggingarákvæða laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl., og hafa nú m. a. verið gerðar á húsnæðismálastjórnarlánum, þarf að kanna möguleikana á því, að breyta kjörum og lánstíma á lánsfé frá lífeyrissjóðum til betra samræmis við væntanleg útlánakjör Byggingarsjóðs.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru tekin af tvímæli um það að Húsnæðismálastofnunin sé sjálfstæð ríkisstofnun, sem lúti sérstakri stjórn en heyri að öðru leyti undir félagsmálaráðuneytið. Er þetta m. a. gert til þess að koma á glöggri verkaskiptingu milli ráðuneytis og stofnunar og er í samræmi við þá þróun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum milli þessara aðila. Þykir því rétt að lögfesta þá framkvæmd.

Húsnæðismálastofnuninni er ætlað að fara með stjórn veðlánakerfis hins opinbera til húsnæðismála þ. m. t. málefni byggingarsjóðanna, Byggingarsjóðs ríkisins, sem annast almenn veðlán, og Byggingarsjóðs verkamanna, sem sér um lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga.

Um 2. gr.

Greinin gerir ráð fyrir að stofnunin starfi í þremur deildum. Annist ein málefni Byggingarsjóðs ríkisins, önnur fari með verkamannabústaði og leiguíbúðir sveitarfélaga og hin þriðja hafi með höndum tæknileg málefni. Þykir slík tilhögun nauðsynleg þar sem um ólíka málaflokka er að ræða, sem hver um sig þarfnast sérhæfðra starfskrafta.

Þá er ríkisbókhaldinu gert að annast allt rekstrarbókhald stofnunarinnar, en það hefur að hluta verið hjá Veðdeild Landsbanka Íslands. Veðdeild er hinsvegar ætlað að annast áfram lánabókhald stofnunarinnar á meðan hún sér um afgreiðslu lána fyrir byggingarsjóðina.

Um 3. gr.

Stjórnarmönnum er fækkað úr 8 í 7 með því að felldur er niður fulltrúi, sem skipaður hefur verið eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Er þetta í samræmi við þær breytingar, sem samkvæmt frumvarpinu verða á samskiptum Húsnæðismálastofnunar ríkisins og Veðdeildar Landsbanka Íslands, sbr. 9. gr. frumvarpsins.

Þá gerir greinin ráð fyrir að húsnæðismálastjórn verði kosin hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum og komi sú tilhögun í stað 4ra ára kjörtímabils, sem verið hefur í lögum. Þykir þessi tilhögun eðlilegri með hliðsjón af því, hve ákvarðanir og stefnumörkun í íbúðalánum hins opinbera varða mikla fjármuni og hljóta að tengjast stefnumótun stjórnvalda á sviði fjárfestingar- og lánamála, ríkisfjármála og raunar einnig félagsmála.

Um 4. gr.

Í greininni eru rakin verkefni húsnæðismálastjórnar. Þarfnast hún ekki sérstakra skýringa, nema hvað rétt þykir að vekja athygli á 3. tölulið. Í honum felst það að stjórnin hafi ekki bein afskipti af einstökum lánveitingum, sem fullnægja lánshæfnisskilyrðum, nema til að ákveða greiðsludaga. Hinsvegar fer stjórnin með úrskurðarvald í öllum ágreinings- og vafamálum.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um að Húsnæðismálastofnun ríkisins sé settur forstjóri í stað framkvæmdastjóra, sem nú er. Slík tilhögun er eðlileg afleiðing af sjálfstæði stofnunarinnar og þeirri verkaskiptingu, sem þar er ráðgerð samkvæmt frumvarpinu. Þá er og gert ráð fyrir að skipaðir séu framkvæmdastjórar, einn fyrir hverja deild stofnunarinnar, sem annist afgreiðslu mála hver í sinni deild undir yfirstjórn forstjóra og stjórnar stofnunarinnar.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um skiptingu reksturskostnaðar og þarfnast ekki skýringa nema hvað tæknideild viðvíkur. Þeirri deild er ætlað að selja þjónustu sína, hvort sem hún er innt af hendi fyrir stofnunina sjálfa eða fyrir aðra aðila, eftir verðskrá, sem ráðuneytið setur samkvæmt 66. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í gildandi lögum um kostnaðarskiptingu milli byggingarsjóðanna og í raun hefur verið stefnt að því síðustu árin að tæknideild stæði undir sér fjárhagslega.

Um 7. gr.

Hér er dregið saman megin hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins, sem skýrist nánar í eftirfarandi greinum.

Um 8. gr.

Um frekari skýringar við þessa grein vísast til almennra athugasemda við frumvarpið.

Þó skal þess sérstaklega getið um 3. tölulið að þar er átt við sérstakt framlag til útlána vegna orkusparandi endurbóta á húsnæði, sem eru mjög hagkvæm þjóðhagslega séð og þá almennu aukningu framlaga til sjóðsins, sem er forsenda hins nýja fyrirkomulags lánveitinga til nýbygginga.

Um 9. gr.

Greinin gerir í fyrsta lagi ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins verði í vörslu Seðlabanka Íslands en skv. gildandi lögum hefur Veðdeild Landsbanka Íslands þetta hlutverk með höndum. Þykir þessi tilhögun eðlilegri m. a. skv. lögum um Seðlabanka Íslands. Auk þess hentar hún betur ef síðar kemst á sú skipan að fleiri innlánsstofnunum verði falin afgreiðsla lána og innheimta þeirra.

Í annan stað kveður greinin á um að Veðdeildin hafi með höndum afgreiðslu og innheimtu lána skv. sérstökum samningi við Byggingarsjóð ríkisins, en hafi ekki með stjórnun veðlánakerfisins að gera að öðru leyti. Til þessa hefur veðdeildin átt beina aðild að stjórn veðlánakerfisins, en frumvarp þetta gerir ráð fyrir að hún flytjist nú alfarið til Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Tekið er upp heimildarákvæði þess efnis að ráðherra geti falið almennum innlánsstofnunum afgreiðslu og innheimtu lána, sem Byggingarsjóður ríkisins veitir. Helsti ávinningur slíkrar tilhögunar er talinn sá, að þjónusta við lántaka verður nær honum en nú við núverandi fyrirkomulag. Jafnframt ætti lántaki auðveldara með að fá fyrirgreiðslu hjá þeirri innlánsstofnun er hann skiptir við, út á væntanlegt húsnæðislán, ef hlutaðeigandi innlánsstofnun annast afgreiðslu lánveitingarinnar. Ákvæðum um þóknun veðdeildar er breytt.

Um 10. gr.

Í greininni eru taldir upp þeir lánaflokkar, sem hinu almenna veðlánakerfi er ætlað að starfrækja. Í 1. og 2. tölulið eru tilgreindir þeir lánaflokkar, sem hafa til þessa verið megin viðfangsefni opinbera íbúðalánakerfisins þ. e. lán til byggingar eða kaupa á nýjum íbúðum og til kaupa á eldri íbúðum, en þær lánveitingar hafa aukist mjög á síðari árum. Í 3. tölulið eru tilgreind lán til íbúða eða dvalarheimila fyrir aldraða svo og til dagvistunarstofnana fyrir aldraða og börn.

Heimildir til slíkra lánveitinga voru samþykktar á Alþingi s. l. vetur (100. löggjafarþingi).

Til lánveitinga skv. 4. og 5. tölulið eru takmarkaðar heimildir í gildandi lögum um Húsnæðismálastofnun en þær eru nú með ýmsum hætti útfærðar mun nánar en áður var. Lán samkv. 6. og 7. tölulið eru nýmæli og sama á að mestu við um lán skv. 8. tölulið.

Til veitingar framkvæmdalána skv. 9. tölulið eru heimildir í gildandi lögum, en tilhögun þeirra er nú breytt í verulegum atriðum.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að áskilið er að sótt sé um nýbyggingarlán áður en framkvæmdir hefjast. Þykir þetta nauðsynlegt til þess að tryggt sé að umsækjanda sé ljóst í tæka tíð hvort umsókn hans verði lánshæf og eigi þess þá kost í tíma að bæta úr hugsanlegum ágöllum.

Jafnframt varðar það Húsnæðismálastofnun miklu, vegna áætlana um væntanlega lánsfjárþörf, að henni berist sem fyrst vitneskja um væntanlegar framkvæmdir.

Um 12. gr.

Í þessari grein er getið þess höfuð nýmælis frumvarpsins að lánsfjárhæð skuli hverju sinni ákvarðast í samræmi við fjölskyldustærð umsækjanda og raunverulega húsnæðisþörf hans í stað þess að vera hin sama fyrir alla eins og er samkv. gildandi lögum.

Í þeirri nýju tilhögun, að miða lánveitingu við raunverulega og hóflega húsnæðisþörf hvers umsækjanda, er fólgin sjálfvirk skerðing á fyrirgreiðslu við þá húsbyggjendur, sem byggja verulega stærra húsnæði en sem svarar venjulegri húsnæðisþörf fólks.

Veitir þessi regla verulegt aðhald og það eins þótt stærðarmörk íbúða séu skv. staðalreglum 6. gr. reglug. höfð í einbýlis-, rað- og parhúsum 20% umfram íbúðastærðir í fjölbýlishúsum. Þá ættu lánskjör sjóðsins að hamla gegn ásókn í lánsfé umfram raunverulega þörf.

Af þessum ástæðum þykja ekki efni til þess að viðhalda flóknum reglum um missir eða skerðingu lánsréttar. Samkv. gr. er lánveiting óheimil í þeim tilvikum einum, að umsækjandi eigi fyrir aðra íbúð, sem hann fyrirhugar ekki að selja, eða hyggist byggja fleiri en eina íbúð. Sama gildir ef hann hefur gerst

brotlegur við ákvæði byggingarlaga eða -reglugerðar enda myndi veðhæfni slíkra framkvæmda oft orka tvímælis.

Vegna fjárþarfar sjóðsins á næstu árum, meðan á uppbyggingu hans stendur, hefur þó þótt rétt að heimila húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingar til þeirra, sem hafa þegar fengið tvisvar áður lán úr veðlánakerfinu. Hljóta möguleikar þeirra til að fjármagna framkvæmdirnar af eigin fé að vera jafnaðarlega betri en annarra. Fastar reglur eru settar um það í 20. gr. reglug. hvernig beita má heimild þessari til skerðingar á lánsréttinum.

Í bráðabirgðaákvæði með frumvarpinu er sú regla sett, að lánveitingar samkv. eldri lögum skuli í þessu efni aldrei taldar fleiri en ein. Eiga því allir rétt til a. m. k. einnar lánveitingar samkv. hinum nýju reglum.

Umsóknum þeirra, sem eru að eignast íbúð í fyrsta sinn, er áskilinn forgangsréttur.

Um 13. gr.

Hér er fylgt þeirri reglu, sem einnig er eftir föngum látin ná til annarra útlánaflokka, að Húsnæðismálastofnun hafi skyldu til að gera lánsumsækjendum grein fyrir lánshæfni umsókna þeirra, svo fljótt sem auðið er, væntanlegum greiðsludögum lánsins og þeim reglum sem gilda um ákvörðun lánsfjárhæðar hverju sinni.

Um 14. gr.

Engar fastar reglur hafa verið í gildandi lögum um fjárhæðir einstakra lána til kaupa á eldri íbúðum, að því einu frátöldu, að fjárhæð þeirra má eigi vera hærri en sem svarar helmingi af nýbyggingarláni á hverjum tíma. Með ákvæðum þessarar greinar er sú stefna mótuð að lánsfjárhæð skuli vera sama hlutfall af umframfjárþörf umsækjanda og gildir það ár fyrir lán til nýbygginga. Rétt þykir að áskilja að eigið fé kaupanda sé eigi talið lægra en 20% enda er reiknað með því hlutfalli eiginfjár við ákvörðun hámarks nýbyggingarlána.

Áskilnaður um að áhvílandi lán séu eigi reiknuð minni en 30% kaupverðs, að meðtöldu láni seljanda, tekur mið af markaðsvenjum og ætti að sporna gegn auknum kröfum um útborgun er lánshlutfallið fer hækkandi.

Sömu heimildir eru til skerðingar lánsréttar og í 12. gr. Ekki er þörf heimildar til að skerða lánsrétt, þótt umsækjandi eigi fyrir íbúð eða aðra tilsvarandi eign. Raunvirði slíkrar eignar telst til eigin fjár kaupanda og minnkar því sjálfkrafa umframfjárþörf hans.

Um 15. gr.

Sjá skýringu við 13. gr.

Um 16., 17. og 18. gr.

Hér er að finna nánari skilgreiningu á lánum skv. 3. tl. 10. gr. til heimila fyrir aldraða og dagvistunarstofnana fyrir börn og aldraða.

Lántakendur geta verið sveitarfélög, stofnanir á þeirra vegum og/eða ríkisins svo og félagasamtök. Gert er ráð fyrir að fram fari könnun á þörfinni fyrir byggingar þessar og að aflað sé umsagnar hlutaðeigandi fagráðuneytis á fyrirhuguðum framkvæmdum. Er þar höfð í huga hugsanleg skipulagning eða heildarstefnumótun þeirra ráðuneyta á viðkomandi sviðum.

Aðalreglan er sú varðandi lánsfjárhæðir, að lán geti numið allt að helmingi kostnaðar. Fjármögnun heimila og stofnana fyrir þroskahefta og öryrkja er skv. nýsettum lögum verkefni sérstaks framkvæmdasjóðs þessara aðila.

Um 19. og 20. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að veita lán til meiri háttar viðbygginga. Í þessari grein eru teknar upp heimildir til lánveitinga vegna endurbóta og endurnýjunar á eldra húsnæði. Með þessari aukningu á lánsrétti er stefnt að því að koma í veg fyrir að eldra húsnæði spillist vegna ófullnægjandi viðhalds og endurnýjunar.

Um 21. og 22. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða gildandi lögum.

Um 23. og 24. gr.

Enda þótt það hafi færst í vöxt að byggðar séu sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða, öryrkja og hreyfihamlaða eru þó mikil brögð að því að þessir hópar þurfi að búa í húsnæði, sem ekki er miðað við sérþarfir þeirra. Breytingar á slíku húsnæði eru oft kostnaðarsamar en lánakerfið hefur þó ekki tekið tillit til þess.

Með ákvæðum þessara greina er komið til móts við þessar sérþarfir með því að heimila lánveitingar til þess að mæta slíkum umframkostnaði, hvort sem um nýjar eða eldri íbúðir er að ræða.

Um 25. og 26. gr.

Með þessum lánaflokki er stefnt að nokkurri jöfnun þess aðstöðumunar, sem nú er milli þeirra sem búa á hitaveitusvæðum og hinna, sem verða að hita íbúðir sínar með mun dýrari orkugjöfum. Með því að heimila þennan lánaflokk er í fyrstu stefnt að því að gera þeim, sem við olíuhitun búa, kleift að ráðast í endurbætur á húsnæði sínu, sem auka einangrun þeirra og draga úr hitunarkostnaði. Þó að slíkir aðilar hafi forgang er gengið út frá að aðrir, sem þurfa að notast við kostnaðarsama orkugjafa til húshitunar, s. s. rafhitun, geti einnig notið aðstoðar. Gert er ráð fyrir sérstakri fjárveitingu af fjárlögum til þessa lánaflokks.

Um 27. og 28. gr.

Lækkun byggingarkostnaðar og stytting byggingartíma er í senn mikið hagsmunamál fyrir byggjendur og þjóðfélagið í heild. Rétt þykir því að örva slíka þróun með því m. a. að heimila sérstakar lánveitingar til þeirra, sem fást við að þróa og taka í notkun tækninýjungar er þýðingu geta haft fyrir byggingariðnaðinn.

Um 29. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í gildandi lögum. Til nýmæla telst þó sú fyrirgreiðsla til viðurkenndra framleiðenda staðlaðra einingahúsa, sem nánar er lýst í 17. gr. reglug. Verksmiðjuframleiðsla húsa er ört vaxandi atvinnugrein og þykir ástæða til að taka nokkurt tillit til sérstöðu hennar í lögunum.

Lántakandi skal viðurkenndur af Húsnæðismálastofnun og felst í því heimild til mats á hæfni og stöðu framkvæmdaaðilans sjálfs svo og til mats á gæðum framleiðslu hans.

Fullnaðar afgreiðsla láns er bundin því skilyrði að kaupsamningi hafi verið þinglýst og að kaupandi sé lánshæfur. Reynslan hefur sýnt, að hér er um að ræða nauðsynlega ráðstöfun til að tryggja hagsmuni kaupenda slíkra íbúða og þykir sú nauðsyn vega mun þyngra en sá kostnaður sem af þessu skilyrði leiðir.

Um 30. gr.

Vísað er til almennra athugasemda við frumvarpið hvað varðar þessa grein.

Um 31. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Húsnæðislán hafa til þessa verið föst fjárhæð og hin sama til allra lánshæfra umsækjenda, að því er nýjar íbúðir snertir.

Með ákvæðum þessarar greinar er hins vegar lagt til að lán verði ákveðinn hundraðshluti af byggingarkostnaði og verði lánahlutfallið m. v. áætlaðan byggingarkostnað staðalíbúða, sem verði mismunandi eftir fjölskyldustærð. Með þessum hætti á að vera tryggt að allir fái hliðstæða fyrirgreiðslu miðað við þarfir.

Um 33. gr.

Byggingarsjóði verkamanna er skv. frumvarpi þessu ætlað að annast lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga og er í greininni skilgreint hvað séu félagslegar íbúðir og hvaða hlutverki þeim er einkum ætlað að gegna.

Um 34. gr.

Þær breytingar frá gildandi lögum, sem gerð er tillaga um varðandi fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna, eru þessar:

a) Tekið er upp ákvæði um að til sjóðsins falli tekjur af eigin fé en slíkt ákvæði er ekki í gildandi lögum.

b) Gert er ráð fyrir að framlag ríkissjóðs verði ákveðinn hundraðshluti af fjármagnsþörf sjóðsins í stað þess að vera jafnhátt framlagi sveitarfélaga eins og nú.
c) Framlag sveitarfélaga verði ákveðið hlutfall af byggingarkostnaði í stað tiltekins gjalds á hvern íbúa í sveitarfélaginu. Lækkar það nokkuð frá því sem er í gildandi lögum.
d) Greiðslur kaupenda íbúða eru lækkaðar úr 20% í 10% af söluverði íbúða.

Gert er ráð fyrir því, að þegar frá líður verði eigið fé sjóðsins í auknum mæli grundvöllur lánveitinga hans.

Í greininni er lögfest sú stefna, sem mörkuð var með samkomulagi verkalýðssamtakanna og þáverandi ríkisstjórnar með yfirlýsingu frá 26. febrúar 1974 og ítrekuð síðan, að Byggingarsjóður verkamanna skuli geta fullnægt lánveitingum til a. m. k. þriðjungs af árlegri íbúðaþörf landsmanna og þá gengið út frá að eftirspurn eftir félagslegum íbúðum verði að því marki.

Um 35. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 36. gr.

Með tilliti til þess með hvaða hætti stefnumótun hefur átt sér stað hvað félagslegar íbúðir snertir, þykir eftir atvikum rétt að gefa heildarsamtökum launafólks tækifæri til þess að hafa áhrif á ákvarðanatöku og fylgjast með framkvæmd á félagslegum þætti veðlánakerfisins. Fjallar grein þessi um með hvaða hætti slíku samráði skuli hagað.

Um 37. gr.

Samkvæmt greininni skulu framkvæmdastjórnir verkamannabústaða starfa í öllum kaupstöðum og kauptúnahreppum landsins en skv. gildandi lögum eru stjórnir verkamannabústaða einungis skipaðar í sveitarfélögum, sem fyrirfram ákveða að byggja verkamannabústaði. Er þessi tilhögun nauðsynleg vegna ákvæða 38. gr.

Þá er sú breyting gerð að fallið er frá því að húsnæðismálastjórn tilnefni fulltrúa í stjórnirnar en gert ráð fyrir að þær séu eingöngu skipaðar fulltrúum hlutaðeigandi sveitarstjórnar og fulltrúum launþegasamtaka í sveitarfélaginu. Þykir þessi tilhögun eðlilegri enda er Húsnæðismálastofnun tryggð með öðrum hætti aðstaða til að rækja eftirlitsskyldu sína með starfsemi framkvæmdastjórnanna.

Um 38. gr.

Megin breytingin á hlutverki framkvæmdastjórna verkamannabústaða er sú, að framkvæmdastjórnunum er í þessari grein gert skylt að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf láglaunafólks, en áður var þetta frumkvæði einvörðungu í höndum sveitarstjórna.

Um 39. gr.

Með þessari grein og 41. grein eru tekin af hugsanleg tvímæli um það, að í frumvarpinu felist einhverskonar skerðing á sjálfsákvörðunarrétti sveitarstjórna. Tillögum er skilað til sveitarstjórnar og hún tekur fullnaðar ákvörðun um áframhaldið.

Um 40. gr.

Hámarksstærð íbúða hefur skv. gildandi lögum verið 100 m2 m. v. fjölbýlishús en rýmri reglur gilt þegar um aðrar húsgerðir hefur verið að ræða. Rétt þykir að hafa eina hámarksstærð hvað sem húsagerð líður og er í gr. m. v. 110 m2.

Um 41. gr.

Vegna tillögugerðar í sambandi við fjárfestingar og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar þykir nauðsynlegt að hafa eindaga á umsóknum sveitarstjórna um lán úr Byggingarsjóði verkamanna og miðast hann við 1. ágúst ár hvert.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 42. gr.

Með því breytta skipulagi tæknideildar, sem stefnt er að í frumvarpi þessu, er ætlast til að hún geti annast samræmingu framkvæmda við félagslegar íbúðabyggingar og ráðgjöf um margvísleg tæknileg efni með það fyrir augum að auka hagkvæmni framkvæmdanna.

Ónógur aðgangur að sérþekkingu á sviði tækni og fjármála hefur oft verið fjötur um fót stjórna verkamannabústaða.

Um 43. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 44. gr.

Lánshlutfall er hækkað úr 80% í 90% af byggingarkostnaði. Að öðru leyti er framkvæmdin með svipuðum hætti og skv. gildandi lögum. Heimild til greiðslu lánsfjár umfram beina verkstöðu er þó nýmæli.

Um 45. gr.

Þau tekjumörk, sem miðað er við í gr., eru valin með hliðsjón af því markmiði að allt að þriðjungi árlegrar íbúðarþarfar landsmanna sé fullnægt með byggingu félagslegra íbúða. Samkvæmt tekjudreifingartölum má ætla að 40% ófaglærðra kvæntra karlmanna séu með laun innan þessara marka en um þriðjungur allra ófaglærðra og iðnaðarmanna samtals.

Tilsvarandi teknamörk samkv. gildandi lögum um verkamannabústaði eru kr. 1 783 þús. fyrir hjón og einhleypa og kr. 163 þús. kr. fyrir hvert barn, samkvæmt framreikningi til sama tíma og hér er miðað við. Hér er því um verulega rýmkun að ræða.

Um 46. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 47. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 48. gr.

Greinin er efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Um 49. gr.

Rétt þykir að binda bann við veðsetningu við 15 ár, en slíkt bann hefur verið ótímabundið.

Um 50. gr.

Sú breyting er hér gerð frá gildandi lögum, að öll lánveitingin kemur frá einum aðila, Byggingarsjóði verkamanna, í stað þess að nú lánar sjóðurinn 80% byggingarkostnaðar að frádregnu venjulegu nýbyggingarláni, sem Byggingarsjóður ríkisins veitir.

Það fyrirkomulag að lána til verkamannabústaða úr báðum byggingarsjóðunum með gjörólíkum lánskjörum var fyrst tekið upp árið 1970 og þykir ekki hafa gefið góða raun.

Auk þess sem lánshlutfall er hækkað er tekin upp full verðtrygging lána en vextir lækkaðir í 0.5% úr 2.125%. Hækkun lánshlutfalls byggist á þeirri skoðun, að í mörgum tilvikum sé það ofviða venjulegri láglaunafjölskyldu að leggja fram af eigin fé 20% byggingarkostnaðarins, enda ekki heimilt að veðsetja íbúðina fyrir öðrum lánum en Byggingarsjóðs verkamanna fyrstu árin og veðhæfi hennar raunar ekki meira en það.

Verðtrygging lánsfjárins er forsenda þess að sjóðurinn geti eflst með eðlilegum hætti og vextir eru í lágmarki.

Með útreikningum, sem skýrðir eru í almennum athugasemdum með frumvarpinu, hefur verið rækilega gengið úr skugga um það að greiðslubyrði lántakenda er með þessum kjörum vel bærileg.

Þá er gjalddögum fjölgað í fjóra á ári.

Fyrirgreiðsla sjóðsins er hin sama við endursölu íbúða, sem byggðar hafa verið eftir þessum lögum og sveitarstjórn leysir til sín á grundvelli kaupskyldu sinnar eða forkaupsréttar. Samkvæmt 34. gr. laganna þarf sveitarstjórn eða ríki ekki að leggja til framlög vegna endursölunnar heldur skal eigið fé sjóðsins notað til að fjármagna þá auknu lánsfjárþörf sem leiðir af verðhækkun íbúðar og endurgreiðslu á framlagi fyrri eigenda.

Um 51. gr.

Í því skyni að tryggja að verkamannabústaðir haldist í félagslegri eign og þjóni áfram upphaflegum tilgangi sínum er tekin upp kaupskylda sveitarstjórna fyrstu 30 árin á þeim íbúðum, sem koma til endursölu. Eftir þann tíma gildir forkaupsréttur sveitarstjórna. Þá er það og nýmæli að ef sveitarstjórn

hafnar forkaupsrétti á íbúð losnar hún að fullu undan kvöðum þeim, sem á henni hvíla. Ákvæði gildandi laga hafa hinsvegar verið túlkuð svo, að kvaðir fylgdu íbúð áfram þrátt fyrir frjálsa sölu.

Það þykir henta best að sveitarfélögin annist endurkaup og sölur þessara íbúða hvert í sínu umdæmi þótt Byggingarsjóðurinn leggi til nauðsynlegt fjármagn.

Um 52. gr.

Reglum um endurkaup hefur verið breytt til samræmis við verðtryggingu lána. Eiga þær að tryggja að seljandi fái raunvirði þess, sem hann hefur greitt.

Um 53. gr.

Greinin er í samræmi við ákvæði gildandi laga.

Um 54. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir að sveitarstjórn geti átt val um það að leysa hluta af húsnæðisþörf láglaunafólks í sveitarfélaginu með byggingu leiguíbúða, einkum fyrir þá, sem lakast eru settir.

Þó er heimilt að leggja til grundvallar ákvörðunar um byggingu leiguíbúða fleiri félagsleg sjónarmið en bágan fjárhag og ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu. Þannig er t. d. í 21. gr. reglugerðar heimilt að leigja þessar íbúðir ungu fólki fyrstu búskaparárin.

Um 55. gr.

Vísast til skýringa við 42. gr.

Um 56. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Þó skal hér á það bent, að framkvæmdalán Byggingarsjóðs verkamanna vegna félagslegra íbúðabygginga eru vaxtalaus. Önnur regla gildir hinsvegar um þau framkvæmdalán, sem veitt eru framkvæmdaaðilum og einingahúsaverksmiðjum úr Byggingarsjóði ríkisins.

Um 58. gr.

Gert er ráð fyrir að lán til leiguíbúða verði sama hlutfall byggingarkostnaðar staðalíbúða og Byggingarsjóður verkamanna veitir til verkamannabústaða en sveitarfélag standi undir þeim kostnaði, sem svarar til framlaga sveitarfélaga og kaupanda til verkamannabústaða.

Um 59. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 60. gr.

Rétt þykir að ráðstöfun allra félagslegra íbúða sé á einni hendi.

Um 61. gr.

Með tilliti til nýtingar á eldra húsnæði þykir rétt að heimila lánveitingu til kaupa á eldri íbúðum til nota sem leiguíbúð, þegar aðstæður mæla með því.

Um 62. gr.

Vísast til skýringa við 51. grein.

Um 63. gr.

Nauðsynlegt þykir að tryggja að verkamannabústaðir, byggðir skv. eldri lögum, haldist í félagslegri eign svo lengi, sem hentugt þykir, sbr. skýringar við 51. gr.

Um 64. gr.

Reglur um endurkaupsverð eldri íbúða eru þær sömu og í gildandi lögum.

Þó er sú breyting gerð að eftirstöðvar verðtryggðra lána eru miðaðar við uppfærðan höfuðstól. Er önnur tilhögun óeðlileg.

Um 65. gr.

Íbúðir, sem sveitarstjórn eignast vegna kaupskyldu eða forkaupsréttar, skulu endurseldar með sömu kjörum og nýjar íbúðir.

Þar sem mismunur kann að verða á endurkaupsverði m. v. reglur 64. greinar og endursöluverði skv. þessari grein, þykir rétt að hann renni til Byggingarsjóðs verkamanna.

Um 66. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 67. gr.

Samkvæmt gildandi lögum ber Húsnæðismálastofnun ríkisins að hafa með höndum margvísleg tæknileg málefni. Hefur þessi þáttur í starfsemi stofnunarinnar farið vaxandi en beinst í auknum mæli að hönnun húsa og teiknivinnu. Ýmis þessi verkefni falla nú betur að verksviði annarra opinberra stofnana og færast því frá stofnuninni.

Þegar litið er til þess megin hlutverks Húsnæðismálastofnunar ríkisins, að hafa á hendi stjórn opinberra sjóða og lánveitinga til íbúðabygginga, þykir nauðsynlegt að efla og afmarka þann þátt í starfsemi stofnunarinnar sem lýtur að því að veita lánveitandanum nauðsynlega tæknilega ráðgjöf og gegna eftirlitshlutverki á vegum hans.

Hinsvegar þykir ýmis sú ráðgjöf og þjónusta, sem deildin hefur veitt almennum húsbyggjendum og sveitarfélögum þess eðlis, að afnám hennar væri skref afturábak. Gerir frumvarpið því ráð fyrir áframhaldi hennar en þó þannig, að skilið verði á milli hennar og þess hluta deildarinnar, sem annast ráðgjöf til stjórnar og eftirlit með framkvæmdum, enda þetta tvennt ekki alltaf samrýmanlegt.

Um 68. gr.

Sjá skýringar við 6. grein.

Um 69. gr.

Sparnaðarskyldan er óbreytt frá gildandi lögum bæði hvað snertir aldur sparenda og launahlutfall.

Um 70. gr.

Tekin er upp full verðtrygging skyldusparnaðar og vextir sömu og á nýbyggingarlánum Byggingarsjóðs ríkisins.

Heimiluð er 5% hækkun lána til skyldusparenda í stað núverandi marks, sem hefur reynst óraunhæft.

Stofnunin starfi í þremur deildum. Fari ein með öll almenn íbúðalán, önnur með málefni Byggingarsjóðs verkamanna og félagslegar íbúðir en sú þriðja skal vera tæknideild.

Sérstakur framkvæmdastjóri skal veita hverri deild forstöðu undir yfirstjórn forstjóra, sem sé í fyrirsvari fyrir stofnunina í heild. Allir hafi þeir sjálfstæðan málskotsrétt til stjórnar. Almennar afgreiðslur verði á höndum framkvæmdastjóra og forstjóra.

Starfsemi tæknideildar verði tvíþætt og aðskilin eftir föngum. Skal annar hluti hennar annast ráðgjöf fyrir stofnunina sjálfa og stjórn hennar um öll tæknileg málefni, semja skilyrði fyrir lánshæfni íbúða, hanna staðalíbúðir og reikna byggingarkostnað þeirra vegna ákvörðunar lánsfjárhæðar, annast nauðsynleg eftirlitsstörf og vera tengiliður við aðra opinbera aðila, sem fást við rannsóknir á sviði byggingar- og húsnæðismála.

Hinn hluti tæknideildarinnar skal sjá um upplýsingamiðlun og ráðgjöf gagnvart almenningi og vera sveitarfélögum og stjórnum verkamannabústaða, sem þess óska, til aðstoðar við undirbúning, útboð og samningagerð vegna félagslegra íbúðabygginga.

Auk þess skal deildin sjá um viðhald og dreifingu teikningasafns stofnunarinnar og afla nýrra lausna og tillagna með opinberum samkeppnum um gerð uppdrátta af húsum og byggingarhlutum.

Um 71. gr.

Samhljóða lögum nr. 87/1975.

Um 72. gr.

Efnislega óbreytt frá gildandi lögum nema hvað ekki þykir lengur ástæða til þess að undanþiggja iðnnema, þar sem meirihluti þeirra stundar nú nám í verknámsskólum og falla því undir sömu ákvæði og annað skólafólk.

Réttarstaða sambýlisfólks er gerð hin sama og hjóna enda þykir slíkt samrýmast best nútímalegum réttarhugmyndum.

Skilgreining sambúðarhugtaksins er hin sama og í lögum um húsaleigusamninga og því mun rýmri en tilsvarandi skilgreining í lögum um almannatryggingar.

Um 73. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

Um 74. gr.

Óbreytt, nema niðurlag samræmt 70. grein.

Um 75. gr.

Óbreytt, nema í niðurlagsákvæði er tekin upp heimild til breytinga á innheimtu skyldusparnaðar. Athugun á breyttri tilhögun stendur yfir og beinist m. a. að því að kanna hvort hagkvæmt sé að innheimta skyldusparnað með sköttum. Þykir því rétt að halda opnum möguleikum til breytinga, ef henta þykir.

Um 76., 77. og 78. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 6. september 1979.

Til ríkisstjórnarinnar.

Meðfylgjandi eru tillögur okkar um nýja stefnumörkun í húsnæðislánamálum, sem samkomulag hefur orðið um.

Ágreiningur er um nokkur atriði þar á meðal um skipun húsnæðismálastjórnar.

Tillögurnar eru að verulegu leyti reistar á greinargerð og útreikningum starfshóps, sem vann að athugun þessara mála á vegum félagsmálaráðuneytisins s. l. vetur, og send hefur verið ráðherrum.

Guðmundur Vigfússon Þráinn Valdimarsson

Georg H. Tryggvason

STEFNUMÓTUN Í HÚSNÆÐISLÁNAMÁLUM

I. Skipulag Húsnæðismálastofnunar

Stjórn Húsnæðismálastofnunar skal kjörin eftir hverjar almennar þingkosningar. Verkefni hennar eru þau helst að móta meginstefnu í málefnum byggingasjóðanna og stofnunarinnar, hafa eftirlit með rekstri og starfsemi stofnunarinnar, leggja fullnaðarúrskurð á tillögur um lánveitingar, samþykkja fjárhagsáætlun, úrskurða ársreikninga og vera ráðgjafi og umsagnaraðili ráðherra í löggjafarmálefnum, sem stofnunina varða.

II. Heildarskipulag veðlánakerfis hins opinbera

Sett verði heildstæð löggjöf sem fjalli um Húsnæðismálastofnun og skipulag hennar í heild en jafnframt um fjármögnun og lánveitingar beggja byggingasjóðanna. Skal þannig stefnt að styrkari heildarstjórn íbúðalána, sveigjanleika í skiptingu fjármagns og samræmdri öflun gagna og úrvinnslu þeirra.

Byggingarsjóðirnir verði sjálfstæðir, en með aðild að þessu heildstæða lánakerfi og undir sameiginlegri stjórn. Af ýmsum ástæðum þykja rök standa til þess að fulltrúum A. S. Í. og B. S. R. B. sé gefinn kostur á að fylgjast með og hafa áhrif á ákvarðanatökur innan félagslega veðlánakerfisins.

III. Ákvörðun lánsfjárhæðar nýbyggingalána

Fallið skal frá þeirri skipan að fjárhæð nýbyggingalána sé hin sama til allra lántakenda. Í staðinn verði sú tilhögun tekin upp að tengja lánsfjárhæð hverju sinni raunverulegri húsnæðisþörf umsækjanda. Lánsfjárhæð verði þannig hlutfall af byggingarkostnaði sérstakrar staðalíbúðar af þeirri stærð sem svarar til fjölskyldustærðar umsækjanda. Staðalíbúðin uppfylli allar lágmarkskröfur um hönnun, gerð og búnað en sé jafnframt hagkvæm og einföld að allri gerð.

Lánshlutfallið verði hið sama árlega fyrir alla húsbyggjendur. Skal það ákveðið af félagsmálaráðherra fyrir eitt ár í senn í tengslum við afgreiðslu fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar ríkisstjórnarinnar, en við það miðað, að árið 1980 verði hlutfallið 30% af byggingarkostnaði og hækki síðan um 5% á ári unz það hefur náð 80% byggingarkostnaðar árið 1991. Mun ríkisstjórnin ábyrgjast þá aukningu framlaga og lána til Byggingarsjóðs ríkisins, sem nauðsynleg er til að þessu markmiði verði náð.

IV. Flokkar útlána

Útlánaflokkar Byggingarsjóðs ríkisins skulu vera 9 talsins:

1. Almenn nýbyggingalán til einstaklinga. Innan þessa flokks rúmast lán til byggingar eða kaupa einstaklinga á nýju húsnæði og er þetta langmikilvægasti lánaflokkurinn. Áður hefur verið gerð grein fyrir þeim reglum, sem ráða lánsfjárhæðinni, en stefnt verður að því að útborgun lánsfjárins tengist framvindu byggingaframkvæmdanna betur en nú er.
2. Lán til byggingar stofnana eða heimila. Hér er einkum átt við dvalarheimili aldraðra og dagvistunarstofnanir fyrir börn. Fjármagn til byggingar stofnana fyrir öryrkja og þroskahefta er hinsvegar tryggt með viðunandi hætti samkvæmt ákvæðum um Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra í lögum nr. 47 30. maí 1979. Lán þessi verði einkum veitt sveitarfélögum en í undantekningartilvikum einnig félagasamtökum enda hafi framkvæmdin félagslegt markmið.
3. Sérstök viðbótarlán til einstaklinga með sérþarfir, svo sem aldraða og öryrkja, til að mæta auknum byggingarkostnaði eða til endurbóta á eldra húsnæði, sem leiðir af sérþörfum þeirra.
4. Lán til kaupa á eldra húsnæði. Þessi lán hafa stóraukist að undanförnu og nema í ár tæpum fjórðungi allra útlána Byggingarsjóðs ríkisins. Markmiðið verði að auka þessi útlán ekki meira en sem svarar vexti þjóðartekna enda má ætla að samfara aukningu nýbyggingarlána frá byggingasjóðunum muni útlánageta annarra lánastofnana til þessara nota aukast. Þá má ætla, að verðtrygging lána í fasteignaviðskiptum muni lækka hlutfall útborgunar í heildarverði eldra húsnæðis. Rétt þykir að halda opnum leiðum fyrir sveitarfélögin til að auka þessi útlán með sérstökum mótframlögum vegna átaka sem þau kynnu að vilja gera til að auka nýtingu eldri bæjarhverfa.
5. Lán til meiri háttar viðhalds, endurnýjunar eða stækkunar á eldra húsnæði. Slík lán munu stuðla að betri nýtingu og varðveislu þess húsnæðis, sem til er, og draga þannig úr þörfinni fyrir nýbyggingar og fjárfestingar í opinberri þjónustu auk þess að geta haft menningarsögulegt gildi.
6. Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði, einkum utan hitaveitusvæða, svo sem til að bæta einangrun o. fl.
7. Lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis. Ætla má, að í þessu efni verði þörf nokkurs átaks á næstu árum, einkum vegna þess að Byggingarsjóði ríkisins hefur nú með lögum verið falið að annast lánveitingar til íbúðarhúsnæðis í sveitum.
8. Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði. Hér er átt við þær aðgerðir eða tilraunir með tækninýjungar sem stuðlað geta að aukinni hagkvæmni og framförum í byggingariðnaði.
9. Lán til framkvæmdaaðila í byggingariðnaði. Þótt slíkar lánveitingar séu eðlilegra verkefni almennra lánastofnana, sem ætla má að þær geti sinnt í auknum mæli er fram í sækir og þörfin fyrir lán þeirra til nýbygginga minnkar, þykir rétt að halda áfram heimild til slíkra lánveitinga. Að því skal þó stefnt að þessi fyrirgreiðsla verði í auknum mæli í formi lánsloforða sem gangi til banka eða annarra lánastofnana vegna skammtímalána er þær veita byggingaraðilum.

Ákvörðun um skiptingu ráðstöfunarfjárins milli útlánaflokka og lánsfjárhæðar innan hvers flokks taki félagsmálaráðherra árlega að fengnum tillögum stjórnar Húsnæðismálastofnunar.

V. Lánskjör

Ársvextir af öllum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins skulu vera 3.5% nema af viðbótarlánum vegna sérþarfa, sem verði vaxtalaus, og skammtímalánum til framkvæmdaaðila skv. 8. og 9. tl. IV. kafla, sem

verði ákveðnir hverju sinni í samræmi við almenna vexti af sambærilegum lánum. Lánstími verði 21 ár á nýbyggingalánum og lánum til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, 16 ár á lánum til sveitarfélaga og félagasamtaka vegna stofnana eða heimila og á lánum til kaupa á eldra húsnæði, 11 ár á viðbótarlánum til einstaklinga með sérþarfir, lánum til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og til orkusparandi breytinga. Lán til tækninýjunga verði til 5 ára og framkvæmdalán til 2ja ára.

Öll langtímalán verði full verðtryggð m. v. lánskjaravísitölu, afborgunarlaus fyrsta árið en endurgreiðist síðan með jöfnum greiðslum vaxta og afborgunar auk verðbóta.

Gjalddagar verði fyrst um sinn eigi færri en fjórir á ári en stefnt að mánaðarlegum greiðslum af nýbyggingalánum samfara hækkun lánahlutfalls. Ætíð sé heimilt að greiða lánin upp á skemmri tíma en hinum almenna lánstíma.

VI. Breyting eldri lánskjara

Vöxtum af eldri lánum, sem eru breytanlegir, skal hagrætt til hækkunar eða lækkunar emð það fyrir augum, að skilmálar þeirra verði í heild sem áþekkastir hinum nýju lánskjörum.

Þeim, sem fengið hafa lán með hlutfallslegri verðtryggingu skal heimilað að skipta á skuldabréfum sínum og nýjum bréfum fyrir eftirstöðvum lánsins með hinum nýju verðtryggingarákvæðum og kjörum, þannig að þeir geti notið ávinnings af þeirri jöfnun greiðslubyrðinnar sem er samfara hinum breyttu lánskjörum.

VII. Skerðing lánsréttar

Víst þykir, að upptaka fullrar verðtryggingar á lánum muni, þegar fram í sækir, hafa töluverð áhrif á eftirspurn eftir íbúðalánum. Þannig má ætla að lántakendur muni í ríkari mæli en nú er takmarka lánsumsóknir sínar við raunverulega fjárvöntun í stað þess að sækja almennt sjálfkrafa um hámarkslán. Af þessum ástæðum er talið óþarft, þótt lán verði hækkuð að mun að gera miklar ráðstafanir til takmörkunar á lántökuréttinum svo sem vegna möguleika umsækjanda á lánsfjáröflun annars staðar frá. Þó þykir rétt að binda lántökuréttinn þeim skilyrðum, að stærð þess húsnæðis, sem umsækjandi byggir eða kaupir, sé ekki meira en 20% umfram stærðarmörk þeirrar staðalíbúðar, sem hæfir hans fjölskyldustærð, og að umsækjandi eigi ekki íbúðarhúsnæði fyrir.

Þó verði lánsrétturinn í öllu falli nægilega rúmur til að leyfa eðlileg íbúðaskipti, sem ráðast af breytingum á högum manna, hvort heldur um er að ræða flutning í minna eða stærra húsnæði en það sem viðkomandi á fyrir.

VIII. Önnur atriði

Gengið skal frá ákveðnum lágmarkskröfum um hönnun, gerð og búnað þess húsnæðis, sem nýbyggingarlán eru veitt til. Það skal vera skilyrði að hús séu hönnuð í MÁT-kerfi svo unnt sé að koma við stöðluðum, forunnum einingum við innréttingar, einstaka byggingarhluta og húsnæðið í heild.

IX. Félagslegar íbúðabyggingar

Löggjöf um lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga þ. e. verkamannabústaða og leiguíbúðir sveitarfélaga skal í meginatriðum grundvölluð á þeim fyrirheitum, sem þáverandi ríkisstjórn gaf launþegasamtökunum með yfirlýsingu frá 26. febrúar 1974 og áréttuð var af fv. félagsmálaráðherra tveim árum síðar.

Þannig skal að því stefnt að unnt verði að fullnægja þriðjungi árlegrar íbúðarþarfar landsmanna með húsnæði byggðu á félagslegum grundvelli, meðan þess gerist þörf. Lán verði 90% af byggingarkostnaði til 33 ára, fullverðtryggð en með aðeins 0,5% ársvöxtum. Tryggt verði með sérstökum reglum að greiðslubyrði af slíkum lánum verði aldrei umfram hóflegt hlutfall af ráðstöfunartekjum láglaunafólks. Íbúðir í verkamannabústöðum skulu að jafnaði byggðar í sambýlishúsum. Stærð þeirra skal miða við húsnæðisþörf umsækjenda en að jafnaði skulu þær þó eigi vera stærri en 110 m^2. Þó skal heimilt að byggja sem verkamannabústaði stærri íbúðir en 110 m^2 í einbýlis- eða raðhúsum, þar sem aðstæður umsækjanda og staðhættir gera slíkt nauðsynlegt, enda hækki þá viðmiðunarmörk endurgreiðslu.

Framkvæmdir og úthlutun íbúða skal vera í höndum sérstakra framkvæmdanefnda í hverju sveitarfélagi sem verði skipaður fulltrúum sveitarstjórna og stéttarfélaga á staðnum. Framkvæmdanefndir skulu skipaðar 6 fulltrúum, 3 tilnefndum af sveitarstjórn og 3 af stéttarfélögum á staðnum. Sveitarstjórn skipi formann. Ákvörðun um framkvæmdamagn og framkvæmdahraða taki sveitarstjórn og húsnæðismálastjórn að undangenginni ítarlegri könnun á húsnæðisþörfinni á hverjum stað. Með sérstökum ákvæðum skal það tryggt að íbúðirnar þjóni áfram félagslegum markmiðum sínum, þrátt fyrir endursölu.

Allt lágtekjufólk skal hafa jafnan rétt til að eignast íbúð í verkamannabústað, óháð aðild að tilteknum verkalýðsfélögum, enda eigi það ekki íbúð fyrir eða samsvarandi eign í öðru formi.

Leiguíbúðir sveitarfélaga skulu einungis ætlaðar til útleigu fyrir láglaunafólk, einstæðar mæður eða aðra þjóðfélagshópa, sem þarfnast vegna félagslegra aðstæðna sérstakrar húsnæðisfyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera.

Lánshlutfall skal vera 70% af kostnaðarverði staðalíbúða en skilmálar að öðru leyti hinir sömu og á venjulegum nýbyggingarlánum.

Það skal vera á valdi sveitarstjórnar hverju sinni, að hve miklu leyti húsnæðisþörf láglaunafólks verði leyst með byggingu leiguíbúða í stað íbúða í verkamannabústöðum.

Fjárþörf Byggingarsjóðs verkamanna verði í megindráttum fullnægt með þeim hætti að hlutaðeigandi sveitarstjórn og ríkissjóður leggi fram 20% hvor sem óafturkræft framlag. Að öðru leyti verði sjóður fjármagnaður með lántökum frá Byggingarsjóði ríkisins (ca. 30%) og lífeyrissjóðum (ca. 20%).

Fylgiskjal II.

Drög að
REGLUGERÐ
um almenn veðlán Byggingarsjóðs ríkisins.

I. KAFLI
Um ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins og lánaflokka.

1. gr.

Ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins, sem varið skal til almennra veðlána, eru tekjur og lánsfé sjóðsins samkvæmt 8. gr. laga nr. og skal útlánum hagað eftir því sem ákveðið er í reglugerð þessari.

2. gr.

Lánaflokkar eru þessir:

1. Lán til kaupa eða byggingar á nýjum íbúðum.
2. Lán til kaupa á eldri íbúðum.
3. Lán til byggingar íbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistunarstofnana fyrir börn og aldraða.
4. Lán til meiriháttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á eldra húsnæði.
5. Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.
6. Sérstök viðbótarlán til einstaklinga með sérþarfir.
7. Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.
8. Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.
9. Lán til framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

3. gr.

Í tengslum við gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar ríkisstjórnarinnar gerir Húsnæðismálastofnun ríkisins árlega áætlun um framkvæmdir á sviði íbúðabygginga og tillögur um lánveitingar til þeirra svo og um lánveitingar til annarra þeirra viðfangsefna, sem talin eru upp í 2. gr. reglugerðar þessarar. Greina skal áætlaða hlutdeild eigin fjár og markaðra tekna í útlánaþörfinni og nauðsynlegar lántökuheimildir, að mati stofnunarinnar. Í tillögunum skal skipta lánveitingum á einstaka útlánaflokka.

Að samþykktri fjárfestingar- og lánsfjáráætlun gerir húsnæðismálastjórn endanlega tillögur til ráðherra um skiptingu ráðstöfunarfjárins. Að fengnu samþykki ráðherra auglýsir Húsnæðismálastofnun síðan ráðstöfunarfé í hverjum lánaflokki um sig og helstu skilyrði, sem lántakendur þurfa að uppfylla. Skal slík auglýsing að jafnaði birt eigi síðar en í desembermánuði ár hvert. Nú kemur í ljós að áætlað ráðstöfunarfé einhverra útlánaflokka er ekki í samræmi við lánsfjárþörfina og skal húsnæðismálastjórn þá gera tillögur til ráðherra um flutning fjármagns milli útlánaflokka.

II. KAFLI

Lán til einstaklinga

4. gr.

Lán samkvæmt 1. tl. 2. gr. skulu veitt einstaklingum, sem fullnægja skilyrðum þessarar reglugerðar, til byggingar eða kaupa á nýjum íbúðum. Þegar fyrir liggur að umsókn uppfylli lánshæfnisskilyrði, skal senda umsækjanda staðfestingu á því, ásamt upplýsingum um þær reglur er ákvarða lánsfjárhæð og væntanlega greiðslutilhögun lánsins. Að jafnaði skulu þeir hafa forgang að lánveitingu sem eru að eignast íbúð í fyrsta skipti.

Fyrsti hluti lánsins, sem nema má allt að 10% af byggingarkostnaði staðalíbúðar samkvæmt íbúðastöðlum Húsnæðismálastofnunar ríkisins, veitist í formi lánsloforðs og kemur til greiðslu eigi síðar en þremur mánuðum eftir að umsækjandi hefur lagt fram vottorð hlutaðeigandi byggingarfulltrúa um að jarðvegsgrunnar húss hafi verið teknir út, enda hafi botnplata hússins verið steypt áður en til útborgunar lánsins kemur. Til tryggingar þessum hluta lánsins skal umsækjandi leggja fram sjálfskuldarábyrgð, sem Húsnæðismálastofnun metur gilda. Lánsloforð þessi má framselja innlánsstofnunum sem síðan veita greiðslu lánsfjárins viðtöku þegar framangreindum skilyrðum er fullnægt.

Annar hluti lánsins, sem nema má allt að 30% af byggingarkostnaði staðalíbúðar, greiðist lántakanda í peningum eigi síðar en 6 mánuðum eftir framvísun vottorðs byggingarfulltrúa um að úttekt hafi farið fram á frágangi ystu klæðningar þaks og klæðningu veggja, ef um timburhús er að ræða, enda hafi húsið náð tilskildu mati samkvæmt virðingargerð skipaðra matsmanna eða tæknideildar Húsnæðismálastofnunarinnar. Áður en til greiðslu kemur á þessum hluta lánsins skal taka 1. veðrétt í hlutaðeigandi framkvæmdum fyrir 1. og 2. hluta lánsins, enda falli þá sjálfskuldarábyrgð úr gildi.

Þriðji og síðasti hluti lánsins, sem nema má allt að 40% af byggingarkostnaði staðalíbúðar, kemur til útborgunar 6 mánuðum síðar en 2. hluti lánsins, enda sé hús/íbúð þá a. m. k. tilbúin undir tréverk og málningu innanhúss og hafi náð tilskildu mati, sbr. 3. mgr. þessarar greinar.

Verði óeðlilegur dráttur á framkvæmdum við byggingu húss eða íbúðar, að dómi Húsnæðismálastofnunar ríkisins, getur stofnunin sagt upp 1. og 2. hluta láns samkvæmt þessari grein, með þriggja mánaða fyrirvara.

Vitji lántakandi ekki lánveitingar innan 6 mánaða frá fyrsta útborgunardegi hvers lánshluta, fellur hún úr gildi.

5. gr.

Hámarkslán á hverja nýja íbúð má nema allt að 80% af byggingarkostnaði staðalíbúðar samkvæmt 6. gr.

Á árunum 1980—1990, að báðum árum meðtöldum, skal þó lánahlutfall aldrei vera lægra en sem hér segir:

Ár	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990
	30%	35%	40%	45%	50%	55%	60%	65%	70%	75%	80%

Eftir árið 1990 skal lánshlutfall haldast óbreytt 80%.

Lánahlutfall hvers árs gildir um lánveitingar til íbúða, sem hafin er smíði á, tímabilið 1. janúar til 31. desember það sama ár. Smíði íbúðar telst hafin þegar úttekt fer fram á jarðvegsgrunni af hálfu byggingarfulltrúa.

Allir lánshæfir umsækjendur eiga rétt til sama lánshlutfalls ár hvert. Þó skal heimilt að veita þeim, sem taka þátt í skyldusparnaði samkvæmt IV. kafla laga nr. rétt til allt að 5% hærra lánahlutfalls en gildir hvert ár, þar til náð er 80% af kostnaðarverði staðalíbúðar, enda nemi samanlagður 3ja ára sparnaður hlutaðeigandi að meðtöldum vöxtum og verðbótum eigi lægri fjárhæð þegar umsókn hans berst en sem svarar þessari aukningu á lánsréttinum.

Nú sækir sparandi ekki um íbúðarlán innan 5 ára frá því að skyldusparnaði lauk og fellur þá réttur hans til hærra láns niður nema sparnaður hans standi óhreyfður þegar umsókn um lán berst, þótt síðar sé. Þegar um er að ræða sameign tveggja eða fleiri skyldusparenda, skal leggja upphæð þeirra saman og njóta þeir þá sama réttar og um einstakling væri að ræða.

6. gr.

Við ákvörðun um lánshæfni umsókna skal fylgt eftirfarandi reglum um íbúðarstærð miðað við fjölskyldustærð umsækjanda:

Staðall I. : Gildir fyrir einstaklinga í sambýlishúsum.
Staðall II. : Gildir fyrir 2—4 manna fjölskyldu í sambýlishúsum.
Staðall III.: Gildir fyrir 5—6 manna fjölskyldu í sambýlishúsum.
Staðall IV.: Gildir fyrir 7 manna fjölskyldu og stærri í sambýlishúsum.

Sambýlishús teljast í þessu sambandi öll hús, þar sem byggðar eru fleiri en ein íbúð undir sama þaki ef þeim fylgir hlutdeild í sameiginlegum stigagöngum, þvottahúsum og öðru, sem til sameignar telst.

Í einbýlishúsum, rað- og parhúsum mega íbúðir vera allt að 20% stærri en í sambýlishúsum.

Staðalíbúð, sem notuð er til viðmiðunar um lánshæfni umsókna, skal miðuð við hóflega íbúð fyrir hlutaðeigandi fjölskyldu og að herbergjafjöldi sé í sem mestu samræmi við fjölskyldustærð umsækjanda.

7. gr.

Kostnaðarverð staðalíbúðar skal miðast við að íbúðir séu hagkvæmar í byggingu, einfaldar en vandaðar að allri gerð og að hönnun og búnaður uppfylli almennar kröfur á hverjum tíma.

Kostnaðarverð staðalíbúða skal endurskoðað í samræmi við breytingu byggingarkostnaðar fjórum sinnum á ári, þ. e. 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert. Reiknast lánsfjárhæð hlutfall af kostnaðarverði staðalíbúðar eins og það verð er hverju sinni þegar lán kemur til útborgunar.

Þegar sótt er um lán til byggingar einstaklingsíbúðar eða íbúðar, sem er minni en staðalíbúð, skal þess gætt að hún sé fullnægjandi fyrir hlutaðeigandi fjölskyldu.

Nú háttar svo til að atvinnuhúsnæði er leyft í íbúðarhúsi, sem sótt er um veðlán til og skal þá húsið þannig hannað, að órofinn steyptur veggur sé milli íbúðar og atvinnuhúsnæðis, sé það samliggjandi. Atvinnuhúsnæðið skal fullnægja settum reglum um slíkt húsnæði þ. á. m. um lofthæð, hreinlætisaðstöðu og annað sem máli skiptir.

8. gr.

Lán samkvæmt 2. tl. 2. gr. er aðeins heimilt að veita einstaklingum til kaupa á eldri íbúðum, enda fullnægi þeir ákvæðum reglugerðar þessarar. Lán þessi hafa þann tilgang að fullnægja í auknum mæli íbúðaþörf landsmanna með bættri nýtingu á því húsnæði, sem þegar er til og greiða fyrir því að þeir, sem búa í óhentugu húsnæði eða við þröngbýli, geti eignast húsnæði við hæfi án þess að ráðast í nýbyggingu.

Heimilt er að hafna eða skerða lánveitingu til þeirra, sem hafa tvisvar áður fengið lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna til nýbygginga eða til kaupa á eldra húsnæði. Lánveitingu má skerða um allt að 50%, þegar umsækjandi fær lán í þriðja sinn, 75% í fjórða sinn en synja eftir það lánveitingu að fullu. Óheimilt er að veita lán til íbúða, sem teljast heilsuspillandi, eða hafa ekki hlotið samþykki hlutaðeigandi byggingaryfirvalda.

Hvert einstakt lán má nema lánshlutfalli viðkomandi árs af kostnaðarverði þeirrar staðalíbúðar, sem gildir til viðmiðunar fyrir hlutaðeigandi fjölskyldu, að frádregnu eigin framlagi umsækjanda, sem ekki má vera minna en 20% af kostnaðarverði staðalíbúðarinnar, og áhvílandi lánum uppfærðum þ. m. t. láni frá seljanda, sem þó reiknist aldrei lægri en 30% af kostnaðarverði staðalíbúðar. Til eiginfjár skal m. a. telja raunvirði eignar umsækjanda í íbúð eða annarri tilsvarandi eign, sem hann á eða hefur átt og getur notað til að fjármagna íbúðakaupin.

Nú er kaupverð íbúðar lægra en kostnaðarverð þeirrar staðalíbúðar, sem gildir til viðmiðunar, og skal þá sannanlegt kaupverð lagt til grundvallar lánveitingu og fjárhæð áhvílandi lána uppfærðra og eiginfjár miðast við það verð.

9. gr.

Lán samkvæmt 4. tl. 2. gr. má aðeins veita einstaklingum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að eldra íbúðarhúsnæði spillist vegna ófullnægjandi viðhalds og endurnýjunar. Lán þessi skal þó aðeins veita að

um meiri háttar viðhald sé að ræða og að kostnaðarmat fyrirhugaðrar framkvæmdar nemi a. m. k. 20% af brunabótamati hlutaðeigandi íbúðar, enda sé um nauðsynlega framkvæmd að ræða að mati Tæknideildar Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

Sá, sem sækir um lán samkvæmt þessari grein, skal leggja fram greinargerð um fyrirhugaðar framkvæmdir, ásamt kostnaðaráætlun verksins, hvort tveggja gert af trúnaðarmanni, sem tæknideild nefnir til.

Lán samkvæmt 4. tl. 2. gr. má ennfremur veita einstaklingum til meiriháttar viðbygginga, enda sé íbúð sú, sem sótt er um lán til stækkunar á, ófullnægjandi að dómi Húsnæðismálastofnunar. Meiri háttar viðbygging telst í þessu tilliti aukning á íbúðarrými, sem nemur ekki minnu en 20 m². Samanlagður gólffletur eldra húsnæðis og fyrirhugaðrar viðbyggingar skal þó vera í samræmi við grunnflatarmál þeirrar staðalíbúðar, sem gildir fyrir hlutaðeigandi fjölskyldustærð. Lánveitingu til viðbyggingar má þó aldrei miða við hærri framkvæmdakostnað en sem svarar til kostnaðar við að byggja sama húsrými í nýbyggingu samkv. I. staðli.

Þegar tvær eða fleiri íbúðir eru í húsi, skulu þær aðskildar að fullu.

Hámarkslán samkvæmt þessari grein má nema sama hundraðshlutfalli framkvæmdakostnaðar og gildir samkvæmt 2. mgr. 5. gr. fyrir það ár sem umsókn berst.

10. gr.

Lán samkvæmt 6. tl. 2. gr. má aðeins veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum, sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir, til byggingar eða kaupa á íbúðarhúsnæði, þegar fyrir liggur, að dómi Húsnæðismálastofnunar, að sérþarfir þessara aðila leiði til aukins byggingarkostnaðar.

Viðbótarlán mega nema allt að 80% af sannanlegum umframkostnaði við framkvæmdir vegna sérþarfa, enda hafi þær verið samþykktar af Húsnæðismálastofnun áður en í þær er ráðist.

Lán þessi má veita til endurbóta á eldra húsnæði og kemur þá slíkt lán til viðbótar láni samkvæmt 2. tl. 2. gr. ef um kaup á eldri íbúð er að ræða.

Nú býr sá, sem fellur undir ákvæði þessarar greinar, í eigin húsnæði, sem þarfnast endurbóta vegna sérþarfa hans, og á hann þá rétt á láni samkvæmt 2. mgr.

Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að veita lán samkvæmt ákvæðum þessarar greinar til þeirra, sem búa í leiguhúsnæði, enda liggi í slíkum tilfellum fyrir húsaleigusamningur til eigi skemmri tíma en 5 ára og samþykki eiganda íbúðar til breytinga eða endurbóta.

Lán samkvæmt 5. mgr. þessarar greinar er heimilt að tryggja með sjálfskuldarábyrgð, sem Húsnæðismálastofnunin metur gilda. Heimilt er að stytta lánstíma í slíkum tilfellum og haga honum í samræmi við lengd húsaleigusamnings.

11. gr.

Lán samkvæmt 7. tl. 2. gr. hafa þann tilgang að draga úr hitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis, einkum þess sem hitað er með olíu. Lán þessi má eingöngu veita einstaklingum til orkusparandi endurbóta á íbúðum og skulu endurbætur miðast við að fullnægt sé ákvæðum í 7. kafla Byggingarreglugerðar nr. 292/1979, gr. 7.5 og 7.6. Lán til fjölföldunar glers í gluggum skal því aðeins veita, að gler sé fjölfaldað í heilum íbúðum með ísetningu verksmiðjuframleidds einangrunarglers í stað einfalds rúðuglers.

Lán samkvæmt þessari grein má ennfremur veita þegar breyta þarf hitakerfi íbúða er þær tengjast nýjum orkugjafa.

Lán þessi mega nema allt að 75% af kostnaði við orkusparandi endurbætur á íbúðarhúsnæði eða af framkvæmdakostnaði við breytingu á hitakerfi.

Óheimilt er að veita lán nema fyrir liggi verklýsing og kostnaðaráætlun, sem gerð sé af sérstökum trúnaðarmanni, sem tæknideild Húsnæðismálastofnunar ríkisins nefnir til, enda séu umrædd gögn samþykkt af tæknideild stofnunarinnar.

Lánin skulu afgreidd í formi lánsloforðs en koma til útborgunar þegar framkvæmdum við endurbætur er lokið samkvæmt vottorði trúnaðarmanns sbr. 4. mgr.

III. KAFLI

Lán til sveitarfélaga og félagasamtaka

12. gr.

Lán samkvæmt 3. tl. 2. gr. má aðeins veita sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagssamtökum, sem hlutaðeigandi sveitarstjórn mælir með til byggingar íbúða eða dvalarheimila fyrir aldraða eða dagvistunarstofnana fyrir börn eða aldraða.

Lán þessi skulu því aðeins veitt að fyrir liggi niðurstaða könnunar, sem sýni þörf framkvæmda á þessu sviði í hlutaðeigandi sveitarfélagi og heilbrigðisráðuneytið mæli með framkvæmdinni, ef um íbúðir, stofnanir eða heimili fyrir aldraða er að ræða en ella menntamálaráðuneytið.

Lánsfjárhæð má nema sama hlutfalli af byggingarkostnaði samkvæmt mati tæknideildar og lánað er til nýbygginga samkvæmt 5. gr. Lán til dvalarheimila eða íbúða fyrir aldraða skal þó aldrei miða við hærra kostnaðarverð fyrir einstakar íbúðir en gildir samkvæmt staðli I í 6. gr., og heildarlánsfjárhæð má aldrei vera hærri en sem svarar 50% áætlaðs kostnaðarverðs íbúða, heimilis eða stofnunar.

Lán, sem veitt eru samkvæmt þessari grein, skulu koma til útborgunar í samræmi við framkvæmdahraða og gerir Húsnæðismálastofnun ríkisins sérstakan framkvæmdalánssamning við þann aðila, sem fyrir framkvæmdum stendur. Í framkvæmdalánssamningi skal kveða á um greiðslu á hlutdeild Byggingarsjóðs ríkisins í fjármögnun framkvæmda, sbr. 3. mgr. þessarar greinar, og skal miða útborgun lánsins hverju sinni við verkstöðu, enda sé hún í samræmi við samþykkta framkvæmdaáætlun verksins. Lokagreiðsla láns skal þó aldrei fara fram fyrr en framkvæmdum er að fullu lokið.

Lán samkvæmt 3. tl. 2. gr. skulu tryggð með veði í hlutaðeigandi framkvæmd, sem Húsnæðismálastofnun ríkisins metur fullnægjandi auk ábyrgðar þess sveitarfélags, sem í hlut á.

13. gr.

Lán samkvæmt 5. tl. 2. gr. er aðeins heimilt að veita sveitarfélögum, sem með skipulegum hætti vinna að byggingu íbúða til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, sem notað er til íbúðar.

Nú leiðir rannsókn, sem sveitarstjórn gengst fyrir, í ljós að í sveitarfélaginu er tiltekinn fjöldi íbúða, sem teljast heilsuspillandi samkvæmt gildandi heilbrigðissamþykkt og ekki verða með endurbótum gerðar íbúðarhæfar og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um nýframkvæmdir til útrýmingar húsnæðisins.

Óski sveitarstjórn aðstoðar veðlánakerfisins við byggingu íbúða í stað þeirra, sem útrýmt verður, skal hún sækja um lán til Húsnæðismálastofnunar ríkisins áður en hafist er handa um framkvæmdir.

Með umsókn skal fylgja greinargerð um það heilsuspillandi húsnæði, sem útrýma á, upplýsingar um hve margt fólk býr í húsnæðinu, ásamt áætlun um framkvæmdahraða við útrýmingu þess.

Lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis geta verið tvenns konar:

a) Lán til byggingar íbúða, sem ætlaðar eru til endursölu til einstaklinga sem áður bjuggu í heilsuspillandi húsnæði. Gilda um þau lán ákvæði 1. tl. 2. gr. reglugerðar þessarar.
b) Lán til byggingar leiguíbúða sem ætlaðar eru þeim, sem áður bjuggu í heilsuspillandi húsnæði. Gilda um þau lán ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. um leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga.

Greiðslu lána samkvæmt staflið a í þessari grein skal haga samkvæmt 4. mgr. 12. gr., eftir því sem við getur átt.

14. gr.

Við ráðstöfun íbúða, sem lán er veitt til samkvæmt 5. tl. 2. gr., er sveitarstjórnum skylt að láta þær fjölskyldur sitja fyrir, sem í lökustu húsnæði búa, hafa mesta ómegð eða eiga, samkvæmt vottorði læknis, við verulega vanheilsu að stríða.

Verði ágreiningur í sveitarstjórn um úthlutun íbúða má skjóta honum til félagsmálaráðuneytisins, sem fellir fullnaðarúrskurð.

Sveitarstjórn skal leggja fram vottorð hlutaðeigandi lögreglustjóra um að hið óhæfa húsnæði hafi verið tekið úr notkun, sem íbúðarhúsnæði, áður en til lokagreiðslu kemur á láni samkvæmt 13. gr.

IV. KAFLI

Lán til fyrirtækja og tækninýjunga í byggingariðnaði

15. gr.

Lán samkvæmt 8. tl. 2. gr. má veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, sem þróa tæknilegar aðferðir og nýjungar, sem leitt geta til lækkunar byggingarkostnaðar, styttingar byggingartíma eða stuðla með öðrum hætti að aukinni hagræðingu í byggingariðnaði.

Sá, sem óskar eftir láni samkvæmt 1. mgr. skal senda Húsnæðismálastofnun ríkisins erindi þar um ásamt greinargerð og kostnaðaráætlun um verkefni það, sem vinna skal. Telji tæknideild stofnunarinnar umsóknina lánshæfa gerir deildin tillögu um lánveitingu með hliðsjón af eðli og umfangi verkefnisins og kostnaði við að taka nýjung í notkun.

Lán samkvæmt þessari grein má veita gegn sjálfskuldarábyrgð sem Húsnæðismálastofnun ríkisins metur gilda.

16. gr.

Lán samkvæmt 9. tl. 2. gr. má veita viðurkenndum framkvæmdaaðilum í byggingariðnaði, sem byggja íbúðir í fjöldaframleiðslu, er fullnægja lánareglum Húsnæðismálastofnunar ríkisins og seldar verða lánshæfum einstaklingum. Íbúðir skulu byggðar í sambýlis- eða einbýlishúsum, eigi færri en 8 í sama byggingaráfanga, og afhendast fullbúnar nema Húsnæðismálastofnunin samþykki annað. Söluverð íbúða, sem njóta framkvæmdalána, skal háð samþykki Húsnæðismálastofnunarinnar.

Framkvæmdalán skulu veitt í formi lánsloforðs, sem framkvæmdaaðili framselur viðskiptabanka sínum eða annarri viðurkenndri innlánsstofnun gegn veitingu skammtímaláns, enda hafi lánastofnunin samþykkt verk- og fjármagnsáætlanir framkvæmdaaðilans.

Lánsloforðin greiðast í peningum samkvæmt ákvæðum 4. gr. Það er þó skilyrði fyrir útborgun 3ja og síðasta hluta láns að kaupsamningi um íbúðina hafi verið þinglýst og að tæknideild Húsnæðismálastofnunar staðfesti að framkvæmdaaðili hafi að fullu og öllu staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupendum íbúðanna.

17. gr.

Heimilt er að veita „viðurkenndum" framleiðendum staðlaðra einingarhúsa framkvæmdalán samkvæmt 9. tl. 2. gr. í slíkum tilfellum veitist lánsloforð þegar fyrir liggur staðfestur samningur um sölu.

Þegar húseiningar eru afhentar frá verksmiðju samkvæmt vottorði byggingarfulltrúa eða trúnaðarmanna stofnunarinnar er heimilt að greiða sem nemur 30% af kostnaðarverði tilsvarandi staðalíbúðar. Að öðru leyti fer um útborgun lána svo sem kveðið er á um í 4. og 16. gr.

Framleiðendur einingarhúsa, sem njóta lána samkvæmt þessari grein, skulu leggja fram bankaábyrgð fyrir framkvæmdaláni þar til framleidd hús eru veðhæf að dómi Húsnæðismálastofnunarinnar.

V. KAFLI

Lánsumsóknir, fylgigögn og lánshæfni

18. gr.

Þeir aðilar, sem sækja vilja um lán samkvæmt reglugerð þessari, skulu senda umsóknir sínar til Húsnæðismálastofnunar ríkisins á þar til gerðum eyðublöðum, sem stofnunin lætur í té. Umsækjanda ber að veita þær upplýsingar, sem umsóknareyðublaðið segir til um og láta fylgja þau gögn, sem krafist er í hverju tilfelli. Vísvitandi rangar upplýsingar, svo og ef brugðið er út frá þeim reglum og skilyrðum, sem í gildi eru, svifta umsækjanda lánarétti um tiltekinn tíma eða að fullu, eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar. Í slíkum tilfellum getur húsnæðismálastjórn sagt upp veittu eða samþykktu láni fyrirvaralaust.

19. gr.

Lánsumsóknum einstaklinga skulu fylgja þessi gögn, nema annars sé getið á umsóknareyðublaði:

a) Lóðasamningur eða staðfest afrit af honum. Hafi lóðasamningur ekki verið gerður, skal fylgja umsókn yfirlýsing landeiganda um leiguréttindi og leigutíma. Sé um eignarlóð að ræða skulu fylgja sönnunargögn um eignarhald.

b) Teikning af hlutaðeigandi íbúð í 2 eintökum með árituðu samþykki byggingaryfirvalda. Í áritun skal tilgreina dagsetningu samþykktar. Þessi áritun byggingaryfirvalda skoðast sem fullnaðarsamþykkt á því að staðsetning húss og hönnun sé í samræmi við byggingarskilmála. Sé um að ræða íbúð í sambýlishúsi skal tilgreint með raðtölum hvar íbúð er staðsett í húsinu.

Ef sótt er um lán til kaupa á eldri íbúð og ekki er fyrir hendi teikning af íbúðinni, skal fylgja umsókn nákvæm lýsing á íbúðinni, gerð af hlutaðeigandi byggingarfulltrúa, þar sem tilgreindur sé aldur íbúðar, fasteigna- og brunabótamat og annað, sem máli skiptir.

Þegar um meiri háttar viðbyggingu er að ræða skal teikning einnig sýna stærð og gerð þess húss, sem byggja á við.

Umsóknum um lán til endurbóta og endurnýjunar á eldra húsnæði, sérstakra viðbótarlána til einstaklinga með sérþarfir og lánum til orkusparandi breytinga á húsnæði, skal fylgja ýtarleg lýsing á því, sem framkvæma á, ásamt kostnaðaráætlun trúnaðarmanns Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

c) Yfirlýsing skattstjóra eða umboðsmanns hans um efnahag og tekjur umsækjanda á þar til gerðu eyðublaði, þar sem m. a. séu upplýsingar um það hvort umsækjandi eigi eða hafi átt íbúð eða aðra tilsvarandi eign.

d) Vottorð sveitarstjórnar um fjölskyldustærð, nöfn og aldur fjölskyldumanna svo og lögheimili.

e) Vottorð byggingaryfirvalda um eftirtalin byggingarstig, þegar þeim er náð:
1) úttekt á jarðvegsgrunni húss.
2) úttekt á frágangi ystu klæðningar þaks og ystu klæðningar veggja að því er timburhús varðar.

f) Vottorð tryggingayfirlæknis, þegar um er að ræða aldraða, öryrkja, fólk með skerta starfsorku eða hreyfihamlaða.

g) Önnur gögn, sem Húsnæðismálastofnunin kann að telja nauðsynleg. Umsækjendur, sem kaupa íbúðir í smíðum eða fullgerðar, skulu einnig senda staðfest afrit af kaupsamningi, þegar kaup hafa verið gerð.

20. gr.

Við úrskurð um lánshæfni umsókna vegna byggingar eða kaupa á nýjum íbúðum, sbr. 1. tl. 2. gr., er óheimilt að veita lán til þeirra, sem svo stendur á um sem hér segir:

a) Eiga fullnægjandi íbúð, sem ekki er fyrirhugað að selja vegna nýbyggingar eða kaupa á annarri íbúð.
b) Hafa brotið gegn ákvæðum byggingarlaga eða byggingarreglugerðar.
c) Byggja fleiri en eina íbúð.

Nú hefur sá, sem sækir um lán til nýbyggingar, fengið tvisvar lán úr opinbera veðlánakerfinu og er þá húsnæðismálastjórn heimilt að skerða lán til hans um allt að 50% í þriðja sinni og um allt að 75% í fjórða sinn en synja að fullu eftir það. Við mat á skerðingu láns skal taka tillit til raunverulegrar lánsfjárþarfar umsækjanda og raunvirði eignar hans í íbúðum þeim, sem hann áður hefur fengið lán til.

Fylgiskjal III.

Drög að
REGLUGERÐ
um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar.

I. KAFLI
Markmið sjóðsins og ráðstöfunarfé.

1. gr.

Félagslegar íbúðir, sem veitt eru til lán samkvæmt reglugerð þessari, eru:

a) Verkamannabústaðir, sem byggðir eru á vegum framkvæmdastjórna verkamannabústaða í kaupstöðum og kauptúnahreppum landsins, og ætlaðir eru til sölu handa láglaunafólki.

b) Leiguíbúðir, sem byggðar eru af sveitarfélögum og ætlaðar eru til útleigu með hóflegum kjörum handa láglaunafólki eða öðrum þeim, sem af félagslegum ástæðum þarfnast aðstoðar við húsnæðisöflun.

2. gr.

Ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs verkamanna, sem varið skal til útlána til félagslegra íbúðabygginga, eru tekjur þær og lánsfé sem greinir í 34. gr. laga nr. , og skal lánveitingum hagað eftir því sem ákveðið er í þeim lögum og nánar kveðið á um í reglugerð þessari.

II. KAFLI

Um byggingu verkamannabústaða.

3. gr.

Að afstöðnum hverjum reglulegum sveitarstjórnarkosningum, skulu sveitarstjórnir í kaupstöðum og kauptúnahreppum landsins kjósa hlutbundinni kosningu 3 menn í framkvæmdastjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu og jafn marga til vara, og tilkynna félagsmálaráðuneytinu nöfn þeirra, sem kosningu hafa hlotið. Ráðherra óskar síðan tilnefningar fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í hlutaðeigandi sveitarfélagi á tveimur mönnum í framkvæmdastjórnina og fulltrúafundar opinberra starfsmanna í sveitarfélaginu á einum manni. Jafnmargir skulu tilnefndir til vara á sama hátt.

Að fengnum þessum tilnefningum skipar ráðherra framkvæmdastjórn verkamannabústaða og skal kjörtímabil hennar vera hið sama og sveitarstjórnar.

Þar, sem ekki er starfandi fulltrúaráð verkalýðsfélaga skulu stjórnir þeirra verkalýðsfélaga, sem starfandi eru í sveitarfélaginu, sameiginlega annast tilnefninguna. Nú er ekkert verkalýðsfélag starfandi og getur þá ráðherra óskað tilnefningar þess fulltrúaráðs eða félaga, sem hafa sveitarfélag það, sem hlut á að máli, sem samningssvæði.

Framkvæmdastjórnarmenn skulu eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Ráðherra skipar formann og varaformann framkvæmdastjórnar verkamannabústaða úr hópi þeirra sem sveitarstjórn tilnefnir.

4.gr.

Framkvæmdastjórn verkamannabústað skal halda fundi svo oft sem þörf krefur. Formaður kveður stjórnina til funda og stjórnar þeim. Skylt er að kalla saman stjórnarfund innan tveggja sólarhringa sé þess óskað skriflega af stjórnarmanni, enda tilgreini hann fundarefni. Haldin skal gerðabók á stjórnarfundum og þar skráðar allar veigamiklar ákvarðanir stjórnarinnar. Allir stjórnarmenn, sem fund sitja, skulu undirrita fundargerð. Sérhver framkvæmdastjórnarmaður á rétt til að láta færa til bókar sérálit sitt eða sératkvæði. Engin ákvörðun er lögmæt nema fjórir framkvæmdastjórnarmenn hafi greitt henni atkvæði. Náist ekki slíkur meirihluti við atkvæðagreiðslu um einstakar ákvarðanir, má endurtaka atkvæðagreiðslu og telst þá ákvörðun lögmæt ef meirihluti stjórnarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni og þrír stjórnarmanna samþykkja ákvörðunina. Að öðru leyti setur framkvæmdastjórnin sér sjálf fundarsköp.

Ráðherra ákveður laun framkvæmdarstjórnarmanna og teljast þau til byggingarkostnaðar.

5. gr.

Hlutaðeigandi sveitarsjóður annast bókhald og sjóðsgreiðslur vegna þeirra byggingarframkvæmda, sem framkvæmdastjórn verkamannabústaða hefur með höndum í sveitarfélaginu, enda skal framkvæmdastjórnin ávísa sveitarsjóði lánum frá Byggingarsjóði verkamanna.

Allir reikningar yfir kostnað við byggingarframkvæmdir skulu samþykktir og áritaðir af formanni framkvæmdastjórnar eða þeim, sem stjórnin hefur falið slíkt umboð.

Fé það, sem sveitarsjóður veitir viðtöku samkvæmt þessari grein, skal lagt inn á sérstakan reikning í viðurkenndri innlánsstofnun og er óheimilt að greiða af honum annað en það, sem telst til byggingarkostnaðar samkvæmt reglugerð þessari.

Framkvæmdastjórn skal árlega gera reikningsyfirlit vegna framkvæmda, sem í gangi eru, og senda það sveitarstjórn og Húsnæðismálastofnun ríkisins, áritað af kjörnum endurskoðendum sveitarstjórnar.

Halda skal sérstakan reikning fyrir hvern byggingaráfanga. Að loknum hverjum áfanga gerir framkvæmdastjórn heildarreikning um byggingarkostnað og skiptingu hans á einstakar íbúðir í áföngunum.

6. gr.

Þegar eftir skipun sína, skal framkvæmdastjórn verkamannabústaða gangast fyrir könnun á húsnæðisþörf láglaunafólks í sveitarfélaginu í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórn. Könnun þessa skal framkvæma með þeim hætti að auglýsa opinberlega eftir væntanlegum umsækjendum um íbúðir í verkamannabústöðum. Í auglýsingu skal koma skýrt fram hverjir eigi rétt til kaupa á verkamannabústað og hver greiðslukjör eru.

Framkvæmdastjórn lætur útbúa eyðublöð til öflunar upplýsinga um hagi væntanlegra umsækjenda og auglýsir hvar þau liggi frammi.

Eftirfarandi upplýsinga skal afla:

1. Um húsnæðisaðstöðu.
2. Um fjölskyldustærð.
3. Um tekjur og eignir.
4. Um lögheimili.
5. Um fjárhagslega getu til greiðslu útborgunar.

Með allar persónulegar upplýsingar skal framkvæmdastjórn fara sem trúnaðarmál.

7. gr.

Á grundvelli könnunar skv. 6. gr. semur framkvæmdastjórn verkamannabústaða rökstudda greinargerð um þörfina fyrir byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu og gerir tillögur um þann fjölda íbúða, sem byggja skal. Gera skal í tillögunum grein fyrir æskilegum íbúðastærðum, húsagerðum og framkvæmdatíma. Greinargerðina og tillögur sínar sendir framkvæmdastjórn sveitarstjórn þeirri sem í hlut á en afrit til Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

8. gr.

Nú samþykkir sveitarstjórn að hefja byggingu verkamannabústaða samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnar verkamannabústaða og tilkynnir hún þá ákvörðun sína til Húsnæðismálastofnunar ríkisins fyrir 2. september árið áður en framkvæmdir eiga að hefjast.

Með umsókn sveitarstjórnar skal fylgja:

1. Tillöguuppdráttur af fyrirhuguðum íbúðum, sem sýni gerð, fjölda og stærð íbúða.
2. Drög að smíðalýsingu (útboðslýsingu) þar sem m. a. komi fram hvaða byggingaraðferðum er fyrirhugað að beita við framkvæmdirnar.
3. Sundurliðuð áætlun um byggingarkostnað.
4. Verkáætlun, þar sem m. a. komi fram hvenær fyrirhugað er að hefja framkvæmdir og ljúka þeim.

Með umsókn skal fylgja yfirlýsing sveitarstjórnar um greiðslu á framlagi sveitarfélagsins til byggingar verkamannabústaða sem nemi 20% af byggingarkostnaði.

9. gr.

Húsnæðismálastjórn skal afla álitsgerðar tæknideildar Húsnæðismálastofnunarinnar um umsóknina og tekur hún síðan ákvörðun um hvort fyrirhuguð framkvæmd samrýmist ákvæðum reglugerðar þessarar. Sé svo heimilar húsnæðismálastjórn hlutaðeigandi framkvæmdastjórn að hefja lokaundirbúning og gera endanlega byggingaráætlun en gerir ella grein fyrir ágöllum og nauðsynlegum úrbótum á umsókninni.

Þegar sveitarstjórn hefur fyrir sitt leyti samþykkt endanlega áætlun, heimilar húsnæðismálastjórn að framkvæmdir megi hefjast. Jafnframt gerir Húsnæðismálastofnun ríkisins framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi framkvæmdastjórn.

10. gr.

Framlag sveitarfélags, skv. 8. gr., skal greitt Byggingarsjóði verkamanna í samræmi við samþykkta framkvæmdaáætlun, og greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga framlagið af væntanlegu framlagi sjóðsins til sveitarfélags þess, sem hlut á að máli. Hlutaðeigandi sveitarfélag tilkynnir Jöfnunarsjóði skuldbindingar sínar í þessum efnum en Byggingarsjóður verkamanna annast innheimtu framlagsins.

Nú valda verðbreytingar eða aðrar ástæður því, að byggingarkostnaður verður hærri en kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir, og tilkynnir þá Byggingarsjóður Jöfnunarsjóði þær breytingar sem verða af þessum sökum á framlagi sveitarfélags til framkvæmdanna. Afrit af tilkynningu þessari sendir Byggingarsjóður sveitarstjórn þeirri, sem í hlut á.

11. gr.

Íbúðir í verkamannabústöðum skulu þannig hannaðar, að þær séu einfaldar að allri gerð, hóflegar að stærð, búnar venjulegum nútíma þægindum en án alls íburðar.

Stærðir íbúða skal miða við fjöskyldustærð þeirra, sem íbúðirnar eru ætlaðar samkvæmt íbúðastöðlum Húsnæðismálastofnunar ríkisins án álags. Að jafnaði má þó íbúð í verkamannabústað ekki vera stærri en 110 m² nema fyrir fjölskyldur, sem telja 8 manns eða fleiri, eða þar sem heimiluð er bygging einbýlishúsa.

Verkamannabústaðir skulu byggðir úr varanlegu efni og uppfylla lágmarkskröfur um hönnun, gerð og búnað. Íbúðunum skal skila fullgerðum, þ. á m. sameign og lóð.

12. gr.

Framkvæmdastjórnir verkamannabústaða skulu kosta kapps um að íbúðir, byggðar á þeirra vegum, séu svo ódýrar í byggingu sem frekast er kostur. Framkvæmdir skal fela viðurkenndum byggingarverktökum á samkeppnisgrundvelli með sem víðtækustum útboðum. Kaup efnis og búnaðar til íbúðanna skal fara fram að undangengnum útboðum, þar sem þess er kostur.

Þegar um stóra byggingaráfanga er að ræða skal áhersla lögð á að beita fjöldaframleiðsluaðferðum, bæði hvað varðar hús og húshluta.

Tæknideild Húsnæðismálastofnunarinnar skal vera framkvæmdastjórnum til ráðuneytis um þau atriði sem fjallað er um í þessari grein.

13. gr.

Rétt til kaupa á verkamannabústað eiga þeir einir, sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi þegar könnun skv. 6. gr. fer fram.
2. Eiga ekki íbúð fyrir eða samsvarandi eign í öðru formi, sem gerir hlutaðeigandi kleift að leysa húsnæðismál sín af eigin rammleik.
3. Hafa ekki á síðustu þremur árum haft hærri tekjur en nemur viðmiðunartekjum skv. 45. gr. laga nr. staflið C.

Nú býr íbúðareigandi við ófullnægjandi húsnæðisskilyrði samkvæmt vottorði héraðslæknis og er þá heimilt að undanþiggja hann ákvæði 2. tl. hér að framan.

14. gr.

Eigi síðar en 6 mánuðum áður en byggingu verkamannabústaða á að ljúka samkvæmt framkvæmdaáætlun, skal framkvæmdastjórn verkamannabústaða auglýsa íbúðirnar opinberlega til sölu.

Í auglýsingu skal koma fram hverjir eigi rétt til íbúða í verkamannabústað, fjöldi og gerð íbúða og lágmarksfjölskyldustærð fyri hverja íbúðargerð. Ennfremur áætlaður afhendingartími íbúða og greiðsluskilmálar.

Umsóknarfrestur um íbúðir má eigi vera skemmri en 3 vikur frá birtingu auglýsingar.

Nú berast framkvæmdastjórn fleiri gildar umsóknir en unnt er að fullnægja og skal þá láta þá ganga fyrir, sem lægstar hafa tekjur, búa við lakasta húsnæðisaðstöðu, svo sem þröngbýli, heilsuspillandi húsnæði eða sæta óhagstæðum leigukjörum. Barnmargar fjölskyldur skulu að öðru jöfnu ganga fyrir um íbúðakaup. Við mat fjölskyldustærðar skal eingöngu miða við þá, sem eru heimilisfólk umsækjanda skv. þjóðskrá. Undantekningu má þó gera þegar þröngbýli veldur því að eðlileg fjölskyldubönd rofna um stundarsakir.

Framkvæmdastjórn verkamannabústaða tekur ákvörðun um ráðstöfun íbúða samkvæmt þessum reglum, hæfilegum tíma áður en íbúðir eru tilbúnar til afhendingar. Jafnframt ákveður hún eindaga á greiðslu kaupenda, sem nema skal 10% af söluverði íbúðar, og greiðist í tvennu lagi. Fyrri helmingurinn greiðist innan 8 vikna frá dagsetningu tilkynningar um úthlutun íbúðar, en síðari helmingurinn þegar framkvæmdastjórn ákveður, þó ekki fyrr en framkvæmdir eru hálfnaðar. Standi umsækjandi eigi í skilum með þessar greiðslur innan tilskilins frests, fellur réttur hans til íbúðarinnar niður. Skal honum þá endurgreidd sú fjárhæð, sem hann kann að hafa greitt, án vaxta eða verðbóta.

Verði ágreiningur í framkvæmdastjórn verkamannabústaða um ráðstöfun íbúða, má skjóta honum til félagsmálaráðuneytisins, sem fellir fullnaðarúrskurð um ágreininginn.

15. gr.

Áður en afhending verkamannabústaða fer fram, skal fara fram úttekt á íbúðinni af hálfu tæknideildar Húsnæðismálastofnunarinnar. Við úttektina skal tæknideild ganga úr skugga um að öllum byggingarskilmálum hafi verið fullnægt og að íbúðin sé fullgerð og tilbúin til afhendingar.

Við afhendingu fær kaupandi í hendur skriflegt afsal fyrir íbúðinni gegn yfirtöku áhvílandi skuldar við Byggingarsjóð verkamanna, enda hafi kaupandi staðið skil á eigin greiðslum skv. 14. gr.

Í afsali skal tekið fram, að íbúðin sé háð ákvæðum laga nr. , eins og þau eru á hverjum tíma. Þá skal í afsali kveða á um skyldu íbúðareiganda til þátttöku í húsfélagi með öðrum íbúðareigendum í sambýlishúsum, sem m. a. annist sameiginlegt viðhald húsa, sameiginlegar greiðslur vegna sameignar og annað, sem framkvæmdastjórn verkamannabústaða ákveður að húsfélag skuli annast.

Söluverð íbúða í verkamannabústöðum skal þannig fundið, að framkvæmdastjórn skiptir heildarbyggingarkostnaði á einstakar íbúðir í samræmi við ákvæði reglugerðar um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum nr. 281 25. júní 1976. Tæknideild skal staðreyna raunverulegan byggingarkostnað og staðfesta útreikninga um hlutdeild hverrar íbúðar í heildarkostnaði.

Eigi skal greiða stimpilgjöld af afsölum fyrir verkamannabústað, en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

III. KAFLI

Takmarkanir á veðsetningu og ráðstöfun verkamannabústaða. Kaupskylda og forgangsréttur sveitarfélaga.

16. gr.

Fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals er íbúðareiganda óheimilt að veðsetja verkamannabústað fyrir öðrum lánum en þeim, sem á íbúðinni hvíla frá Byggingarsjóði verkamanna.

Eftir þann tíma getur Byggingarsjóður heimilað veðsetningu til tryggingar öðrum lánum, þó aldrei fyrir hærri fjárhæð en svo, að þau lán að viðbættu áhvílandi láni sjóðsins uppfærðu, nemi að eftirstöðvum eigi hærri fjárhæð en 75% af brunabótamati hlutaðeigandi íbúðar.

Óheimilt er eiganda að leigja íbúð í verkamannabústað nema með samþykki sveitarstjórnar þeirrar sem í hlut á og er sá leigusamningur ógildur, sem gerður er án samþykkis sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur bundið samþykki sitt til útleigu íbúðar skilyrðum um fjárhæð leigunnar og leigutíma.

Nú vill íbúðareigandi selja íbúð sína og skal hann þá tilkynna hlutaðeigandi sveitarstjórn þá ákvörðun. Sveitarstjórn er skylt að kaupa slíka íbúð fyrstu 30 árin frá útgáfu upphaflegs afsals. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt að þeim íbúðum, sem boðnar eru til sölu.

17. gr.

Þegar sveitarstjórn leysir til sín íbúð í verkamannabústað, sem byggð hefur verið samkvæmt reglugerð þessari, vegna kaupskyldu eða forkaupsréttar, skal kaupverð hennar ákveðið með eftirgreindum hætti. Seljandi skal fá greitt það, sem hann greiddi í upphafi af kaupverði hennar, þ. e. 10% af kostnaðrverði íbúðarinnar. Auk þeirrar fjárhæðar fær seljandi greitt 3% af upphaflegu kaupverði íbúðar fyrir hvert ár, sem íbúðin var í eigu hans að undanskildu fyrsta árinu. Við þennan hundraðshluta skal leggjast hækkun samkvæmt lánskjaravísitölu frá þeirri meðaltalsvísitölu sem gilti á afhendingartíma íbúða í sama byggingaráfanga til þeirrar lánskjaravísitölu, sem gildir á afsalsdegi. Við sölu íbúðar skal fyrning reiknast 1% á ári. Ef um verulegar endurbætur á íbúð er að ræða, skal við sölu taka hæfilegt tillit til þess. Sama gildir ef verðmæti íbúðar rýrnar verulega vegna skorts á viðhaldi. Báðum aðilum er rétt að krefjast mats á verðmæti endurbóta eða verðrýrnun, verði ekki um það samkomulag.

Nú hafnar sveitarstjórn forkaupsrétti sínum skv. 4. mgr. 16. gr. og er þá íbúðareiganda frjálst að selja íbúð sína öðrum aðila, enda greiði hann að fullu eftirstöðvar láns Byggingarsjóðs verkamanna. Sveitarstjórn skal þá gefa út yfirlýsingu til þinglýsingar, um að niður séu fallnar allar kvaðir, sem verið hafa á íbúðinni hvað varðar forkaupsrétt og takmarkanir á ráðstöfunarrétti.

Íbúðir, sem sveitarstjórn eignast samkvæmt þessari grein skulu endurseldar samkvæmt sömu reglum og gilda við upphaflega úthlutun íbúðar. Skal Byggingarsjóður verkamanna veita á ný lán til þess er endurkaupir íbúðina af sveitarfélaginu samkvæmt 50. gr. laga nr.

Sveitarstjórn getur falið framkvæmdastjórn verkamannabústaða endurráðstöfun íbúða samkvæmt þessari grein.

18. gr.

Kaupskylda sveitarfélaga skv. 51. gr. laga nr. tekur einnig til íbúða í verkamannabústöðum, sem byggðar hafa verið samkvæmt eldri lögum um verkamannabústaði, enda sé forkaupsréttur ekki þegar fallinn niður af þeim lögum samkvæmt. Sama gildir um íbúðir sem byggðar hafa verið samkvæmt

lögum nr. 97/1965. Gildir kaupskyldan í 30 ár frá undirritun kaupsamninga eða útgáfu upphaflegs afsals fyrir íbúð þeirri, sem í hlut á. Eftir þann tíma á sveitarstjórn forkaupsrétt að þessum íbúðum.

19. gr.

Kaupverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en kostnaðarverð hennar eða síðasta kaupverð, að viðbættri verðhækkun, sem samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á kostnaðarverði íbúðarinnar, nema þess hluta, er svarar til láns úr Byggingarsjóði verkamanna og eftir stendur, þegar forkaupsréttar er neytt. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá fyrningu, 1% á ári af framreiknuðu kaupverði. Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum láns úr Byggingarsjóði verkamanna, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu. Ef á íbúðinni hvílir lán úr Byggingarsjóði ríkisins skulu eftirstöðvar þess koma til frádráttar greiðslu til seljanda m. v. uppfærðan höfuðstól.

20. gr.

Sveitarstjórn skal endurselja íbúðina á upphaflegu kostnaðarverði eða því kaupverði, sem fyrri eigandi greiddi fyrir hana, að viðbættri hækkun samkv. byggingarvísitölu og matsverði endurbóta en að frádreginni fyrningu.

Byggingarsjóður verkamanna skal sjá um að greiða upp áhvílandi lán og létta af íbúðinni. Skal hún síðan seld með sömu kjörum og gilda um sölu nýrra íbúða.

Mismunur á endurkaupsverði og endursöluverði rennur til Byggingarsjóðs verkamanna.

IV. KAFLI

Um byggingu leiguíbúða á vegum sveitarfélaga.

21. gr.

Sveitarstjórn, sem samþykkir að byggja leiguíbúðir samkvæmt 1. gr. reglugerðar þessarar, skal eiga rétt á láni til framkvæmdanna úr Byggingarsjóði verkamanna, samkvæmt nánari skilyrðum í reglugerð þessari.

Lán til leiguíbúða sveitarfélaga skulu nema 70% af áætluðum byggingarkostnaði staðalíbúðar samkvæmt íbúðastöðlum Húsnæðismálastofnunar ríkisins án álags. Hlutaðeigandi sveitarfélag skal standa undir þeim hluta byggingarkostnaðar, sem er umfram lánveitingu Byggingarsjóðs verkamanna.

22. gr.

Umsókn sveitarstjórnar um lán til byggingar leiguíbúða skal senda Húsnæðismálastofnun ríkisins fyrir 1. september árið áður en framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

Með umsókn sveitarstjórnar skal fylgja:

1. Greinargerð um fyrirhugaðar framkvæmdir í sveitarfélaginu þar sem tilgreindur er fjöldi, gerð og stærð þeirra íbúða, sem byggja á. Auk þess skal fylgja fullnægjandi rökstuðningur fyrir nauðsyn framkvæmdanna.
2. Teikningar af fyrirhuguðum íbúðum í tveimur eintökum, staðfestar af hlutaðeigandi byggingaryfirvöldum.
3. Nákvæm smíðalýsing (útboðslýsing).
4. Sundurliðuð kostnaðaráætlun.
5. Verkáætlun, þar sem m. a. komi fram, hvenær framkvæmdir eigi að hefjast og hvenær fyrirhugað sé að ljúka þeim.
6. Upplýsingar um fyrirhuguð leigukjör.

23. gr.

Að lokinni athugun tæknideildar á þeim atriðum, sem getur í 2.-5. tl. 22. gr., tekur sjóðstjórn ákvörðun um lánshæfni umsóknar sveitarfélagsins.

Nú samþykkir stjórn sjóðsins að veita lán til fyrirhugaðra framkvæmda og gerir hún þá framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi sveitarstjórn. Í framkvæmdalánssamningi skal kveða á um

greiðslu á hlutdeild Byggingarsjóðs í fjármögnun framkvæmdanna og skal miða útborgun lánsins hverju sinni við verkstöðu, enda sé hún innan ramma samþykktrar byggingaráætlunar. Greiðsluskylda byggingasjóðsins skal þó aldrei vera umfram áætlaðan kostnað við samsvarandi byggingarstig samkvæmt íbúðastöðlum stofnunarinnar.

Sveitarstjórn sendir mánaðarlega skriflega úttekt á verkstöðu, staðfesta af trúnaðarmanni Húsnæðismálastofnunar.

24. gr.

Leiguíbúðir skulu byggðar úr varanlegu efni og skulu þær í hvívetna fullnægja lágmarkskröfum um hönnun, gerð og búnað. Að jafnaði skulu leiguíbúðir byggðar í sambýlishúsum. Þegar staðhættir eða sérstakar félagslegar aðstæður mæla með því, má þó byggja einbýlishús enda hafi samþykkis Húsnæðismálastofnunar verið aflað hverju sinni.

Stærðir leiguíbúða skulu vera samkvæmt íbúðastöðlum Húsnæðismálastofnunar ríkisins án frávika. Hámarksstærð má þó ekki fara yfir íbúðastærð skv. staðli III, og í einbýlishúsum mega íbúðir ekki vera stærri en 110 m^2.

25. gr.

Sveitarstjórn skal auglýsa opinberlega til ráðstöfunar leiguíbúðir, sem byggðar eru á hennar vegum.

Forleigurétt hafa:

1. Þeir, sem hafa lægstar tekjur.
2. Þeir, sem búa við húsnæðisleysi eða erfiða húsnæðisaðstöðu.
3. Einstæð foreldri.
4. Fólk með sérþarfir.
5. Ungt fólk fyrstu búskaparárin.

26. gr.

Húsaleiga í leiguíbúðum sveitarfélaga er háð samþykki Húsnæðismálastofnunar. Hún má þó aldrei nema hærri fjárhæð á ári en sem svarar samanlögðum kostnaði sveitarstjórnar af eftirtöldum útgjaldaliðum:

1. Vöxtum af uppfærðum eftirstöðvum lána hjá Byggingarsjóði verkamanna til hlutaðeigandi íbúðar.
2. Fasteigna- og brunabótaiðgjöld af íbúðinni, þó ekki lóðarleigu.
3. Kostnaði við viðhald íbúðar og sameiginlegt viðhald fjölbýlishúss. Kostnað þennan má áætla í samráði við tæknideild stofnunarinnar.

Um gerð og efni leigumála skal fara eftir lögum um húsaleigusamninga.

V. KAFLI.

Lán til kaupa á eldri íbúðum í verkamannabústöðum.

27. gr.

Íbúðir, sem sveitarfélag eignast vegna kaupskyldu eða fyrir nýtingu forkaupsréttar, skal endurselja samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 17. gr. reglugerðar þessarar og skal við sölu íbúðar fylgja henni lán úr Byggingarsjóði verkamanna samkvæmt niðurlagi málsgreinarinnar.

Ed. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

I. KAFLI
Tilgangur og gildissvið.

1. gr.

Með lögum þessum er leitast við, að

a) tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu,
b) tryggja skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál, í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Lög þessi gilda um alla starfsemi, þar sem einn eða fleiri menn vinna, hvort sem um er að ræða eigendur fyrirtækja eða starfsmenn.

Undanþegin lögum þessum eru:

a) siglingamál og önnur verkefni, sem sérstaklega eru falin Siglingamálastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 51/1970 og lög nr. 12/1976 um kafarastörf. Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið Siglingamálastofnunar ríkisins, þar með talið um gáma, um flutning á hættulegum efnum, um mengun sjávar og fleira,
b) loftferðir, sbr. lög nr. 34/1964 og lög nr. 71/1974 um breyting á lögum nr. 34/1964 um loftferðir. Einnig alþjóðasamþykktir, sem Ísland er og verður aðili að og falla undir verksvið flugmálastjórnar.
c) algeng heimilisstörf í einkaíbúðum.

3. gr.

Lög þessi ná til vinnu við loftför á jörðu niðri, nema um störf áhafnar sé að ræða.

Lög þessi ná einnig til fermingar og affermingar skipa, þar með talin fiskiskip, svo og til viðgerða um borð í skipum og starfsemi, sem því er tengd. Lögin ná þó ekki til búnaðar í skipum, sem notaður er í þessum tilgangi. Lögin ná heldur ekki til lögskráðra manna, nema þegar þeir starfa undir verkstjórn úr landi.

Ráðherra getur í samráði við forstjóra Vinnueftirlits ríkisins mælt svo fyrir í reglugerð, að áhöld, vélar og mannvirki eða framkvæmdir, sem lög þessi ná ekki til, skuli vera háð því eftirliti, er lög þessi mæla fyrir um, enda séu viðkomandi atriði ekki háð öðrum lögum.

II. KAFLI
Öryggis- og heilbrigðisstarfsemi innan fyrirtækja. Samskipti atvinnurekenda og starfsmanna.

4. gr.

Í fyrirtækjum, þar sem eru 1 til 9 starfsmenn, skal atvinnurekandi og/eða verkstjóri hans stuðla að góðum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustað, í nánu samstarfi við starfsmenn fyrirtækisins og félagslegan trúnaðarmann þeirra, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur þó ákveðið, ef þurfa þykir, að fyrirkomulag það, sem getið er um í 5. gr., gildi einnig fyrir starfshópa, sem getið er í þessari grein, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, sbr. til dæmis 40. og 44. gr. laga þessara.

5. gr.

Í fyrirtækjum, þar sem eru 10 starfsmenn eða fleiri, skal atvinnurekandi tilnefna einn aðila af sinni hálfu öryggisvörð og starfsmenn skulu tilnefna annan úr sínum hópi öryggistrúnaðarmann. Þeir skulu í samvinnu fylgjast með því, að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við lög þessi.

6. gr.

Í fyrirtækjum, þar sem eru 20 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins, annast fræðslu starfsmanna um þessi efni og hafa eftirlit á vinnustöðum með því, að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðum notum.

Þegar starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins koma í eftirlitsferðir í fyrirtæki, skulu þeir hafa samband við atvinnurekanda eða umboðsmann hans, öryggistrúnaðarmann starfsmanna, félagslegan trúnaðarmann starfsmanna sbr. 1. mgr. 4. gr. og við öryggisnefndir, þar sem þær eru starfandi. Nefndum aðilum skal auðvelda, svo sem kostur er, að leggja vandamál fyrir Vinnueftirlit ríkisins.

7. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um skipulag og framkvæmd ráðstafana, er miða að auknu öryggi og bættum aðbúnaði og hollustuháttum innan fyrirtækja, svo sem um stofnun samstarfshópa og öryggisnefnda, um verkefni þeirra og um daglega stjórn þeirrar starfsemi, er lýtur að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum innan fyrirtækja.

8. gr.

Atvinnurekanda er skylt, ef hann er ekki sjálfur í öryggisnefnd, að skipa í sinn stað aðila með fullu umboði.

Atvinnurekandi skal stuðla að samstarfi þeirra, sem kjörnir eru til þess að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þeirra, sem annast heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skal hann sjá um að þeir, sem til eru kjörnir að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað og þeir sem sitja í öryggisnefnd, fái hæfilegan tíma miðað við verkefnasvið, til þess að gegna skyldum sínum við eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

Atvinnurekandi skal sjá um, að þeir, sem kjörnir eru til að fjalla um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi í fyrirtæki hans, fái tækifæri til þess að afla sér nauðsynlegrar þekkingar og menntunar varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Atvinnurekandi skal veita nefndum aðilum hlutdeild í skipulagningu að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.

9. gr.

Atvinnurekandi ber kostnað vegna starfs að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi og bætir þeim, sem að því vinna, tekjutap, sem af kann að hljótast.

Öryggistrúnaðarmenn og fulltrúar starfsmanna í öryggisnefnd njóta þeirrar verndar, sem ákveðin er í 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

10. gr.

Vinnueftirlit ríkisins skal sjá um, að þegar öryggi og heilbrigði starfsmanna krefst þess, standi viðkomandi fyrirtækjum til boða sérfræðileg þjónusta við störf að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

III. KAFLI

Öryggisnefndir sérgreina.

11. gr.

Setja má á fót öryggisnefndir í sérgreinum, sem í sitja fulltrúar atvinnurekanda og starfsmanna, til þess að vinna að lausn vandamála, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan hverrar sérgreinar.

Nefndir þessar skulu hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins.

Vinnueftirlit ríkisins getur átt frumkvæði að stofnun slíkra nefnda, ef stjórn stofnunarinnar þykir ástæða til.

Öryggisnefndir sérgreina, sem viðurkenndar hafa verið, geta lagt fram tillögur og látið í ljós álit sitt um nýjar reglur og einstök mál, sem stjórn Vinnueftirlits ríkisins ákveður að leggja fyrir þær.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins skal, áður en hún gefur álit sitt um reglugerðir, sem fjalla sérstaklega um ákveðnar atvinnugreinar, leita eftir áliti frá viðurkenndri öryggisnefnd viðkomandi sérgreinar.

Öryggisnefndir sérgreina hafa það verkefni að gefa atvinnurekendum og starfsmönnum upplýsingar um þær reglur og ákvæði, sem gilda fyrir viðkomandi sérgrein.

Öryggisnefndir sérgreina geta sent tillögur til stjórnar Vinnueftirlits ríkisins um breytingar á reglum, er fjalla um viðkomandi sérgrein.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur að öðru leyti reglur um skipulag, verkefni, starfsemi og fjármögnun öryggisnefnda sérgreina.

IV. KAFLI

ALMENNAR SKYLDUR

a. Skyldur atvinnurekenda.

12. gr.

Atvinnurekandi merkir í lögum þessum hvern þann, sem rekur atvinnustarfsemi, samanber 90. gr. laga þessara.

Sé starfsemi, sem lög þessi ná til, rekin af tveim mönnum eða fleiri í sameiningu, telst aðeins einn þeirra atvinnurekandi samkvæmt þessum lögum, en hinn/hinir teljast vera starfsmenn, enda vinni hann/þeir við fyrirtækið. Skal það tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins hver sé talinn atvinnurekandi.

Framkvæmdastjóri fyrirtækis telst atvinnurekandi í merkingu þessara laga.

Sé um opinberan rekstur að ræða, telst atvinnurekandi sá, er umsjón hefur með starfseminni og skal það tilkynnt Vinnueftirlitinu hver það er.

13. gr.

Atvinnurekandi skal tryggja, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Sérstaklega er vísað til

a) V. kafla um framkvæmd vinnu,
b) VI. kafla um vinnustaði,
c) VII. kafla um vélar, tækjabúnað og fleira,
d) VIII. kafla um hættuleg efni og vörur.

14. gr.

Atvinnurekandi skal gera starfsmönnum sínum ljósa slysa- og sjúkdómshættu, sem kann að vera bundin við starf þeirra. Atvinnurekandi skal þar að auki sjá um, að starfsmenn fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín á þann hátt, að ekki stafi hætta af.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um skyldur atvinnurekenda, samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar.

15. gr.

Atvinnurekandi skal skýra öryggistrúnaðarmönnum frá fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og skulu öryggistrúnaðarmenn eiga aðgang að eftirlitsbók og öðrum gögnum, er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað, sbr. 88. gr. laga þessara.

16. gr.

Atvinnurekandi skal tryggja, að samstarf um öryggismál, aðbúnað og hollustuhætti, samkvæmt II. kafla þessara laga, geti orðið sem best og tekur þátt í samstarfi um þessi mál.

17. gr.

Þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfsemi á sama vinnustað, skulu þeir og aðrir sem þar starfa, sameiginlega stuðla að því að tryggja góðan aðbúnað, heilsusamleg og örugg starfsskilyrði á vinnustaðnum.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur sett nánari reglur um það hvernig samstarfi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skuli fyrir komið.

18. gr.

Þegar Vinnueftirlit ríkisins krefst þess eða þegar aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til þess, skal atvinnurekandi láta gera rannsókn eða úttekt, ef við á, af sérfræðingum, til þess að ganga úr skugga um, hvort starfsskilyrðin fullnægi ákvæðum laga þessara um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. og 80. gr. laga þessara.

19. gr.

Atvinnurekandi skal fullnægja tilkynningaskyldu til Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt XII. kafla og halda skrár eftir þeim reglum, sem Vinnueftirlitið setur.

Forstjóri Vinnueftirlits ríkisins getur vegna skýrslugerðar og úrvinnslu úr þeim skýrslum, krafist upplýsinga frá atvinnurekanda um

a) fjölda starfsmanna, kyn þeirra og aldur,
b) vélar, vélahluta, geyma, ílát, áhöld, tæki og annan tæknibúnað,
c) sprengi- og eldfim efni, eiturefni og hættuleg efni,
d) aðrar upplýsingar, sem þýðingu kunna að hafa varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í skýrslum, sem unnar eru samkvæmt slíkum upplýsingum, má ekki nefna nöfn einstaklinga eða fyrirtækja.

b. Skyldur verkstjóra.

20. gr.

Verkstjóri merkir í lögum þessum hvern þann, sem á vegum atvinnurekenda hefur með höndum verkstjórn og eftirlit með starfsemi í fyrirtæki eða hluta þess.

21. gr.

Verkstjóri er fulltrúi atvinnurekanda og sér um, að búnaður allur sé góður og öruggt skipulag sé ríkjandi á þeim vinnustöðum, sem hann hefir umsjón með.

22. gr.

Verkstjóri skal taka þátt í samstarfi, er miðar að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað, sbr. II. kafla laga þessara.

23. gr.

Verkstjóri skal beita sér fyrir, að starfsskilyrði innan þess starfssviðs, sem hann stjórnar, séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Hann skal sjá um, að þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, sé framfylgt.

Verði verkstjóri var við einhver þau atriði, sem leitt geta til hættu á slysum eða sjúkdómum, skal hann tryggja að hættunni sé afstýrt. Sé ekki hægt að afstýra hættunni með því, sem tiltækt er á staðnum, skal hann umsvifalaust gera vinnuveitanda viðvart. Verkstjóra ber jafnframt að gæta þeirrar skyldu, sem kveðið er á um í 86. gr. laga þessara.

c. Skyldur starfsmanna.

24. gr.

Starfsmaður merkir í lögum þessum hvern þann, sem vinnur launuð störf í annarra þjónustu.

25. gr.

Starfsmenn skulu taka þátt í samstarfi er miðar að auknu öryggi og betri aðbúnaði og hollustuháttum á vinnustað, sbr. II. kafla laga þessara.

26. gr.

Starfsmenn skulu stuðla að því, að starfsskilyrði innan verksviðs þeirra séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, og einnig að því, að þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti, samkvæmt lögum þessum, sé framfylgt.

Starfsmaður, sem verður var við ágalla eða vanbúnað, sem leitt gæti til skerts öryggis eða lakari aðbúnaðar eða hollustuhátta, sem hann getur ekki sjálfur bætt úr, skal umsvifalaust tilkynna það öryggisverði, öryggistrúnaðarmanni, verkstjóra eða atvinnurekanda.

27. gr.

Ef fjarlægja þarf öryggishlífar eða annað tilsvarandi vegna viðgerðar eða niðursetningar á tæki eða vél, skal sá, sem verkið framkvæmir umsvifalaust setja öryggisbúnað á sinn stað aftur eða gera aðrar ráðstafanir, sem jafngildar eru, að verki loknu.

28. gr.

Þeir, sem starfa á vinnustað, þar sem fleiri atvinnurekendur eiga aðild að starfi manna, skulu fara eftir þeim reglum, sem gilda um samstarf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sbr. 17. og 36. gr. laga þessara, auk þeirra reglna, sem gilda um það starf, sem þeir sjálfir inna af hendi. Þegar starfsmaður er við vinnu utan síns venjulega vinnustaðar, skal hann fara eftir þeim reglum varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi, sem gilda fyrir viðkomandi vinnustað, auk þeirra reglna, sem gilda um það verk, sem hann á að vinna.

d. Skyldur þeirra, sem selja, setja upp, gera við og hanna vélar, tæki áhöld og annan búnað, sem ætlaður er til notkunar við atvinnurekstur.

29. gr.

Sá, sem selur, afhendir eða sýnir vélar, vélahluta, geyma, ílát, katla, húseiningar, verkfæri, áhöld, tæki og annað það, sem ætlað er til notkunar við atvinnurekstur, skal tryggja, að það sem hér um ræðir, sé, þegar það er sýnt eða afhent til notkunar, útbúið með tilskildum hlífðar- og öryggisbúnaði og notkun þess leiði ekki af sér slysa- eða sjúkdómshættu, sbr. VII. kafla laga þessara.

Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang skulu fylgja með, þegar viðkomandi hlutir eru afhentir.

Sé einhver sá búnaður, sem talinn er í 1. mgr. þessarar greinar og tilbúinn er til notkunar, afhentur áfram, endurseldur, lánaður út eða leigður, gilda þær reglur, sem að ofan greinir.

Þegar Vinnueftirlit ríkisins krefst þess eða þegar aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til, skal innflytjandi eða framleiðandi láta gera rannsóknir, athuganir, mælingar, þrýstiraunir og aðrar þær kannanir, sem nauðsynlegar eru til þess að ganga úr skugga um, að viðkomandi búnaður standist þær kröfur, sem gerðar eru varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

30. gr.

Sérhver vél, sem afhent er eða sýnd hér á landi, skal vera greinilega og varanlega merkt framleiðanda og sé um innflutta vél að ræða, skal hún einnig merkt nafni og heimilisfangi þess, sem flytur vélina inn eða merkt á annan þann hátt, að auðvelt sé að komast að raun um, hver sé framleiðandi vélarinnar og þegar við á, hver sé innflytjandinn.

31. gr.

Sá, sem tekur að sér að setja upp, breyta eða gera við vélar, tæki eða annan búnað, skal fara eftir þeim reglum og fyrirmælum, sem gilda fyrir viðkomandi tæki, vélar eða annan búnað.

Taki viðgerð aðeins til eins eða nokkurra hluta vélar eða tækis, skal sá, sem verkið framkvæmir, fara eftir þeim reglum og fyrirmælum, sem gilda fyrir hvern einstakan hluta tækis eða vélar.

Verði sá, sem setur upp, breytir eða gerir við tæki, vélar, eða annan búnað, var við einhverja ágalla eða vanbúnað, sem þýðingu kynni að hafa að því er varðar aðbúnað, heilsu eða öryggi manna, skal hann umsvifalaust gera eigandanum eða þeim, sem notar tækið, viðvart.

32. gr.

Þeir, sem annast hönnun á þeim búnaði, sem talinn er í 1. mgr. 29. gr., framleiðslusamstæðum, húsnæði vinnustaða og hverjum þeim mannvirkjum öðrum, sem ætluð eru til notkunar vegna atvinnurekstrar, skulu við hönnunarstarf taka tillit til góðs aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis, hvað varðar starf og rekstur í þeim byggingum og mannvirkjum, sem um er að ræða.

Fylgja skal þeim lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um þá, sem taka að sér ráðgjafarstörf um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

33. gr.

Ákvæðin í 29. gr., 30. gr., 32. gr. og 2. mgr. 34. gr. gilda einnig um þá, sem útvega, selja eða afhenda efni eða vörur, sem geta verið hættuleg eða á annan hátt dregið úr öryggi eða valdið sjúkdómshættu.

34. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um þau atriði, sem um er fjallað í 29.—33. gr.

Ákvæðin í 29.—33. gr. leysa notandann ekki undan neinum skyldum samkvæmt lögum þessum.

35. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins getur, þegar sérstaklega stendur á, sett reglur eða tekið ákvarðanir, sem víkja frá kröfunum í 29.—33. gr. Slíkar ákvarðanir getur forstjóri Vinnueftirlits ríkisins tekið í algerum undantekningartilvikum, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

e. Skyldur verktaka og fleiri.

36. gr.

Ef fleiri en einn verktaki starfa við mannvirkjagerð samtímis, skal byggingarstjóri, ef hann er til staðar, en annars byggingarmeistari, sjá um, að samhæfðar séu ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slys eða óhollustu.

Ákvæði þetta rýrir ekki að neinu leyti skyldur einstakra framkvæmdaaðila sem atvinnurekenda samkvæmt lögum þessum.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins skal setja nánari reglur um þessi atriði.

V. KAFLI

Framkvæmd vinnu.

37. gr.

Vinnu skal haga og framkvæma þannig, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

38. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um, hvaða kröfur skuli uppfylltar varðandi skipulag, tilhögun og framkvæmd vinnu, svo sem

a) um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir, er varða störf, starfsaðferðir, vinnslu- og framleiðsluaðferðir, t. d. til þess að koma í veg fyrir hrun, fall, skrið, titring, hávaða, sprengi- og brunahættu eða heilsuvá vegna geislunar, eitraðra eða hættulegra efna, gastegunda, gufu, reyks eða annarrar loftmengunar, hita, kulda, ódauns, sýkingar af smitnæmum sjúkdómum eða heilsutjón vegna rangrar stöðu við vinnu, rangra hreyfinga eða of mikils álags og um aðrar þær ráðstafanir, sem þýðingu kynnu að hafa í þessu sambandi,
b) um bann gegn sérlega hættulegum störfum, framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðum,
c) um að settar skuli upp á vinnustað greinilegar aðvaranir og/eða vinnusvæði girt eða afmörkuð með öðrum hætti,
d) um gerð og notkun hlífðarbúnaðar, svo sem um hentugan fatnað, öryggishjálma, hlífðarbúnað gegn hávaða og geislun, hlífðargleraugu, vinnuskó, rykgrímur, gasgrímur, annan búnað til þess að verjast loftmengun og annan búnað ótalinn. Starfsmenn eru skyldir til þess að nota slíkan öryggisbúnað, þegar þeir, að mati Vinnueftirlits ríkisins, þarfnast hans við vinnu sína.

39. gr.

Þar sem aðstæður með tilliti til heilbrigðis og öryggis starfsmanna krefjast þess, skal stjórn Vinnueftirlits ríkisins hlutast til um, að hlutaðeigandi fyrirtæki geri áætlanir um framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðir.

Slíkar áætlanir og breytingar á þeim skulu kynntar öryggisnefndum, áður en þær eru framkvæmdar.

40. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur reglur um,

a) að störf, sem í kann að vera falin veruleg hætta á slysum, eitrunum eða sjúkdómum, verði aðeins framkvæmd af einstaklingum, sem fengið hafa tiltekna fræðslu, þjálfun, lokið hafa sérstöku prófi og/eða náð hafa ákveðnum aldri,
b) ráðningu manna, sem er líkamlega eða andlega áfátt, til ákveðinna starfa, þegar bæklun þeirra, sjúkdómur eða aldur getur leitt til aukinnar slysa- eða sjúkdómshættu,
c) takmarkanir á eða bann við, að starfsmenn vinni einir að tilteknum verkefnum eða störfum,
d) vinnu- og hvíldartíma bifreiðastjóra, sem að staðaldri flytja fólk, og stjórnenda þeirra véla og tækja, sem mönnum getur stafað sérstök hætta af, sbr. 58. gr. laga þessara,
e) önnur hliðstæð tilvik ótalin.

VI. KAFLI
Vinnustaður.

41. gr.

Vinnustaður merkir í lögum þessum umhverfi innanhúss eða utan, þar sem starfsmaður hefst við eða þarf að fara um vegna starfa sinna.

42. gr.

Vinnustaður skal þannig úr garði gerður, að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

43. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur reglur um fyrirkomulag fastra og bráðabirgðavinnustaða, innan húss og utan, sem m. a. fjalla um

a) húsnæði, svo sem vinnurými, lofthæð, loftrými, gólf, veggi, loft, lýsingu, hita, loftræstingu og loftskipti, varnir gegn hávaða, titringi, geislun og fleira,
b) aðbúnað starfsmanna og fleira, svo sem setu- og matsali, kaffistofur, búningsherbergi, fatageymslur og fatahengi, salerni og þvagstæði, þvotta- og baðherbergi, svo og um gæðakröfur og staðla slíks húsnæðis,
c) neyðarútgang frá vinnustað, svo og umferðarleiðir innan vinnusvæða, svo sem göngubrautir, stiga og útgönguleiðir,
d) annað ótalið, sem stuðlað getur að bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi.

44. gr.

Þar sem sérstakar aðstæður með tilliti til öryggis og heilbrigðis starfsmanna krefjast þess, setur stjórn Vinnueftirlits ríkisins sérstakar reglur um, að áætlanir og hönnunargögn vegna nýbygginga eða breytinga á tiltekinni starfsemi, uppsetningu á húshlutum, vélum, tækjum eða öðrum búnaði, skuli lagðar fyrir Vinnueftirlits ríkisins til umsagnar eða samþykktar, áður en breyting eða uppsetning er gerð.

VII. KAFLI
Vélar, tækjabúnaður og fleira.

45. gr.

Aflvél merkir í lögum þessum vél, eða hluta vélar, sem breytir einu orkuformi í annað.

Farandvél merkir í lögum þessum tæki, sem getur flutt sig úr stað með eigin aflvél.

Vinnuvél merkir í lögum þessum tæki, sem knúið er af aflvél og hægt er að vinna með nánar tiltekin störf.

Farandvinnuvél merkir í lögum þessum tæki, sem er hvort tveggja í senn farandvél og vinnuvél.

Búvél merkir í lögum þessum hvers konar áðurnefndar vélar, sem notaðar eru við bústörf.

46. gr.

Vélar, vélahlutar, ílát, geymar, katlar, áhöld, tæki, virki hvers konar og hús-hlutar, samstæður og annar búnaður, skal þannig úr garði gerður, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi.

47. gr.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um gerð og notkun véla, tækja og annars búnaðar, sem nota á við atvinnurekstur, svo sem um,

a) gerð, útfærslu, uppsetningu, tilkynningarskyldu og prófanir,
b) á hvern hátt eða hvort leggja skuli fyrir Vinnueftirlitið til umsagnar eða samþykktar, áætlanir eða önnur gögn um gerð, framleiðslu eða uppsetningu slíks búnaðar,
c) notkun, viðhald og gæslu slíks búnaðar.

48. gr.

Vinnueftirlit ríkisins getur lagt bann við framleiðslu, innflutningi, sölu, afhendingu, notkun og auglýsingum á sérlega hættulegum búnaði.

49. gr.

6. Umsækjendur skulu gera nákvæma grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og fjárreiðum sínum til þeirra. Ef um leiguíbúð er að ræða skulu leigusali og leigutaki gera með sér fullt samkomulag um fyrirhugaðar breytingar eða lagfæringar á leiguíbúðinni, áður en umsókn er lögð fram, og leggja það með henni. Húsnæðismálastjórn skal hafa nákvæmt eftirlit með því, að fyrirhugaðar framkvæmdir vegna endurbóta séu gerðar í meginatriðum eins og að var stefnt. Ef öllum skilyrðum er fullnægt skal afgreiða lán þessi án tafar og jafnóðum og lánsumsóknir studdar viðeigandi gögnum berast.

Húsnæðismálastjórn gerir árlega tillögu til ráðherra um þá heildarfjárhæð sem heimilt er að verja á ári hverju í þessu skyni. Ráðherra setur með reglugerð ítarleg ákvæði um heildarfjárhæð, fyrirkomulag lánveitinga, lánstíma og tryggingar slíkra lána, að öðru leyti en hér er tilgreint, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um þriggja ára skeið hefur húsnæðismálastjórn haft heimild til að veita elli- og örorkulífeyrisþegum lán til endurbóta á eigin húsnæði þeirra. — Reynslan hefur orðið sú að elli- og örorkulífeyrisþegar hafa lítt notfært sér þessi lán, og er ástæða til að ætla að sú greiðslubyrði, sem fylgir þessum lánum, sé of þung fyrir þessa hópa, af þeim ástæðum geti þeir ekki notfært sér þetta ákvæði húsnæðismálalaganna, jafnvel þótt brýna nauðsyn beri til að framkvæma viðgerð á húsnæði þeirra.

Það er megintilgangurinn með flutningi þessa frv. að gera kjör Húsnæðismálastofnunarinnar svo aðgengileg fyrir elli- og örorkulífeyrisþega að þeim sé fært að notfæra sér þau án óbærilegrar greiðslubyrði.

Jafnframt er farið hér inn á þá braut að veita húsnæðismálastjórn heimild til að veita lán á hagstæðum kjörum til viðgerða, viðhalds og endurbóta á leiguíbúðum sem öryrkjar og ellilífeyrisþegar búa í. — Til þessa hefur lánveitingaheimildin einungis náð til eignaríbúða öryrkja og ellilífeyrisþega. — Talið er að um 20% þjóðarinnar búi í leiguíbúðum. En ástæða er til að ætla að mun stærra hlutfall öryrkja og ellilífeyrisþega búi í leiguíbúðum. Engin sanngirni mælir með því, að einungis íbúðaeigendur í hópi öryrkja og ellilífeyrisþega eigi kost á lánum Húsnæðismálastofnunarinnar til viðgerða, viðhalds og endurbóta. Öll sanngirni mælir hins vegar með því að allir öryrkjar og ellilífeyrisþegar sitji hér við sama borð, hvort sem þeir eru íbúðareigendur eða leigjendur. — Þurfi sú íbúð á endurbótum að halda, sem viðkomandi öryrki eða ellilífeyrisþegi býr í, á að veita til þess lán úr Byggingarsjóði ríkisins án tillits til þess, hver eigandi hennar er.

Einnig er farið inn á þá braut með þessu frv., að sömu kjör gætu einnig gilt um aðra almannatryggingabótaþega, þar sem sannanlega lítill efnahagur sé viðmiðun heimildar húsnæðismálastjórnar til slíkra lánveitinga. — Ástæða er til að ætla að t. d. aðstæður einstæðra foreldra séu oft á tíðum mjög erfiðar, og má til marks um það geta þess, að í könnun á aðstæðum 450 félagsmanna (411 kvenna og 39 karla) Félags einstæðra foreldra kom í ljós að af einstæðum mæðrum, 411 samtals, sem höfðu 811 börn á framfæri sínu, bjuggu 174 (42.3%) í leiguhúsnæði, 123 (29.9%) í eigin húsnæði og 114 (27.7%) hjá ættingjum. — Sýna þessar tölur ótvírætt að verulegra úrbóta er þörf í húsnæðismálum einstæðra foreldra.

Á síðustu árum hefur einnig borið nokkuð á því, að ýmis félagsleg samtök, svo sem öryrkja, ellilífeyrisþega, einstæðra foreldra, foreldrafélaga þroskaheftra eða annarra barna sem standa höllum fæti, hafa leitað eftir lánum frá Húsnæðismálastofnun ríkisins, ýmist til kaupa eða endurbóta á eldri íbúðum sem þessir aðilar hafa ýmist átt eða haft hug á að kaupa til búsetu fyrir skjólstæðinga sína. Núgildandi lagaákvæði veita ekki rétt til lána í þeim tilfellum, en það virðist bæði sanngjarnt og eðlilegt að slík heimild sé veitt, enda hefur farið almennt vaxandi skilningur á viðleitni slíkra aðila sem berjast fyrir auknu réttlæti slíkra minnihlutahópa.

Þau sérstöku kjör, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, eru þess eðlis að nauðsyn er að setja um þau mjög ítarleg ákvæði, m. a. til að fyrirbyggja misnotkun þeirra. — Segja má að með reglugerðarákvæðum væri hægt að tryggja að þessar lánveitingar næðu þeim tilgangi sem að er stefnt með frv. þessu. En hér er sú leið valin að gera ákvæði þessara sérstöku lánakjara svo úr garði í frumvarpsformi, að öllum megi ljóst vera að slíkt er vel framkvæmanlegt ef vilji löggjafans er fyrir hendi. M. a. með tilliti til þess, hve nákvæmlega lánskjörunum eru gerð skil í frumvarpinu, er vart nauðsynleg ítarleg greinargerð um framkvæmd lánskjaranna og þau ákvæði er að þeim lúta. Vert er þó að geta þess, að svipuð leið og þetta frv. gerir ráð fyrir hefur verið farin í nágrannalöndunum með mjög góðum árangri.

Nd. **26. Frumvarp til laga** [26. mál]

um greiðslu bóta vegna óverðtryggðrar framleiðslu landbúnaðarvara.

Flm.: Pálmi Jónsson, Steinþór Gestsson, Eggert Haukdal, Friðjón Þórðarson, Sverrir Hermannsson, Halldór Blöndal, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Jósef H. Þorgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal útvega fjármagn, er nemi þremur milljörðum króna, til að bæta bændum að nokkru halla af óverðtryggðum útflutningi landbúnaðarafurða á síðasta verðlagsári og til að greiða fyrir sölu á þeim búvörubirgðum, sem óseldar voru við upphaf þessa verðlagsárs.

Af fjárhæð þessari verði tveimur milljörðum króna þegar varið til endurgreiðslu á verðjöfnunargjaldi, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins innheimti af framleiðslu síðasta verðlagsárs, en einum milljarði til þess að greiða fyrir sölu á birgðum og framleiðslu búsafurða á fyrri hluta þessa verðlagsárs.

Byggðasjóði verði gert að leggja fram einn milljarð króna á ári að hámarki á næstu þremur árum til endurgreiðslu á láni sem tekið kann að verða í þessu skyni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en kom þá eigi til umræðu. Þá fylgdi frumvarpinu svofelld greinargerð:

Alkunna eru þau margvíslegu vandamál, sem að bændum hafa sótt á þessu ári. Stórlega skortir á að fullt verð náist fyrir framleiðslu síðasta verðlagsárs, vegna halla af útflutningi búvara. Harðindi, sem gengið hafa yfir landið í vor, sumar og haust, hafa valdið gífurlegu tjóni. Heyfengur er nú minni en um árabil og veruleg skerðing bústofns blasir við í heilum landshlutum. Dilkar eru óvenjurýrir, eða víða nálægt 2 kg léttari en í fyrra, og kýr hafa mjólkað illa vegna tíðra hrakviðra. Verulegur samdráttur blasir við í búvöruframleiðslu á næsta ári samfara versnandi afkomu bænda.

Hinn 5. júní s. l. skipaði landbúnaðarráðherra nefnd, sem m. a. fékk það verkefni að gera tillögur um „lausn á vandamálum bænda vegna söluerfiðleika erlendis á umframframleiðslu landbúnaðarafurða, þannig að tekjuskerðing bænda verði sem minnst“.

Nefndin skilaði áliti 28. júlí og varð meiri hluti hennar sammála, þ. e. fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins, Alþýðubandalagsins, Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Þessir nefndarmenn létu þó fylgja tillögum sínum sérstakar bókanir. Fulltrúi Alþýðuflokks skilaði á hinn bóginn séráliti.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er alfarið byggt á tillögum meiri hluta nefndarinnar. Með frumvarpinu eru prentuð sem fylgiskjöl greinargerð og tillögur meirihlutans, ásamt þeim bókunum, sem fram voru settar af þeim mönnum sem meiri hlutann skipuðu.

Frumvarpið þarfnast því ekki ítarlegra skýringa.

Frá því nefndin skilaði áliti er ekki vitað til þess, að landbúnaðarráðherra eða ríkisstjórnin, sem nú er fyrrverandi, hafi á nokkurn hátt reynt að koma tillögum nefndarinnar í framkvæmd. Hlýtur það að teljast ámælisverður sofandaháttur í þessu máli. Frumvarpið er því flutt til þess að koma málinu fyrir Alþingi, en eins og áður sagði stóðu fulltrúar þriggja flokka að þeim tillögum, sem það er byggt á. Þótt núverandi aðstæður í stjórnmálum hindri það, að frv. nái fram að ganga um sinn, mun það tekið upp þegar Alþingi kemur saman að nýju.

Fylgiskjal I.

Greinargerð og tillögur meiri hluta Harðindanefndar.

Í samræmi við erindisbréf sitt hefur meiri hluti nefndarinnar kannað ýmsa helstu þætti í verðlags- og sölukerfi búvara og horfur í framleiðslu- og sölumálum landbúnaðarins. Einnig hefur verið rætt við marga forstöðumenn landbúnaðarstofnana og sölufélaga bænda.

Mikill samdráttur er fyrirsjáanlegur í mjólkurframleiðslunni á þessu ári vegna erfiðs tíðarfars. Nýjasta áætlun Framleiðsluráðs gerir ráð fyrir að hún verði í ár 5% minni en á árinu 1978.

Af þessum sökum er unnt að draga nokkuð úr framleiðslu smjörs og hefur verið hætt við fyrri áform um að flytja út 500 tonn.

Gert er ráð fyrir að um næstu áramót verði smjörbirgðir í landinu um 1180 tonn eða 150 tonnum minni en um s. l. áramót.

Á fyrstu 9 mánuðum þessa verðlagsárs varð ca. 19.7% söluaukning á kjöti hér innanlands. Hins vegar verður útflutningur kindakjöts um það bil 800 tonnum minni á verðlagsárinu en ráðgert var og birgðir þeim mun meiri 1. september.

Þá náðist ekki að flytja út osta eins og ætlað var svo að birgðir 1. september munu verða að minnsta kosti helmingi meiri en eðlilegt getur talist, eða 1400 tonn af 45% osti í stað 700 tonna, sem væri hóflegt að hafa í birgðum. Þessi birgðavandi flyst því yfir á næsta verðlagsár. Í heild verður útflutningsbótaþörfin sem næst 4.5 milljarðar króna vegna útflutnings þessa verðlagsárs og þeirra birgða af framleiðslu verðlagsársins 1978—1979, sem flytja þarf út.

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem skapast hafa vegna óheftrar framleiðslu undangenginna ára telur meiri hluti nefndarinnar rétt að lagt verði fram fé að þessu sinni til viðbótar lögboðnum útflutningsbótum. Meiri hlutinn álítur að hinar nýju heimildir Framleiðsluráðs til aðgerða, sem ætlað er að koma skipulagi á framleiðslu landbúnaðarvara, muni fremur ná því marki að aðlaga framleiðsluna þörfum þjóðarinnar, ef ekki þarf að fást við fjárhagsvanda frá fyrri árum og söluerfiðleika vegna eldri birgða.

Meiri hluti nefndarinnar leggur eftirfarandi til við ríkisstjórnina:

1. Að hún útvegi viðbótarfjármagn að upphæð 3 milljarða króna til að bæta bændum að nokkru óverðtryggðan útflutning landbúnaðarafurða á yfirstandandi verðlagsári, og til að greiða fyrir sölu á þeim búvörubirgðum sem í of stórum mæli eru óseldar við upphaf nýs verðlagsárs.

   Fjárhæð þessi svarar til ⅔ hluta af þeirri tekjuskerðingu sem annars blasir við að bændur verði fyrir, ef ekkert er að gert.
2. Af framangreindri upphæð verði tveir milljarðar króna útvegaðir svo fljótt, að þeir komi til nota fyrir lok verðlagsársins, svo að Framleiðsluráð geti dregið verulega úr innheimtu þess verðjöfnunargjalds, sem þegar hefur verið ákveðið.

   Jafnframt leiti ríkisstjórnin eftir því við Framleiðsluráð, að við innheimtu þess verðjöfnunargjalds, sem óhjákvæmilegt reynist að taka, verði notuð heimild í lögum til að innheimta misháttt framleiðslugjald eftir bústærð.
3. Ríkisstjórnin beini því til sláturleyfishafa og annarra söluaðila landbúnaðarins að þeir taki tillit til þess sérstaka vanda, sem nú er við að fást, og hækki endanlegt útborgunarverð til bænda vegna framleiðslu verðlagsársins 1978—1979, t. d. með því að fresta afskriftum.
4. Fjárútvegun þessi verði tengd aðgerðum til að koma skipulagi á framleiðslu landbúnaðarvara með það að markmiði að framleiðslan aðlagist sem best neysluþörfum þjóðarinnar.

Ingi Tryggvason.
Ásgeir Bjarnason.
Kjartan Ólafsson.
Steinþór Gestsson.
Jón Guðmundsson.

Fylgiskjal II.

Bókun á fundi Harðindanefndar 28. júlí 1979.

Við undirritaðir leggjum áherslu á, að þær aðgerðir, sem framkvæmdar verða til að aðlaga framleiðslu landbúnaðarvara sem best neysluþörfum þjóðarinnar, verði með þeim hætti, að þær valdi sem minnstri röskun á högum bænda, og verði við það miðaðar, að ekki þurfi að flytja inn landbúnaðarvörur.

Við erum því fylgjandi, að gerð verði áætlun til 5 ára að ná þessum framleiðslumarkmiðum. Til að ná þeim viljum við leggja til að eftirfarandi ráðstafanir verði gerðar:

1. Á næstu 5 verðlagsárum verði útflutningsbótaréttur óbreyttur að verðgildi frá því sem er á þessu ári.
2. Fjármunir þeir, sem sparast kunna á næstu 5 árum vegna minnkaðrar framleiðslu, verði notaðir til að endurgreiða viðbótarútflutningsbætur þær, sem greiddar verða á verðlagsárunum 1978—1979 og 1979—1980, og til að aðstoða bændur við að aðlaga framleiðslu sína settum markmiðum.
3. Niðurgreiðslur á smjöri og dilkakjöti lækki ekki hlutfallslega á næsta verðlagsári.
4. Teknir verði upp samningar milli ríkisvaldsins og bænda um nánari framkvæmd þessara tillagna.

Ingi Tryggvason. Ásgeir Bjarnason.
Jón Guðmundsson. Kjartan Ólafsson.

Fylgiskjal III.

Bókun Steinþórs Gestssonar á fundi Harðindanefndar 28. júlí 1979.

Aðild undirritaðs að tillögum meiri hluta Harðindanefndar er við það miðuð, að viðbótarfjárveitingar ríkissjóðs verði ekki aflað með nýrri skattheimtu, heldur verði fjáröflun þannig:

a) Byggðasjóði verði gert að leggja fram einn milljarð króna á ári að hámarki, á næstu þremur árum, til greiðslu upp í þessa viðbótarfjárveitingu ríkissjóðs.
b) Á næstu þremur árum verði það fé, sem gengur af útflutningsbótum vegna minnkaðrar framleiðslu, látið ganga til greiðslu í sama skyni.
c) Beitt verði aðhaldsaðgerðum í opinberum rekstri og því fé, sem þannig sparast, beini ríkisstjórnin m. a. til þess að lækka framlag Byggðasjóðs.
d) Ríkissjóður greiði vexti og annan fjármagnskostnað.

Í öðru lagi legg ég áherslu á þá tillögu meiri hluta nefndarinnar, að sláturleyfishafar hækki endanlegt útborgunarverð til bænda vegna kindakjötsframleiðslunnar 1978 með því að endurgreiða af innheimtum sláturkostnaði kr. 12.00 af hverju kg kjöts, en það svarar til þess að afskriftum verði frestað um eitt ár og að dregið verði úr viðhaldskostnaði sem svarar kr. 6.00 á hvert kg kjöts.

Þessi aðgerð mundi minnka tekjuskerðingu bænda um því sem næst 185 milljónir króna, og með endurgreiðslu Búvörudeildar S.Í.S. og Osta- og smjörsölunnar, að þessu sinni, á hluta af umboðslaunum þeirra af útfluttum búvörum á árinu 1979, t. d. um 100 milljónir króna, væri af þessum aðilum tekið nokkurt tillit til þess vanda sem nú er við að fást.

Tillögur meiri hluta Harðindanefndar eru í samræmi við erindisbréf hennar einskorðaðar við vanda bænda vegna söluerfiðleika erlendis á umframframleiðslu landbúnaðarvara frá verðlagsárinu 1978—1979 og fyrri árum.

Líka verður það að teljast eðlilegra að Alþingi og ríkisstjórn fjalli um þau vandamál, sem upp kunna að koma um það leyti eða eftir að Alþingi kemur saman til funda.

Ég hef því ekki getað fallist á að nefndin gerði frekari tillögur en hér eru settar fram. Um ástand og horfur í haust eru enn of margir óvissuþættir til þess að tillögugerð geti orðið með raunsæjum hætti, þar sem tillögurnar hlytu að byggjast á getgátum að mestu leyti.

Steinþór Gestsson.

Sþ. 27. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]

um eflingu iðnaðar á Vesturlandi.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um gerð áætlunar um iðnþróun á Vesturlandi.

Greinargerð.

Horfur um þróun mannfjölda og mannafla annars vegar og þá ekki síður fyrirsjáanlegar breytingar á atvinnuskiptingu hins vegar hefur grundvallarþýðingu fyrir mótun atvinnumálastefnu næstu ára. Framkvæmd slíkrar atvinnumálastefnu getur haft veruleg áhrif á byggð víðs vegar um landið næstu árin, enda ráðast fólksflutningar milli byggðasvæða að verulegu leyti af atvinnuástandi á hverju svæði. Með tillögu þeirri til þingsályktunar, sem hér er lögð fram, er annars vegar reynt að leggja áherslu á þátt iðnaðar í mótun atvinnumálastefnu næstu ára og hins vegar að tryggja Vesturlandi eðlilegan þátt í framkvæmd þeirrar stefnu.

Ýmsar ástæður má nefna fyrir þörfinni á eflingu iðnaðar á Vesturlandi. Þar ber hæst, að hlutdeild Vesturlands í heildarfjölda landsmanna fer enn lækkandi, þótt verulega hafi dregið úr þeirri lækkun hin síðari ár í kjölfar uppbyggingar, m. a. í sjávarútvegi. Fjöldi íbúa í dreifbýli er þar hlutfallslega meiri en almennt gerist á landinu í heild og atvinnulíf er víðast hvar mjög einhæft. Á hinn bóginn eru ýmsar þær aðstæður fyrir hendi í landshlutanum, sem gefa fyrirheit um fjölþætta iðnþróun, ef skipulega verður að málum staðið og stuðningur veittur til þess að stuðla að raunhæfum framkvæmdum. Þar má til nefna, að Vesturland er í tiltölulega góðum samgöngutengslum við stærsta markað landsins, þar er stutt í meginorkuflutningslínur og nægur jarðvarmi er fyrir hendi í landshlutanum, sem auðveldlega mætti hagnýta. Af framansögðu má vera ljóst, að á Vesturlandi er bæði veruleg þörf á átaki í eflingu iðnaðar og ýmsar ákjósanlegar aðstæður fyrir hendi, sem á mætti byggja.

Um nokkurt skeið hefur byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins unnið markvisst að gerð byggðaþróunaráætlana fyrir einstök byggðasvæði á Vesturlandi. Eðlilegt væri að fela Framkvæmdastofnun gerð þeirrar áætlunar um þróun iðnaðar í landshlutanum, sem hér er fjallað um, enda er þar um verkefni að ræða, sem útfæra þyrfti í hinum almennu byggðaþróunaráætlunum fyrir einstök byggðasvæði innan landshlutans. Enn sem fyrr verður að telja æskilegt, að áætlunin verði unnin í nánu samráði og samvinnu við Samband sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.

Sþ. 28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um grasköggla verksmiðjur.

Flm.: Pálmi Jónsson, Lárus Jónsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að hraðað skuli uppbyggingu grasköggla verksmiðjanna í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu, þannig að þær geti tekið til starfa á árunum 1981 og 1982.

Fjár til framkvæmda verði aflað á þrennan hátt:

1. Með framlögum úr heimahéruðum, eftir því sem aðstæður leyfa.
2. Með framlögum á fjárlögum.
3. Með lánsfé.

Tekið verði til rækilegrar athugunar hvort ekki sé hagkvæmt að nýta jarðvarma eða raforku til rekstrar verksmiðjanna, en þess gætt að láta slíkar athuganir ekki tefja framkvæmdir.

Greinargerð.

Fáar nýjar leiðir virðast augljósar til þess að mæta afleiðingum harðindanna, sem gengið hafa yfir landið, einkum norðanvert, á þessu ári. Knöppum heyforða og grasleysi á útjörð verður ekki mætt með heykaupum, þegar nálega engin byggðarlög eru aflögufær. Þeim mun sjálfsagðara er að fara þær leiðir, sem við blasa, til þess að tryggja okkur betur fyrir fóðurskortinum, ef fleiri hörð ár sigla í kjölfar þess sem nú er senn liðið. Stórefling fóðuriðnaðar getur átt veigamikinn þátt í þessu, auk þess sem hann glæðir innlenda atvinnustarfsemi og dregur úr gjaldeyriseyðslu vegna fóðurvörukaupa.

Ákveðið hefur verið að byggja grasköggla verksmiðju í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Framkvæmdir hófust fyrir nokkrum árum, nægilegt land hefur verið keypt, það framræst og ræktun nokkuð á veg komin.

Forsaga þessa máls er í stórum dráttum, sem hér greinir:

Þegar breytingar voru gerðar fyrir forgöngu sjálfstæðismanna á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum árið 1971 voru í fyrsta sinn sett í lög ákvæði um grasköggla verksmiðjur. Á grundvelli þeirra laga starfaði nefnd sex manna, þriggja frá Búnaðarfélagi Íslands og þriggja frá Landnámi ríkisins, að því að semja áætlun um, hversu margar grasköggla verksmiðjur sé eðlilegt að stofna í landinu, og gera tillögur um staðarval. Álit nefndarinnar er prentað hér með sem fskj. I. Í niðurstöðum nefndarinnar eru gerðar tillögur um stofnun eftirtalinna verksmiðja og í þessari röð:

Í Hólminum í Skagafirði.

Í landi Flateyjar í A.-Skaftafellssýslu.

Einnig er lagt til að athugaðir verði möguleikar á undirbúningi að stofnun verksmiðju í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu.

Tillögur nefndarinnar voru samþykktar óbreyttar af stjórn Búnaðarfélags Íslands og nálega óbreyttar af landnámsstjórn.

Landbúnaðarráðherra, Halldór E. Sigurðsson, tók á hinn bóginn ákvörðun um að breyta tillögum nefndarinnar þannig, að Flatey komi sem nr. 1, Hólmurinn nr. 2 og Saltvík nr. 3. Framkvæmdatími lengdist úr fimm árum í allt að átta ár, sbr. fskj. II.

Í framhaldi af þessari ákvörðun var hafin bygging verksmiðjunnar í Flatey, sem tekin er til starfa fyrir þremur árum. Lítils háttar fjárveitingar hafa þó verið á fjárlögum til verksmiðjanna á Norðurlandi, enda undirbúningur og framkvæmdir nokkuð á veg komin, svo sem fyrr er lýst. Þessar fjárveitingar voru þó algerlega felldar niður við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1979.

Á árinu 1976 skipar landbúnaðarráðherra, Halldór E. Sigurðsson, nefndir heimamanna til þess að vinna að undirbúningi að byggingu verksmiðjanna á Norðurlandi, m. a. að athuga fjármögnunarleiðir og þátt heimamanna í þeim. Á hinn bóginn hefur verksmiðjunum enn ekki verið sett stjórn, svo sem lög gera þó ráð fyrir.

Þessar nefndir unnu verulegt starf og birtast hér með sem fskj. bréf til ráðherra frá nefndinni er varðar Hólminn í Skagafirði, enn fremur tillaga frá fulltrúafundi á Húsavík, ásamt greinargerð frá Stefáni Skaftasyni.

Mikill áhugi er fyrir þessum málum á Norðurlandi og hafa fjölmargar fundarsamþykktir verið gerðar í því skyni að knýja á framkvæmdir. Þessar samþykktir verða þó ekki frekar tíundaðar hér. Einnig hafa landnámsstjóri og landnámsstjórn mjög unnið að þessu máli, eins og unnt er að skýra með mörgum gögnum, og það, sem gert hefur verið, hefur hvílt á herðum landnámsstjóra.

Verulegar athuganir hafa farið fram á möguleikum og hagkvæmni þess að nýta innlenda orkugjafa, raforku eða jarðvarma, í stað svartolíu við þurrkun grass og grænfóðurs í grasköggla verksmiðjunum í Hólminum og Saltvík. Báðar verksmiðjurnar eru í næsta nágrenni við jarðhitasvæði, og Hólmurinn er auk þess rétt við aðveitustöð á byggðalínu.

Það síðasta, sem unnið hefur verið í þessu máli, er að fyrir einu ári var Stefáni Erni Stefánssyni verkfræðingi falið að kanna möguleika og gera grófa áætlun um stofnkostnað verksmiðja á þessum tveimur stöðum með mismunandi orkugjöfum, þ. e. jarðvarma, raforku og svartolíu. Hinn 30. júní s. l. skilar Stefán Örn greinargerð um málið til landbúnaðarráðuneytisins. Er hún viðameiri en svo, að rétt þyki að birta hana hér, en þó eru prentaðar hér með sem fskj. niðurstöður hennar og verkefnalisti.

Sjálfsagt er að halda slíkum athugunum áfram, en rétt er að benda á að þurrkari er ekki nema hluti vélasamstæðu, sem á þarf að halda. Þess vegna er tekið fram í tillögugreininni, að slíkar athuganir verði ekki látnar tefja framkvæmdir, heldur hefji verksmiðjurnar vinnslu með svartolíuþurrkun, ef þá verða óleyst tæknileg vandamál í sambandi við þurrkun með jarðvarma eða raforku, enda þótt nauðsynlegt verði að breyta eða jafnvel skipta um þurrkara þegar skipt væri um orkugjafa síðar.

Miðað við þann undirbúning og framkvæmdir, sem þegar hafa verið unnar, er reiknað með að kosti 400—500 millj. kr. að koma upp hvorri verksmiðjunni um sig ásamt nauðsynlegri ræktun og tækjabúnaði. Hér er þó um mjög grófa áætlun að ræða. Til þess að unnt sé að taka verksmiðju í notkun árið 1981 væri nauðsynlegt að vinna landið og sá í nokkuð af því næsta sumar, einnig að skipuleggja svæðið, panta vélar og hefja byggingu verksmiðjuhúss næsta haust. Vorið 1981 yrði þá lokið við byggingu hússins, settar niður vélar, keypt tæki og lokið vegagerð og ýmsum lögnum, fyrir vatn, rafmagn o. s. frv. Allt er þetta framkvæmanlegt, en þó því aðeins að fjármagn skorti ekki.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að fé verði fengið á þrennan hátt. Á undanförnum árum hefur orðið vart við áhuga heimamanna á því að leggja fram fé til þess að koma verksmiðjumálunum áfram. Hefur t. a. m. sr. Gunnar Gíslason í Glaumbæ ritað blaðagrein þar sem hann leggur til að þessi leið verði farin, og yrðu þá verksmiðjurnar væntanlega eign hlutafélags eða sameignarfélags bænda, samtaka þeirra og ríkisins. Nefnd sú, sem starfaði að undirbúningi verksmiðjunnar í Hólminum, kannaði þessi mál allítarlega þá, en fékk litlar undirtektir. Sjálfsagt er að ný athugun fari fram á því, hversu mikið fjármagn unnt er að fá lagt fram á heimaslóðum og hversu mikinn hlut heimaaðilar vilji taka á sig í uppbyggingu og rekstri.

Að sjálfsögðu verður hægt að fá verulegt lánsfé, þó til misjafnlega langs tíma verði. Má vænta þess, að það fáist bæði úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, Framkvæmdasjóði Íslands og Byggðasjóði, og sennilega erlent lán vegna vélakaupanna. Það, sem á vantar, verður nauðsynlegt að fá sem framlag á fjárlögum, ef ekki verður lögfestur markaður tekjustofn í þessu skyni. Rétt er einnig að hafa það í huga, að hæpið má teljast að rekstur verksmiðjanna geti borið veigamikinn hluta fjármagnskostnaðar vegna stofnframkvæmda.

Það, sem að framan er rakið, sýnir að hægt er að koma verksmiðjunum í rekstur á árinu 1981, ef fjármagn skortir ekki. Norðlendingar eru orðnir langþreyttir í þessu máli. Þeir horfa á lönd, sem tekin hafa verið frá til þessara nota, sundurflakandi í hjarta byggðarlaga sinna. Þetta er enn sárara í árferði eins og nú er, þegar hvarvetna blasir við grasleysi og knappt heyfóður. Lengur verður ekki unað því aðgerðarleysi sem staðið hefur, enda komið fram yfir allan áætlaðan tíma framkvæmda við þessar verksmiðjur.

Hér er um þau þjóðhagslegu markmið að ræða að efla fóðuriðnað í landinu sjálfu, gera okkur óháðari innflutningi á fóðurvörum og draga úr gjaldeyriseyðslu til fóðurkaupa. Framleiðsla þessara verksmiðja beggja verður væntanlega um sex þúsund tonn á ári, en innflutt fóður hefur síðustu árin verið 60—70 þús. tonn árlega. Hér er því aðeins um að ræða skref í áttina til þess að draga úr þessum innflutningi. Vert er að vekja athygli á því, að á þessu ári hafa verið fluttir inn grasköggla í fyrsta sinn og vaxandi kröfur um frekari innflutning þeirra, vegna þess að framleiðsla sumarsins hér heima er löngu uppseld og þeir ófáanlegir í landinu.

Allt sýnir þetta ljóslega, hve nú er nauðsynlegt að taka á í þessu máli. Við flm. væntum þess því fastlega, að tillaga þessi fái góðan byr í gegnum Alþingi og framkvæmdir verði með þeim hætti sem að er stefnt.

Fylgiskjal I.

Nefndarálit samstarfsnefndar Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins um grænfóðurverksmiðjur.

Á síðastliðnu hausti var skipuð nefnd af Landnámi ríkisins og Búnaðarfélagi Íslands „til að gera áætlun, eins fljótt og við verður komið, um hversu margar grænfóðurverksmiðjur sé eðlilegt að stofna í landinu og gera tillögur um staðarval".

Í nefndinni eiga sæti Árni Jónsson, Stefán H. Sigfússon og Pálmi Jónsson, valdir af landnámsstjórn, og Björn Bjarnason, Árni G. Pétursson og Ketill Hannesson, valdir af stjórn Búnaðarfélags Íslands. Nefndin hóf þegar störf og hefur haldið yfir 20 fundi, en nefndarmenn hafa skipt störfum á milli funda.

Nefndarmenn eru sammála um, að samkvæmt þeirri reynslu, er fengist hefur, og þeim tilraunum, sem nú eru í gangi með heyköggla (fylgiskjöl 1, 2 og 3), megi telja líklegt, að hagkvæmt sé að nota heyköggla sem svarar til allt að 50% af kjarnfóðri miðað við að verð pr. fóðureiningu sé sambærilegt.

Sé reiknað með að innflutt kjarnfóður, sem notað er í sauðfé, nautgripi og hesta, sé ca 50 000 tonn árlega og að heykögglar kæmu í stað 25 000 tonna, svarar það til að framleiða þyrfti 32 500 tonn heyköggla. Reiknað er með 1.0 kg fóðurbætis í Fe. og 1.3 kg heyköggla í Fe. (fylgiskjal 4).

Nefndin hefur kynnt sér rekstur verksmiðja ríkisins í Gunnarsholti og á Stórólfsvelli (fylgiskjöl 5 og 6). Nefndin telur, að flest bendi til þess, að þessar rekstrareiningar séu ekki hagkvæmar, og vill í því sambandi vísa til greinargerðar P. Sonne Frederiksen, forstöðumanns „Forskningsinstitut for handels- og industriplanter" (fylgiskjal 7), en Sonne Frederiksen dvaldi hér á landi 20.—26. mars síðastliðinn og kynnti sér þessi mál ásamt nefndarmönnum, bæði í Gunnarsholti og á Stórólfsvelli.

Reiknaður hefur verið út, eftir upplýsingum þessum og þeirri reynslu, sem fengin er hérlendis, stofn- og rekstrarkostnaður fyrir mismunandi verksmiðjustærðir, við mismunandi aðstæður. Niðurstöður sjást á fylgiskjali nr. 8.

Með hliðsjón af þessu leggur nefndin til, að þegar verði gerð áætlun um endurbyggingu verksmiðjunnar í Gunnarsholti, þannig, að eimingargeta hennar verði a. m. k. 10 tonn/klst. (sem svarar til ca 4000 tonna framleiðslu), og stefnt að því, að sú breyting geti orðið sem allra fyrst.

Lagt er til, að verksmiðjan verði m. a. rekin með það í huga, að þar sé unnt að framkvæma þær tilraunir og athuganir, sem þörf krefur.

Nefndin lítur svo á, að við staðsetningu nýrra verksmiðja þurfi framar öðru að taka mið af tveimur afgerandi þáttum: Annars vegar ræktunaröryggi, fullnægjandi landstærð og vinnslutíma, og á hinn bóginn markaðssvæðum og flutningaleiðum. Má í því sambandi benda á, að vart er að vænta, miðað við verðlag í dag, að flutningur fáist fyrir minna en kr. 500,— á hvert tonn pr. 100 km. Þetta verð er þó verulega fyrir neðan taxta. Vert er að benda á, að í ár, þegar ekki er um fóðurskort að ræða og ekki greiddir flutningastyrkir, virðast menn ekki leggja út í lengri flutning en ca 500 km.

Í framhaldi af þessu leggur nefndin til, að þegar verði hafinn undirbúningur að stofnun heykögglaverksmiðja á Norðurlandi og Austurlandi, m. a. með það í huga, að fá úr því skorið, hversu hagkvæmt sé að reka verksmiðjur í þessum landshlutum.

Við staðarval er rétt að hafa það í huga, að unnt sé að tryggja land, sem nægi til þeirra framleiðsluafkasta, sem mesta hagkvæmni veita, og eins og fram kemur í fylgiskjali nr. 8 eru það verksmiðjur með 10—20 tonna eimingargetu pr. klst.

Nefndin hefur kannað ýmsa hugsanlega staði á Norður- og Austurlandi og fylgir hér með greinargerð um 4 staði (fylgiskjal 9), sem nefndin hefur talið að helst komi til greina, einnig áætlun um hvenær væri hugsanlegt að verksmiðjur á þessum stöðum gætu tekið til starfa. Þá fylgir og áætlun um stofn- og rekstrarkostnað fyrir verksmiðju með 2.8 tonna eimingargetu (fylgiskjal 10). Áætlun þessi er unnin af verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns í samráði við Stefán H. Sigfússon fyrir Fóðuriðjuna hf., Saurbæ, Dalasýslu. Einnig fylgir áætlun um stofn- og rekstrarkostnað mismunandi stærða af verksmiðjum miðað við danskar aðstæður (fylgiskjal 7), þessi áætlun gefur hugmynd um hlutfallið milli stórra og lítilla verksmiðja hvað stofn- og rekstrarkostnað snertir.

Nefndin mælir með því, að verksmiðju á Norðurlandi verði valinn staður í landi Lauftúns, Krossaness og Löngumýrar í Skagafirði. Þessar jarðir, að undanteknum 10 ha og húsum Löngumýrarskóla, eru í eigu Landnáms ríkisins. Nefndin byggir þessa skoðun sína fyrst og fremst á því, að talið er að ræktun sé öruggari í Hólminum í Skagafirði en á því landi sem um er að ræða í S.-Þingeyjarsýslu. Séu kalárin 1965—1968 höfð í huga mundi þurfa mun meira land í S.-Þingeyjarsýslu til að tryggja svipað rekstraröryggi og í Hólminum, og má í því sambandi vísa til skýrslna héraðsráðunautanna á þessum svæðum til kalnefndar.

Verði byrjað með litla verksmiðju má benda á, að í Lauftúni eru byggingar þar sem mætti koma fyrir sambærilegri vélasamstæðu og þeirri, sem nú er í Gunnarsholti. Þar þyrfti aðeins að byggja geymsluhús og gera breytingar á öðrum byggingum. Sá möguleiki gæti skapast að flytja tæki verksmiðjunnar í Gunnarsholti og setja þau upp á þessum stað, yrðu fengin ný og stærri tæki í verksmiðjuna í Gunnarsholti.

Á Austurlandi er lagt til að valinn verði staður í landi Flateyjar í Mýrahreppi, Austur-Skaftafellssýslu, fyrst og fremst vegna þess, að ræktun þar yrði ódýrari en í Vallanesi og meiri möguleikar á landumráðum.

Nefndin telur rétt að benda á, að hvort sem uppbyggingu þessara verksmiðja yrði háttað eins og gert er ráð fyrir í X. kafla laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum eða á annan hátt, t. d. með því að stofnuð

verði félög um byggingu og rekstur, telur nefndin rétt að þessir staðir verði valdir og uppbygging fari fram í þessari röð, að aflokinni áætlunargerð um stærð og rekstur:

í Hólminum í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu,
í landi Flateyjar, Mýrahreppi, A.-Skaftafellssýslu.

Þá leggur nefndin til, að athugaðir verði möguleikar á undirbúningi að stofnun verksmiðju í Saltvík, Reykjahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, ef unnt yrði að fá land fyrir verksmiðju af hagkvæmri stærð.

Þessum verkefnum ásamt stækkun verksmiðjunnar í Gunnarsholti verði lokið á næstu fimm árum.

Nefndin telur rétt, að unnið verði áfram að áætlunargerð um þessi mál, og verði á þessu ári lögð aðaláhersla á að komast að því, hvaða stærð verksmiðju muni verða hagkvæmust hér á landi. Lokið verði við að gera 10 ára áætlun 1973—1974.

Árni Jónsson.
Stefán H. Sigfússon.
Pálmi Jónsson.

Björn Bjarnarson.
Árni G. Pétursson.
Ketill Hannesson.

Fylgiskjal II.

Til landnámsstjórnar,
Búnaðarbankahúsinu v/Hlemmtorg.

Reykjavík, 2. júní 1972.

Með skírskotun til bréfs landnámsstjórnar, dags. 28. maí s. l., þar sem gerðar eru tillögur um staðsetningu grænfóðurverksmiðja á landinu, vill ráðuneytið hér með samþykkja áætlun landnámsstjórnar um grænfóðurverksmiðjur þessar á þann hátt sem hér greinir:

1. Flatey í Mýrahreppi, A.-Skaft.
2. Hólmurinn í Skagafirði.
3. Saltvík S.-Þing.

Enn fremur telur ráðuneytið rétt, að veittur verði aukinn styrkur til Fóðuriðjunnar hf., Dalasýslu, að upphæð 4 millj. kr., þar sem ljóst er af nýgerðri áætlun, að kostnaður við framkvæmdir þar verði 30—40% hærri en gert var ráð fyrir. Styrkur þessi yrði greiddur á næstu þrem árum, 1973, 1974 og 1975.

Það skal að lokum tekið fram, að gera verður ráð fyrir, að áætlaður framkvæmdatími lengist frá tillögum nefndarinnar í allt að 8 árum.

Halldór E. Sigurðsson.
Gunnl. E. Briem.

Fylgiskjal III.

Sauðárkróki, 12/9 1976.

Hr. landbúnaðarráðherra
Halldór E. Sigurðsson,
landbúnaðarráðuneytinu,
Reykjavík.

Á fundi sínum þann 11/9 s. l. gerði nefnd sú, er þér skipuðuð með bréfi dags. 29/6 s. l. til þess að vinna að málefnum væntanlegrar grænfóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði, eftirfarandi bókun:

Með tilvísun til bréfs landbúnaðarráðherra, dags. 29. júní s. l., varðandi grænfóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði vill nefndin taka fram eftirfarandi:

1. Nefndin lýsir ánægju sinni yfir þeirri yfirlýsingu landbúnaðarráðherra, að ákveðið sé að hefja byggingu grænfóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði og að landbúnaðarráðuneytið muni leggja áherslu á, að á fjárlögum næsta árs verði fjárveiting til að hefja byggingarframkvæmdir á árinu 1977.
2. Nefndin hefur skrifað öllum samvinnufélögum, búnaðarsamböndum og hreppabúnaðarfélögum í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum um þetta mál, þar sem m. a. er spurst fyrir um það, hvort þau vilji eiga aðild að uppbyggingu og rekstri verksmiðjunnar og þá í hvaða formi.
3. Þar sem ekki liggur fyrir hvort nægjanlegt heitt vatn fæst í nágrenni verksmiðjunnar með hagkvæmum hætti, leggur nefndin eindregið til, að verksmiðjan í Hólminum verði byggð í sama formi og verksmiðjur þær, sem þegar hafa verið byggðar, þ. e. að svartolía verði notuð sem orkugjafi við þurrkun á því hráefni sem notað verður til kögglagerðarinnar. Verksmiðjan verði af sömu stærð og verksmiðjurnar í Gunnarsholti og Flatey. Vélabúnaður til hennar verði því keyptur í samræmi við það. Bygging verksmiðjunnar í því formi, sem hér er gert ráð fyrir, útilokar ekki möguleika á notkun heita vatnsins, þar sem þurrkhúsið, með tilheyrandi tæknibúnaði til forþurrkunar á hráefninu, mundi koma sem viðbótareining við þær byggingar og vélakost sem gert er ráð fyrir.
4. Hið allra fyrsta verði staðsett borhola í nágrenni verksmiðjunnar og hafin þar borun eftir heitu vatni, svo að úr því fáist skorið, hvort nægjanlegt heitt vatn fáist til forþurrkunar á hráefni til heykögglagerðarinnar.
5. Fáist heitt vatn verði gerð áætlun um hvort hagkvæmt yrði að byggja þurrkhús með tilheyrandi tæknibúnaði við verksmiðjuna og minnka olíunotkun við þurrkunina á hráefninu.

Egill Bjarnason.
Gunnar Oddsson.
Páll Pétursson.

Pálmi Jónsson.
Brynjólfur Sveinbergsson.

Fylgiskjal IV.

Sauðárkróki, 2/9 1977.

Hr. landbúnaðarráðherra
Halldór E. Sigurðsson,
landbúnaðarráðuneytinu,
Reykjavík.

Eins og yður var skýrt frá í bréfi, dags. 9/9 1976, skrifaði undirbúningsnefnd varðandi grænfóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði öllum samvinnufélögum, búnaðarsamböndum og búnaðarfélögum í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum og spurðist fyrir um vilja þeirra um aðild að byggingu og rekstri væntanlegrar grænfóðurverksmiðju.

Svör, sem nefndinni hafa borist, eru á þann veg, að allir aðilar lýsa fyllsta stuðningi og áhuga fyrir byggingu verksmiðjunnar, en vilja ekki skuldbinda sig með beinni aðild að byggingu eða rekstri hennar, að svo komnu máli. Sum félög nefna sem möguleika einhvern stuðning á lokastigi framkvæmda. Þessi afstaða er yfirleitt studd þeim rökum, að fóðuriðnaður úr íslensku hráefni sé þjóðhagslegt stórverkefni, sem vinna þurfi að á skipulegan hátt og koma á traustari grundvöll en nú er, bæði hvað snertir fjármögnun og rekstur. Að heimaaðilar hefji þessar

framkvæmdir með það fyrir augum, að opinberir aðilar taki svo við, telja flestir vafasama leið, sem gæti skaðað heildarverkefnið, miðað við þær aðstæður sem fóðuriðnaðurinn býr við í dag.

Með hliðsjón af framangreindum skoðunum heimaaðila leggur nefndin eindregið til, að landbúnaðarráðuneytið beiti sér fyrir setningu laga um fóðuriðnaðarsjóð í samræmi við tillögur fóðuriðnaðarnefndar er samþ. voru á síðasta Búnaðarþingi.

Að fenginni löggjöf, sem markaði fasta tekjustofna til fjármögnunar þessarar starfsemi, opnaðist trúlega einnig leið fyrir heimaaðila að taka þátt í byggingu og rekstri verksmiðjanna.

Nefndin hefur rætt við stjórn Varmahlíðar (sem starfar í umboði Skagafjarðarsýslu) um að fá heitt vatn til nota fyrir verksmiðjuna, ef hagkvæmt þætti og tæknilega hægt að nota í stað olíu, að einhverju eða öllu leyti. Í viðræðunum kom fram, að eins og er er heita vatnið nær fullnýtt í Varmahlíð. Þarf því að bora eftir því vatni, sem verksmiðjan kynni að fá. Um árangur af væntanlegri borun er ekkert hægt að fullyrða á þessu stigi málsins. Enn liggur ekki fyrir hvar líklegastur árangur fengist við borun. Talið er líklegt, að það verði vestan í Reykjarhólnum. Sú staðsetning borholu lengir hitalögn að væntanlegri verksmiðju nokkuð. Þá kemur einnig til álita að dýpka þá einu holu, sem boruð hefur verið í Varmahlíð og er rétt norðan við sundlaugina. Úr henni fæst 96—100 gráðu heitt vatn. Það er því vel nothæft hvað hitastig snertir til hraðþurrkunar á grasi.

Varmahlíðarstjórn gaf nefndinni heimild til þess að vinna að því að ný borhola yrði staðsett í Varmahlíð hið fyrsta.

Nefndinni þætti æskilegt að fá um það vísbendingu frá landbúnaðarráðuneytinu, hvað frekar hún ætti að vinna í þessu heitavatnsmáli, þar sem jarðhitarannsóknir og staðsetning borholu kosta einhverja fjármuni.

Nefndin vill svo að lokum minna á, að á sínum tíma var áformað, að verksmiðjan í Hólminum yrði hin þriðja í röðinni af ríkisverksmiðjunum, og langt er síðan keyptar voru þrjár jarðir fyrir verksmiðjuna.

Ástæða væri því til að framkvæmdir hæfust af fullum krafti á næsta sumri. Heitir nefndin á landbúnaðarráðuneytið að beita sér fyrir því af alefli, að svo megi verða.

Virðingarfyllst,

Gunnar Oddsson. Egill Bjarnason. Páll Pétursson.
Brynjólfur Sveinbergsson. Pálmi Jónsson.

Fylgiskjal V.

Fulltrúafundur Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga, Kaupfélags Þingeyinga, Húsavíkurkaupstaðar og Landnáms ríkisins, haldinn á Hótel Húsavík 7/11 1975, með þingmönnum Norðurlandskjördæmis eystra, samþykkir eftirfarandi:

Fundurinn telur að óeðlilegur dráttur hafi orðið á nauðsynlegum fjárveitingum til framkvæmda við áætlaðar fóðuriðjuframkvæmdir í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu.

Fundurinn lítur svo á, að hér sé um að ræða þjóðhagslega hagkvæma framkvæmd, sem nýtt getur innlendan orkugjafa, til gjaldeyrissparnaðar fyrir þjóðarbúið.

Reynslan hefur þegar sýnt, að þessi fóðuriðnaður er fullkomlega samkeppnisfær við annan iðnað í landinu og skapar auk þess mikilvæga tryggingu í fóðuröflun fyrir landbúnaðinn, ekki síst fyrir harðbýlustu héruð landsins.

Fundurinn skorar því á þingmenn kjördæmisins að beita sér fyrir því af alefli, að tekin verði upp í fjárlög 1976 60 milljón króna fjárveiting, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar tryggt á annan hátt, til fyrirhugaðrar fóðuriðju við Saltvík, og stefnt verði að því að verksmiðjan geti tekið til starfa sumarið 1977.

Finnur Kristjánsson.
Ari Teitsson.
Vigfús B. Jónsson.
Jónas Egilsson.
Baldvin Baldursson.
Teitur Björnsson.
Sigurður Þórarinsson.
Stefán H. Sigfússon.
Guðmundur Bjarnason.
F. Gíslason.
Stefán Skaftason.
Stefán Óskarsson.
Jóhann Hermannsson.
Þórólfur Árnason.
Atli Baldvinsson.
Arnljótur Sigurjónsson.
Sigurjón Jóhannesson.
Hermóður Guðmundsson.
Árni Jónsson.
Haukur Harðarson.
Böðvar Jónsson.
Jóhanna Aðalsteinsdóttir.
Skafti Benediktsson.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, samþykktum á Alþingi 5. apríl 1971, skyldi landnámsstjórn í samráði við Búnaðarfélag Íslands láta gera áætlun um, hversu margar grænfóðurverksmiðjur sé eðlilegt að stofna í landinu, og gera tillögur um staðarval.

1972 samþykkir landbúnaðarráðherra tillögur frá þessum aðilum að reistar skuli þrjár verksmiðjur á næstu 5 árum, þ. e. í Flatey, A.-Skaftafellssýslu, í Saltvík í Reykjahreppi og Hólminum í Skagafirði.

Undirbúningur ræktunarframkvæmda í Saltvík er það vel á veg kominn, að þess vegna getur væntanleg verksmiðja tekið þar til starfa 1977. Búið er að brjóta tæpa 200 ha lands, þurrka landið og girða. Melar eru 50—60 ha, annað land er smáþýfðir móar, mjög auðunnir.

Á þessu hausti var sáð í 40 ha lands.

Heimaaðilar leggja á það ríka áherslu, að innlend orka verði notuð sem aðalorkugjafi verksmiðjunnar. Bendum við á, að hitaveitunefnd Húsavíkur hefur þegar samþykkt að selja verksmiðjunni vatn, sbr. samþykkt gerða á fundi hitaveitunefndar Húsavíkur með stjórn B. S. S. Þ., landnámsstjóra, stjórnarformanni landnámsstjórnar og Stefáni H. Sigfússyni, sem er í landnámsstjórn.

„Fundarmenn voru sammála að lýsa yfir gagnkvæmum vilja til að af sölu geti orðið á heitu vatni til grasköggla verksmiðju í Saltvík. Verði gerður rammasamningur milli aðila, þar sem þess verði gætt, að hagsmunir beggja séu tryggðir."

Þá má áætla, að afgangsorka frá Kröfluvirkjun verði til ráðstöfunar 1977.

Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu hefur frá 1967 gert ítrekaðar tilraunir að koma þessu verksmiðjumáli í höfn. Bændur hér í héraði hafa alla tíð haft mikinn áhuga á þessu máli og gera sér ljósa grein fyrir þýðingu grasköggla í búskap sínum. Eins og málin standa í dag má fullyrða, að þeim sé fyrirmunað að nota grasköggla vegna mikils flutningskostnaðar frá verksmiðjum ríkisins sunnan- og vestanlands.

Kögglar, sem þar eru seldir á kr. 33.00 pr. kg, eru seldir á Húsavík á kr. 42.60 pr. kg, þannig að verð pr. fe. verður töluvert miklu dýrara í grasköggum en innfluttum fóðurbæti.

Framleiðslugeta Saltvíkur-verksmiðjunnar er áætluð 2500—3000 tn. af grasköggum á ári. Þá er reiknað með 5 tonna eimingargetu á klst. Framleiðsluverðmæti er ca. 100 milljónir króna á ári. Kostnaðaráætlun fyrir verksmiðjuna á verð-

lagi dagsins í dag 210 millj. kr. Framleiðsluverðmæti er því hátt samanborið við stofnkostnað. Fullyrða má, með reynslu verksmiðjunnar í Gunnarsholti í huga, að Saltvíkur-verksmiðjan verður mjög arðbært fyrirtæki og kemur til með að jafna þann aðstöðumun, sem bændur norðanlands nú búa við samanborið við starfsbræður þeirra sunnan- og vestanlands.

Stefán Skaftason, Straumnesi.

Fylgiskjal VI.

Kafli úr greinargerð Stefáns Arnar Stefánssonar verkfræðings.

10. **NIÐURSTÖÐUR.**

10.1. Aðstæður til nýtingar umframorku hitaveitu og virkjunar jarðvarma sýnast mun betri í nágrenni Saltvíkur eða í Reykjahverfi en að Varmahlíð.

10.2. Aðstæður til nýtingar umframraforku frá eða um byggðalínu sýnast mun betri að Varmahlíð en í nágrenni Saltvíkur.

10.3. Verð á umframorku frá byggðalínu á Akureyri er nú 5.24 kr/kwst. eða um 0.61 aurar/kcal. En verð á svartolíu er nú 56.22 kr/kg frá bíl til verksmiðju eða röskir 0.57 aurar/kcal.

10.4. Búast má við um 25% hækkun svartolíu á næstunni, og fljótlega 30% hækkun þar ofan á.

10.5. Þau tæki til þurrkunar með raforku, sem undirritaði hefur fundið án verulegrar leitar, eru dýrari en bandaþurrkarinn, sem nýtir jarðvarma.

10.6. Jarðvarmi sýnist geta orðið ódýrari aflgjafi í nágrenni Saltvíkur en raforka í nágrenni Varmahlíðar, vegna þess að um umframorku frá auðunnu svæði er að ræða.

10.7. Vel sýnist koma til greina að nýta jarðvarma í Saltvík, ef byggja á fleiri grasköggla verksmiðjur. Hönnun og kostnað þarf að skoða nánar.

10.8. Að mati undirritaða er sennilega þjóðhagslega hagstæðara að taka jarðvarmann úr Húsavíkurhitaveitunni eða með borun að Hveravöllum en að taka 5 til 10 mw orku út af byggðalínu, þar eð þá orku mætti nýta miklu víðar.

10.9. Eftir síðustu hækkanir svartolíu og þær hækkanir, sem búast má við á næstunni, sýnist undirritaða einsýnt að skoða eigi þetta mál nánar, leita upplýsinga erlendis, grófhanna og kostnaðaráætla þurrkarakerfi fyrir jarðvarma. Einnig bæri að leita lausnar á nýtingu raforku til beinnar eða óbeinnar þurrkunar. En slík lausn gæti haft mjög mikið þjóðfélagslegt gildi utan landbúnaðar, þ. e. í fiskimjölsiðnaðinum.

10.10. Huga þarf einnig að orku- eða olíusparnaði í þeim grasköggla verksmiðjum, sem nú eru fyrir í landinu.

10.11. Rafmagnsveitustjóri hefur gefið loforð um að starfsmenn Rarik geri þær kostnaðaráætlanir um orkuvirki og línur, sem um verður beðið.

10.12. Stefán Skaftason, héraðsráðunautur, hefur gert áætlun um ræktunarkostnað í Saltvík og nágrenni miðað við 800 ha. Niðurstöðutalan var 146 m.kr., þar af er lokið verki er svarar til röskra 37 m.kr.

10.13. Markaðskönnun Stefáns Skaftasonar bendir til þess að selja mætti 3000 tonn frá verksmiðjunni, að hans mati.

10.14. Nauðsyn er að halda áfram viðræðum við Húsvíkinga um mögulega sölu umframorku og öll skilyrði slíkrar sölu. Einnig kynnu þeir að þurfa að flýta lögn hluta 300 mm aðveituæðarinnar.

11. **VERKEFNALISTI.**

11.1. Kanna nánar aðstæður til nýtingar jarðvarma í Hólminum, sbr. væntanlega skýrslu Orkustofnunar yfir rannsóknir þar, og möguleika á borun vinnsluholu.

11.2. Kanna nánar möguleika á samningum við Hitaveitu Húsavíkur og undirbúa samningsgerð.

11.3 Grófhanna verksmiðju með jarðvarmaþurrkara. Endurbæta HBM þurrkarann í samvinnu við framleiðanda. Leita annarra þurrkara fyrir jarðvarma.

11.4. Fá tilboð í allar vélar tilheyrandi verksmiðjunni og grófáætla stofnkostnað verksmiðjunnar.

11.5. Grófhanna tengibúnað við hitaveituæðina til Húsavíkur, þar með dælu, og áætla stofnkostnað.

11.6. Grófhanna verksmiðjuhús með starfsmannaaðstöðu miðað við jarðvarmaþurrkara og áætla stofnkostnað.

11.7. Grófhanna 3ja fasa raflögn að verksmiðju og kostnaðarmeta — **Rarik gerir þetta aðallega.**

11.8. Kostnaðaráætla hefðbundna eldþurrkunarverksmiðju til samanburðar.

11.9. Kanna nánar aðstæður til nýtingar raforku til þurrkunar á plöntum og öðrum lífrænum massa.

11.10. Grófhanna verksmiðju með rafkyntum þurrkara og kostnaðaráætla.

Reykjavík, 30. júní 1979.

Stefán Örn Stefánsson.

Ed. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 13. febrúar 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, er verði ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Áður en útflutningsgjald er lagt á skv. 2. gr. skal draga frá f.o.b.-verðmæti saltsíldar framleiddrar á síldarvertíð 1979 krónur 10 100 fyrir hver 100 kg innihalds vegna umbúðakostnaðar og kostnaðar við sérstök hjálparefni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núverandi útflutningsgjald er 5% af f.o.b.-verðmæti útfluttra sjávarafurða og er það nær almenn regla. Í eldri lögum um útflutningsgjald — fyrir breytingu á sjóðakerfi sjávarútvegs 1976 — var heimilt að draga frá f.o.b.-verðmæti saltsíldar ákveðna fjárhæð vegna umbúðakostnaðar og var þessi heimild t. d. notuð á árinu 1975. Við sjóðakerfisbreytinguna var þessi heimild felld niður enda var útflutningsgjald þá lækkað verulega og reynt að afnema sem flest sérákvæði.

Síldarsöltun hefur algjöra sérstöðu er varðar umbúðakostnað. Tunnurnar eru fluttar inn og síðan út aftur nokkrum mánuðum seinna og eru þá að meðaltali nær fjórðungur af því verðmæti, sem útflutningsgjald er lagt á. Í öðrum greinum fiskvinnslu er umbúðakostnaður innan við 3% af tekjum.

Kostnaður við hverja tunnu er nú nálægt 9 000 krónur, en einnig þykir rétt að leyfa frádrátt vegna kostnaðar við sérstök hjálparefni, svo sem krydd og sykur, og verður frádráttur þá alls um 10 100 krónur fyrir hver 100 kg innihalds. Útflutningsgjald af hverri tunnu lækkar við þetta um 505 krónur og bætir það afkomu síldarsöltunar að sama skapi, en hún er erfið á þessari vertíð. Þykir því ástæða til þess að gera þessa breytingu til lækkunar á útflutningsgjaldi til þess að greiða fyrir síldveiðum og síldarsöltun á þessari vertíð.

Áætla má, að lækkun útflutningsgjalds nemi alls rúmlega 90 milljónum króna og er þá einnig tekið tillit til ediksaltaðrar síldar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að frádráttur frá f.o.b.-verðmæti saltsíldar vegna kostnaðar við umbúðir og sérstök hjálparefni verði heimilaður með ákvæði til bráðabirgða við lögin um útflutningsgjald og eingöngu bundin við framleiðslu á síldarvertíð 1979. Með þessu væri ekki tekið upp sérákvæði í meginmál laganna en tekið tillit til sérstöðu síldarsöltunar að því er varðar umbúðakostnað í ljósi erfiðrar afkomu í ár.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Ed. 30. Frumvarp til laga [30. mál]

um viðauka við lög nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Við alþingiskosningar þær, sem fram eiga að fara 2. og 3. desember 1979, skulu gilda þau afbrigði frá lögum nr. 52 14. ágúst 1959 um kosningar til Alþingis, með síðari breytingum, sem ákveðin eru með lögum þessum.

2. gr.

Öll framboð skulu tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn eigi síðar en miðvikudaginn 7. nóvember 1979.

3. gr.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla skal hefjast laugardaginn 10. nóvember 1979.

4. gr.

Heimilt skal kjósanda að greiða atkvæði utan kjörfundar þótt ástæður þær, sem tilgreindar eru í 62. gr., eigi ekki við, enda hafi hann ástæðu til að ætla að veður eða færð muni hamla honum að sækja kjörfund á kjördegi.

Með þessari grein er ráðherra gefin heimild til að ákveða að lyfjaútibú skuli verða lyfjabúð ef líkur eru til að það geti borið sig sem sjálfstæð eining og lyfjabúð, sem gegndi því áður, hafi áframhaldandi rekstrargrundvöll.

Um 34. gr. (42)

Með þessari grein er gert ráð fyrir að læknir, sem hefur aðsetur á stað, þar sem ekki er lyfjabúð, lyfjaútibú eða lyfjaforði, geti haft með höndum sölu lyfja og hjúkrunarvara. Í reynd er því gert ráð fyrir að öll eða nær öll lyfjasmásala í landinu færist í hendur lyfjabúða og undirstofnana þeirra.

Um 35. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 36. gr. (N)

Með þessari grein er gert ráð fyrir, að fyrirtæki geti öðlast leyfi til innflutnings lyfja, án þess að um leyfi til heildsölu sé að ræða. Hér er meðal annars höfð í huga síaukin notkun tollvörugeymslu við innflutning lyfja.

Um 37. gr. (51)

Í þessari grein er fjallað um starfsleyfi lyfjaheildsala. Skilyrði til starfsleyfis eru nánast þau sömu og verið hafa, samkvæmt lyfsölulögum. Samt er nú kveðið á um faglega stjórn lyfjafræðinga, en áður voru lögfest skilyrði um tæknilega stjórn þeirra yfir lyfjaheildsölu.

Starf lyfjafræðinga við lyfjaheildsölur er fyrst og fremst faglegs eðlis og er það þannig undirstrikað í þessari grein.

Í greininni eru jafnframt ákvæði um hverjum lyfjaheildsölur mega selja lyf í heildsölu.

Um 38. gr. (N)

Hér er sett ákvæði, sem ekki hefur verið áður í lögum, um birgðaskyldu einkaumboðsmanna lyfja.

Um 39. gr. (N)

Hér eru sett ákvæði þess efnis að Lyfjaverslun ríkisins geti aflað sér hverra þeirra lyfja, bóluefna og ónæmisefna, sem nauðsyn krefur vegna þarfa sjúkrahúsa og dvalarheimila aldraðra. Þykir nauðsynlegt að slíkt afdráttarlaust ákvæði sé haft í lögum þannig að tryggð sé heimild Lyfjaverslunarinnar til innflutnings og heildsölu lyfja vegna þarfa þessara stofnana.

Um 40. gr. (57)

Ákvæðum þessarar greinar er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunatengsl þeirra, sem ávísa lyfjum og þeirra sem selja lyf sbr. og 5. gr. Á sama hátt þykir eðlilegt að þeir sem stunda smásölu lyfja séu ekki í hagsmunatengslum við erlenda sérlyfjaframleiðendur.

Um eignaraðild lyfsala og annarra starfsmanna lyfjabúða að innlendum lyfjaframleiðslufyrirtækjum gildir öðru máli og eru engar hömlur settar á slíkt, enda aldalöng hefð á framleiðslu lyfsala á lyfjum, þótt sú formbreyting sé nú orðin staðreynd, að framleiðsla lyfja færist á verksmiðjustig.

Um 41. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 43. gr. (N)

Grein þessi er efnislega samhljóða 9. gr. laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf nr. 63 28. maí 1969.

Um 44. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 45. gr. (N)

Í þessari grein er gert ráð fyrir að yfirstjórn Lyfjaverslunar ríkisins sé í höndum Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Með tilliti til fyrri tengsla Lyfjaverslunar ríkisins við Fjármálaráðuneytið og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sbr. ákvæði til bráðabirgða þykir rétt að Fjármálaráðuneytið tilnefni einn mann í stjórn Lyfjaverslunarinnar og jafnframt þykir rétt að landssamtök þeirra sem annast rekstur sjúkrahúsa tilnefni einn stjórnarmann og hinn þriðji verði svo skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra án tilnefningar og sé hann formaður stjórnarinnar.

Um 46. gr. (N)

Í þessari grein er gert ráð fyrir að skipun forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins sé á sama hátt og um veitingu lyfsöluleyfis sé að ræða.

Um 47. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 48. gr. (N)

Hér er sett það ákvæði að á hverju sjúkrahúsi (sbr. skilgreining laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978) og dvalarheimili aldraðra skuli starfa lyfjafræðingur, sem annist öflun og eftirlit með lyfjum á þessum stofnunum. Ákvæði þetta

er mjög rúmt því það verður háð stærð hverrar stofnunar og aðstæðna á hverjum stað, hversu mikið starf verður um að ræða.

Þá þykir eðlilegt að starf þetta geti tengst starfi lyfjafræðings í lyfjabúð eða lyfjaútibúi í heilsugæsluumdæminu, enda er það líklega alla jafna hentugasta fyrirkomulagið.

Þá er ekkert því til fyrirstöðu að tvær stofnanir eða fleiri sameinist um þjónustu sama lyfjafræðings.

Um 49. gr. (N)

Í þessari grein er sett sérstakt ákvæði um lyfjaþjónustu á deildaskiptum sjúkrahúsum. Þykir rétt að nefna slíkar þjónustudeildir á sjúkrahúsi sjúkrahúsapótek, þar sem um víðfeðma þjónustu við deildir sjúkrahúss og sjúklinga er að ræða.

Starfsemi sjúkrahúsapóteks er með öllu ólík starfsemi venjulegrar lyfjabúðar (apóteks), en engu að síður þykir rétt að taka upp heitið sjúkrahúsapótek, jafnvel þótt um beina sölu lyfja sé ekki að ræða.

Áður hefur verið notað heitið lyfjabúr, sem þykir óviðeigandi og betur eigi við um lyfjabirgðir á einstökum deildum.

Gert er ráð fyrir að forstöðumaður sjúkrahúsapóteks fái starfsheitið yfirlyfjafræðingur og verði ráðinn á sama hátt og gildir um forstöðumenn lyfjabúða, en viðkomandi sjúkrahússtjórn annist formlega ráðningu.

Um 50. gr. (13)

Í þessari grein er gert ráð fyrir heimild, sem reyndar hefur verið í lyfsölulögum frá 1963, að stofna megi sérstakt sjúkrahúsapótek á deildaskiptum sjúkrahúsum. Dreifing slíkra sjúkrahúsapóteka á lyfjum til sjúklinga verður þó takmörkuð við þau lyf, sem aðeins eru skráð sérstaklega til notkunar á sjúkrahúsum, sérstökum sjúkradeildum og/eða við ávísun sérfræðinga í einstökum greinum læknisfræði. Ennfremur getur heimildin náð til almennra lyfja, sem sjúklingar þurfa að hafa með sér í helgarleyfi og leyfi um hátíðar.

Þykir mjög nauðsynlegt að sjúkrahús geti öðlast slíka heimild, þar sem vandséð er með hverjum hætti hægt er að sjá sjúklingum, sem ekki liggja inni á sjúkrahúsinu, fyrir meðferð á hinum sérstöku sjúkrahúslyfjum. Þar að auki er hér um fjárhagslegt atriði fyrir sjúkrahúsin að ræða, þar sem engin heimild er til gjaldtöku fyrir lyf til sjúklinga utan sjúkrahúss.

Þá þykir rétt, að önnur stærri sjúkrahús geti fengið leyfi til slíkrar dreifingar lyfja, ef nauðsyn krefur, enda má ætla að töluvert sé um helgar- og hátíðaleyfi sjúklinga á slíkum sjúkrahúsum.

Um 51. gr. (N)

Hér er kveðið skýrt á um að önnur afhending lyfja frá sjúkrahúsum til sjúklinga, sem ekki liggja á sjúkrahúsinu, eða til starfsfólks, sé óheimil.

Um 52. gr. (N)

Hér er um mikilvægt nýmæli að ræða, þar sem kveðið er á um að á sérhverju sjúkrahúsi starfi lyfjanefnd, sem sé ráðgefandi um lyfjaval sjúkrahússins. Gera má ráð fyrir að slík lyfjanefnd sé 3 manna á minni sjúkrahúsum, en 5 manna á deildaskiptum sjúkrahúsum og öðrum stærri sjúkrahúsum.

Slíkar lyfjanefndir hafa mikla þýðingu. Þeim er meðal annars ætlað að setja upp ákveðna lyfjalista fyrir hvert sjúkrahús og marka stefnu um lyfjagjöf á sjúkrahúsinu.

Þá er sett fram það stefnumark að notuð séu að jafnaði ódýrari lyf þegar um jafngild lyf er að ræða og fremur innlend en erlend.

Gera verður ráð fyrir að slíkar lyfjanefndir verði ólaunaðar.

Um 53. gr. (N)

Hér er um að ræða nýmæli, sem er samstarfsnefnd þeirra aðila sem vinna í föstu starfi við lyfjaþjónustu við sjúkrahús.

Eins og fram kemur í greininni er nefndinni fyrst og fremst ætlað það hlutverk að samræma innkaup, ekki aðeins lyfja, heldur einnig lyfjagagna, hjúkrunar- og sjúkragagna vegna þarfa sjúkrahúsa.

Um 54. gr. (N)

Í þessari grein er gert ráð fyrir að haga megi dreifingu lyfja til sjúkrahúsa þannig að öll algengustu lyf verði afgreidd beint á deildir sjúkrahússins. Með þessu er opnuð leið til hagræðingar í innkaupaaðferðum.

Um 55. gr. (N)

Í þessari grein er gert ráð fyrir að heilsugæslustöðvar afli sér lyfja frá lyfjabúð eða lyfjaútibúi í hlutaðeigandi lyfsöluumdæmi, eins og tíðkast hefur um öflun heimilislækna á lyfjum til notkunar í starfi.

Um 56. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 57. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr. (N)

Með þessari grein er lögfest ákvæði um sölu Tilraunastöðvarinnar að Keldum á framleiðslu sinni og innfluttum ormalyfjum hvort sem er í heildsölu til lyfjabúða eða dýralækna, eða í smásölu beint til bænda. Hér er um að ræða staðfestingu á því fyrirkomulagi sem verið hefur um skeið.

Um 59. gr. (49)

Hér er sett skylda á lyfjabúðir og lyfjaútibú, að hafa á boðstólum dýralyf og kveðið á um að dýralæknar afli sér dýralyfja úr birgðum lyfjabúða (lyfjaútibúa) til sölu í vitjunum. Þar sem ekki er lyfjabúð eða lyfjaútibú er ætlast til að sala dýralyfja sé í höndum dýralæknis.

Um 60. gr. (N)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 61. gr. (68)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 62. gr. (69)

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 63. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

1. Ákvæðið er í fullu samræmi við bráðabirgðaákvæði í lyfsölulögum nr. 30 29. apríl 1963.
2. Rétt þykir að færa form lyfsöluleyfis í Reykjavíkurapóteki til samræmis við það sem almennt gildir samkvæmt lögum þessum.
3. Rétt þykir að veita rúman aðlögunartíma þeim lyfjaheildsölum, sem starfa í bága við 40. gr., þ. e. til ársloka 1983. Þó þykir eftir atvikum rétt að ráðherra geti heimilað starfandi fyrirtæki, sem almennt er í eign lyfsala og lyfjafræðinga, að vera umboðsaðili og/eða stunda innflutning sérlyfja. Slík heimild yrði þó bundin því að sama fyrirtæki hafi að meginmarkmiði að efla innlenda lyfjaframleiðslu.

Það skilyrði er einnig sett að upphæð eignaraðildar (dreifing hlutabréfa) sé nokkuð jöfn og enginn einstakur lyfsali eða lyfjafræðingur eigi meira en 10% í fyrirtækinu.

4. Hentugt þykir að gera ráð fyrir að Lyfjaverslun ríkisins verði áfram rekstrarlega í tengslum við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, enda þótt gert sé ráð fyrir rekstri hennar sem sjálfstæðrar stofnunar. Lyfjaverslunin hefur verið með sameiginlegt skrifstofuhald við Áfengisverslun ríkisins og virðist ekki ástæða til að breyta því að sinni.

Greinargerð.

Með bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra dagsettu 25. september 1978 var skipuð nefnd til að gera tillögur um tilhögun lyfjadreifingar í landinu, á grundvelli ákvæðis í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þar sem segir: „Athugað verði að tengja lyfjaverslun heilbrigðisþjónustu og setja hana undir félagslega stjórn".

Í nefnd þessa voru eftirtaldir skipaðir: Almar Grímsson, deildarstjóri formaður, Adda Bára Sigfúsdóttir borgarfulltrúi, Georg H. Tryggvason aðstoðarmaður ráðherra, Sigmundur Sigfússon aðstoðarlandlæknir og Vilhjálmur G. Skúlason prófessor, öll án tilnefningar. Auk þess áttu sæti í nefndinni Einar Birnir framkvæmdastjóri, tilnefndur af lyfjavöruhópi Félags íslenskra stórkaupmanna, Oddur C.S. Thorarensen lyfsali, tilnefndur af Apótekarafélagi Íslands og Þór Sigþórsson lyfjafræðingur tilnefndur af Lyfjafræðingafélagi Íslands. Sú breyting varð meðan nefndin starfaði, að Oddur C.S. Thorarensen lét af störfum í nefndinni, en Werner I. Rasmusson lyfsali tók við störfum hans. Sigurjón Jónsson lyfjafræðingur hefur verið ritari nefndarinnar.

Nefndin hefur haldið alls 11 fundi en auk þess hafa tvær undirnefndir starfað milli funda. Nefndin hefur haft til skoðunar frumvörp um Lyfjastofnun ríkisins og lyfjaframleiðslu, sem lögð voru fyrir Alþingi 1973 og 1974. Auk þess fékk nefndin til meðferðar einn kafla úr drögum að frumvarpi til lyfjalaga sem endurskoðunarnefnd lyfsölulaga, skilaði í febrúar 1978. Þessi kafli fjallaði um dreifingu lyfja og var ákveðið að nema hann úr frumvarpi til lyfjalaga og geyma til frekari meðferðar og endurskoðunar á lyfjadreifingarþætti lyfsölulaga.

Með þessum drögum að frumvarpi til laga um lyfjadreifingu er lokið endurskoðun lyfsölulaga nr. 30/1963. Lög um lyfjafræðinga nr. 35/1978 tóku gildi 1. júlí 1978 og lyfjalög tóku gildi 1. janúar 1979.

Tillögur nefndarinnar miða fyrst og fremst við íslenskar aðstæður og eru ekki beint sniðnar eftir erlendri fyrirmynd.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga umfram sérþekkingu einstakra nefndarmanna og ritara nefndarinnar, með því að boða ýmsa kunnáttumenn á fundi hennar. Þannig mætti borgarlæknir á fund annarrar undirnefndarinnar til að gera grein fyrir hugmyndum um heilsugæslustöðvar í Reykjavík.

Þá mætti forstjóri Lyfjaverslunar ríkisins og lyfjafræðingar ríkisspítalanna, Borgarspítala og St. Jósefsspítala Landakoti bæði á fundi nefndarinnar og annarrar undirnefndar hennar.

Í sambandi við kaflann um dýralyf og dreifingu þeirra mættu forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum og yfirdýralæknir á fund nefndarinnar.

Þeir þrír nefndarmenn, sem tilnefndir voru til starfa í nefndinni af félagssamtökum hafa og haft nokkuð samráð við umbjóðendur sína.

Nefndinni var gert að skila tillögum sínum í formi draga að frumvarpi eða frumvörpum um innflutning, heildsölu og smásölu lyfja. Þá var lögð á það áhersla, að nefndin hraðaði störfum og skilaði tillögum sínum, ef kostur væri fyrir ára-

mót 1978—1979. Nefndinni tókst ekki að verða við þessum óskum og var veittur aukinn frestur til febrúarloka 1979.

Tillögur þessar liggja nú fyrir í meðfylgjandi drögum að frumvarpi til laga um lyfjadreifingu ásamt athugasemdum við einstakar greinar þess. Skal nú gerð grein fyrir sjónarmiðum nefndarinnar við gerð þessara draga.

Eins og fram kemur í umboði nefndarinnar var henni gert að athuga tengingu lyfjaverslunar við heilbrigðisþjónustu og setja hana undir félagslega stjórn. Nefndin hefur haft þetta eindregið að leiðarljósi og leggur því til að skipulag lyfjadreifingar í landinu verði í nánum tengslum við skipulag heilbrigðisþjónustu og staðarval heilsugæslustöðva samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978.

Er þannig kveðið á í drögum nefndarinnar að frumvarpi, um staðarval lyfjabúða og lyfjaútibúa, að enginn landshluti verður útundan. Nefndinni er hins vegar ljóst að slíku fyrirkomulagi verður ekki komið á með skjótum hætti m. a. vegna þess, að með öllu er óvíst hversu vel gengur að fá lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga til starfa úti á landsbyggðinni. Leggur nefndin því til að veittur verði þriggja ára aðlögunartími til að koma á því kerfi sem hún leggur til.

Athygli skal vakin á því, að með þessu leggur nefndin til að lyfjasala fari alfarið úr höndum lækna, en eins og kunnugt er hafa læknar að verulegu leyti annast lyfjasölu sumstaðar í dreifbýli. Nefndinni er ljóst að slík lyfjasala lækna hefur verið neyðarúrræði víðast hvar, og munu þó finnast fámenn héruð þar sem tekjur af lyfjasölu lækna eru hugsanlega mikilvæg forsenda þess að læknir fáist í héraðið. Þykir nefndinn óeðlilegt að slík tekjuhlið lyfjasölunnar ráði úrslitum um það hvort læknir fáist eða ekki og leggur því áherslu á að slík vandamál verði fremur leyst með öðrum hætti.

Nefndin hefur haft til athugunar þau ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu (13. gr.), þar sem kveðið er á um tengsl lyfjabúða og undirstofnana þeirra við heilsugæslustöðvar. Í lögum um heilbrigðisþjónustu er ákvæði þess efnis að lyfjaútibú og lyfjaútsölur (lyfjaforðar) séu í heilsugæslustöðvum, ef ekki er lyfjabúð á staðnum. Jafnframt er ákvæði þess efnis að ráðherra getur ákveðið að lyfjabúð skuli vera í heilsugæslustöð. Í drögum þessarar nefndar er gert ráð fyrir að athugað verði í hverju einstöku tilviki hvort hentugt þyki að lyfjabúð sé í heilsugæslustöð, sem ákveðið er að reisa. Jafnframt bendir nefndin á að tengsl lyfjabúða og heilsugæslustöðva sé mjög nauðsynleg og æskilegt, ef ekki er annar kostur betri, að lyfjabúð sé í heilsugæslustöð. Hins vegar er nefndinni ljóst að slíkt hefur í för með sér aukinn byggingarkostnað heilsugæslustöðva og þykir því rétt að taka til athugunar hvert einstakt tilvik, þannig að sé lyfjabúð í nálægð við heilsugæslustöð verði stöðu hennar ekki raskað.

Nefndin hefur fjallað mjög ítarlega um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum og er þar að finna mestu nýmæli frumvarpsins.

Nefndinni þykir einsýnt að eftirlit lyfjafræðinga með öflun lyfja og varðveislu og notkun þeirra á sjúkrahúsum sé mjög mikilvægt hvort sem er faglega eða í hagræðingarskyni. Hefur nefndin því orðið sammála um að setja mjög ákveðin fyrirmæli um störf lyfjafræðinga við sjúkrahús almennt, og ennfremur sérákvæði um störf þeirra við hin deildaskiptu sjúkrahús. Er gert ráð fyrir að á þeim starfi svonefnd sjúkrahúsapótek, sem geti öðlast heimild til að afhenda sjúklingum, er ekki liggja á sjúkrahúsinu, sérstök lyf, sem einungis má nota á sjúkrahúsum. Slíkt heimildarákvæði er mjög mikilvægt, þar sem í reynd er óheimilt að afhenda slík lyf til notkunar handa öðrum sjúklingum en þeim sem liggja inni á sjúkrahúsum.

Nefndin opnar einnig leið í tillögum sínum, til að Lyfjaverslun ríkisins geti afgreitt öll algengustu lyf beint til deilda sjúkrahúss ef henta þykir. Slíkt á ekki að raska stöðu sjúkrahúsapóteks, en er ætlað að vera til hagræðingar í innkaupum.

Þá leggur nefndin til að lögfest verði stofnun sérstakrar samstarfsnefndar þeirra aðila sem hafa með þjónustu við sjúkrahús og lyfjadreifingu á þeim að

gera. Er þeirri nefnd ætlað að leita samræmingar í innkaupum á lyfjum, lyfjagögnum, hjúkrunar- og sjúkragögnum í hagkvæmnisskyni.

Að því er varðar dýralyf hefur nefndin orðið sammála um að Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum haldi þeim starfsháttum sem tíðkast hafa hingað til, það er að selja framleiðslu sína og innflutt ormalyf í heildsölu til dýralækna og lyfjabúða og ef aðstæður krefjast í smásölu beint til bænda. Þá hefur nefndin orðið ásátt um að setja þá kvöð á lyfjabúðir og lyfjaútibú að hafa á boðstólum þau dýralyf, sem almennt eru notuð í viðkomandi umdæmi, og að lyfjabúðir og lyfjaútibú sjái dýralæknum fyrir þeim lyfjum sem þeir þurfa að selja í vitjunum gegn ákveðinni þóknun. Þá er með öllu tekið fyrir sölu annarra en Tilraunastöðvarinnar, lyfjabúða og lyfjaútibúa og dýralækna á dýralyfjum.

Hvað varðar félagslega stjórn á lyfjasölu hefur nefndin gert sér ljóst, að enda þótt rekstur lyfjabúða og lyfjaheildsala sé að mestu í einkaeign, er aðhald hins opinbera með rekstri þessara fyrirtækja mjög mikið. Má þar nefna starfsemi lyfjaverðlagsnefndar sem að meiri hluta er skipuð fulltrúum opinberra aðila og ákveður verðlagsgrundvöll lyfja. Lyfjaeftirlit ríkisins hefur árlegt eftirlit með lyfjabúðum, lyfjaheildsölum og öðrum stofnunum, sem geyma lyf eða dreifa þeim og hefur jafnframt eftirlit með innkaupsverði erlendra sérlyfja. Skal tekið fram, og undirstrikað, að innkaupsverð erlendra sérlyfja er viðurkennt við skráningu þeirra og er ekki um að ræða breytingar á slíku innkaupsverði nema Lyfjaeftirlit ríkisins samþykki það.

Lyfjaverðlagsnefnd hefur jafnframt eftirlit með framleiðsluverði innanlands og gerir tillögur til ráðherra um vinnugjaldskrá.

Nefndinni hefur þótt mikilsverðast að tryggja stöðu Lyfjaverslunar ríkisins sem innkaupa- og dreifingaraðila fyrir sjúkrahús ríkisins og sveitarfélaga auk dvalarheimila aldraðra. Ákvæði í drögum nefndarinnar að frumvarpi, tryggja það, að Lyfjaversluninni verði ekki settur stóllinn fyrir dyrnar með innkaup erlendis frá og telur nefndin þannig að hagsmunum hennar sé borgið.

Lyfjaverslun ríkisins er í raun lyfjagerð og lyfjaheildsala í senn og má þannig telja hana samkeppnisaðila við einkafyrirtæki í þessari atvinnugrein, en í reynd er hún fyrst og fremst þjónustuaðili við sjúkrahúsin og ætlar nefndin henni það hlutverk áfram.

Nefndin minnir á, að árið 1973 var lagt fram á Alþingi frumvarp um Lyfjastofnun ríkisins sem miðaði að því að ríkið tæki að sér að öllu leyti innflutning og heildsölu lyfja. Ekki náðist pólitísk samstaða um slíkt fyrirkomulag.

Nefndin leggur til að Lyfjaverslun ríkisins verði stjórnunarlega sett undir Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, enda óumdeilanlega um mikilvægan hlekk að ræða í þjónustu við heilbrigðisstofnanir. Með tilliti til fyrri tengsla Lyfjaverslunarinnar við Fjármálaráðuneytið og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins leggur nefndin til að einn þriggja stjórnarmanna Lyfjaverslunar ríkisins verði tilnefndur af Fjármálaráðuneytinu og heimilt verði að reka stofnunina áfram um sinn í tengslum við ÁTVR.

Nefndin vekur athygli á lyfjadreifingarkerfum á öðrum Norðurlöndum.

Í Danmörku er innflutningur og heildsala lyfja í höndum einkaaðila, sjúkrahúsapótekin rekin af einstökum sjúkrahúsum og í einu tilviki hafa nokkur sjúkrahús sameinast um rekstur, framleiðslu- og dreifingarmiðstöðvar. Lyfjabúðir eru annars í einkaeign með svipuðu opinberu eftirliti og hér á landi.

Í Finnlandi eru bæði heildsölur og lyfjabúðir í einkaeign, nokkur sjúkrahúsapótek rekin af sjúkrahúsum, 1 háskólaapótek og 1 apótek vegna þarfa heraflans.

Í Noregi hefur ríkið einkarétt til innflutnings og heildsölu lyfja, en lyfjabúðir eru í einkaeign með svipuðu sniði og eftirliti og í Danmörku. Nokkur sjúkrahúsapótek eru rekin af sjúkrahúsum.

Í Svíþjóð annast hlutafélag (Apoteksbolaget), sem að meiri hluta (65%) er í eign ríkisins, rekstur lyfjabúða og flestra sjúkrahúsapóteka, en nokkur sjúkrahús-

apótek eru í eign sveitarfélaga. Lyfjaheildsala er að mestu í einkaeign, en Apoteksbolaget á meiri hluta í einni lyfjaheildsölu.

Nefndin hefur haft í huga félagslegan rekstur lyfjabúða, en samkomulag hefur orðið um að leggja ekki til algera kerfisbreytingu.

Þykir rétt að Háskóli Íslands geti öðlast eitt lyfsöluleyfi vegna kennslu og rannsókna á sviði lyfjafræði lyfsala, en mikilvægasta ákvæðið, sem varðar félagslegan rekstur lyfjabúða er í 7. málsgrein 3. gr. frumvarpsdraganna, þar sem gert er ráð fyrir því að starfandi lyfsali geti selt lyfsölusjóði lyfsöluleyfi og lyfjabúð sína og verði þá hinn fráfarandi lyfsali forstöðumaður slíkrar lyfjabúðar út starfstíma sinn.

Þarna er farið út á þá braut, að hverjum lyfsala er í sjálfsvald sett hvort hann vill starfa áfram sem sjálfstæður rekstraraðili eða hvort hann vill selja opinberum aðila leyfi sitt og rekstur. Nefndin telur að með þessu fyrirkomulagi fengist mikilvæg reynsla á opinberum rekstri lyfjabúða. Að sjálfsögðu er með öllu óljóst að hve miklu leyti starfandi lyfsalar munu nota sér þetta ákvæði, en rétt þykir að gera slíka tilraun með nýtt rekstrarform frekar en að breyta um rekstrarform lyfjabúða með skjótum hætti.

Þá er rétt að geta þess að lagt er til að þegar starfsleyfi samvinnulyfjabúðanna tveggja á Selfossi og Akureyri renna út taki lyfsölusjóður við rekstri þeirra eða leyfin framlengist.

Ákvæði um starfsemi lyfsölusjóðs eru í X. kafla lyfjalaga nr. 49/1978 og þykir nefndinni rétt að sjóðurinn annist rekstur þeirra lyfjabúða sem lyfsalar kynnu að vilja afsala sér, fremur en að stofna til nýs opinbers fyrirtækis eða stofnunar í því skyni.

Samkvæmt framansögðu telur nefndin að hún hafi athugað sem best verður kosið miðað við ríkjandi ástæður hvernig lyfjaverslun verði best tengd heilbrigðisþjónustunni og sett undir félagslega stjórn.

Eins og fram kemur í fylgiskjölum með þessari greinargerð hafa verið gerðir nokkrir fyrirvarar um einstök ákvæði frumvarpsins, en í öllum aðalatriðum hefur, eins og fram kemur orðið full samstaða um gerð þess.

Fylgiskjal I.

27. febrúar 1979.

Ég undirritaður tel engin rök mæla með því að samvinnufélög reki lyfjabúðir. **Slegið er föstu með þessu nefndaráliti, að lyfjabúðir séu heilbrigðisstofnanir, sem tengja þurfi traustum böndum við aðra heilbrigðisþjónustu.**

Ég tel því eðlilegt, að það verði ákvörðun ráðherra, þegar núgildandi rekstrarleyfi **samvinnulyfjabúðanna renna út, hvort lyfsölusjóður taki við rekstri þeirra, eða þau verði auglýst laus til umsóknar með venjulegum hætti.**

Þannig tel ég að 2. málsgr. 4. gr. skuli orðast:

Samvinnufélög þau, er öðlast hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara, halda leyfi sínu til 30. júní 1988. Að þeim tíma liðnum ákveður ráðherra hvort lyfsölusjóður taki við rekstri þeirra eða leyfin auglýst með venjulegum hætti. Fer um réttarstöðu forstöðumanna þeirra lyfjabúða á sama hátt og segir í 7. málsgrein 3. gr.

Í þessu sérálíti mínu felst enginn dómur á rekstri þessara tveggja lyfjabúða fram til þessa.

Almar Grímsson.

Fylgiskjal 2.

27. febrúar 1979.

Ég undirritaður tel það ekki rétta leið til breytingar á rekstrarformi lyfjabúða, að lyfsala sé í sjálfsvald sett að afsala sér lyfsöluleyfi sínu, samkvæmt 7. málsgrein 3. greinar, og hljóta þá sjálfkrafa forstöðu lyfjabúðar sinnar út starfstíma sinn.

Með ákvæði þessu er farið inn á þá braut, að fjölga rekstrarformum almennra lyfjabúða frá núverandi mynd, og tel ég það skref afturábak, þar sem mikilvægt er, frá skipulagslegu sjónarmiði, að rekstrarform almennra lyfjabúða í landinu sé hið sama. Enda tíðkast slíkt alfarið í hverju hinna Norðurlandanna.

Ennfremur verður að teljast óeðlilegt, að einstaklingur eigi með lögum, jafn einhliða kröfu á hendur ríkisstofnun, svo sem 7. málsgrein 3. greinar felur í sér.

Því er það álit mitt að 7. málsgrein 3. greinar skuli felld niður.

Ennfremur tel ég samkvæmt framansögðu að 2. málsgrein 4. greinar skuli orðast svo:

Samvinnufélög þau, er öðlast hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara, halda leyfi sínu til 30. júní 1988. Að þeim tíma liðnum skulu leyfin auglýst með venjulegum hætti.

Þór Sigþórsson.

Fylgiskjal 3.

27. febrúar 1979.

Í fertugustu grein draga að frumvarpi til laga um lyfjadreifingu dags. 27. febrúar 1979 er lýst og kveðið á um það grundvallaratriði, að skilja beri að ráðgjöf um lyfjanotkun og lyfjaval og sérstaka hagsmuni vegna lyfjasölu.

Hinum almenna neytanda er nauðsyn að geta hiklaust falið trúnað sinn lækni eða lyfjafræðingi eða hverjum öðrum, sem heimild hefur til að veita upplýsingar og ráðgjöf eða gefa fyrirmæli um notkun og val lyfja. Slíkum trúnaði fylgir að ráðgefandi sé óumdeilanlega óháður sérfræðingur svo sem greinin lýsir.

Vegna aðstæðna á íslenskum lyfjamarkaði í dag þykir rétt að veita allt að fjögurra ára aðlögunartíma þeim fyrirtækjum sem ekki samrýmast ákvæðum fertugustu greinarinnar við gildistöku hennar.

Undirrituðum þykir og rétt að ráðherra geti framlengt þennan frest vegna skammtímasjónarmiða um fjármögnun innlendrar lyfjaframleiðslu, sýnist það vænlegt, og sérstök skilyrði séu fyrir hendi.

Hinu ber þó að lýsa og vara við að bein og óbein tengsl umbjóðenda erlendra sérlyfjaframleiðenda, þar sem umbjóðandi er jafnframt innlendur lyfjaframleiðandi, eru í flestu líklegri til að virka hemjandi en hvetjandi á þróun hinnar innlendu framleiðslu sé til lengri tíma litið.

Í samræmi við ofanritað leggjum við til að 3. grein bráðabirgðaákvæða draganna orðist svo:

„Lyfjaheildsölur, sem starfa í bága við ákvæði 40. gr. við gildistöku laga þessara, hafa 4 ára frest til að aðlaga sig þeim.

Ráðherra getur framlengt þennan frest ef fyrirtæki, sem starfar þegar lög þessi öðlast gildi og hefur að meginmarkmiði eflingu innlendrar lyfjaframleiðslu, er almennt í eign lyfsala og lyfjafræðinga og enginn einstakur þeirra á verulegra hagsmuna að gæta í fyrirtækinu."

Georg Tryggvason. **Einar Birnir.** **Sigmundur Sigfússon.**

Fylgiskjal 4.

27. febrúar 1979.

Veiting lyfsöluleyfis felur í sér það tvennt meðal annars að vera opinber embættisveiting og að vera veiting einkasöluleyfis (í héraði eða hverfi) til einstaklinga, með væntanlega þrem undantekningum. Slíkri embættisveitingu fylgir að sjálfsögðu sá réttur að viðkomandi geti sagt embættinu lausu ef honum svo sýnist.

Verði þessi drög að frumvarpi, að lögum, er og vel fyrir því séð að ekki verði stofnuð lyfjabúð nema rekstrargrundvöllur sé fyrir hendi að yfirsýn þar til bærra umsagnaraðila.

Það er augljóst að sé á einhverjum tíma meirihluti á löggjafarþingi þjóðarinnar fyrir þjóðnýtingu þessara (lyfjabúða) eða annarra fyrirtækja getur slíkt eignarnám farið fram. Hitt er með öllu ófært að einstakir menn, sem veitingu hafa fengið sbr. ofanritað og hafa ekki sýnt fram á verulega eða t. d. sérstaka staðbundna (sbr. lyfjalög nr. 49/1978, 41. gr. 1., 2. og 4. liður) rekstrarerfiðleika, geti ákveðið á eina hendi að hætta rekstri án þess að segja embætti sínu lausu og þar á ofan að sjóður kostaður af opinberu fé sé skyldugur að taka við rekstri þeirra. Þeir skipi sjálfa sig um leið forstjóra þessa sama reksturs áfram, en nú á ábyrgð og kostnað hins opinbera sjóðs.

Í samræmi við ofanritað tel ég að síðasta málsgrein þriðju greinar, draga að frumvarpi til laga um lyfjadreifingu dags. 27. febrúar 1979 eigi að falla niður.

Einar Birnir.

Fylgiskjal 5.

Reykjavík, 28.02.1979.

Athugasemdir og sérálit fulltrúa A. Í. í Lyfjadreifingarnefndinni við frumvarpsdrögin.

Lyfjadreifingarnefnd telst nú hafa lokið störfum sínum. Að mati A. Í. hefur samningu frumvarpsins verið hraðað óþarflega mikið þar eð engin knýjandi þörf er á skjótum breytingum á því fyrirkomulagi lyfjadreifingarinnar, sem nú er við lýði. Við teljum að æskilegt hefði verið að kanna og vinna betur einstaka þætti frumvarpsdraganna, en mjög knöpp tímamörk voru sett um samningu þeirra og bera þau merki þess.

A. Í. lýsir því yfir að það telur margt fært til betri vegar með þessu frumvarpi, en þó er ýmislegt sem að okkar dómi er til hins verra.

Hjálagt gerum við athugasemdir við 3 greinar frumvarpsins og lýsum jafnframt andstöðu okkar við ákvæði 40. greinarinnar hvað snertir lyfsala og aðra starfsmenn lyfjabúða.

Apótekarafélag Íslands,

Werner Rasmusson, formaður.

Athugasemdir Apótekarafélags Íslands við drög að frumvarpi til laga um lyfjadreifingu.

Um 7. mgr. 3. gr.

Menn getur greint á hvort lyfjabúðir landsins skuli reknar af einkaaðilum eða af því opinbera.

A. Í. fer þó ekki dult með þá skoðun sína að einkarekstur lyfjabúða landsins eins og hann er í dag sé frá þjóðhagslegu sjónarmiði séð, bæði ódýrasta og þjónustulega besta rekstrarformið.

Með ákvæði þessarar greinar um að hver einstakur lyfsali geti einhliða ákveðið að lyfsölusjóður kaupi lyfjabúð hans og að ráðherra ákveði hvort leyfið skuli auglýst

að nýju eða lyfsölusjóður reki lyfjabúðina áfram er verið að auka verulega á verksvið lyfsölusjóðs, sem upprunalega var aðeins ætlað að reka lyfjabúð til bráðabirgða í neyðartilvikum.

Látin var fara fram atkvæðagreiðsla í A. Í. um fyrrnefnd ákvæði og var meiri hluti félaga andvígur því að lyfsölum væri gert kleift að ráðstafa lyfjabúðum sínum á framangreindan hátt.

Um 2. málsgr. 4. gr.

A. Í. álítur mjög óheppilegt að rekstrarform lyfjabúða séu mörg og ólík. Samkvæmt þessum drögum eiga þau að vera a. m. k. þrenns konar:

1. einstaklingsfyrirtæki,
2. samvinnufélög,
3. ríkisstofnun (Háskóli Íslands, Lyfsölusjóður).

Svo nokkuð sé nefnt má geta þess að mikill mismunur er t. d. á skattlagningu fyrrnefndra rekstrarforma og gæti það m. a. valdið Lyfjaverðlagsnefnd erfiðleikum í sambandi við ákvörðun lyfjaverðs.

A. Í. styður sérálit formanns nefndarinnar um Samvinnulyfjabúðir (sjá fskj. 1).

Um 40. gr.

Ákvæði þessarar greinar stefna að því að útiloka lyfsala og lyfjafræðinga frá þátttöku í fyrirtækjum, sem annast umboð, innflutning og heildsölu sérlyfja.

Rök þau, sem notuð eru til stuðnings þessa ákvæðis eru að lyfjafræðingar í apótekum hafi það mikil áhrif á lyfjaval lækna að þeir geti með ráðleggingum sínum dregið taum ákveðinna erlendra sérlyfjaframleiðenda í eiginhagsmunaskyni. En þetta á sér litla stoð í raunveruleikanum. Fyrirspurnir lækna til lyfjafræðinga eru fyrst og fremst um auknar upplýsingar, svo sem skömmtun, aukaáhrif, samsetningu ákveðinna tiltekinna lyfja, en ekki leiðbeiningar um lyfjaval. Fljótt á litið virðast lyfsalar og lyfjafræðingar geta átt mikilla hagsmuna að gæta með eignaraðild að lyfjainnflutningsfyrirtæki, en þegar betur er að gáð kemur í ljós að innflutningur sérlyfja er bundin einkaumboðum og einkainnflutningi og ráða apótekin því ekki hvar þau kaupa tiltekin lyf eins og var árið 1963 þegar Lyfsölulögin voru sett. Þá gátu fleiri en eitt fyrirtæki flutt inn frá sama sérlyfjaframleiðanda og þá gátu apótekin vissulega hyglað einu heildsölufyrirtæki umfram annað.

Eins og kunnugt er stofnuðu lyfsalar innkaupasamband árið 1956 og var markmiðið með stofnun þess að sjá apótekum landsins fyrir ýmsum þeim vörum sem þeim er lögum samkvæmt skylt að hafa á boðstólum, en engin heildsali skyldur að versla með. Samtökin efldust og hófu rekstur lyfjagerðar og hefur fyrirtæki þeirra Pharmaco h. f. í nokkur ár verið í fararbroddi hvað varðar framleiðslu lyfja og er með stærri innflytjendum á erlendum sérlyfjum. Sem dæmi má nefna að þegar í ársbyrjun 1972 hófst gæðaeftirlit með framleiðslu fyrirtækisins í eigin rannsóknarstofu, sem var hin fyrsta sinnar tegunar hér á landi.

Með drögum þessum er stefnt að því að útiloka starfrækslu fyrirtækisins í núverandi mynd, en Pharmaco h. f. virðist vera mikill þyrnir í augum hinna lyfjaheildverslananna sem hver um sig er í eigu einstakra fjölskyldna og telja Pharmaco h. f. óþægilegan keppinaut.

Í 3. grein bráðabirgðaákvæðanna er að vísu gert ráð fyrir því að ráðherra geti veitt undanþágu frá ákvæðum 40. greinar fyrir fyrirtæki sem uppbyggt er eins og Pharmaco h.f. Sé tillit tekið til þess að uppbygging og skipulagning lyfjaframleiðslu verður að miða til nokkurra ára fram í tímann er augljóst að mikil óvissa skapast um rekstrargrundvöll og áframhaldandi uppbyggingu innlendrar lyfjaframleiðslu þegar rekstrarformið er háð samþykki ráðherra, sem getur veitt og afturkallað starfsleyfi að eigin geðþótta.

A. Í. álítur sjálfsagt að lyfsölum og starfsmönnum lyfjabúða sé óheimilt að vera persónulegir umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda, en telur fráleitt að banna

þeim takmarkaða þátttöku í félögum, sem eru umboðsaðilar. Ef löggjafinn ákveður að samþykkja ákvæði 40. gr. óbreytt frá því sem í drögunum er, álítur A. Í. óhjákvæmilegt annað en að undanþáguheimildin fyrir óbreyttri starfsemi Pharmaco h. f. sé bundin í lögunum sjálfum.

A. Í. vill ennfremur ítreka nauðsyn þess að Pharmaco h. f. geti samhliða lyfjaframleiðslunni óbreytt flutt inn og selt erlend sérlyf til þess að tryggja áframhaldandi rekstur og uppbyggingu þess.

Lyfjaheildsalar hafa bundist sterkum samtökum til verndar hagsmunum sínum. Apótekin eru skylduð samkvæmt lögum til þess að kaupa lyf sín hjá þessum aðilum, sem hver um sig er einkainnflytjandi fyrir tiltekna erlenda framleiðendur. Með félagslegri þátttöku lyfsala og lyfjafræðinga í Pharmaco h. f. hefur skapast aðstaða til þess að knýja á samtök lyfjaheildsalanna um betri og hagkvæmari þjónustu með hagsmuni neytandans fyrir augum. Lyfjaverðlagsnefnd ákvarðar smásöluverð lyfja samkvæmt stöðluðum rekstrarskýrslum, sem apótekum landsins er skylt að skila árlega.

Ekki eru neinar slíkar lagalegar kröfur gerðar til lyfjaheildsala sem væri þó mjög eðlileg ráðstöfun til ákvörðunar lyfjaverðs.

Það er skoðun A. Í. að öll lyfjadreifing, bæði í heildsölu og smásölu eigi að vera í höndum þeirra, er hafa sérmenntað sig til þess. Ákvæði 40. gr. stefnir að því að koma heildsöludreifingunni til aðila sem eru utan stéttar lyfjafræðinga.

Apótekarafélag Íslands,

Werner Rasmusson, formaður.

Ed. 34. Frumvarp til laga [34. mál]

um breyting á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur nr. 59/1954 með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. hljóði svo:

Skylt er að tryggja gegn eldsvoða hjá þeim, sem brunatryggingar annast samkv. 1. gr., allar húseignir utan Reykjavíkur, þar með talin öll útihús, hvort heldur eru gripahús, hlöður, geymslur eða annað, sem metið verður sem hús skv. 3. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á aðalfundi Stéttarsambands bænda 1.—3. september 1979 var samþykkt að óska breytinga á núgildandi lögum um bruntryggingar utan Reykjavíkur í þá átt, að lögfest yrði skyldutrygging allra útihúsa í sveitum.

Frumvarp það, sem hér er flutt, gengur að fullu til móts við þessar óskir.

Auk hinnar auknu tryggingaverndar gegn brunatjóni, yrði sú breyting helst, við samþykkt þessa frv., að útihús yrðu framvegis tryggð viðlagatryggingu gegn hamfaratjónum.

Sþ. **35. Tillaga til þingsályktunar** [35. mál]

um kaup og sölu á fasteignum.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar í stað fara fram endurskoðun á lögum um fasteignasölu, nr. 47/1938, og öðrum þar að lútandi lögum og reglum, sem um fasteignaviðskipti gilda, og gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja betur en nú er réttarstöðu kaupanda og seljanda í fasteignaviðskiptum.

Við slíka endurskoðun skal kveða nánar á en nú er um þá viðskiptahætti sem í fasteignasölu gilda, svo sem skyldur fasteignasalans gagnvart kaupendum og seljendum fasteigna, ábyrgð þá, sem hvílir á sölu- og kaupaðilum í slíkum viðskiptum, svo og um fasteignaviðskipti á byggingarstigi.

Endurskoðunin skal einnig við það miðuð að koma í veg fyrir óeðlilega verðlagsþróun á fasteignum.

Lögin verði endurskoðuð m. a. með tilliti til að tryggja eftirfarandi atriði:

1. Fasteignasölum ber að láta liggja frammi nákvæma lýsingu á fasteigninni og ástandi hennar, — göllum, ef einhverjir eru, og kvöðum, sem eigninni fylgja. — Ástand og lýsing á fasteigninni skal nákvæmlega skráð á stöðluð úttektarblöð viðurkennd af matsmönnum Húsnæðismálastofnunar ríkisins og skulu fasteignasali og seljandi rita nöfn sín á úttektarblöðin til staðfestingar því að lýsingin á eigninni sé í fyllsta samræmi við ástand hennar.
2. Fasteignasali skal láta liggja frammi veðbókarvottorð um eignina strax og hann fær hana í sölu, og ber kaupanda að kynna sér það áður en hann gerir bindandi kauptilboð í eignina. Ef seljandi er ekki þinglýstur eigandi fasteignarinnar ber fasteignasali ábyrgð á að samþykki þinglýsts eiganda liggi fyrir, þannig að honum sé kunnugt um sölu eignarinnar. Ef um er að ræða ófrágengnar skuldbindingar seljanda við þinglýstan eiganda skal svo frá þeim gengið að engin áhrif hafi á skuldbindingar seljanda gagnvart kaupanda.
3. Ef um tímabundið kauptilboð eða gagntilboð er að ræða er það á ábyrgð fasteignasalans að tilkynna viðkomandi aðilum á sannanlegan hátt hvort tilboði er tekið eða hafnað, og skal það undirritað af viðkomandi sölu- eða kaupaðilum eftir því sem við á. Í kauptilboði skal koma fram nákvæm lýsing á eigninni, sem gert er tilboð í, auk kvaða sem eigninni fylgja og kaupandi skuldbindur sig til að yfirtaka.

   Við gerð kaupsamnings skulu tilgreind nákvæmlega öll atriði sem nauðsynleg eru til að réttur kaupanda og seljanda sé nægjanlega tryggður, og skal það vera á ábyrgð fasteignasalans að svo sé gengið frá kaupsamningi að þessu ákvæði sé fullnægt.
4. Sérstök ákvæði skulu gilda um auglýsingu fasteigna, þar sem m. a. skal gert skylt að kveða á um nákvæma nettó- og brúttóstærð eignarinnar samkvæmt útgefnu fasteignamati.
5. Ef um er að ræða fasteignaviðskipti sem gerð eru á byggingarstigi eignar, skal kveða nákvæmlega á í kaupsamningi um réttarstöðu kaupanda, ef byggingaraðili stendur ekki við gerðan samning, og þess gætt í hvívetna að réttarstaða kaupanda gagnvart byggingaraðila sé tryggð. — Þau atriði, sem sett eru sem frávik í slíkan samning vegna afhendingardags eignarinnar, skulu tilgreind og byggingaraðila gert að sæta sektum ef dráttur verður á afhendingu innan þess ramma sem kaupsamningur segir til um.

Auk þess skal kveða á um rétt kaupanda til að fá afsal á eigninni þá þegar, ef sannanlegt er að fjárhagsstaða byggingaraðilans sé með þeim hætti að hann hafi ekki staðið við eða sýnt er að hann standi ekki við gerðan samning og kaupandi hins vegar staðið við sinn hluta samnings, þannig að greiðslur hans standi undir verðmæti eignarinnar á því byggingarstigi sem það var eða væri í við slíkar aðstæður.

6. Sölulaun skulu miðast við fasteignamatsverð eignarinnar og hlutfall þeirra ákveðin af því eða við aðrar sambærilegar fastar viðmiðunarreglur sem ekki hafa áhrif á verðmyndun fasteignarinnar.
7. Öllum fasteignasölum skal skylt að hafa lög og reglur um fasteignasölu frammi á fasteignasölum, þannig að kaupendum og seljendum fasteigna megi vera ljós ákvæði þeirra.

Greinargerð.

Brýna nauðsyn ber til að tryggja frekar en nú er réttarstöðu kaupanda og seljanda í fasteignaviðskiptum og því er þessi tillaga flutt.

Lög þau, sem nú gilda um fasteignasölu, eru frá 11. júní 1938 og hafa litlar breytingar verið gerðar á þeim síðan. Endurskoðun hlýtur að vera nauðsynleg á gildandi lögum með tilliti til þess, hvað fasteignaviðskipti eru orðin snar þáttur í þjóðlífnu og hvað íbúðareigendum hefur farið fjölgandi á undanförnum árum, auk þess sem í ljósi reynslunnar hefur ýmislegt komið fram sem ástæða er til að tryggja nánar í slíkum lögum.

Eins og nú er tryggir núverandi löggjöf mjög óljóst réttarstöðu kaupanda og seljanda og mjög eru einnig óljósar skyldur fasteignasalans í slíkum viðskiptum, — en í fasteignaviðskiptum hefur reynslan sýnt að oft koma upp ýmis ágreiningsatriði sem löggjafinn hefur ekki séð fyrir eða ekki talið ástæðu til að tryggja, en geta skipt sköpum um fjárhag og réttarstöðu margra í eignaskiptum og íbúðarkaupum.

Þau atriði, sem tilgreind eru sérstaklega í þáltill., eru ekki tæmandi, en hér er aðeins hreyft nokkrum sem að gagni gætu komið við slíka endurskoðun, — ábendingar sem að mati flm. eiga að tryggja betur en nú er réttarstöðu kaupanda og seljanda í slíkum viðskiptum.

Ástæðulaust er að skýra þessi ákvæði frekar en gert er í sjálfri þáltill., en þau miða öll að því að koma á bættum viðskiptaháttum í fasteignasölu, sem reynslan hefur sýnt að full ástæða er til að tryggja með lagasetningu til að fyrirbyggja óþarfan ágreining og koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón sem af slíkum viðskiptum getur skapast.

Ekki er að efa að margir fasteignasalar gera sér ljósar skyldur sínar og ábyrgð í slíkum viðskiptum — og að margir hverjir uppfylla nú þau almennu ákvæði sem hér er lagt til að höfð verði hliðsjón af við endurskoðun á lögum um fasteignasölu og öðrum þar að lútandi lögum og reglum sem um fasteignaviðskipti gilda. En engu að síður er það almenn skoðun, að í ljósi fenginnar reynslu beri að herða og gera nákvæmari alla lagasetningu í þessu efni, þannig að öllum séu ljósir viðskiptahættir og ábyrgð sem á þeim hvílir sem í fasteignaviðskiptum eiga, — og nákvæm lagasetning ætti að tryggja að undan þeim sé ekki hægt að víkja.

Það segir sig sjálft, að um er að ræða gífurlegar fjárhæðir í slíkum viðskiptum og oftast um aleigu fólks að ræða, þannig að mikilvægi fullkominnar og mjög nákvæmrar lagasetningar um slík viðskipti hlýtur að vera ótvíræð, enda hagsmunir margra í húfi að vel sé frá slíkum viðskiptum gengið.

Sþ. 36. Tillaga til þingsályktunar [36. mál]

um ný samvinnufélagalög.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja undirbúning nýrrar löggjafar um samvinnufélög og samvinnusambönd.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd og er því flutt að nýju. Í greinargerð með tillögunni var þess getið, að ný hlutafélagalög hefðu verið sett, en síðan segir:

„Með þeirri löggjöf er lagður grunnur að öflugri og heilbrigðri starfrækslu hlutafélaga, en hlutafélagalögin frá 1921 voru að ýmsu leyti ófullkomin, eins og eðlilegt er. Sama er að segja um samvinnufélagalögin. Ef samvinnufélög eiga að dafna, er þörf verulegra umbóta, enda gera stjórnendur þeirra margir hverjir sér grein fyrir því. Sama er að segja um samband samvinnufélaga.

Meðal þeirra, sem vakið hafa athygli á nauðsynlegri nýbreytni, er Erlendur Einarsson, forstjóri S.Í.S. Í erindi, sem hann flutti á ráðstefnu 2. sept. 1972, sagði hann m. a.:

„Nú langar mig til að varpa fram þeirri spurningu, hvernig þetta gæti litið út hjá okkur í dag, ef við færum að gefa út stofnbréf. Við skulum taka Sambandið sem dæmi. Við skulum hugsa okkur að Sambandið gæfi kaupfélögunum kost á stofnbréfum og við skulum taka árið í fyrra, 1971. Þegar við lítum á efnahagsreikning Sambandsins 31. des. 1971, þá er eigið fé, það sem við köllum eigið fé, um 607 milljónir króna. Þar eru ekki meðtaldar aukaafskriftir af eignum, vörubirgðum og öðru, þannig að það mætti bæta við þetta hundrað milljónum, þannig að þetta yrði þá um 700 milljónir.“

Síðar segir Erlendur Einarsson:

„Ég vil koma að því, — ég gleymdi því alveg áðan, — að til þess að koma þessu í kring, að byggja upp svona almenningsþátttöku, þá verður að sjálfsögðu að breyta lögunum. Það verður að breyta samvinnulögunum og einnig að breyta skattalögunum.

Skattfrelsi sparifjár í innlánsstofnunum hefur, að mínu áliti, m. a. stuðlað að því að fjármagn hefur frekar leitað í banka, sparisjóði og innlánsdeildir heldur en ella og kannske komið í veg fyrir það, að við séum að leita að nýjum leiðum til að fá þátttöku almennings til að koma með fjármagn inn í samvinnufélögin. Og þótt skattfrelsið hafi eitthvað hjálpað, þá hefur það í sumum tilfellum orðið bjarnargreiði.

Hér verður því að breyta lögunum og ég veit, að Eyjólfur Konráð Jónsson verður mér hjálplegur, ég vona það, þegar að því kemur, að fá lagabreytingar um þetta.“

Tímabært er nú að hefja endurskoðun samvinnufélagalaga, og að sjálfsögðu yrði samráð haft við forustumenn samvinnufélaganna og samvinnusambandsins.“

Allt það, sem að framan segir, er enn í fullu gildi og þarf engu við það að bæta.

Sþ. 37. Fyrirspurnir. [37. mál]

I. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um ráðstafanir vegna bifreiðakostnaðar öryrkja.

Frá Svavari Gestssyni.

Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin undirbúið vegna þeirra öryrkja sem þurfa nauðsynlega á bifreiðum að halda, en hafa nú orðið fyrir sívaxandi rekstrarkostnaði bifreiðanna með hækkandi bensínverði?

II. Til samgönguráðherra um þjónustu strandstöðvarinnar á Höfn í Hornafirði.

Frá Helga F. Seljan.

Eru fyrirhugaðar breytingar á þjónustu strandstöðvarinnar á Höfn í Hornafirði (Hornafjarðar-radíó)?

Ef svo er: Í hverju eru þær breytingar þá fólgnar og hvaða afleiðingar gætu þær haft fyrir öryggi og þjónustu á þessu svæði?

III. Til landbúnaðarráðherra um framkvæmd þingsályktunar frá 22. maí 1979 um beinar greiðslur til bænda.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Hvaða reglur hafa verið settar um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins, sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt?
2. Hvernig hefur framkvæmd þessara reglna gengið?
3. Hvað líður athugun á breytingum á greiðslu útflutningsbóta og niðurgreiðslna, þannig að þær nýtist betur?
4. Hefur ríkisstjórnin fjallað um athuganir Stéttarsambands bænda á því, hvernig haga mætti beinum greiðslum útflutningsbóta og niðurgreiðslna?
5. Tók fyrrverandi ríkisstjórn einhverjar ákvarðanir í þessum málum? Ef svo er, hverjar voru þær?

IV. Til fjármálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar frá 21. desember 1978 um sparnað í fjármálakerfinu.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að beita sér fyrir sparnaði í fjármálakerfinu?
2. Hver hefur orðið árangur af starfi nefndar þeirrar, sem þingflokkarnir skipuðu samkvæmt ályktun Alþingis frá 21. des. 1978 til aðstoðar ríkisstjórninni?
3. Hefur einhverjum þeim markmiðum verið náð, sem nefnd eru í 2. mgr. þingsályktunarinnar, og þá hverjum?
4. Hver var fjöldi starfsmanna í fjármálakerfinu við samþykkt þingsályktunarinnar og hver er hann nú?

V. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra varðandi eftirlitsskyldu Tryggingastofnunar ríkisins á gjaldtöku tannlækna og framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Hvernig er háttað eftirliti Tryggingastofnunar ríkisins á gjaldtöku (gjaldskrám) tannlækna og tannréttingalækna, miðað við þær greiðslur er ríkið, sjúkrasamlög og sveitarfélög greiða til þeirra skv. lögum?
2. Hversu há fjárhæð var greidd til þessara aðila gegnum kerfið árið 1978 og það sem af er árinu 1979?
3. Hvernig er háttað eftirliti Tryggingastofnunar ríkisins með gjaldtöku og greiðslu til lækna í heilsugæslukerfinu almennt?
4. Hvað líður útgáfu margræddra reglugerða varðandi framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978 (áður nr. 56/1973)?
5. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu heilbrigðismálaráðuneytisins til að jafna þann mikla aðstöðumun sveitarfélaga sem er varðandi greiðslu kostnaðar við rekstur heilsugæslustöðva, sem ekki eru reknar í beinum tengslum við sjúkrahús?

Sþ. 38. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um framkvæmd Dalabyggðaráætlunar.

Flm.: Alexander Stefánsson, Friðjón Þórðarson, Davíð Aðalsteinsson, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason, Jósef H. Þorgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að fullfrágengin Dalabyggðaráætlun hjá Framkvæmdastofnun ríkisins, byggðadeild, verði samþykkt, gefin út og fjármögnuð til framkvæmda 1980.

Greinargerð.

Framkvæmdastofnun ríkisins hóf vinnu við Vesturlandsáætlun, þ.e. byggðaáætlun fyrir Vesturland, árið 1974 í samráði við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Hefur því starfi verið haldið uppi síðan og hafa verið gefnar út ýmsar tölulegar upplýsingar um stöðu landshlutans, sem teknar hafa verið fyrir á aðalfundum Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi og innan Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Þegar upplýsingar lágu að miklu leyti fyrir um stöðu Vesturlands í byrjun árs 1977 var ljóst, að alhliða byggðaþróunaráætlanir fyrir heil kjördæmi skiluðu ekki þeim árangri sem vonir stóðu til. Var sú stefna tekin í áætlunargerð á Vesturlandi, í samráði við Samtök sveitarfélaga, að takmarka áætlunarstarfið við eitt byggðasvæði hverju sinni.

Byggðirnar á Vesturlandi hefur Framkvæmdastofnun skilgreint til áætlanagerðar þannig: Dalabyggð — Snæfellsnesbyggð — Borgarfjarðarbyggð og Akranesbyggð. — Á grundvelli þeirra gagna, sem aflað hefur verið og unnið úr um stöðu Vesturlands, voru allir sammála um að Dalabyggð var hvað verst á vegi stödd, m. a. vegna stöðugrar íbúafækkunar, einhæfs atvinnulífs og lágra brúttótekna. Var því ákveðið að hefja störf að byggðaþróunaráætlun fyrir Dalabyggð. Var skipulega unnið að þessari áætlunargerð í fullri samvinnu við heimamenn og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi. Var þessu verki lokið að fullu í byrjun árs 1979. Hafði áætlunin verið kynnt rækilega, m. a. fulltrúum stjórnvalda, ríkisstofnana og hagsmunasamtaka,

sveitarstjórna, búnaðarsambanda o. fl. Endanlegar tillögur áætlunarinnar hlutu meðmæli frá öllum aðilum sem leitað var til, enda ljóst að framkvæmd hennar mun leiða til framfara á svæðinu.

Þegar kom að afgreiðslu málsins í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins á s. l. vori stöðvaðist málið. Stjórnin vildi ekki samþykkja áætlunina til framkvæmda. Við það situr. Hefur áætlunin ekki verið gefin út né send til ríkisstjórnar. Hefur þetta valdið miklum vonbrigðum, ekki aðeins í Dalabyggð, heldur einnig víðs vegar um byggðir landsins og í samtökum sveitarfélaga, sem telja til lítils að leggja vinnu og fjármagn í áætlanagerð, ef hún í reynd á að vera aðeins pappírsgagn.

Í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins stendur m. a. í 28. gr.:

„Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 10. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði.“

Í 10. gr.: „Byggðadeild gerir áætlanir um þróun byggða og atvinnulífs í þeim tilgangi að tryggja atvinnu og búsetu í byggðum landsins.“

Í 3. gr.: „Verkefni stjórnar Framkvæmdastofnunar eru m. a. þessi:

4) að fjalla um og **samþykkja** allar áætlanir, sem stofnunin gerir, áður en þær eru sendar ríkisstjórninni, sbr. 9. gr.“

Í 9. gr.: „Áætlanir skulu sendar ríkisstjórninni og gerir hún Alþingi grein fyrir þeim.“

Tölulegar staðreyndir sanna, að byggð í Dalasýslu er í verulegri hættu.

Með flutningi þessarar þingsályktunartillögu vilja flutningsmenn fá viljayfirlýsingu Alþingis um að þessi fullgerða byggðaþróunaráætlun fyrir Dalabyggð nái fram að ganga í samræmi við lög og tilgang Byggðasjóðs með það meginmarkmið að styrkja byggð á þessu svæði.

Nd. 39. Frumvarp til laga [39. mál]

um greiðslu bóta á óverðtryggðan útflutning búvara.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Hjörleifur Guttormsson, Þórarinn Sigurjónsson, Ragnar Arnalds, Alexander Stefánsson, Páll Pétursson, Skúli Alexandersson, Ólafur Þ. Þórðarson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði 3 milljarða króna til að bæta bændum að nokkru óverðtryggðan útflutning landbúnaðarafurða á verðlagsárinu 1978—1979 og til að greiða fyrir sölu á þeim búvörubirgðum, sem voru óseldar við upphaf yfirstandandi verðlagsárs. Framangreind fjárhæð verði greidd á 1. ársfjórðungi ársins 1980.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán til að standa straum af þessum greiðslum, sem síðan verði endurgreitt með framlögum á fjárlögum næstu þrjú ár.

Landbúnaðarráðuneytið setur reglur um greiðslu þessara bóta til bænda að fengnum tillögum frá stjórn Stéttarsambands bænda, og skal Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslurnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ljóst er, að bændur verða fyrir mjög tilfinnanlegri tekjuskerðingu vegna óverðtryggðs útflutnings búvara á síðasta verðlagsári og vegna óhjákvæmilegs útflutnings á búvörum, sem í of stórum mæli voru óseldar við upphaf nýs verðlagsárs 1. sept. s. l. Í því skyni að jafna út halla vegna vöntunar útflutningsbóta á síðasta verðlagsári hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins ákveðið innheimtu verðjöfnunargjalds sem hér segir:

Fyrir hvert kg innv. dilkakjöts kr. 165.00.
— hvert kg innv. kjöts af fullorðnu kr. 87.50.
— hvern innv. mjólkurlítra allt almanaksárið kr. 10.00.

Innheimtu þessa gjalds er nú lokið.

Til viðbótar þeirri tekjuskerðingu, sem leiðir af þessari gjaldtöku, koma svo erfiðleikar vegna harðindanna í vor og sumar, aukinn fóðurkostnaður og óhjákvæmileg skerðing á bústofni nú í haust vegna lítils heyfengs. Þá er ljóst, að fallþungi dilka er mun minni en undanfarin ár, og veldur það einnig verulegri tekjurýrnun hjá bændum. Ljóst er því, að efnahagsvandi bænda er mjög alvarlegur og er því mjög þýðingarmikið að draga úr tekjuskerðingu þeirra vegna vöntunar á útflutningsbótum.

Í maí s. l. skipaði landbúnaðarráðherra nefnd, sem m. a. fékk það verkefni að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um lausn á vandamálum bænda vegna söluerfiðleika erlendis á umframframleiðslu landbúnaðarafurða, þannig að tekjuskerðing bænda verði sem minnst.

Í nefnd þessari áttu sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna ásamt fulltrúum frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins, fulltrúi Alþýðuflokksins skilaði séráliti.

Í áliti meiri hlutans segir m. a.:

„Vegna þeirra sérstöku aðstæðna, sem skapast hafa vegna óheftrar framleiðslu undangenginna ára, telur meiri hluti nefndarinnar rétt að lagt verði fram fé að þessu sinni til viðbótar lögboðnum útflutningsbótum. Meiri hlutinn álítur að hinar nýju heimildir Framleiðsluráðs til aðgerða, sem ætlað er að koma skipulagi á framleiðslu landbúnaðarvara, muni fremur ná því marki að aðlaga framleiðsluna þörfum þjóðarinnar, ef ekki þarf að fást við fjárhagsvanda frá fyrri árum og söluerfiðleika vegna eldri birgða. Meiri hluti nefndarinnar leggur því eftirfarandi til við ríkisstjórnina:

1. Að hún útvegi viðbótarfjármagn að upphæð 3 milljarðar króna til að bæta bændum að nokkru óverðtryggðan útflutning landbúnaðarafurða á yfirstandandi verðlagsári og til að greiða fyrir sölu á þeim búvörubirgðum, sem í of stórum mæli eru óseldar við upphaf nýs verðlagsárs. Fjárhæð þessi svarar til ⅔ hluta af þeirri tekjuskerðingu, sem annars blasir við að bændur verði fyrir, ef ekkert er að gert.
2. Af framangreindri upphæð verði tveir milljarðar króna útvegaðir svo fljótt, að þeir komi til nota fyrir lok verðlagsársins, svo að Framleiðsluráð geti dregið verulega úr innheimtu þess verðjöfnunargjalds, sem þegar hefur verið ákveðið."

Á þessu áliti meiri hlutans, sem er samkomulag fulltrúa Framsóknarflokksins, Sjálfstæðisflokksins, Alþýðubandalagsins, Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands, er þetta frumvarp byggt. Það gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin greiði 2 milljarða í auknar útflutningsbætur á fyrsta ársfjórðungi 1980. Til þess að standa straum af þessum greiðslum er ríkisstjórninni heimilað að taka lán, sem síðan verði endurgreitt með framlögum á fjárlögum næstu þrjú ár.

Nd. **40. Frumvarp til laga** [40. mál]

um lögfræðiaðstoð.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Lögfræðiaðstoð skv. lögum þessum felst í nauðsynlegri ráðgjöf og bréfaskiptum vegna:

1. Sifja-, erfða- og persónuréttarmálefna.
2. Skaðabóta utan samninga.
3. Vátryggingasamninga.
4. Vinnusamninga.
5. Kaupa eða leigu íbúðarhúsnæðis.
6. Lausafjárkaupa sem ekki hafa verið gerð í atvinnuskyni.
7. Meintra yfirsjóna opinberra starfsmanna í starfi.

Það telst sömuleiðis lögfræðiaðstoð í skilningi laga þessara að semja umsókn um gjafsókn eða gjafvörn.

2. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur ákveðið að aðstoð skv. 1. gr. skuli veitt umfram það sem þar segir, enda sé líklegt að með því móti megi leysa úr ágreiningi án málshöfðunar.

3. gr.

Rétt til aðstoðar skv. lögum þessum hafa einstaklingar, sem eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa lögheimili hér á landi, enda nái tekjur þeirra ekki nánar tilgreindum mörkum, er ákveðin skulu í reglugerð.

4. gr.

Starfandi héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn, svo og fulltrúar þeirra, eru skyldir til að láta í té aðstoð skv. lögum þessum.

Þeir geta þó synjað um aðstoð í einstökum tilvikum, ef þeir telja málefni þess eðlis að aðstoð sé bersýnilega þarflaus, hún brjóti í bága við siðareglur lögmanna eða starfsannir þeirra banni.

5. gr.

Nú er ekki kostur á þjónustu starfandi lögmanna eða fulltrúa þeirra og getur þá dómsmálaráðuneytið heimilað öðrum lögfræðingum að láta í té aðstoð skv. lögum þessum.

6. gr.

Fyrir veitta aðstoð skv. 1. gr. þessara laga greiðist föst þóknun, sem ákveðin skal í reglugerð. Fyrir veitta aðstoð skv. 2. gr. greiðist þóknun, sem dómsmálaráðuneytið ákveður eftir málsatvikum hverju sinni.

Ríkissjóður greiðir ¾ þóknunar, en skjólstæðingur ¼.

7. gr.

Sækja þarf um það til dómsmálaráðuneytisins á sérstöku eyðublaði að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við lögfræðiaðstoð. Umsókn skal undirrituð af þeim sem aðstoðar beiðist og þeim sem hana veitir.

Í reglugerð skal nánar ákveða hvaða upplýsingar skuli fylgja umsókn skv. 1. mgr.

8. gr.

Dómsmálaráðuneytið sker úr því hvort veitt aðstoð falli undir ákvæði 1. gr. laga þessara. Ráðuneytið sker og úr ágreiningi sem rísa kann vegna ákvæða 3. og 4. gr. laganna.

Úrskurð ráðuneytisins má bera undir dómstóla.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið af starfshópi sem dómsmálaráðherra skipaði.

Frumvarpið var lagt fyrir Alþingi á síðustu dögum þings í vor og varð ekki útrætt.

Fylgdi því þá svohljóðandi:

Greinargerð.

I.

Þann 24. október 1978 skipaði dómsmálaráðherra eftirtalda í starfshóp „til þess að huga að lagareglum um ókeypis lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk...“: Björn Þ. Guðmundsson, prófessor, Guðjón Steingrímsson, hæstaréttarlögmann, Magnús Thoroddsen, borgardómara, Ólöfu Pétursdóttur, fulltrúa í dómsmálaráðuneytinu og Eirík Tómasson, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, sem jafnframt var skipaður formaður starfshópsins.

Í skipunarbréfi var verksvið starfshópsins nánar ákveðið. Skilaði starfshópurinn áliti sínu, með bréfi, dags. 27. apríl 1979. Með því fylgdi frumvarp þetta, svo og drög að reglugerð skv. því.

Í frv. er ekki fjallað um gjafsókn og gjafvörn, en ákvæði um það efni eru nú í XI. kap. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Við samningu frv. hefur verið höfð hliðsjón af réttarreglum um þetta efni hjá öðrum þjóðum, einkum Dönum og Norðmönnum. Auk þess hefur nefndin kynnt sér framkvæmd „lögfræðiaðstoðar“, bæði hérlendis og erlendis, einkum þó á Norðurlöndum.

II.

Á Alþingi 1974—1975 fluttu þau Svava Jakobsdóttir og Ragnar Arnalds tillögu til þingsályktunar um lögfræðiþjónustu fyrir efnalítið fólk. Í greinargerð fyrir þáltill. þessari sagði m. a.: „Það er vitað og viðurkennt að margt efnalítið fólk veigrar sér við að leita lögfræðilegrar aðstoðar er vanda ber að höndum sakir kostnaðarins er því fylgir. Er engan veginn verjandi að fólk eigi þess ekki kost að reka réttar síns sakir efnaleysis. Brýnt er því að leysa vanda þessa fólks með því að koma á fót hið allra fyrsta réttaraðstoð sem óháð sé gjaldskrá Lögmannafélags Íslands... Hér á landi eru til reglur um gjafsókn og gjafvörn, en þótt þær séu góðra gjalda verðar, leysa þær ekki nema lítinn hluta þess vanda sem eiginlegri réttaraðstoð er ætlað að gera. Reglur um gjafsókn og gjafvörn gilda aðeins ef til málshöfðunar kemur. Í fjölmörgum málum, sem upp rísa, þarfnast fólk fyrst og fremst lögfræði-

legra leiðbeininga og upplýsinga um rétt sinn. Þennan vanda mundi réttaraðstoð leysa. Ætti fólk þess kost að leita slíkrar aðstoðar sér að kostnaðarlitlu meðan mál eru á frumstigi, eru og meiri líkindi til að mál leysist farsællega án þess að til málshöfðunar þurfi að koma."

Þáltill. þessari var, að tillögu allsherjarnefndar, vísað til ríkisstjórnarinnar.

Í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er því lýst yfir að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir „greiðari aðgangi almennings að dómsmálum, svo sem með lögfræðilegri aðstoð án endurgjalds".

III.

Réttarreglur um „lögfræðiaðstoð" er að finna í flestum þeim ríkjum þar sem lífskjör eru jafngóð eða betri en hér á Íslandi. Áður en vikið er að ákvæðum frv. þykir rétt að gefa stutt yfirlit yfir réttarreglur þessar í nokkrum grannlöndum.

DANMÖRK:

Með breytingu á réttarfarslögunum dönsku, nr. 253 frá 4. júní 1969, var veitt heimild til að setja reglugerð um lögfræðiráðgjöf við efnalítið fólk. Slík reglugerð var fyrst sett 19. desember 1969 nr. 562, síðar breytt með reglugerð nr. 125 30. mars 1978, en nú gildir reglugerð nr. 103, 16. mars 1979. Auk þess er í Kaupmannahöfn og Friðriksberg á vegum stúdentasamtakanna starfrækt lögfræðiþjónusta við efnalitla borgara.

Samkvæmt framangreindum reglugerðum eru það sjálfstætt starfandi lögmenn, sem veita þessa lögfræðiráðgjöf. Skulu þeir lögmenn, sem fúsir eru að taka að sér slíkan starfa, tilkynna það dómara þeim, er lögsögu hefur í því umdæmi, þar sem lögmaður hefur skrifstofu. Í janúarmánuði hvert ár auglýsir hlutaðeigandi dómari opinberlega, hvaða lögmenn það eru, sem taka að sér lögfræðiráðgjöf.

Lögfræðiráðgjöf tekur m. a. til eftirfarandi málefna:

1. a) Persónu-, sifja- og erfðaréttarmálefna.
   b) Skaðabóta utan samninga.
   c) Vátryggingarmálefna.
   d) Lausafjárkaupa, þó ekki í atvinnuskyni.
   e) Leigu á íbúðarhúsnæði.
   f) Vinnusamninga og orlofs.
   g) Mál, sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum og kærur út af ákvörðunum þessara stjórnvalda.
2. Samningar umsókna um gjafsókn.
3. Samningar stefna í þeim málaflokkum, er falla undir 1. tl. hér að framan, svo og í þeim héraðsdómsmálum, þar sem verðmæti kröfu fer eigi yfir d. kr. 4 000.00.
4. Ráðgjafar og hugsanlegrar samningar kæru út af afgreiðslu stjórnvalds.

Með ráðgjöf er yfirleitt átt við munnlega ráðgjöf og venjulega ritun eins bréfs í sambandi við hana, ef með þarf.

Þeir, sem hafa lægri skattskyldar árstekjur en 80 000.00 d. kr., að viðbættum d. kr. 7 000.00 fyrir hvert barn innan 18 ára, sem þeir hafa á sínu framfæri, eiga rétt á lögfræðiráðgjöf.

Þá er réttur til lögfræðilegrar ráðgjafar einnig bundinn því skilyrði, að umsækjandi eigi ekki eignir, sem séu meiri að verðmæti en 100 000.00 d. kr. eða d. kr. 20 000.00 í lausafé, sem auðvelt megi koma í peninga.

Í sérstökum undantekningartilvikum getur dómari ákveðið að vikið sé frá hámarkstekju- og eignarmörkum samkvæmt framansögðu.

Sá, sem beiðist lögfræðilegrar ráðgjafar, skal gefa lögmanni þeim, er hann leitar til, upplýsingar um fjárhag sinn á þar til gerð eyðublöð, er dómsmálaráðuneytið útbýr. Upplýsingar um skattskyldar tekjur og eignir á að gefa með vottorði frá viðkomandi sveitarfélagi.

Lögmaður getur neitað að veita lögfræðilega ráðgjöf, ef honum sýnist krafa beiðanda bersýnilega tilefnislaus eða ósanngjörn, eða ráðgjöfin myndi brjóta í bága við siðareglur lögmanna.

Lögmaður á rétt á 200.00 d. kr. í greiðslu fyrir lögfræðiráðgjöf. Af þeirri fjárhæð greiðir ríkið 75%, en sá, er ráðgjafar beiðist, greiðir afganginn.

Þegar sérstakar ástæður mæla með því, t. d. ef líkur eru á, að leysa megi ágreining án málshöfðunar, er heimilt að veita frekari lögfræðiráðgjöf en að ofan greinir, allt að d. kr. 800.00. Greiðir þá ríkissjóður 50% af þóknuninni, en sá, sem aðstoðar beiðist, afganginn.

Lögmaður sá, er veitir réttarþjónustu, ritar á eyðublað það, er umsækjandi útfyllir varðandi fjárhag sinn, hvers konar ráðgjöf lögmaðurinn hafi veitt í hverju tilviki. Sá, sem ráðgjafar nýtur á einnig að kvitta á eyðublaðið til staðfestingar því, að hann hafi hlotið ráðgjöfina.

Lögmenn þeir, er lögfræðiráðgjöf veita, eiga ársfjórðungslega að senda framangreind eyðublöð til dómara í því lögsagnarumdæmi, þar sem þeir hafa skrifstofu. Hlutaðeigandi dómari greiðir síðan þann hluta endurgjaldsins, sem ríkinu ber (þ. e. 75%).

Rétt er að vekja athygli á því, að framangreind lögfræðiráðgjöf nær ekki til samningar bréfa eða skjala, sem stjórnvöld, venju samkvæmt, veita nægilega aðstoð við, þar með talin skattaframtöl.

Áætlað er, að um 70% dönsku þjóðarinnar eigi rétt á að njóta lögfræðiráðgjafar samkvæmt framangreindum reglum.

NOREGUR:

Engin heildarlöggjöf um endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð hefur enn verið sett í Noregi. Hins vegar liggur fyrir frumvarp til slíkra laga sem stjórnskipuð nefnd samdi og skilaði af sér um mitt ár 1976, en það hefur ekki náð enn fram að ganga. Ákvæði um endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð eru þess vegna á víð og dreif í norskri löggjöf, reglugerðum og tilskipunum. Hér á eftir verður fyrst gerð grein fyrir þeim reglum sem nú gilda og síðan lítillega vikið að hinu nýja frumvarpi.

Í Osló og Akershus hefur frá árinu 1883 verið starfandi sérstök stofnun er annast endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð (Kontoret for fri rettshjælp). Í upphafi stóðu félagssamtök, þ. á m. norska lögmannafélagið, að þessari skrifstofu en frá árinu 1923 hefur reksturinn verið í höndum Oslóborgar og sveitarfélaga í nágrenninu.

Skrifstofan veitir almenna lögfræðilega ráðgjöf en einnig aðstoð við rekstur dómsmála. Er þá í mörgum tilfellum um að ræða gjafsóknar- eða gjafvarnarmál. Annars greiðir ríkið um 40% kostnaðar við starfsemi skrifstofunnar en viðkomandi sveitarfélag 60% þegar um er að ræða lögfræðilega ráðgjöf en sé um að ræða aðstoð við rekstur dómsmáls greiðir ríkið 60% en viðkomandi sveitarfélag 40%.

Skrifstofan lætur í té upplýsingar um hvers konar lögfræðileg vandamál og veitir ráðgjöf áður en til málaferla kemur, hvort tveggja án endurgjalds. Hinar lögfræðilegu upplýsingar geta varðað lögfræðileg vandamál á sviði skaðabótaréttar, hjúskaparréttar, vinnuréttar, erfðaréttar, varðandi húsaleigu og húsaleigusamninga o. fl.

Sérstöðu hefur starfsemi er stúdentar sjá um í Osló, sem fólgin er í því að þeir ferðast um borgina í vagni (jussbussen) og veita almenningi lögfræðilegar upplýsingar án endurgjalds.

Annars staðar í Noregi er endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð einkum með tvennum hætti. Annars vegar getur sá sem á rétt á endurgjaldslausri lögfræðiaðstoð leitað til lögmanns eftir eigin vali og hins vegar til sérstakra lögfræðiskrifstofa sem reknar eru af sveitarfélögum eða fylkjum með fjárstuðningi ríkisins.

Þrjú meginskilyrði eru sett fyrir endurgjaldslausri lögfræðiaðstoð. Í fyrsta lagi að umsækjandi hafi þörf fyrir lögfræðilega aðstoð, en í því felst að hann geti ekki fengið upplýsingar eða ráðgjöf með öðrum hætti, t. d. með því að snúa sér til skattstofu eða félagsmálastofnunar. Í annan stað er það skilyrði að umsækjandi

taki þátt í kostnaði við aðstoðina með því að greiða 50.00 n. kr. sjálfur. Heimilt er þó að fella þetta gjald niður. Gerist það í yfirgnæfandi tilfella. Meginskilyrði fyrir aðstoð er að umsækjandi fullnægi ákveðnum eigna- og tekjumörkum. Eignamörkin eru 40 000.00 n. kr. en tekjumörkin 21 000.00 n. kr. þegar um einhleypinga er að ræða en 26 300.00 n. kr. fyrir hjón og 5 300.00 n. kr. að auki fyrir hvert barn yngra en 16 ára, enda sé það á framfæri umsækjanda.

Aðstoðin miðast fyrst og fremst við einstaklinga en einnig geta félög og stofnanir notið hennar þegar sérstaklega stendur á. Ekki skiptir máli hvort um er að ræða norska ríkisborgara eða útlendinga sem búsettir eru í Noregi.

Lögfræðiaðstoðin er fólgin í upplýsingum og ráðgjöf um lögfræðileg vandamál utan réttar og þarf ágreiningur ekki að vera upp komin til þess að aðstoðin sé látin í té. Þegar lögmaður veitir aðstoðina er venjulega aðeins um eitt viðtal að ræða en ella verður að sækja um sérstakt leyfi til fylkismanns. Hann á og úrskurðarvald um endurgjald til lögmannsins en málskotsréttur í því efni er til dómsmálaráðuneytisins. Meginreglan er sú að aðstoðin nær ekki til sakamála en í undantekningartilfellum er þó hægt að leyfa hana, einkum þegar ekki þykir ástæða til að skipa sökunaut sérstakan verjanda.

Áðurnefnt frumvarp til laga um „fri rettshjælp" tekur bæði til endurgjaldslausrar lögfræðiráðgjafar og gjafsóknar og gjafvarnar. Hér á eftir verður aðeins lauslega vikið að því fyrrnefnda. Ríkissjóður greiðir lögfræðiráðgjöfina að öllu leyti eða að hluta. Bæði opinberar lögfræðiskrifstofur og sjálfstætt starfandi lögfræðingar láta lögfræðiráðgjöfina í té. Frumvarpið gerir ráð fyrir að allir sjálfstætt starfandi lögmenn séu skyldaðir til að taka að sér aðstoð samkvæmt lögunum. Þeir geta þó neitað því ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem miklar annir. Fylkismaður ákveður hvort veita skuli endurgjaldslausa ráðgjöf. Lögmaður, hvort sem hann starfar sjálfstætt eða á opinberri lögmannsskrifstofu, getur þó sjálfur ákveðið endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð, enda taki hún ekki meira en 5 klukkustundir og öðrum skilyrðum sé fullnægt. Aðalreglan er sú að einungis einstaklingar eigi rétt á aðstoð en þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi má veita hana félögum og stofnunum. Eins og áður er aðstoðin miðuð við það að umsækjandi fullnægi vissum eigna- og tekjumörkum og að hann hafi þörf fyrir aðstoðina. Viðmiðun er margföldun á grunnupphæðum almannatrygginga.

SVÍÞJÓÐ:

Í Svíþjóð tóku gildi 1. júlí 1973 lög nr. 429 frá 26. maí 1972 (rättshjälpslag). Lögin taka til málareksturs hvort heldur er fyrir dómstól eða stjórnvöldum og einnig til aðstoðar án þess að til sérstaks málareksturs komi.

Gert er ráð fyrir ferns konar lögfræðiaðstoð. Fyrst og fremst er um að ræða svonefnda almenna lögfræðiaðstoð (allmänn rättshjälp). Þessa aðstoð má veita hvort heldur er í sambandi við málssókn eða ekki svo fremi aðrar tegundir aðstoðar komi ekki til. Úrskurðarvald í þessum efnum er í höndum sérstakra nefnda.

Samhliða hinni almennu lögfræðiaðstoð er sérstök aðstoð sem veitt er sökuðum mönnum í opinberum málum. Er tekið fram að þessi aðstoð komi til viðbótar almennum reglum um skipaða verjendur af hálfu hins opinbera. Enn gilda því ekki sömu reglur um lögfræðilega aðstoð í sakamálum og einkamálum.

Í þriðja lagi er um að ræða opinbera aðstoð sem aðeins er veitt í vissum stjórnsýsluefnum sem varða frelsissviptingu og því um líkt, t. d. innlagningu á geðsjúkrahús, brottvísun erlends ríkisborgara úr landi o. s. frv.

Loks er um að ræða lögfræðilega ráðgjöf, er í felast stuttar lögfræðilegar ráðleggingar gegn föstu, lágu gjaldi. Slík ráðgjöf nær til allra þeirra réttarsviða sem lögin taka til.

Þegar um er að ræða aðrar tegundir af aðstoð en hina svonefndu almennu lögfræðiaðstoð eru engar takmarkanir gerðar með tilliti til fjárhags þess sem fer fram á aðstoðina. Vissar undantekningar gilda þó varðandi sakamál. Almennrar lögfræði-

aðstoðar geta notið einstaklingar með árslaun sem ekki eru hærri en áttföld grunnfjárhæð samkvæmt sænsku almannatryggingalögunum. Í samræmi við þetta voru mörkin árið 1975, 68 000.00 s. kr. — Aðalreglan er sú að ekki geti aðrir notið framangreindrar lögfræðiaðstoðar en einstaklingar en þó eru vissar undantekningar gerðar, t. d. í sambandi við dánarbú.

Þeir sem aðstoðar njóta taka sjálfir þátt í útgjöldum þess vegna. Hlutdeild þeirra er reiknuð út samkvæmt töflum um tekjur og framfærslubyrði. Um er að ræða 60.00 s.kr. grunngjald en einnig er hægt að lækka þessa fjárhæð eða gefa hana eftir að fullu.

Sjálfstætt starfandi lögmenn eða lögfræðingar á einhverjum hinna 30 almennu lögfræðiskrifstofa, sem hafa verið stofnaðar í sambandi við lagasetninguna, láta aðstoðina í té. Þessar opinberu lögfræðiskrifstofur hafa enga einokunaraðstöðu; hugsunin er sú að frjáls samkeppni liggi þarna á milli með líkum kjörum. Er álitið að þetta muni m. a. draga úr kostnaði við lögfræðiaðstoðina.

Úrskurðarvald varðandi framkvæmd þessa kerfis er í aðalatriðum hjá 6 nefndum og hafa þær aðsetur í Stokkhólmi, Jönköping, Malmö, Göteborg, Sundsvåll og Umeå. Þessar nefndir ákveða m. a. endurgjald fyrir lögfræðiaðstoð, hafa eftirlit með áðurnefndum skrifstofum og eru málskotsaðili varðandi ýmis önnur atriði. Heildarframkvæmdastjórn lögfræðiaðstoðarinnar er hins vegar í höndum sérstakrar nefndar á vegum dómstólanna (domstolväsenets organisationsnämnd, „DON").

Árið 1974 fór fram rannsókn af hálfu „DON" á því hvernig þetta kerfi hefði virkað í raun. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að kerfið þyrfti gagngerrar endurskoðunar við og var sérfræðinganefnd falið að halda því verki áfram. Fyrst eftir að lögin tóku gildi kom í ljós mikil aukning umsókna um endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð og útgjöld þess vegna hækkuð mjög.

FINNLAND:

Þann 1. september 1973 tóku gildi í Finnlandi lög nr. 88 frá 2. febrúar 1973 (lag om allmänn rättshjälpsverksamhet).

Opinberar skrifstofur, sem eitt eða fleiri sveitarfélög hafa komið á stofn, láta almenna lögfræðiaðstoð í té. Þeir sem hennar njóta greiða sjálfir hluta af útgjöldum við aðstoðina og er þar um að ræða eina upphæð sem er reiknuð út frá fjárhagsgetu þess sem aðstoðar óskar. Heimilt er þó að fella þetta gjald niður.

Venjulega fer þetta þannig fram að maður snýr sér fyrst til viðkomandi félagsmálastofnunar sem eftir atvikum vísar málinu áfram til áðurnefndra skrifstofa sem annast lögfræðiaðstoðina.

Þær 55 lögfræðiskrifstofur sem stofnaðar voru í Finnlandi í lok árs 1974 voru fjármagnaðar á svipaðan hátt og nú er í Noregi. Stuðningur ríkisins getur numið allt frá 50—95% af kostnaðinum, allt eftir fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

Lögfræðingar áðurnefndra skrifstofa hafa starfið að aðalstarfi. Sérstök nefnd stjórnar hverri skrifstofu, en yfirstjórn þessara mála er í höndum dómsmálaráðuneytisins.

Úrskurðarvald um það hvort umsækjandi uppfyllir skilyrði um almenna lögfræðiaðstoð er í höndum einstakra lögfræðinga en sé beiðni hafnað getur umsækjandi skotið máli sínu til áðurnefndrar nefndar.

Auk framangreindrar almennrar lögfræðiaðstoðar er í lögunum heimild til aðstoðar vegna málssóknar, bæði að því er varðar einkamál og opinber mál. Skilyrði aðstoðar eru hin sömu og áður getur. Viðkomandi dómstóll sker úr um það hvort skilyrðunum er fullnægt. Þó er það skilyrði sett að auki að viðkomandi mál hafi sérstaka þýðingu fyrir umsækjanda.

Hin nýju lög um endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð höfðu í för með sér stóraukinn kostnað og var þetta mál tekið fyrir í þinginu árið 1975. Komist var að þeirri niðurstöðu að stærsti útgjaldaliðurinn voru greiðslur til lögfræðinga sem komu fram fyrir hönd skjólstæðinga sinna í dómsmálum. Ráð ríkisstjórnarinnar var

það að reyna að fá greiðslur þessar lækkaðar án þess að draga úr virkni kerfisins um lögfræðiaðstoð en í því sambandi var bent á að þetta gæti dregið úr því að duglegir lögfræðingar tækju að sér lögfræðiaðstoð samkvæmt lögunum.

BRETLAND:

Í apríl 1973 var komið á fót lögfræðiráðgjöf fyrir England, Wales og Skotland. Nú gilda um þetta lög „Legal Aid Act 1974, Part 1, Section 1—5, on Legal Advice and Assistance." Samkvæmt þeim lögum getur efnalítið fólk fengið lögfræðiráðgjöf varðandi ensk og skosk lög ýmist endurgjaldslaust eða gegn lítilvægu endurgjaldi.

Þeir sem lögfræðilegu ráðgjöfina láta í té kallast í Bretlandi „Solicitors". Lögfræðiráðgjöf þessi nær til allra sviða lögfræðinnar, fyrir utan dómstóla, en þá eiga við reglurnar um gjafsókn („Legal Aid").

Lögfræðiráðgjöf þessi getur t. d. náð til munnlegra leiðbeininga, bréfaskrifta, samningar alls konar skjala og löggerninga og aðstoðar við að koma á sátt í deilumáli, sem ekki hefur verið borið undir dómstóla. Samkvæmt þessum reglum hefur lögmaður heimild til þess að veita lögfræðilega ráðgjöf fyrir allt að £ 25.00 virði, enda hafi sá sem lögfræðiráðgjafar beiðist minna en £ 15.00 á viku í ráðstöfunartekjur. Með ráðstöfunartekjum er átt við tekjur eftir að dregin hafa verið frá tekjuskattur, gjöld til almannatrygginga, sjúkra- og atvinnuleysistrygginga. Þá er ennfremur, við mat á ráðstöfunartekjum, litið til fjölskyldustærðar umsækjanda. Ef umsækjandi hefur meira en £ 20.00 í ráðstöfunartekjur á viku þarf hann að greiða hlutdeild í lögmannskostnaði er svarar £ 4.00. Síðan fer hlutdeild þess, er lögfræðiráðgjafar óskar, hækkandi í hlutfalli við ráðstöfunartekjur. Ef ráðstöfunartekjur umsækjanda um lögfræðiráðgjöf fara yfir £ 42.00 á viku eða sparifé hans nemur meiru heldur en £ 300.00, á viðkomandi ekki rétt til ókeypis lögfræðiráðgjafar.

Lögmaður sá, er lögfræðiráðgjöf veitir, reiknar sjálfur út, á sérstöku eyðublaði, „ráðstöfunartekjur" umsækjanda. Eigi umsækjandi rétt á ráðgjöf gegn því að greiða sjálfur hluta af kostnaði, ber honum að inna þann kostnað af hendi til lögmannsins strax. Lögmaður sendir síðan lokareikning til „The LAW Society" (Félagsskapur „Solicitors"), er annast greiðslu og fer með yfirstjórn þessara mála.

Lögfræðiráðgjöf þessi er veitt bæði af sjálfstætt starfandi lögmönnum og einnig lögfræðingum sem ráðnir eru til starfa á tilteknum lagamiðstöðvum („LAW Centers").

Starfsemi þessi er fjármögnuð að hluta með framlögum úr ríkissjóði, eins og þau eru ákveðin árlega af breska þinginu, að hluta með framlögum þeirra, sem hljóta gjafsókn og lögfræðilega aðstoð gegn einhverju gjaldi, og að hluta með málskostnaði eða skaðabótum sem gagnaðili þess, sem aðstoðar nýtur, er dæmdur til þess að greiða, ef hann tapar máli. Lögmannafélagið „The LAW Society" bera ábyrgð á ávöxtun og viðgangi þessa sjóðs.

Talið er að um helmingur af íbúum Bretlands eigi rétt á lögfræðilegri ráðgjöf, þar eð tekjur þeirra fari ekki fram úr hinu tilskilda lágmarki.

Könnun, sem fram hefur farið í Englandi og Wales, bendir til þess, að um það bil 59% þeirra, er lögfræðiráðgjafar leita, geri það vegna hjúskaparmála.

Á árinu 1975 voru í Englandi og Wales veitt 207 977 gjafsóknarleyfi, og samtals 254 558 lögmannsreikningar voru greiddir vegna lögfræðilegrar ráðgjafar. Samanlagður kostnaður til gjafsóknarmála og lögfræðilegrar ráðgjafar nam þetta ár £ 40 085 000.00.

SVISS:

Í Genf er starfrækt lögfræðiskrifstofa á vegum Lögmannafélags Sviss, er lætur í té lögfræðiráðgjöf. Markmið þessarar starfsemi er:

1. Að veita munnlega lögfræðilega ráðgjöf.
2. Að útvega umsækjanda lögmannsaðstoð, ef þess gerist þörf.

3. Hjálpa fólki til þess að sækja um gjafsóknarleyfi ef það fullnægir skilyrðum til þess.
4. Vísa umsækjendum á hinar réttu stjórnarskrifstofur og félagsmálastofnanir.
5. Hafa samvinnu við félagsmálastofnanir í kantónunum, einkum hinar lögfræðilegu deildir þeirra.
6. Að koma upp lögfræðilegum leiðbeiningarstöðvum utan stórborga.

Skrifstofu þessari er stjórnað af lögfræðingi með aðstoð ritara, sem er einnig lögfræðingur að mennt. Skrifstofa þessi er opin frá 8.30 að morgni til 9.00 að kvöldi frá mánudegi til föstudags og einnig fyrir hádegi á laugardögum. Meðlimir í Lögmannafélagi Sviss veita hina lögfræðilegu ráðgjöf samkvæmt ákveðnum reglum. Ráðgjafarþjónusta þessi fer aðallega fram frá hádegi til kl. 14.00, á kvöldin, og á laugardögum.

Stjórnandi stofnunarinnar ræðir við umsækjendur um lögfræðilega ráðgjöf. Geti hann ekki leyst úr vandamálum þeirra á staðnum, þá sér hann um að koma á sambandi milli umsækjenda og einhvers af þeim lögmönnum, er þátt taka í ráðgjafarstarfsemi þessari. Ennfremur sér stjórnandinn um það að umsækjendum sé sanngjarnlega dreift á þá lögmenn, sem þátt taka í starfseminni, hann tekur við reikningum frá lögmönnum og greiðir þá, annast bókhald skrifstofunnar og sér um innheimtu á gjöldum. Þá á stjórnandi skrifstofunnar að hafa gott samband við félagsmálastofnanir, einkum lögfræðingadeildir þeirra.

Ritari skrifstofunnar annast skrifstofuhaldið, leysir stjórnandann af í fjarveru hans og hefur tengsl við félagsráðgjafa.

Lögmenn þeir er þátt taka í starfsemi þessari eiga að vinna í nánum tengslum við forstöðumann stofnunarinnar og senda honum skýrslu um þau ráðgjafarstörf, er þeir inna af hendi á vegum stofnunarinnar.

Forstöðumaður skrifstofunnar og þeir lögmenn, sem veita lögfræðilega ráðgjöf á skrifstofunni, bera skaðabótaábyrgð á störfum sínum. Hins vegar kaupir lögmannafélagið tryggingu gegn þessari faglegu ábyrgð. Lögmenn er veita lögfræðiráðgjöf utan skrifstofunnar eru skaðabótaskyldir um þá ráðgjöf.

Fimm manna nefnd, sem skipuð er af stjórn lögmannafélagsins, hefur yfirumsjón með starfsemi skrifstofunnar.

Sá sem leitar lögfræðiaðstoðar skal sjálfur greiða 25.00 svissn. franka fyrir þjónustuna. Forstöðumanni stofnunarinnar, eða þeim lögmanni er ráðgjöf veitir, er heimilt að falla frá kröfu til þóknunar, þegar ráðgjöf er veitt á skrifstofu stofnunarinnar.

Þegar ráðgjöf fer fram utan skrifstofu stofnunarinnar, er henni heimilt að lækka venjulega lögmannsþóknun um allt að 50%, eftir atvikum hverju sinni. Fer þetta eftir árlegum tekjum umsækjenda og miðast við að einhleypingur hafi lægri árstekjur en 18 000.00 svissn. franka, en hjón samanlagt lægri árstekjur en 25 000.00 svissn. franka. Lágmarkstekjur þessar hækka um 3 500.00 svissn. franka fyrir hvert barn innan við 10 ára, sem umsækjandi hefur á sínu framfæri, en um 4 500.00 svissn. franka fyrir hvert barn, sem eldra er, allt að 18 ára. Sanna ber tekjur með framlagningu skattframtals.

Heimilt er að hækka þóknun ef það er réttlætanlegt með tilliti til þeirrar fjárhæðar, sem innheimt er fyrir skjólstæðing.

Langalgengasti málaflokkurinn, sem leitað er ráðgjafar um, fjallar um fjölskyldu- og hjúskaparmálefni. Einnig er algengt að leitað sé ráða varðandi samninga um afborgunarkaup, erfðamálefni, tryggingarmál, bæði á sviði einkatrygginga og almannatrygginga, svo og húsnæðismál.

IV.

Sem fyrr segir eru ekki til neinar réttarreglur hér á landi um það sem nefnt hefur verið „lögfræðiaðstoð“ (sjá síðar). Frv. það sem nú er lagt fyrir Alþingi er því frumsmíð.

Þegar skipa á réttarreglum um „lögfræðiaðstoð“ sem kostuð skal af því opinbera sýnast einkum þrjár leiðir koma til greina:

1. Þjónusta af þessu tagi verði í höndum starfandi lögmanna, en kostuð að mestu af því opinbera.
2. Þjónustan verði í höndum sérstakra stofnana í eigu hins opinbera.
3. Þjónustan verði í höndum stofnana í eigu einkaaðila er njóti opinberra styrkja.

Með frv. er lagt til að sú fyrsta af þessum þremur leiðum verði farin. Sú niðurstaða er í samræmi við skipan þessara mála í Danmörku og Noregi, en við samningu frv. hefur einkum verið höfð hliðsjón af réttarreglum um þetta efni í þessum tveimur löndum.

Engin reynsla er fengin hérlendis af fyrirkomulagi sem þessu. Af þeim sökum er lagt til að frumvarpið verði sem styst og einfaldast að allri gerð. Jafnframt er gert ráð fyrir því að nokkrum mikilvægum efnisatriðum, svo sem tekjumörkum (sjá síðar) og fastri þóknun til lögmanna, verði skipað með reglugerð til þess að auðvelda breytingar ef ástæða þykir til.

Loks má geta þess að meirihluti starfshóps þess, sem samdi frv., lagði það til í skilagrein sinni til ráðherra, að ríkið veiti styrki til miðlunar lögfræðilegra upplýsinga á vegum Orators, félags laganema, að ákveðnum skilyrðum fullnægðum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hugtakið „lögfræðiaðstoð“ hefur ekki fastákveðna merkingu í íslenskum rétti. Í frv. er þetta hugtak hins vegar notað í ákveðinni merkingu sem afmörkuð er í þessari gr.

Lögfræðiaðstoð skv. frv. felst einvörðungu í „nauðsynlegri ráðgjöf og bréfaskiptum“ vegna tiltekinna lögfræðilegra álitaefna. Gerð samninga eða annarra löggerninga telst þar af leiðandi ekki lögfræðiaðstoð í skilningi frv., sbr. þó 2. gr. Sama á að sjálfsögðu við höfðun og rekstur dómsmáls. Í 2. mgr. segir þó að það að semja umsókn um gjafsókn eða gjafvörn teljist lögfræðiaðstoð skv. frv.

Frv. tekur sem fyrr segir aðeins til aðstoðar vegna tiltekinna lögfræðilegra álitaefna sem tæmandi eru talin í 1.—7. tl.:

Um 1.—3. tl.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. tl.

Hér er átt við vinnusamninga í víðustu merkingu þess orðs án tillits til forms á ráðningu eða ráðningartíma.

Um 5. tl.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. tl.

Það athugast að t. d. kaupmaður sem selur hlut á ekki rétt á lögfræðiaðstoð skv. frv., en hins vegar sá sem skiptir við hann enda séu viðskiptin heldur ekki liður í atvinnurekstri hins síðarnefnda.

Um 7. tl.

Með þessu orðalagi er t. d. átt við það hvort lögreglumenn eða aðrir þeir sem fara með opinbert vald hafi gerst offari í starfi.

Markmið lagasetningar um lögfræðiaðstoð hlýtur, eins og fyrr hefur komið fram, að vera það að veita einstaklingum aðstoð við að leysa þau vandamál er snerta persónulega hagi þeirra. Óhjákvæmilegt þykir því að einskorða lögfræðiaðstoð skv. frv. við þá málaflokka sem að framan eru taldir. Fleiri málaflokkar er snerta daglegt líf almennings ættu e. t. v. hér heima, t. d. viðhald og viðgerðir á íbúðarhúsnæði eða lausafé, svo sem bifreiðum og heimilistækjum. Ekkert er því í sjálfu sér til fyrirstöðu að bæta þessum síðasttalda málaflokki við, en vegna

þess kostnaðar sem ætla má að það hefði í för með sér var það ekki gert við samningu þessa frv.

Segja má að þeir sem frv. sömdu hafi verið sammála um það að fara ekki of geist af stað. Æskilegra sé að setja lögfræðiaðstoð skv. frv. fremur skýrar, en þröngar skorður sem síðar væri hægt að rýmka ef ástæða þætti til. Með því móti sé síður hætta á því, að hið nýja fyrirkomulag kollsigli, annaðhvort vegna óheyrilegs kostnaðar eða stóraukinnar skriffinnsku.

Um 2. gr.

Í þessari gr. er að finna undantekningu frá ákvæðum 1. gr. Dómsmálaráðuneytið getur ákveðið að aðstoð sem þar er tiltekin skuli veitt (og þar með kostuð af ríkinu) umfram það sem þar segir. Skilyrði þessa er að líklegt sé að leyst verði úr ágreiningi án þess að dómsmál sé höfðað.

Það hlýtur ætíð að vera keppikefli, jafnt hins opinbera sem þeirra aðila er hlut eiga að máli, að koma í veg fyrir málaferli, bæði vegna þess kostnaðar og ekki síður þess umróts sem af þeim hlýst. Markmið þessa undantekningarákvæðis er því fyrst og fremst það að létta álagi af dómstólum landsins.

Um 3. gr.

Lagt er til að allir einstaklingar sem eru íslenskir ríkisborgarar eða hafa lögheimili hér á landi eigi rétt til aðstoðar skv. frv., enda nái tekjur þeirra ekki þeim mörkum er ákveðin séu í reglugerð. Í drögum að reglugerð sem fylgja þessari grg. er gert ráð fyrir því að tekjumörk þessi svari til sexfaldrar tekjutryggingar skv. lögum um almannatryggingar, eins og hún er ákveðin á hverjum tíma. Miða skuli við vergar tekjur til skatts (helming af sameiginlegum tekjum hjóna eða sambýlisfólks), að frádregnum barnalífeyri skv. lögum um almannatryggingar fyrir hvert barn er einstaklingur kunni að hafa á framfæri sínu.

Þetta hefði í för með sér að á að giska 4/5 hlutar einstaklinga og liðlega helmingur þeirra sem eru í hjúskap eða búa í óvígðri sambúð ættu rétt til aðstoðar skv. frv. (Rétt er að hafa í huga að þeir einstaklingar sem hvorki eru í hjúskap né búa í óvígðri sambúð eru margir hverjir ungir að árum og við nám þannig að ekki er um sambærilega hópa að ræða.) Sé tekið einfalt dæmi, þá nam tekjutrygging á árinu 1977 294 558 kr. Sexföld tekjutrygging á því ári nam þar af leiðandi 1 767 348 kr. Barnalífeyrir á árinu 1977 nam 168 378 kr. Dagvinnutekjur ófaglærðs verkamanns námu á árinu 1977 1 307 000 kr., en heildartekjur (að tekjum maka meðtöldum) að meðaltali 3 435 000 kr.[1] Sé tillit tekið til hjúskapar eða óvígðrar sambúðar og barnafjölda er ljóst að ófaglærðir verkamenn eiga yfirleitt rétt til aðstoðar skv. fyrrgreindum reglugerðardrögum. Reynist þau tekjumörk sem þar er gert ráð fyrir of lág eða of há er hægur vandi að breyta þeim án lagabreytingar.

1) Nýrri tölfræðilegar upplýsingar liggja ekki fyrir.

Um 4. gr.

Talið er að héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum sé skylt að taka að sér flutning gjafsóknar- og gjafvarnarmála að íslenskum lögum. Lagt er til að þeim verði skylt að láta í té aðstoð skv. frv.

Í 2. mgr. er að finna undantekningar frá þessari meginreglu. Þar er m. a. sleginn sá varnagli að lögmenn geti synjað um aðstoð ef starfsannir þeirra banni.

Rísi ágreiningur um skyldu lögmanna til að láta í té lögfræðiaðstoð sker dómsmálaráðuneytið úr, sbr. 8. gr. frv.

Um 5. gr.

Á sumum stöðum á landsbyggðinni er ekki kostur á þjónustu starfandi lögmanna. Þess vegna er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðuneytið geti heimilað öðrum lögfræðingum að láta í té aðstoð skv. frv.

Um 6. gr.

Lagt er til að fyrir veitta aðstoð skv. 1. gr. frv. greiðist jafnan föst þóknun sem ákveðin sé í reglugerð. Veitt aðstoð skv. 2. gr. getur aftur á móti verið misjafnlega umfangsmikil og þar af leiðandi þykir rétt að hún sé ákveðin eftir málsatvikum hverju sinni.

Þá er lagt til að skjólstæðingur greiði ¼ hluta þóknunar, en ríkissjóður ¾. Þetta er fyrst og fremst gert til þess að koma í veg fyrir það að þjónusta sú sem tryggð er með frv. verði misnotuð.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Frv. er þannig úr garði gert að tiltölulega sjaldan þurfi að leysa formlega úr ágreiningi. Þó getur komið til þess að dómsmálaráðuneytið þurfi að skera úr ágreiningi skv. frv. Í 2. mgr. segir að úrskurði ráðuneytisins megi bera undir dómstóla. Það er einungis gert til þess að taka af allan vafa, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Drög að reglugerð um lögfræðiaðstoð.

1. gr.

Dómsmálaráðherra sker úr því hvort lögfræðiaðstoð sem veitt hefur verið falli undir ákvæði laga nr. /

Sækja þarf um það til ráðuneytisins, sbr. 4. gr., að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við lögfræðiaðstoð.

2. gr.

Þeir einstaklingar einir hafa rétt til aðstoðar skv. lögum nr. / , er hafa lægri tekjur en svara til sexfaldrar tekjutryggingar, skv. lögum um almannatryggingar, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar eða hafi lögheimili hér á landi, sbr. þó 3. mgr.

Miða skal við vergar tekjur til skatts næsta almanaksár á undan veittri aðstoð. Sé umsækjandi í hjúskap skal miða við helming af skattskyldum tekjum beggja hjóna. Sama á við, búi umsækjandi í óvígðri sambúð, sbr. viðeigandi ákvæði í lögum um almannatryggingar.

Hafi umsækjandi börn á framfæri sínu skal draga frá tekjum skv. 2. mgr. fjárhæð fyrir hvert barn, er nemur barnalífeyri, skv. lögum um almannatryggingar, eins og hann er næsta ár á undan veittri aðstoð.

Viðmiðunarfjárhæð skv. 1. mgr. skal reikna þannig út að árleg tekjutrygging næsta árs á undan veittri aðstoð skal margfölduð með 6.

3. gr.

Fyrir veitta aðstoð skv. 1. gr. laga nr. / greiðir ríkissjóður ¾ þeirrar þóknunar, sem lögmanni ber fyrir lögfræðilegar leiðbeiningar og munnlegar álitsgerðir, skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Fyrir veitta aðstoð skv. 2. gr. laga nr. / greiðir ríkissjóður ¾ þóknunar, sem dómsmálaráðuneytið ákveður eftir málsatvikum hverju sinni.

Skjólstæðingur greiðir jafnan ¼ þóknunar.

4. gr.

Umsókn skv. 1. gr. 2. mgr. skal berast dómsmálaráðuneytinu á sérstöku eyðublaði, sem ráðuneytið lætur gera. Skal hún undirrituð af þeim sem aðstoðar beiðist og þeim sem aðstoð veitir.

Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja umsókn:

1. Nafn, heimili, staða og nafnnúmer umsækjanda.
2. Nafn og nafnnúmer maka/sambýliskonu eða sambýlismanns.
3. Fjöldi barna á framfæri umsækjanda.
4. Skattskyldar tekjur umsækjanda og maka/sambýliskonu eða sambýlismanns á því ári, sem greint er í 2. gr. 2. mgr. ásamt vottorði skattyfirvalda eða annarri fullnægjandi sönnun um tekjufjárhæð.
5. Tilefni aðstoðar og í hverju hún felst.
6. Aðrar skýringar, ef nauðsynlegar þykja, þ. á m. rökstuðningur fyrir beiðni um aðstoð skv. 2. gr. laga nr. /

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. / um lögfræðiaðstoð.

Nd. 41. Frumvarp til laga [41. mál]

um Skattadóm og rannsókn skattsvikamála.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Setja skal á stofn sérstakan sakadóm fyrir landið allt og nefnist hann Skattadómur.

Aðsetur dómsins skal vera í Reykjavík eða næsta nágrenni.

2. gr.

Hlutverk Skattadóms er að rannsaka fyrir dómi og dæma í málum sem höfðuð eru af ríkissaksóknara til refsingar vegna brota á skattalögum og brota, sem tengjast skattsvikum, svo sem brotum gegn bókhaldslögum og gjaldeyrislögum.

Leiki vafi á hvort aðalþáttur brots teljist skattsvik eða annars konar brot ákveður ríkissaksóknari hvort mál skuli höfða fyrir Skattadómi eða öðrum dómstólum.

3. gr.

Dómsmálaráðherra skipar sakadómara í skattamálum — skattadómara — og skal hann fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti og hafa aflað sér sérþekkingar á sviði skatta- og bókhaldsmála.

Skattadómarinn nýtur réttinda og ber skyldur sem aðrir héraðsdómarar.

Skattadómari getur háð dómþing hvar sem er á landinu.

4. gr.

Við Skattadóm er heimilt að ráða dómarafulltrúa, ef þörf krefur að mati dómsmálaráðherra. Dómarafulltrúar skulu fullnægja skilyrðum 33. gr., sbr. 6. tl. 32. gr., laga nr. 85/1936. Dómsmálaráðherra ræður og Skattadómi annað starfsfólk eftir því sem þörf þykir á.

5. gr.

Um meðferð mála fyrir Skattadómi og lögregluransókn skal fara eftir ákvæðum laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála eftir því sem við á, þ. á m. um meðdómendur.

6. gr.

Hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins skal setja á stofn sérstaka deild, er annist hvarvetna á landinu rannsókn á brotum þeim, sem getið er í 2. gr. laga þessara. Fela skal forstöðu deildarinnar sérstökum deildarstjóra, sem lokið hefur lögfræðiprófi og aflað sér sérþekkingar á sviði skatta- og bókhaldsmála. Rannsóknarlögreglustjóra ríkisins er heimilt að fela deild þessari rannsókn annarra mála á skyldum sviðum eftir því sem aðstæður leyfa.

7. gr.

Heimilt er að hafa uppi skattakröfu á hendur ákærða fyrir Skattadómi. Um meðferð slíkrar kröfu skal fara eftir ákvæðum 17. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála eftir því sem við á.

Heimilt er að gefa út ákæru vegna brota á skattalöggjöf, þótt ekki liggi fyrir endanleg ákvörðun skattakröfu.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dómsmálaráðuneytinu. Með frumvarpinu er ætlunin að ná þeim markmiðum, að gera alla meðferð skattsvikamála fljótvirkari og skilvirkari, svo og að kveða skýrt á um það hver fara skuli með rannsókn slíkra mála.

Sú leið hefur verið valin að láta óbreytt standa það hlutverk skattrannsóknarstjóra að annast almennt skatteftirlit og rannsókn á skattkröfuþætti mála. Komið verði hins vegar á sérstakri deild hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem annist rannsókn skattsvika og brota, sem þeim tengjast. Embætti ríkissaksóknara fari sem áður með ákæruvald í slíkum málum. Setja skal á stofn sérstakan sakadóm í skattamálum — skattadóm —, sem dæmi í þeim refsimálum, sem ríkissaksóknari höfðar vegna brota á skattalögum og brota, sem þeim tengjast, svo sem brotum gegn bókhaldslögum og lögum um meðferð erlends gjaldeyris. Umdæmi skattadóms skal vera allt landið samkvæmt frumvarpinu.

Ætla má að langflestar kærur til Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna skattsvika muni berast frá skattrannsóknarstjóra. Opinber rannsókn á að geta hafist þegar er kæra berst á vegum þeirrar deildar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem lagt er til að stofnuð verði. Gert er ráð fyrir að þá rannsókn annist starfsmenn, sem tileinkað hafa sér næga sérþekkingu á sviði skattamála til að unnt verði að ljúka rannsókn bæði hratt og skipulega og leggja hana fyrir ríkissaksóknara. Ekki þykir ástæða til að fela sérstökum aðila ákæruvald í þessum málaflokki, enda hlýtur venjuleg starfsskipting hjá embætti ríkissaksóknara að vera sú, að sami starfsmaður fjalli um langan tíma um þennan málaflokk og afli sér þekkingar og reynslu á þessu sviði. Dómsmeðferð verði síðan hjá sérstökum dómstól, skattadómi, sem eingöngu fjalli um skattsvikamál.

Hin nýju ákvæði ættu að stytta tímann, sem meðferð slíkra mála tekur, og tryggja betri og samræmdari meðferð þeirra, bæði á rannsóknar- og dómstigi. Jafnframt er tryggt, að réttaröryggi sé í engu skert, frá því sem það er á öðrum réttarsviðum.

Hugmyndum um að hafa alla rannsókn og dómsmeðferð skattsvikamála á einni hendi var hafnað, m. a. vegna þess að sú leið þótti ganga gegn þeirri þróun að aðskilja rannsóknarvald og dómsvald. Ennfremur var hafnað þeirri leið að fela skattrannsóknarstjóra rannsókn á refsiþætti skattamála, m. a. vegna þess að talið var, að það gæti leitt til minnkandi almenns skatteftirlits embættisins, ef því væri einnig falið að annast sakamálarannsókn, auk þess sem talið var að það gæti leitt til óeðlilegrar tvískiptingar í starfsemi embættisins.

Meðal ókosta sérstaks sakadóms á sviði skattamála má telja, að valdmörk geti orðið óskýr, ef sami maður er grunaður um mörg mismunandi brot, bæði skyld og óskyld skattsvikabrotum. Reynt er að ráða bót á þessu með því að fela skattadómi dómsmeðferð þeirra brota, sem telja má afleidd, svo sem skjalafals, brot gegn bókhaldslögum og gjaldeyrislögum. Aðaláherslan er lögð á skattalagabrotið, enda geta viðurlög við broti gegn lögum nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt varðað allt að 6 ára fangelsi samkvæmt 107. gr. laganna. Telji ríkissaksóknari aðalþátt brotastarfsemi vera annan en skattalagabrot, getur hann höfðað mál fyrir hinum almennu sakadómum.

Óhjákvæmilegt er að leggja sem allra fyrst fram frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt til samræmingar við ákvæði þessa frumvarps.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að hinn nýi dómstóll nefnist Skattadómur og lögsaga hans nái til alls landsins. Ekki er talið rétt að binda aðsetur hans við Reykjavík, heldur Reykjavík og næsta nágrenni og þá haft í huga að hentugt getur þótt að aðsetur hans verði í einhverju nágrannasveitarfélaganna.

Um 2. gr.

Ákvæðum laga þessara er ætlað að ná til brota gegn hvers konar skattalagaákvæðum, en ekki einungis brota gegn tekjuskattslögum og lögum um aðra skatta og gjöld, sem á eru lögð af skattstjórum, sbr. 102. gr. laga nr. 40/1978. Ennfremur til þeirra brota, sem telja má fylgifiska skattsvika og eru nefnd sérstaklega dæmi um bókhaldsbrot og gjaldeyrisbrot, en skattsvikum geta tengst ýmis önnur brot, svo sem skjalafals. Lagt er til að ríkissaksóknari ákveði, hvort mál skuli leggja fyrir skattadóm og hafi hann þá til viðmiðunar hvern telja megi aðalþátt brotastarfsemi, skattsvik eða annars konar brot.

Um 3. gr.

Lagt er til, að skattadómari uppfylli þau skilyrði til skipunar í embætti auk almennra dómaraskilyrða, að hann hafi aflað sér sérþekkingar á sviði skatta- og bókhaldsmála. Ekki er krafist prófgráðu til staðfestingar á þeirri sérþekkingu, heldur lagt á vald ráðherra að meta, hvort skilyrðin teljast uppfyllt. Um réttindi og skyldur skattadómara skal fara eftir sömu reglum og gilda um aðra héraðsdómara, þ. á m. um kaup og kjör. Þá er lagt til að heyja megi dómþing hvar sem er á landinu og verður það hlutverk dómara að meta hvar hagkvæmast sé að þinga hverju sinni, eftir að hafa metið allar aðstæður, þ. á m. kostnaðarþáttinn.

Um 4. gr.

Enda þótt ætla megi, að skattadómari geti einn annast meðferð allra þeirra mála, sem skattadómi berast, eins og lögum er nú háttað, þykir rétt að hafa í lögunum heimild til að ráða að dómstólnum löglærða fulltrúa, ef reynslan leiðir í ljós þörf á slíkri aðstoð. Í upphafi yrði sennilega ekki annað fastráðið starfsfólk en e. t. v. ritari. Leita mætti samstarfs við önnur embætti um dómvörslu, boðanir og þess háttar.

Um 5. gr.

Samkvæmt frumvarpi þessu yrði leið skattsvikamála sama og annarra opinberra mála, en það tryggt að hún verði greiðfær, bæði á rannsóknarstigi og dómstigi. Sömu réttarfarsreglur gilda um meðferð málanna að öðru leyti en því, sem leiðir af stofnun sérstaks dómstóls og sérstakrar deildar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Þykir réttaröryggi best borgið með þessum hætti.

Um 6. gr.

Hér er lagt til, að sérstök ný deild verði stofnuð við Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem annist rannsókn þeirra mála, sem lögð eru til skattadóms. Með stofnun slíkrar deildar er talið að fáist aukin sérhæfing í rannsókn skattamála og skyldra mála og þar með greiðari meðferð. Lagt er til að deildarstjóri hafi aflað sér sérþekkingar á rannsóknarsviði deildarinnar. Af hagkvæmnisástæðum þykir rétt að heimila rannsóknarlögreglustjóra ríkisins að fela deildinni rannsókn annarra mála, en lögð áhersla á, að það skuli því aðeins gert að aðstæður leyfi og málin séu á skyldum sviðum. Með því nýtist bæði mannafli deildarinnar og sérhæfing starfsmanna.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir því að sá aðili sem leggur á skatta eða önnur opinber gjöld geti komið að skattakröfu á hendur ákærða í máli, sem rekið er fyrir skattadómi, á sama hátt og tjónþoli getur komið að bótakröfu í opinberu máli. Ákvæði 2. málsgr. er ætlað að flýta fyrir meðferð skattsvikamála og til að leggja áherslu á að ágreiningsmál um fjárhæð skattkröfu eigi ekki að tefja meðferð skattsvikamála.

Um 8. gr.

Rétt þykir að leggja til, að lögin taki þegar gildi. Lög nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt tóku gildi 1. janúar 1979 og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1980 vegna tekna á árinu 1979 og eigna í lok þess árs. Nauðsynlegt þykir að þegar í upphafi framkvæmdaákvæða hinna nýju laga sé allt aðhald gert virkara, en þess er að vænta, að það eitt að sett eru sérstök lög um meðferð refsiþáttar skattamála, bæði á rannsóknar- og dómstigi, samfara nýjum skattalögum, verði til þess að skráning tekna og eigna á skattframtölum verði réttari en ástæða er til að ætla að verið hafi.

Nd. 42. Frumvarp til laga [42. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

Þar til fjárlög fyrir árið 1980 taka gildi er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1979, að teknu tilliti til almennrar verðlagsþróunar, öll venjuleg rekstrargjöld og önnur gjöld er talist geta til venjulegra fastra greiðslna ríkisins þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn. Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur til að standa við þegar gerða samninga vegna fjárfestinga ríkisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt á árinu 1980 að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins.

3. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að 12 000 millj. kr. á árinu 1980 og verja andvirði þess í samráði við fjárveitinganefnd til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurlána til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar sem augljóst er að ekki verður unnt að afgreiða fjárlög fyrir árið 1980 fyrir næstu áramót ber brýna nauðsyn til að veita ríkisstjórninni þær heimildir, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, þannig að ekki komi til greiðslustöðvunar hjá ríkissjóði þegar hinn 1. janúar n. k. Ef til slíkrar greiðslustöðvunar kæmi næði hún m. a. til allra samningsbundinna greiðslna ríkissjóðs, þ. á m. launa, auk allra venjulegra rekstrargjalda og annarra gjalda sem talist geta venjulegar fastar greiðslur ríkissjóðs. Af þessum sökum er frumvarp þetta lagt fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Eðlilegt þykir að miða gildistíð þeirra heimilda, sem um getur í þessari grein, við samþykkt fjárlaga 1980 en ekki ákveðinn dag þar sem afgreiðsla þeirra kann að dragast eitthvað fram eftir árinu 1980. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta er sama efnis og liður LXVI í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1979 og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 3. gr.

Heimildar til lántöku er leitað til þess að halda megi áfram þeim verkefnum sem þegar eru hafin. Lang veigamest verkefni eru á sviði orkumála. Afla verður fjár til áframhaldandi framkvæmda við Vesturlínu en sú framkvæmd nálgast nú lokastig. Hliðstæðu máli gegnir um ýmsar framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins. Gjaldfallinn fjármagnskostnaður við byggðalínur er umtalsverður á fyrri hluta ársins 1980 og því nauðsynlegt að fjár verði aflað til að inna þær greiðslur af hendi.

Í lögum um heimild til lántöku fyrir árið 1979 fengu nokkrar stærstu hitaveitur landsins heimild til erlendrar lántöku til framkvæmda. Eigi þessar framkvæmdir að ganga með eðlilegum hætti á árinu 1980 er óhjákvæmilegt að afla nokkurs erlends lánsfjár. Í þessu frumvarpi er að því stefnt að fjármálaráðherra í samráði við fjárveitinganefnd endurláni erlent lánsfé til þeirra hitaveitufram-kvæmda sem þegar eru hafnar.

Samkvæmt fyrirliggjandi frumdrögum að lánsfjáráætlun vegna opinberra framkvæmda á vegum A- og B-hluta stofnana og sveitarfélaga má ætla að erlendar lántökur þeirra vegna þurfi að nema um 23 milljörðum króna á árinu 1980. Þessi fjárhæð er þó auðvitað enn óráðin. Hér er því óskað heimildar sem er um helmingur þessarar fjárhæðar. Þessi heimild kemur síðan vitaskuld til frádráttar — eða verður felld inn í nýjar heimildir — þegar lánsfjárlög fyrir árið 1980 skv. lögum nr. 13/1979 verða samþykkt.

Þess má og geta að lánskjör ráðast nokkuð af lánsfjárhæð og verða há lán yfirleitt hagkvæmari mörgum smáum lánum.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 43. Nefndarálit [2. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda viðskiptasamning EFTA-landanna og Spánar.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundi sínum í dag og mæla nefndarmenn einróma með samþykkt þess. Á fundinum voru einnig mættir Hörður Helgason ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis og Jón Ögmundur Þormóðsson fulltrúi viðskiptaráðuneytis og veittu þeir nefndinni nánari upplýsingar um málið.

Alþingi, 18. des. 1979.

Geir Hallgrímsson, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Ey. Kon. Jónsson.
Ragnar Arnalds. Árni Gunnarsson. Steingrímur Hermannsson.
Albert Guðmundsson.

Sþ. 44. Fyrirspurnir. [43. mál]

I. Til samgönguráðherra um happdrættislán vegna Norðurvegar og Austurvegar.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

Hvað líður framkvæmd laga frá 14. maí 1979 um happdrættislán vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg?

II. Til iðnaðarráðherra um framkvæmd þingsályktunar um rannsókn landgrunns Íslands.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að framfylgja ályktun Alþingis frá 22. desember 1978 um rannsókn landgrunns Íslands?
2. Hvaða íslenskir sérfræðingar hafa verið ráðnir og hvað hafa þeir gert?
3. Hvaða erlendir sérfræðingar hafa verið ráðnir og hvað hafa þeir gert?
4. Telur ríkisstjórnin nægilega unnið að öflun upplýsinga um landgrunn Íslands og afstöðu til landgrunns nálægra ríkja til að íslenskra hagsmuna verði gætt til hins ítrasta á Hafréttarráðstefnunni eða í samningum við önnur ríki?

III. Til félagsmálaráðherra, hvers vegna Hafísnefnd var leyst frá störfum.

Frá Stefáni Valgeirssyni og Stefáni Jónssyni.

1. Hvaða ástæður lágu til þess, að ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að leysa Hafísnefnd frá störfum (með bréfi dagsettu 10. desember s. l.) áður en hún var búin að skila af sér því verkefni sem henni var falið að inna af hendi?
2. Hefur ríkisstjórnin falið öðrum að ljúka þeim störfum, sem Hafísnefnd hafði ekki leyst af hendi?

IV. Til sjávarútvegsráðherra um kaup á togurum og um togarasölur erlendis.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Hvaða aðilar hafa keypt togara frá 1. september 1978 og til þessa dags:
   a. nýja,
   b. notaða,
   c. hvaðan var hver þeirra keyptur?

2. Hvað hafa margir togarar selt afla sinn erlendis á sama tíma?
   a. Hvað heita þessir togarar og hvaðan er hver þeirra gerður út?
   b. Hvað hefur hver þeirra farið margar söluferðir á umræddum tíma?
   c. Hvert var heildaraflamagn þessara togara, er þeir seldu erlendis á þessu tímabili?
   d. Hvert var heildarverð, sem fékkst fyrir þennan afla?
   e. Hvað hefði fengist fyrir þennan afla í gjaldeyri, ef hann hefði verið unninn í fiskvinnsluhúsum okkar og engar togarasölur átt sér stað erlendis á þessum tíma?

Ed. 45. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til meðferðar og mælir með að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. des. 1979.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.
Stefán Jónsson, fundaskr., með fyrirvara.
Davíð Aðalsteinsson.
Stefán Guðmundsson.
Egill Jónsson.
Karl Steinar Guðnason.
Gunnar Thoroddsen, með fyrirvara.

Nd. **46. Frumvarp til laga** [44. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978 um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

---

1. gr.

Við 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo:
Við skráningu skal afhentur félagssamningur þar sem getið sé eignaraðildar, innborgaðs stofnfjár svo og hvernig félagsslitum skuli háttað. Senda skal skattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félaga.

2. gr.

a) 1. málsliður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:
Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru, svo sem:
b) Í stað orðanna „nefndarlaun, stjórnarlaun og eftirlaun“ í 2. málslið 1. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. laganna komi orðin „nefndarlaun og stjórnarlaun“.
c) Við 1. málslið 2. tl. A-liðs 7. gr. laganna bætist orðið „eftirlaun“ á eftir orðinu „lífeyrir“.
d) 3. málsliður 2. tl. A-liðs 7. gr. laganna orðist svo:
Þó skal hvorki teljast til tekna barnalífeyrir sem greiddur er skv. 14. gr. og 35. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum, vegna barns ef annað hvort foreldra er látið eða barn er ófeðrað, né heldur barnsmeðlag að því leyti sem það takmarkast af fjárhæð barnalífeyris skv. 14. gr. sömu laga.
e) B-liður 7. gr. laganna orðist svo:
Allar tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, þar með talið endurgjald fyrir selda vöru og þjónustu, umboðslaun, þóknanir, atvinnurekstrarstyrkir, rekstrarstöðvunarbætur og hvers konar tekjur sem upp eru taldar í öðrum liðum þessarar greinar og tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.
f) Í 6. tl. C-liðs 7. gr. laganna falli orðin „og talin þar til rekstrarútgjalda“ brott.

3. gr.

a) Í stað orðanna „verðbætur á afborganir“ í 2. málslið 1. tl. 8. gr. laganna komi orðin „verðbætur á höfuðstól“.
b) 2. og 3. málsliður 1. mgr. 5. tl. 8. gr. laganna falli niður.
c) Orðin „þannig reiknuðum“ í 2. mgr. 5. tl. 8. gr. laganna falli niður.
d) Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:
Til tekna sem verðbætur og gengistöp af kröfum eða inneignum manna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, teljast þó aðeins gjaldfallnar verðbætur á afborganir og vexti.

4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun söluhagnaðar af fyrnanlegum fasteignum, sem skattaðili hefur eignast fyrir árslok 1978, skal stofnverð og fengnar fyrningar ákvarðast í samræmi við endurmat þessara eigna á árinu 1979, sbr. bráðabirgðaákvæði IV að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 26. gr. eftir þann tíma.

5. gr.

4. málsliður 1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Fyrning eða frestun tekjufærslu samkvæmt þessari málsgrein kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

6. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Hagnaður af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna skv. 32. gr., annars en hlutabréfa og eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign. Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og stofnverði þeirra að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar.

Hagnaður manns af sölu lausafjár, sem ekki er notað í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, telst þó ekki til tekna, enda geri hann líklegt að sala þess falli ekki undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans eða að eignarinnar hafi ekki verið aflað í þeim tilgangi að selja hana aftur með hagnaði, sbr. 20. gr.

7. gr.

a) Í stað orðanna „eftirfarandi maka“ í 1. mgr. 16. gr. laganna komi orðin „eftirlifandi maka“.

b) Aftan við 1. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo:

Selji maður íbúðarhúsnæði innan árs frá því að hann keypti annað húsnæði eða innan tveggja ára frá því að hann hóf byggingu nýs íbúðarhúsnæðis, skal við ákvörðun á heildarrúmmáli íbúðarhúsnæðis í eigu seljanda við sölu miða við það heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis er var í eigu seljanda áður en hann keypti nýrra húsnæði eða hóf byggingu þess, enda sé söluandvirðinu varið til fjármögnunar á hinu nýja húsnæði.

c) 3. og 4. málsliður 2. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðinum innan þessara tímamarka telst mismunurinn til skattskyldra tekna á kaupári hinnar nýju eignar. Ef eignarinnar er ekki aflað innan tilskilins tíma telst söluhagnaðurinn, framreiknaður, með skattskyldum tekjum á öðru ári frá því er hann myndaðist.

d) Við 7. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður sem orðist svo:

Ákvæði greinarinnar gilda um íbúðarhúsnæði án tillits til byggingarstigs.

8. gr.

Í stað orðsins „óeðlileg“ í 2. mgr. 24. gr. laganna komi orðin „verulega frábrugðin því sem almennt gerist í hliðstæðum viðskiptum þar sem um beina sölu eða kaup er að ræða“.

9. gr.

1. mgr. 29. gr. laganna orðist svo:

Frá skattskyldum tekjum manns, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, þar með talið endurgjald skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr., er einungis heimill sá frádráttur sem sérstaklega er getið um í þessum kafla.

10. gr.

a) 1. tl. B-liðs 30. gr. laganna orðist svo:
Vaxtatekjur, afföll og gengishagnaður skv. 8. gr. enda séu tekjur þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

b) 2. og 4. tl. B-liðs 30. gr. laganna falli niður og breytist röð annarra töluliða þess stafliðs samkvæmt því.

c) 1. málsliður 3. tl. C-liðs 30. gr. laganna orðist svo:
Námsfrádrátt, sem nema skal helmingi af þeim tekjum manns á aldrinum 16–30 ára, sem um ræðir í 1. tl. A-liðs 7. gr., þegar frá þeim hefur verið dreginn frádráttur skv. 1.–5. tl. A-liðs þessarar greinar, enda hafi hann stundað nám í a. m. k. 6 mánuði á tekjuárinu.

d) 1. tl. E-liðs 30. gr. laganna orðist svo:
Vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 2. mgr. 51. gr., enda séu gjöld þessi vegna fasteignaveðskulda til þriggja ára eða lengri tíma sem sannanlega eru notaðar til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Sama gildir um vaxtagjöld vegna annarra skulda sem sannanlega er stofnað til vegna kaupa eða nýbyggingar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, en slík vaxtagjöld er þó aðeins heimilt að draga frá tekjum á næstu tveimur skattárum talið frá og með kaupári eða á næstu fjórum árum talið frá og með því skattári sem bygging er hafin á. Frádráttur samkvæmt þessum tölulið má aldrei vera hærri en nemur þeirri fjárhæð sem þau vaxtagjöld er um ræðir í 1. mgr. þessa töluliðs eru umfram vaxtatekjur samkvæmt 3.–5. tl. 1. mgr. 8. gr. og aldrei má frádráttur þessi nema hærri fjárhæð en 1 500 000 kr. Hjá hjónum skal þetta hámark vera helmingi hærra.

e) Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. hennar og orðist svo:
Hafi maður beinan kostnað við öflun annarra tekna en launatekna, án þess að hún verði talin falla undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu ákvæði 31. gr. samt sem áður gilda um slíkan kostnað. Hafi maður gjöld skv. 51. gr. vegna slíkrar tekjuöflunar skal jafnframt reikna tekju- eða gjaldfærslu skv. 53. gr.

11. gr.

a) 3. tl. 31. gr. laganna orðist svo:
Tap á útistandandi viðskiptaskuldum á því tekjuári sem skuld er sannanlega töpuð. Útistandandi viðskiptaskuldir í árslok, sbr. 2. mgr. 5. tl. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.

b) Við 1. mgr. 31. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 4. tl. og breytist röð 4.–6. tl. til samræmis við það. Hinn nýi töluliður orðist svo:
Matsverð vörubirgða í lok reikningsárs, sbr. 4. tl. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 10% og færa þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum.

c) Niður falli orðið „verðbætur“ í 4. tl. 31. gr. laganna sem verður 5. tl.

d) 7. tl. 31. gr. laganna falli niður.

12. gr.

38. gr. laganna orðist svo:

Fyrning skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna eða eignarflokks sem hér segir:

1. Skip og skipsbúnaður 8%.
2. Loftför og fylgihlutir þeirra 10%.
3. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, svo og annað lausafé sem fellur ekki undir 1. eða 2. tl. 12%.
4. Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, aðrar en íbúðarhúsnæði 2%.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið hærra fyrningarhlutfall einstakra flokka eigna samkvæmt þessum tölulið eftir notkun, gerð eða byggingarefni, þó eigi hærra en 6%.

5. Eyðanleg náttúruauðæfi og keyptan rétt til nýtingar þeirra skal fyrna miðað við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert. Áætluð heildarnýting er háð samþykki skattstjóra. Heildarfjárhæð fyrningar samkvæmt þessum tölulið má aldrei verða hærri en fyrningargrunnur hins fyrnda að frádregnu verðmæti því sem eftir stendur að lokinni nýtingu.
6. Keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum og auðkennum, stofnkostnaður og aðrar eignir sem um er rætt í 4. og 5. tl. 32. gr. 20%.

   Fyrning eigna samkvæmt þessum tölulið er heimil í fyrsta skipti á því ári þegar eignanna er aflað eða lagt er í kostnað þeirra vegna.

   Þegar sýnt er fram á að notkunartími eigna samkvæmt þessum tölulið er skemmri en 5 ár er heimilt að fyrna þær á notkunartíma.

   Stofnkostnaður skv. 5. tl. 32. gr. er heimilt að færa að fullu til frádráttar tekjum á því ári þegar hann myndast.

13. gr.

3. málsliður 39. gr. laganna orðist svo:

Við skiptingu á fyrningargrunni bygginga skal í þessu sambandi miðað við fasteignamat einstakra byggingarhluta eða við rúmmál liggi fasteignamat þeirra ekki fyrir.

14. gr.

40. gr. laganna orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 38. gr. er heimilt að færa kostnaðarverð lausafjár, sem hefur skemmri endingartíma en þrjú ár, að fullu til gjalda á því ári þegar eignanna er aflað og þær teknar í notkun.

15. gr.

41. gr. laganna orðist svo:

Þegar kostnaðarverð einstakra eigna eða eignasamstæðna er undir 200 000 kr. er heimilt að færa það að fullu til gjalda á því ári þegar þeirra er aflað þótt endingartími sé lengri en þrjú ár.

16. gr.

42. gr. laganna orðist svo:

Við sölu eigna, sem færðar hafa verið til frádráttar tekjum samkvæmt heimild í 40. og 41. gr., telst söluverð þeirra að fullu til tekna á söluári. Sama gildir um tjónbætur eða annað andvirði fyrir afhendingu slíkra eigna.

17. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Kostnað við viðgerðir eða endurbyggingu fyrnanlegra eigna vegna tjóns má gjaldfæra á því ári þegar viðgerð fer fram, að svo miklu leyti sem kostnaðurinn fer fram úr tjónbótum. Hér er aðeins átt við kostnað við að koma eign í sama ástand og hún var í áður en tjónið varð.

18. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Til viðbótar fyrningu skv. 38. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhagnaður færist til tekna. Einnig er heimilt að fyrna sömu eignir um fjárhæð er nema má allt að 25% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr. Eigi má mynda rekstrartap vegna þessara fyrninga og ekki má nota þær til að fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum.

19. gr.

43. gr. laganna verði 45. gr.

20. gr.

a) Í stað orðanna „verðbætur á afborganir“ í 3. málslið 1. tl. 1. mgr. 51. gr. laganna komi orðin „verðbætur á höfuðstól“.
b) 2. málsliður 1. mgr. 4. tl. 1. mgr. 51. gr. laganna falli niður.
c) Orðin „þannig reiknuðu“ í 2. mgr. 4. tl. 1. mgr. 51. gr. laganna falli niður.
d) 3. mgr. 4. tl. 1. mgr. 51. gr. laganna falli niður.
e) Við 2. mgr. 51. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo:
Til gjalda sem verðbætur og gengistöp skv. 1. mgr., sem menn bera og ekki eru í tengslum við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti.

21. gr.

Í stað orðanna „vegna lagabrota skattaðila sjálfs“ í 1. málslið 2. tl. 52. gr. laganna komi orðin „vegna refsiverðs verknaðar skattaðila sjálfs“.

22. gr.

Inn í lögin bætist ný grein á undan IV kafla laganna er verði 53. gr. Jafnframt verði 53. gr. laganna 54. gr. Hin nýja grein með fyrirsögn orðist svo:

Tekjur og gjöld vegna verðbreytinga

53. gr.

Hjá þeim aðilum er hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi skal árlega tekið tillit til þeirra áhrifa sem almennar verðbreytingar hafa á eignir þeirra og skuldir, sem rekstrinum eru tengdar, eftir því sem nánar er ákveðið í grein þessari.

Árlega skal reikna tiltekinn hundraðshluta af mismun eigna þeirra er um ræðir í 3. mgr. og skulda þeirra er um ræðir í 4. mgr. og færa þá fjárhæð er þannig reiknast til gjalda, séu eignirnar hærri, en til tekna séu skuldirnar hærri.

Til eigna skattaðila við útreikning skv. 2. mgr. teljast allar óverðtryggðar eignir, eignir sem ekki hækka í verði við almennar verðhækkanir, svo og þær eignir sem eru verðtryggðar eða hækka í verði við almennar verðhækkanir, en verðtryggingin eða verðhækkunin telst til skattskyldra tekna samkvæmt lögum þessum. Hér til teljast t. d. sjóðseign, innlendar og erlendar bankainnstæður, viðskiptakröfur, viðskiptavíxlar og aðrar skammtímakröfur, skuldabréf og aðrar langtímakröfur, fyrirframgreiðslur og vörubirgðir. Til eigna í þessu sambandi teljast hins vegar ekki verðtryggðar eignir, eignir sem halda verðgildi sínu við almennar verðhækkanir eða eignir sem heimilt er að endurmeta samkvæmt lögum þessum án þess að verðbætur af þeim, hækkun á peningaverði þeirra eða endurmat þeirra teljist til tekna samkvæmt lögum þessum. Til þessara eigna teljast t. d. fyrnanlegar eignir, íbúðarhúsnæði og aðrar ófyrnanlegar fasteignir, búfénaður og eignarhlutar í félögum. Niðurfærsla skv. 4. tl. 74. gr. og 2. mgr. 5. tl. sömu greinar skal dregin frá viðkomandi eignum áður en útreikningur fer fram.

Til skulda skattaðila skv. 2. mgr. teljast hvers konar skuldir, sbr. 76. gr., en þar með telst þó ekki hlutafé, stofnsjóðir, stofnfé, endurmatsreikningur, varasjóður og aðrir eiginfjárreikningar. Til skulda manna, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast ekki í þessu sambandi skuldir sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, enda sýni skattaðili fram á það.

Hinn reiknaði hundraðshluti skv. 2. mgr. skal vera jafn hundraðshluta verðbreytinga milli ára, sbr. 26. gr.

Færslu til tekna eða gjalda samkvæmt þessari grein skal reikna í lok hvers reikningsárs og skal miða við stöðu eigna og skulda sem tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi í byrjun reikningsárs.

23. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Það telst m. a. skattskyld ráðstöfun á varasjóði ef aðili ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

1. Veitir hluthöfum, aðilum samvinnufélaga, eigendum sameignarfélaga eða samlaga, stjórnendum þessara félaga eða aðilum þeim tengdum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins, eða veitir þeim nokkur fríðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun, venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur, eða úttekt af eigin fé (höfuðstól) í sameignarfélagi sem er hærra en svarar til 10% af bókfærðu eigin fé félagsins í byrjun úttektarárs eftir að tekið hefur verið tillit til opinberra gjalda sem álögð eru vegna fyrra árs. Skattalegur varasjóður telst ekki til eigin fjár í þessu sambandi.
2. Kaupir eign á óeðlilega háu verði eða selur eign á óeðlilega lágu verði. Skulu skattyfirvöld þá meta hvað telja skuli eðlilegt kaup- eða söluverð. Mismunur kaupverðs eða söluverðs annars vegar og matsverðs hins vegar telst skattskyld ráðstöfun úr varasjóði.

Nú ráðstafar aðili fé úr varasjóði á einhvern þann hátt sem greinir í 1. mgr. og fellur það þá til skattgreiðslu á ráðstöfunarárinu samkvæmt ákvæðum 54. gr., þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok tekjuársins að viðbættu 25% álagi skv. 54. gr. Óheimilt er að veita frádrátt frá tekjum skv. 12. tl. 1. mgr. 31. gr. af þessari tekjufærðu fjárhæð.

24. gr.

Í stað orðsins „ríkisskattstjóri“ í 1. og 3. málslið 61. gr. laganna komi orðið „skattstjóri“.

25. gr.

a) 3. málsliður 2. tl. 1. mgr. 63. gr. laganna orðist svo:
Frá tekjum þess hjóna skal síðan draga frádrátt skv. B-lið 1. mgr. 30. gr. svo og frádrátt skv. E-lið 1. mgr. 30. gr., velji hjón ekki fastan frádrátt skv. 2. mgr. þeirrar greinar.

b) Inn í 61. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðist svo:
Nú er heildarfrádráttur annars hjóna skv. 30. gr. þessara laga, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, hærri en tekjur þess samkvæmt þessari grein og skal þá það sem umfram er dregið frá tekjum hins hjóna.

26. gr.

a) 3. málsliður 1. mgr. 64. gr. laganna orðist svo:
Um útreikning tekjuskatts og ónýtts persónuafsláttar fer eftir ákvæðum 2. og 4. málsliðar 2. mgr. 70. gr. en tímamörk skulu miðast við þann dag sem til hjúskapar var stofnað eða skilnaðar eða sambúðarslit fóru fram.

b) Við 1. mgr. 64. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo:
Persónuafsláttur látins maka skal reiknaður hlutfallslega til dánardægurs.

27. gr.

Í stað orðanna „2. mgr. 67. gr.“ í lok 2. mgr. 65. gr. laganna komi orðin „3. mgr. 67. gr.“

28. gr.

Við 1. mgr. 66. gr. laganna bætist nýr tölulíður er verði 8. tl. og orðist svo:
Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

29. gr.

4. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:

Framfærandi samkvæmt þessari grein telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi né

heldur sá sem fær greiðslur til framfærslu barns umfram venjulegar meðlagsgreiðslur með barni eða barnalífeyri skv. 14. gr. laga um almannatryggingar.

30. gr.

a) 3. tl. 74. gr. laganna orðist svo:
Lausafé, þar með talin skip og loftför, telst til eignar á stofnverði, sbr. 2. mgr. 10. gr., að frádregnum heimiluðum og notuðum fyrningum og að teknu tilliti til endurmats samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV og verðbreytinga eftir árið 1979 skv. 26. gr.
Lausafé manna, sem ekki er heimilt að fyrna og ekki er notað í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, skal telja til eignar á upphaflegu kaup- og kostnaðarverði án endurmats.

b) 2. málsliður 4. tl. 74. gr. laganna orðist svo:
Þó skal heimilt að draga allt að 10% frá þannig reiknuðu matsverði.

c) 5. tl. 74. gr. laganna orðist svo:
Hlutabréf skal telja til eignar á nafnverði nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess. Sama gildir um stofnsjóðsinneignir hjá samvinnufélögum og stofnfjáreignir í sameignarfélögum. Skuldabréf og önnur slík verðbréf skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól. Séu hlutabréf eða önnur verðbréf skráð á opinberu kaupþingi skal telja þau til eignar á kaupþingsverði síðasta kaupþingsdags fyrir lok reikningsárs.
Útistandandi skuldir skal telja til eignar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól í lok reikningsárs nema sannað sé að þær séu minna virði. Frá þannig töldu verði útistandandi viðskiptaskulda er þó heimilt að draga allt að 5% og mynda með því mótreikning fyrir skuldum sem kunna að tapast. Útistandandi viðskiptaskuldir í þessu sambandi teljast kröfur sem stofnast hafa vegna sölu á vörum og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því að til þeirra var stofnað.

31. gr.

1. mgr. 76. gr. laganna orðist svo:
Frá eignum, sbr. 73. gr., skal draga skuldir skattaðila. Með skuldum í þessu sambandi teljast áfallnar verðbætur á höfuðstól þeirra. Skuldir í erlendum verðmæli skal telja á sölugengi í árslok. Til skulda teljast öll opinber gjöld er varða viðkomandi reikningsár, þó ekki þau gjöld sem lögð eru á tekjur eða hreina eign á næsta ári eftir lok reikningsárs.

32. gr.

78. gr. laganna orðist svo:
Heimilt er mönnum að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., innstæður sínar í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, svo og verðbréf, sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, að því marki sem innstæður þessar og verðbréf eru umfram skuldir, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

33. gr.

89. gr. laganna orðist svo:

Ríkisskattanefnd

Fjármálaráðherra skipar sex menn í ríkisskattanefnd og hefur nefndin aðsetur í Reykjavík og skulu tveir nefndarmanna hafa nefndarstörfin að aðalstarfi og fer um heimild þeirra til að gegna öðrum störfum eftir 2. mgr. 34. gr. laga nr. 38/1954. Fjármálaráðherra skipar annan þessara manna sem formann nefndarinnar en hann skal fullnægja skilyrðum til að vera skipaður héraðsdómari. Aðrir nefndarmenn skulu hafa lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði, vera löggiltir endurskoðendur eða hafa aflað sér sérmenntunar í skattarétti og

skattamálum. Um skipunartíma þeirra tveggja nefndarmanna sem hafa nefndarstörfin að aðalstarfi fer eftir almennum reglum um skipun opinberra starfsmanna, sbr. 4. gr. laga nr. 38/1954. Aðrir nefndarmenn skulu skipaðir til sex ára í senn.

Ríkisskattanefnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum um ákvörðun skattstofna og skatta eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Þrír nefndarmenn skulu úrskurða í hverju máli eftir nánari ákvörðun formanns nefndarinnar. Jafnan skal annar hinna fastráðnu nefndarmanna taka þátt í úrlausn hvers máls og ætíð skal löglærður nefndarmaður úrskurða í hverju máli.

Eigi má maður taka þátt í meðferð máls ef honum bæri að víkja sæti í því sem dómari samkvæmt lögum um meðferð einkamála í héraði.

34. gr.

Inn í lögin bætist nýr kafli er verði XIII kafli þeirra. Greinar þessa nýja kafla verði 109.–114. gr. laganna og breytist tölusetning þess kafla og þeirra greina er eftir koma samkvæmt því. Hinn nýi kafli orðist svo:

XIII KAFLI
INNHEIMTA OG ÁBYRGÐ

Innheimtuaðilar

109. gr.

Skattar álagðir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð og hafa lögreglustjórar á hendi innheimtu þeirra, sbr. þó 2.–4. mgr. þessarar greinar.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð að fela öðrum aðila en lögreglustjóra innheimtu skatta samkvæmt lögum þessum í tilteknu umdæmi eða umdæmum. Á sama hátt getur ráðherra ákveðið að sami innheimtumaður annist innheimtu í fleiri en einu umdæmi.

Þá er fjármálaráðherra, sveitarstjórnum og forráðamönnum annarra opinberra stofnana heimilt að semja svo um að innheimta skuli í einu lagi öll gjöld sem greiða ber þessum aðilum. Má fela gjaldheimtuna innheimtumanni ríkissjóðs, sveitarfélagi eða sérstakri innheimtustofnun. Allar heimildir og skyldur innheimtumanna ríkissjóðs, sveitarfélaga og stofnana vegna gjaldheimtu skulu þá færast til þess aðila sem tekur gjaldheimtuna að sér.

Fjármálaráðherra skal setja nánari ákvæði með reglugerð um framkvæmd slíkrar sameiginlegrar gjaldheimtu, m. a. um samræmingu gjalddaga einstakra opinberra gjalda sem innheimt verða með þessum hætti, um samræmingu dráttarvaxtareglna og um skyldur launagreiðenda.

Gjalddagar

110. gr.

Tekjuskattur og eignarskattur hvers gjaldanda skal greiddur á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

Þar til álagning liggur fyrir skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga ákveðinn hundraðshluta skatta er honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðinn með reglugerð fyrir hvert ár og skal við ákvörðun hans gæta tekjubreytinga sem orðið hafa svo og almenns efnahagsástands.

Hafi tekjur gjaldanda á liðnu ári verið mun lægri en á næsta ári þar áður eða ástæður hans hafa með öðrum hætti breyst mjög má lækka mánaðarlega fyrirframgreiðslu samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.

Álagða skatta, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

Vangreiðsla að hluta veldur því að skattar gjaldandans falla í eindaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Séu skattar gjaldanda hækkaðir eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma er skylt að gera full skil á tekju- og eignarskatti sínum fyrir brottför af landinu.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð sams konar fyrirkomulag og ákveðið er í þessari grein á fyrirframinnheimtu annarra þinggjalda.

111. gr.

Áfrýjun skattákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga tekju- eða eignarskatts né leysir undan neinum viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans. Víkja má frá þessu, ef sérstaklega stendur á, samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi eða fellur niður skal endurgreiðsla þegar fara fram.

Vextir

112. gr.

Sé skattur ekki greiddur innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta lýkur eða við endurákvörðun skatta, að gjaldandi hefur greitt meira en endanlega álögðum sköttum nemur og skal þá endurgeiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu ríkissjóðs. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Skyldur launagreiðanda

113. gr.

Allir þeir er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., skulu senda innheimtumanni skrá um alla launþega sína. Eru launagreiðendur skyldir að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á. Skulu í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi sem eigi hefur skilað á réttum degi fé er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum skal greiða dráttarvexti skv. 1. mgr. 112. gr. frá þeim degi sem skila átti fénu til innheimtumanns.

Ábyrgð á skattgreiðslum

114. gr.

Hjón, sbr. 63. og 81. gr., bera óskipta ábyrgð á greiðslum skatta sem á þau eru lagðir og getur innheimtumaður ríkissjóðs gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu á sköttum þeirra beggja. Rétt er því hjóna er skattgreiðslur annast að krefjast endurgreiðslu af hinu hjóna á þeim hluta skatts er það hefur greitt umfram það sem að réttum hlutföllum kemur í þess hlut miðað við tekjur og eign hvors hjóna.

Þeir sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna bera ábyrgð á skattgreiðslum þeirra. Eigendur sameignarfélags, sem er sjálfstæður skattaðili, bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þess. Erfingjar í dánarbúi, sem skipt er einkaskiptum, bera óskipta ábyrgð á skattgeiðslum hins látna og dánarbúsins. Stjórnarmenn félaga, sjóða og stofnana, sbr. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. og 4. tl. 3. gr., bera óskipta ábyrgð á skattgreiðslum þessara lögaðila.

Þeir sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfangslausa menn, er fengið hafa landvistar- eða dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, bera ábyrgð á skattgreiðslum þeirra. Þeir sem greiða aðilum, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti, útgáfurétti eða sérþekkingu, arð af hlutafé eða endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða aðrar greiðslur, sem um er rætt í 3. gr., bera ábyrgð á sköttum viðtakenda vegna þessara greiðslna.

Óheimilt er að slíta félagi fyrr en allir skattar þess hafa verið að fullu greiddir. Hafi félagi verið slitið án þess að skattar hafi verið greiddir bera skilanefndarmenn búskipta ábyrgð á skattgreiðslum.

Gera má lögtak hjá þeim, sem ábyrgð ber á skatti, til tryggingar þeim sköttum er hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Með ábyrgð samkvæmt þessari grein er átt við sjálfskuldarábyrgð.

Fjármálaráðherra er heimilt að krefjast þess að aðilar sem um ræðir í 3. gr. setji tryggingu fyrir væntanlegum sköttum sínum og gjöldum svo og fyrir skattgreiðslum annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir.

35. gr.

Ákvæði til bráðabirgða IV orðist svo:

Á árinu 1979 skal framkvæma endurmat á þeim fyrnanlegu eignum, sbr. 32. gr. þessara laga og 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, sem voru í eigu skattaðila í byrjun þess árs.

Endurmatið skal þannig framkvæmt að kostnaðarverði (stofnverði) skal breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár. Kostnaðarverð, þannig framreiknað, myndar nýjan fyrningargrunn sem fyrning reiknast af, í fyrsta sinn á árinu 1979. Hafi gengistap eða verðbætur af skuldum verið fært til hækkunar heildarfyrningarverði eigna fyrir gildistöku laga þessara, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1971, skal það ekki teljast til kostnaðarverðs í þessu sambandi og fer um meðferð þess eftir ákvæði til bráðabirgða VII.

Til frádráttar framreiknuðu stofnverði reiknast sá hundraðshluti fyrninga af stofnverðinu, sem um getur í 38. gr. eftir því sem við á, fyrir hvert ár frá og með kaup- eða byggingarári til ársloka 1978. Auk þessara fyrninga reiknast til frádráttar áður fengnar fyrningar á tekjuárunum 1971 til 1978 vegna þessara eigna samkvæmt ákvæðum lokamálsgreinar D-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 og skulu þær margfaldaðar með verðbreytingarstuðli þess árs þegar þær voru notaðar. Samtala þessara fyrninga telst fengin heildarfyrning, en hún skal þó aldrei vera hærri en 90% af framreiknuðu stofnverði, sbr. 45. gr. þessara laga.

Mismunur fyrningargrunns, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, og framreiknaðra fyrninga, sbr. 3. mgr., telst eftirstöðvar fyrningarverðs. Fyrningargrunnur og fengnar fyrningar breytast síðan árlega, sbr. 26. gr. Aðrar áður fengnar fyrningar skv. 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 7. gr. laga nr. 7/1972, skulu ekki hafa áhrif á eftirstöðvar fyrningarverðs í þessu sambandi.

Ríkisskattstjóri skal fyrir árslok 1979 reikna verðbreytingarstuðul fyrir eignir sem skattaðili hefur eignast á árunum 1964 til 1978. Stuðullinn skal miðast við breytingu á meðaltalsbyggingarvísitölu milli ára, sbr. nú lög nr. 93/1975. Hafi skattaðili eignast fyrnanlegar eignir skv. 1., 3., 4. eða 5. tl. 32. gr. þessara laga fyrir ársbyrjun 1964 skulu þær ekki endurmetnar samkvæmt þessu ákvæði. Þegar endurmetnar eru eignir skv. 2. tl. 32. gr., sem verið hafa í eigu skattaðila í fimmtán ár eða lengur, skal ríkisskattstjóri reikna stuðul til notkunar í því sambandi og skal hann hafa sömu viðmiðun og um getur í upphafi þessarar málsgreinar. Liggi byggingarvísitala ekki fyrir skal stuðullinn reiknaður eftir hliðstæðum upplýsingum og skal ríkisskattstjóri hafa samráð við Hagstofu Íslands við útreikninginn.

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tl. 32. gr., er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati 1. janúar 1979 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs). Sé þessi heimild notuð myndar fasteignamatið nýjan fyrningargrunn. Fengnar fyrningar á tekjuárunum 1971 til 1978 vegna þessara eigna samkvæmt ákvæðum lokamálsgreinar D-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 skulu margfaldaðar með verðbreytingarstuðli þess árs þegar þær voru

notaðar. Samtala þessara fyrninga, þannig framreiknaðra, telst fengin heildarfyrning. Aðrar áður fengnar fyrningar skv. 15. gr. laga nr. 68/1971, með síðari breytingum, skulu ekki hafa áhrif á eftirstöðvar fyrningarverðs þegar fasteignamatið er notað sem endurmatsverð samkvæmt þessari málsgrein.

Reglur þessa ákvæðis gilda einnig um endurmat ófyrnanlegra eigna eftir því sem við á.

Skattaðilar, sem eiga eignir í ársbyrjun 1979 sem ber að endurmeta, skulu senda skattstjóra, eigi síðar en með skattframtali 1980, greinargerð um endurmatið í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Á árinu 1979 skal útreikningur skv. 53. gr. miðast við verðbreytingarstuðul þess árs, en það skal vera sami stuðull og notaður er til framreiknings á eignum sem aflað er á árinu 1978.

Endurmatsbreyting samkvæmt þessu ákvæði telst ekki til tekna heldur færist í sérstakan reikning, endurmatsreikning, sem telst til eigin fjár.

36. gr.

Ákvæði til bráðabirgða V orðist svo:

Við ákvörðun á söluhagnaði eigna, sem skattaðili hefur eignast fyrir árið 1979, skal stofnverð þeirra framreiknað eftir sömu verðbreytingarstuðlum og með sama hætti og endurmetið er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV eftir því sem við á. Eftir þann tíma gilda ákvæði 26. gr. um beitingu verðbreytingarstuðuls. Sé um sölu á fyrnanlegum eignum að ræða fer á sama hátt um framreikning fyrninga umræddra eigna.

Þegar eignir skv. 1., 3., 4., og 5. tl. 32. gr., sem skattaðili eignaðist fyrir ársbyrjun 1964, eru seldar, skal framreikna stofnverð þeirra frá kaupári til söluárs með verðbreytingarstuðli kaupárs og telst söluhagnaður þá mismunur á söluverði og 10% af þannig framreiknuðu stofnverði.

37. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði er verði ákvæði til bráðabirgða VII og orðist svo:

Þann hluta gengistaps eða verðbóta, sem fallið hefur á skuldir fyrir gildistöku laga þessara og enn er ógjaldfærður, sbr. 15. gr. laga nr. 68/1971, skal gjaldfæra sérstaklega án endurmats með sama hætti og gert hefur verið samkvæmt eldri lögum. Þó skal skattaðila jafnan vera heimilt að gjaldfæra eftirstöðvarnar með jöfnum fjárhæðum á fimm árum, í fyrsta sinn á árinu 1979.

Ákvæði þetta gildir um gengistap og verðbætur hvort sem það hefur verið fært til hækkunar á heildarfyrningarverði eða fyrnt sérstaklega.

Gengistap og verðbætur er um ræðir í þessu ákvæði skulu ekki teljast til skattskyldrar eignar.

38. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði er verði ákvæði til bráðabirgða VIII og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 3. tl. 1. mgr. 31. gr. og 4. tl. 74. gr. skal heimilt að færa matsverð vörubirgða í árslok 1979 niður um 25%. Síðan skal hámark niðurfærsluheimildarinnar lækka um 5% árlega uns 10% markinu er náð í árslok 1982.

39. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði er verði ákvæði til bráðabirgða IX og orðist svo:

Hafi skattaðili fyrir gildistöku laga þessara notað heimild í 11. mgr. E-liðs 1. mgr. 7. gr. laga nr. 68/1971 til frestunar skattlagningar söluhagnaðar og slíkur hagnaður hefur ekki verið tekjufærður í árslok 1978 skal hækka hann eða lækka samkvæmt verðbreytingarstuðli eftir ákvæðum 26. gr. fram til þess árs þegar hann er tekjufærður. Heimilt er skattaðila að fyrna eignir þær sem um ræðir í 32. gr. þessarar laga um fjárhæð sem nemur hinum skattskylda söluhagnaði framreiknuðum á því ári þegar söluhagnaðurinn færist til tekna. Ákvæði þessara laga um tímalengd frestunar talið frá söluári gilda einnig um ótekjufærðan söluhagnað samkvæmt eldri lögum.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1980 vegna tekna ársins 1979 og eigna í lok þess árs. Þó skulu ákvæði a-, b- og d-liðar 10. gr. og ákvæði 32. gr. laga þessara eigi koma til framkvæmda fyrr en við álagningu skatta á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 og eigna í lok þess árs.

41. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 40 18. maí 1978 um tekjuskatt og eignarskatt og gefa lögin út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur

Vorið 1978 voru samþykkt ný lög um tekuskatt og eignarskatt. Lög þessi, sem birt voru sem lög nr. 40/1978, öðluðust gildi 1. janúar 1979 og koma til framkvæmda við álagningu árið 1980 á tekjur ársins 1979 og eign í lok þess árs. Eldri tekjuskattslög (lög nr. 68/1971) voru jafnframt felld úr gildi og fór síðasta álagning samkvæmt ákvæðum þeirra fram nú í sumar.

Í nýju lögunum felast mjög róttækar breytingar á þeim skattlagningarreglum sem gilt hafa hingað til og má þar t. d. nefna sérsköttun hjóna, aðlögun tekjuhugtaksins að verðbólgunni, vissan aðskilnað atvinnureksturs og einstaklings þess er að honum stendur, hert viðurlög o. fl. Þar sem lögin fólu í sér svo róttækar breytingar, bæði á efni og formi skattalaga, var strax í upphafi ljóst að ýmis atriði þyrftu nánari tæknilegrar skoðunar við áður en til framkvæmda þeirra kæmi, enda var því reyndar þegar lýst yfir af hálfu þáverandi fjármálaráðherra. Var í júnímánuði 1978 skipaður starfshópur sérfræðinga til að vinna að undirbúningi að framkvæmd laganna ásamt ríkisskattstjóra sem þann undirbúning annast samkvæmt embættisskyldu sinni. Hafa m. a. komið frá þessum starfshóp ábendingar um einstök atriði laganna er orða mætti skýrar eða einfalda mætti í framkvæmd.

Samhliða frumvarpi því, sem síðar varð að lögum nr. 40/1978, var flutt frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Var tekjuskattsfrumvarpið miðað við staðgreiðslu. Þannig voru öll skatthlutföll og skattstigar svo og aðrar tölur við það miðaðar að skattar væru greiddir jafnóðum með fullu raungildi þeirra tekna sem þeir voru reiknaðir af. Voru þessar tölur miðaðar við 35% verðbólgu. Þá eru engin ákvæði um innheimtu tekju- og eignarskatts í lögum nr. 40/1978 þar sem slík ákvæði var að finna í staðgreiðslufrumvarpinu. Staðgreiðslufrumvarpið dagaði uppi í meðförum Alþingis og er nú fullljóst að til staðgreiðslu opinberra gjalda kemur ekki á árinu 1980.

Auk þeirra breytinga sem í frumvarpi þessu felast og rekja má til staðgreiðslufrumvarpsins eða tæknilegra lagfæringa hefur frumvarpið að geyma breytingartillögur sem fela í sér allnokkrar efnisbreytingar á vissum þáttum skattlagningar. Einkum þeim þáttum sem tengdir eru skattlagningu eða frádráttarbærni fjármagnstekna og fjármagnskostnaðar og varða tekju- eða gjaldfærslu vegna verðbreytinga. Þessar breytingartillögur eru þó fæstar svo róttækar að unnt sé að segja að í þeim felist veruleg breyting frá meginstefnu laga nr. 40/1978, en á því eru þó undantekningar.

Hin mikla verðbólga undanfarinna ára hefur haft í för með sér gífurlegan tilflutning verðmæta milli aðila í þjóðfélaginu án þess að tekið hafi verið tillit til þess í skattalegri meðferð. Eigendur sparifjár og annarra peningaeigna hafa þannig mátt þola verulega rýrnun eigna þessara án skattalegrar umbunar og jafnvel skattskyldu á neikvæðum vöxtum. Skuldarar hafa notið samsvarandi verðrýrnunar skuldanna án þess að tillit hafi verið tekið til þess við skattlagningu en vextir og verðbætur af skuldum þvert á móti heimilað að fullu til frádráttar.

Í lögum nr. 40/1978 eru ýmis ákvæði (verðtryggingarákvæði) sem taka mið af áhrifum verðbólgunnar eða almennum verðbreytingum á afkomu atvinnurekstraraðila. Söluhagnaður af eignum er t. d. ekki skattskyldur nema hann fari fram úr verðbólguhækkun á eignarhaldstíma og fyrningar eru reiknaðar af árlega endurmetnu stofnverði. Þá eru í 44. og 45. gr. ákvæði sem takamarka fyrningarrétt þeirra sem fjármagnað hafa fyrnanlegar eignir með skuldum.

Lagt er til að þeirri meginhugsun, sem í ákvæðum þessara greina felst, verði haldið en þó í breyttri og víðtækari mynd.

Með lögunum var mörkuð ný stefna varðandi áhrif verðbólgunnar á skattlagningu í atvinnurekstri, en ákvæði varðandi einstaklinga utan atvinnurekstrar ganga ekki í sömu átt að því er varðar áhrif verðbólgunnar á peningaeignir og skuldir.

Verður hér á eftir gerð grein fyrir almennum sjónarmiðum varðandi þau áhrif á skattlagningu atvinnurekstrar og einstaklinga utan atvinnurekstrar.

I ATVINNUREKSTUR

Skattlagning atvinnurekstrar er einkum miðuð við hagnað og hreina eign viðkomandi aðila. Aðrir skattstofnar eru einnig fyrir hendi, t. d. velta, laun, fasteignir o. fl. og verður ekki fjallað um það hér.

Aðalviðfangsefni skattalaga er því að skilgreina þau hugtök sem endanleg skattlagning miðast við, þ. e. hagnað og hreina eign.

Á tímum verðbólgu brenglast hefðbundin skilgreining þessara hugtaka, þannig að óhjákvæmilegt er orðið að líta til þeirra áhrifa sem verðbólgan hefur.

Með lögum nr. 40/1978 er gerð tilraun til að aðlaga tekjuhugtakið að þeim verðbólgutímum sem nú hafa lengi gengið. Skattalög hafa hingað til ekki tekið mikið mið af verðbólgu og má rekja helstu galla skattlagningar til þeirra áhrifa sem verðbólgan hefur haft. Í lögum nr. 68. 15. júní 1971 með áorðnum breytingum er nokkurt tillit tekið til verðbreytinga. Ákvæði um skattfrelsi söluhagnaðar, aukaafskriftir vörubirgða og fastafjármuna, verðstuðulsfyrningu o. fl. eru allt ákvæði sem er ætlað að draga úr áhrifum verðbreytinga. Galli þessara ákvæða er fyrst og fremst sá að gjaldfærsla eða skattfrelsi samkvæmt ákvæðum þessum er ákveðið án tillits til skulda skattaðila og fjármagnskostnaðar. Ákvæðin hafa því ekki tekið mið af breytilegri stöðu hinna ýmsu atvinnurekstraraðila.

Reikningsskil atvinnurekstrar hér á landi mótast mjög af ákvæðum skattalaga. Meginreglur reikningsskila hér á landi byggja á því að tekjur séu mismunur söluverðs og upphaflegs kostnaðarverðs. Tekjurnar eru taldar myndast við sölu eða innlausn teknanna. Kostnaðarverð er gjaldfært án tillits til verðbreytinga. Á það jafnt við um kostnaðarverð vöru og um rýrnun fastafjármuna (afskriftir). Afskriftir taka því ekki mið af breyttu verðgildi eignanna. Vörunotkun og annað sem til þarf við öflun tekna er gjaldfært án tillits til breytinga á verðlagi. Þessar reglur taka því ekki tillit til áhrifa verðbólgu. Lög nr. 68. 15. júní 1971 byggja í meginatriðum á sama grunni, og skattskyldar tekjur mótast því mjög af ofangreindum venjum, þótt fleira komi til.

Þegar skattskyldar tekjur eru ákvarðaðar koma margvísleg sjónarmið til, en þó er nauðsynlegt að skattskyldur hagnaður í atvinnurekstri taki mið af almennum skilgreiningum á hagnaðarhugtakinu. Hagnaður í atvinnurekstri verður best mældur sem mismunur á eign fyrirtækis í upphafi og lok ákveðins tímabils, án þess að möguleikar þess til að viðhalda sömu starfsemi eða rekstrarafköstum séu skertir. Fyrirtæki sem verður sífellt að draga saman vegna minnkandi verðgildis þess fjármagns sem það hefur yfir að ráða hagnast ekki, þótt það eigi fleiri og verðminni peningaeiningar í árslok en það átti í ársbyrjun.

Það má segja að verðbólgan hafi brenglað allar hefðbundnar venjur og löggjöf um skattamál. Á sama hátt hefur verðbólgan brenglað allar hefðbundnar reikningsskilavenjur. Ekki er lengur vissa fyrir því að niðurstaða rekstrarreiknings sé nothæfur mælikvarði á afkomu og stöðu fyrirtækja.

Það má nefna fjölmörg dæmi þar sem fyrirtæki er betur statt í upphafi tímabils en í lok þess og um tap er að ræða samkvæmt ákvæðum skattalaga. Þá má einnig nefna mörg dæmi þess að fyrirtæki er ver statt í lok tímabils en í upphafi þess en fram kemur skattskyldur hagnaður. Slíkar reglur stuðla ekki að heilbrigðum atvinnurekstri og fjármálalífi og breyta vitund manna um meðferð og sköpun verðmæta.

1. Hvaða úrbætur eru nauðsynlegar?

Almenn áhrif verðbólgunnar endurspeglast í reikningsskilum. Peningaeignir verða verðminni. Eigandi þeirra tapar en skuldarinn hagnast. Fasteignir, vélar og tæki halda oftast verðmæti sínu en eignfærsla þeirra og afskriftir eru ekki í samræmi við verðmæti þeirra á hverjum tíma. Ef markmiðið er að mæla mismuninn á raunverulegri eign fyrirtækis í upphafi tímabils og lok þess samkvæmt áðurnefndri skilgreiningu á hagnaði eru ný sjónarmið nauðsynleg.

Á undanförnum árum hafa augu manna hérlendis og víða um heim beinst að þessum vandamálum. Mismunandi kenningar hafa komið fram um aðferðir til leiðréttingar. Allar þessar aðferðir stefna að sama markmiði, þ. e. að leiðrétta áhrif verðbreytinga á hagnað og jafnframt á eigið fé. Hérlendis hefur nokkur umræða hafist um nauðsyn þess. Skattlagning „verðbólgugróða" hefur verið mjög til umræðu og fram hefur komið almennur vilji stjórnvalda til skattlagningar á „verðbólgugróða". Slíkur vilji verður að túlkast þannig að það beri að taka tillit til verðbreytinga við skattlagningu. Til þess að slíkt sé mögulegt verða að mótast fastar reglur sem mæla áhrif verðbreytinga á skattskyldan hagnað og skattskylda eign.

Á undanförnum árum hafa menn leitað leiða til að leiðrétta reikningsskil atvinnurekstrar fyrir áhrifum verðlagsbreytinga. Tvær leiðréttingaraðferðir hafa einkum þótt koma til greina eða sambland þeirra.

Þessar aðferðir hafa hlotið íslensku nöfnin gangverðsreikningsskil (current cost accounting) og vísitölureikningsskil (current purchasing power accounting, general price-level accounting).

2. Gangverðsreikningsskil

Aðferðin byggir á eftirfarandi meginatriðum:

1. Gjaldfærsla seldrar vöru miðast við gangverð á söludegi. Leiðréttingin er því mismunur á gangverði og kostnaðarverði, þannig að ávallt megi kaupa nýja einingu í stað þeirrar sem seld er.
2. Eignfærsla og afskriftir fastafjármuna er reiknað miðað við gangverð. Afskriftin á að mæla þá verðmætisrýrnun sem verður í hendi fyrirtækisins við notkun. Leiðréttingin er því mismunurinn á afskrift samkvæmt kostnaðarverði og afskrift samkvæmt gangverði eða virði eignarinnar fyrir viðkomandi fyrirtæki.
3. Leiðrétting er gerð vegna áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegt veltufé (monetary working-capital). Í flestum fyrirtækjum er annað veltufé en vörubirgðir. Vörukaup fara fram gegn gjaldfresti og sala fer fram gegn gjaldfresti. Gjaldfrestur vegna vörukaupa gerir það að verkum að fyrirtækið sjálft þarf ekki að leggja fram jafn mikið fé úr eigin sjóðum til að viðhalda starfsemi sinni. Ef peningalegt veltufé er neikvætt er um tekjufærslu að ræða sem kemur á móti þeirri gjaldfærslu sem hefur farið fram við það að færa vörunotkun á gangverði, sbr. 1.
4. Auk leiðréttingar vegna peningalegs veltufjár fer fram leiðrétting vegna annars lánsfjár. Flest fyrirtæki fjármagna kaup á eignum sínum að einhverju leyti með lánsfé. Kostnaður af þessu lánsfé er færður til gjalda hjá viðkomandi rekstri og í mörgum tilfellum breytist þetta lánsfé ekki í samræmi við verðbreytingu þeirra eigna er á móti standa.
   Leiðrétting, sem vegur á móti fyrri leiðréttingum, m. a. á afskriftum, er því talin nauðsynleg. Nokkrar deilur eru um hvernig þessi leiðrétting skuli vera og verður komið að því vandamáli síðar.

3. Vísitölureikningsskil

Þessi tegund reikningsskila hefur komið mikið við sögu í umræðu um þessi mál. Aðferðin einkennist einkum af eftirfarandi:

1. Gjaldfærsla byggir á kostnaðarverði sem er leiðrétt með áhrifum almennra verðlagsbreytinga til uppgjörsdags. Sama gildir um tekjur. Aðferðin byggir því á hefðbundn-

um venjum, þ. e. að kostnaðarverð er notað en leiðrétt með tilliti til verðlagsbreytinga. Allar fjárhæðir eiga að sýna verðgildi á uppgjörsdegi.

2. Eignfærsla og afskriftir fastafjármuna er leiðrétt með hliðsjón af almennum verðlagsbreytingum. Afskriftir eiga því að mæla verðmætisrýrnun á verðlagi uppgjörsdags. Ekki er byggt á gangverði heldur á leiðréttu kostnaðarverði. Eignfærsla vörubirgða er einnig leiðrétt með tilliti til almennra verðlagsbreytinga.
3. Leiðrétting er gerð vegna ágóða eða taps sem stafar af áhrifum verðbreytinga á veltufé. Er þá bæði tekið tillit til stöðu í upphafi árs og peningalegra hreyfinga innan árs.
4. Leiðrétting er gerð vegna áhrifa verðlagsbreytinga á langtímaskuldir og langtímakröfur. Slík leiðrétting er venjulega framkvæmd þannig að allur ágóði sem stafar af minnkandi verðgildi skulda er tekjufærður. Slíkur hagnaður sýnir því lækkað efnahagslegt gildi samninga sem koma að verulegu leyti til greiðslu síðar. Ýmis sjónarmið eru uppi um meðferð þessa hagnaðar og er vikið að því síðar.

Með lögum nr. 40/1978 er stigið stórt skref í átt til þeirra sjónarmiða sem fram koma í hinum svokölluðu vísitölureikningsskilum.

Með breytingartillögum við lögin eru ákvæði þessi gerð þannig að innbyrðis samræmi verði og áhrif verðbreytinga mæld á báða vegu, þ. e. bæði á ágóða og tap vegna verðbreytinga.

Það er hins vegar ljóst að gangverðsreikningsskil og vísitölureikningsskil eru allflókin og ekki er mögulegt að miða skattlagningu við reglur sem krefjast flókinnar framkvæmdar hjá atvinnurekstrinum. Vandamálið er því að finna einfaldar reglur sem taka mið af áhrifum verðlagsbreytinga og hafa áhrif til lagfæringa á hagnaðar- og eignarhugtakinu. Í lögunum og breytingartillögum við þau er reynt að feta leið sem óhjákvæmilega felur í sér nokkra annmarka. Annmarkar þeirra leiðréttingarleiða sem að framan getur eru einnig ýmsir, þannig að ekki virðast vera fyrir hendi algildar leiðir til úrbóta sem hafa sveigjanleika í takt við verðbólguna á hverjum tíma.

4. Helstu atriði breytinga samkvæmt lögunum og breytingartillögum

1. Samkvæmt lögum nr. 40/1978 er heimilað endurmat fyrnanlegra eigna. Endurmatið skal byggt á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum hæfilegum afskriftum. Er það sama reglan og tíðkast í vísitölureikningsskilum. Endurmatið byggir á því að kostnaðarverð er fært fram til gildandi verðlags samkvæmt verðbreytingarstuðlum fyrir hvert ár og þannig framreiknað kostnaðarverð myndar fyrningargrunn. Endurmatsverðið er síðan fyrnt um 2—12% fyrir hvert ár sem viðkomandi eign hefur verið í eigu skattaðila og myndar þannig eftirstöðvar fyrningarverðs. Heimilt er þó að nota fasteignamatsverð 1. janúar 1979 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs varðandi fasteignir.

   Samkvæmt frumvarpinu eru eftirtaldar breytingar mikilvægastar varðandi fyrningar og endurmat:

   a) Fyrningarhlutföll

Fyrningarhlutföll breytast þannig:	Samkvæmt lögunum	Samkvæmt breytingar-tillögum
1. Skip og skipsbúnaður	10%	8%
2. Loftför og fylgihlutar þeirra	12%	10%
3. Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningstæki, svo og annað lausafé sem fellur ekki undir 1. og 2. tölulið	18%	12%
4. Mannvirki, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, aðrar en íbúðarhúsnæði	2%	2%

	Samkvæmt lögunum	Samkvæmt breytingar-tillögum
Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið að hærra hámark fyrningarhlutfalls einstakra flokka eigna samkvæmt þessum tölulið eftir notkun, gerð eða byggingarefni, þó eigi hærra en	10%	6%

Samkvæmt lögunum er gert ráð fyrir stöðugu endurmati er sýni sem besta mynd af raungildi kostnaðarverðs. Fyrning eigna á að endurspegla dreifingu kostnaðar vegna slits og úreldingar á ákveðnum endingartíma. Hve langur endingartíminn er fer að sjálfsögðu eftir ýmsu öðru en aldri, sérstaklega notkun og meðferð eignanna. Skattalög geta ekki tekið tillit til hinna ýmsu atvika sem hafa áhrif á eðlilega fyrningu og því verða almennar reglur þess valdandi í mörgum tilfellum að heimiluð fyrning getur ýmist verið of mikil eða lítil. Með tilliti til stöðugs endurmats og þess að leitast er við að endurmatið endurspegli raunverulegt verðmæti eigna hafa fyrningarhlutföllin þótt of há og eru því lækkuð nokkuð samkvæmt breytingartillögum.

b) Endurmat eigna

Fyrningarhlutföll samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er sá skattalegi mælikvarði sem lagður er á endingartíma eigna. Ef endurmat á að nálgast sem best raunverulegt verðmæti er eðlilegt að leggja sömu fyrningarhlutföll til grundvallar í endurmati. Frumvarpið gerir ráð fyrir að svo verði. Á þetta verður einnig að líta í samhengi við tekjufærslu vegna verðbreytinga og breytt fyrningarhlutföll. Með breytingunni verður ekki eins mikið ósamræmi milli endurmats fasteigna og lausafjár, en lögin gera ráð fyrir að nota megi fasteignamatsverð í stað kostnaðarverðs við endurmat fasteigna.

c) Skylda til að fyrna samkvæmt ákveðnum fyrningarhlutföllum

Samkvæmt ákvæðum laganna er skattaðila heimilt að velja fyrningarhlutfall, allt að ákveðnu hámarki. Vegna endurmatsákvæða laganna er mikilvægt að skattaðili geti ekki haft áhrif á endurmatið með mismunandi vali fyrningarhlutfalls. Slík tilhneiging mundi fyrst og fremst verða þegar um taprekstur er að ræða og hætt við að viðkomandi eignir verði ofmetnar vegna lítillar eða engra fyrninga.

d) Gengismunur

Ekki voru ákvæði í lögunum um meðferð gengismunar og verðbóta, sem hefur verið eignfærður fram að gildistöku laganna. Margt mælir með því að gengismunurinn falli inn í endurmatið. Hins vegar er mjög mismunandi hvernig gjaldfærslu gengismunar og verðbóta hefur verið háttað. Ekki hefur þótt mögulegt að fella frádráttarbærni fyrri gengismunar og verðbóta niður og er gert ráð fyrir að réttur til gjaldfærslu samkvæmt eldri lögunum haldist.

e) Niðurfærsla á vörubirgðum

Heimilt hefur verið að færa matsverð vörubirgða niður um 30%. Heimild þessari var ætlað að vega á móti verðbreytingum vörubirgða og erfiðleika fyrirtækja að endurnýja vörubirgðir í verðbólgu. Með ákvæðum 53. gr. um tekju- og gjaldfærslu vegna verðbreytinga eru forsendur niðurfærsluheimildarinnar verulega breyttar. Kostnaður og áhætta fylgir ávallt geymslu og eignarhaldi vörubirgða og því talið eðlilegt að heimilt sé að færa matsverð vörubirgða samkvæmt ákvæðum laganna niður um 10%. Með ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að aðlögun að 10% niðurfærslunni verði í áföngum eða 5% árlega.

2. Leiðrétting er gerð vegna áhrifa almennra verðlagsbreytinga á aðrar eignir að frádregnum skuldum, enda sé um að ræða atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Reglur þessar eru í 44. og 45. gr. laga nr. 40/1978 er verða 53. gr. samkvæmt breytingartillögum. Í greininni kemur skýrt fram hvernig leiðrétting þessi fer fram og hljóðar hún þannig:

„Hjá þeim aðilum, er hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skal

árlega tekið tillit til þeirra áhrifa sem almennar verðbreytingar hafa á þær eignir þeirra og skuldir, sem rekstrinum eru tengdar, eftir því sem nánar er ákveðið í grein þessari.

Árlega skal reikna tiltekinn hundraðshluta af mismun eigna þeirra er um ræðir í 3. mgr. og skulda þeirra er um ræðir í 4. mgr. og færa þá fjárhæð er þannig reiknast til gjalda, séu eignirnar hærri, en til tekna séu skuldirnar hærri.

Til eigna skattaðila við útreikning skv. 2. mgr. teljast allar óverðtryggðar eignir, sem ekki hækka í verði við almennar verðhækkarnir svo og þær eignir sem eru verðtryggðar eða hækka í verði við almennar verðhækkanir, en verðhækkunin eða verðtryggingin telst til skattskyldra tekna samkvæmt lögum þessum. Hér til teljast t. d. sjóðseign, innlendar og erlendar bankainnstæður, viðskiptakröfur, viðskiptavíxlar og aðrar skammtímakröfur, skuldabréf og aðrar langtímakröfur, fyrirframgreiðslur og vörubirgðir. Til eigna í þessu sambandi teljast hins vegar ekki verðtryggðar eignir, eignir sem halda verðgildi sínu við almennar verðhækkanir eða eignir sem heimilt er að endurmeta samkvæmt lögum þessum án þess að verðbætur af þeim, hækkun á peningaverði þeirra eða endurmat þeirra teljist til tekna samkvæmt lögum þessum. Til þessara eigna teljast t. d. fyrnanlegar eignir, íbúðarhúsnæði og aðrar ófyrnanlegar fasteignir, búfénaður og eignarhlutar í félögum.

Til skulda skattaðila skv. 2. mgr. teljast hvers konar skuldir, sbr. 76. gr., en þar með telst þó ekki hlutafé, stofnsjóðir, stofnfé, endurmatsreikningur, varasjóður og aðrir eiginfjárreikningar. Til skulda manna, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast ekki í þessu sambandi skuldir sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, enda sýni skattaðili fram á það.

Hinn reiknaði hundraðshluti skv. 2. mgr. skal vera jafn hundraðshluta verðbreytinga milli ára, sbr. 26. gr.

Færslu til tekna eða gjalda samkvæmt þessari grein skal reikna í lok hvers reikningsárs og skal miða við stöðu eigna og skulda sem tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi í byrjun reikningsárs".

Reglur þessar stefna að því að tryggja óbreytt raunvirði eigin fjár í ársbyrjun og árslok. Mismunurinn er viðbótarágóði eða -tap. Regla þessi er mjög einföld. Engar leiðréttingar fara fram á einstökum liðum, heldur þarf aðeins að finna mismun á veltufjármunum og langtímakröfum annars vegar og skuldum hins vegar. Þessi mismunur gefur tilefni til tekjufærslu eða gjaldfærslu sem svarar almennum verðlagsbreytingum.

Einföldun þessi hefur í för með sér að ekki er tekið tillit til breytinga innan ársins. Þetta er að sjálfsögðu galli en hins vegar er önnur aðferð flókin í framkvæmd. Slíkt væri miklum erfiðleikum háð þegar beita þarf reglunni í öllum atvinnurekstri, hvert sem umfangið er. Skekkjan sem verður getur orðið mismunandi mikil og verður það að teljast hlutverk viðkomandi fyrirtækis og góðra reikningsskilavenja að gera grein fyrir slíkum frávikum gagnvart öðrum notendum reikningsskilanna ef ástæða er talin til. Skattalög, sem ganga eins langt og hér er gert ráð fyrir til leiðréttingar á verðbólguáhrifum, verða að byggja á einföldum reglum sem eru auðveldar í framkvæmd, enda þótt nokkur frávik verði frá því sem æskilegast þykir á hverjum tíma.

Eins og fram kemur gera reglur frumvarpsins bæði ráð fyrir tekjufærslu og gjaldfærslu vegna verðbreytinga. Lögin gerðu aðeins ráð fyrir tekjufærslu, en sú aðferð samræmist ekki almennum reglum um leiðréttingu vegna áhrifa verðbreytinga og tryggir ekki óbreytt raunvirði eigin fjár í ársbyrjun og árslok í þeim tilvikum að veltufjármunir og langtímakröfur eru hærri en skuldir. Með breytingunni verður reglan almenn og hlutlaus. Hún hefur því sömu áhrif hjá aðilum með sambærilegan rekstur, sem hún hafði ekki fyrir breytinguna. Áhrifum þessara ákvæða verður best lýst með dæmum sem er að finna aftar í greinargerðinni.

3. Heimilt er að fresta skattlagningu 25% hagnaðar vegna verðbreytinga með aukaafskrift fyrnanlegra eigna sbr. 44. gr. sem hljóðar þannig:

„Til viðbótar fyrningu skv. 38. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhagnaður færist til tekna. Einnig er heimilt að fyrna sömu eignir um fjárhæð er nema

má allt að 25% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr. Eigi má mynda rekstrartap vegna þessarar fyrningar og ekki má nota hana til að fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum".

Eins og fram kom hér að framan eru deildar meiningar um meðferð hagnaðar vegna langtímalána. Hagnaðurinn felst í því að lánið er greitt með verðminni krónum en þegar það er tekið. Þeirri verðrýrnun er að einhverju leyti eða öllu mætt í formi vaxtaákvörðunar, verðtryggingar eða gengistryggingar. Hluti verðrýrnunar milli lántökudags og greiðsludags er því gjaldfært í formi fjármagnskostnaðar í einu eða öðru formi.

Ekki eru deilur um það að líta beri á verðrýrnun þessa, að frádregnu því sem fellur á fyrirtækið vegna hennar, sem hagnað á einhverju stigi. Slíkur hagnaður sýnir lækkað efnahagslegt gildi samninga sem koma til greiðslu síðar. En hagnaðurinn leysist upp með mismunandi móti. Hins vegar telja ýmsir að þar sem hagnaður vegna lánsins komi ekki fram fyrr en við greiðslu beri ekki að færa hann til tekna fyrr en þá. Aðrir telja að í reikningsskilunum beri að sýna það sem gerst hafi á viðkomandi tímabili og því eigi að færa til tekna alla verðrýrnun skuldanna án tillits til þess hvenær hagnaðurinn innleysist.

Skattlagning slíks hagnaðar getur haft veruleg áhrif á greiðslustöðu viðkomandi fyrirtækis ef verðrýrnun skuldanna kemur að fullu til tekna strax, og með þessari reglu er tekið nokkurt tillit til þessara sjónarmiða.

Dæmi:

Fyrirtæki er stofnað um kaup á atvinnutæki í árslok 1978 og er efnahagsreikningur þess þannig í millj. króna.

Atvinnutæki	1000	Gengistryggt lán	800
		Hlutafé	200
	1000		1000

Gengistryggða lánið er til 8 ára með 10% vöxtum. Fyrsta afborgun er í árslok 1979. Á tímabilinu breytist gengið um 30% en vísitala byggingarkostnaðar um 50%.

Í árslok 1979 er efnahags- og rekstrarreikningur þannig:

REKSTRARREIKNINGUR 31.12. 1979

Hagnaður fyrir afskriftir og vexti	180
Afskriftir 10% af 1500	150
Hagnaður fyrir vexti	30
– Vextir af langtímaláni	104
– Vextir, aðrir	36
– Gengistap	240
Tap fyrir leiðréttingu vegna verðbreytinga	350
Hagnaður vegna verðbreytinga 0,5 × 800	400
Hagnaður	50

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. 12. 1979

Atvinnutæki	1500		Skammtímaskuldir	210
– afskrifað	150		Gengistryggt lán	910
		1350	Hlutafé	200
Birgðir, viðskiptakröfur o. fl.		120	Endurmatsreikningur	100
			Hagnaður	50
		1470		1470

Breyting á fjárhagsstöðu:

Til ráðstöfunar:

Hagnaður fyrir vexti	30
+ Afskriftir	150
– Vextir	140
Frá rekstri	40
– Afborgun láns	130
Aukning skammtímaskulda	90

Í þessu tilfelli má sjá að niðurstaða endurmatsreiknings er 50% af eigin fé í upphafi tímabilsins. Verðrýrnun eigin fjár hefur því verið leiðrétt og mismunurinn er hagnaður 50.

Peningar til ráðstöfunar frá rekstri eru hins vegar aðeins 40 og þegar afborgun hefur verið greidd af láni verður að taka lán að upphæð 90 til að geta staðið við það.

Ástæða þess er eftirfarandi:

Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	50
– Nettó hagnaður vegna verðbreytinga	160
Tap án verðbreytingahagnaðar	110
+ Afskriftir	150
– Afborgun láns	130
Aukning skammtímaskulda	90

Jafnvel þótt hér sé um hagnað að ræða innan ársins er hann ekki útborganlegur. Hagnaður vegna verðbreytinga er eftirfarandi:

800 × 0,5	400
– Gengistap	240
	160

Er þá litið á vaxtagreiðsluna 104 sem slíka greiðslu, en ekki vegna verðbreytinga, þótt vaxtaupphæðin feli eflaust í sér slíka áhættu. Reiknaður hagnaður vegna verðbreytinga umfram gjaldfærða upphækkun lánsins er því 160.

Skattlagning slíks hagnaðar skapar svipuð vandamál og ef lántakandi þyrfti að greiða

fullar verðbætur á lánsupphæð árlega, þannig að höfuðstóll hækki ekki. Hér þarf því að fara fram frestun á skattlagningu. Slík frestun getur átt sér stað á tvennan hátt.

Lög nr. 40/1978 gera ráð fyrir að færður sé mótreikningur, sbr. 45. gr. Færsla á mótreikninginn yrði í þessu tilfelli 400 og til tekna færist árlega 15%, eða 60 fyrsta árið. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að aðeins er heimilt samkvæmt lögunum að gjaldfæra verðbætur og gengismun á afborganir. Í þessu tilfelli væri sú gjaldfærsla 30 í stað 240. Skattskyldur hagnaður vegna verðbreytinga verður í því tilfelli mismunurinn á 60 og 30 eða 30. Tap samkvæmt rekstrarreikningi verður þá í þessu tilfelli 100 og því ekki um skattskyldan hagnað að ræða.

Samkvæmt breytingartillögunum verður skattskyldur hagnaður vegna verðbreytinga 160 að frádreginni heimild til fyrningar skv. 44. gr. 100 (400 × 0,25) eða 60. Fyringarheimildin er meiri en hagnaði nam (50) og því verður ekki um skattskyldan hagnað að ræða í þessu einstaka tilfelli. Það er mjög erfitt að setja algilda reglu um heimild til frestunar á skattlagningu verðbreytingarhagnaðar. Það fer mjög eftir lánstíma og lánskjörum viðkomandi fyrirtækis. Í dæminu hér að framan var verðbreytingarhagnaður 160 og gæti því verið eðlilegt að fresta skattlagningu á 140, þar sem eitt ár er lítið af átta ára lánstíma. Önnur rök eru einnig mikilvæg við þetta mat, svo sem möguleikar fyrirtækisins til öflunar tekna sem samsvara a. m. k. verðrýrnun skuldanna.

Að athuguðu máli hefur ekki þótt fært að breytilegar reglur gildi um heimild til frestunar á skattlagningu verðbreytingarhagnaðar. Því er lagt til að heimilt verði að fyrna eignir aukalega sem samsvarar 25% af verðbreytingarhagnaði án tillits til aðstæðna.

5. Nokkur skýringardæmi

Til frekari skýringa á ákvæðum laganna ásamt breytingartillögum eru eftirfarandi dæmi sett fram. Miðað er við 50% verðbreytingu milli ára. Með þessum dæmum er ekki hægt að draga almenna ályktun af áhrifum breytinganna. Áhrifin verða mjög mismunandi í hinum ýmsu fyrirtækjum og greinum atvinnurekstrar. Fer það m. a. eftir skuldum, lánskjörum og aldri eigna viðkomandi fyrirtækja. Einnig skiptir máli í samanburði hvort fyrirtækið hefur notað hámarksheimildir fyrri laga varðandi afskriftir. Dæmin styðjast við ákveðnar fyrirmyndir en eru verulega einfölduð.

Dæmi 1
Fiskiðnaðarfyrirtæki

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1979

		31.12.1979	
	31.12.1978	Skv. eldri lögum	Skv. nýjum lögum og breyttillögum
Eignir:			
Peningaeignir, viðskiptakröfur, birgðir o. þ. h.	455	500	500
Fyrnanlegar eignir	495	445	1020
Gengismunur	40	55	20
	990	1000	1540
Skuldir og eigið fé:			
Skuldir	740	700	700
Eigið fé	250	300	840
	990	1000	1540

NIÐURSTÖÐUR REKSTRARREIKNINGS 1979

	Skv. eldri lögum	Skv. nýjum lögum og breyttillögum
Hagnaður fyrir afskriftir og vexti	200	200
Afskriftir	(50)	(101)
Vextir og gengistap	(100)	(135)
Tekjufærsla vegna verðbreytinga 50% af (740 − 455)		143
Hagnaður	50	107
Heimild til aukafyrningar, 25% af 143		(36)
Skattskyldur hagnaður	50	71

Í þessu dæmi er um að ræða fyrirtæki sem skuldar 285 umfram peningaeignir, viðskiptakröfur og birgðir í upphafi árs. Tekjufærsla samkvæmt 53. gr. verður því 143. Afskriftir hækka úr 50 í 101 vegna endurmats eigna. Gjaldfært gengistap hækkar um 35 þar sem gengistap er gjaldfært eins og annar fjármagnskostnaður í stað þess að áður var slíkum kostnaði dreift á 5 ár eða meira. Fyrirtækið hefur heimild til að fresta skattlagningu á 25% af verðbreytingarhagnaði eða 36. Niðurstaðan er sú að skattskyldur hagnaður verður 71 í stað 50 samkvæmt eldri lögum nr. 68/1971. Eignarskattsstofn var 300 en verður 840 en sú breyting er afleiðing endurmats eigna.

Dæmi 2
Bátaútgerð

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1979

		31.12.1979	
	31.12.1978	Skv. eldri lögum	Skv. nýjum lögum og breyttillögum
Eignir:			
Peningaeignir, birgðir viðskiptakröfur, o. þ. h.	50	95	95
Fyrnanlegar eignir, 3 bátar	325	265	545
Gengismunur	65	70	50
	440	430	690
Skuldir og eigið fé:			
Skuldir	290	270	270
Eigið fé	150	160	420
	440	430	690

NIÐURSTÖÐUR REKSTRARREIKNINGS 1979

	Skv. eldri lögum	Skv. nýjum lögum og breyttillögum
Hagnaður fyrir afskriftir og vexti	120	120
Afskriftir	(60)	(60)
Vextir og gengistap	(50)	(70)
Tekjufærsla vegna verðbreytinga 50% af (290 – 50)		120
Hagnaður	10	110
Heimild til aukafyrningar, 25% af 120		(30)
Skattskyldur hagnaður	10	80

Í þessu dæmi er um að ræða bátaútgerð sem á báta frá árunum 1975, 1976 og 1978. Afskriftir samkvæmt eldri lögum eru hámarksafskriftir, 17% af kostnaðarverði. Þrátt fyrir endurmat breytast afskriftir ekki vegna þess að afskriftarhlutfall lækkar í 8%. Skuldir fyrirtækisins eru að miklum hluta innlendar skuldir með lágum vöxtum. Tekjufærslan hefur því mjög mikil áhrif í þessu tilfelli og fer skattskyldur hagnaður úr 10 í 80. Eignarskattsstofn hækkar vegna endurmats úr 160 í 420.

Dæmi 3
Togaraútgerð

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1979

		31.12.1979	
	31.12.1978	Skv. eldri lögum	Skv. nýjum lögum og breyttillögum
Eignir:			
Peningaeignir, viðskiptakröfur, veiðarfæri	75	99	99
Fyrnanlegar eignir	130	94	647
Gengismunur	100	175	64
	305	368	810
Skuldir og eigið fé:			
Skuldir	345	472	472
Eigið fé	(40)	(104)	338
	305	368	810

NIÐURSTÖÐUR REKSTRARREIKNINGS 1979

	Skv. eldri lögum	Skv. nýjum lögum og breyttillögum
Hagnaður fyrir afskriftir og vexti	111	111
Afskriftir	(36)	(98)
Vextir og gengistap	(139)	(250)
Tekjufærsla vegna verðbreytinga, 50% af (345 – 75)		135
(Tap)	(64)	(102)

Hér er um að ræða fyrirtæki sem rekur togara sem keyptur er 1974. Afskriftir hækka verulega vegna endurmats þar sem hér er um 5 ára gamla eign að ræða. Skuldir fyrirtækisins eru að verulegu leyti í erlendum gjaldmiðli sem hefur hækkað sem nemur 60—70%. Fjármagnskostnaður er því mjög mikill og verður niðurstaðan sú að tap fyrirtækisins fer úr 64 í 102.

Dæmi 4
Verslunarfyrirtæki

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1979

		31.12.1979	
	31.12.1978	Skv. eldri lögum	Skv. nýjum lögum og breyttillögum
Eignir:			
Peningaeignir, viðskiptakröfur, birgðir o. fl. ..	60	76	76
Fyrnanlegar eignir	12	10	26
	72	86	102
Skuldir og eigið fé:			
Skuldir	30	30	30
Eigið fé	42	56	72
	72	86	102

NIÐURSTÖÐUR REKSTRARREIKNINGS 1979

	Skv. eldri lögum	Skv. nýjum lögum og breyttillögum
Hagnaður fyrir afskriftir og vexti	20	20
Afskriftir	(2)	(4)
Vextir	(4)	(4)
Gjaldfærsla vegna verðbreytinga, 50% af (60 − 30)		(15)
Hagnaður (tap)	14	(3)

Þetta fyrirtæki á lítið af fyrnanlegum eignum og fjármagnar vörubirgðir að verulegu leyti með eigin fé. Vörubirgðir hækka í krónum talið án þess að þær breytist að magni og gæðum. Í slíkum tilfellum er um tap að ræða vegna verðlagsþróunar, sem er heimilt að gjaldfæra. Með því er tekið tillit til verðrýrnunar birgða og peningalegra eigna á sama hátt og skulda.

Á það má benda í þessu tilfelli að ef gjaldfærsla væri ekki leyfð er hætt við að fyrirtækið fjárfesti í fyrnanlegum eignum fyrir skuldir, þannig að skuldir næmu a. m. k. jafnri fjárhæð og peningaeignir, viðskiptakröfur, vörubirgðir o. fl.

Dæmi 5
Þjónustufyrirtæki

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1979

	31.12.1978	31.12.1979 Skv. eldri lögum	31.12.1979 Skv. nýjum lögum og breyttillögum
Eignir:			
Peningaeignir, viðskiptakröfur, birgðir	27	45	45
Fyrnanlegar eignir	173	145	280
	200	190	325
Skuldir og eigið fé:			
Skuldir	140	160	160
Eigið fé	60	30	165
	200	190	325

NIÐURSTÖÐUR REKSTRARREIKNINGS 1979

	Skv. eldri lögum	Skv. nýjum lögum og breyttillögum
Hagnaður fyrir afskriftir og vexti	10	10
Afskriftir	(28)	(46)
Vextir	(12)	(12)
Tekjufærsla vegna verðbreytinga, 50% af (140 − 27)		57
(Tap) hagnaður	(30)	9
Heimild til aukafyrningar allt að 25% af 57		(9)
(Tap) hagnaður	(30)	0

Þjónustufyrirtæki þetta skuldar verulegar fjárhæðir vegna fyrnanlegra eigna, en fjármagnskostnaður er lítill miðað við skuldir. Afskriftir hækka úr 28 í 46 en tekjufærsla vegna verðbreytinga 57 gerir það að verkum að hagnaður verður 9 í stað taps 30. Heimild til 25% aukafyrningar af verðbreytingarhagnaði verður þess valdandi að ekki verður um skattskyldar tekjur að ræða.

Dæmi 6
Fiskvinnslu- og útgerðarfélag

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1979

		31.12.1979	
	31.12.1978	Skv. eldri lögum	Skv. nýjum lögum og breyttillögum
Eignir:			
Peningaeignir, viðskiptakröfur, birgðir o. þ. h.	250	250	250
Fyrnanlegar eignir	550	470	890
Gengismunur	200	320	160
	1000	1040	1300
Skuldir og eigið fé:			
Skuldir	1050	1300	1300
Eigið fé	(50)	(260)	0
	1000	1040	1300

NIÐURSTÖÐUR REKSTRARREIKNINGS 1979

	Skv. eldri lögum	Skv. nýjum lögum og breyttillögum
Hagnaður fyrir afskriftir og vexti	100	100
Afskriftir	(80)	(110)
Vextir og gengistap	(230)	(390)
Tekjufærsla vegna verðbreytinga, 50% af (1050 − 250)		400
(Tap) hagnaður	(210)	0

Fyrirtæki þetta er með mikinn taprekstur á árinu 1979. Afskriftir hækka úr 80 í 110 vegna endurmats og gjaldfærsla fjármagnskostnaðar hækkar úr 230 í 390 þar sem gengistap kemur allt til frádráttar. Fyrirtækið skuldar mjög mikið og af þeim skökum verður tekjufærsla vegna verðbreytinga þess valdandi að í stað taps 210 verður niðurstaða rekstrarreiknings 0.

Dæmi 7
Verslunar- og fasteignarekstur

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1979

		31.12.1979	
	31.12.1978	Skv. eldri lögum	Skv. nýjum lögum og breyttillögum
Eignir:			
Peningaeignir, viðskiptakröfur, birgðir o. fl. ..	70	85	85
Fyrnanlegar eignir	630	620	830
	700	705	915
Skuldir og eigið fé:			
Skuldir	480	510	510
Eigið fé	220	195	405
	700	705	915

NIÐURSTÖÐUR REKSTRARREIKNINGS 1979

	Skv. eldri lögum	Skv. nýjum lögum og breyttillögum
Hagnaður fyrir afskriftir og vexti	145	145
Afskriftir	(13)	(18)
Vextir og verðbætur	(150)	(150)
Tekjufærsla vegna verðbreytinga, 50% af (480 – 70) ...		205
(Tap) hagnaður	(18)	182
Aukafyrning 25% af 205		51
(Tap) Skattskyldur hagnaður	(18)	131

Þetta fyrirtæki rekur verslun og leigir út húsnæði. Það er með verulega fjárfestingu í fyrnanlegum eignum sem fjármögnuð er með lánum. Fyrirtækið nýtur verðrýrnunar skulda samkvæmt eldri lögunum en fær verulega tekjufærslu vegna verðbreytinga samkvæmt frumvarpinu. Tap samkvæmt eldri lögunum er 18 en samkvæmt frumvarpinu verður hagnaður 131.

II EINSTAKLINGAR

Hér að framan hefur verið rakið á hvern hátt verðbreytingar hafa leikið tekjuhugtakið og eignahugtakið sem grundvöll fyrir skattlagningu atvinnurekstrar. Þar kemur einnig fram hvernig brugðist er við þeim vandamálum.

Þau vandamál sem hafa skapast við skattlagningu í atvinnurekstri eru svipuð hjá einstaklingum. Ekki hefur verið tekið tillit til áhrifa verðbólgunnar við skattlagningu þeirra nema að litlu leyti. Fengnir vextir eru í mörgum tilfellum taldir til tekna og skattlagðir en greiddir vextir eru frádráttarbærir. Vaxtahlutföll hafa hin síðari ár farið síhækkandi til þess að vega upp á móti vaxandi verðbólgu. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú að eigendur fjárkrafna hafa orðið að sæta því að hækkandi „fjármagnstekjur" hafa verið skattlagðar enda þótt í reynd hafi bilið milli verðbólgustigs og „vaxtatekna" síst mjókkað og tap þeirra af því að eiga þessar kröfur því fremur aukist en hitt. Á sama hátt hafa skuldarar getað gjaldfært æ hærri vaxtafjárhæðir á sama tíma og hagnaður þeirra af lækkun höfuðstóls skuldanna hefur aukist hröðum skrefum.

Í 44. og 45. gr. laga nr. 40/1978 er m. a. tekið á þessum verðbreytingamálum varðandi atvinnurekstur. Í 21. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nokkrum breytingum á ákvæðum laganna. Þannig endurskoðuð fela ákvæðin í raun í sér að peningakröfueigendur í atvinnurekstri geta gjaldfært mun á verðbólgustigi og „fjármagnstekjum" ef vextir eru neikvæðir en til tekna komi endanlega einungis vextir umfram verðbólgustig. Á sama hátt geta skuldarar í rekstri einungis að lokum gjaldfært þann hluta fjármagnskostnaðar sem umfram er verðbólgustig en séu vextir lægri en verðbólgustigið fær skattaðili í reynd tekjufærslu vegna skuldanna. Með þessu er skattlagningin miðuð við raunvirði peningaeigna og skulda. Tekið er tillit til áhrifa verðbólgunnar. Þar sem vextir eru almennt undir verðbólgustiginu hafa þessar reglur í för með sér að almennt munu skuldarar í rekstri ekki einungis missa vaxtafrádrátt heldur og fá tekjufærslu vegna skulda sinna. Þeir sem eiga peningaverðseignir í rekstri umfram skuldir munu almennt ekki einungis losna við að fá til tekna vextina heldur og fá gjaldfærslu vegna þessara eigna.

Með lögum nr. 40/1978 var lagt til að verulegar breytingar yrðu varðandi verðbreytingar í atvinnurekstri en hins vegar voru ekki verulegar breytingar á fjármagnstekjum og kostnaði manna utan atvinnurekstrar. Þar skyldu vaxtagjöld frádráttarbær að fullu en vaxtatekjur að fullu skattskyldar með mikilvægri undantekningu varðandi sparifé. Af þessu leiðir gífurlegt ósamræmi milli einstaklinga utan rekstrar og aðila í atvinnurekstri.

Slíkt ósamræmi er mjög óheppilegt og skapar tilhneigingu til millifærslu eigna og skulda. Það hefur þótt nauðsynlegt að finna leið til að afnema eða draga úr þessu ósamræmi. Til greina kemur að taka upp hliðstæðar reglur um einstaklinga og lagt er til að gildi um atvinnurekstur. Slík breyting hefði í för með sér geysilega róttækar breytingar á skattbyrði. Sérstaklega snertir slík breyting tilfinnanlega þá er bera mikil vaxtagjöld. Þótt áhrif breytinganna séu mikil í atvinnurekstri koma önnur ákvæði þar á móti. Þar má einkum nefna fyrningu af endurmetnu verði. Í frumvarpinu er lagt til að draga úr ósamræminu með öðrum hætti. Tekin er upp sú almenna regla að vaxtatekjur manna utan rekstrar komi ekki til skattlagningar með tilliti til þess að leyfilegir hámarksvextir viðhalda ekki raungildi eigna við núverandi ástand. Einnig er almenna reglan sú að vaxtagjöld verði á sama hátt ekki frádráttarbær. Afnám frádráttarins myndi hins vegar skapa gífurlega erfiðleika hjá þeim aðilum sem eru að komast yfir eigið húsnæði eða eiga það eftir. Hér er því lagt til, þrátt fyrir meginregluna, að vaxtagjöld verði frádráttarbær vegna öflunar eigin húsnæðis innan ákveðinna marka. Þau mörk eru að sjálfsögðu vandfundin. Við ákvörðun slíkra marka verður fyrst og fremst að hafa í huga þann hóp fólks sem verst er sett vegna öflunar eigin húsnæðis og koma þá m. a. eftirfarandi atriði til álita:

1. **Tegund lána.** Það meginsjónarmið sem lagt er til grundvallar er að vaxtagjöld séu aðeins frádráttarbær hjá einstaklingum utan atvinnurekstrar ef þau eru tilkomin vegna öflunar húsnæðis til eigin nota. Í flestum tilfellum eru slík lán tryggð með veði í fasteignum til

lengri eða skemmri tíma. Lán til skemmri tíma en til þriggja ára eru ekki algeng í slíkum tilfellum og er miðað við þann lánstíma.

Þegar um nýbyggingu er að ræða eru framkvæmdir fjármagnaðar með ýmsu móti. Í fyrstu eru margvíslegar lausaskuldir sem síðan er breytt að einhverju eða öllu leyti í lengri lán. Ef vaxtafrádráttur yrði eingöngu miðaður við fasteignatryggð lán til lengri tíma kæmi það mjög illa við þá sem í framkvæmdum standa.

Til að koma til móts við þessi sjónarmið er lagt til að öll vaxtagjöld vegna nýbyggingar eða kaupa íbúðarhúsnæðis til eigin nota séu frádráttarbær á næstu þremur skattárum frá því að bygging var hafin eða kaup gerð.

2. **Hámark vaxta- og verðtryggingarfrádráttar.** Meginsjónarmiðið er að létta fólki að komast yfir húsnæði sem er hæfilegt til eigin nota. Hinir tekjuhærri stofna almennt til meiri fjárfestingar og standa undir meiri vaxtakostnaði. Takmarkalaus vaxtafrádráttur kæmi því fyrst og fremst þeim til góða.

Vilji til slíkrar takmörkunar hefur verið áberandi í pólitískri umræðu um frádráttarbærni vaxta, en hins vegar hefur ávallt komið skýrt fram að taka verði tillit til þeirrar kynslóðar fólks sem háir harða baráttu að byggja sér og sínum framtíðarheimili. Við mat á hæfilegu hámarki má meðal annars líta til þess hve fólk með almennar tekjur getur staðið undir miklum greiðslum. Erfitt er að finna ákveðna viðmiðun þar sem fólk leggur oft mikla vinnu af mörkum til að ná takmarki sínu. En almennt má segja að hámarksfrádráttur, 1 500 000 kr. hjá einstaklingi og 3 000 000 kr. hjá hjónum, sé innan þessara marka.

Lögin gera einnig ráð fyrir að til frádráttar teljist vextir og áfallnar verðbætur á afborganir. Með þessu er fyrst og fremst litið til þeirrar byrði sem lánin eru á viðkomandi skattþegn en ekki verðbóta sem koma til greiðslu eftir langan tíma. Útlánastefna sem gerir ráð fyrir lágum vöxtum og verðbótum gerir það að verkum að greiðslubyrði lækkar í fyrstu og hefur það áhrif á hæfilegt hámark frádráttar.

Ýmislegt annað hefur áhrif á val þessa hámarks, sem er að sjálfsögðu ekki algilt og krefst stöðugs endurmats í ljósi aðstæðna og ríkjandi sjónarmiða á hverjum tíma.

Þar sem nú er liðið að lokum tekjuársins 1979 þykir þó ekki fært að leggja til að þessi breytta vaxtameðferð einstaklinga verði látin koma til framkvæmda við álagningu á tekjur þess árs. Er í 40. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að þessi ákvæði um breytta meðferð á vaxtatekjum og vaxtagjöldum einstaklinga komi til framkvæmda ári síðar en önnur ákvæði frumvarpsins.

III ÁHRIF AUKINNAR VERÐTRYGGINGAR FJÁRSKULDBINDINGA

Að undanförnu hefur verðtrygging útlána farið í vöxt og stefnt er að frekari verðtryggingu samkvæmt lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. frá 10. apríl 1979. Þessi ákvæði munu eflaust hafa veruleg áhrif. Ljóst er að verðtrygging útlána eyðir þeim hagnaði sem aðili hefur af því að skulda við verðbólguaðstæður og hefur því veruleg áhrif á stöðu skuldara.

Þau sjónarmið hafa komið fram að þar sem verðbætur séu greiðsla fyrir verðrýrnun skulda sé ekki rétt að heimila skattalegan frádrátt vegna þeirra eða telja þær til tekna. Þessi sjónarmið eiga vissulega við rök að styðjast en við nánari athugun kemur í ljós að líta verður á þetta mál í mun víðara samhengi. Meðferð vaxta, verðbóta og gengismunar í skattframtölum atvinnurekstrarins er aðeins hluti af því stóra máli, sem til skoðunar kemur, þegar meta skal áhrif verðbólgu á reikningsskil fyrirtækja og þar með á skattalegar niðurstöður sem lagðar eru til grundvallar við skattlagningu. Aðgreining verðbóta frá vöxtum við þær aðstæður sem nú er búið við hér á landi kemur þar ekki að neinu haldi og getur jafnvel aukið á það misræmi og misrétti sem nú er búið við í skattalegu tilliti að því er atvinnurekstur varðar.

Áhrif verðbreytinga á atvinnureksturinn verður að meta miðað við stöðu hvers og eins. Það fyrirtæki sem þarf t. d. að binda eigið fé í útistandandi viðskiptaskuldum, sjóðseign,

bankainnstæðum og öðrum veltufjármunum, sem bera vexti sem eru langt undir verðbólguhlutfallinu eða bera jafnvel enga vexti, er að tapa á verðbólgunni. Aðgreining vaxta og verðbóta hjálpar ekkert í því tilviki. Á sama hátt eru þeir að hagnast á verðbólgunni sem skulda án þess að greiða vexti af skuldum eða greiða vexti sem eru langt undir verðbólguhlutfallinu.

Almennar skuldir atvinnurekstrarins eru með mjög fjölbreytilegum kjörum og sama er að segja um eignir atvinnurekstrarins, svo sem bankainnstæður, viðskiptakröfur, verðbréf o. fl. Nefna má t. d. hæstu vexti með verðbótaþætti, margs konar millivexti af skuldum og innstæðum, dráttarvexti, fulla verðtryggingu auk lágra vaxta, verðtryggingu að hluta og hærri vexti og mjög misháa vexti af skuldum og innstæðum í erlendum gjaldmiðlum með breytilegu gengi gagnvart íslenskri krónu. Þá er loks að nefna að fjölmargar skuldir og kröfur atvinnurekstrarins bera enga vexti. Ljóst er að aðgreining verðbótaþáttar og vaxta verður að teljast illframkvæmanleg, auk þess sem slík aðgreining kemur ekki að notum við lausn þess viðfangsefnis að mæla áhrif verðbreytinga á reikningsskil atvinnurekstrarins eins og áður segir.

Hinar nýju reglur um verðtryggingu fjárskuldbindinga draga því ekki úr nauðsyn þeirra breytinga sem lög nr. 40/1978 og frumvarp þetta gera ráð fyrir. Með því er stefnt að því meginmarkmiði að meta áhrif verðbreytinga á eigin fjárstöðu atvinnurekstrarins. Að því leyti sem fært þótti að fara inn á þessa braut eru notaðar hliðstæðar aðferðir og almennt eru viðurkenndar af fræðimönnum við gerð svokallaðra vísitölureikningsskila og lýst var hér að framan. Með þeim er stefnt að leiðréttingu á mun fleiri liðum reikningsskilanna en vextir, verðbætur og gengismunur hefur áhrif á, svo sem margs konar skammtímakröfum, skammtímaskuldum, vörubirgðum og öðru peningalegu veltufé.

IV FJÁRHAGSLEG ÁHRIF FRUMVARPSINS VEGNA BREYTINGA Á SKATTSTOFNUM

Það er ljóst, að þær breytingar sem felast í lögum nr. 40/1978 ásamt breytingartillögum skv. frumvarpinu munu hafa mikil áhrif varðandi skattlagningu í atvinnurekstri. Hins vegar er mjög erfitt að áætla hvaða áhrif breytingin hefur á tekjur ríkissjóðs. Breytingin er aðeins útreiknanleg með því að umbreyta framtölum einstakra aðila. Hvaða áhrif breytingin hefur á einstakan aðila er háð aldri eigna, skuldum, lánskjörum o. fl. Það er því óvinnandi verk að áætla áhrifin á tekjur ríkissjóðs með sæmilegri vissu. Hér er um mjög róttækar breytingar að ræða og slíkum breytingum fylgir ávallt nokkur óvissa. Þegar framtöl fara að berast í nokkrum mæli verður betra að áætla áhrifin og athuga hvort ástæða er til endurskoðunar einstakra ákvæða. Slík endurskoðun þyrfti fyrst og fremst að beinast að heimild til frestunar á skattlagningu verðbreytingarhagnaðar, sbr. 44. gr. eða 17. gr. frumvarpsins. Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimilt sé að fresta 25% af verðbreytingarhagnaði, en þetta hlutfall hefur grundvallarþýðingu varðandi áhrif á skattlagningu og skattbyrði.

Endurmat eigna hefur þau áhrif að eignarskattsstofn hækkar verulega og þrátt fyrir lækkun á eignarskattshlutfalli má gera ráð fyrir hækkun á eignarskatti aðila í atvinnurekstri.

Með tilliti til þeirrar óvissu sem er varðandi áhrif laganna á tekjur ríkissjóðs við skattlagningu atvinnurekstrar þótti ekki mögulegt að gera ráð fyrir öðru en óbreyttum tekjum við skattlagningu félaga að teknu tilliti til verðbreytinga milli ára.

Aðalatriðið er að tekju- og eignarskattar séu lagðir á skattstofna í hlutfalli við raunverulega afkomu og eignir, og á það er lögð megináhersla. Afkoman ræðst af almennum skilyrðum í þjóðfélaginu og er því grundvallaratriði varðandi tekjur ríkissjóðs. Ýmsir skattar atvinnurekstrarins voru hækkaðir við álagningu ársins 1979. Þessir skattar koma til frádráttar tekjuskatti. Má þar nefna aðstöðugjald, nýbyggingargjald, slysa-, líf- og atvinnuleysistryggingu, sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og fasteignagjöld. Á þetta er bent vegna þess að þótt lögin sem slík hafi vissulega áhrif á skattlagningu eignanna hafa almenn skilyrði og önnur skattlagning grundvallarþýðingu.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að samlögum og öðrum þeim samtökum er falla undir 4. tl. 2. gr. laga nr. 40/1978 verði gert að skila sambærilegum gögnum við skráningu og sameignarfélögum.

Um 2. gr.

Í a-lið er lagt til að tekin verði upp almenn skilgreining á því hvað teljist tekjur. Tekjuhugtakið verður að vísu aldrei skilgreint tæmandi með einni setningu en slík skilgreining hefur þó verið í tekjuskattslögum allt frá því að fyrstu almennu tekjuskattslögin voru sett árið 1921 og þykir varhugavert að sleppa henni alveg. Er málsliðurinn næstum samhljóða upphafsmálslið 7. gr. laga nr. 68/1971 en þaðan er orðalagið komið úr 8. gr. laga nr. 74/1921. Í þessari orðalagsbreytingu felst ekki efnisbreyting frá lögum nr. 40/1978, sbr. 9. tl. C-liðar 7. gr. þeirra, en þó verður að telja að með þessu orðalagi sé lögð á það aukin áhersla að tekjuhugtakið verði að skýra mjög rúmt og að sú upptalning er á eftir fylgir sé alls ekki tæmandi heldur einungis tekin í dæmaskyni.

Í b- og c-lið er lagt til að eftirlaun séu skattalega lögð að jöfnu við lífeyri, enda sambærilegar greiðslur sem ekki eru skýr mörk á milli.

Um d-lið: Hér er lagt til að barnalífeyrir sem greiddur er skv. 14. og 35. gr. almannatryggingalaga, vegna áfalla eða erfiðra aðstæðna, verði undanþeginn skattskyldu á sama hátt og barnsmeðlög ef annað hvort foreldra er látið eða barn er ófeðrað. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 68/1971 hefur almenna reglan verið sú að greiðslur þessar hafa verið skattskyldar að hálfu.

Í e-lið er lagt til að tekin verði af öll tvímæli um að allar tekjur tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi falli undir B-lið greinarinnar, enda þótt eðli sínu samkvæmt kunni tekjurnar einnig að falla undir einhvern annan lið í greininni. Sé útleiga húsnæðis eða lausafjár t. d. orðin svo umfangsmikil að unnt sé að telja að um atvinnurekstur sé að ræða skulu leigutekjurnar taldar falla undir B-lið 7. gr. en ekki 1. tl. C-liðar, en það getur skipt allverulegu máli fyrir gjaldþegn undir hvorn liðinn tekjurnar teljast falla.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að almenna reglan verði sú að til tekna skuli teljast verðbætur á höfuðstól og vexti í stað verðbóta á afborganir og vexti. Í þessu felst að hækkun á höfuðstól vísitölutryggðrar kröfu eða inneignar á skattárinu telst til tekna án tillits til þess hvort eða að hvaða marki sú hækkun fæst greidd á árinu í formi hækkunar afborgana. Í framhaldi af þessu er lagt til að gengishagnaður skuli allur tekjufærður á því ári sem gengisbreyting á sér stað. Ástæðan fyrir því að tillaga er gerð um að tekjufæra þegar í stað hækkun á nafnverði höfuðstóls verðtryggðra krafna eða inneigna er sú að skv. 22. gr. frumvarpsins miðast gjaldfærsla, sem kemur til leiðréttingar þessum fjármagnstekjum, við höfuðstól. Nettóáhrif þessara greina beggja eru því þau að skattskyldir verða einungis vextir umfram verðbólgustig. Séu vaxtatekjur hins vegar minni en nemur verðbólgustiginu telst mismunur á verðrýrnun höfuðstólsins og vöxtunum til gjalda. Hliðstæðar tillögur eru gerðar til breytinga á ákvæðum 51. gr. laga nr. 40/1978 um vaxtagjöld, sbr. 20. gr. frumvarpsins.

Þessar breytingartillögur snerta einungis vaxtatekjur lögaðila og vaxtatekjur manna sem tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Vaxtatekjur manna utan rekstrar eru í heild frádráttarbærar frá tekjum skv. a-lið 10. gr. frumvarps þessa en vaxtatekjur af öðru en sparifé geta hins vegar skert heimild til vaxtafrádráttar skv. d-lið 10. gr. frumvarpsins og þykir ekki fært að láta þá skerðingu miðast við annað en verðbætur af afborgunum og vöxtum.

Um þessi atriði vísast nánar til almennra athugasemda.

Um 4. gr.

Hér er vísað til ákvæðis til bráðabirgða IV sem heimilar val milli tveggja aðferða við endurmat fasteigna. Val endurmatsaðferðar er bindandi varðandi útreikning söluhagnaðar þegar þessar eignir eru seldar.

Um 5. gr.

Hér eru tekin af tvímæli um að yfirfæranleg rekstrartöp skuli notuð til frádráttar, áður en fyrning vegna söluhagnaðar er heimiluð.

Um 6. gr.

Samkvæmt 15. gr. laganna er söluhagnaður af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna, ávallt skattskyldur án tillits til eignarhaldstíma. Þar sem söluhagnaðurinn telst mismunur á söluverði og kaupverði, upphækkuðu eftir byggingarvísitölu, er hins vegar ljóst að sjaldnast verður um söluhagnað að ræða við sölu á eignum sem hafa tiltölulega skamman endingartíma. Afleiðingin af því að hafa þessa reglu almenna yrði því sú að á almenning og skattyfirvöld yrði lögð allveruleg vinna, t. d. við uppgjör og yfirferð vegna sölu einkabíla, án þess að um skattskyldan söluhagnað yrði að ræða nema í undantekningartilvikum. Slík skriffinnska, án verulegs tilgangs, er að sjálfsögðu óæskileg. Er því lagt til að söluhagnaður manna af lausafé sem ekki er notað í atvinnurekstri sé skattfrjáls nema sala þessara eigna falli undir atvinnurekstur skattaðila eða eignanna hafi verið aflað til að selja þær aftur með hagnaði. Er sönnunarbyrðin látin hvíla á gjaldanda, enda hætt við að reynt verði að misnota þessa hagræðingarreglu.

Ljóst er að skattyfirvöld geta ekki gert mjög strangar kröfur til þessarar sönnunar, en atriði sem hafa myndu veruleg áhrif á sönnunarmatið væri t. d. fjöldi þeirra lausafjármuna (t. d. bíla) sem viðkomandi gjaldandi hefði selt á viðkomandi skattári og hinum næstu á undan, aðstæður við kaup og sölu þessara lausafjármuna, þau not sem gjaldandi hefur haft af hlutnum á eignarhaldstíma o. s. frv.

Um 7. gr.

Stærðarmörk varðandi skattfrelsi söluhagnaðar íbúðarhúsnæðis skapa vandamál þegar skipt er um húsnæði. Ef nýtt íbúðarhúsnæði er keypt eða nýbygging hafin áður en selt er getur gjaldandi farið yfir stærðarmörk á ákveðnu tímabili þótt hann ætli sér að selja fyrra húsnæði og nota það til að greiða hið nýja. Þess vegna þykir nauðsynlegt að miða stærðarmörkin við stærð íbúðarhúsnæðis í eigu gjaldanda áður en nýbygging var hafin eða kaup fóru fram.

Í greinina skorti ákvæði um hvenær og hvernig skattleggja skyldi söluhagnað sem frestað hefur verið en síðan ekki varið til öflunar íbúðarhúsnæðis innan tilskilins tíma. Er hér lagt til að hliðstæðar reglur gildi um það og um söluhagnað sem heimilt er að fyrna, sbr. 13. gr. laganna.

Um 8. gr.

Kveðið er nánar á um hvenær skattyfirvöldum er heimilt að meta gangverð eigna í makaskiptasamningum. Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um að endurgjald, sem atvinnurekandi reiknar vegna vinnuframlags síns, teljist með þeim tekjum er einungis sæta frádrætti samkvæmt 30. gr. laganna. Með þessar tekjur skal því, hvað frádrátt snertir, farið á sama hátt og launatekjur frá ótengdum aðila.

Um 10. gr.

Eins og nánar er rætt í almennum athugasemdum hefur verðbólgan geysimikil áhrif á efnahag þeirra sem peningaverðseignir eiga sem og þeirra sem skulda. Við skattlagningu hefur hingað til ekki verið tekið tillit til þessara áhrifa. Þvert á móti hafa fengnir vextir verið taldir til tekna og skattlagðir en greiddir vextir verið frádráttarbærir. Þrátt fyrir þá staðreynd að vaxtahlutföll hafa hin síðari ár farið síhækkandi til þess að vega upp á móti vaxandi verðbólgu hafa vextir í þjóðfélaginu almennt verið undir verðbólgustiginu á undanförnum árum. Afleiðingin af þessu hefur orðið sú að eigendur fjárkrafna hafa orðið að sæta því að hækkandi „fjármagnstekjur“ hafa verið skattlagðar, enda þótt bilið milli verðbólgustigs og „vaxtatekna“ hafi í reynd síst mjókkað og tap þeirra af því að eiga þessar kröfur því fremur aukist en hitt. Á sama hátt hafa skuldarar getað gjaldfært æ hærri vaxtafjárhæðir á sama tíma og hagnaður þeirra af lækkun höfuðstóls skuldanna hefur aukist hröðum skrefum.

Við þessum vanda varðandi atvinnureksturinn er brugðist í lögum nr. 40/1978, m. a. með ákvæðum 44. og 45. gr. um tekjufærslu í atvinnurekstri vegna verðbreytinga af skuldum umfram tilteknar eignir. Í frumvarpi þessu, einkum 22. gr., eru nokkrar tillögur um endurskoðun þessara ákvæða. Þannig endurskoðuð fela ákvæðin í raun í sér að kröfueigendur í atvinnurekstri geta gjaldfært mun á verðbólgustigi og „fjármagnstekjum" ef vextir eru neikvæðir en til tekna koma endanlega einungis vextir umfram verðbólgustig. Á sama hátt geta skuldarar í rekstri einungis að lokum gjaldfært þann hluta fjármagnskostnaðar sem umfram er verðbólgustig en séu vextir lægri en verðbólgustigið fær skattaðili í reynd tekjufærslu vegna skuldanna. Þar sem vextir eru almennt undir verðbólgustiginu hafa þessar reglur í för með sér að almennt munu skuldarar í rekstri ekki einungis missa vaxtafrádrátt heldur og fá tekjufærslu vegna skulda sinna. Þeir sem eiga peningaverðseignir í rekstri umfram skuldir munu almennt ekki einungis losna við að fá til tekna vextina heldur og fá gjaldfærslu vegna þessara eigna.

Lög nr. 40/1978 gera hins vegar ekki ráð fyrir að hróflað verði við hefðbundnum reglum um „fjármagnstekjur" eða „fjármangskostnað" manna utan rekstrar. Þar skulu vaxtagjöld frádráttarbær að fullu en vaxtatekjur að fullu skattskyldar með mikilvægum undantekningum varðandi sparifé. Af þessu leiðir gífurlegt ósamræmi milli einstaklinga utan reksturs og aðila í atvinnurekstri. Vissulega kæmi til greina að taka upp hliðstæðar reglur um einstaklinga og þær sem lagt er til að gildi um atvinnurekstur. Ekki þykir þó á þessu stigi fært að ganga svo langt, þar sem slík breyting hefði í för með sér í einu vetfangi geysilega róttækar breytingar á skattbyrði, þar sem skattþunginn flyttist af sparifjáreigendum yfir á skuldara. Yrði slík skyndibreyting tilfinnanlegri utan rekstrar en innan vegna þess að ýmis önnur nýmæli í lögum nr. 40/1978, er vegið geta á móti þessari breytingu í rekstri, t. d. fyrning af endurmetnu verði, hafa ekki áhrif á menn utan rekstrar. Í a-, b- og d-lið þessarar greinar er lagt til að í stað slíkrar mótfærslu verði tekin upp sú meginregla að vaxtatekjur manna utan rekstrar komi ekki til skattlagningar en vaxtagjöld verði á hinn bóginn almennt ekki frádráttarbær hjá þessum aðilum. Afnám frádráttarins myndi hins vegar skapa gífurlega erfiðleika hjá þeim aðilum sem eru að komast yfir eigið húsnæði eða eiga það eftir. Hér því lagt til, þrátt fyrir meginregluna, að vaxtagjöld verði frádráttarbær vegna öflunar eigin húsnæðis innan ákveðinna marka.

Þau mörk eru að sjálfsögðu vandfundin. Við ákvörðun slíkra marka verður fyrst og fremst að hafa í huga þann hóp fólks sem verst er sett vegna öflunar eigin húsnæðis og koma þá m. a. eftirfarandi atriði til álita:

1. **Tegund lána.** Það meginsjónarmið sem lagt er til grundvallar er að vaxtagjöld séu aðeins frádráttarbær samkvæmt þessari grein ef þau eru tilkomin vegna öflunar húsnæðis til eigin nota. Í flestum tilfellum eru slík lán tryggð með veði í fasteignum til lengri eða skemmri tíma. Lán til skemmri tíma en til þriggja ára eru ekki algengt í slíkum tilfellum og er miðað við þann lánstíma.
   Þegar um nýbyggingu er að ræða eru framkvæmdir fjármagnaðar með ýmsu móti. Í fyrstu eru margvíslegar lausaskuldir sem síðan er breytt að einhverju eða öllu leyti í lengri lán. Ef vaxtafrádráttur yrði eingöngu miðaður við fasteignatryggð lán til lengri tíma kæmi það mjög illa við þá sem í framkvæmdum standa.
   Til að koma til móts við þessi sjónarmið er lagt til að öll vaxtagjöld vegna nýbyggingar eða kaupa íbúðarhúsnæðis til eigin nota séu frádráttarbær á næstu þremur skattárum frá því að bygging var hafin eða kaup gerð.

2. **Hámark vaxta- og verðtryggingarfrádrátta.** Meginsjónarmiðið er að létta fólki að komast yfir húsnæði sem er hæfilegt til eigin nota. Hinir tekjuhærri stofna almennt til meiri fjárfestingar og standa undir meiri vaxtakostnaði. Takmarkalaus vaxtafrádráttur kæmi því fyrst og fremst þeim til góða.
   Vilji til slíkrar takmörkunar hefur verið áberandi í pólitískri umræðu um frádráttarbærni vaxta, en hins vegar hefur ávallt komið skýrt fram að taka verði tillit til þeirrar kynslóðar fólks sem háir harða baráttu að byggja sér og sínum framtíðarheimili. Við mat á hæfilegu

hámarki má meðal annars líta til þess hve fólk með almennar tekjur getur staðið undir miklum greiðslum. Erfitt er að finna ákveðna viðmiðun þar sem fólk leggur oft mikla vinnu af mörkum til að ná takmarki sínu. En almennt má segja að hámarksfrádráttur, 1 500 000 kr. á einstaklingi og 3 000 000 kr. hjá hjónum, sé innan þessara marka.

Lögin gera einnig ráð fyrir að til frádráttar teljist vextir og áfallnar verðbætur á afborganir. Með þessu er fyrst og fremst litið til þeirrar byrði sem lánin eru á viðkomandi skattþegn, en ekki verðbóta sem koma til greiðslu eftir langan tíma. Útlánastefna sem gerir ráð fyrir lágum vöxtum og verðbótum gerir það að verkum að greiðslubyrði lækkar í fyrstu og hefur það áhrif á hæfilegt hámark frádráttar.

Ýmislegt annað hefur áhrif á val þessa hámarks, sem er að sjálfsögðu ekki algilt og krefst stöðugs endurmats í ljósi aðstæðna og ríkjandi sjónarmiða á hverjum tíma.

Þar sem nú er liðið að lokum tekjuársins 1979 þykir þó ekki fært að leggja til að þessi breytta vaxtameðferð einstaklinga verði látin koma til framkvæmda við álagningu á tekjur þess árs. Er í 40. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að þessi ákvæði um breytta meðferð á vaxtatekjum og vaxtagjöldum einstaklinga komi til framkvæmda ári síðar en önnur ákvæði frumvarpsins.

Um 11. gr.

Í a-lið greinarinnar er orðið nafnverð fellt niður þar sem um verðtryggðar skuldbindingar getur verið að ræða og er þá orðið nafnverð villandi. Vísað er til 2. mgr. 5. tl. 74. gr. laganna varðandi eignir þessar.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að heimilt verði að færa niður kostnaðarverð vörubirgða um 10%. Eðlilegt þykir að heimild til niðurfærslu sé að finna í þessari grein laganna en fram að þessu hefur heimildin aðeins verið í matsreglum eigna. Heimilt hefur verið að færa vörubirgðir niður um 30% fram að þessu. Með ákvæðum 22. gr. frumvarps þessa um tekju- og gjaldfærslu vegna verðbreytinga verður grundvallarbreyting á meðferð slíkra eigna. Vegna hinna nýju ákvæða eru forsendur niðurfærsluheimildarinnar verulega breyttar. Hins vegar er ávallt falin áhætta og kostnaður við geymslu vörubirgða og því eðlilegt að heimilt sé að færa vörubirgðir niður um allt að 10%. Með 44. gr. frumvarps þessa er kveðið á um að breytingin skuli verða í áföngum.

Í c-lið greinarinnar er lagt til að orðið verðbætur falli niður þar sem það er óþarft og getur verið villandi.

Í d-lið er lagt til að 7. tl. verði felldur niður. Þar sem endanleg niðurstaða mótfærslu skv. 22. gr. laga þessara felur í sér að í reynd eru einungis vaxtatekjur umfram verðbólgustig skattskyldar þykir óþarfi að hafa sérreglu um sparifjárvexti í atvinnurekstri.

Um 12. gr.

Í 1. mgr. felst sú efnisbreyting að fyrningarhlutföll eru lækkuð, en að athuguðu máli þóttu þau of há að teknu tilliti til stöðugs endurmats og raunverulegs endingartíma fyrnanlegra eigna, sbr. það sem segir í almennum athugasemdum.

Fyrningar skipa og skipsbúnaðar lækka úr 10% í 8%, loftfara og fylgihluta þeirra úr 12% í 10% og annarra véla og tækja úr 18% í 12%. Auk þess er heimild fjármálaráðherra til að ákveða hámarksfyrningu mannvirkja lækkuð úr 10% í 6%.

Í 1. málsl. 1. mgr. er gert að skyldu að fyrna eignir samkvæmt þeim hlutföllum sem fram koma í greininni en áður voru fyrningar frjálsar samkvæmt vali skattaðila að tilteknu hámarki. Með breytingunni er stefnt að því að fyrningar séu sambærilegar og séu ekki breytilegar eða jafnvel felldar niður með tilliti til afkomu. Rekstrartöp eru yfirfæranleg þar til þau eru að fullu jöfnuð en þau eru hins vegar ekki háð verðbreytingarákvæðum laganna. Ef skattaðili hefði frjálst val gæti hann haft veruleg áhrif á myndun rekstrartaps annars vegar og ófyrndar eftirstöðvar endurmetanlegra eigna hins vegar. Ef frjálst val ætti að vera um fyrningarhlutfall væri nauðsynlegt að beita verðbreytingarstuðli við útreikning yfirfæranlegra rekstrartapa, sem lögin gera ekki ráð fyrir.

Um13. gr.

Viðmiðun við skiptingu fyrningargrunns mannvirkja í fyrningarflokka er breytt úr rúmmáli í fasteignamat. Ef fasteignamat er ekki fyrir hendi skal þó miða við rúmmál. Fasteignamatið er eðlilegri viðmiðun þar sem það gerir ráð fyrir mismunandi verðmætamati eftir gerð einstakra byggingarhluta.

Um 14.–17. gr.

Í þessum greinum felast engar efnisbreytingar frá ákvæðum laga nr. 40/1978. 14., 15. og 16. gr. frumvarpsins eru orðréttar eins og 40. gr. laga nr. 40/1978. 17. gr. frv. er samhljóða 41. gr. laga nr. 40/1978. Ástæður fyrir þessum formbreytingum eru eingöngu þær að aðlaga greinaröð laganna að breyttri staðsetningu ákvæðis um tekju- eða gjaldfærslu vegna verðbreytinga.

Um 18. gr.

Samkvæmt ákvæðum 22. gr. í frumvarpinu er lagt til að mótreikningur fyrninga samkvæmt 44. og 45. gr. laganna skuli lagður niður. Samkvæmt 45. gr. laga nr. 40/1978 skal 15% af tekjufærslu koma til tekna á skattári en skattlagningu 85% er frestað með færslu á mótreikning fyrninga. Hefur þótt einfaldara og eðlilegra að sú frestun sem verði heimiluð á skattlagningu vegna verðbreytinga færist til lækkunar fyrnanlegra eigna og lækki þar með fyrningarmöguleika. Í stað þess að heimila frestun á 85% af tekjum vegna verðbreytinga er lagt til að aðeins verði heimilt að fresta 25% tekjufærslu. Í því sambandi verður einnig að hafa í huga að til frádráttar tekjum má færa verðbætur og gengistap af höfuðstól skulda, en ekki aðeins af afborgunum eins og lögin gerðu ráð fyrir. Varðandi þessi atriði vísast einnig til almennra athugasemda.

Um 19. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Í a-lið er lagt til að þeir sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi færi til gjalda áfallnar verðbætur á höfuðstól en ekki afborganir. Tekjufærsla skv. 22. gr. frumvarpsins reiknast af höfuðstól skulda og því er eðlilegt að heimilt sé að gjaldfæra áfallnar verðbætur á höfuðstól.

Hjá aðilum sem ekki stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi er ekki um tekjufærslu eða ræða samkvæmt 22. gr. Hins vegar eru vaxtagjöld ekki frádráttarbær hjá mönnum nema til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota. Í e-lið er lagt til að einungis megi draga frá tekjum verðbætur sem falla á afborganir í slíkum tilfellum. Með því er frádráttarbærni vaxtagjaldanna tengd greiðslubyrði en verulegt ósamræmi er milli greiðslubyrði og áfallinna verðbóta á höfuðstól. Ósamræmið verður meira eftir því sem lánin eru lengri.

Breytingar samkvæmt b-, c- og d-lið eru í samræmi við breytingu sem lagt er til að verði í a-lið.

Um 21. gr.

Hér er einungis um orðalagsbreytingu að ræða sem þarfnast ekki skýringa.

Um 22. gr.

Grein þessi kemur í stað 44. og 45. gr. laga nr. 40/1978 og byggir á sömu meginhugsun og þar. Um nánari skýringar á þessum hugmyndum og áhrifum þeirra vísast til almennra athugasemda. Það eru einkum tvö efnisatriði sem lagt er til að breytt verði frá 44. og 45. gr. laganna. Annars vegar er lagt til að séu skattalega óverðtryggðar eignir hærri en skuldir, og aðili því að tapa á verðbólgunni, skuli heimiluð gjaldfærsla sem verðrýrnun munarins nemur.

Með þessari breytingu gengur reglan í báðar áttir en eðlilegt þykir að taka jafnt tillit til hagnaðar og taps vegna verðbreytinga. Ef það er ekki gert er hætt við að skattaðilar stofni til fjárfestingar og skulda beinlínis vegna ákvæða laganna. Slíkt er mjög óæskilegt og nauðsynlegt

að þessi mikilvæga regla um útreikning vegna verðbreytinga sé hlutlaus og hafi svipuð áhrif hjá aðilum með sambærilegan rekstur og aðstæður. Hins vegar er lagt til að mótreikningur fyrninga verði lagður niður en tekjufærslu samkvæmt greininni verði í þess stað heimilt að dreifa að vissu marki með flýtifyrningum, sbr. 18. gr. frumvarps þessa og athugasemdir við þá grein.

Um 23. gr.

54. og 55. gr. laganna eru sameinaðar í eina grein er verði 55. gr. Að öðru leyti felast einungis orðalagsbreytingar í þessari grein.

Um 24. gr.

Eðlilegt þykir að skattstjóri megi nota heimildir þær sem í greininni felast, en ríkisskattstjóri setur þeim starfsreglur.

Um 25. gr.

Í a-lið felst ekki efnisbreyting.

Með breytingu samkvæmt b-lið er kveðið á um að ef annað hjóna getur ekki notað frádrátt sé hinu heimilt að nota hann. Þetta getur t. d. átt við um frádrátt vegna stofnunar heimilis ef annað hjóna er tekjulaust.

Um 26. gr.

Með breytingu samkvæmt a-lið er kveðið skýrar á um þau tímamörk sem miða skal við vegna stofnunar og slita hjúskapar.

Með breytingu samkvæmt b-lið er kveðið skýrar á um útreikning persónuafsláttar vegna látins maka.

Um 27. gr.

Röng tilvísun er í lögunum og er hér einungis um leiðréttingu að ræða.

Um 28. gr.

Samkvæmt 52. gr. laga nr. 68/1971 var skattstjóra heimilt að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun skattgjaldstekna ef skattþegn lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum. Lög nr. 40/1978 gerðu ráð fyrir staðgreiðslukerfi og því var heimild þessi óþörf. Vegna breyttra aðstæðna þótti því nauðsynlegt að lögfesta þessa heimild aftur.

Um 29. gr.

Sett eru skýrari ákvæði um hver telst framfærandi barns samkvæmt þessari grein.

Um 30. gr.

Í a-lið er lagt til að ófyrnanlegt lausafé manna, sem ekki er notað í atvinnurekstri, verði talið til eignar á upphaflegu kaup- eða kostnaðarverði án endurmats. Er ákvæði þetta í beinum tengslum við ákvæði 6. gr. frumvarpsins en bæði stefna þessi ákvæði að því, að einfalda framtalsgerð almennings með því að gera framreikning á stofnverði ófyrnanlegs lausafjár óþarfan. Þeir fjármunir sem hér um ræðir eru fyrst og fremst einkabílar. Hingað til hefur gjaldendum verið heimilað að telja þá til eignar á upphaflegu stofnverði að frádreginni 10% lækkun fyrir hvert ár eignarhaldstíma.

Um ákvæði b-liðs greinarinnar vísast til athugasemdar við b-lið 11. gr. frumvarpsins.

Í c-lið greinarinnar er lagt til að ótvírætt verði tekið fram að skuldabréf, önnur slík verðbréf og útistandandi skuldir skuli telja til eignar ásamt áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól.

Um 31. gr.

Í greininni felast þrenns konar breytingar frá gildandi lögum.

Í fyrsta lagi er lagt til að niður verði fellt sérákvæði í lögum um að ógreiddar uppbætur á keyptar afurðir og ógreiddur afsláttur teljist til skulda þar eð sú niðurstaða leiðir af almennum reglum og slíkt sérákvæði því óþarft.

Í öðru lagi er tekið fram að með skuldum í árslok teljist áfallnar verðbætur á höfuðstól þeirra. Verðtryggðar skuldir eru því metnar á sama hátt og verðtryggðar eignir að því er eignarskattstofn varðar, sbr. c-lið 30. gr. frumvarpsins.

Í þriðja lagi er lagt til að gjöld lögð á tekjur eða hreina eign á næsta ári eftir lok reikningsárs teljist ekki til skulda í þessu sambandi. Þessi breytingartillaga leiðir fyrst og fremst af ákvæðum laga nr. 40/1978 og frumvarps þessa um tekju- eða gjaldfærslu vegna verðbreytinga. Samkvæmt 22. gr. frumvarps þessa ræður skuldastaða um áramót úrslitum um fjárhæð tekju- eða gjaldfærslu vegna verðbreytinga. Því hærri sem skuldirnar eru þeim mun óhagstæðari verða ákvæði 22. gr. frumvarpsins gjaldendum, þar eð í rauninni eru gjaldendum í rekstri reiknaðar tekjur af öllum skuldum sem samsvara rýrnun höfuðstóls skuldanna í verðbólgunni. Þar sem þeir skattar er hér um ræðir (þ. e. fyrst og fremst tekju og eignarskattar) eru ekki álagðir fyrr en alllöngu eftir áramót og þar sem hæð þessara skatta er við það miðuð að þeir greiddust eftir á er mjög óeðlilegt að taka þá inn í þessa mynd. Er því lagt til að þeir teljist ekki til skulda og mun sú breyting í flestum tilvikum vera gjaldengum til hagsbóta þegar á heildina er litið.

Um 32. gr.

Verulegar breytingar verða á skattalegri meðferð sparifjár manna utan atvinnurekstrar og eyðir það óvissu um skattskyldu fjármagnstekna af sparifé. Fjármagnstekjur af sparifé þessara aðila verða í öllum tilfellum skattfrjálsar.

Varðandi eignarskattsálagningu er hins vegar lagt til að breyting verði gerð sem virkar til íþyngingar. Lagt er til að sparifé manna umfram skuldir myndi ekki stofn til álagningar eignarskatts, en sparifé er svarar til skulda skattaðila myndar eignarskattsstofn. Í lögunum var gert ráð fyrir að tilteknar skuldir sem samsvara hámarksláni frá Húsnæðismálastjórn teljist ekki með í þessu sambandi. Sama regla er notuð í lögunum varðandi útreikning skattskyldra vaxtatekna. Þessi regla á ekki lengur við varðandi vaxtatekjur og því þykir ekki réttlætanlegt að viðhalda slíkri reglu aðeins að því er varðar eignarskattsstofn. Bæði er það þýðingarlítið og eins er eðlilegt að líta einungis á sparifé skattaðila umfram skuldir sem sparnað.

Lagt er til að sparifé í atvinnurekstri hlíti sömu reglum og aðrar peningaeignir.

Um 33. gr.

Mjög verulegar breytingar voru gerðar á skipan ríkisskattanefndar í lögum nr. 40/1978. Þar er gert ráð fyrir að þrír menn skuli eiga sæti í nefndinni og hafa það starf að aðalstarfi.

Núgildandi skipan er sú að í nefndinni eiga sæti þrír menn og þrír til vara. Ekki er gerð sú krafa að þeir hafi starfið að aðalstarfi.

Með þessari breytingu er farin millileið. Gerð er sú krafa að tveir menn hafi starfið að aðalstarfi en fjórir ekki. Með því er tryggt að fleiri aðilar en hinir fastráðnu nefndarmenn komi sjónarmiðum á framfæri, og gætu slíkir menn komið í stað meðdómara sem oft eru kallaðir til hjá dómstólum.

Breytingin gerir einnig ráð fyrir að nefndin geti starfað í tvennu lagi sem tryggir hraðari afgreiðslu mála.

Um 34. gr.

Samhliða frumvarpi því er síðar varð að lögum nr. 40/1978 var flutt frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda og voru innheimtuákvæði um tekju- og eignarskatt í því frumvarpi. Staðgreiðslufrumvarpið dagaði uppi í meðförum þingsins og því skortir í lögum nr. 40/1978 ákvæði um innheimtu skatta og skyld efni. Er lagt til að úr þessu verði bætt með því að bæta nýjum kafla inn í lögin.

Um 109. gr.

Í grein þessari felast ekki neinar efnisbreytingar frá þeim ákvæðum er gilt hafa hingað til. Inn í þessa grein eru felld ákvæði um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda er fram til þessa hafa verið í sérlögum, lög nr. 68 27. apríl 1962.

Um 110. gr.

Með þessari grein er lagt til að formi fyrirframinnheimtu verði breytt frá því sem nú er en slík breyting er nauðsynleg vegna þeirrar breyttu álagningarframkvæmdar sem lög nr. 40/1978 kveða á um. Í stað þess að ákveða fyrirframgreiðslu í heild sem tiltekinn hundraðshluta álagðra gjalda síðasta árs og skipta þeirri upphæð á fimm gjalddaga er gert ráð fyrir að fyrirframgreiðsla á hverjum gjalddaga fram að álagningu verði ákveðinn hundraðshluti af gjöldum fyrra árs. Að öðru leyti felast ekki í greininni verulegar breytingar á gildandi reglum, en ýmsar af þeim reglum sem hér er lagt til að lögfestar verði eru nú í reglugerð.

Um 111. gr.

Greinin er samhljóða 43. gr. laga nr. 68/1971.

Um 112. gr.

Fyrri málsgrein greinarinnar um skyldu gjaldenda til greiðslu dráttarvaxta er efnislega óbreytt frá þeim ákvæðum er hingað til hafa gilt um þetta efni.

Í síðari málsgreininni er fjallað um skyldu ríkissjóðs til greiðslu vaxta ef í ljós kemur að skattar hafa verið ofgreiddir. Er lagt til að skyldur ríkissjóðs til vaxtagreiðslna í þessum tilvikum verði verulega auknar. Í 46. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 8. gr. laga nr. 60/1973 er ákvæði þess efnis að komi í ljós við álagningu að gjaldandi hafi með fyrirframgreiðslu sinni greitt meira en nemur heildarupphæð álagðra skatta skuli hann eiga rétt á ½% mánaðarvöxtum af ofgreiðslunni. Önnur ákvæði um skyldu ríkissjóðs til greiðslu vaxta af ofborguðum sköttum er ekki að finna í eldri lögum. Hefur framkvæmdin verið sú að vaxtakröfum hefur alfarið verið neitað ef upphafleg álagning er lækkuð eftir að greiðsla á sér stað. Með þessari grein er lagt til að ríkissjóði verði gert skylt að greiða vexti af ofgreiddum sköttum án tillits til þess hvort of há fyrirframgreiðsla eða röng frumálagning hefur orsakað ofgreiðsluna. Er kveðið á að vextirnir skuli vera hinir sömu og eru af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma, en það eru hinir almennu vextir sem gilda í þjóðfélaginu.

Um 113. gr.

Hér er kveðið á um skyldur launagreiðanda til að halda eftir af launum starfsmanna sinna til greiðslu skatta. Eru reglur þessar að ýmsu leyti skýrari en reglur núgildandi laga en ekki er um verulega efnisbreytingu að ræða.

Um 114. gr.

Greinin fjallar um ábyrgð á skattgreiðslum í ýmsum tilvikum og er að mestu efnislega óbreytt frá dreifðum ákvæðum í gildandi lögum. Í 1. málslið 1. mgr. er lagt til að hjón beri ábyrgð á sköttum hvors annars og geti innheimtumaður gengið að hvoru hjóna til greiðslu á sköttum þeirra beggja. Þykir ekki verða komist hjá sameiginlegri ábyrgð hjóna, þrátt fyrir takmarkaða sérsköttun. Eru ástæður þess bæði efnislegar og framkvæmdalegar. Sérsköttun skv. lögum nr. 40/1978 er aðeins takmörkuð. Tekjur af eignum eru alltaf skattlagðar hjá því hjóna sem hærri hefur launatekjur eða skyldar tekjur, án tillits til þess hvort hjóna á þær eignir er tekjurnar gefa. Slíkar tekjur geta því hæglega verið skattlagðar hjá því hjóna sem ekki á eignirnar og væri það ótæk niðurstaða að innheimtumaður geti ekki gengið að hinum raunverulega eiganda til greiðslu þessara skatta. Hið sama á við um eignarskattinn en hann skiptist jafnt milli hjóna án tillits til þess hvaða eignir hvort hjóna um sig telst eiga. Gagnkvæm ábyrgð hjóna ætti einnig að geta minnkað kostnað við innheimtu og einfaldað framkvæmd verulega.

Í 2. málslið er kveðið á um rétt þess hjóna er skattgreiðslu annast eða erfingja þess til

endurgreiðslu úr hendi hins hjóna eða erfingja þess. Í ákvæðinu felst að sín á milli skulu hjónin skipta tekjuskattsgreiðslunum í hlutfalli milli skattskyldra tekna hvors um sig. Að því er eignarskattinn varðar skiptir ekki máli við þetta uppgjör hvort um hjúskapareign eða séreign er að ræða. Við tekjuskattsuppgjörið ber að líta fram hjá því hjá hvoru hjóna eignartekjur skv. c-lið 7. gr. hafa verið skattlagðar heldur ber að skipta öllum tekju- og frádráttarliðum milli hjóna eftir því hvoru hjóna þessir liðir tengjast og miða skiptingu skattsins við þannig fengið hlutfall milli skattgjaldstekna hvors hjóna.

Í síðasta málslið 2. mgr. er lagt til að stjórnarmenn ýmissa félaga, sjóða og stofnana séu ábyrgir fyrir skattgreiðslum þessara lögaðila.

Í 3. mgr. eru ákvæði um ábyrgð á skattgreiðslum af launum til erlendra aðila, en lög nr. 22/1956 voru felld úr gildi með lögum nr. 40 1978. Þar eru og ákvæði um ábyrgð á ýmsum greiðslum sem greiddar eru til aðila sem skattskyldir eru skv. 3. gr. laga nr. 40/1978.

Um 35. gr.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði IV í lögunum eru reglur um framkvæmd endurmats eigna. Ekki er lagt til að breyting verði á aðalreglu endurmatsins, þ. e. að kostnaðarverði skuli breytt eftir verðbreytingarstuðli fyrir hvert ár og kostnaðarverð þannig framreiknað myndi nýjan fyrningargrunn. Hins vegar er lagt til að fyrningar skuli ekki framreiknaðar samkvæmt ákvæðum eldri laga og áður fengnum fyrningum heldur samkvæmt ákvæðum 38. gr. laganna.

Samkvæmt 12. gr. frumvarpsins er lagt til að fyrningar verði á bilinu 2% til 12% og skal fyrningargrunnur lækkaður um sömu árlegu fyrningu í þann tíma sem viðkomandi eign hefur verið í eigu skattaðila. Auk þess skal skattaðili reikna til frádráttar áður fengnar fyrningar á tekjuárunum 1971 til 1978 vegna þessara eigna samkvæmt ákvæðum lokamálsgreinar D-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 og skulu þær margfaldaðar með verðbreytingarstuðli þess árs þegar þær voru notaðar. Er þar um að ræða fyrningu vegna skattskyldu söluhagnaðar, en á þann hátt hefur skattlagningu söluhagnaðar verið frestað í mörgum tilvikum.

Mjög er mismunandi hvernig áfallin gengistöp og verðbætur hafa verið meðhöndluð í framtölum skattaðila. Í 3. málslið 2. mgr. er tekinn af vafi hvernig líta beri á gengistöp og verðbætur sem færð hafa verið til hækkunar á heildarfyrningarverði. Skattaðili má ekki telja slíkan fjármagnskostnað sem hluta af kostnaðarverði við endurmat. Við gjaldfærslu eftirstöðva þessa kostnaðar fer eftir 37. gr. frumvarpsins.

Um 36. gr.

Lagt er til að bætt verði við ákvæði er varða söluhagnað varðandi eignir sem eru fimmtán ára og eldri. Söluhagnaður slíkra eigna skal teljast mismunur söluverðs og 10% af framreiknuðu stofnverði. Í því sambandi vísast til þess að eigi er heimilt að fyrna eignir um meira en 90% af stofnverði.

Um 37. gr.

Í lögunum eru engin ákvæði sem kveða skýrt á um hvernig skuli fara með áfallnar verðbætur og gengistap fyrir ársbyrjun 1979, sem ekki hefur verið gjaldfært. Eðlilegt þykir að heimilt skuli að gjaldfæra án endurmats með sama hætti og gert hefur verið samkvæmt eldri lögum, þannig að skattaðilar geti gjaldfært fjármagnskostnað þennan á ákveðnu tímabili. Fjármagnskostnaður þessi skal ekki teljast sem hluti af hreinni eign skattaðila.

Um 38. gr.

Hér er kveðið á um aðlögun að skertri niðurfærsluheimild vörubirgða. Er gert ráð fyrir að dregið verði úr hámarki heimildar til niðurfærslu með jöfnum áföngum á fjórum árum þannig að hámarkið verði 25% í árslok 1979, 20% í árslok 1980, 15% í árslok 1981 og 10% markinu verði því náð í árslok 1982. Um ástæður fyrir þrengingu niðurfærsluheimildarinnar vísast til almennra athugasemda og athugasemda við 11. og 30. gr. frumvarps þessa.

Um 39. gr.

Hér eru sett ákvæði um hvernig með þann söluhagnað skuli fara sem frestað hafði verið skattlagningu á samkvæmt ákvæðum eldri tekjuskattslaga. Slíkt ákvæði skortir í lögum nr. 40/1978.

Um 40. gr.

Gert er ráð fyrir að ákvæði frumvarps þessa komi til framkvæmda við skattlagningu á árinu 1980 vegna tekna ársins 1979. Frá þessu er þó sú mikilvæga undantekning að ákvæðunum um breytta meðferð á vaxtatekjum og gjöldum einstaklinga utan atvinnurekstrar er ekki ætlað að koma til framkvæmda fyrr en ári síðar, þ. e. við skattlagningu 1981. Ástæða þess er sú, að varhugavert kann að þykja að gera nú í lok ársins breytingar á þessum þáttum þar sem vera kann að gjaldendur hafi að einhverju leyti tekið mið af ákvæðum laga nr. 40/1978 um þetta efni við ákvarðanatöku um fjármál sín á þessu ári.

41. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Nd. **47. Frumvarp til laga** [45. mál]

um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

---

1. gr.

21. grein laganna orðist svo:

Þeir menn sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar af tekjum sínum til sveitarfélags eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum.

2. gr.

22. grein laganna orðist svo:

Hver maður, útsvarsskyldur samkvæmt lögum þessum, skal greiða útsvar í einu sveitarfélagi og fellur það óskipt til þess.

Þeir menn sem um ræðir í 1. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 40/1978, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuárinu.

Þeir menn sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 40/1978, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags, þar sem þeir öfluðu mestra tekna sinna á tekjuárinu.

3. gr.

23. grein laganna orðist svo:

Útsvar skal leggja á tekjur þær sem skattskyldar eru samkvæmt II. kafla laga nr. 40/1978.

Frá tekjum þessum skal draga frádrátt samkvæmt A-lið, 1., 2. og 4. tl. B-liðar og 3. tl. C-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978.

Hafi maður tekjur af útleigu eigna, sbr. 1. og 2. tl. C-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978, skal draga frá þeim tekjum við ákvörðun útsvars útgjöld samkvæmt 1.–4. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978 vegna öflunar þeirra tekna, þó ekki vaxtagjöld.

Frá útsvarsskyldum tekjum manna sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 40/1978 skal draga gjöld þau sem talin eru í 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978, eftir því sem við getur átt.

Enn fremur skal draga frá útsvarsskyldum tekjum elli- og örorkulífeyri samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

Þá skal lækka stofn til útsvars um sömu fjárhæð og skattstjóri veitir til lækkunar á tekjuskattsstofni samkvæmt 66. gr. laga nr. 40/1978.

Við ákvörðun stofns til útsvars samkvæmt þessari grein gilda reglur 62.–65. gr. laga nr. 40/1978, eftir því sem við getur átt.

4. gr.

24. grein laganna orðist svo:

Skattstjórar annast álagningu útsvars.

Ákvæði VIII.–XIII. kafla laga nr. 40/1978 gilda um útsvar, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

5. gr.

25. grein laganna orðist svo:

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum næstliðins almanaksárs, sem þó má ekki hærri vera en 11% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á alla menn í hverju sveitarfélagi.

Útsvar af þeim tekjum barna sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. laga nr. 40/1978 skal vera 3% af útsvarsstofni og skal barn ekki njóta lækkunar skv. 26. gr., samanber þó 7–9 mgr. þeirrar greinar.

Við samningu fjárhagsáætlunar fyrir næsta almanaksár ákveður sveitarstjórn hver hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á því ári og tilkynnir skattstjóra um ákvörðun sína, eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

6. gr.

26. grein laganna orðist svo:

Hjá þeim mönnum sem um ræðir í 2. mgr. 22. gr. og heimilisfastir hafa verið hér á landi allt tekjuárið skal við álagningu lækka útsvarið um 35.000 kr.

Fyrir hvert barn innan 16 ára á tekjuárinu, sem var heimilisfast hjá framfæranda hér á landi allt það ár, skal lækka útsvar hans um 7.000 kr. Þegar um fleiri en þrjú börn er að ræða, skal útsvar framfæranda lækkað að auki um 7.000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.

Lækkun útsvars vegna barna skal skipt á milli framfærenda eftir reglum 4. og 5. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1978.

Þegar um hjón er að ræða og lækkun skv. 1.–3. mgr. nemur samtals hærri fjárhæð hjá öðru þeirra en álagt útsvar þess þá skal sá hluti lækkunar sem umfram er bætast við lækkun hjá hinu.

Hjá mönnum sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 22. gr. og dveljast hér á landi hluta úr ári skulu ofangreindar fjárhæðir miðast við hlutfallslegan dvalartíma beirra og barna beirra hér á landi. Dvalartíma skal telja í heilum mánuðum og telst brot úr mánuði sem heill mánuður.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til þeirra manna sem um ræðir í 2.–8. tl. 3. gr. laga nr. 40/1978.

Fella skal niður útsvar sem nemur 10 000 kr. eða lægri fjárhæð.

Ofangreindar fjárhæðir skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 116. gr. laga nr. 40/1978.

Útsvar skal lagt á í heilum þúsundum króna, þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. skal sleppt.

7. gr.

27. grein laganna orðist svo:

Að lokinni álagningu útsvara getur sveitarstjórn tekið ákvörðun um umsókn manna um lækkun álagðra útsvara, þegar svo stendur á sem greinir í 1. mgr. 66. gr. laga nr. 40/1978 fari þeir fram á frekari lækkun en skattstjóri veitti. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum. Skattstjóri skal veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum viðkomandi manna svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til skattstjóra og viðkomandi manns.

Þeim sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

8. gr.

28. grein laganna orðist svo:

Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattumdæmi sínu þegar hann hefur lokið álagningu útsvara. Skrá þessa skal hann senda viðkomandi sveitarstjórn.

9. gr.

29. grein laganna orðist svo:

Sveitarstjórn annast innheimtu útsvara.

Sveitarstjórn er heimilt að gera samning við fjármálaráðherra og forráðamenn annarra stofnana um að innheimta skuli í einu lagi öll gjöld sem greiða ber þessum aðilum. Má fela gjaldheimtuna sveitarfélagi, innheimtumanni ríkissjóðs eða sérstakri innheimtustofnun. Allar heimildir og skyldur sveitarfélaga, innheimtumanns ríkissjóðs og stofnana vegna gjaldheimtu skulu færast til þess aðila sem tekur gjaldheimtuna að sér.

Útsvar skal greitt á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar hinn fyrsti dagur hvers mánaðar, nema mánuðina janúar og júlí. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða að útsvar skuli greiðast á einum eða tveimur gjalddögum, 15. júlí og 15. október.

Þar til álagning útsvara liggur fyrir, skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga upp í útsvar fjárhæð, sem nema skal ákveðnum hundraðshluta af því útsvari, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðast fyrir hvert ár í samræmi við þá reglugerð sem fjármálaráðherra setur um innheimtu tekju- og eignarskatts.

Álagt útsvar að frádregnu því, sem greiða ber fyrir álagningu skv. 4. mgr. þessarar greinar, skal greiða með jöfnum afborgunum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

Áfrýjun útsvarsákvörðunar eða deila um útsvarsskyldu frestar hvorki eindaga útsvars né leysir gjaldanda undan álögum, sem beitt er vegna vangreiðslu þess. Ef útsvar er lækkað eða fellt niður eftir úrskurði eða dómi, skal endurgeiðsla þegar fara fram.

10. gr.

30. grein laganna orðist svo:

Allir þeir er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 40/1978, skulu senda ótilkvaddir viðkomandi sveitarstjórn skrá um þá launþega sem þar eiga að greiða útsvar. Eru launagreiðendur skyldir að halda eftir að kaupi launþega til lúkningar útsvari þeirra. Skal í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfsskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi fé, er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 43. gr. frá þeim degi sem skila bar fénu til sveitarstjórnar.

Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

11. gr.

31. grein laganna orðist svo:

Gjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til launagreiðanda, getur krafið viðkomandi sveitarstjórn um það sem ofgreitt kann að vera og skiptir ekki máli hvort launagreiðandi hefur staðið skil á fénu eða ekki.

Sveitarstjórn getur ekki krafið gjaldanda um útsvar er launagreiðandi hefur haldið eftir af launum gjaldandans, þó að launagreiðandinn hafi ekki staðið skil á fénu til sveitarstjórnar.

12. gr.

32. grein laganna orðist svo:

Hjón sbr. 63. gr. laga nr. 40/1978, bera óskipta ábyrgð á greiðslu útsvars sem á þau er lagt og getur sveitarstjórn gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu þess. Rétt er því hjóna er útsvarsgreiðslur annast að krefjast endurgreiðslu af hinu hjóna á þeim hluta útsvars er það hefur greitt umfram það sem að réttum hlutföllum kemur í þess hlut miðað við tekjur hvors hjóna.

Þeir sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna bera ábyrgð á útsvarsgreiðslum þeirra. Erfingjar í dánarbúi sem skipt er einkaskiptum, bera óskipta ábyrgð á útsvarsgreiðslum hins látna.

Þeir sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfangslausa menn, er fengið hafa landvistar- eða dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, bera ábyrgð á útsvarsgreiðslum þeirra. Þeir sem greiða aðilum, sem ekki eru heimilsfastir hér á landi gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti eða sérþekkingu, arð af hlutafé eða endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða aðrar greiðslur sem um er rætt í 3. gr. laga nr. 40/1978 bera ábyrgð á útsvari viðtakenda vegna þessara greiðslna.

Gera má lögtak hjá þeim, sem ábyrgð bera á útsvari, til tryggingar því útsvari er hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Með ábyrgð samkvæmt þessari grein er átt við sjálfskuldarábyrgð.

Sveitarstjórn er heimilt að krefjast þess að aðilar, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 40/1978, setji tryggingu fyrir væntanlegu útsvari sínu svo og fyrir útsvargreiðslum annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir.

13. gr.

36. grein laganna orðist svo:

Sveitarstjórnum er heimilt að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá þeim aðilum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu eru eftirtaldir aðilar:

1. Þeir sem um ræðir í 1.–4. tl. 4. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt. Varðandi sveitarfélög tekur undanþága þessi einungis til þeirrar starfsemi sem þau eða fyrirtæki þeirra stunda í eigin umdæmi. Heimilt er að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir sem um ræðir í c-lið 10. greinar með síðari breytingum.
2. Félög, sjóðir og stofnanir er um ræðir í 5. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 40/1978, að því marki sem þau reka ekki atvinnu.
3. Olíufélög, sem greiða landsútsvar.
4. Íslenskir kirkjusjóðir.

Eftirtalin starfsemi er undanþegin aðstöðugjaldi:

Rekstur skóla, barnaheimila, sjúkrahúsa, elliheimila, orkuvera til almenningsþarfa, sláturhúsa, mjólkurbúa, banka og innlánsstofnana.

14. gr.

37. grein laganna orðist svo:

Aðstöðugjaldsstofn skal vera rekstrarkostnaður sá sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978. Sama gildir hjá þeim sem hafa tekjur af útleigu eigna, sbr. 3. mgr. 23. gr.

Sá hluti rekstrarkostnaðar sem er umfram heildartekjur er undanþeginn aðstöðugjaldi.

Hafi aðili með höndum fjölþættan atvinnurekstur, sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, skal telja verðmæti, sem þannig eru flutt, til heildartekna hjá þeim þætti rekstrarins, er af hendi lætur, en aðstöðugjaldsskylds rekstrarkostnaðar hjá þeim þætti sem á móti tekur.

Aðstöðugjaldsskyldir aðilar skulu skila skattstjóra sérstakri greinargerð um aðstöðugjaldsskyldan rektrarkostnað í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Greinargerð þessari skal skila með skattframtali framtalsskyldra aðila samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en þeir sem undanþegnir eru þeirri framtalsskyldu skulu fyrir 31. maí ár hvert skila greinargerð þessari ásamt ársreikningi til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

15. gr.

39. grein laganna orðist svo:

Um álagningu og innheimtu aðstöðugjalds gilda ákvæði 24., 28., 29., 32., 33. og 43. greinar eftir því sem við á.

Aðstöðugjald skal álagt í heilum þúsundum króna þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. skal sleppt.

Fella skal niður aðstöðugjald sem nemur 20 000 kr. eða lægri fjárhæð.

16. gr.

40. grein laganna orðist svo:

Heimilt er að innheimta aðstöðugjald hjá aðila sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn ef:

a. hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun, verktakastarfsemi eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar.
b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

Í þeirri greinargerð sem aðstöðugjaldsskyldum aðila ber að gera skv. 4. mgr. 37. gr. skal koma fram hvað af rekstrarkostnaði hans tilheyri þeirri starfsemi sem hann rekur í öðrum sveitarfélögum. Skattstjóri skal senda upplýsingar um aðstöðugjaldsstofn til skattstjóra í því umdæmi, þar sem viðkomandi starfsemi fer fram.

17. gr.

2. mgr. 41. greinar laganna orðist svo:

Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 31. mars ár hvert.

18. gr.

42. grein laganna orðist svo:

Telji skattstjóri ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu og gjaldflokka ganga lengra en heimilað er eða brjóti á einhvern hátt í bága við lög eða reglugerð um aðstöðugjald, skal hann leita úrskurðar félagsmálaráðherra og fresta álagningu að því leyti, uns úrskurður er fenginn.

Félagsmálaráðherra skal kveða upp úrskurðinn svo fljótt sem auðið er og senda hann viðkomandi skattstjóra og sveitarstjórn án tafar.

19. gr.

43. grein laganna orðist svo:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarfélagi dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Nú verður ljóst, að þegar álagningu sveitarsjóðsgjalda lýkur eða við endurákvörðun þeirra, að gjaldandi hefur greitt meira en endanlegu álögðu gjaldi nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu sveitarfélags. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslanda á hverjum tíma.

20. gr.

Í 46. grein laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur skv. 1. mgr. og maður sem útsvarsskyldur er hér á landi samkvæmt 22. gr. greiðir til opinberra aðila

í öðru ríki útsvar af tekjum sínum sem útsvarsskyldar eru hér á landi og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn manns eða ábendingu skattstjóra, að lækka útsvar hans hér á landi með hliðsjón af þessum útsvarsgreiðlum hans.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvars og aðstöðugjalds á árinu 1980 vegna tekna og gjalda á árinu 1979.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga ásamt síðari breytingum og gefa út lögin svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

Komi í ljós á skattframtali fyrir tekjuárið 1979 að skattaðili hafi ekki talið fram til skatts á liðnum árum eignir sem um ræðir í 78. gr. laga nr. 40/1978 eða tekjur af þeim, sem skattfrjálsar hafa verið við viss skilyrði, skal eigi lagt útsvar vegna fyrri ára á hinar óframtöldu tekjur af eignum þessum, enda hafi þær myndast fyrir ársbyrjun 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Vorið 1978 voru samþykkt ný lög um tekjuskatt og eignarskatt. Lögin eru nr. 40/1978 og gengu þau í gildi 1. janúar 1979. Koma þau til framkvæmda við álagningu árið 1980 á tekjur ársins 1979 og eignir í árslok 1979. Með lögunum voru eldri tekjuskattslög afnumin.

Tilgangur frumvarps þessa er sá að aðlaga ákvæði laga um tekjustofna sveitarfélaga hinum nýju tekjuskattslögum, bæði að því er varðar hverjir eru útsvarsskyldir aðilar og hvaða tekjur myndi stofn til útsvars. Þá eru gerðar nokkrar efnis- og orðalagsbreytingar á gildandi ákvæðum um aðstöðugjald. Efnisbreytingarnar eru m. a. gerðar til að tryggja það, að aðstöðugjaldið verði lagt á sömu aðila og á sama stofn eins og verið hefur, þrátt fyrir þær breytingar sem kunna að leiða af gildistöku laga nr. 40/1978. Sú breyting verður þó, að endurgjald skv. 2. mgr. 1. tl. 1. mgr. 31. gr. þeirra laga verður nýr þáttur í aðstöðugjaldsstofninum. Jafnframt eru gerðar breytingar á nokkrum framkvæmdarreglum núgildandi laga.

M. a. verður sú breyting, að hvort hjóna um sig verður sjálfstæður útsvarskyldur aðili. Sama regla gildir um sambýlisfólk sem fullnægir þeim sömu skilyrðum og fullnæja þarf til að sambýlisfólk teljist sjálfstæðir tekjuskattsskyldir aðilar sem hjón. Börn innan 16 ára verða sjálfstæðir útsvarsskyldir aðilar af launatekjum sínum á sama hátt og til tekjuskatts.

Sú breyting verður frá fyrri lögum, að framtalsskyldar til útsvars verða allar tekjur skv. II. kafla laga nr. 40/1978. Eru þar með taldar ýmsar tekjur sem ekki teljast til útsvarsskyldra tekna samkvæmt gildandi lögum, en þær tekjur sem þannig er ástatt um eru leyfðar til frádráttar við ákvörðun útsvarsstofns, þannig að útsvarsskyldan þyngist ekki við þessa breytingu.

Að öðru leyti en að framan greinir er vísað til athugasemda við einstakar greinar frv. hér á eftir.

Um 1. grein:

Með þessari grein er lagt til að skylda til að greiða útsvar hvíli á sömu mönnum og skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 40/1978. Með þeim lögum voru ákvæði um skattskyldu gerð afdráttarlausari en áður.

Um 2. grein:

Í 1. mgr. er skýrt kveðið á um að útsvarsskyldur maður skuli greiða útsvar til þess sveitarfélags, þar sem hann telst eiga lögheimili. Skiptir ekki máli hvar teknanna er aflað, sbr. þó 3. mgr.

2. mgr. tekur til þeirra sem bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi eftir lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í þeim felst það m. a., að hvort hjóna um sig verður sjálfstæður útsvarsskyldur aðili og verður þeim reiknað útsvar hvoru í sínu lagi. Þá leiðir það einnig af

grein þessari, að barn innan 16 ára á tekjuárinu verður sjálfstæður útsvarsskyldur aðili vegna launatekna sinna. Aðrar tekjur þess teljast með útsvarsskyldum tekjum framfæranda. Er hér um að ræða sömu reglur og gilda um álagningu tekjuskatts.

3. mgr. fjallar um þá menn sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt ákvæðum tekjuskattslaga. Er gert ráð fyrir að útsvar þessara manna renni til þess sveitarfélags, þar sem þeir hafa aflað mestra tekna á tekjuárinu, óháð dvalartíma í einstökum sveitarfélögum. Skiptir m. a. ekki máli í þessu sambandi hver dvalarstaður þessara manna er við brottflutning úr landi.

Um 3. grein:

1. mgr. er efnislega óbreytt frá ákvæðum 1. mgr. 23. gr. gildandi laga, þar sem sömu tekjur eru útsvarsskyldar og skattskyldar eru til tekjuskatts, þó með þeirri breytingu að nú telst reiknað endurgjald manna við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi til útsvarsskyldra tekna sem leiðir til þess að 4. mgr. 23. gr. gildandi laga er óþörf.

2. mgr. inniheldur sömu ákvæði um lækkun útsvarsstofns og gildandi lög að því frátöldu, að gert er ráð fyrir að skólafrádráttur, sem áður var veittur eftir sérstakri ákvörðun hvers sveitarfélags, skv. b-lið 27. gr., verði nú frádráttarbær til útsvars á sama hátt og til tekjuskatts.

3. og 4. mgr. eru efnislega samhljóða gildandi lögum að öðru leyti en því, að reiknað endurgjald manna við atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi færist til frádráttar tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. 2. mgr. 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978 og jafnframt verða eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum, þ. m. t. þau er myndast vegna reiknaðs endurgjalds leyfð til frádráttar tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi þeirra, enda telst reiknað endurgjald sérstaklega til útsvarsskyldra tekna eins og áður greinir. Með hliðsjón af því er felld niður 4. mgr. 23. gr. gildandi laga.

5. mgr. felur í sér, að til frádráttar útsvarsskyldum tekjum færist ellilífeyrir og örorkulífeyrir sem greiddur er samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í gildandi lögum er heimildarákvæði í a-lið 27. gr. til handa sveitarstjórnum að undanþiggja þennan lífeyri útsvarsálagningu. Nánast öll sveitarfélög hafa nýtt sér þessa heimild til fulls. Þykir eðlilegt að þessi tilhögun sé lögfest, enda horfir hún til einföldunar og samræmingar við álagningu útsvars. Í 7. gr. frumvarpsins er að finna heimild til handa sveitarstjórnum til að lækka þegar álögð útsvör þeirra manna sem njóta annarra bóta skv. II. og IV. kafla um almannatryggingar og til að veita elli- og örorkulífeyrisþegum frekari lækkun álagðra útsvara með eða án umsóknar.

Í 6. mgr. er vísað til 1. mgr. 66. gr. laga nr. 40/1978 sem fjallar um heimildir skattstjóra til lækkunar tekjuskattsstofns manna, þegar þar tilgreindar aðstæður þeirra eru fyrir hendi. Sú grein er efnislega óbreytt og nær samhljóða eldri lögum. Í 6. mgr. er gert ráð fyrir þeirri tilhögun, að taki skattstjóri til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns, skuli hann ávallt lækka stofn til útsvars hjá sama manni um sömu fjárhæð. Er hér um að ræða sömu tilhögun og almennt hefur ríkt í framkvæmd við álagningu útsvara og kemur í stað ákvæða c-liðar 27. gr. gildandi laga. Í 7. gr. frumvarpsins er að finna heimild til handa sveitarstjórnum til að lækka þegar álögð útsvör þessara manna sem fara þess á leit.

Í 7. mgr. er kveðið á um að nota skuli sömu reglur við ákvörðun útsvarsstofns einstaklings, hvors hjóna um sig, barna og sambýlisfólks og notaðar eru við ákvörðun stofns til tekjuskatts hjá þeim.

Um 4. grein:

Hér er lagt til, að skattstjórar annist álagningu útsvara í öllum sveitarfélögum innan síns umdæmis. Ástæður fyrir þessari breytingu á 1. mgr. 24. gr. gildandi laga er sú, að í framkvæmd hafa skattstjórar annast álagningu útsvara fyrir langflest sveitarfélög í landinu. Við álagningu útsvara á árinu 1979 önnuðust 16 sveitarfélög álagninguna sjálf. Álagningin tók til 924 gjaldenda af 101 967 útsvarsgjaldendum í landinu. Heildarálagning útsvara 1979 nam kr.

33 541 784 400, þar af voru rúmar 180 millj. kr. álagðar af þessum 16 sveitarfélögum. Grein þessi hefur því óverulegar breytingar í för með sér.

2. mgr. þarfnast ekki skýringa, enda óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. grein:

Í 1. mgr. er lagt til að hámarkshundraðshluti af útsvarsstofni verði 11% í stað 10% samkvæmt gildandi lögum. Jafnframt verði felld niður heimild til að hækka þetta nýja hámark um 10%. Í reynd hafa öll mannflestu sveitarfélögin nýtt sér hækkunarheimild gildandi laga og því hefur útsvar í reynd verið 11% af útsvarsstofni hjá flestum gjaldendum. Í grein þessari eru ákvæði um hámark útsvarshundraðshluta og hefur sveitarstjórn eins og áður frjálsar hendur um það hve háan hundraðshluta hún ákveður að nota innan þessa hámarks.

Í 2. mgr. er ákveðinn fastur hundraðshluti af útsvarsskyldum tekjum barna er frá honum er sveitarstjórn eigi heimilt að víkja. Í 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að foreldrar eða framfærendur barna njóti lækkunar frá útsvari vegna barnanna en ekki börnin sjálf, og er því hundraðshlutinn settur lægri hjá börnum en hjá foreldrum eða framfærendum. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að útsvar undir 10 000 kr. falli niður, sbr. 7. mgr. 6. gr. frumvarpsins, og kemur því ekki til útsvarsálagningar á börn sem hafa óverulegar launatekjur.

3. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því, að tímatakmörk eru nú sett varðandi tilkynningar sveitarstjórna og er það gert vegna álagningarmeðferðar skattstjóra.

Um 6. grein:

Grein þessi er nær efnislega óbreytt frá fyrri lögum að öðru leyti en því sem leiðir af 2. gr. frumvarps þessa og fjárhæðum er breytt.

Um 7. grein:

Í grein þessari er um að ræða heimild sveitarstjórnar til að lækka álögð útsvör í þeim tilvikum þar sem gjaldendur telja sig þurfa á að halda frekari lækkun en skattstjóri veitti skv. 6. mgr. 23. gr. Enn fremur veitir greinin sveitarstjórn heimild til að lækka án umsóknar útsvar þeirra sem nutu bóta skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum. Vegna þrengri tímamarka skattstjóra en áður við álagningarmeðferð er óhægara um vik að gefa sveitarstjórn kost á að fjalla um framtöl hvers og eins áður en álagning fer fram.

Um 8. grein:

Grein þessi þarfnast ekki skýringa, enda óbreytt frá gildandi lögum.

Um 9. grein:

1. mgr. er óbreytt frá gildandi lögum og þarfnast ekki skýringa.

Í 2. mgr. eru ákvæði um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda sem fram til þessa hafa verið í sérlögum, þ. e. lögum nr. 68/1962.

Í 3. mgr. er lagt til sem aðalregla, að gjalddagar verði 10 á ári, sem nú er heimildarákvæði í gildandi lögum en notuð af flest öllum sveitarfélögum. Til hagræðis fyrir minni sveitarfélög og gjaldendur þeirra er lagt til að þeim sé heimilt að ákveða gjalddagana einn eða tvo á ári.

Í 4. mgr. er lagt til að formi fyrirframinnheimtu verði breytt frá því sem nú er. Í stað þess að ákveða fyrirframgreiðslu í heild sem tiltekinn hundraðshluta álagðra gjalda síðasta árs og skipta þeirri fjárhæð á fimm gjalddaga, er gert ráð fyrir fyrirframgreiðslu á hverjum gjalddaga fram að álagningu.

5. mgr. þarfnast ekki skýringa.

6. mgr. þarfnast ekki skýringa, enda óbreytt frá gildandi lögum.

Um 10. grein:

Hér er kveðið á um skyldur launagreiðanda til að halda eftir af launum starfsmanna sinna til greiðslu útsvars. Eru reglur þessar að ýmsu leyti skýrari en reglur núgildandi laga en ekki er um verulega efnisbreytingu að ræða.

Um 11. grein:

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. grein:

Greinin fjallar um ábyrgð á útsvarsgreiðslum í ýmsum tilvikum og er að mestu efnislega óbreytt frá ákvæðum í gildandi lögum. Í 1. málslið 1. mgr. er lagt til að hjón beri ábyrgð á útsvari hvors annars og geti sveitarstjórn gengið að hvoru hjóna til greiðslu á útsvörum þeirra beggja. Þykir ekki verða komist hjá sameiginlegri ábyrgð hjóna, þrátt fyrir takmarkaða sérsköttun. Eru ástæður þess bæði efnislegar og framkvæmdarlegar. Sérsköttun skv. lögum nr. 40/1978 er aðeins takmörkuð. Tekjur af eignum eru alltaf skattlagðar hjá því hjóna sem hærri hefur launatekjur eða skyldar tekjur án tillits til þess hvort hjóna á þær eignir er tekjurnar gefa. Slíkar tekjur geta því hæglega verið skattlagðar hjá því hjóna, sem ekki á eignirnar og væri það ótæk niðurstaða að sveitarstjórn geti ekki gengið að hinum raunverulega eiganda til greiðslu útsvars. Hið sama á við um aðstöðugjald án tillits til þess hvort hjóna stendur fyrir rekstrinum. Gagnkvæm ábyrgð hjóna ætti einnig að geta minnkað kostnað við innheimtu og einfaldað framkvæmd verulega.

Í 2. málslið er kveðið á um rétt þess hjóna er útsvarsgreiðslu annast eða erfingja þess til endurgreiðslu úr hendi hins hjóna eða erfingja þess.

Í 2. mgr. eru ákvæði um ábyrgð á útsvarsgreiðslum ólögráða manna.

Í 3. mgr. eru ákvæði um ábyrgð á útsvarsgreiðslum erlendra aðila, en lög nr. 22/1956 voru felld úr gildi með lögum nr. 40/1978. Þar eru og ákvæði um ábyrgð á ýmsum greiðslum sem greiddar eru til aðila sem skattskyldir eru skv. 3. gr. laga nr. 40/1978.

Í 6. mgr. er lagt til að sömu ákvæði um tryggingu útsvara gildi og varðar aðrar skattgreiðslur er fjármálaráðherra setur með reglugerð.

Um 13. grein:

Grein þessi er efnislega óbreytt frá gildandi lögum, en hún er orðuð skýrar. Þá er með greininni reynt að tryggja að aðstöðugjaldsskyldan hvíli á sömu aðilum og sömu starfsemi og gilti samkvæmt gildandi lögum. Þannig verða t. d. félög, sjóðir og stofnanir sem um var rætt í E lið 5. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt áfram undanþegin aðstöðugjaldsskyldu að því marki sem þau reka ekki atvinnu.

Um 14. grein:

Í grein þessari er orðað á skýrari og ótvíræðari hátt hver stofninn til aðstöðugjalds skuli vera. Til að auðvelda framtal til aðstöðugjalds og álagningu þess, er lagt til að aðstöðugjaldsskyldir aðilar geri sérstaka greinargerð fyrir stofninum. Þykir eðlilegt að ríkisskattstjóri ákveði form þessarar greinargerðar, þar sem skattyfirvöld annast álagningu gjaldsins og hafa eftirlit með því að stofninn sé rétt talinn fram. Að öðru leyti er greinin óbreytt frá gildandi lögum.

Um 15. grein–18. grein:

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að með 16. gr. frumvarpsins er bætt verktakastarfsemi í a-lið 40. gr. gildandi laga.

Um 19. grein:

1. mgr. fjallar um skyldu gjaldenda til greiðslu dráttarvaxta.

Í 2. mgr. er fjallað um skyldu sveitarfélags til greiðslu á dráttarvöxtum ef gjaldandi hefur ofgreitt útsvar. Er kveðið á um að vextirnir skuli vera hinir sömu og ákveðnir eru af innistæðum í almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma.

Um 20. grein:

Grein þessi samsvarar ákvæðum 3. mgr. 112. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 21. grein:

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða:

Grein þessi samsvarar bráðabirgðaákvæði VI í lögum nr. 40/1978.

Nd. 48. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 2. mars 1979, um tímabundið oliugjald til fiskiskipa, og um verðuppbót á vannýttar fisktegundir, sbr. brbl. nr. 69 11. júní 1979 og brbl. nr. 72 20. júlí 1979.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum 19. des., og mælir meiri hl. nefndarinnar með samþykkt frv. óbreytts.

Alþingi, 19. des. 1979.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Karvel Pálmason, fundaskr. Páll Pétursson.
Steingrímur Hermannsson.

Nd. 49. Frumvarp til laga [46. mál]

um breyting á lögum nr. 87 24. des. 1971, um orlof, sbr. lög nr. 109 31. des. 1972.

Flm.: Karvel Pálmason, Páll Pétursson, Árni Gunnarsson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Orlofsfé skal greitt á þann hátt, að tryggt sé að launþegi fái það í hendur, þegar hann tekur orlof. Félagsmálaráðherra setur reglugerð um þetta atriði í samráði við Alþýðusamband Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands og Vinnumálasamband samvinnufélaganna. Einstök verkalýðsfélög hafa þó óskoraðan rétt til þess að semja við viðsemjendur sína um annað fyrirkomulag en reglugerðin gerir ráð fyrir. Kostnaður við framkvæmd greinar þessarar greiðist úr ríkissjóði að svo miklu leyti sem vaxtatekjur af orlofsfé hrökkva ekki til að bera kostnaðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tilgangur með frv. þessu er að tryggja verkalýðsfélögum rétt til þess að semja um þá framkvæmd á greiðslu orlofsfjár, sem þau telja heppilegasta.

Með orlofslögunum 1971 urðu veruleg umskipti til hins betra í orlofsmálum, greiðslurnar inn í gírókerfið urðu fljótlega langtum meiri en verið hafði í orlofsmerkjakerfinu. Hitt er þó ljóst, að því fer fjarri að núgildandi orlofskerfi sé eins og best verður á kosið. Innheimta hefur ekki verið nægilega hörð og þeir vextir, sem orlofsþegar njóta, eru óeðlilega lágir. Ýmis verkalýðsfélög hafa áhuga á því að semja við sína viðsemjendur um annað fyrirkomulag. Fyrst og fremst hefur sá áhugi beinst að því að semja um að orlofsféð verði greitt inn á bankabækur, þar sem hver einstakur launamaður hefði betri eftirlitsaðstöðu og nyti hærri vaxta en fást í orlofskerfinu nú, jafnframt því sem fjármagnið geymist á staðnum. Það er óeðlilegt að löggjafinn standi í vegi fyrir því, að verkalýðsfélögin semji um það fyrirkomulag sem þau telja þjóna best hagsmunum sinna umbjóðenda.

Sþ. 50. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um aldurshámark starfsmanna ríkisins.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Albert Guðmundsson, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að endurskoða lagareglur um aldurshámark starfsmanna ríkisins. Skal sú endurskoðun unnin í samráði við samtök ríkisstarfsmanna og markmið hennar vera það að kanna, hvort ekki sé rétt að hækka aldursmörk þau, sem nú er miðað við, gera reglurnar sveigjanlegri svo og að setja fastari reglur um möguleika eldri starfsmanna til að gegna hlutastörfum, ýmist á sínum gamla starfsvettvangi eða í öðrum stofnunum.

Greinargerð.

Ýmis vandamál, sem steðja að öldruðu fólki, eru vaxandi umræðuefni í þjóðfélaginu. Meðalaldur landsmanna hefur hækkað og heilsufar batnað. Hlutfall aldraðra í íbúatölu landsins hefur vaxið undanfarin ár. Málefni aldraðra eru því mjög á dagskrá um þessar mundir.

Eitt þeirra vandamála, sem aldrað fólk á við að glíma, er sú staðreynd að við ákveðin aldursmörk er fólk í mjög mörgum tilvikum látið hætta störfum. Á þetta einkum við hjá ríki og sveitarfélögum.

Í 13. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, segir, að starfsmanni skuli veita lausn, þegar hann er 70 ára að aldri. Sambærilegt ákvæði er í lögum nr. 27/1935, um aldurshámark opinberra starfsmanna, eins og þeim hefur verið breytt með lögum nr. 5/1947.

Það er mat margra, sem þekkja vel til félagslegra og heilsufarslegra vandamála aldraðs fólks, að fátt sé mönnum þungbærara en að þurfa algjörlega að hætta störfum við ofangreint aldursmark, óháð heilsu og starfsgetu. Slíkt hefur oft í för með sér alvarleg vandamál fyrir viðkomandi einstakling.

Mörg einkafyrirtæki hafa fyrir löngu reynt að laga sig að þessu vandamáli og veita starfsmönnum sínum möguleika á að starfa meðan heilsa og kraftar leyfa.

Á s. l. vetri fluttu borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins tillögu í borgarstjórn þess efnis, að endurskoðaðar yrðu reglur Reykjavíkurborgar um þessi mál. Sú tillaga var samþykkt þar og sérstök nefnd hefur unnið að tillögugerð í málinu. Tillögur þær, sem þar hafa verið ræddar, miða að auknum sveigjanleika í þessum efnum.

Þessi þingsályktunartillaga er flutt til að koma hreyfingu á þessi mál hjá ríkinu í þeirri von, að sú endurskoðun, sem tillaga er gerð um, leiði til mannlegri reglu en nú gildir.

Nd. 51. Breytingartillaga [32. mál]

við frv. til laga um eftirlaun til aldraðra.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

Við 25. gr. 3. töluliður orðist svo:

Að öðru leyti skulu ríkissjóður og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga standa undir kostnaði af ákvæðum þessarar málsgreinar með þeim hætti, að ríkissjóður greiði 70% og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 30%.

Sþ. 52. Fyrirspurnir. [48. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um sölu á togaranum Dagnýju SI 70.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Telur ráðherra eðlilegt að heimila sölu á togskipinu Dagnýju SI 70, sem hafði togveiðiheimild til þorskveiða fyrir Þórshöfn, staðbundið og skilyrt við það byggðarlag, til Hafnarfjarðar, staðar sem þegar hefur nóg hráefni og gerir nú út a. m. k. tvo skuttogara til sölu á ísfiski eingöngu erlendis, án þess að bjóða áðurgreindu byggðarlagi forkaupsrétt á skipinu?
2. Telur ráðherra það ekki sanngirnismál, að byggðarlag, sem fékk togveiðiheimild á þorskveiðar fyrir b/v Dagnýju vegna ótryggs atvinnuástands, haldi heimildinni, geti það nýtt sér hana? Væri í framhaldi af því ekki eðlilegt, að sú togveiðiheimild, sem b/v Dagný hefur haft vegna Þórshafnar til þorskveiða, falli ella niður?
3. Telur ráðherra það samrýmast hagsmunum þjóðarinnar að stuðla að kaupum á togaranum til veiða fyrir fisksölur erlendis, fremur en til vinnslu hér innanlands, eins og gert er með sölunni á Dagnýju til Hafnarfjarðar? Eða ætlar ráðherrann að beita sér fyrir því, að Hraðfrystihús Þórshafnar fái leyfi til að kaupa nýjan eða notaðan togara erlendis frá, eitt sér eða í samvinnu við aðra, til að tryggja rekstur hraðfrystihússins þar og koma í veg fyrir atvinnuleysi á staðnum?
4. Mun ráðherrann beita sér fyrir því, að togarar og önnur togskip fái því aðeins fiskveiðileyfi, að þeir landi afla sínum hér innanlands, ef fiskvinnslustöð eða stöðvar vantar fisk til vinnslu og óska að fá afla þeirra keyptan?

II. Til landbúnaðarráðherra um búvöruverð.

Frá Stefáni Valgeirssyni.

1. Á hvaða lagagrundvelli ákvað ríkisstjórnin að fresta gildistöku þess búvöruverðs, er sexmannanefndin ákvað að ætti að taka gildi 1. des. s. l.?
2. Telur ríkisstjórnin, að hún hafi haft lagalegan rétt til að heimila, að hluti af verðákvörðun sexmannanefndar komi til framkvæmda 12. þ. m., en synja framkvæmd hluta af verðbreytingunni?
3. Fellur ekki sá hluti, sem synjað var, undir þær verðbreytingar, sem heimilar eru samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar 17. þ. m., þar sem þær eru að mestum hluta vegna launabreytinga?
4. Hve hárri fjárhæð launa sinna tapa bændur vegna umræddrar frestunar, eða ætlar ríkisstjórnin að bæta bændum tapið og þá hvenær?

Nd. 53. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 2. mars 1979, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, og um verðuppbót á vannýttar fisktegundir, sbr. brbl. nr. 69 11. júní 1979 og brbl. nr. 72 20. júlí 1979.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn erum samþykkir því, að útgerðinni sé greitt sérstakt olíugjald til þess að greiða niður hluta af þeirri gífurlegu hækkun sem

orðið hefur á útgerðarkostnaði vegna hækkunar olíu. Hins vegar höfum við ekki haft tækifæri til að kynna okkur framkvæmd þessara bráðabirgðalaga og viljum vera óbundnir af því að taka afstöðu til þess, hvernig til hefur tekist um framkvæmdina.

Í 2. gr. frumvarpsins segir, að verja skuli 550 millj. kr. af tekjum Tryggingasjóðs fiskiskipa og 850 millj. kr. af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þess að bæta upp verð á karfa- og ufsaafla á tímabilinu frá 15. maí til 31. desember n. k. Árum saman var Tryggingasjóður fiskiskipa á eftir með sínar greiðslur, en eftir að lögunum um útflutningsgjald var breytt í ársbyrjun 1976 var Tryggingasjóði séð fyrir tekjustofni, sem gerði honum kleift að standa fyllilega við skuldbindingar sínar, og séð var að þar mundi verða verulegt fjármagn afgangs, sem ætlunin var í góðu samráði við samtök útvegsins að ráðstafa til Aldurslagasjóðs fiskiskipa í því skyni að taka úr umferð fleiri úrelt fiskiskip, sem þjóðhagslega séð er ekki rétt að endurnýja og halda áfram útgerð á. Fyrrverandi ríkisstjórn sá þessa einu leið, að hrifsa þetta fjármagn í því skyni að bæta upp verð á karfa- og ufsaafla og sömuleiðis með því að taka af tekjum Aflatryggingasjóðs. Með þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru, er séð að tekjur Aflatryggingasjóðs eru teknar að fullu og öllu í einstöku góðæri hvað snertir aflabrögð. Aflatryggingasjóður er sjóður sem á að eignast og bæta stöðu sína í góðæri, en greiða úr sjóðnum þegar verr árar. En með þessari stefnu er verið að hirða það sem byggt hefur verið upp á undanförnum árum, bæði hvað snertir Tryggingasjóð fiskiskipa og Aflatryggingasjóð. Þessu erum við sjálfstæðismenn andvígir. Við teljum, að það hefði átt að hafa með öðrum hætti fjáröflun til þess að bæta verð á þeim fisktegundum, sem taldar voru vannýttar, og til þess að draga úr veiði á þeim fisktegundum, sem taldar voru ýmist fullveiddar eða ofveiddar.

Við erum samþykkir því ákvæði frumvarpsins að bæta verð á karfa- og ufsaafla, en teljum að hér hafi verið gert upp á milli útgerðaraðila í landinu, því að þegar við lítum á verðbreytingar, sem orðið hafa frá 1. júní 1977 til 1. júlí 1979, þá hefur ufsi 1. flokks slægður hækkað úr 56 kr. í 98 kr. eða um 75%. Karfi óflokkaður hefur hækkað úr 46 kr. í 70 kr. eða um 52%, en grálúða, 1. flokkur, 3 kg og yfir, hefur hækkað úr 90 kr. í 117 kr. eða um 30%. Grálúða 1—3 kg hefur hækkað úr 60 kr. í 77 kr. eða um 28%, og til samanburðar má geta þess, að þorskur, 1. flokkur slægður, hefur á þessu sama tímabili hækkað úr 98 kr. í 165 kr. eða um 68%. Þegar við lítum á þá verðuppbót, sem þessi bráðabirgðalög gera ráð fyrir, þá er verð á ufsa 98 kr. og uppbót á hvert kg 25 kr. þannig að skiptaverð á ufsa verður 123 kr. eða 120% hækkun, karfi 70 kr., hvert kg, uppbót 21 kr., skiptaverð 91 kr., hækkun 98%, en engar verðbætur koma á grálúðu. Á þessu tímabili hefur orðið 120% hækkun á ufsa og 98% hækkun á karfa, en hækkun á grálúðu aðeins 30% fyrir 1. flokk og 28% miðað við 1—3 kg. Við getum ekki séð, að það sé réttlátt að skilja þannig eftir í sambandi við þessar uppbætur þá útgerð og sjómenn, sem grálúðuveiðar hafa stundað á þessu ári, eins og þessi bráðabirgðalög fyrrv. ríkisstjórnar gera ráð fyrir. Við erum andvígir slíku ranglæti og þess vegna getum við ekki stutt frumvarpið í heild, en með tilliti til þess, að við erum samþykkir því að lagt sé á sérstakt olíugjald, þá munum við ekki greiða atkvæði gegn því.

Alþingi, 19. des. 1979.

Matthías Bjarnason, frsm. Halldór Blöndal. Pétur Sigurðsson.

Nd. 54. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 115 30. desember 1978, sbr. lög nr. 70 31. desember 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. desember 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 115/1978 orðist svo:

1. Á árinu 1980 skulu skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1980, þó að frádregnum:
   a. bótum samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum;
   b. námsfrádrætti skv. 3. tl. c-liðs 30. gr. laga nr. 40 18. maí 1978;
   c. lækkunum skattgjaldstekna er skattstjóri ákveður samkvæmt 66. gr. laga nr. 40 18. maí 1978;
   d. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkvæmt a-lið þessa töluliðs, skal draga frá hjá þeim gjaldendum, sem nutu elli- og örorkulífeyris á árinu 1979, 650 000 kr.
3. Skal gjaldið vera 1,5% af fyrstu 4 500 000 af gjaldstofni en 2% af því sem umfram er hjá hverjum gjaldanda.
   Sjúkratryggingagjaldið skal á lagt í heilum hundruðum króna. Gjald, sem ekki nær 4 000, skal fellt niður við innheimtu.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1.—4. tl. þessa ákvæðis, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir því, að á árinu 1980 verði lagt á sjúkratryggingaiðgjald með sama hætti og gert var á grundvelli ákvæða laga nr. 115/1978 á árinu 1979. Af þessum sökum er þetta frumvarp lagt fram, en það er efnislega samhljóða lögum nr. 115/1978, að öðru leyti en því, sem leiðir af gildistöku nýrra laga um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 40/1978. Þá er gert ráð fyrir að skattþrepið hækki í samræmi við tekjubreytingar þær, sem orðið hafa á milli áranna. Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1979 nemur 5 250 m.kr. og er áætlað að af þessari fjárhæð innheimtist um 4 700 m.kr. Í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir að álagning sjúkratryggingagjalds nemi 7 600 m.kr. á árinu 1980 og að af þessari fjárhæð innheimtist 6 950 m.kr.

Ed. 55. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um álag á ferðagjaldeyri.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði fellt.

Alþingi, 20. des. 1979.

Ey. Kon. Jónsson, frsm. Lárus Jónsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 56. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um álag á ferðagjaldeyri.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum í dag, og mælir meiri hluti nefndarinnar með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Alþingi, 20. des. 1979.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Eiður Guðnason, fundaskr. Tómas Árnason, frsm.

Guðm. Bjarnason.

Sþ. 57. Þingsályktun [2. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda viðskiptasamning EFTA-landanna og Spánar.

(Afgreidd frá Sþ. 20. des.)

Samhljóða þskj. 2.

Nd. 58. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til laga um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Minni hluti nefndarinnar er efnislega samþykkur frumvarpinu og mælir með samþykkt þess. Hins vegar leggur minni hlutinn áherslu á að hluti af tekjum af verðjöfnunargjaldinu verði notaður til að ná fram verðjöfnun frá því sem nú er á töxtum til heimilisnotkunar og iðnaðar hjá þeim aðilum, er gjaldsins njóta, og telur eðlilegt markmið, að þessir taxtar verði í mesta lagi 20% hærri en hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur síðari helming ársins 1980.

Þá vill minni hlutinn ítreka það sjónarmið, sem samstaða varð um í fyrrverandi ríkisstjórn við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1980, að frá og með því ári

beri ríkissjóður allan kostnað af félagslegum framkvæmdum, sem Rafmagnsveitum ríkisins er falið að ráðast í og standa fyrir. Slík stefnubreyting í reynd varðandi fjármál Rafmagnsveitnanna ætti að auðvelda að ná fram eðlilegri verðjöfnun á raforku í landinu og gera kleift að endurskoða þau ákvæði um verðjöfnunargjald, sem gilt hafa frá árinu 1974 og enn er þörf fyrir.

Alþingi, 20. des. 1979.

Hjörleifur Guttormsson, form., frsm. Páll Pétursson. Karvel Pálmason.

Nd. 59. Nefndarálit [16. mál]

um frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforku.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn erum andvígir verðjöfnunargjaldi af raforku eins og það hefur verið á lagt og tillaga er gerð um að áfram verði. Teljum við skattheimtu af raforkusölu orðna meiri en góðu hófi gegnir, en slík skattheimta kemur ekki síst illa við íslenskan iðnað. Raforkukostnaður er mikill þáttur í rekstrarkostnaði margra iðnfyrirtækja. Þessi mikla skattlagning skerðir samkeppnisaðstöðu þeirra gagnvart iðnaði annarra landa, sem íslenskur iðnaður þarf að keppa við.

Ýmis fleiri rök mæla gegn verðjöfnunargjaldinu, sem nánari grein verður gerð fyrir í umræðum, en benda má á, að Samband ísl. rafveitna hefur eindregið lagst gegn þessu gjaldi svo og borgarstjórn Reykjavíkur.

Við teljum að vanda Rafmagnsveitna ríkisins eigi að leysa á annan hátt en með slíku gjaldi. Eðlilegast er að skilja á milli félagslegra framkvæmda RARIK og arðbærra framkvæmda og að ríkissjóður standi undir fyrrnefndu framkvæmdunum með óafturkræfum framlögum. Á sama hátt þarf að greiða úr miklum og þungbærum skuldum fyrirtækisins. Með slíkum aðgerðum mætti tryggja æskilega jöfnun á raforkuverði og koma í veg fyrir hallarekstur fyrirtækisins.

Vegna hinna sérstöku aðstæðna í íslenskum stjórnmálum í dag, sem m. a. hafa í för með sér óvissu um afgreiðslu fjárlaga, viljum við ekki hefta framgang þessa máls að þessu sinni, enda yrði fjárhag RARIK og Orkubús Vestfjarða með því stefnt í óvissu. Við munum því ekki greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Alþingi, 20. des. 1979.

Birgir Ísl. Gunnarsson, frsm. Jósef H. Þorgeirsson. Friðrik Sophusson. Guðm. G. Þórarinsson.

Nd. 60. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um eftirlaun til aldraðra.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur haft frv. til umfjöllunar og leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við frv. bætist svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. 25. gr. skal ríkissjóður standa undir hluta Atvinnuleysistryggingasjóðs af greiðslu eftirlauna samkv. II. kafla laga þessara, þar til lög hafa verið sett, sem létta af sjóðnum skyldu hans til greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi.

Alþingi, 19. des. 1979.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Jósef H. Þorgeirsson.	Matthías Bjarnason.	Guðrún Helgadóttir.
	Guðm. G. Þórarinsson.	

Nd. 61. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leitað upplýsinga um efni þess. Til fundar við nefndina komu fulltrúar fjármálaráðuneytisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. des. 1979.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
Karvel Pálmason.	Svavar Gestsson.	Albert Guðmundsson.
	Þráinn Jónsson.	

Nd. 62. Breytingartillögur [42. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   Þar til fjárlög fyrir árið 1980 taka gildi, þó ekki lengur en til 15. febr., er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1979, að teknu tilliti til almennrar verðlagsþróunar, öll venjuleg rekstrargjöld og önnur gjöld er talist geta til venjulegra fastra greiðslna ríkisins þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn. Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur til að standa við þegar gerða samninga vegna fjárfestinga ríkisins.

2. 3. gr. orðist svo:
   Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 12 000 millj. kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1980 og verja andvirði þess að fengnu samþykki fjárveitinganefndar til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurlána til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum.

Sþ. 63. Tillaga til þingsályktunar [50. mál]

um jöfnun húshitunarkostnaðar.

Flm.: Egill Jónsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, er geri tillögur um með hvaða hætti húshitunarkostnaður verði jafnaður. Nefndin skal skila áliti fyrir 15. febr. n. k.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er hefur olíuverð stórhækkað á síðustu árum. Hefur það valdið margvíslegri röskun í þjóðfélaginu, ekki síst þar sem olían er eini orkugjafinn til húshitunar, en á síðustu árum hefur ónóg raforka frá vatnsaflsvirkjunum valdið því, að víða hafa menn ekki átt þess kost að hita hús sín upp með rafmagni.

Með ýmsum hætti hefur verið leitast við að draga úr áhrifum olíuhækkana, m. a. með hækkun á olíustyrk til húshitunar. Þrátt fyrir það hefur kostnaður við húshitun með olíu farið stórhækkandi, svo að nú er svo komið að hann er rúmlega áttfaldur miðað við Hitaveitu Reykjavíkur, ef ekki er tekið tillit til olíustyrksins, sem á þessu ári nemur 46 700 kr. á einstakling.

Augljóst er, hve slíkur mismunur hefur mikil og óeðlileg áhrif á lífskjör fólks eftir því hvaða orkugjafa það getur notað við upphitun híbýla sinna. Er ekki ofsagt, að einungis þetta atriði getur ráðið úrslitum um, hvar fólk velur sér búsetu. Misrétti af þessu tagi getur því valdið alvarlegri byggðaröskun, nema málið verði tafarlaust tekið föstum tökum og mótuð stefna til frambúðar, svo að menn geti vitað, hvar sem þeir eru búsettir í landinu, hvers sé að vænta í þessum efnum.

Samkvæmt upplýsingum Framkvæmdastofnunar ríkisins hækkaði verð á gasolíu til húshitunar sem hér segir á tímabilinu 13. desember 1978 til 20. desember 1979:

13.12.'78	57.55	kr./lítri
23.02.'79	68.90	—
12.05.'79	103.05	—
21.07.'79	137.05	—
20.12.'79	155.25	—

Verðið hefur því hækkað um 97.70 kr. hver lítri eða sem svarar til tæpra 170% miðað við verð í lok árs 1978. Á sama tíma hækkaði vísitala framfærslukostnaðar úr 1234 stigum í 1911 stig eða um 677 stig. Hlutfallsleg hækkun vísitölunnar er því tæp 55% á árinu 1979. Þessar öru breytingar á olíuverði hafa valdið mikilli röskun á hlutfallslegum húshitunarkostnaði eftir landshlutum og munar þar að sjálfsögðu mestu milli olíuhitunarsvæða og hitaveitusvæða. Hér að neðan eru sýnd nokkur dæmi um verð kWh til húshitunar nú:

			% olíuverðs
Olíufélög	23.88	kr./kWh	100
Orkubú Vestfjarða	14.44	—	60
RARIK	14.31	—	60
Rafmagnsveita Reykjavíkur	8.60	—	36
Rafveita Akureyrar	8.27	—	35
Rafveita Selfoss	6.93	—	29
Hitaveita Selfoss	2.94	—	12
Hitaveita Reykjavíkur	2.87	—	12

Taka verður tillit til þess, að hækkunarbeiðnir hitaveitna og rafveitna hafa ekki verið samþykktar jafnört og olíuverðshækkanir, þannig að gera verður ráð fyrir að verð innlendu orkugjafanna eigi eftir að hækka verulega innan tíðar. Engu að síður er um verulegan mun að ræða, eins og á hlutfallstölunum sést. Sé miðað við að 13 lítrar olíu fari til hitunar hvers rúmmetra húss á ári verður kostnaður við olíukaup samtals um 908 200 kr. fyrir 450 m³ hús. Sé miðað við sömu orkunotkun eru sambærilegar tölur hjá nokkrum orkufyrirtækjum þessar:

542 790 kr.	Orkubú Vestfjarða
537 903 —	RARIK
232 268 —	Rafmagnsveita Reykjavíkur
310 864 —	Rafveita Akureyrar
266 884 —	Rafveita Selfoss
110 513 —	Hitaveita Selfoss
107 881 —	Hitaveita Reykjavíkur

Er hér ekki tekið tillit til olíustyrks.

Af augljósum ástæðum er ákaflega erfitt að bera nákvæmlega saman kostnað við hitun húsa í hinum ýmsu landshlutum. Þetta sést ef litið er til utanaðkomandi afla, svo sem veðurs, mismunandi taxta orkufyrirtækja, sem bæði eru breytilegir milli landshluta, innan þeirra og eftir því hve mikil orka er keypt og á hvaða tíma, og þátta er snúa að neytendum beint, t. d. kjörið hitastig íbúða, einangrun húsa o. s. frv. Í öllum slíkum samanburði verður því að styðjast við meðaltalstölur, sem eðli samkvæmt gefa ekki nákvæma mynd. Einnig er skylt að geta þess, að þrátt fyrir alla þá umræðu, er verið hefur um húshitun hér á landi undanfarin missiri, er staðreyndin sú, að ekkert er vitað um hitun einstakra húsa landsins, t. d. veit enginn hversu mörg hús eru kynt með olíu, hversu mörg með rafmagni og hversu mörg eru tengd hitaveitu. Þess í stað er sífellt stuðst við mannfjöldatölur, og verður að viðurkenna að sú aðferð er engan veginn nægilega nákvæm. Á sama hátt eru ekki tiltækar nákvæmar upplýsingar um ástand raforkukerfis, þ. e. dreifikerfis landsmanna. Þó mun nú vera unnið að úttekt þess. Enn fremur er sala olíu til húshitunar

óþekkt stærð. Í fyrsta lagi eru olíufélögin þrjú hvert með sína viðskiptavini, í öðru lagi skarast sala olíu til húshitunar við ýmsa aðra notkun vegna ákvæðanna um niðurfellingu söluskatts til húshitunar, og í þriðja lagi er enginn aðili til í landinu sem safnar nákvæmum sölutölum og birtir þær. Sú aðferð, sem notuð er til að vinna bug á þessum annmörkum, er því að miklu leyti byggð á getgátum, sem þó styðjast við ýmsar reynslutölur. Með þetta í huga verður að túlka tölur um samanburð húshitunarkostnaðar.

Af ástæðum, sem raktar eru hér að framan, er talið í meira lagi vafasamt að bera saman kostnað við hitun húsa eftir stöðu þeirra á landinu. Hins vegar má bera saman kostnað meðalfjölskyldu einhvers staðar á landinu af húshitun eftir því hvaða orkugjafi er valinn eða er tiltækur í hverju tilfelli. Hér reiknast meðalfjölskyldan 3.4 menn, rúmmál á hvern mann 99 m³ og magn orkugjafa á rúmmálseiningu á ársgrundvelli: heitt vatn 2.15 tonn, rafmagn 71 kWh, olía 12 lítrar. Einingarverðin eru: Heitt vatn 119 kr./tonn, rafmagn a) 14.31 kr./kWh, rafmagn b) 8.27 kr./kWh og olía 155.25 kr./lítri. Miðað við þessar forsendur fæst eftirfarandi samanburður.

Samanburður kostnaðar við húshitun eftir orkugjöfum.

Hitagjafi	Fjöldi	m³/mann	Magn/m³/ár	Einingar-verð/krónur	Samtals krónur
Jarðvarmi	3.4	99	2.15 tonn	119.00	86 119
Rafmagn					
a)	3.4	99	71.00 kWh	8.27	197 641
b)	3.4	99	71.00 kWh	14.31	341 989
Olía	3.4	99	12.00 l	155.5	627 085


Hlutfallslegur kostnaður við jarðvarma og olíukyndingu pr. m³ á ári miðað við olíu.

Jarðvarmi	2.15	× 199.00	: 255.85	:	13.7%
Rafmagn a)		× 14.31	: 1016.01	:	54.5%
Rafmagn b)		× 8.27	: 587.17	:	31.5%
Olía	12	× 155.25	: 1863.00	:	100.0%


Flutningsmenn leggja áherslu á, að mótaðar tillögur varðandi lausn húshitunarvandans liggi fyrir svo fljótt að taka megi tillit til þeirra við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1980, sem trauðla verður fyrir febrúarlok. Þetta mál snertir ekki aðeins einstaklinga og fjölskyldur úti um hinar dreifðu byggðir, heldur veldur það margvíslegum útgjaldaauka í ýmsum félagslegum rekstri og verður því kostnaðarsamara fyrir þjóðfélagið í heild sem lengur dregst að taka á því.

Tafla I.

Breytingar á verði olíu til húshitunar frá 13.12.'78—20.12.'79.



Tafla II.
Breytingar olíuverðs 1.1.'79 = 100. Breytingar framfærsluvísitölu 1.1.'79 = 100.



Nd. 64. Frumvarp til laga [42. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. des.)

1. gr.

Þar til fjárlög fyrir árið 1980 taka gildi, þó ekki lengur en til 15. febr., er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1979, að teknu tilliti til almennrar verðlagsþróunar, öll venjuleg rekstrargjöld og önnur gjöld er talist geta til venjulegra fastra greiðslna ríkisins þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn. Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur til að standa við þegar gerða samninga vegna fjárfestinga ríkisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt á árinu 1980 að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins.

3. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 12 000 millj. kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1980 og verja andvirði þess að fengnu samþykki fjárveitinganefndar til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurlána til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 65. Frumvarp til laga [32. mál]

um eftirlaun til aldraðra.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. des.)

Samhljóða þskj. 32 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða (nýtt) hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 3. tl. 25. gr. skal ríkissjóður standa undir hluta Atvinnuleysistryggingasjóðs af greiðslu eftirlauna samkv. II. kafla laga þessara, þar til lög hafa verið sett, sem létta af sjóðnum skyldu hans til greiðslu atvinnuleysisbóta í fæðingarorlofi.

Nd. 66. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 30. des. 1978, sbr. lög nr. 70 31. des. 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv., en um er að ræða að sjúkratryggingariðgjald verði lagt á með sama hætti og gert var á grundvelli ákvæða laga nr. 115/1978 á árinu 1979. Frumvarpið er efnislega samhljóða lögum nr. 115/1978, að öðru leyti en því sem leiðir af gildistöku nýrra laga um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 40/1978.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson, Jósef H. Þorgeirsson, og Guðrún Helgadóttir skrifa undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 20. des. 1979.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir, með fyrirvara.
Jósef H. Þorgeirsson, með fyrirvara.	Matthías Bjarnason, með fyrirvara.	Pétur Sigurðsson, með fyrirvara.
	Guðm. G. Þórarinsson.	

Nd. 67. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um álag á ferðagjaldeyri.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum í dag. Meiri hluti nefndarinnar mælir með að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. des. 1979.

Halldór Ásgrímsson, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Svavar Gestsson, frsm.
	Karvel Pálmason.	

Sþ. 68. Fyrirspurnir. [51. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um ráðstöfun á aðlögunargjaldi.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

1. Hvernig rökstyður ríkisstjórnin ráðstöfun sína á tímabundnu aðlögunargjaldi á árinu 1979 með tilliti til ákvæða 7. greinar laga nr. 58/1979 og þeirrar kynningar á málinu, sem fyrrverandi ríkisstjórn beitti sér fyrir gagnvart EFTA og EBE og leiddi til þess að EFTA samþykkti formlega að gjaldið yrði lagt á?

2. Hvert er í einstökum atriðum það „uppsafnaða óhagræði“ og hverjar eru forsendur fyrir þeim endurgreiðslum til útflutningsiðnaðar og annarra greina samkeppnisiðnaðar, sem ríkisstjórnin ákvað í nóvember síðastliðnum að fá skyldu samtals 516 milljónir króna af aðlögunargjaldi á árinu 1979?
3. Hvaða tillögur hefur ríkisstjórnin mótað um ráðstöfun tekna af tímabundnu aðlögunargjaldi á árinu 1980?
4. Hefur ríkisstjórnin tekið afstöðu til þess, með hvaða hætti og hvenær eigi að afnema „uppsafnað óhagræði“ innlends samkeppnisiðnaðar eða afla tekna til endurgreiðslu þess framvegis?

II. Til iðnaðarráðherra um hagræðingarlán til iðnaðar.

Frá Hjörleifi Guttormssyni.

Samkvæmt 26. grein laga nr. 13/1979 er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin útvegi 1000 milljónir króna að láni til hagræðingar í undirstöðugreinum atvinnulífsins á árinu 1979.

Fyrrverandi ríkisstjórn samþykkti s. l. haust, að af þessari upphæð skyldu 400 milljónir króna koma í hlut iðnaðar.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að útvega þetta fjármagn og ráðstafa því í samræmi við lagafyrirmæli og heimild til lántöku samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979?

III. Til utanríkisráðherra um ytri landgrunnsmörk Íslands til suðurs.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Hvað hefur verið unnið að því að ákveða ytri landgrunnsmörk Íslands til suðurs í samræmi við ákvörðun Alþingis 22. des. 1978?
2. Hefur ríkisstjórnin mótmælt aðgerðum Breta til að reyna að helga sér klettinn Rokk og þá með hverjum hætti?
3. Hefur verið mótmælt í orði eða á borði tilraunum Breta til að koma einhliða á 200 mílna fiskverndarsvæði umhverfis Rokkinn eða eru uppi um það fyrirætlanir, t. d. að senda íslensk fiskiskip til veiða á þessu svæði?

IV. Til utanríkisráðherra um samstarf við Færeyinga við ákvörðun ytri marka landgrunnsins.

Frá Eyjólfi Konráð Jónssyni.

1. Hefur samvinna verið höfð við Færeyinga til að tryggja sameiginleg réttindi á landgrunnssvæðinu utan 200 mílna marka landanna í samræmi við ákvörðun Alþingis 22. des. 1978, og þá með hverjum hætti?
2. Hafa verið haldnir formlegir fundir með fulltrúum landstjórnar Færeyinga?
3. Hvern árangur hefur samvinna við Færeyinga í þessu efni borið?
4. Hefur afstaða Breta og Íra til krafna Íslendinga og Færeyinga verið könnuð með beinum viðræðum?

Ed. 69. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til laga um eftirlaun til aldraðra.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 20. des. 1979.

Ólafur Jóhannesson, form., frsm. | Karl Steinar Guðnason, fundaskr. | Salome Þorkelsdóttir.
Helgi Seljan. | Jón Helgason. | Gunnar Thoroddsen.
Lárus Jónsson.

Ed. 70. Nefndarálit [42. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 20. des. 1979.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. | Eiður Guðnason, fundaskr., frsm. | Þorv. Garðar Kristjánsson.
Guðm. Bjarnason. | Tómas Árnason. | Lárus Jónsson.
Ey. Kon. Jónsson.

Nd. 71. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um álag á ferðagjaldeyri.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði fellt.

Alþingi, 21. des. 1979.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. | Albert Guðmundsson.

Ed. 72. Breytingartillaga [42. mál]

við frv. til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980.

Frá fjármálaráðherra.

Aftan við 4. gr. komi svofellt

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim erlendum ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á þinggjöldum sínum og útsvari fyrir brottför af landinu. Allir þeir, er hafa þá aðila er hér um ræðir í þjónustu sinni og greiða þeim laun fyrir starfa, eru skyldir til að halda eftir af kaupi launþega nægilegri fjárhæð til lúkningar gjöldum hans. Kaupgreiðandi, sem vanrækir að halda eftir af kaupi launþega, ber sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um innheimtu samkvæmt þessu ákvæði.

Ed. 73. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 21. des. 1979.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.	Geir Gunnarsson, fundaskr.	Guðmundur Karlsson.
Egill Jónsson.	Lárus Jónsson.	Guðmundur Bjarnason.
	Karl Steinar Guðnason.	

Ed. 74. Breytingartillaga [42. mál]

við frv. til laga um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku.

Frá sjávarútvegsráðherra.

Við fyrirsögn frumvarpsins bætist: o. fl.

Ed. 75. Frumvarp til laga [42. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980 o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. des.)

1. gr.

Þar til fjárlög fyrir árið 1980 taka gildi, þó ekki lengur en til 15. febr., er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1979, að teknu tilliti til almennrar verðlagsþróunar, öll venjuleg rekstrargjöld og önnur gjöld er talist geta til venjulegra fastra greiðslna ríkisins þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn. Þá er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði nauðsynlegar greiðslur til að standa við þegar gerða samninga vegna fjárfestinga ríkisins.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt á árinu 1980 að stofna til tímabundins yfirdráttar á aðalviðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabankanum vegna árstíðabundinna sveiflna í fjármálum ríkisins.

3. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að jafnvirði 12 000 millj. kr. í erlendum gjaldeyri á árinu 1980 og verja andvirði þess að fengnu samþykki fjárveitinganefndar til framkvæmda á vegum ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja eða endurlána til sveitarfélaga eða samtaka á þeirra vegum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim erlendum ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á þinggjöldum sínum og útsvari fyrir brottför af landinu. Allir þeir, er hafa þá aðila er hér um ræðir í þjónustu sinni og greiða þeim laun fyrir starfa, eru skyldir til að halda eftir af kaupi launþega nægilegri fjárhæð til lúkningar gjöldum hans. Kaupgreiðandi, sem vanrækir að halda eftir af kaupi launþega, ber sjálfsskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um innheimtu samkvæmt þessu ákvæði.

Nd. 76. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og mælir með að það verði samþykkt.

Alþingi, 21. des. 1979.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Karvel Pálmason, fundaskr.	Steingrímur Hermannsson.
Páll Pétursson.	Matthías Bjarnason.	Halldór Blöndal.
	Pétur Sigurðsson.	

Ed. **77. Lög** [32. mál]

um eftirlaun til aldraðra.

(Afgreidd frá Ed. 21. des.)

Samhljóða þskj. 65 (sbr. 32).

Nd. **78. Lög** [16. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 16.

Nd. **79. Lög** [4. mál]

um álag á ferðagjaldeyri.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 4.

Nd. **80. Lög** [42. mál]

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980 o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 75.

Nd. **81. Lög** [29. mál]

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

(Afgreidd frá Nd. 21. des.)

Samhljóða þskj. 29.

Ed. **82. Frumvarp til laga** [52. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

50. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 101/1976, orðist svo:

Eigi má beita hærri fésekt en 30 milljónum króna, nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði almennra hegningarlaga um hámark fésekta var breytt með 5. gr. laga nr. 101 28. desember 1976, og var þá ákveðið 5 milljónir króna. Hafði ákvæðið þá staðið óbreytt frá setningu laganna 1940, er það var ákveðið 30 000 krónur, sbr. þó ákvæði laga nr. 14/1948, þar sem svo var fyrir mælt að þar sem fésektir eru ákveðnar í lögum án tillits til „núgildandi verðlags", skuli lágmark þeirra og hámark „breytast eftir vísitölu, sem kaupgjald er greitt eftir á hverjum tíma".

Nauðsynlegt er að sektafjárhæðir fylgi almennri verðlagsþróun. Er því lagt til að sektahámark í almennum hegningarlögum verði hækkað og ákveðið 30 milljónir króna. Sektahámark hegningarlaga gildir eigi aðeins um sektaákvarðanir samkvæmt hegningarlögum heldur og um sektaákvörðun samkvæmt ýmsum sérlögum, þar sem sektahámark er ekki ákveðið.

Ed. 83. Frumvarp til laga [53. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973 og lög nr. 24/1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Við 6. gr. laga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973 og lög nr. 24/1976, bætist nýr töluliður, 6. töluliður, svohljóðandi:

6. Fyrir háttsemi, sem greinir í 1. gr. Evrópusamnings frá 27. janúar 1977 um varnir gegn hryðjuverkum. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almennar athugasemdir.

1. Frumvarp þetta, sem samið er í dómsmálaráðuneytinu, fjallar um breyting á 6. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem ráðuneytið telur að nauðsynleg sé til þess að unnt verði að fullgilda, af Íslands hálfu, samning sem gerður hefur verið á vegum Evrópuráðsins, Evrópusamning um varnir gegn hryðjuverkum, frá 27. janúar 1977. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Jafnframt því sem þetta frumvarp er flutt, verður borin fram af utanríkisráðherra tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda framangreindan samning frá 27. janúar 1977.

Á síðari árum hefur verið gengið frá ýmsum milliríkjasamningum, vegna stöðugt vaxandi hermdarverkastarfsemi. Má í því sambandi nefna Haag-samning um að koma í veg fyrir ólöglega töku flugfara, Montreal-samning um varnir gegn ólöglegum aðgerðum gegn öryggi flugsamgangna, samning gerðan að tilhlutan Sameinuðu þjóðanna um ráðstafanir gegn glæpum, er beinast að einstaklingum, er njóta alþjóðaverndar, þ. á m. sendierindrekum. Þessir samningar skuldbinda aðildarríki til þess annaðhvort að framselja eða höfða refsimál gegn einstaklingum, sem taldir eru hafa framið eitthvert þeirra hryðjuverka, sem í samningunum greinir. Ísland hefur gerst aðili að öllum þessum samn-

ingum og alm. hegningarlögum hefur verið breytt til samræmis við þá, sbr. lög nr. 41/1973 og lög nr. 24/1976.

2. Þessi nýi samningur um varnir gegn hryðjuverkum hefur haft fyrrgreinda samninga að fyrirmynd um mörg atriði. Evrópusamningurinn nær hins vegar yfir fleiri hryðjuverk og andstætt hinum samningunum er kveðið á um framsal milli aðildarríkja.

a. Framsal.

Kjarni þessa samnings er 1. gr. hans. Í þessari grein er skýrt kveðið á um, að tiltekin afbrot skuli hvorki teljast stjórnmálaafbrot né brot, sem framin eru í tengslum við slík afbrot eða í stjórnmálalegum tilgangi. Í fyrsta lagi er um að ræða þau brot, sem Haag- og Montreal-samningarnir taka til (1. gr. a og b), en greinin nær einnig yfir eftirfarandi afbrot: (c) gróf brot, sem fela í sér tilræði við líf, limi eða frelsi diplómata eða annarra manna, sem njóta alþjóðaverndar; (d) brot sem fela í sér mannrán, gíslatöku eða grófa, ólöglega frelsisskerðingu; (e) brot þar sem notaðar eru sprengjur, handsprengjur, eldflaugar, sjálfvirk skotvopn eða bréfa- og böggulsprengjur, ef mönnum er þar með hætta búin; og að lokum tilraun til framningar, hlutdeild í eða tilraun til hlutdeildar í slíku broti. Líta ber á þennan samning í ljósi annarra samninga um framsal. Í slíkum samningum er skýrt tekið fram, að neita má að framselja, ef lögbrotið hefur einkenni stjórnmálaafbrots. Í samræmi við þetta ríkjandi sjónarmið segir í 2. tl. 9. gr. íslensku hegningarlaganna, að ekki megi framselja til refsingar á vald erlendra ríkja menn, sem sakaðir eru um stjórnmálaafbrot.

Ákvæði 1. gr. samnings þessa um, að aldrei beri að líta á fyrrgreinda háttsemi sem stjórnmálaafbrot, felur því í sér, að ekki er unnt að synja um framsal í málum, þar sem eitthvert tilgreindra hryðjuverka hefur verið framið, með skírskotun til þess að um stjórnmálaafbrot sé að ræða.

Af framansögðu er ljóst, að 1. gr. breytir í verulegum mæli ákvæðum núgildandi milliríkjasamninga um framsal. Samkvæmt 13. gr. samningsins er á hinn bóginn unnt að gera fyrirvara um 1. gr. Það er álit dómsmálaráðuneytisins, að Ísland eigi að notfæra sér réttinn til að gera fyrirvara, og verður því lýst nánar hér síðar. Af þessum sökum er ekki lagt til að ákvæðum almennra hegningarlaga um framsal verði breytt.

2. gr. samningsins fjallar um heimild til að fella ýmis fleiri afbrot en þau, sem talin eru í 1. gr., undir samninginn. Skv. þessari grein geta aðildarríkin ákveðið, að við framsal vegna hryðjuverks af þessu tagi skuli þau ekki talin stjórnmálaafbrot. Hér er einvörðungu um að ræða rétt aðildarríkjanna en ekki skyldu til framsals og því óþarft að breyta ákvæðum laga um framsal.

b. Refsivald og lögsaga.

Eins og getið hefur verið um í athugasemdunum hér að framan, leiðir aðild að samningnum án fyrirvara til þess, að ekki er unnt að synja um framsal vegna hryðjuverks er greinir í 1. gr. með þeirri röksemd einni, að um stjórnmálaafbrot sé að ræða. Hins vegar er unnt að synja um framsal af öðrum ástæðum. Samkvæmt núgildandi reglum á Íslandi væri því unnt, án tillits til þessa hryðjuverkasamnings, að synja um framsal á þeirri forsendu, að sökunautur sé íslenskur ríkisborgari. Ennfremur geta þau ríki, sem gera fyrirvara skv. 1. mgr. 13. gr., synjað um framsal með vísun til þess, að umrætt afbrot hafi einkenni stjórnmálaafbrots. Ef slíkur fyrirvari er gerður, er hlutaðeigandi ríki hins vegar skuldbundið skv. 7. gr. samningsins að leggja málið án nokkurrar undantekningar fyrir bær yfirvöld til saksóknar í ríkinu sjálfu.

Það er því tryggt samkvæmt samningnum, að sökunautur verði annaðhvort framseldur skv. 1. gr. eða sóttur til saka í landinu sjálfu skv. 7. gr. Þó skal tekið

Nú er líkamsárás unnin í áflogum eða átökum milli þess, sem henni veldur, og þess, sem misgert er við, og er þá heimilt að lækka refsingu eða jafnvel láta hana falla niður, þegar verknaður á undir 217. gr. Sama er, ef sá, sem verður fyrir tjóni, á upptök að átökum með árás, ertingum eða líku.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af hegningarlaganefnd, en í henni eiga nú sæti dr. Ármann Snævarr, forseti hæstaréttar, formaður nefndarinnar, Jónatan Þórmundsson, prófessor, og Þórður Björnsson, ríkissaksóknari, en ritari nefndarinnar er Jón Thors, deildarstjóri.

Er frumvarpið þáttur í endurskoðun á ýmsum ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Frumvarpið skiptist í tvo meginþætti. Fjallar sá fyrri um ákvæði IX. kafla laganna um fyrningu sakar og brottfall viðurlaga og ákvæði tengd þeim, þar á meðal 59. og 60. gr. laganna, en sá síðari um ákvæði XXIII. kafla laganna um líkamsárásir og líkamsmeiðingar.

Með frumvarpinu fylgdi frá hegningarlaganefnd svohljóðandi greinargerð:

A. Greinargerð um sakarfyrningu og brottfall viðurlaga, 1.—9. gr. frv.

I.

Helstu nýmæli í reglum frumvarpsins um sakarfyrningu o. fl.

Með frv. er lagt til, að nýjar reglur séu settar um efni það, sem nú greinir í 80.—83. gr. almennra hegningarlaga, en jafnframt er vissum þáttum við þær aukið, svo sem getið verður hér síðar. Skal gerð hér í upphafi stutt grein fyrir helstu nýmælum í frumvarpinu:

1. Í frv. felst, að reglur um sakarfyrningu taki til allra brota, hvort sem þau lúta almennum hegningarlögum eða öðrum refsilögum utan þeirra, andstætt því sem nú er, sbr. upphaf 81. gr.

2. Lagt er til í frv., að öll brot séu háð fyrningu, nema þau, er ævilangt fangelsi liggur við. Samkvæmt 80. gr. gildandi laga fyrnast ekki brot samkv. XIV. kafla almennra hegningarlaga, ef refsing sú, sem til er unnið, fer fram úr sektum, svo og þau brot, þar sem refsing hefði orðið fangelsi þyngra en 8 mánuðir, enda fari þyngsta refsing, sem við broti liggur, fram úr 6 ára fangelsi.

3. Frv. geymir tillögur um nýja fyrningarfresti og breyttan grundvöll þeirra. Viðmiðunin um fyrningu er meira reist á því í frv., hver refsimörk séu við einstök

brot, en hinu, hverja refsingu ætla megi að maður hefði unnið sér, eins og á stendur. Greinimarkinu um refsingu, sem til er unnið, er þó haldið í 1. tl. 5. gr. frv. varðandi fésektir.

4. Nýmæli er um bókhaldsbrot samkv. 262. gr. alm. hegningarlaga í 2. málsgr. 5. gr. frv. Einnig er nýmæli í 3. málsgr. 5. gr. um það, er háttsemi varðar við fleiri en eitt refsiákvæði, og skal þá miða fyrningarfrest brotanna við það ákvæði, er geymir þyngst refsimörk.

5. Um rof fyrningarfrests eru ákvæði í 6. gr. Er þar helsta nýmælið að lagt er til, að rannsókn gegn manni sem sökunaut bæði fyrir dómstól og fyrir lögreglustjóra (rannsóknarlögreglustjóra ríkisins) og löglærðum fulltrúum þeirra geti rofið fyrningu. 82. gr. alm. hegningarlaga er nú einskorðuð við dómsrannsókn í þessu sambandi. Stendur þetta nýmæli í tengslum við nýskipan á rannsókn opinberra mála með lögum frá 1976.

6. Sakarfyrningarreglur taka ekki nú beinlínis til annarra viðurlaga við broti en refsingar. Í 6. málsgr. 6. gr. frv. er lagt til, að fyrning saka valdi því, að viðurlög samkv. VII. kafla alm. hegningarlaga verði eigi heldur dæmd, svo og úrræði samkv. 2. málsgr. 148. gr. og 2. málsgr. 241. gr., en sérstakar reglur eru þó greindar um eignarupptöku.

7. Í alm. hegningarlögum segir eigi berum orðum um áhrif þess, að sök sé fyrnd. Í 4. gr. frv. segir beint, að þegar sök sé fyrnd, verði eigi refsað fyrir háttsemina, og er þar lagt til, að lögskráð verði regla, sem löngu er dómhelguð. Í 6. gr. greinir einnig, að eigi verði þau viðurlög dæmd, sem um getur í 6. tölulið hér næst á undan, ef sök er fyrnd.

8. 83. gr. alm. hegningarlaga hefir verið endurskoðuð og efni hennar skipað í tvær greinar, 7. gr. og 8. gr. frv. Fjallar fyrri greinin um fyrningu á fullnustu refsivistar, sem dæmd hefur verið, eða hælisvistar. Eru reglur um þetta efni færðar til samræmis við hin norrænu refsilögin, en miklu skiptir, að þessar reglur séu samræmdar vegna laga 69/1963 um fullnustu norrænna refsidóma hér á landi. Reglur frv. eru talsvert rækilegri en hliðstæðar reglur í gildandi 83. gr. Síðari greinin, 8. gr., fjallar um fyrningu á fullnustu á dómum, úrskurðum eða sáttum, sem ákvarða sektarrefsingu eða eignarupptöku. Er það nýmæli, að reglur þessar taki til eignarupptöku. Í reglum frv. um sektarúrlausnir er greint milli þess, hvort sekt sé undir 500 000 krónum eða yfir, og telst fullnustufrestur 3 ár í fyrra tilviki, en 5 ár í hinu síðara.

9. Í almennum hegningarlögum eru eigi almenn ákvæði um áhrif andláts á fullnustu refsingar eða annarra viðurlaga við brotum, sem dæmd hafa verið, sbr. þó 4. málsgr. 52. gr. um fésektir. Í 9. gr. frv. er tekin afstaða til ýmissa efna, er lúta að þessu, þ. á m. varðandi dóma út af eignarupptöku.

II.
Almennar athugasemdir um endurskoðun fyrningarreglnanna.

Ákvæði norrænna hegningarlaga um sakarfyrningu hafa sætt endurskoðun á síðustu árum, sbr. sænsku heildarlögin frá 1962, danska hegningarlagabreytingu frá 1967, finnska lagabreytingu frá 1969 og norska lagabreytingu frá 1972. Hafa norrænu hegningarlaganefndirnar undirbúið þessar lagabreytingar hver í sínu landi, en auk þess tók norræna hegningarlaganefndin mál þetta til meðferðar og samdi um það álitsgerð og tillögur árið 1966, sbr. Nordisk udredningsserie 1967, nr. 15. Eru vissulega rök til þess að hafa ákvæðin sem svipuðust í norrænu lögunum um þetta lagaatriði, ekki síst reglurnar um fyrningu á fullnustu refsinga og annarra refsikenndra viðurlaga vegna laganna um fullnustu norrænna refsidóma, sbr. hér á landi lög 69/1963.

Við endurskoðun þá, sem hegningarlaganefnd hefir nú framkvæmt á reglunum um sakarfyrningu o. fl., hefir fyrst og fremst verið tekið mið af innlendri reynslu, svo og viðhorfum, sem stafa af breyttri skipan rannsóknar- og dómsvalds í opin-

berum málum, sbr. einkum lög um það efni frá 1976. Með tillögum hegningarlaganefndar er einnig stefnt að því að færa íslensk hegningarlög að því er varðar þetta lagaatriði til muna nær hinum norrænu hegningarlögunum en nú er. Ýmsar reglur verða lögskráðar, ef frv. nær fram að ganga, sem eigi eru lögfestar nú. Hafa ber þó í huga, að refsiréttarfræðin hlýtur að ráða fram úr margvíslegum vandamálum í þessu efni, sem ógerlegt er að festa í lagatexta.

Ákvæði um sakarfyrningu og fyrningu á fullnustu refsingar og annarra viðurlaga eru í flestum hegningarlögum. Þau eru þó nokkuð sitt með hverju móti, bæði um það, hvaða brot séu háð fyrningu, og ekki síður hitt, hver fyrningartími sé um einstök brot og hvaða lagasjónarmið séu lögð til grundvallar fyrningarfresti. Enn fremur um það, með hverjum hætti fyrning verði rofin, svo að nokkur efni séu nefnd. Hér á eftir verður vikið að einstökum efnisatriðum þessa máls, og það rakið, hvernig frv. gerir ráð fyrir, að þau séu leyst.

III.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Í 59. gr. og 60. gr. alm. hegningarlaga er nú kveðið svo á, að forsenda fyrir því, að skilorðsdómur verði tekinn upp til endurskoðunar vegna skilorðsrofs samkvæmt kröfu ákæruvalds sé sú, að réttarrannsókn hefjist út af nýju broti eða öðru rofi á skilorði fyrir lok skilorðstíma. Vegna nýrrar skipunar á rannsókn opinberra mála með lögum 107, 108 og 109 frá 1976 sætir mál frumrannsókn hjá rannsóknarlögreglu (lögreglu), og getur orðið alllangur aðdragandi að því, að mál komi fyrir dóm. Rétt þykir því að miða forsendu fyrir endurskoðun skilorðsdóms við það, er mál kemur fyrir dóm eða rannsóknarlögreglustjóra, lögreglustjóra eða löglærða fulltrúa þeirra. Hér er beitt sama greinimarki og um rof fyrningarfrests samkv. nýrri orðun 4. mgr. 82. gr. hegnl., sbr. 4. mgr. 6. gr. frv. þessa. Vísast um frekari rökstuðning til athugasemda um það ákvæði hér á eftir.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að bætt verði í fyrirsögn kaflans orðunum: brottfall viðurlaga, en um það fjallar nú 83. gr. laganna. Í frv. eru ákvæði um þetta efni í 7., 8. og 9. gr.

Um 4., 5. og 6. gr.

Í þessum greinum er tekin afstaða til margra efnisþátta um fyrningu, og skal það nú rakið.

1. Hvaða brot séu fyrnanleg.

Samkvæmt 80. og 81. gr. alm. hegningarlaga fyrnast ekki a) brot samkv. XIV. kafla (brot í opinberu starfi), ef refsing, sem til er unnið, fer ekki fram úr sektum, svo og b) brot, þar sem þyngsta refsing, sem við broti liggur, fer fram úr 6 ára fangelsi og refsing sú, sem til er unnið, er þyngri en 8 mánaða fangelsi. Hegningarlaganefnd telur, að ekki séu rök til þess, að hafa sérreglur um brot samkv. XIV. kafla alm. hegningarlaga, og þess má geta, að um þau brot gilda almennar reglur um sakarfyrningu samkv. norrænu hegningarlögunum, eins og þau eru nú úr garði gerð. Telja verður, að öll brot eigi að lúta fyrningu sakar, nema alveg sérstök gagnrök komi fram. Að svo stöddu telur hegningarlaganefnd, að brot, sem við liggur ævilangt fangelsi, eigi ekki að vera háð fyrningu, en það eru nú manndráp, sbr. 211. gr., landráð, sbr. 86. gr., uppreisn, sbr. 98. gr., árás á Alþingi og æðstu stjórnvöld, landsdóm eða Hæstarétt, sbr. 100. gr., nauðgun, sbr. 194. gr., stórfelld líkamsárás, sbr. 218. gr., og rán, ef sökunautur hefur oftar en einu sinni verið dæmdur fyrir auðgunarbrot, sbr. 255. gr. Má raunar þykja líklegt, að refsimörk í sumum þessara brota verði endurskoðuð á næstunni, og er tillaga um það í þessu frv. að því er varðar líkamsmeiðingar samkv. 218. gr.

Tekið skal fram, að ákvæði frv. eru að þessu leyti í samræmi við dönsku hegningarlagabreytinguna frá 1967, en í norsku hegningarlagabreytingunni frá 1972 er settur sérstakur fyrningarfrestur, 25 ár, um brot sem varða ævilöngu fangelsi.

2. Eiga reglur almennra hegningarlaga um fyrningu sakar að taka til þeirra brota einna, sem um er mælt í þeim lögum.

Í upphafi 81. gr. alm. hegningarlaga er nú skýrlega kveðið svo á, að fyrningarreglur greinarinnar eigi aðeins við um brot, sem lúta almennum hegningarlögum, þ. e. að þær eigi ekki beint við um brot, sem lýst eru refsiverð í sérrefsilögum. Stundum eru sérstök fyrningarákvæði í refsilögum utan almennra hegningarlaga, þótt fremur fátítt sé, sbr. t. d. lög 68/1971, 48. gr., og lög 40/1978, 108. gr. (skattsektir), lög 4/1963, 14. gr. (lög um ráðherraábyrgð), lög 19/1971, 23. gr. (ábyrgð vegna útvarpsefnis), lög 87/1971, 15. gr. (um orlof), lög 12/1923, 22. gr. (um einkaleyfi), lög 25/1921, 9. gr. (brot á einkarétti Háskóla Íslands til útgáfu almanaks), lög 84/1933, 12. gr. (varnir gegn óréttmætum verslunarháttum o. fl.), sbr. hins vegar l. nr. 56/1978. Við brot samkv. sérrefsilögum, sem eigi hafa fyrningarákvæði að geyma, verður það álitamál, hvort unnt sé að beita ákvæðum 81. gr. almennra hegningarlaga með lögjöfnun, sbr. Íslenskar dómaskrár III, bls. 189—190. Ástæðan til þess, að fyrningarreglur alm. hegningarlaga eru ekki látnar taka beint til brota samkv. sérrefsilögum, er einkum sú, að sumum þeirra er auðvelt að leyna, og þau komast oft ekki upp, fyrr en löngu eftir að þau eru framin, sbr. t. d. undandrátt eigna og tekna undan sköttun, og ýmis önnur brot, sem fólgin eru í að hafa fé af opinberum sjóðum eða t. d. bókhaldsbrot, brot á byggingarlöggjöf, brunamálalöggjöf, heilbrigðislöggjöf o. fl. Þessi ástæða endist þó ekki til annars í hæsta lagi en að sérreglur séu settar um upphaf og lengd fyrningarfrests, sbr. sérákvæði í 5. gr. frv. um bókhaldsbrot og brot, sem fólgin eru í að skjóta eignum og tekjum undan sköttum o. fl. Eðlilegt þykir samkv. þeim almennum refsiréttarrökum, sem liggja til sakarfyrningar, að fyrningarákvæði alm. hegningarlaga taki einnig að höfuðstefnu til brota, er varða við sérrefsilög. Hitt verður að ráðast, hvort ástæða þyki til að setja sérákvæði um fyrningu í refsiákvæðum sérlaga. Óhaganlegt þykir að láta það velta á lögjöfnun, hvort ákvæðum alm. hegningarlaga verði beitt um svo mikilvægt atriði sem fyrningu, og slíkt veldur örðugleikum bæði í úrlausnum ákæruvalds og dómstóla. Ákvæði 5. gr. í frv. þessu er reist á þessum sjónarmiðum, og tekur til allra brota, nema sérlög kveði annan veg á, en þau ákvæði ganga þá framar ákvæðum alm. hegningarlaga. Gegnir þessu einnig um sérrefsilagaákvæði, sem nú eru í lögum — þau halda gildi sínu og verða ákvæði alm. hegningarlaga að þoka fyrir þeim. Hegningarlaganefnd telur hins vegar, að þörf sé á endurskoðun á einstökum ákvæðum sérrefsilaga, er lúta að fyrningu. Þá endurskoðun hugsar nefndin sér heildstæða, þannig að hún taki einnig til annarra viðurlaga og efnisatriða í sérrefsilögum, svo sem varðandi sektarviðurlög þeirra, ákvæði um eignarupptöku og réttindasviptingu. Er vissulega tímabært að endurskoða ákvæði í sérlögum um refsingu og önnur viðurlög, sbr. og atriði eins og fyrningu, út frá samræmdum refsiréttarsjónarmiðum, enda stafa refsiákvæðin og viðurlagaákvæðin frá ýmsum tímum, og eru þau ekki ávallt reist á lagasjónarmiðum, sem samrýmast nútíma viðhorfum.

3. Lagasjónarmið, er hafa áhrif á lengd fyrningarfresta.

Í refsirétti er almennt viðurkennt, að það sé einkum saknæmi brots, sem ráða eigi lengd fyrningarfresta, þ. e. að því saknæmara sem brotið sé samkv. mati refsilöggjafans því lengri eigi fyrningarfrestir að vera. Að vísu grípa hér þó einnig önnur sjónarmið inn í, svo sem það hversu broti sé auðleynt. Við úrlausn á því, hversu saknæmt brot sé, hefir refsilöggjöf aðallega stuðst við tvennskonar grundvöll. Önnur aðferðin er að miða saknæmi brots við það, hve refsing sú, sem til er unnið,

hefði orðið þung eins og á stendur og er þá tekið tillit til allra þeirra atriða, sem áhrif hafa á refsimatið. Hin aðferðin tekur mið af því, hve þung refsiviðurlög geti legið við broti. Fyrri aðferðin er að mestu lögð til grundvallar í 81. gr. alm. hegningarlaga, en þó ekki fullum fetum. Síðari aðferðin er hins vegar notuð í hinum norrænu refsilögunum og víðast hvar í refsilögum utan Norðurlanda. Greinimark 81. gr. er sérgreint og tekur meir tillit til þess einstaka verknaðar, sem framinn hefir verið, og byggir á könnun allra atriða, sem orka á refsingu. Hin aðferðin er almennari og notast við utanverð atriði, þ. e. hver hin almennu refsimörk eru án tillits til sératvika máls hverju sinni. Refsimörkin sem slík eru þá talin veita vísbendingu um það, hversu alvarlegt brot sé. Í því sambandi er þess að gæta, að þótt brot varði við ákvæði, er hefir þung refsiviðurlög að geyma, þá getur refsing orðið tiltölulega lág, sbr. t. d. 218. gr. alm. hegningarlaga.

Sú aðferð að miða fyrningarfresti við almenn refsimörk er stórum auðveldari lagaframkvæmd en tilhögunin samkv. 81. gr. alm. hegningarlaga. Í síðara tilviki þarf að prófa mál oft út í hörgul, svo að gengið verði úr skugga um, hvort sök sé fyrnd. Þessa þarf hins vegar ekki í jafnríkum mæli, ef við hin almennu refsimörk er miðað. Má því ætla, að veruleg vinna og kostnaður sparist við það að lögfesta síðari aðferðina. Frá sjónarmiði þjóðfélagsins er þetta vissulega mikilvægt og horfir til að létta álagi af rannsóknar-, ákæru- og dómsvaldi. Af þessum sökum, svo og til að samræma ísl. refsilöggjöf hinum norrænu refsilögunum, er hér lagt til, í 5. gr. frv., að almennt verði fyrningarfrestir miðaðir við refsimörk, sbr. þó 1. tölulið 5. gr., þar sem við 2 ára frestinn er bæði miðað við refsimörk (1 árs fangelsi) svo og við það að refsing sú, sem til er unnið, fari ekki fram úr sektum. Er það tiltölulega lítið frávik frá meginreglunni, sem góð og gild rök mæla með. Þau vandkvæði, sem stafað geta í einstaka tilviki af því, að fyrningarfrestur verði óeðlilega langur, miðað við saknæmi brots, ef reglur frv. verða lögfestar, má leysa með því að ákæruvald falli frá ákæru, svo sem heimilað er í lögum 74/1974.

4. Um einstaka fyrningarfresti, 5. gr. frv.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir fjórum mismunandi fyrningarfrestum. Stafar það af því, að refsimörk eru svo rúm, að ærin þörf verður á sundurgreiningu brota, ef fyrning er látin velta aðallega á hinum almennu refsimörkum. Frestir verða þá 2, 5, 10 og 15 ár. Vegna þess fyrirvara í 1. tölulið 5. gr. frv., að miðað er öðrum þræði við refsingu, sem til er unnið, þ. e. sektir, þá mun allur þorri sérrefsilagabrota sæta 2 ára fyrningu, svo sem einnig er nú, enda varða þau sjaldnast þyngri viðurlögum en 1 árs fangelsi. 5 ára fyrningarreglan samkv. frv. horfir sumpart að því að þrengja fyrningu frá því, sem nú er, en sumpart rýmkar hún svið fyrningar. Um auðgunarbrotin myndi fyrningarfrestur oft lengjast úr 5 árum í 10, ef frv. yrði lögfest, því að samkv. 2. tl. 5. gr. frv. er 5 ára fresturinn miðaður við að eigi liggi þyngri refsing við broti en 4 ára fangelsi, en slíku er að jafnaði til að dreifa um auðgunarbrotin samkv. XXVI. kafla alm. hegningarlaga. Á hinn bóginn falla þau tilvik undir 5 ára regluna samkv. frv., þegar refsimörk eru 4 ára fangelsi þyngst án tillits til þess, hvort refsing, sem til er unnið, hefði farið fram úr 1 árs fangelsi, sbr. hins vegar 2. tl. 81. gr. alm. hegningarlaga um það atriði. Undir 10 ára fyrningarregluna í frv. koma sýnilega fleiri tilvik en undir 10 ára reglu 3. tl. 81. gr. alm. hegningarlaga. Þá fyrnast yfirleitt mun fleiri brot samkv. reglum frv. en nú er. 15 ára fyrningin er miðuð við, að þyngsta tímabundin refsing liggi við broti, oftast 16 ár, en sú tímabundna refsing getur þó hækkað vegna almennra ákvæða, sbr. 73., 94. og 101. gr. alm. hegningarlaga, sbr. ennfremur 2. mgr. 79. gr. Hins vegar eru þau brot ekki fyrnanleg skv. frumvarpinu, sem ævilangt fangelsi liggur við, sbr. 86., 98., 100., 194., 211. og 255. gr. (auk 218. gr., en frv. gerir ráð fyrir, að ævilöng fangelsisrefsing liggi ekki við því broti). Í heild sinni munu fyrningarfrestir lengjast samkv. reglum frv.

Í 2. málsgr. 5. gr. frv. er lagt til, að sérstök fyrningarregla verði lögfest um bókhaldsbrot, sbr. 262. gr. alm. hegningarlaga, svo og um brot, sem fólgin eru í að menn skjóta sér með ólögmætum hætti undan greiðslu opinberra gjalda o. fl. Er sýnilega þörf á alllöngum fyrningarfresti við þessi brot, þar sem upp um þau kemst oft alllöngu eftir að brot er framið, og er tíðum örðugleikum bundið að ljóstra upp um þau. Sérákvæði í einstökum lögum ganga þó framar þessu almenna ákvæði, ef lögfest verður.

5. Um mat á því, hvaða refsimörk eigi við um háttsemi, sbr. einkum 3. málsgr. 5. gr. frv.

Vera má, að fyrir liggi til úrlausnar háttsemi, sem varði við fleiri refsiákvæði en eitt (concursus idealis). Er þá lagt til í lokamálsgr. 5. gr. frv., að miða skuli fyrningarfrest við það refsiákvæði, sem geymir þyngstu refsiviðurlögin, sbr. að sínu leyti 77. og 78. gr. alm. hegningarlaga. Ákvæðið á hins vegar ekki við, þegar aðili hefur framið fleiri en einn refsiverðan verknað, samkynja eða ósamkynja, og á þá að meta fyrningu sérstætt við hvern verknað (brot) fyrir sig. Hitt er það, að röð samkynja eða eðlisskyldra brota, sem framin eru með tiltölulega litlu hléi, er stundum metin sem brotaheild (framhaldsbrot, raðbrot) þegar fyrning er virt, og hefst þá fyrning eigi fyrr en frá því, að síðasta brot (brotaþáttur) var framið.

6. Um upphaf fyrningarfrests, 6. gr. frv.

1. málsgr. 6. gr. frv. er óbreytt frá því, sem nú er í 82. gr. alm. hegningarlaga. Ýmsir örðugleikar eru í lagaframkvæmd á að afmarka upphaf fyrningarfrests, en ógerlegt er að leysa úr þeim álitamálum öllum í lagatexta. Tekið skal fram, að við nokkur auðgunarbrot, sem leiða til eða fela í sér tiltekið ástand, er ríkir um lengri eða skemmri tíma, þykir réttmætt að miða upphaf fyrningar við það, er maður kastar eign sinni á mun, sbr. 246. gr. alm. hegningarlaga, eða leggur launung á hann eða veitir honum viðtöku, enda sé hugrænum refsiskilyrðum fullnægt, sbr. 254. gr. alm. hegningarlaga.

2. málsgr. 6. gr. frv. felur ekki í sér veruleg nýmæli. Ákvæði 126. gr. alm. hegningarlaga er dæmi þess, að eftirfarandi atvik ráði því, hvort háttsemi sé refsiverð. 218. gr. er dæmi þess, að tiltekin afleiðing þurfi að verða af háttsemi, þ. e. líkamsárás þarf að hafa þargreinda afleiðingu í för með sér.

3. málsgr. 6. gr. frv. er efnislega í samræmi við núgildandi 82. gr. alm. hegningarlaga. Ákvæðið um, að skip komi til hafnar, þar sem ísl. ræðismaður er, hefur verið fellt hér niður, og þykir það ekki eiga rétt á sér.

7. Um rof fyrningar.

Samkv. 2. málsgr. 82. gr. alm. hegningarlaga stöðvast fyrningarfrestur, „er réttarrannsókn hefst gegn sökunaut út af broti". Með því ákvæði er mörkuð sú stefna, að rannsókn fyrir lögreglu geti eigi rofið fyrningu, heldur þurfi til kasta dómstóls að koma. Með nýskipan á rannsókn opinberra mála með stofnun rannsóknarlögreglu ríkisins og breytingum á lögum um meðferð opinberra mála, sbr. lög 107, 108 og 109 frá 1976, eru teknir upp nýir rannsóknarhættir. Sæta mál frumrannsókn hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, rannsóknardeildum dómstóla eða lögreglu. Kemur mál alloft eigi til meðferðar dómstóla, fyrr en miklu síðar en var eftir eldri reglum, nema beitt sé sérstökum dómmæltum aðgerðum, svo sem gæsluvarðhaldi. Svigrúm til að koma máli fyrir dómstóla er tiltölulega takmarkað, sbr. 74. gr. laga nr. 74/1974, svo sem henni er breytt með 12. gr. laga nr. 107/1976. Ef miðað er við að dómsrannsókn ein sé þess umkomin að rjúfa fyrningu, getur sök fyrnst, þótt mál hafi alllengi verið til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu. Getur það leitt til óeðlilegra mála-

loka, með því að rannsókn kann að hafa beinst skýrlega gegn manni sem sökunaut. Því hefir verið haldið fram, að réttaröryggi sé betur borgið, ef miðað sé við dómsrannsókn. Þess er þó að gæta, að lögreglu ber að skýra það skilmerkilega fyrir manni, hvort hann sé yfirheyrður sem sakaður maður eða t. d. sem vitni, sbr. 40. gr. laga nr. 74/1974. Þá verður það tíðara nú en áður var, að löglærðir fulltrúar (deildarstjórar) séu meðal starfsmanna rannsóknarlögreglu.

Í 4. málsgr. 6. gr. frv. er brotið upp á þeirri tilhögun, að fyrning sé rofin með rannsókn fyrir rétti eða lögreglustjóra (rannsóknarlögreglustjóra) eða löglærðum fulltrúum þeirra. Er farið hér nokkuð bil beggja, og þá miðað við núverandi rannsóknarhætti og m. a. óbreytt efni 74. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 12. gr. laga nr. 107/1976.

Svo sem glöggt kemur fram í texta frv., rofnar fyrning eigi við það, er rannsókn hefst hjá lögreglu, nema löglærður embættismaður fjalli um mál. Ætti það að stuðla að réttaröryggi. Rannsóknin verður að beinast að manni sem sökunaut, hvort sem hann kemur fyrir rétt eða rannsóknarlögreglu o. fl., þ. e. maður er skýrlega hafður fyrir sökum vegna tiltekins brots. Felst slíkt yfirleitt í bókunum í rannsókn málsins. Þess skal getið, að rannsókn getur hafist gegn manni sem sökunaut, þótt hann sé ekki nærstaddur og komi ekki persónulega fyrir dómara eða aðra þá, sem 4. málsgr. 6. gr. frv. greinir.

Í 4. málsgr. 6. gr. frv. er sérstaklega getið um sáttir. Rofnar fyrning við það, er manni er gefinn kostur á sátt, enda sé lögmætt að ljúka máli með þeim hætti.

Stöku sinnum er stjórnvaldi heimilt að gera manni refsingu, og í því tilviki rofnar fyrningarfrestur, þegar stjórnvaldið sakar mann um tiltekið brot sem heimild þessi nær til.

8. Rannsókn máls stöðvast.

5. málsgr. 6. gr. frv. endurtekur að megininntaki reglur 2. málsgr. 82. gr. alm. hegningarlaga, en geymir þó nýmæli.

Mat á því, hvort hætt hafi verið við rannsókn máls um óákveðinn tíma, kemur í hlut dómstóla, en ákæruvaldið kann einnig að meta það fyrir sitt leyti. Verður ekki gefin um það efni öllu rækilegri vísbending en nú er í 82. gr. Um þetta atriði hafa gengið dómar, sem telja má stefnumarkandi.

Það er nýmæli, að rannsókn, sem hætt er við vegna þess að handhafi ákæruvalds ákveður að höfða ekki mál gegn sakborningi eða hverfur síðar frá ákæru, hefir eigi áhrif til rofa á fyrningu.

9. Réttaráhrif fyrningar, sbr. 6. mgr. 6. gr. frv.

Í 80. gr. alm. hegningarlaga segir ekki berum orðum, að fyrning valdi því, að refsingu verði ekki beitt. Ekki orkar það tvímælis, að fyrning veldur sýknu, enda er það löngu dómhelguð réttarregla. Þykir rétt að segja þetta beinum orðum í 6. málsgr. 6. gr. frv.

Samkv. ákvæðum IX. kafla alm. hegningarlaga tekur fyrning aðeins til refsingar, en ekki beinlínis til annarra viðurlaga við broti. Í samræmi við hin norrænu lögin þykir rétt að kveða svo á, sbr. 6. málsgr. 6. gr. frv., að fyrning taki einnig til annarra viðurlaga, sem greind eru í VII. kafla alm. hegningarlaga, þ. á m. réttindasviptingar og eignarupptöku, og enn fremur til úrræða samkv. 2. málsgr. 148. gr. og 2. málsgr. 241. gr. alm. hegningarlaga. Lagt er þó til, að sérstök ákvæði verði sett um eignarupptöku, þ. e. að fyrningarfrestur um hana verði ekki skemmri en 5 ár. Getur þá svo farið, að unnt sé að dæma eignarupptöku, þótt refsisök sé fyrnd, ef brot fyrnist á 2 árum að því er refsingu varðar. Lagt er til, að fyrningarfrestur verði 10 ár um eignarupptöku samkv. 3. tl. 69. gr. (munir eða ávinningur, sem aflað hefir verið með broti), svo og um hliðstæða eignarupptöku í sérlögum, nema þau kveði öðruvísi á.

Meginreglan um réttindasviptingu í 6. málsgr. 6. gr. frv. tekur einnig til slíkra viðurlaga samkv. sérrefsilögum, nema þau geymi aðra reglu.

Bent skal á, að í 6. málsgr. 6. gr. frv. er ekki kveðið á um ómerkingu ummæla, sbr. 1. málsgr. 241. gr. alm. hegningarlaga. Tekur fyrning á refsisök ekki fyrir, að ummæli séu ómerkt. Gert er ráð fyrir, að afstaða sé tekin til áhrifa fyrningar varðandi ómerkingu með nýrri skipan á efni 29. gr. alm. hegningarlaga.

Um 7., 8. og 9. gr.

Um fyrningu á fullnustu refsingar og annarra viðurlaga, sbr. 7. og 8. gr. frv.

Í 83. gr. núgildandi alm. hegningarlaga er ákvæði um brottfall refsingar, sem dæmd hefir verið eða ákveðin með öðrum hætti, ef ekki er byrjað að fullnægja henni innan tiltekinna fresta. Sérákvæði er sett um það, er fullnusta er að vísu byrjuð, en hún hefir stöðvast.

Í frv. er mælt fyrir um þetta efni í tveimur greinum, 7. gr. og 8. gr. Í fyrri greininni eru fyrirmæli um fyrningu á fullnustu refsivistar og hælisvistar, en í síðari greininni um fullnustu á fésektum, sem dæmdar hafa verið, úrskurðaðar eða ákvarðaðar með sátt, svo og varðandi eignarupptöku, sem dæmd hefir verið eða ákvörðuð á framangreindan hátt. Þykir gleggra að mæla fyrir um þetta efni í tveimur greinum en einni, enda yrði ein grein, sem tæki til þessa hvors tveggja, óhæfilega löng. Tekið skal fram, að hegningarlaganefnd leggur áherslu á, að greinatal í alm. hegningarlögum haldi sér sem mest, og er því lagt til, að nýjar greinar, er tengist fyrningu, fái greinatalið 83. gr. a og 83. gr. b, sbr. hér á eftir.

1. Um 7. gr.

Í 1. málsgr. er aðalbreytingin frá 83. gr. núgildandi laga sú, að hér er einnig kveðið á um fyrningu á öðrum viðurlögum en refsingu, sem fela í sér nauðungarvist á hæli. Enn fremur er breytt nokkuð til um fresti frá því, sem er í 83. gr. Vegna laga um fullnustu norrænna refsidóma, sbr. lög 69/1963, skiptir miklu máli að samræma norrænar reglur um fyrningu á fullnustu dóma um refsingu og önnur viðurlög. Er 7. gr. frv. við það miðuð, að samskonar reglur verði hér um þetta efni sem á hinum Norðurlöndunum. Frestirnir kunna að þykja nokkuð margbrotnir, en í því efni er fylgt fordæmi hinna norrænu laganna. Fyrningarreglur þær, sem hér er lagt til, að lögfestar verði, varða t. d. hælisvistun samkv. 62., 66. og 67. gr. alm. hegningarlaga, sem ídæmd hefur verið.

Í 2. málsgr. er það nýmæli, að upphaf fyrningarfresta skuli miða við það, er dómur verður aðfararhæfur. Er þar lagt til, að lögfest verði regla, sem nú gildir óskráð, að því er ætla verður. Unnt er að fullnægja dómi, þegar dómsmálaráðuneyti berast dómsgerðir með áritun ríkissaksóknara um að málinu verði ekki áfrýjað eða dómur Hæstaréttar.

Ákvæði 3. málsgr. er efnislega í samræmi við efni 3. málsgr. 83. gr. alm. hegningarlaga og 1. mgr. þessarar greinar, en bætt er við fyrirmæli um skilyrta náðun.

Í 4. málsgr. er tekið sérstaklega fram, með hverjum hætti fyrning verði rofin, þ. e. að hún rofni, þegar fullnusta refsidóms hefst.

Ákvæði 5. málsgr. fjallar um það, er nokkur hluti refsivistar eða annarrar hælisvistar hefir verið tekinn út, en fanga er síðan veitt reynslulausn eða skilyrt náðun eða fullnusta stöðvast með öðrum hætti. Er kveðið á um fyrningarfrest, ef skilorð er rofið. Greinin er byggð á þeim grundvelli, að eftirstöðvar beri að meta sjálfstætt. Ef eftirstöðvar eru t. d. 8 mánuðir af 16 mánaða upprunalegri refsingu, þá á fyrningarfrestur 1. tölulíðs við, en eigi 2. tölulíðs.

Rétt er að taka fram, að þegar dómur dæmir tvennskonar refsitegundir, refsivist og fésekt, þá á að meta hvora refsitegundina sérstætt, þannig að um refsivist fari samkv. 7. gr., en um fésekt samkv. 8. gr.

2. Um 8. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um fyrningu á fullnustu á fésekt og vararefsingu hennar, svo og um eignarupptökuákvæði dóms, úrskurðar og sáttar.

Samkv. 83. gr. alm. hegningarlaga er fyrningarfrestur um fullnustu fésektar nú ávallt 5 ár. Í norrænu hegningarlögunum, svo sem þeim hefir nú verið breytt, í tilefni af lögum um fullnustu norrænna refsidóma, er yfirleitt um tvennskonar fresti að ræða, 3 ár um lægri fésektir, en 5 ár um hinar hærri. Í samræmi við þetta er lagt til, að fyrningarfrestur verði 3 ár um sektir undir 500 000 krónum, en 5 ár um sektir 500 000 krónur og hærri. Í frv. er lagt til að gerð verði sú meginbreyting varðandi fyrningu sektarrefsingar, að sekt fyrnist alfarið þegar liðinn er tilskilinn fyrningartími, 3 ár eða 5 ár, þannig að þá fellur niður sá hluti sektar, sem óinnheimtur er, eða sektin öll, ef innheimta er ekki hafin. Í 2. mgr. er þó lagt til að sett verði ákvæði til þess að verjast því að glata sektarfénu alveg. Hafi verið gert fjárnám eða tekin trygging fyrir sektinni áður en sektin fyrnist, helst sú trygging þrátt fyrir fyrninguna á sektinni. Er þetta fyrirkomulag tekið upp til samræmis við ákvæði hinna norrænu hegningarlaganna og einnig til þess að tryggja sektarþola gegn því að svo til endalaust sé hægt að halda sekt frá því að fyrnast með því að ná greiðslu upp í sektina, svo sem stundum hefir viðgengist samkvæmt núgildandi reglu.

Í 3. málsgr. er nýmæli, sem lýtur að fullnustu á vararefsingu, sem ákveða skal við fésekt samkv. 1. málsgr. 54. gr. alm. hegningarlaga, þ. e. varðhald eða fangelsi. Fellur vararefsing niður samkv. því, er segir í 1. málsgr. þessarar greinar frv., þ. e. eftir sömu reglum og gilda um fésektina og fullnustu hennar.

Í 4. málsgr. er nýmæli um fyrningu á fullnustu eignarupptöku, sem ákveðin er í dómi, úrskurði eða sátt. Eru engin almenn ákvæði um eignarupptöku að þessu leyti í gildandi lögum. Er ótvírætt þörf á ákvæði um þetta efni, svo sem nú er á hinum Norðurlöndunum. Er lagt hér til, að 5 ára frestur verði lögmæltur, en þó svo að heimilt sé í dómi að tiltaka lengri frest, allt að 10 árum frá dómsuppsögu. Eru nokkur rök til þess að tiltaka rýmri frest um eignarupptöku en fésekt, m. a. vegna þess að hér er oft til að dreifa háum fjárhæðum og auk þess er hér ekki fyrir að fara slíku þvingunarúrræði við innheimtu sem vararefsingin er um fésektir. 10 ára reglan veitir m. a. svigrúm til að dreifa innheimtu á upptökufé yfir alllangt árabil. Í niðurlagi málsgreinarinnar er sett ákvæði um að tryggingu, sem aflað hefir verið fyrir greiðslu upptæks verðmætis, sé ekki háð fyrningu og að um hana gildi sömu reglur og um tryggingu fyrir sektargreiðslu skv. 2. mgr.

Í 5. málsgr. eru ákvæði um að sá tími, sem fullnusta frestast vegna skilorðsdóms eða skilyrtrar náðunar, teljist ekki til fyrningarfrests, sbr. að sínu leyti ákvæðin í 7. gr. frv.

3. Um 9. gr.

Í 4. málsgr. 52. gr. alm. hegningarlaga er ákvæði um það, að sekt verði ekki innheimt í dánarbúi sökunauts, nema heimild sé til þess í lögum, og er slíkum heimildum til að dreifa í fáeinum tilvikum. Er þetta eina ákvæðið í alm. hegningarlögum um áhrif andláts á fullnustu refsingar eða annarra viðurlaga. Refsingu eða öðrum þeim viðurlögum, sem fela í sér hælisvist, verður vitaskuld ekki fullnægt eftir andlát viðkomanda, og sama gegnir um réttindasviptingu. Sektum og eignarupptöku verður hins vegar fullnægt, svo og t. d. dómsákvæðum samkv. 2. málsgr. 148. gr. og 2. málsgr. 241. gr. alm. hegningarlaga. Heppilegt þykir, að sett verði ákvæði um þessi efni í alm. hegningarlögum, og mælir 8. gr. frv. fyrir um það.

Í sambandi við 1. málsgr. athugast, að hún mælir að sínu leyti fyrir um sama efni og 4. málsgr. 52. gr. að því er tekur til sekta, en ekki er þó lagt til, að það ákvæði verði numið úr lögum, enda varðar það að auki tiltekið efnisatriði.

Samkv. 2. málsgr., sbr. 1. málsgr., verður meginreglan sú, að ekki sé unnt að fullnægja ákvæðum dóms, úrskurðar eða sáttar um eignarupptöku eftir andlát sak-

fellda. Ef eignarupptaka varðar hagnað af broti eða hlut, sem orðinn er til fyrir misgerning, þykir það heppilegur millivegur að heimila ríkissaksóknara að bera mál undir héraðsdómara með kröfu um, að ákvæði um eignarupptöku verði fullnægt. Ber mál undir dómara, þar sem sakfelldi átti síðast heimilisvarnarþing. Ef sakfelldi átti hér eigi heimili, veltur það á ákvörðun ríkissaksóknara, hvar mál verður lagt fyrir dóm. Í 2. málslið er lagt til, að heimilað verði, að dómari geti breytt eignarupptökuákvæði svo, að í stað hlutar verði fjárhæð gerð upptæk. Ákvæði þetta er mjög í samræmi við önnur norræn refsilög.

Í 3. málsgr. segir, að dómsákvæðum samkv. 2. málsgr. 148. gr. og 2. málsgr. 241. gr. sé unnt að fullnægja eftir lát dómfellda.

Greinin tekur ekki til ákvæða dóms, úrskurðar eða sáttar um fébætur, þ. á m. miskabætur, og eigi heldur eðli máls samkvæmt til ómerkingar ummæla, sbr. 1. málsgr. 241. gr.

Í frv. er eigi ákvæði um það, er sökunautur andast áður en refsing eða önnur viðurlög eru dæmd eða ákveðin með öðrum hætti. Verður refsingu og öðrum viðurlögum þá yfirleitt eigi beitt.

IV.

Áhrif gildistöku nýrra fyrningarreglna.

Í frv. þessu eru eigi ákvæði um beitingu hinna nýju fyrningarreglna um brot, sem framin eru fyrir gildistöku laganna. Um það gilda ákvæði 2. gr. og 2. gr. a alm. hegningarlaga og grunnreglur, sem leiða má af þeim. Ef sök er fyrnd við gildistöku laganna samkv. þeim reglum, sem áður giltu, verður refsingu eigi beitt. Gert er og ráð fyrir, að brot, sem framin voru fyrir gildistöku laganna, en voru þó ófyrnd þá, lúti eldri fyrningarreglum, nema yngri reglur séu hagstæðari fyrir sakborning, en þá eiga þær við. Beita verður hvorum flokki fyrningarreglna fyrir sig heildstætt, er þetta er metið. Afleiðingin verður að vísu sú, að um alllangan tíma verður að taka tillit til tvennskonar fyrningarreglna, en hin mikilvæga grundvallarregla um að hegningarlög megi ekki vera afturvirk er oft og einatt slíku verði keypt.

B. Greinargerð um líkamsárásir og líkamsmeiðingar, 10.—12. gr. frv.

Meginákvæðin um líkamsárásir og líkamsmeiðingar eru í 217.—219. gr. almennra hegningarlaga. Taka 217. og 218. gr. til líkamsárása sem framdar eru af ásetningi, en 219. gr. varðar tjón á líkama eða heilbrigði, er hlýst af gáleysi manns. Ákvæði 217. gr. nær almennt til minni háttar líkamsárása, en 218. gr. til hinna meiri háttar líkamsmeiðinga, þegar manni er valdið með líkamsárás „tjóni á líkama eða heilbrigði.“ Líkamstjón, sem valdið er af gáleysi, á því aðeins undir 219. gr., að tjón það, sem af verknaði hlýst, sé slíkt sem í 218. gr. getur. Í lagaframkvæmd hafa myndast nokkuð skýrar dómvenjur um skilin milli 217. og 218. gr., sbr. og 219. gr., einkum að því er varðar afleiðingar verknaðar.

Við endurskoðun á almennum hegningarlögum, sem nú fer fram af hálfu hegningarlaganefndar, hefir þótt ástæða til að leggja til nokkrar breytingar á ákvæðum um líkamsárásir og líkamsmeiðingar. Skal gerð stutt grein fyrir þeim til yfirlits, en nánar verður vikið að efni ákvæðanna í athugasemdum við þau hér á eftir:

1. Í frv. er lagt til, að efni 218. gr. almennra hegningarlaga verði greint í tvær málsgreinar og með mismunandi refsimörkum, sbr. 1. og 2. málsgr. 11. gr. frv. 218. gr. tekur nú yfir geysivíðtækt efnissvið, og þykir eðlilegra að hluta það niður, svo sem fram kemur nánar í athugasemdum við 11. gr.

2. Refsimörkum er breytt svo í frv. frá því, sem nú er, að lagt er til, að líkamsárás samkv. 217. gr. varði því aðeins fangelsi, að háttsemin sé sérstaklega stórfelld, þ. á m. vegna þess háska, sem af henni gat stafað. Í 11. gr. frv. er lagt til, að ný refsimörk verði lögfest fyrir líkamsmeiðingar samkv. 218. gr., þ. e. varðhald

eða fangelsi allt að 3 árum eða fésekt, ef sérstakar málsbætur eru, sbr. 1. málsgr., en verknaður varði fangelsi allt að 16 árum, ef 2. málsgr. á við. Brot samkv. 218. gr., sbr. 11. gr. frv., varðar því eigi ævilöngu fangelsi, svo sem nú er.

3. Enn er lagt til í frv., að breytt sé saksóknarháttum samkv. 217. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 10. gr. frv., og afnumið það ákvæði, að sókn sakar út af broti á greininni geti verið í höndum þeirra, sem misgert er við. Verður saksókn þá opinber út af þessu broti, ef þetta ákvæði frv. verður lögfest. Mjög oft eru mál út af brotum á þessu ákvæði afgreidd með dómsátt, og er kveðið svo á í frv., að mál skuli eigi höfða, nema almenningshagsmunir krefjist þess.

4. Þá er lagt til, að ný grein, 218. gr. a, verði lögfest, er mælir fyrir um ítrekun brota, er fela í sér líkamsárásir eða líkamsmeiðingar, svo og reglur, er varða samþykki til slíkra brota og enn fremur sérregla um heimild til refsilækkunar eða refsiniðurfalls, þegar líkamsárás er unnin í áflogum eða átökum milli þess, sem fremur hana, og hins, sem misgert er við.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 10. gr.

Í greininni felast tvær breytingar á efni 217. gr., 1) að háttsemi varði því aðeins fangelsi að hún sé sérstaklega vítaverð og 2) að horfið verði frá þeirri skipan, að sókn sakar geti sá átt, sem misgert er við. Eigi þykja það eðlilegir saksóknarhættir í refsimáli út af líkamsárás, að einstaklingur höfði mál, og samrýmist það vart viðhorfum í refsirétti og opinberu réttarfari nú á tímum. Tekið skal fram, að mjög er fátítt, að einstaklingur sæki sök samkv. 217. gr. Alltítt er, að viðurlög fyrir brot á greininni séu ákveðin með dómsátt. Orðalagið í 2. málsgr. 10. gr. um, að mál skuli eigi höfða, nema almenningshagsmunir krefjist þess, er að sínu leyti hið sama og í 24. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og er það lagt á vald ríkissaksóknara að meta hvort mál skuli höfða.

Um 11. gr.

Skilin milli 217. og 218. gr. alm. hegningarlaga þykja í megindráttum vera eðlilega mörkuð í lögunum, eins og þau eru nú úr garði gerð. Refsimörk 218. gr. eru geysihá, og er það skiljanlegt, þar sem margvísleg og sundurleit tilvik lúta greininni. Eru refsimörk varðhald eða fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt. Innan ákvæðisins rúmast líkamsmeiðingar, sem eigi stafar varanlegt mein af, en auk þess tekur ákvæðið til stórfelldra líkamsmeiðinga, og m. a. þess, er bani hlýst af líkamsárás. Orkar það tvímælis að skipa svo sundurleitum tilvikum ósundurgreint í sama ákvæðið. Hér er þess einnig að geta, að samkv. 1. tl. 130. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 skal fara fram sókn og vörn í málum, þar sem refsing fyrir brot getur varðað yfir 8 ára fangelsi. Kemur ákæra, sem lýtur að 218. gr., undir þetta ákvæði, svo sem refsimörkum hennar er farið. Veldur það því, að sókn og vörn þarf ávallt að fara fram í þessum málum. Er það til verkauka fyrir ríkissaksóknara og horfir til verulegs kostnaðarauka við rekstur máls, og bitnar það á dómfellda og á hinu opinbera um skör fram.

Í 11. gr. frv. er lagt til, að efni 218. gr. verði skipað í tvær málsgreinar. Fjallar 1. málsgr. um líkamsmeiðingar, en 2. málsgr. um stórfelldar líkamsmeiðingar. Refsimörk í 1. málsgr. eru varðhald eða fangelsi allt að 3 árum eða sektir, ef sérstakar málsbætur eru. Refsimörk samkv. 2. málsgr. eru fangelsi allt að 16 árum. Með þessari tvígreiningu er unnt að stýra fram hjá þeim annmörkum sem greindir voru og stafa frá saksóknarháttum 130. gr. laga nr. 74/1974, en refsiréttarrök leiða og til þessarar skipunar. Ákæruvaldið markar stefnu hverju sinni með ákæruskjali og greinir, hvort ákært verði samkv. 1. eða 2. málsgr. 218. gr., þótt raunar sé hugsanlegt, að ákært verði samkv. 2. málsgr. 218. gr. aðallega, en samkv. 1. málsgr. til vara. Ef ákært er einvörðungu út af broti á 1. málsgr. 218. gr., svo sem lagt er til, að henni verði

skipað með frv., verður eigi lögbundið að viðhafa sókn í málinu. Hins vegar er þessu annan veg farið, ef ákæra lýtur að 2. málsgr. 218. gr., sbr. 2. málsgr. 11. gr. frv.

Svo sem reifað hefir verið, er lagt til í 11. gr. frv., að líkamsárásir samkv. 218. gr. verði greindar í tvo flokka, líkamsmeiðingu, sbr. 1. málsgr. 11. gr. og stórfellda líkamsmeiðingu, sbr. 2. málsgr. 11. gr. Verða meginflokkar líkamsmeiðinga samkv. 217. og 218. gr., sbr. 10. og 11. gr. frv., þá tveir eins og áður, líkamsárásir samkv. 217. gr. og líkamsmeiðingar samkv. 218. gr., en þær greinast í tvær deildir, eins og lýst var. Bent skal á að líkamsmeiðing getur verið stórfelld, bæði vegna aðferðar sem notuð er og afleiðingar hennar. Tekið skal fram, að 10. og 11. gr. frv. raska að engu skilunum milli 217. og 218. gr. alm. hegningarlaga, svo sem þau eru nú, og hagga því ekki heldur við efnissviði 219. gr. Mörkin milli 1. og 2. málsgr. 11. gr. frv. (1. og 2. málsgr. 218. gr.) yrðu væntanlega tiltölulega fljótlega ákvörðuð af dómvenjum, og geta þau naumast valdið neinum umtalsverðum örðugleikum í lagaframkvæmdinni.

Um 12. gr.

Hér er lagt til, að ný grein, 218. gr. a, verði lögfest varðandi líkamsárásir og líkamsmeiðingar. Í þessari grein eru nýmæli, þótt reglur um samþykki og átök ráðist raunar af almennum reglum refsiréttarins, og séu því íslenskar réttarreglur, þótt óskráðar séu. Þykir réttara að lögfesta þær, með því að þær skipta verulegu máli, þegar beita á ákvæðunum um ofangreind brot.

1. Ítrekun.

Líkamsárásir og líkamsmeiðingar eru meinleg brot fyrir einstaklinga, sem misgert er við, og fyrir þjóðfélagið í heild sinni. Í 1. málsgr. 12. gr. er lagt til, að lögfest verði sérstök ítrekunarregla um líkamsmeiðingar, er einnig taki til ofbeldisverka, sem eigi varða 217. og 218. gr. Má samkv. því hækka refsingu allt að helmingi hennar, ef brot er ítrekað, að aðgættum reglum 71. gr. alm. hegningarlaga. Sérstakar ítrekunarreglur um líkamsmeiðingar eru víða erlendis í hegningarlögum.

2. Samþykki.

Í 2. málsgr. 12. gr. er lagt til, að lögfestar verði reglur um samþykki í sambandi við líkamsmeiðingar. Þegar gilt samþykki liggur fyrir til brots er varðar við 217. gr., verður ekki refsað samkv. því, er hér greinir, en ella veldur gilt samþykki því, að refsingu, sem ella væri unnið til, má lækka eftir mati dómstóla. Reglan um, að samþykki geti leyst undan refsingu við minni háttar líkamsárás, er talin gilda nú, þótt ólögfest sé, samkv. almennum viðhorfum í refsirétti. Refsilækkunarheimild er nýmæli.

3. Áflog, átök.

Í 3. málsgr. er lagt til, að lögfest verði heimild til að lækka refsingu eða jafnvel láta hana falla niður, ef líkamsárás er unnin í áflogum eða átökum milli þess, sem henni veldur, og manns, sem misgert er við. Refsiniðurfelling er þó einskorðuð við, að háttsemi varði við 217. gr., og á hún ekki við, ef verknaður varðar við 218. gr. Heimildir þessar eiga einnig við að efni til ef sá, sem verður fyrir tjóni, á upptök að átökum með árás, ertingum eða líku, og er þessa sérstaklega getið í frumvarpstextanum. Atvik þau, sem greind eru í þessari grein, geta sumpart fallið undir 74. og 75. gr. alm. hegningarlaga, sem stundum er beitt í lagaframkvæmd við refsiákvörðun út af líkamsárásum. Allt að einu er þörf á sérreglum hér um þessi atvik. Ekki haggar ákvæði 3. málsgr. 12. gr., ef lögfest verður, við gildi 74. og 75. gr. alm. hegningarlaga.

Sþ. 95. Fyrirspurnir. [64. mál]

I. Til fjármálaráðherra um breytingu á lögum um tollskrá o. fl.

Frá Friðrik Sophussyni.

Hvað hefur fjármálaráðuneytið gert til að undirbúa frumvarp til breytinga á lögum um tollskrá o. fl., sem geri ráð fyrir niðurfellingu aðflutningsgjalda af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings og eiga í beinni eða óbeinni samkeppni við innfluttar vörur?

II. Til utanríkisráðherra um umsvif erlendra sendiráða.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hve fjölmennt er allt starfslið erlendra sendiráða hér á landi, hvers um sig, og hver eru stöðuheiti starfsmanna þeirra?
2. Hvaða ríkisstjórnir erlendar eða aðrir erlendir aðilar starfrækja hér á landi fasta upplýsingastarfsemi og fréttamiðlun, og hve margt fólk vinnur að slíkum störfum á vegum hvers um sig?
3. Hversu mikið fjölskyldulið fylgir ofangreindum aðilum?
4. Hverjar eru skráðar eignir ofangreindra aðila hér á landi:
   a) fasteignir,
   b) bifreiðar?
5. Hvaða fasteignir hafa ofangreindir aðilar á leigu hér á landi?
6. Hafa erlendar ríkisstjórnir annars konar starfsemi með höndum hér á landi? Hver er hún og hversu margir starfa að henni?

III. Til menntamálaráðherra um íslenskukennslu í Ríkisútvarpinu.

Frá Halldóri Blöndal.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 5. maí 1978, þar sem ríkisstjórninni er falið að sjá svo um, að kennsla og fræðsla í Ríkisútvarpinu í öllum greinum móðurmálsins verði efld?

Nd. 96. Frumvarp til laga [65. mál]

um greiðslu opinberra gjalda fyrri hluta ársins 1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Á fyrri hluta ársins 1980 skal innheimta fyrirfram til ríkissjóðs upp í væntanleg þinggjöld hvers gjaldanda 65% af þinggjöldum þeim sem honum bar að greiða á árinu 1979. Skal fyrirframgreiðslan falla í gjalddaga með fimm jöfnum fjárhæðum hinn 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní 1980.

Af hjónum sem samsköttuð voru á árinu 1979 skal innheimta sameiginlega fyrirframgreiðslu miðað við skatta þá er á þau voru lagðir sameiginlega á árinu 1979

og bera hjónin samábyrgð á þeirri greiðslu. Skal fyrirframgreiðsla þessi ganga til greiðslu á þinggjöldum er á hjónin hvort um sig kunna að verða lögð á árinu 1980 í sömu hlutföllum og verða á milli heildarþinggjalda þeirra á árinu. Dráttarvextir er á kunna að falla vegna vanskila á sameiginlegri fyrirframgreiðslu hjóna skv. lögum þessum skulu eftir álagningu skiptast milli hjóna í sömu hlutföllum.

2. gr.

Kaupgreiðendum er skylt að tilkynna viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs um þá launþega er þeir greiða kaup og skal þeim skylt að halda eftir af kaupi þeirra til lúkningar fyrirframgreiðslu. Kaupgreiðandi, sem vanrækir að halda eftir af kaupi launþega, ber sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

3. gr.

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Taka má gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki ásamt dráttarvöxtum hjá gjaldanda eða öðrum þeim, sem bera ábyrgð á greiðslum hans.

4. gr.

Sveitarstjórnum skal heimilt á árinu 1980 að innheimta fyrirfram til greiðslu upp í útsvar allt að 70% af útsvari fyrra árs.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. um sameiginlega fyrirframgreiðslu hjóna á þinggjöldum skulu einnig eiga við um útsvör eftir því sem við getur átt. Að öðru leyti gilda ákvæði l. nr. 8/1972 með síðari breytingum um innheimtu útsvara.

Þar sem innheimta ríkis og sveitarfélaga er sameiginleg getur fjármálaráðherra með reglugerð ákveðið fyrirframgreiðsluna innan þeirra marka, er um getur í 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, með hliðsjón af hlutfalli milli útsvara og þinggjalda í viðkomandi umdæmi árið 1979.

5. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um innheimtu samkvæmt þessum lögum, þ. á m. um lækkun fyrirframgreiðsluskyldu hafi tekjur gjaldanda lækkað að mun milli ára eða ef ástæður hans hafa með öðrum hætti breyst mjög.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978 um tekju- og eignarskatt sem lagt var fyrir Alþingi skömmu fyrir jól er m. a. að finna ákvæði um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda. Þar sem nú er hins vegar ljóst að umrætt lagafrumvarp nær ekki fram að ganga á allra næstu dögum ber brýna nauðsyn til að lögfesta þegar í stað ákvæði um heimild til fyrirframinnheimtu opinberra gjalda, þannig að hún gæti hafist hinn 1. febrúar n. k. eins og venja hefur verið undanfarin ár. Af þessum sökum er frumvarp þetta lagt fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir að fyrirframgreiðslan verði 65% af álögðum gjöldum ársins 1979. Við ákvörðun þessa hlutfalls er annars vegar haft í huga að ef hlutfall skatta af tekjum á að vera hið sama fyrri og síðari hluta árs þyrfti fyrirframgreiðslan að vera 62% af álögðum gjöldum ársins 1979, og er þá miðað við u. þ. b. 43% aukningu tekna milli áranna 1979 og 1980, sem sýnist þó frekar varlega áætluð. Hins vegar er og tekið mið af því að ef greiðsla opinberra gjalda á að nema jafnhárri fjárhæð fyrri hluta og síðari hluta árs, þyrfti fyrirframgreiðslan að vera 66% af álögðum gjöldum ársins 1979. Með því að kveða á um að hlutfallið skuli vera 65% er reynt að taka tillit til beggja þessara sjónarmiða.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 63. gr. l. nr. 40/1978 um tekju- og eignarskatt sem kveða á um sjálfstæða skattaðild hvors hjóna um sig og takmarkaða sérsköttun þeirra, þykir ekki verða hjá því komist að kveða á um að af hjónum, sem samsköttuð voru á árinu 1979, skuli innheimta sameiginlega fyrirframgreiðslu miðað við skatta þá, sem á þau voru lagðir sameiginlega á árinu 1979. Að öðrum kosti mundu hinar nýju reglur um sjálfstæða skattaðild hjóna leiða til þess, að það hjóna sem á var lagður skattur á árinu 1979, yrði eitt talið greiða fyrirfram upp í gjöld þau, sem á það hjóna kunna að verða lögð á árinu 1980, en ekki upp í væntanleg gjöld hins hjóna, þó svo að fyrirframgreiðslan sé hlutfall af skattgreiðslu þeirra beggja á árinu 1979. Ef ekki er sérstaklega kveðið á um sameiginlega fyrirframgreiðslu hjóna, sem samsköttuð voru á árinu 1979, og skiptingu hennar í sömu hlutföllum og verða á milli heildarþinggjalda þeirra á árinu 1980 er því hætt við að fyrirframgreiðsla þess hjóna, sem skattur var á lagður árinu 1979, verði of há miðað við jafna greiðslu skatta allt árið og jafnvel hærri en væntanleg álagning, þannig að til endurgreiðslu ríkissjóðs kynni að koma. Á hinn bóginn yrði það hjóna, sem ekki var lagður á skattur á árinu 1979, ekki talið hafa greitt nein gjöld fyrirfram og legðist því gjaldbyrðin óeðlilega þungt á það á síðari hluta ársins eftir að álagningu lýkur.

Um 2. og 3. gr.

Greinar þessar eru efnislega samhljóða fyrri lagaákvæðum um skyldur kaupgreiðanda til að halda eftir að kaupi starfsmanna sinna annars vegar og um dráttarvexti og lögtaksrétt hins vegar.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að sveitarfélögum skuli heimilað að innheimta 70% af útsvörum ársins 1979 á fyrri hluta ársins 1980. Er hlutfall þetta hærra en sambærilegt hlutfall vegna þinggjalda í 1. gr. vegna þess að þar er tekið tillit til fyrirhugaðrar lækkunar tekjuskatts skv. fjárlagafrumvarpi en slík lækkun er ekki fyrirhuguð við álagningu útsvara.

Í 3. mgr. er kveðið á um ákvörðun fyrirframgreiðsluhlutfalls þar sem ríki og sveitarfélög standa sameiginlega að innheimtu en það er nú í Reykjavík og á Seltjarnarnesi.

Um 5. og 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 97. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um greiðslu opinberra gjalda fyrri hluta ársins 1980.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Í stað orðsins „ógreitt" komi: gjaldfallið.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Matthías Á. Mathiesen og Svavar Gestsson.

Alþingi, 16. jan. 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Karvel Pálmason. Albert Guðmundsson.

Bogi Sigurbjörnsson. Sverrir Hermannsson.

Nd. 98. Frumvarp til laga [65. mál]

um greiðslu opinberra gjalda fyrri hluta ársins 1980.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. jan.)

Samhljóða þskj. 96 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Taka má gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki ásamt dráttarvöxtum hjá gjaldanda eða öðrum þeim, sem bera ábyrgð á greiðslum hans.

Sþ. 99. Tillaga til þingsályktunar [66. mál]

um aðild Íslands að Genfarbókuninni 1979.

(Lögð fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að gerast fyrir Íslands hönd aðili að Genfarbókuninni 1979 við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti sem gerð var í Genf hinn 30. júní 1979.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

GATT.

Hinn 21. apríl 1968 varð Ísland fullgildur aðili að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (The General Agreement on Tariffs and Trade — GATT) sem gert var hinn 30. október 1947.

GATT sem var einungis ætlað að vera bráðabirgðasamkomulag hefur allt frá gildistöku hinn 1. janúar 1948 verið aðalvettvangur viðræðna um tollamál á breiðum alþjóðlegum grundvelli.

Aðilar að GATT lýsa því yfir í inngangsorðum að hinu almenna samkomulagi að viðskiptaleg og efnahagsleg tengsl þeirra skuli hafa það að markmiði að bæta lífskjör, tryggja næga atvinnu og miklar, stöðugt vaxandi tekjur og raunverulega eftirspurn sem nýti að fullu náttúrugæði heimsins og auki framleiðslu og vöruviðskipti og vilja þeir stuðla að því að þessum markmiðum sé náð með því að gera með sér gagnkvæma samninga, öllum til hagsbóta, sem lækki verulega tolla, dragi úr öðrum viðskiptahömlum og afnemi mismunun í alþjóðaviðskiptum.

Kennedyviðræðurnar og Genfarbókunin 1967.

Genfarbókunin 1967 við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (Geneva (1967) Protocol to the General Agreement on Tariffs and Trade) sem gerð var hinn 30. júní 1967 og Ísland varð aðili að á árinu 1968 var mikilvægur áfangi í átt að markmiði GATT. Var bókunin árangur mjög umfangsmikilla marghliða tollaviðræðna sem fóru fram í Genf á árunum 1964—1967 og ganga almennt undir nafninu Kennedyviðræðurnar (Kennedy Round). Ísland hafði orðið bráðabirgðaaðili að GATT árið 1964 og gat þá tekið þátt í þessum viðræðum sem leiddu til lækkunar á tollum á nokkrum íslenskum útflutningsvörum en á móti voru lækkaðir innflutningstollar á nokkrum vörum og bundnir tollar á öðrum. Um Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti og Genfarbókunina 1967 skal að öðru leyti vísað til texta samkomulagsins og bókunarinnar og tillögu til þingsályktunar um aðild Íslands að samkomulaginu og bókuninni sem lögð var fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi 1967. Auk þess skal vísað til sérstakrar bókunar um aðild Íslands að samkomulaginu.

Tókýóviðræðurnar og Genfarbókunin 1979.

Fljótlega eftir gildistöku Genfarbókunarinnar 1967 þótti ástæða til að lyfta nýju Grettistaki í alþjóðaviðskiptum. Fóru fram marghliða viðskiptaviðræður á vegum GATT á árunum 1973—1979. Viðræður þessar sem almennt ganga undir nafninu Tókýóviðræðurnar (Tokyo Round) hafa verið umfangsmeiri en nokkrar aðrar viðskiptaviðræður á vegum GATT. Alls tóku 99 ríki, m. a. Ísland, þátt í þeim og voru flest þeirra aðilar að GATT. Viðskiptaviðræðurnar hófust formlega með ráðherrafundi í Tókýó dagana 12.—14. september 1973. Sagði í yfirlýsingu ráðherrafundarins að markmiðið með þeim væri að stefna að aukningu alþjóðaviðskipta ásamt sívaxandi frjálsræði í þeim viðskiptum og stuðla að bættum lífskjörum og velferð þjóða enda væri tekið sérstakt tillit til þróunarlandanna. Með viðræðunum var ekki aðeins miðað að lækkun eða afnámi tolla og fækkun eða afnámi annarra viðskiptatálma en tolla heldur einnig að mótun hins marghliða viðskiptakerfis í heiminum og alþjóðlegra viðskiptatengsla í náinni framtíð. Viðskiptaviðræðurnar skyldu fjalla um tolla, viðskiptatálma, aðra en tolla, og aðrar ráðstafanir sem skapa tálma í alþjóðaviðskiptum með iðnaðarvörur og landbúnaðarvörur, hráefni, hálfunnar og fullunnar vörur, og fóru þær fram í Genf.

Gert var ráð fyrir því að viðskiptaviðræðunum lyki árið 1975 en m. a. vegna efnahagserfiðleika í mörgum aðildarríkjum var það ekki fyrr en á árinu 1979 að unnt var að reka smiðshöggið á þær. Hinn 12. apríl 1979 var þannig gengið frá fimm samningum vegna viðskiptatálma, annarra en tolla, þ. e. samningum um 1) tæknilega viðskiptatálma, 2) opinber innkaup, 3) styrki og jöfnunartolla, 4) tollverð vara og 5) innflutningsleyfi. Þá voru sama dag gerðir tveir samningar um landbúnaðarmál, þ. e. 1) alþjóðlegur samningur um mjólkurafurðir og 2) samningur um nautgripakjöt. Loks voru enn gerðir tveir samningar sama dag af hálfu nokkurra þátttakenda í viðræðunum, sem sé samningar um 1) viðskipti með flugför til kaupferða og 2) ráðstafanir gegn undirboðum. Auk þess voru í viðræðunum m. a.

teknar ákvarðanir um framhaldsaðgerðir varðandi óútkljáð mál, t. d. verndarráðstafanir (safeguards). Eru samningar þessir og ákvarðanir nú til athugunar hjá stjórnvöldum ríkja þeirra sem tóku þátt í viðræðunum. Sumir þessara samninga skulu ganga í gildi hinn 1. janúar 1980 en aðrir hinn 1. janúar 1981 gagnvart þeim ríkjum sem gerst hafa aðilar að þeim fyrir þann tíma. Ríki geta þó gerst aðilar að samningunum eftir gildistöku þeirra.

Hinn 30. júní 1979 var síðan gengið formlega frá Genfarbókuninni 1979 við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (Geneva (1979) Protocol to the General Agreement on Tariffs and Trade). Bókun þessi sem ganga skal í gildi hinn 1. janúar 1980 gagnvart þeim ríkjum sem gerst hafa aðilar að henni fyrir þann tíma gerir ráð fyrir umtalsverðum tollalækkunum á grundvelli tollaívilnanalista sem nokkrir þátttakenda í ofangreindum samningaviðræðum hafa lagt fram sem fylgiskjöl með bókuninni. Af hálfu skrifstofu GATT er lauslega áætlað að tollar af iðnaðarvörum lækki á grundvelli ívilnanalista þátttakenda í viðræðunum um hér um bil þriðjung eða svipað og í kjölfar Kennedyviðræðnanna 1964—1967. Tollalækkanirnar eru þó ekki aðeins bundnar við iðnaðarvörur heldur og landbúnaðar- og fiskafurðir.

Í Genfarbókuninni 1979 sem er í eðli sínu náskyld Genfarbókuninni 1967 er að meginstefnu til gert ráð fyrir lækkun tolla í árlegum áföngum frá og með 1. janúar 1980 til 1. janúar 1987. Ekkert er því þó til fyrirstöðu að þátttakendur í viðræðunum framkvæmi lækkanir í færri áföngum eða fyrr en samkvæmt þessum reglum. Ríki geta gerst aðilar að bókuninni eftir 1. janúar 1980 en verða þó að hafa gerst aðilar í síðasta lagi hinn 30. júní 1980.

Af Íslands hálfu var Genfarbókunin 1979 samþykkt hinn 18. september 1979 með fyrirvara um staðfestingu. Er tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast fyrir Íslands hönd aðili að bókuninni lögð fyrir Alþingi nú þegar þar eð bókunin felur í sér augljósan hagnað Íslandi til handa í formi nokkurra tollalækkana ýmissa ríkja á vörum sem Ísland flytur út. Texta bókunarinnar er að finna sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Alls hafa 18 ríki og Efnahagsbandalag Evrópu þegar lagt fram ívilnanalista sína sem fylgja bókuninni. Hinar gagnkvæmu ívilnanir snerta því eftirtalin lönd: Argentínu, Bandaríkin, Jamaíku, Japan, Júgóslavíu, Kanada, Nýja-Sjáland, Rúmeníu, Spán, Suður-Afríku, Tékkóslóvakíu og Ungverjaland, EFTA-löndin Austurríki, Finnland, Ísland, Noreg, Sviss og Svíþjóð og EBE-löndin Belgíu, Bretland, Danmörku, Frakkland, Holland, Írland, Ítalíu, Lúxemborg og sambandslýðveldið Þýskaland. Breytingar á íslensku tollskránni eru ekki nauðsynlegar vegna ívilnanalista Íslands. Ívilnanalistar ríkja þessara eru ekki birtir með þingsályktunartillögunni heldur verður hér greint frá því helsta sem máli skiptir varðandi Ísland.

Þar eð umtalsverðar lækkanir hafa orðið á almennum tollum á Íslandi á síðustu árum, jafnframt því sem tollar hafa lækkað gagnvart öðrum aðildarlöndum Fríverslunarsamtaka Evrópu og ríkjum Efnahagsbandalags Evrópu, voru hinar almennu tollalækkanir Íslands á árunum 1973—1978 viðurkenndar sem framlag Íslands til tollalækkana í Tókýóviðræðunum. Eru því tollalækkanir þær sem felast í ívilnanalista Íslands með bókuninni tollalækkanir að formi til en ekki í reyndinni miðað við íslensku tollskrána eins og hún er í dag. Af þessu er ljóst að aðild Íslands að bókuninni mun beint eða óbeint leiða til hagnaðar vegna tollalækkana á ýmsum vörum sem skipta okkur máli í ívilnanalistum ofangreindra landa, á grundvelli reglu hins almenna samkomulags um bestu kjör, fyrst og fremst þó þeirra landa sem teljast hvorki til Fríverslunarsamtaka Evrópu né Efnahagsbandalags Evrópu þar sem víðtækar tollalækkanir hafa þegar verið framkvæmdar á grundvelli sérstakra fríverslunarsamninga. Meðan á marghliða viðskiptaviðræðunum stóð var af Íslands hálfu lögð mest áhersla á að fá Bandaríkin til að veita tollalækkanir á helstu útflutningsvörum okkar þangað og skiluðu þær tilraunir nokkrum árangri. Verða nú nefnd nokkur dæmi um tollalækkanir er felast í ívilnanalistum ofangreindra ríkja.

Helstu tollalækkanir á útflutningsvörum Íslands vegna Genfarbókunarinnar 1979.

Sé litið á útflutning Íslands til *Bandaríkjanna* sést að tollur mun lækka í áföngum á tímabilinu 1. janúar 1980 til 1. janúar 1987 á aðalútflutningsvöru okkar, frystum fiskflökum (öðrum en blokkfrystum flökum sem eru þegar tollfrjáls). Árið 1978 var útflutningur þeirra frystu flaka sem tollalækkunarinnar munu njóta, ef af aðild Íslands að bókuninni verður, rösk 45 000 tonn (að verðmæti 29 668 milljónir króna eða 109.3 milljónir Bandaríkjadala samkvæmt meðalkaupgengi þess árs) en árið 1977 var útflutningur þessara flaka rösk 39 000 tonn (að verðmæti 17 428 milljónir króna eða 87.7 milljónir Bandaríkjadala). Tollur í Bandaríkjunum hefur verið 1.875 sent á pundið (0.45359 kg) fyrir fyrstu 15 milljón pundin sem aðrar þjóðir flytja út til Bandaríkjanna (tollskrárnúmer 110.50) en 2.5 sent á pundið fyrir það magn sem umfram er (tollskrárnúmer 110.55). Tollurinn verður hinn sami án tillits til magns og lækkar því í áföngum úr 2.5 sentum í 1.875 sent á svo til öllum frystum flökum sem flutt verða út frá Íslandi til Bandaríkjanna á tímabilinu 1980—1987. Sé miðað við útflutningsmagn á frystum fiskflökum frá Íslandi 1978, að frádregnum 15 milljón pundum, mun tollalækkunin frá og með árinu 1987 nema 534 000 Bandaríkjadölum á ári eða 210 milljónum króna samkvæmt gengi hinn 28. desember 1979. Verður lækkunin reyndar ívið meiri þegar þess er gætt að fyrstu 15 milljón pundin sem Bandaríkjamarkaðurinn tekur við eru ekki nema að hluta til frá Íslandi. Er þess að vænta að þetta skili sér í hækkuðu verði á flökunum. Munar samkvæmt framansögðu um þessa tollalækkun á langmikilvægustu útflutningsvöru okkar til Bandaríkjanna. Þá tryggir tollalækkunarákvæðið það að tollur á þessari vöru verður ekki hækkaður af hálfu Bandaríkjamanna.

Aðrar helstu sjávarafurðir sem fluttar hafa verið út frá Íslandi til Bandaríkjanna 1977—1978 hafa verið tollfrjálsar þar, m. ö. o. frystur humar, frystur hörpudiskur, heilfrystur fiskur, þorskalýsi og niðursoðin reykt síld („kippers").

Ostakvóti Íslands í Bandaríkjunum var hækkaður úr 323 í 623 tonn á ári á grundvelli Tókýó-viðræðnanna sem er reyndar langt fyrir neðan raunverulegan útflutning þangað á síðustu árum. Lækkar tollur á óðalsosti (300 tonn á ári miðað við endanlega skiptingu) úr 8% í 6.4% (tollskrárnúmer 117.60).

Talsverðar tollalækkanir verða á ýmsum ullarvörum sem Íslendingar flytja til Bandaríkjanna. Þannig lækkar t. d. tollur á ullarpeysum samkvæmt sérstökum reglum úr sem samsvarar röskum 24% í 17% í sex árlegum áföngum og kemur fyrsta lækkunin til framkvæmda tveimur árum frá því að tollaívilnanalisti Bandaríkjanna hefur gengið í gildi (tollskrárnúmer 383.63 — áður 382.58.70 — og 379.76 — áður 380.61.50). Tollur á ullarfatnaði lækkar á sama tíma lítið eitt, úr 37.5 sentum á pund og 20% tolli í 31.0 sent á pund og 20% toll (tollskrárnúmer 383.62 — áður 382.58.20). Þá lækkar tollur af ullarlopa og ullarbandi verulega eða úr sem samsvarar 23.4% í 9% toll samkvæmt almennu tollalækkunarreglunni (tollskrárnúmer 307.64).

Ef helstu útflutningsvörur Íslands til *Kanada* á árunum 1977—1978 eru virtar kemur í ljós að aðalútflutningsvaran er prjónavörur úr ull. Árið 1978 nam útflutningur á ytri prjónafatnaði úr ull 271.1 milljón króna (1 milljón Bandaríkjadala á meðalkaupgengi ársins) og munu tollar á hluta þess fatnaðar, prjónafatnaðar á konur og stúlkur, lækka úr 27½% í 25% (tollskrárnúmer 56810—1) á árunum 1980—1987. Þá lækka tollar á fiskimjöli úr 10% í 5% (tollskrárnúmer 66335—1) en útflutningur okkar á loðnumjöli árið 1978 nam 101.3 milljónum króna (373 000 Bandaríkjadölum). Því má bæta við að tollar á niðurlagðri reyktri síld („kippers") lækka úr 8% í 6% (tollskrárnúmer 12301—1) en útflutningur frá Íslandi til Kanada á lagmeti var reyndar svo til enginn á árunum 1977—1978.

Sé litið á helstu útflutningsvörur Íslands til *Japans* á árunum 1977—1978 sést að ekki er um að ræða tollalækkanir á helstu útflutningsvörunum, frystum loðnuhrognum, frystri loðnu, frystu hvalkjöti og áli. Hins vegar mun tollur á frystri rækju

lækka úr 5% í 3% á árunum 1980—1987 (úr tollskrárnúmeri 03.03) en útflutningur okkar á árinu 1978 nam 69.9 milljónum króna (257 000 Bandaríkjadölum). Þá lækka tollar á ullarlopa úr 5% í 3.5% í áföngum frá 1. janúar 1982 til 1. janúar 1987 (úr tollskrárnúmeri 53.05). Útflutningur okkar á lopa til Japans á árinu 1978 nam 114.9 milljónum króna (423 000 Bandaríkjadölum). Þess má geta að á tímabilinu 1. janúar 1982 til 1. janúar 1987 lækka tollar á garni úr 5% í 4% en ekki var um útflutning okkar á því að ræða til Japans á árunum 1977—1978.

Af Genfarbókuninni 1979 leiðir að Ísland mun njóta vissra tollalækkana hjá *Efnahagsbandalagi Evrópu* samkvæmt hinni almennu tollalækkunarreglu bókunarinnar umfram þær er leiðir af viðskiptasamningi Íslands við EBE. Skal hér fyrst nefnd tollalækkun á nýjum, kældum eða frystum laxi úr 4% í 2% (tollskrárnúmer 03.01 A I b)) en útflutningur á heilfrystum laxi til ríkja EBE á árinu 1978 nam 95.8 milljónum króna (353 000 Bandaríkjadölum). Tollur á ferskum, kældum eða frystum humri í heilu lagi lækkar úr 13% í 8% (tollskrárnúmer 03.03 A II b) 1) og á öðrum humri, frystum, úr 20% í 16% (tollskrárnúmer 03.03 A II b) 2) en útflutningurinn 1978 á slíkum humri til EBE-ríkjanna nam 98.1 milljón króna (361 000 Bandaríkjadölum). Þá lækkar tollur á tilreiddum eða niðursoðnum laxi úr 7% í 5.5% (tollskrárnúmer 16.04 B).

Sé litið á tollaívilnanalista *EFTA-landanna* Austurríkis, Finnlands, Noregs, Svíþjóðar og Sviss er ekki að sjá aðrar tollaívilnanir handa Íslandi, umfram þær er leiðir af aðild Íslands að EFTA, en þær að tollur á humri lækkar í Sviss úr 70 í 56 franka á hver 100 kg brúttó á árunum 1980—1987 samkvæmt hinni almennu tollalækkunarreglu bókunarinnar (tollskrárnúmer 0303.40). Nam útflutningur á þessari vörutegund til Sviss 75.4 milljónum króna (278 000 Bandaríkjadölum) árið 1978.

Ekki er um að ræða tollaívilnanir á útflutningsvörum Íslands til *Júgóslavíu* miðað við árið 1978.

Tékkóslóvakía lækkar tolla á vissum tegundum osta í fjórum áföngum frá 1. júlí 1980 til 1. janúar 1986, úr 12% í 6.5% (tollskrárnúmer 04.04.11) og úr 10% í 5.75% (tollskrárnúmer 04.04.19) en út voru fluttir ostar frá Íslandi til Tékkóslóvakíu að upphæð 11.3 milljónir króna (42 000 Bandaríkjadalir) árið 1978.

Af útflutningsvörum Íslands til *Ungverjalands* miðað við árið 1978 lækkar aðeins tollur á kísilgúr úr 15% í 7.7% á árunum 1980—1987 samkvæmt hinni almennu tollalækkunarreglu bókunarinnar en árið 1978 var fluttur út kísilgúr fyrir 25.6 milljónir króna (94 000 Bandaríkjadali). Því má bæta við að tollur á nýjum, kældum eða frystum fiski úr sjó lækkar nokkuð, þó ekki á skuldbindandi hátt samkvæmt bókuninni, þ. e. á flökum úr 10% í 6% (tollskrárnúmer 03.01.02), síld, brislingi og makríl úr 13% í 7.8% (tollskrárnúmer 03.01.03) en öðrum fiski úr 15% í 9.0% (tollskrárnúmer 03.01.04). Þá lækkar tollur á þurrkuðum, söltuðum eða reyktum fiski, að undanskildri síld og sardínum, með sömu skilmálum úr 30% í 18% (tollskrárnúmer 03.02.99).

Viðbótarbókun við Genfarbókunina 1979.

Í kjölfar Genfarbókunarinnar 1979 var seint á árinu 1979 gerð viðbótarbókun með ívilnanalistum fleiri ríkja sem tóku þátt í marghliða viðskiptaviðræðunum en hafa af ýmsum ástæðum orðið sein fyrir með að útbúa ívilnanalista sína. Viðbótarbókunin snertir aðallega þróunarlöndin.

Niðurstaða.

Með aðild Íslands að Genfarbókuninni 1979 yrði stuðlað að því að sá augljósi hagnaður sem Ísland hefur af tollalækkunum samkvæmt ívilnanalistum ofangreindra ríkja verði raunverulegur um leið og þau gerast aðilar að bókuninni. Hafa ríkin verið í óða önn að undirbúa aðild sína að bókuninni og gekk hún í gildi hinn 1. janúar 1980 gagnvart flestum þeim ríkjum þar sem tollalækkanir skipta Ísland máli.

Fylgiskjal I.

GENFARBÓKUNIN 1979 VIÐ HIÐ ALMENNA SAMKOMULAG UM TOLLA OG VIÐSKIPTI

Samningsaðilar að Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti og Efnahagsbandalag Evrópu sem tóku þátt í marghliða viðskiptaviðræðunum 1973—1979 (hér á eftir nefndir „þátttakendur") og

áttu í samningaviðræðum samkvæmt 28. gr. — viðauka, 33. gr. og öðrum ákvæðum er máli skipta í Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti (hér á eftir nefnt „hið almenna samkomulag")

hafa, fyrir milligöngu fulltrúa sinna, orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Tollaívilnanalisti þátttakanda með bókun þessari skal verða að ívilnanalista þess þátttakanda með hinu almenna samkomulagi á gildistökudegi bókunar þessarar gagnvart honum samkvæmt 5. mgr.

2.

a) Tollalækkanir sem hver þátttakandi hefur samþykkt skulu koma til framkvæmda, nema kveðið sé á um annað í ívilnanalista þátttakanda, með jöfnum árlegum lækkunum frá og með 1. janúar 1980 og skal heildarlækkunin hafa gengið í gildi eigi síðar en 1. janúar 1987. Þátttakandi sem byrjar að lækka tolla 1. júlí 1980 eða einhvern dag á tímabilinu 1. janúar til 1. júlí 1980 skal, nema kveðið sé á um annað í ívilnanalista þátttakandans, láta tvo áttundu af heildarlækk-

GENEVA (1979) PROTOCOL TO THE GENERAL AGREEMENT ON TARIFFS AND TRADE

The contracting parties to the General Agreement on Tariffs and Trade and the European Economic Community which participated in the Multilateral Trade Negotiations 1973—79 (hereinafter referred to as "participants"),

HAVING carried out negotiations pursuant to Article XXVIII bis, Article XXXIII and other relevant provisions of the General Agreement on Tariffs and Trade (hereinafter referred to as "the General Agreement"),

HAVE, through their representatives, agreed as follows:

1. The schedule of tariff concessions annexed to this Protocol relating to a participant shall become a Schedule to the General Agreement relating to that participant on the day on which this Protocol enters into force for it pursuant to paragraph 5.

2.

(a) The reductions agreed upon by each participant shall, except as may be otherwise specified in a participant's schedule, be implemented in equal annual rate reductions beginning 1 January 1980 and the total reduction become effective not later than 1 January 1987. A participant which begins rate reductions on 1 July 1980 or on a date between 1 January and 1 July 1980 shall, unless otherwise specified in that participant's schedule, make effective two eights of the

uninni til að ná lokataxtanum ganga í gildi á þeim degi en síðan skulu koma sex jafnar lækkanir, sú fyrsta hinn 1. janúar 1982. Hinn lækkaða toll skal í hverjum áfanga jafna við fyrsta aukastaf. Ákvæði þessarar málsgreinar skulu ekki vera því til fyrirstöðu að þátttakendur framkvæmi lækkanir í færri áföngum eða fyrr en greint er frá hér að ofan.

b) Sé þess óskað skal fara fram marghliða könnun af hálfu þátttakenda sem samþykkt hafa bókun þessa á framkvæmd ákvæða meðfylgjandi ívilnanalista í samræmi við 2. mgr. a) hér að ofan. Þetta skal ekki hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt hinu almenna samkomulagi.

3. Þegar tollaívilnanalisti þátttakanda með bókun þessari er orðinn að ívilnanalista með hinu almenna samkomulagi samkvæmt 1. mgr. getur sá þátttakandi hvenær sem er frestað eða afnumið að nokkru eða öllu leyti ívilnun í þeim ívilnanalista gagnvart einstakri vöru í þeim tilvikum að aðalframboðsaðilinn er annar þátttakandi eða ríkisstjórn sem hefur í marghliða viðskiptaviðræðunum samið um aðild en umsaminn ívilnanalisti viðkomandi í viðræðunum er ekki enn orðinn að ívilnanalista með hinu almenna samkomulagi. Til slíkrar aðgerðar má þó aðeins grípa að undangenginni skriflegri tilkynningu til samningsaðilanna um hverja slíka frestun eða afnám ívilnunar og eftir að fram hafa farið viðræður, sé þeirra óskað, við hvern þann þátttakanda eða aðildarstjórn sem hefur verulegra hagsmuna að gæta vegna viðkomandi vöru enda sé viðeigandi tollaívilnanalisti þátttakandans eða aðildarstjórnarinnar orðinn að ívilnanalista með hinu almenna samkomulagi. Sérhver ívilnun sem þannig er frestað eða afnumin skal koma til framkvæmda frá og með þeim degi er ívilnanalisti þátttakandans eða aðildarstjórnarinnar sem er aðalframboðsaðili vörunnar verður að ívilnanalista með hinu almenna samkomulagi.

total reduction to the final rate on that date followed by six equal instalments beginning 1 January 1982. The reduced rate should in each stage be rounded off to the first decimal. The provisions of this paragraph shall not prevent participants from implementing reductions in fewer stages or at earlier dates than indicated above.

(b) The implementation of the annexed schedules in accordance with paragraph 2(a) above shall, upon request, be subject to multilateral examination by the participants having accepted this Protocol. This would be without prejudice to the rights and obligations of contracting parties under the General Agreement.

3. After the schedule of tariff concessions annexed to this Protocol relating to a participant has become a Schedule to the General Agreement pursuant to the provisions of paragraph 1, such participant shall be free at any time to withhold or to withdraw in whole or in part the concession in such schedule with respect to any product for which the principal supplier is any other participant or any government having negotiated for accession during the Multilateral Trade Negotiations, but the schedule of which, as established in the Multilateral Trade Negotiations, has not yet become a Schedule to the General Agreement. Such action can, however, only be taken after written notice of any such withholding or withdrawal of a concession has been given to the CONTRACTING PARTIES and after consultations have been held, upon request, with any participant or any acceding government, the relevant schedule of tariff concessions relating to which has become a Schedule to the General Agreement and which has a substantial interest in the product involved. Any concessions so withheld or withdrawn shall be applied on and after the day on which the schedule of the participant or the acceding government which has the principal supplying interest becomes a Schedule to the General Agreement.

4.
a) Í hverju tilviki sem 1. mgr. b) og c) í 2. gr. hins almenna samkomulags vísar til dagsetningar samkomulagsins skal dagsetning sú sem við á um hverja þá vöru er nýtur ívilnunar samkvæmt tollaívilnanalista með bókun þessari vera dagsetning bókunar þessarar án þess þó að þetta hafi áhrif á skuldbindingar sem eru í gildi á þeim degi.

b) Að því er varðar tilvísun í 6. mgr. a) í 2. gr. hins almenna samkomulags til dagsetningar þess samkomulags skal dagsetning sú sem við á um tollaívilnanalista með bókun þessari vera dagsetning bókunar þessarar.

5.
a) Bókun þessi skal liggja frammi til samþykktar af hálfu þátttakenda, með undirritun eða á annan hátt, til 30. júní 1980.

b) Bókun þessi skal ganga í gildi hinn 1. janúar 1980 gagnvart þátttakendum sem hafa samþykkt hana fyrir þann dag en gagnvart þátttakendum sem samþykkja hana síðar skal hún ganga í gildi á samþykktardegi.

6. Bókun þessi skal afhent aðalframkvæmdastjóra samningsaðilanna og skal hann án tafar láta sérhverjum samningsaðila að hinu almenna samkomulagi og Efnahagsbandalagi Evrópu í té staðfest eftirrit hennar, svo og tilkynningu um sérhverja samþykkt á henni samkvæmt 5. mgr.

7. Bókun þessa skal skrásetja í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

GJÖRT í Genf hinn 30. júní 1979 í einu eintaki á ensku og frönsku og eru báðir textarnir jafngildir. Meðfylgjandi ívilnanalistar eru jafngildir á ensku, frönsku og spænsku eftir því sem kveðið er á um í hverjum ívilnanalista.

4.
(a) In each case in which paragraph 1 (b) and (c) of Article II of the General Agreement refers to the date of that Agreement, the applicable date in respect of each product which is the subject of a concession provided for in a schedule of tariff concessions annexed to this Protocol shall be the date of this Protocol, but without prejudice to any obligations in effect on that date.

(b) For the purpose of the reference in paragraph 6 (a) of Article II of the General Agreement to the date of that Agreement, the applicable date in respect of a schedule of tariff concessions annexed to this Protocol shall be the date of this Protocol.

5.
(a) This Protocol shall be open for acceptance by participants, by signature or otherwise, until 30 June 1980.

(b) This Protocol shall enter into force on 1 January 1980 for those participants which have accepted it before that date, and for participants accepting after that date, it shall enter into force on the dates of acceptance.

6. This Protocol shall be deposited with the Director-General to the CONTRACTING PARTIES who shall promptly furnish a certified copy thereof and a notification of each acceptance thereof, pursuant to paragraph 5, to each contracting party to the General Agreement and to the European Economic Community.

7. This Protocol shall be registered in accordance with the provisions of Article 102 of the Charter of the United Nations.

DONE at Geneva this thirtieth day of June one thousand nine hundred and seventy-nine, in a single copy, in the English and French languages, both texts being authentic. The Schedules annexed hereto are authentic in the English, French and Spanish language as specified in each Schedule.

Ed. 100. Nefndarálit [65. mál]

um frv. til l. um greiðslu opinberra gjalda fyrri hluta ársins 1980.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. jan. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Lárus Jónsson. Ey. Kon. Jónsson.

Guðmundur Bjarnason.

Ed. 101. Lög [65. mál]

um greiðslu opinberra gjalda fyrri hluta ársins 1980.

(Afgreidd frá Ed. 17. jan.)

Samhljóða þskj. 98 (sbr. 96).

Nd. 102. Frumvarp til laga [67. mál]

um breyting á lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 1. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú telur sveitarstjórn í kauptúni með færri en 1000 íbúa nauðsyn bera til að setja reglugerð um búfjárhald í kauptúninu og skal henni það þá heimilt með samþykki ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar svo háttar til í sveitarfélagi að engar jarðir eru í ábúð en allt búfjárhald er á vegum íbúa í kauptúni, þykir rétt, ef sveitarstjórn telur nauðsyn bera til, að veita henni heimild til að setja reglugerð um búfjárhald í sveitarfélaginu þótt íbúar þess séu færri en 1000 að tölu.

Nd. 103. Frumvarp til laga [68. mál]

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 13. febrúar 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum skal vera 5.5% af f.o.b.-verðmæti útflutnings.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. og 3. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs	
a) Almenn deild	15.0%
b) Aflajöfnunardeild	20.0%
c) Áhafnadeild	21.0%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja	
a) Til greiðslu á hluta af vátryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	20.0%
b) Til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	3.0%
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs	
a) Til Fiskveiðasjóðs	18.0%
b) Til Fiskimálasjóðs	0.8%
4. Til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða, skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	1.0%
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.6%
6. Til samtaka sjómanna	0.6%
Samtals	100.0%

Stjórn Aflatryggingasjóðs er þó heimilt, ef þörf krefur, að færa fé milli aflajöfnunardeildar og almennu deildar Aflatryggingasjóðs, er nemi allt að fjórðungi hlutar aflajöfnunardeildar í útflutningsgjaldinu samkvæmt lögum þessum, þannig að hlutur aflajöfnunardeildar nemi hæst 25% af útflutningsgjaldinu en lægst 15%. Sjávarútvegsráðherra staðfestir ákvarðanir sjóðsstjórnarinnar í þessu efni.

Hlutur samtaka sjómanna skv. 6. tl. þessarar greinar skiptist sem hér segir:

a) Sjómannasamband Íslands	42%
b) Farmanna- og fiskimannasamband Íslands	40%
c) Alþýðusamband Austurlands	9%
d) Alþýðusamband Vestfjarða	9%

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi tvær nýjar greinar svo hljóðandi: 5. gr. — Í þeim reglum um greiðslu hluta af vátryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í a) lið í 2. tl. 4. gr., má m. a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds, að hlutaðeigandi tryggingarfélag sé aðili að endurtryggingarsamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjaldatryggingarskilmála og vátryggingarfjárhæða. Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu, sbr. a) lið í 2. tl. 4. gr. í stað greiðslu iðgjaldsstyrkja. Þá skal og endurgreiða hvalveiðiskipum hlut Aflatryggingasjóðs skv. 1. tl. 4. gr., enda njóti þau ekki bóta úr sjóðnum.

6. gr. — Tekjuafgangi, er verða kann eftir greiðslu iðgjaldsstyrkja skv. 5. gr., er heimilt að úthluta til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa, sbr. b) lið í 2. tl. 4. gr., skv. reglum, er sjávarútvegsráðherra setur.

4. gr.

Greinaröð laganna breytist í samræmi við ákvæði 3. greinar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða, sem framleiddar eru eftir lok ársins 1979.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 5/1976 og þessara laga um skiptingu tekna af útflutningsgjaldi skal heimilt að verja 100 m.kr. úr hinni almennu deild Aflatryggingasjóðs og 100 m.kr. úr Tryggingasjóði fiskiskipa til þess að ljúka greiðslum verðuppbóta á ufsa og karfa skv. lögum nr. 69/1979 og lögum nr. 88/1979 og verðtilkynningum Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 11 og 23 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur þessa frumvarps er þríþættur. Fyrst sá að auðvelda fiskvinnslunni að greiða olíugjald til fiskiskipa með því að lækka útflutningsgjald af sjávarurðum úr 6% í 5.5%. Hér er því lagt til, að hluti af því fé, sem að óbreyttum lögum rynni til sjóða sjávarútvegsins, fari til þess að létta útgerðinni róðurinn eftir þá miklu hækkun olíuverðs, sem orðið hefur á undanförnum misserum. Í öðru lagi er tilgangurinn sá, að afla tekna til aflajöfnunardeildar Aflatryggingasjóðs, til þess að gera henni kleift að standa undir greiðslu verðuppbóta á afla einstakra fisktegunda í því skyni að beina sókn frá einstökum fisktegundum til annarra, sem fremur eru taldar þola veiðar. Aflajöfnunarbætur þessar kæmu til skipta milli útvegsmanna og sjómanna eins og annað fiskverð. Í þriðja lagi er nú ætlað sérstaklega fé af útflutningsgjaldi til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa til þess að létta mönnum það, að taka óhentug skip úr rekstri.

Um fyrsta atriðið má vísa til fordæmis, sem gefið var í lögum nr. 3 2. mars 1979. Þá var gripið til hliðstæðra aðgerða, þegar lögum um útflutningsgjald, nr. 5/1976, var breytt og gjaldhlutfallið lækkað um 6% í 5% af verðmæti útfluttra sjávarafurða. Sú ráðstöfun miðaði þó eingöngu að því að létta hag vinnslunnar vegna álagningar olíugjalds ofan á fiskverð. Hér er hins vegar um margþætta ráðstöfun að ræða eins og áður sagði.

Um annað atriðið er það að segja, að samhliða þessu frumvarpi er flutt frumvarp um stofnun sérstakrar aflajöfnunardeildar við Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins og vísast til athugasemda með því frumvarpi um það mál. Með því frumvarpi, sem hér er flutt, eru aflajöfnunardeildinni tryggðar varanlegar tekjur til útflutningsgjaldi, en auk

þess er heimildarákvæði þess efnis, að sjóðsstjórn Aflatryggingasjóðs geti fært fé milli almennu deildar sjóðsins og aflajöfnunardeildar, ef þörf krefur. Auk þess er í frumvarpi þessu ákvæði til bráðabirgða til þess að tryggja fé til að ljúka greiðslu uppbóta á karfa og ufsa vegna ársins 1979. Nefnd, sem sjávarútvegsráðherra skipaði síðastliðið vor til þess að endurskoða lög um Aflatryggingasjóð, varð sammála um að mæla með flutningi frumvarps um aflajöfnunardeildina og um útflutningsgjaldið, að því er starfsemi Aflatryggingasjóðs varðar.

Með ráðstöfun tekna af útflutningsgjaldi til greiðslu úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa, sem er þriðji þáttur þessa frumvarps, er í reynd markaður fastur farvegur fyrir þá starfsemi, sem hófst með lögum nr. 95/1978. En þar var kveðið á um, að hluta af þeim gengismun, sem myndaðist við gengislækkun íslensku krónunnar í september 1978, skyldi ráðstafað til að auðvelda útvegsmönnum að hætta rekstri úreltra fiskiskipa. Þessar ráðstafanir má telja merk nýmæli á sviði fiskveiðistjórnar. Auk þess sem hluta af útflutningsgjaldstekjum er ráðstafað til þessara þarfa, er í frumvarpinu ákvæði þess efnis, að heimilt sé að úthluta tekjuafgangi, sem verða kann eftir greiðslu iðgjaldsstyrkja úr Tryggingasjóði fiskiskipa, til úreldingarstyrkja.

Þar sem fjárhagur Aflatryggingasjóðs og Tryggingasjóðs fiskiskipa er um þessar mundir talinn traustur, er nú talið fært bæði að lækka útflutningsgjaldið svo og að breyta nokkuð skiptingu tekna af gjaldinu í því skyni að afla aflajöfnunardeild Aflatryggingasjóðs tekna til að standa undir greiðslu verðuppbóta á afla vannýttra fisktegunda og ennfremur afla tekna til greiðslu úreldingarstyrkja. Í fylgiskjali 1 hér á eftir er birt yfirlit yfir lauslegar áætlanir um tekjur sjóða sjávarútvegsins af útflutningsgjaldi á árinu 1980, miðað við núgildandi lög nr. 5/1976, lög nr. 3/1979 og breytingar þær, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, auk þess sem settar eru fram lauslegar hugmyndir um fjárþörf Aflatryggingasjóðs og Tryggingasjóðs fiskiskipa á árinu 1980 miðað við verðlag og gengi í upphafi þessa árs.

Af þessum áætlunum má ráða, að bæði almenna deild Aflatryggingasjóðs og áhafnadeild hans svo og Tryggingasjóður fiskiskipa þoli nokkra lækkun útflutningsgjaldsins, án þess að það þurfi að koma niður á starfsemi þeirra. Ennfremur má benda á, að þessir sjóðir njóta annarra tekna en útflutningsgjaldsteknanna, svo sem tekna af eignum, auk þess sem almenna deildin fær mótframlag úr ríkissjóði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að lækka útflutningsgjald af sjávarafurðum úr 6% í 5.5%. Þannig yrði í reynd hluta af því fé, sem að óbreyttum lögum rynni til sjóða sjávarútvegsins, varið til þess að létta útgerðinni róðurinn eftir þá miklu hækkun olíuverðs, sem orðið hefur á undanförnum misserum.

Um 2. gr.

Þessi grein fjallar um skiptingu tekna af útflutningsgjaldinu. Um þær fjárhæðir, sem flytjast á milli, vísast til fylgiskjals 1 hér á eftir. Hér verður hins vegar getið nærtækustu ástæðna helstu breytinga.

a) Veigamesta breytingin er, að aflajöfnunardeild Aflatryggingasjóðs fær nú hlut í útflutningsgjaldinu. Um forsendur þess vísast til almennu athugasemdanna hér að framan svo og til athugasemda með frumvarpi til laga um breyting á lögum um Aflatryggingasjóð, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Hið sama gildir um lækkun á hlut almennu deildar Aflatryggingasjóðs.
b) Önnur veigamikil breyting felst í tillögunni um að verja hluta af útflutningsgjaldstekjunum til greiðslu úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa. Um nánari tilefni og aðdraganda þessara ráðstafana vísast til almennu athugasemdanna hér að framan.

c) Hlutur sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða er nokkuð skertur með þessu frumvarpi og er það að tillögu samtaka sjómanna og útvegsmanna og fiskvinnslufyrirtækja sameiginlega.

Í 2. mgr. þessarar greinar er ákvæði þess efnis, að stjórn Aflatryggingasjóðs sé heimilt, ef þörf krefur, að færa fé milli almennu deildar sjóðsins og verðjöfnunardeildarinnar, er nemi allt að fjórðungi hlutar aflajöfnunardeildar í útflutningsgjaldinu. Með þessu er skapað svigrúm til þess að mæta óvæntum bótagreiðslum hvorrar deildar sem er.

Í 3. mgr. er kveðið á um skiptingu hlutar samtaka sjómanna í útflutningsgjaldinu milli Sjómannasambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Alþýðusambands Vestfjarða og Alþýðusambands Austurlands. Þessi skipting er í samræmi við tillögur, sem settar voru fram í áliti tillögunefndar um sjóði sjávarútvegs og hlutaskipti í ársbyrjun 1976 (sbr. bls. 99 í skýrslu nefndarinnar: Sjóðir sjávarútvegs og hlutaskipti; útg. í janúar 1976). Er sú tillaga nú gerð, að þessi skipting verði lögfest. Tillagan er flutt að óskum fulltrúa sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnslufyrirtækja sameiginlega.

Um 3. gr.

Hér er tveimur nýjum greinum bætt aftan við 4. gr. l. nr. 5/1976, þ. e. 5. og 6. gr.

5. gr. er efnislega samhljóða 2. mgr. 4. gr. l. nr. 5/1976.

6. gr. er hins vegar nýmæli, þar sem kveðið er á um, að heimilt sé að úthluta tekjuafgangi, er verða kynni eftir greiðslu iðgjaldsstyrkja úr Tryggingasjóði fiskiskipa, til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa. Kæmi þessi fjárhæð til viðbótar við það, sem kveðið er á um í b) lið 2. tl. 4. gr. laganna eins og lagt er til, að hún verði skv. þessu frumvarpi.

Um 4. og 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Lauslegar áætlanir um tekjur sjóða sjávarútvegsins af útflutningsgjaldi og fjárþörf á árinu 1980.[1])

Milljónir króna

	Skv. lögum nr. 5/1976	Skv. lögum nr. 3/1979	Hugmynd skv. frumdrögum dags. 14/1/80	Lauslegar hugmyndir um fjárþörf 1980
1. Til Aflatryggingasjóðs				
a) Almenn deild[2])	3 234	2 389	2 021	1 800
b) Aflajöfnunardeild	—	—	2 695	2 500
c) Áhafnadeild	3 822	3 798	2 830	2 400
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa, skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur				
a) Til greiðslu á hluta af vátryggingarkostnaði fiskiskipa	3 969	3 063	2 695	2 500
b) Til úreldingarstyrkja til eigenda fiskiskipa	—	—	404	—
3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs				
a) Til Fiskveiðasjóðs	3 087	2 450	2 425	—
b) Til Fiskimálasjóðs	132	122	108	—
4. Til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	338	306	135	—
5. Til Landssambands íslenskra útvegsmanna	59	61	81	—
6. Til samtaka sjómanna	59	61	81	—
Samtals	14 700	12 250	13 475	

1) Miðað er við verðlag í lok ársins 1979 og að gjaldstofn útfluttra sjávarafurða nemi 245 milljörðum króna. Hér eru einungis sýndar áætlanir um tekjur af útflutningsgjaldi en auk þess hafa sjóðirnir tekjur af eignum svo og fá Fiskveiðasjóður og almenna deild Aflatryggingasjóðs mótframlag úr ríkissjóði.

2) Við tekjur almennu deildarinnar af útflutningsgjaldi, sem hér eru sýndar, bætist mótframlag úr ríkissjóði, sem skv. núgildandi lögum nemur fjórðungi tekna hennar af útflutningsgjaldi, en skv. frv. um breyting á lögum um Aflatryggingasjóð, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi hækkaði mótframlagið í 40% útflutningsgjaldsteknanna.

Nd. 104. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. september 1971 með áorðnum breytingum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: Almenna deild, áhafnadeild og aflajöfnunardeild.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum, eða þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjastofnum.

Réttindi í hinni almennu deild sjóðsins eiga öll fiskiskip án tillits til stærðar, enda sé greitt af endanlegu afurðunum úr aflanum útflutningsgjald.

3. gr.

Á eftir 20. gr. laganna komi nýr kafli svo hljóðandi:

III. KAFLI
Aflajöfnunardeild.

21. gr. — Við Aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, aflajöfnunardeild, sem greiðir verðuppbætur á afla einstakra fisktegunda samkvæmt ákvæðum þessa kafla í því skyni að draga úr sókn í einstaka fiskstofna og beina henni til annarra, sem fremur eru taldir þola veiðar.

22. gr. — Tekjur aflajöfnunardeildar skulu vera:

1. Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.
2. Vextir og aðrar tekjur af eignum aflajöfnunardeildar.

23. gr. — Verðlagsráð sjávarútvegsins eða yfirnefnd þess skal fyrir upphaf hvers verðtímabils gera tillögur um fjárhæð aflajöfnunarbóta á einstakar fisktegundir að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunar á ástandi nytjastofna og aflahorfum. Skal fjárhæðin ákveðin innan þeirra marka, sem eignir og tekjur aflajöfnunardeildar hrökkva til. Sjávarútvegsráðherra staðfestir ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins eða yfirnefndar þess um aflajöfnunarbætur. Aflajöfnunarbætur skv. lögum þessum skulu koma til skipta og aflaverðlauna eins og annað fiskverð.

24. gr. — Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa kafla og starfsemi aflajöfnunardeildar. Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag.

4. gr.

Greinaröð og kaflaheiti laganna breytist í samræmi við ákvæði 3. gr.

5. gr.

2. tl. 1. mgr. 9. gr. orðist svo: Framlag ríkissjóðs til almennu deildar sjóðsins nemi 40% af tekjum hennar skv. 1. tl. 1. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

Eignir almennu deilda bátaflotans og togaraflotans svo og jöfnunardeildar Aflatryggingasjóðs, sem starfað hafa samkvæmt lögum nr. 80 16. september 1971, skulu renna til almennu deildar sjóðsins.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til afla, sem landað er eftir lok ársins 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að marka skýran farveg fyrir greiðslu verðuppbóta á einstakar fisktegundir í því skyni að beina sókn fiskiskipaflotans frá einstökum fisktegundum og að öðrum, sem fremur eru taldar þola veiðar. Frumvarpið er ennfremur flutt í því skyni að greiða fyrir ákvörðun fiskverðs frá 1. janúar 1980, þar sem til álita kemur framhald verðuppbóta á ufsa og karfa, sem greiddar voru á síðasta ári.

Nefnd, sem sjávarútvegsráðherra skipaði 29. mars 1979, hefur fjallað um þetta mál og fer hér á eftir áfangaskýrsla hennar dagsett 15. janúar 1980, þar sem lýst er aðdraganda þessa máls og mælt með samþykkt frumvarpsins í þeirri mynd, sem það er hér fram lagt:

Áfangaskýrsla Aflatryggingasjóðsnefndar.

„Í erindisbréfi er nefndinni falið að endurskoða lög og reglur Aflatryggingasjóðs með tilliti til þess, að sjóðurinn gegni því hlutverki sínu sem best að jafna áhrif sveiflna í aflabrögðum og tryggja afkomu sjómanna og útvegsmanna við ríkjandi aðstæður, sem einkennast af breytingum á fiskgengd og nauðsyn takmarkana á sókn í mikilvæga fiskstofna. Í þessu sambandi var nefndinni falið að vinna á grundvelli 62. og 64. greinar laga nr. 13/1979, en þar segir:

Í 62. gr. — 2. gr. laga nr. 80 16. september 1971 með áorðnum breytingum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins orðist svo:

Hlutverk sjóðsins er að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum, eða þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjafiskstofnum á Íslandsmiðum.

Og í 64. gr. — Á árinu 1979 verði lög um Aflatryggingasjóð tekin til gagngerrar endurskoðunar með það fyrir augum, að sjóðurinn gegni því hlutverki sínu að jafna aflasveiflur sem best við þær aðstæður, sem nú eru, m. a. vegna takmarkana á sókn í mikilvæga fiskstofna. Í þessu sambandi verði m. a. heimilað að beita fjármagni sjóðsins til þess að bæta upp verð á þeim tegundum, sem vannýttar kunna að vera, og leggja í því skyni sérstakt gjald á afla af þeim tegundum, sem taldar eru ofnýttar.

Verkefni nefndarinnar er því tvíþætt. Annars vegar að gera tillögur um það, hvernig Aflatryggingasjóður þjóni almennt hlutverki sínu sem best við breytta útgerðarhætti og hins vegar að gera tillögur um verðjöfnun milli fisktegunda. Fyrri verkþátturinn er umfangsmikill og hefur nefndin þegar lagt drög að ýmsum athugunum þar að lútandi. Við endanlegum niðurstöðum er þó ekki að búast í bráð. Á hinn bóginn telur nefndin ástæðu til að gera þegar nokkrar tillögur um einfaldar skipulagsbreytingar í tengslum við tillögugerð um verðjöfnun milli tegunda og að fella inn í texta laganna ákvæði 62. gr. l. nr. 13/1979.

Í samræmi við þessi sjónarmið hefur nefndin fjallað um drög að frumvarpi til laga um sameiningu báta-, togara- og jöfnunardeildar Aflatryggingasjóðs og um stofnun aflajöfnunardeildar við sjóðinn um leið og ákvæði 62. gr. laga nr. 13/1979 verði felld inn í 2. gr. laganna um sjóðinn (sbr. fskj. 1). Hlutverk aflajöfnunardeildar er að beina sókn frá einstökum fisktegundum til annarra, sem fremur eru taldar þola veiðar. Þessi tillaga er mótuð á grundvelli stefnumörkunar 64. gr. laga nr. 13/1979 eins og áður sagði og á sér auk þess nokkurn aðdraganda á árinu 1979.

Við ákvörðun fiskverðs frá 1. júlí 1979, sem tekin var með samkomulagi allra aðila í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins, var reiknað með því, að greidd yrði sérstök verðuppbót á ufsa- og karfaverð úr sjóðum sjávarútvegsins, en áður höfðu farið fram viðræður ríkisstjórnarinnar og aðila í Verðlagsráði um slíkar ráðstafanir. Með bráðabirgðalögum nr. 69/1979 var síðan heimilað að verja 500 milljónum króna af tekjum Tryggingasjóðs fiskiskipa og 700 milljónum króna af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þess að bæta upp verð á karfa um 30% og ufsa um 25% á tímabilinu 15. maí til 31. desember 1979. Afkoma á karfa- og ufsaveiðum var mun lakari en afkoma á þorskveiðum, ekki síst eftir olíuverðshækkanirnar, en um leið var nauðsynlegt að hvetja til aukinnar sóknar til veiða á karfa og ufsa til þess að draga úr sókn í þorskstofninn. Af þessum ástæðum voru þessar ráðstafanir gerðar. Má telja, að þær hafi átt drjúgan þátt í því, að karfa- og ufsaafli jókst mikið á síðasta ári.

Við fiskverðsákvörðunina í október síðastliðnum var ljóst, að rýmka þyrfti nokkuð um heimildir til ráðstöfunar fjár úr Tryggingasjóði og Aflatryggingasjóði til greiðslu uppbóta á karfa og ufsa. Fyrir því var með bráðabirgðalögum nr. 88/1979 gerð sú breyting, að heimilað skyldi að verja 550 milljónum króna af tekjum Tryggingasjóðs og 850 milljónum af tekjum Aflatryggingasjóðs af útflutningsgjaldi til þessara verðuppbóta 1979. Nú mun ljóst, að enn skorti um 200 m.kr. til þess að ljúka skuldbindingu vegna uppbóta þessara frá árinu 1979. Nefndin hefur tekið tillit til þessarar forsögu málsins við tillögugerð sína, auk þess sem hún hefur kynnt sér viðhorf aðila innan Verðlagsráðs sjávarútvegsins, sem er málið skylt.

15. Olesen, Bjarni Rothaus, vélstjóri á Selfossi, f. á Íslandi 7. júní 1955.
16. Popovic, Sava, tækniteiknari í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 28. október 1945.
17. Ruggstein, Ulla, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 20. júní 1935.
18. Saleh, Mohid Ali Ahmad, verkamaður í Reykjavík, f. í Palestínu 25. janúar 1948.
19. Samson, Lamberto, verkamaður í Garðakaupstað, f. á Filippseyjum 28. ágúst 1953.
20. Speight, John Anthony, tónlistarkennari í Reykjavík, f. í Englandi 27. febrúar 1945.
21. Spur, Inga Birgitte, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 28. desember 1931.
22. Sörby, Rolf, listmálari í Reykjavík, f. í Noregi 21. mars 1950.
23. Thomasdóttir, Jara Kristina, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 5. maí 1976.
24. Thomasson, Stefán Peter, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 13. júlí 1978.
25. Wood, Dennis Leo, aðstoðardeildarfulltrúi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 4. október 1946.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum, sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda, sbr. nefndarálit á þskj. nr. 830 á 99. löggjafarþingi 2. maí 1978.

Ed. 112. Frumvarp til laga [77. mál]

um niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Tómas Árnason, Stefán Jónsson, Eiður Guðnason.

1. gr.

Ríkissjóður skal greiða í Orkusjóð óafturkræft framlag, sem varið skal til að greiða niður verð á olíu til upphitunar húsa í landinu.

2. gr.

Verð olíu skal greitt niður sem nægir til að olíukostnaður við kyndingu húsa verði eigi hærri en sem nemur 2,5-földu vegnu meðalverði hjá hitaveitum landsins, sem hafa jarðvarma að orkugjafa. Er þá miðað við gjaldskrár á hverjum tíma. Skal hið vegna meðaltal reiknað út fjórum sinnum á ári, og verði þá jafnframt tekið tillit til þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa á olíu frá síðasta útreikningi, þegar ákveðin er upphæð niðurgreiðslna fram til næsta útreiknings.

Þessi niðurgreiðsla skal vera í formi styrkja til eftirtalinna aðila:

1. Til húsráðenda, sem nota olíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Skal upphæð fara eftir stærð fjölskyldu og stærð íbúðar.
2. Til þeirra, sem nota olíu til upphitunar atvinnuhúsnæðis.
3. Til skóla og annarra menningarstofnana, sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana og dvalarheimila fyrir aldraða og unga.
4. Til þeirra aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva.

Í reglugerð skal kveða á um með hverjum hætti skal ákveða upphæð styrkja samkvæmt 2. mgr. Skal þá við það miðað, að olía verði í hverju tilfelli greidd niður sem næst að sama hundraðshluta og ráð er fyrir gert í 1. mgr.

3. gr.

Verð olíu, sem hitaveitur nota sem orkugjafa og rafveitur nota til framleiðslu rafmagns til upphitunar húsa, skal greitt niður. Skal niðurgreiðsla þessi vera í formi styrkja til viðkomandi orkuveitna og nema sama hundraðshluta af verði olíunnar og niðurgreiðsla samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Styrkir til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana skulu greiddir ársfjórðungslega fyrir milligöngu sveitarfélaga. Styrkir til orkuveitna greiðast beint úr Orkusjóði.

5. gr.

Styrkir skulu ekki taldir til tekna við álagningu opinberra gjalda.

6. gr.

Enginn, sem hefur möguleika á upphitun frá hitaveitu, á rétt á olíustyrk.

7. gr.

Iðnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Þess skal sérstaklega gætt að einfalda framkvæmd niðurgreiðslunnar og sporna við misnotkun á þeim rétti, sem í henni felst.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá og með 1. janúar 1980 fer um niðurgreiðslu olíu til upphitunar húsa eftir ákvæðum þessara laga.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 13/1977, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Greinargerð.

Hin gífurlega verðhækkun olíu, sem varð á síðasta ári, hefur haft margháttuð og alvarleg áhrif. Viðskiptakjörin hafa versnað og rýrt þjóðartekjurnar. Harðast hefur þetta komið niður á um það bil fjórðungi þjóðarinnar, sem kyndir hús sín með gasolíu. Upphitunarkostnaður þessa fólks er óbærilegur. Það fólk býr við eitt mesta misréttið, sem fyrirfinnst í þjóðfélaginu í dag. Þessu ástandi verður þegar í stað að linna.

Við vandanum verður brugðist með tvennu móti. Annars vegar að flýta svo sem verða má öllum framkvæmdum, sem leysa olíuna af hólmi sem orkugjafa til upphitunar húsa. Hins vegar að auka niðurgreiðslu olíu til upphitunar. Þetta frumvarp fjallar um niðurgreiðslu olíu.

Þó að keyrt hafi um þverbak á síðasta ári vegna olíuverðshækkana er vandamálið, sem leiðir af olíuverðinu, miklu eldra. Allmörg ár eru síðan stjórnvöldum þótti ekki annað hæfa en gera ráðstafanir til að létta byrðar þeirra, sem búa við olíukyndingu. Sögu þessa má rekja allt aftur til ársins 1973, en þá voru fyrirséðar mjög miklar verðhækkanir á olíu, þegar olíukreppan fyrri var í aðsigi.

Vegna verðhækkunar á olíu var talið nauðsynlegt að setja lög til að draga úr áhrifum af hækkun olíuverðs á hitunarkostnað íbúðarhúsnæðis. Í þeim tilgangi voru sett lög nr. 5/1974 um álagningu sérstaks gjalds til að draga úr áhrifum olíuverðshækkana, þar sem fjár var aflað til niðurgreiðslu á olíu með því að leggja 1% gjald á söluskattsstofn. Þá voru sett lög nr. 47/1974, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðshækkana á hitunarkostnað íbúða. Þar var kveðið á um ráðstöfun á tekjum af 1% gjaldinu, sem lagt var á söluskattsstofninn. Síðan hefur niðurgreiðsla á olíu átt sér stað. Með lögum nr. 13/1977, um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðshækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl., var þeirri skipan komið á að verja til niðurgreiðslu olíu þeirri fjárhæð, sem ákveðin er á fjárlögum hverju sinni. Eru þetta gildandi lög í dag og nemur fjárhæðin til niðurgreiðslunnar í frumvarpi til fjárlaga ársins 1980 2.3 milljörðum kr.

Verð á gasolíu til húshitunar hefur fram til þessa dags hækkað úr kr. 5.30 hver lítri í kr. 155.25. Hækkunin nemur 2829.2%, þ. e. verðið hefur 29.3-faldast. Í upphafi var styrkurinn til niðurgreiðslu olíu ákveðinn 1800 kr. á ársfjórðungi fyrir hvern mann, sem notaði olíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Síðan var þessi styrkur hækkaður í 2600 kr. og þá í 5000 kr. og nú nemur hann 18 000 kr. á íbúa. Olíustyrkurinn hefur því hækkað um 900% eða tífaldast á sama tíma og olíukostnaðurinn hefur hækkað um 2829.2% eða 29.3-faldast. Af þessu má þegar marka hver þróunin hefur orðið og hve alvarlegt ástandið er í dag fyrir þá, sem nota gasolíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis.

Til frekari skýringar á áhrifum olíuverðshækkana má geta athugana, sem gerðar hafa verið hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga á upphitunarkostnaði á Ísafirði, þar sem olía er orkugjafinn, borið saman við sambærilegt orkumagn í heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt þessum athugunum var upphitunarkostnaður með olíu á Ísafirði, miðað við verðlag 1. júlí 1973 og olíunotkun 1973, 31 980 929 kr., en miðað við olíunotkun 1979 og verðlag 21. des. 1979 er árskostnaður við olíuhitun 614 541 488 kr., þegar olíustyrkur hefur verið dreginn frá, hefur rúmlega 19-faldast. Á sama tímabili varð hækkun á sambærilegu orkumagni í heitu vatni hjá Hitaveitu Reykjavíkur úr 14 278 863 í 83 160 294 kr., eða 5.8-faldaðist. Á tímabilinu 1. mars 1973 til 21. desember 1979 hækkaði gasolíuverð að frádregnum olíustyrk úr kr. 5.30 í kr.114.02 hver lítri, eða 21.5-faldaðist. Á sama tíma hækkaði tímakaup verkamanna í fiskvinnu á Ísafirði úr kr. 135.70 í 1 391 kr., þ. e. 10.3-faldaðist.

Þá kemur fram í þessum athugunum, að verkamaður í fiskvinnu á Ísafirði þurfi að greiða 8 vikna dagvinnulaun fyrir gasolíu til upphitunar á fjölskylduíbúð (4,12 meðl.) miðað við kaupgjald og gasoliuverð 1. júlí 1973, 11.5 vikna dagvinnulaun miðað við kaupgjald og gasolíuverð að frádregnum olíustyrk 1. mars 1979 og 14.8 vikna dagvinnulaun miðað við kaupgjald og gasolíuverð að frádregnum olíustyrk 21. desember 1979. Tilsvarandi hlutfallstölur af árslaunum fyrir dagvinnu eru sem hér greinir: 1. júlí 1973 15.4%, 1. mars 1979 22.1% og 21. desember 1979 28.5%.

Í þessum athugunum kemur í ljós, að hefði olíunotandi með fyrrgreint kaup og vinnutíma átt þess kost að kaupa tilsvarandi orku í heitu vatni á verðlagi, sem gilti hjá Hitaveitu Reykjavíkur á tilgreindum viðmiðunartímum, hefðu 3.5 vikna dagvinnulaun nægt fyrir ársnotkun miðað við 1. júlí 1973, 2.5 vikna laun miðað við 1. mars 1979 og 2 vikna laun miðað við 21. desember 1979.

Samkvæmt framansögðu kostar upphitun á Ísafirði meira en tilsvarandi orka í heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur sem þessu nemur: Miðað við verðlag 1. júlí 1973 4.5 vinnuvikur eða 8.7% af árslaunum. Miðað við verðlag 1. mars 1979 9 vinnuvikur eða 17.3% af árslaunum. Og miðað við verðlag 21. desember 1979 12.8 vinnuvikur eða 24.6% af árslaunum verkamanns í fiskvinnu miðað við 40 klukkustunda vinnuviku. Er þá búið að draga frá olíustyrk eins og hann var á þeim tíma, sem um hann var að ræða.

Hér má og draga fram þann mismun, sem er á upphitunarkostnaði á Ísafirði, borið saman við ráðstöfunartekjur þeirra sem nota olíu til upphitunar. Þá sést, að miðað við verð á gasolíu 1. júlí 1973 hefur olíukostnaður numið 5.6% af ráðstöfunartekjum, en hefði verið 2,5%, ef tilsvarandi orka hefði fengist á verði sem gilti á sama tíma hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Miðað við gasolíuverð 1. mars 1979, að frádregnum olíustyrk, voru tilsvarandi hlutföll 10% og 2,1%, en miðað við gasolíuverð 21. desember 1979, að frádregnum olíustyrk, voru hlutföllin 18.2% og 2.5% af ráðstöfunartekjum.

Þessar athuganir Fjórðungssambands Vestfirðinga eru byggðar á rauntölum varðandi upphitunarkostnað á Ísafirði. En athuganir þessar hafa fullt gildi til upplýsinga um ástand þessara mála um allt land hjá þeim, sem búa við olíukyndingu íbúðarhúsnæðis, þar sem olíuverðið er alls staðar það sama.

Þessu frumvarpi er ætlað að bæta úr þessu ástandi með því að hækka niðurgreiðslu á olíu til húshitunar. Skal nú gerð nánari grein fyrir hvað felst í frumvarpinu í þessu efni.

Áætlaður kostnaður við hitun 450 rúmmetra einbýlishúss er nú 978 þús. kr. á ári, ef kynt er með olíu. Ef fjögurra manna fjölskylda býr í húsinu fengi hún 288 þús. kr. í olíustyrk á ári. Raunverulegur kyndingarkostnaður er því 690 þús. kr. á ári. Nemur þá niðurgreiðslan 29.5% af olíuverði.

Í frumvarpi þessu felst að niðurgreiðsla á verði olíu til húshitunar verður 59%. Þetta þýðir að í dæmi því, sem hér er tekið, nemur olíustyrkurinn á ári 576 þús. kr. í stað 288 þús. kr. eða styrkurinn tvöfaldast. Raunverulegur kyndingarkostnaður verður 402 þús. kr. í stað 690 þús. kr. og nemur lækkunin 50%.

Þessir útreikningar eru miðaðir við ástandið í dag. En samkvæmt ákvæðum frumvarpsins verða sjálfvirkar breytingar á upphæð niðurgreiðslunnar, sem fylgja

breytingum á verði olíu og gjaldskrám hitaveitna, sem hafa jarðvarma að orkugjafa. Þetta felst í viðmiðunarreglu þeirri, sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Hugsunin með þessari reglu er sú, að á hverjum tíma verði niðurgreiðslan við það miðuð, að olíukostnaður við kyndingu húsa verði sem næst því að vera eins og hjá nýjustu hitaveitum. Þetta kemur nú þannig út samkvæmt frumvarpinu, að olía til húshitunar, sem nú kostar 23.70 kr/kwh, er greidd niður í 9.68 kr/kwh, en kostnaður hjá nýjustu hitaveitunni, Hitaveitu Suðurnesja, er kr. 8.63 kr/kwh.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að kostnaður við niðurgreiðslu olíu til húshitunar verði greiddur úr ríkissjóði. Kostnaður þessi er breytilegur eftir hreyfingum á verði olíu og gjaldskrám hitaveitna. Þegar litið er til lengri tíma koma fram áhrifin af þeim orkuframkvæmdum, sem nú er unnið að og gera mögulegt að hita upp húsnæði með innlendum orkugjöfum í stað olíu. Hefur nú verið sett fram það markmið, að um 80% af því húsnæði, sem í árslok 1978 var hitað upp með olíu, verði á árinu 1983 hitað upp með innlendum orkugjöfum. Gangi þetta fram hraðminnkar á næstu árum það fjármagn, sem þarf til niðurgreiðslu olíu. Það ber því að líta á þau miklu fjárútlát, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, sem bráðabirgðaskipan. En til þess að svo verði má einskis láta ófreistað til að hraða þeim orkuframkvæmdum, sem leysa olíuna af hólmi til húshitunar svo og að leggja áherslu á orkusparandi aðgerðir.

En hvað sem þessu líður felur frumvarpið í sér mikinn kostnað á árinu 1980. Áætla má að niðurgreiðslan á þessu ári muni nema 7—8 milljörðum króna, sbr. fylgiskjal VI.

Langt er um liðið síðan talið var sjálfsagt að leggja fram almannafé til jöfnunar á hitunarkostnaði í landinu. Með lögum nr. 5/1974, sem áður getur, var ákveðið að verja fjármagni í þessu skyni sem svaraði til 1% af söluskattsstofni. Þetta er áætlað nú fyrir árið 1980 rúmir 5 milljarðar króna. Þá er þess að geta, að innflutningsgjald og önnur opinber skattheimta á olíu til húshitunar er áætluð nú um 800 millj. kr. á ári. Þessa má minnast í sambandi við kostnað sem fylgir frumvarpinu, þó að framlag ríkissjóðs til niðurgreiðslu olíu til húshitunar réttlætist af eðli málsins.

Frumvarp þetta fjallar ekki um heildarskipan á verðjöfnun á þeim orkugjöfum, sem þjóðin notar. Það mál er í biðstöðu nú og tekur tíma að leysa. En hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á verðjöfnun hljóta allir sanngjarnir menn að sjá, að við svo búið má ekki standa sem nú er hjá þeim hluta þjóðarinnar, sem notar olíu til upphitunar húsa. Þær búsifjar, sem verðhækkun olíu veldur þessu fólki, eru svo miklar, að jafna má við áföll vegna náttúruhamfara eða aðra óáran, sem sjálfsagt þykir að hið opinbera bæti úr þegar í stað. Aðgerðaleysi í þessum efnum er í hróplegri mótsögn við anda þeirrar samhjálpar og skilnings, sem þjóðin er vön að sýna þeim, sem í nauðum eru staddir.

Í þessu ljósi ber að líta á það frumvarp, sem hér er lagt fram.

En hér er ekki einungis um sanngirnismál að ræða, heldur hagsmunamál þjóðarheildarinnar. Ef ekkert er aðhafst og ekki er skjótt við brugðið, vofir yfir brottflutningur fólks frá olíuhitunarsvæðunum og stórfelld byggðaröskun í landinu öllum til ómælanlegs tjóns.

Meginatriði þessa frumvarps er, að komið sé til bjargar með því að gera mögulegt, að kostnaður við olíukyndingu húsnæðis verði á hverjum tíma sem næst því, sem upphitunarkostnaður er hjá nýjustu hitaveitunum, sem hafa jarðvarma að orkugjafa. Kostnaður olíukyndingar er ákveðinn eftir viðmiðunarreglu, sem felur í sér sjálfvirkar breytingar á olíuniðurgreiðslunni eftir breytingum á verði olíu og gjaldskrám hitaveitna. Þetta þýðir nú, að kostnaður þeirra, sem búa við olíukyndingu, lækki sem næst um helming frá því sem nú er, miðað við óbreytt verð á olíu og óbreyttar gjaldskrár hitaveitna.

Með frumvarpinu eru eftirfarandi fylgiskjöl:

1. Breytingar á orkuverði.
2. Útgjöld vegna olíukaupa til húshitunar á Ísafirði borið saman við kaup á tilsvarandi orku frá Hitaveitu Reykjavíkur.
3. Upphitunarkostnaður olíunotenda á Ísafirði borinn saman við ráðstöfunartekjur þeirra.
4. Gjaldskrá hitaveitna 1979.
5. Útreikningur á vegnu meðaltali orkuverðs 17 hitaveitna.
6. Útreikningur á áætluðum niðurgreiðslum á olíu.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er það nýmæli, að greiða skal í Orkusjóð það fjármagn, sem varið er úr ríkissjóði til að greiða niður verð á olíu til upphitunar húsa.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. mgr. er sett sú regla, að fjárhæð niðurgreiðslna á olíu er miðuð við verð á upphitunarkostnaði hjá þeim, sem búa við hitaveitur, sem hafa jarðvarma að orkugjafa. Þetta verð er fundið með því að reikna út svokallað vegið meðaltal þannig, að orkuverð hverrar hitaveitu í kr/kwh er margfaldað með tölu íbúa á hverju hitaveitusvæði. Margföldunartölurnar fyrir allar hitaveiturnar eru lagðar saman og loks deilt í summu þeirra með samanlögðum íbúafjölda allra hitaveitusvæðanna. Er þá komið hið vegna meðaltal, sem síðan er margfaldað með 2.5. Miðað við núverandi gjaldskrár hitaveitna í landinu kemur þá út orkuverðið 9.68 kr/kwh. Þetta þýðir að olía til húshitunar, sem nú kostar kr. 23.70 kr/kwh, er greidd niður í 9.68 kr/kwh eða um rúm 59%.

Í 1. tl. 2. mgr. er um breytingu að ræða frá gildandi lögum. Þar er svo mælt fyrir, að styrkir skuli greiðast hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans. Hér er gert ráð fyrir, að styrkur vegna hverrar íbúðar sé greiddur einum aðila, þ. e. húsráðanda. Húsráðandi íbúðar er eigandi íbúðar eða leigjandi íbúðar. Einstaklingur, sem leigir herbergi í húsnæði hjá öðrum, telst í þessu sambandi einn í fjölskyldunni og olíustyrkur vegna hans greiðist húsráðanda.

Hér er önnur eigi veigaminni breyting frá gildandi lögum. Gert er ráð fyrir, að upphæð styrks fari bæði eftir fjölskyldustærð og stærð íbúðar. Í gildandi lögum er ekki tekið tillit til íbúðarstærðar. Þá er ekki tekið tillit til raunverulegrar orkunotkunar. Þetta getur verið sérstaklega óréttlátt gagnvart fólki, sem býr eitt sér í íbúð og á það oft við gamalt fólk.

Það er nýmæli í 2. tl. 2. mgr., að styrki skal greiða til þeirra, sem nota olíu til upphitunar atvinnuhúsnæðis. Þykir þetta eðlileg ráðstöfun til þess að jafna þann aðstöðumun, sem nú er hjá atvinnurekstrinum í landinu eftir því hvert orkuverðið til húshitunar er. Þessi niðurgreiðsla færi fram með beinum framlögum til hvers fyrirtækis eða atvinnurekanda fyrir sig.

Í 3. tl. 2. mgr. er að finna ákvæði um niðurgreiðslu olíu til ýmissa stofnana á vettvangi menningar-, heilbrigðis- og félagsmála. Í núgildandi lögum er aðeins gert ráð fyrir að heimavistarskólar á grunnskólastigi njóti olíustyrks. Hér er því um að ræða víðtækari niðurgreiðslu en nú er.

Í 4. tl. 2. mgr. er lagt til, að styrkir verði greiddir þeim, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu. Þetta kemur í þarfir bænda, sem enn njóta ekki sveitarafvæðingarinnar. Ákvæði þetta er óbreytt frá gildandi lögum.

Við setningu reglugerðarákvæða samkvæmt 3. mgr. er minnt á hugmyndir um leiðir til að ákveða upphæð olíustyrkja, sem settar eru fram í nefndaráliti um jöfnun á hitunarkostnaði frá október 1979, sem samið var af nefnd, sem fyrrverandi iðnaðarráðherra skipaði til að gera tillögur um leiðir til jöfnunar á upphitunarkostnaði.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir að greiða orkuveitum styrki, sem koma til góða orkunotendum í lægri gjaldskrám.

Það er nýmæli, að olía sé greidd niður til hitaveitna, sem nota þann orkugjafa. Að því marki sem olía er notuð tekur þessi niðurgreiðsla einnig til hitaveitna, sem bæði nota jarðvarma og olíu.

Hins vegar er það ekki nýmæli, að greidd sé niður olía til framleiðslu rafmagns, eins og hér er gert ráð fyrir, því að svo er mælt fyrir í gildandi lögum. Styrki skal greiða rafveitum að því marki sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar húsnæðis.

Um 4. gr.

Ekki þykir rétt að breyta þeirri skipan sem verið hefur, að olíustyrkjum sé úthlutað fyrir milligöngu sveitarfélaga. Hins vegar er ekki ástæða til að sú skipan gildi um orkuveitur. Því er gert ráð fyrir að styrkir til hitaveitna og rafveitna greiðist milliliðalaust.

Gert er ráð fyrir, að styrkirnir séu greiddir ársfjórðungslega eins og verið hefur.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Miklu varðar, að sá kostur sé valinn við upphitun húsnæðis sem hagkvæmastur er þjóðhagslega. Því er í þessari grein svo fyrir mælt, að enginn eigi rétt á olíustyrk, sem hefur möguleika á upphitun frá hitaveitu. Gildir þetta hvort sem hitaveitan hefur jarðvarma eða annan orkugjafa.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að með mál þau, sem lög þessi fjalla um, fari iðnaðarráðherra. Þetta er breyting frá því sem verið hefur, því viðskiptaráðuneytið hefur með þessi mál að gera samkvæmt gildandi lögum. Þykir þetta eðlileg breyting, þar sem hér er um að ræða orkumál og þau mál heyra undir iðnaðarráðherra.

Í grein þessari er iðnaðarráðherra falið að semja reglugerð um framkvæmd laganna. Sérstök áhersla er lögð á, að öll framkvæmd þessara mála verði sem einföldust og þess sé gætt að koma í veg fyrir misnotkun á niðurgreiðslunni.

Um 8. gr.

Samkvæmt þessari grein er svo mælt fyrir, að ákvæði þessara laga gildi frá 1. janúar 1980.

Fylgiskjal I.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA.

Breytingar á orkuverði.

Gasolía til húshitunar:

Júlí 1973	kr.	5.30	pr.	lítri				
Janúar 1974	—	7.70	—	—				
Mars 1974	—	11.50	—	—				
Apríl 1974	—	13.70	—	—				
September 1974	—	14.30	—	—				
Janúar 1975	—	14.30	—	—	kr.	16.70	pr.	lítri
Febrúar 1975	—	16.70	—	—	—	20.30	—	—
Nóvember 1975	—	24.20	—	—				
Janúar 1976	—	24.20	—	—	—	25.35	—	—
September 1976	—	27.05	—	—				
Desember 1976	—	27.05	—	—	—	28.05	—	—
Mars 1977	—	30.05	—	—				
Október 1977	—	33.25	—	—				
Janúar 1978	—	34.55	—	—				
Mars 1978	—	39.20	—	—				
Ágúst 1978	—	45.05	—	—				
Október 1978	—	49.05	—	—				
Desember 1978	—	49.75	—	—	—	57.55	—	—
Mars 1979	—	68.90	—	—				
Maí 1979	—	68.90	—	—	—	103.05	—	—
Ágúst 1979	—	137.05	—	—				
Október 1979	—	137.05	—	—	—	142.05	—	—
Desember 1979	—	155.25	—	—				

Heitt vatn frá Hitaveitu Reykjavíkur:[1])

Nóvember 1970	kr.	16.10	pr.	m^3
Nóvember 1971	—	14.50	—	—
Maí 1972	—	15.22	—	—
Maí 1973	—	18.26	—	—
Ágúst 1973	—	17.90	—	—
Febrúar 1974	—	20.15	—	—
Maí 1974	—	22.76	—	—
Nóvember 1974	—	32.00	—	—
Maí 1975	—	39.36	—	—
Maí 1976	—	50.00	—	—
Febrúar 1977	—	55.00	—	—
Nóvember 1977	—	63.25	—	—
Febrúar 1978	—	75.00	—	—
Nóvember 1978	—	90.00	—	—
Febrúar 1979	—	103.50	—	—
Maí 1979	—	119.00	—	—

1) Heimild: Hagtíðindi.

Útgjöld vegna olíukaupa til húshitunar á Ísafirði borið saman við kaup á tilsvarandi orku frá Hitaveitu Reykjavíkur.

	pr. ltr. pr. m³ á	Heildar-kostnaður krónur	Olíu-notendur	pr. notandi á ári krónur	pr. fjölsk. 4.12 meðl. fjölsk. á ári krónur	Tímakaup í fiskv. krónur	Vinnust. að vinna f. árs-notkun	Vinnuvikur að vinna f. ársnotkun
Verðlag 1/7 1973:								
6 034 136 ltr. gasolía	5/30	31 980 920	3 051	10 482	43 186	135/70	318.3	8.0
÷ olíustyrkur (enginn)	0	0						
	5/30	31 980 920	3 051	10 482	43 186	135/70	318.3	8.0
Jafngildi í heitu vatni:								
781 975 m³	18/25	14 278 863	3 051	4 680	19 282	135/70	142.1	3.5
Mismunur		17 702 057	3 051	5 802	23 904	135/70	176.2	4.5
Verðlag 1/3 1979:								
5 332 975 ltr. gasolía	68/90	367 441 978	3 054	120 315	495 698	981/—	505.3	12.6
÷ olíustyrkur	5/96	31 761 600	3 054	10 400	42 858	981/—	43.7	1.1
Nettóútgjöld notenda ..	62/94	335 680 378	3 054	109 915	452 850	981/—	461.6	11.5
Jafngildi í heitu vatni:								
691 110 m³	103/50	71 529 885	3 054	23 422	96 499	981/—	98.4	2.5
Mismunur		264 150 493	3 054	86 493	356 351	981/—	363.2	9.0
Verðlag 21/12 1979:								
5 392 512 ltr. gasolía	155/25	837 187 488	3 088	271 110	1116 973	1391/—	803.0	20.1
÷ olíustyrkur	41/23	222 336 000	3 088	72 000	296 640	1391/—	213.3	5.3
	114/02	614 851 488	3 088	199 110	820 333	1391/—	589.7	14.8
Jafngildi í heitu vatni:								
698 826 m³	119/—	83 160 294	3 088	26 930	110 952	1391/—	79.8	2.0
Mismunur		531 691 194	3 088	172 180	709 382	1391/—	509.9	12.8

Fylgiskjal III.

FJÓRÐUNGSSAMBAND VESTFIRÐINGA.

Upphitunarkostnaður olíunotenda á Ísafirði borinn saman við ráðstöfunartekjur þeirra.

Miðað við verðlag á gasolíu 1/7 1973:

1.	Skattskyldar tekjur skv. framtali 1974	kr.	758 211 019	
2.	÷ Skattur og útsvar 1974	—	179 855 936	
3.	Ráðstöfunartekjur	—	578 355 083	
4.	Ráðstöfunartekjur olíunotenda 98% þar af	—	566 787 981	
5.	Upphitunarkostnaður og hlutfall hans þar af	—	31 980 929	5.6%
6.	Upphitunarkostnaður að frádregnum olíustyrk og hlutfall hans af lið 4	—	31 980 929	5.6%
7.	Olíustyrkur og hlutfall hans af lið 4	—	— 0 —	— 0 —
8.	Tilsvarandi orka í heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur og hlutfall hennar af lið 4	—	14 278 863	2.5%

Miðað við verðlag á gasolíu 1/3 1979:

1.	Skattskyldar tekjur skv. framtali 1979	kr.	4 952 534 334	
2.	÷ Skattur og útsvar 1979	—	1 402 764 665	
3.	Ráðstöfunartekjur	—	3 549 769 669	
4.	Ráðstöfunartekjur olíunotenda 95% þar af	—	3 372 281 186	
5.	Upphitunarkostnaður og hlutfall hans þar af	—	367 680 378	10.9%
6.	Upphitunarkostnaður að frádregnum olíustyrk, og hlutfall hans af lið 4	—	335 680 378	10.0%
7.	Olíustyrkur og hlutfall hans af lið 4	—	31 761 600	0.9%
8.	Tilsvarandi orka í heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur og hlutfall hennar af lið 4	—	71 539 885	2.1%

Miðað við verðlag á gasolíu 21/12 1979:

1.	Skattskyldar tekjur skv. framtali 1979	kr.	4 952 534 334	
2.	÷ Skattur og útsvar 1979	—	1 402 764 665	
3.	Ráðstöfunartekjur	—	3 549 769 669	
4.	Ráðstöfunartekjur olíunotenda 95% þar af	—	3 372 281 186	
5.	Upphitunarkostnaður og hlutfall hans þar af	—	837 187 488	24.8%
6.	Upphitunarkostnaður að frádregnum olíustyrk, og hlutfall hans af lið 4	—	614 851 488	18.2%
7.	Olíustyrkur og hlutfall hans af lið 4	—	222 336 000	6.6%
8.	Tilsvarandi orka í heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur og hlutfall hennar af lið 4	—	83 160 294	2.5%

Fylgiskjal IV.

Orkustofnun
1980-01-14

Gjaldskrá hitaveitna 1979.

Hitaveitur	Tala íbúa 78-12-01	Hitastig C°	Gjaldskrá Dags.	kr./m³	kr./mín. l/ár	kr./hemil ár	Meðalverð kr./kWh
Reykjavík	111 145	80	79-05-08	119	31 280	12 384	3.08
Seltjarnarnes	2 926	80—85	79-07-31	—	35 004	8 424	3.13
Mosfellshreppur ..	2 450	80	79-05-22	—	24 060	9 420	2.37
Suðurnes	8 000*	80	79-07-31	—	92 400	15 600	8.63
Selfoss	3 030	78	79-07-31	155	42 730	19 800	4.50
Hveragerði	1 180	80*	79-07-31	—	29 940	—	2.68
Laugarás	90	96	79-04-26	—	25 200	18 000	2.00
Flúðir	94	96	77-03-14	—	12 048	21 684	1.26
Vestmannaeyjar ..	1 000*		79-07-31	330	—	26 400	9.00
Reykhólar	78		76 —				
Suðureyri	526	59—60	79-07-31	—	98 664	12 300	17.98
Hvammstangi	510	78*	79-07-31	—	48 000	24 000	5.09
Blönduós	885	60	79-04-26	275	66 000	55 200	13.43
Sauðárkrókur	2 079	66—68	79-07-31	—	28 704	—	3.82
Siglufjörður	1 470	60—66 (80)*	79-07-31	—	150 816	—	13.51
Ólafsfjörður	1 150	57	79-04-26	—	25 200	15 600	5.76
Dalvík	1 234	60	79-07-31	—	35 880	18 720	6.96
Hrísey	295	56	78-01-01	—	19 200	14 400	4.54
Akureyri	5 200	82—90	79-07-31	369	88 668	—	6.90
Húsavík	2 377	80	79-07-31	—	34 440	15 048	3.42
Reykjahlíð	250		79-07-31	156 m³ hús	—	37 140/hús	1.00
Einkahitaveitur ..	1 500*		—	—	—	—	
Alls	147 469	—	—	—	—	—	—
Hitaveitur í undirbúningi eða áætlaðar	28 968		—	—	—	—	—
Samtals	176 437	—	—	—	—	—	—

Fylgiskjal V.

Útreikningur á vegnu meðaltali orkuverðs 17 hitaveitna.

	kr./kWh.		Íbúafjöldi	Margfeldi
Reykjavík	3.08	×	111 145	342 327
Seltjarnarnes	3.13	×	2 926	9 158
Mosfellssveit	2.37	×	2 450	5 807
Suðurn.	8.63	×	8 000	69 040
Selfoss	4.50	×	3 030	13 635
Flúðir	1.26	×	94	118
Hveragerði	2.68	×	1 180	3 162
Laugarvatn	2.00	×	90	180
Vestmannaeyjar	9.00	×	1 000	9 000
Suðureyri	17.98	×	526	9 457
Hvammstangi	5.09	×	510	2 596
Blönduós	13.43	×	885	11 886
Sauðárkrókur	3.82	×	2 079	7 942
Siglufjörður	13.51	×	1 470	19 860
Ólafsfjörður	5.76	×	1 150	6 624
Dalvík	6.96	×	1 234	8 589
Hrísey	4.54	×	295	1 339
Akureyri	6.90	×	5 200	35 880
Reykjahlíð	1.00	×	250	250
Húsavík	3.42	×	2 377	8 129
			145 891	564 979

$$\text{Vegið meðaltal} = \frac{564\,979}{145\,891} = 3.87 \text{ kr./kWh}$$

Olíuverðmiðun er 23.70 kr./kWh

18/1 1980

Edgar Guðmundsson,
verkfræðingur.

Fylgiskjal VI.

Útreikningur á áætluðum niðurgreiðslum á olíu.

Samkvæmt skýrslum frá Framkvæmdastofnun ríkisins[1]) er hitað húsrými á landinu öllu sem hér segir:

TAFLA 1.

Húsgerð	Fjöldi húsa	Rúmmál samtals m^3	Meðal-stærð m^3	Áætl. olíu-notk. á m^3 lítrar	Heildarolíu-notkun millj. lítrar
Íbúðarhús	36 519	21 172 027	580	14	296
Verslunarhús	1 115	1 659 178	1 488	10	17
Skrifstofuhús	385	940 097	2 442	9	8
Hitað iðnaðarhúsnæði	2 774	5 642 685	2 035	9	51
Sérhæfðar byggingar, skólar og stofnanir	2 773	4 176 504	1 507	10	42
Byggingar hitaðar að hluta	2 121	3 435 231	1 620	5	17
Samtals	45 687	37 025 772	810	11.6	431

[1]) Hitað húsrými 1976, úttekt á vegum iðnaðarráðuneytis, Framkvæmdastofnun ríkisins nóv. '76.

Ef gert er ráð fyrir byggðaaukningu um 2% á ári, þá má gera ráð fyrir að upphitað húsnæði á landinu í dag sé um **40 milljónir rúmmetra**, sem skiptist í grófum dráttum sem hér segir:

TAFLA 2.

Tegund húsnæðis	Stærð millj. m^3	Olíunotkun á m^3	Heildarolíunotk. millj. lítrar	%
Íbúðarhúsnæði	23	14	320	69%
Annað húsnæði	17	8.5	145	31%
Samtals	40	11.6	465	100%

Ef gert er ráð fyrir að um 20% af þessu húsnæði verði hitað með olíu árið 1980, má gera ráð fyrir eftirfarandi heildarkostnaði vegna hitunar húsnæðis með olíu:

Íbúðarhúsnæði:

$9.20 \times 320 \times 10^6 \times 155.25 = 9.9$ milljarðar

Annað húsnæði:

$0.20 \times 145 \times 10^6 \times 155.25 = 4.5$ milljarðar

Samtals 14.4 milljarðar

Ef frumvarpið nær fram að ganga, nema niðurgreiðslur miðaðar við **óbreytt olíuverð og óbreyttar gjaldskrár:**

$0.59 \times 14.4 = 8.35$ **milljörðum.**

Nú liggja fyrir beiðnir hjá yfirvöldum um hækkanir á gjaldskrám hitaveitna, þar á meðal frá Hitaveitu Reykjavíkur um 37% hækkun. Nú hefur H. R. ekki fengið umbeðnar hækkanir frá því í maí 1979 og má því gera ráð fyrir verulegri hækkun þegar þar að kemur. Gjaldskrárhækkun hjá H. R. vegur afar þungt í hinu vegna meðalverði. Ekki skal hér metið hve mikil gjaldskrárhækkun H. R. eða annarra hitnaveitna verður, en þess í stað sýnt hvaða áhrif hækkanir frá 10—40% á „vegnu meðalverði" hafa, sjá töflu 3.

TAFLA 3.

Áhrif gjaldskrárhækkana á upphæð niðurgreiðslna.

Gjaldskrár-hækkanir	Viðmiðunarverð Vegið meðal-verð kr/kwh	Verð eftir niðurgreiðslur kr/kwh	Niðurgreiðsla kr/kwh	Niðurgreiðsla %	Niðurgreiðslur Heildarupphæð milljarðar
Óbreyttar gjaldskrár	3.87	9.68	14.02	59.0	8.35
10%	4.26	10.65	13.05	55.1	7.80
20%	4.64	11.60	12.10	51.0	7.21
30%	5.03	12.58	11.12	46.9	6.63
40%	5.42	13.55	10.15	42.8	6.06

Eins og fyrr greinir, hafa breytingar á olíuverði bein áhrif á upphæð niðurgreiðslna. Í töflu 4 eru sýnd nokkur dæmi um áhrif af breytingu olíuverðs til hækkunar eða lækkunar.

TAFLA 4.

Olíuverð í kr. á lítra	Olíuverð í kr/kwh	Niðurgreiðslur krónur á lítra	Niðurgreiðslur krónur á kwh	~%	Heildarupphæð niðurgreiðslna milljarðar
200	30.53	~136	20.85	~68	12.34
155.25	23.70	~92	14.02	~59	8.35
100	15.27	~37	5.59	~37	3.36
75	11.45	~11	1.77	~15	1.00
63.41	9.68	~0	0	~0	0

Ef tekið verður tillit til væntanlegra hækkana á gjaldskrám hitaveitna, virðist mega gera ráð fyrir um 7 **milljarða niðurgreiðslum** á árinu 1980.

Með hagstæðum innkaupum á olíu, sem nú eru í farvatninu, má vænta þess, að niðurgreiðslur verði enn lægri.

Janúar 1980.

Edgar Guðmundsson verkfræðingur.

Nd. 113. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Orðið „Aflajöfnunardeild“ breytist í: Verðjöfnunardeild.
   b. 2. liður orðist svo:
      Til aldurslagatrygginga til úthlutunar samkv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.
2. Við 3. gr. 6. gr. orðist svo:
   Tekjuafgangi, er verða kann eftir greiðslu iðgjaldsstyrkja skv. 5. gr., er heimilt að úthluta til aldurslagatrygginga, sbr. b-lið 2. tl. 4. gr.
3. Við 5. gr. Í stað orðanna „eftir lok ársins 1979“ komi: á árunum 1980 og 1981.

Halldór Blöndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. jan. 1980.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Karvel Pálmason, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Pétur Sigurðsson.	Páll Pétursson.	Steingrímur Hermannsson.

Nd. 114. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 16. sept. 1971, með áorðnum breytingum, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Orðið „aflajöfnunardeild“ verði: verðjöfnunardeild.
2. Við 3. gr. Orðið „aflajöfnunardeild“ á nokkrum stöðum verði: verðjöfnunardeild.
3. Við 7. gr. Í stað orðanna: „eftir lok ársins 1979“ komi: á árunum 1980 og 1981.

Halldór Blöndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 24. jan. 1980.

Garðar Sigurðsson, form., frsm.	Karvel Pálmason, fundaskr.	Matthías Bjarnason.
Pétur Sigurðsson.	Páll Pétursson.	Steingrímur Hermannsson.

Ed. 115. Frumvarp til laga [78. mál]

um breyting á lögum nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Flm.: Jón Helgason, Gunnar Thoroddsen, Helgi Seljan, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Forsetar Alþingis gera sérkjarasamninga samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga þessara við starfsmenn Alþingis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af þingmönnum úr öllum þingflokkum. Tilgangur þess er að tryggja svo ótvírætt sé forræði Alþingis á samningagerð við starfsmenn Alþingis.

Ed. 116. Frumvarp til laga [79. mál]

um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olíugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 1.0% olíugjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaaflaverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

3. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að greiða fyrir ákvörðun fiskverðs frá 1. janúar 1980, en um áramót gengu úr gildi lög nr. 88/1979 um 9% olíugjald til fiskiskipa utan skipta. Meginefni þessa frumvarps er að lögfesta sams konar olíugjald og gilti á árinu 1979 en lækka það í 5%. Þörfin fyrir gjald af þessu tagi er enn brýn, því olíuverðshækkunin, sem var tilefni upphaflegu lagasetningarinnar um olíugjald, hefur reynst hæði meiri og langvinnari en vonast var til, þegar gjaldið var fyrst ákveðið.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að engin atvinnugrein hefur orðið jafn harkalega fyrir barðinu á hinni gífurlegu olíuverðshækkun á síðustu misserum og sjávarútvegurinn. Þegar í upphafi síðasta árs var olíukostnaðurinn útveginum þungbær og síendurteknar hækkanir á olíuvörum frá þeim tíma hafa enn aukið á þennan vanda. Góð aflabrögð hafa hins vegar bætt hér nokkuð úr skák. Gasolíuverð er nú rúmlega 155 krónur pr. lítra en var fyrir ári tæplega 58 krónur. Svartolíuverð er nú kr. 108 500 pr. tonn en var fyrir ári 41 800 krónur pr. tonn. Framundan er hætta á frekari hækkun, en þó eru vonir við það bundnar, að nýir viðskiptasamningar við Breska ríkisolíufélagið geti dregið úr þeirri hættu, þegar kemur fram á síðari hluta ársins. Allt er þetta þó mikilli óvissu háð.

Fyrsta olíuverðshækkunaraldan skall yfir í marsmánuði síðastliðnum og var þá samþykkt frumvarp til laga um tímabundið 2.5% olíugjald til fiskiskipa utan hlutaskipta. Óvissa var þá mikil um olíuverð, eins og reyndar er enn, og því erfitt að meta, hvort verðhækkunin væri tímabundin eða varanleg. Skynsamlegast þótti að snúast við áhrifum olíuverðshækkunarinnar þannig, að tekið væri mið af nauðsyn þess að hvetja til olíusparnaðar, þ. e. að fara ekki út á þá braut að greiða niður olíuverðið. Hins vegar var nauðsynlegt að auka tekjur útgerðarinnar, til þess að hún gæti staðið undir auknum olíukostnaði. Hlutaskiptaákvæði kjarasamninga sjómanna og útvegsmanna gera það hins vegar að verkum, að ekki er unnt að mæta kostnaðarauka af þessu tagi með hækkun almenns fiskverðs, án þess að hlutir sjómanna hækki um leið. Forystumenn sjómanna hafa lýst því yfir, að sjómenn vilji ekki hagnast á því áfalli, sem olíuverðshækkunin er fyrir þjóðina, og var haft samráð við sjómannasamtökin, þegar olíugjaldið var tekið upp í mars.

Þegar kom fram á síðastliðið vor, hafði olíuverð enn hækkað verulega frá því, sem var í mars. Var því nauðsynlegt að hækka olíugjaldið í 7% frá 15. maí. Olíuverð hækkaði síðan enn um mitt árið og frá 20. júlí var olíugjaldið utan skipta hækkað í 12%, en að auki kom þá til 3% olíugjald til skipta, enda höfðu laun launþega í landi almennt hækkað um 3% í júní.

28. september síðastliðinn varð samkomulag í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins um nýtt fiskverð, er gilti frá 1. október. Ákvörðunin fól í sér, að skiptaverð til sjómanna hækkaði um 9.2%. Forsenda fyrir þessari ákvörðun var, að olíugjald til fiskiskipa sem verið hafði 15%, yrði 9% frá 1. október. Jafnframt var 3% olíugjaldið frá júlí, sem kom til skipta, fellt inn í fiskverðið. Um þessa lausn varð algjört samkomulag í yfirnefndinni.

Þessi breyting á olíugjaldi var síðan gerð með bráðabirgðalögum nr. 88 16. október síðastliðinn, enda hafði þing þá verið rofið. Ákvæðið um 9% olíugjald gilti til 31. desember 1979, eða jafn lengi og fiskverðsákvörðunin.

Þegar verð á olíu var ákveðið 10. desember s. l., var talið, að þær gasolíubirgðir, er þá voru verðlagðar, entust út janúar en svartolíubirgðir fram í miðjan febrúar. Verðákvörðunin tók hins vegar ekki gildi fyrr en 20. desember og því gæti myndast halli á innkaupajöfnunarreikningi, þar sem hluti af þeim birgðum, sem miðað var við í verðákvörðun í desember, fór á lægra verði fram til 20. desember. Um þetta liggja þó ekki fyrir neinar tölulegar athuganir.

Meðalverð gasolíubirgða við verðákvörðun í desember var $ 328.83 f.o.b. hvert tonn. Skráð verð í Rotterdam í desember var á bilinu $ 350—360 og í janúar hefur verðið verið yfir $ 360, fór hæst í $ 368 3. janúar. Ekki liggur fyrir innkaupsverð á þeirri olíu, sem komið hefur til landsins í desember og janúar en það gæti verið á bilinu $ 350—360 eða 7 til 9% hærra en viðmiðunarverðið í desember. Þetta gefur vísbendingu um hvert stefnir í olíuverði innanlands á næstunni, en engar tölulegar niðurstöður athugana eða tillögur olíufélaga liggja enn fyrir.

Svartolíuverð hefur lítið breyst frá því verðákvörðun var tekin í desember. Viðmiðun þá var $ 180.38 f.o.b. hvert tonn. Skráð verð í Rotterdam var yfir $ 180 fram yfir miðjan desember en lækkaði síðan nokkuð og var í $ 177 samkvæmt síðustu þekktri skráningu. Ekki virðast því líkur á umtalsverðri breytingu svartolíu-

verðs á næstunni, ef dæma má af markaðsverði. Hækki olía í verði um 7% á næstunni kostar það fiskveiðarnar 1 500 m.kr. á ári. Með þessu frumvarpi fylgir áætlun um rekstur fiskveiða m. v. verðlag í ársbyrjun 1980 og áætlað aflamagn bátaflotans 1979 og afla á hvern togara 1979. Áætlun þessi er á því byggð, að 9% olíugjaldið sé óbreytt. Eins og þetta yfirlit ber með sér er hagur fiskveiða í heild vel viðunandi við þessi skilyrði og með betra móti m. v. reynslu síðustu ára. Hagur minni skuttogara er þó heldur slakari en verið hefur þrátt fyrir mikinn afla vegna olíuverðshækkunarinnar. Með tilliti til hættunnar á frekari olíuverðshækkun á bilinu 5—10% á næstunni og einnig þess að 1979 var mikið aflaár og ekki víst að 1980 verði jafn gjöfult, virðist ráðlegt að halda áfram olíugjaldi en lækka það úr 9% í 5% eins og hér er lagt til, en þá er ráð fyrir því gert, að fiskverð hækki frá áramótum með nýjum fiskverðssamningum, þannig að útgerðin fái viðunandi afkomu.

Jafnframt þessu frumvarpi er flutt annað frumvarp, sem einnig tengist ákvörðun fiskverðs frá 1. janúar síðastliðnum, þar sem kveðið er á um stofnun sérstakrar aflajöfnunardeildar við Aflatryggingasjóð. Hlutverk þessarar deildar er að greiða verðbætur á afla einstakra fisktegunda í því skyni að draga úr sókn í einstaka fiskstofna og beina henni til annarra stofna, sem fremur eru taldir þola veiðar. Með því frumvarpi er útgerðinni auðveldað að stunda þessar veiðar, þannig að takmarkanir á sókn í einstakar fisktegundir verði ekki jafn tilfinnanlegar.

Þá er einnig flutt frumvarp um útflutningsgjald af sjávarafurðum og ráðstöfun tekna af því, til þess í senn að létta fiskvinnslunni olíugjaldið nokkuð með því að lækka útflutningsgjaldið úr 6% í 5.5% og tryggja fjármagn til greiðslu aflajöfnunarbóta.

Það er megintilgangur þessara þriggja frumvarpa sem flutt eru, að tryggja sem best hag sjávarútvegsins á árinu 1980, og greiða þannig fyrir fiskverðssamningum frá áramótum.

Áætlað rekstraryfirlit fiskveiða m. v. verðlag um áramót 1979/80 miðað við áætlað aflamagn ársins 1979 og miðað við 9% olíugjald.

M. kr.

	Bátar án loðnu 21—220 brl.	Minni skuttogarar	Stærri skuttogarar	Samtals
Fjöldi togara		66	15	81
A. Tekjur alls	46 618	52 049	15 775	114 442
1. Seldur afli hérlendis	38 540	42 735	10 837	92 112
þ. a. olíugj. utan skipta	2 888	3 160	776	6 824
2. Seldur afli erlendis	5 339	7 029	4 033	16 401
3. Aðrar tekjur	2 739	2 285	905	5 929
(þ. a. úr Aflatrygg.sj.)	(1 191)			
B. Gjöld alls	46 812	53 932	15 685	116 429
1. Aflahlutir	15 490	15 560	2 955	34 005
2. Laun og tengd gjöld	3 842	2 105	2 267	8 214
3. Olíur	6 872	11 216	3 193	21 281
4. Veiðarfæri	4 057	3 260	718	8 035
5. Annar breytil. kostn.	5 919	6 583	3 165	15 667
Breytil. kostn. alls	36 180	38 724	12 298	87 202
Framl. til fasts kostn.	10 438	13 325	3 477	27 240
Framlag til fasts kostn. sem hlutfall af tekjum	22.4%	25.6%	22.0%	23.8%
6. Viðhald	3 850	4 353	1 112	9 315
7. Endurmetnar afskriftir	4 120	6 097	1 140	11 357
8. Vextir	2 662	4 758	1 135	8 555

	Bátar án loðnu 21—220 brl.	Minni skuttogarar	Stærri skuttogarar	Samtals
C. Hreinn hagnaður	÷194	÷1 883	90	÷1 987
Brúttóhagnaður	3 962	4 214	1 230	9 370
H/A 100	÷0.4%	÷3.6%	0.6%	÷1.7%
Meðalverð aflans kr. á kg				
Landað heima, skiptaverð		171.51	147.18	
Landað erlendis, brúttóverð		500.00	470.00	
Aflamagn á skip að meðaltali, tonn (sl. f. m. haus)				
Landað heima		3 186	4 167	
Landað erlendis		213	572	
Samtals		3 399	4 739	

ATHUGASEMDIR VIÐ REKSTRARÁÆTLANIR

Afla- og sóknarforsendur.

Á grundvelli bráðabirgðatalna Fiskifélags Íslands er gert ráð fyrir 17.1% aflaaukningu frá 1978 að meðaltali í bátareikningi. Þar af er gert ráð fyrir 19.5% aukningu á botnfiskafla og óbreyttri tegundasamsetningu hans. Ekki er gert ráð fyrir neinni sóknaraukningu bátaflotans milli áranna 1978—1979 vegna veiðitakmarkana. Gert er ráð fyrir að meðalafli á úthaldsdag verði 10.3 tonn hjá minni togurunum en 13.5 tonn á stærri togurunum. Er þá tekið tillit til upplýsinga LÍÚ um meðalafla á úthaldsdag á tímabilinu janúar—september. En aflamagn seinasta hluta ársins er byggt á tölum Fiskifélags Íslands og tekið tillit til fjölgunar togara á árinu 1979. Afli seldur erlendis er áætlaður 20 000 tonn hjá skuttogurum en 10 700 tonn hjá bátum. Meðalafli á minni skuttogara er áætlaður 3 399 tonn og á stærri skuttogara 4 739 tonn. Vegna breyttrar samsetningar afla er gert ráð fyrir, að meðalverð sé um 3.4% lægra hjá minni skuttogurum en beinn framreikningur gefur tilefni til. Hjá stærri skuttogurum nemur þessi lækkun 2.7%.

Fiskverð.

Áætlunin er miðuð við fiskverð í árslok 1979 og þágildandi lög um olíugjald. Verð á afla, sem landað er erlendis, er byggt á áætluðu meðalverði 1979 og genginu í ársbyrjun 1980.

Vaxtakostnaður.

Bátar.

Fyrir árið 1978 er byggt á tölum Fiskifélagsins um vaxtakostnað á úthaldsdag. Gert er ráð fyrir því, að rekstrarlánavextir séu 17% af vaxtakostnaðinum og stofnlánavextir 83%. Í framreikningi til áramóta 1979/80 er rekstrarlánavöxtum breytt með tekjum en stofnlánavextir hækkaðir um 21% eða um 335 m.kr.

Minni skuttogarar.

Þjóðhagsstofnun hefur hér endurmetið vaxtakostnað 1978 og samkvæmt því endurmati hefur vaxtakostnaður minni skuttogara verið áætlaður 43.5 m.kr. á togara að meðaltali og er það 12.1 m.kr. lægri tala en fram kemur í úrtaki Fiskifélagsins. Endurmat þetta er byggt á upplýsingum stofnlánasjóðanna um vaxtakostnað 5 skuttogara á ýmsum aldri, og hefur vaxtakostnaður þessara fimm skuttogara verið veginn saman eftir áætlaðri aldurssamsetningu flotans. Auk þess er áætlað fyrir vöxtum til aðila utan sjóðanna, en ekki vanskilavöxtum við stofnlánasjóði.

Af framangreindri tölu, 43.5 m.kr., hafa rekstrarlánavextir verið áætlaðir 9.5 m.kr. á togara að meðaltali.

Í framreikningi til áramóta 1979/80 er rekstrarlánavöxtum breytt með tekjum en stofnlánavextir eru áætlaðir 51.8 m.kr. á togara að meðaltali. Rétt er að hafa mikinn fyrirvara um þetta meðaltal, því verulega mikil dreifing er á stofnlánavöxtum innbyrðis milli togara. Þannig má ætla, að nálægt þrír fjórðu af fjölda minni skuttogaranna beri mun lægri stofnlánsvexti en hér er áætlað að meðaltali og fjórðungur til fimmtungur togaranna beri mun hærri vexti, allt að þrefalda þessa tölu.

Stærri skuttogarar.

Samkvæmt endurmati Þjóðhagsstofnunar hefur vaxtakostnaður stærri skuttogara á árinu 1978 verið áætlaður 49 m.kr. á togara að meðaltali og er það 7.5 m.kr. lægri tala en fram kemur í úrvinnslu Fiskifélagsins.

Af 49 m.kr. vaxtakostnaði hafa rekstrarlánavextir verið áætlaðir 14 m.kr.

Í framreikningi til áramóta 1979/80 er rekstrarlánavöxtum breytt með tekjum en stofnlánavextir eru áætlaðir 45 m.kr. á togara að meðaltali.

Olíukostnaður minni og stærri skuttogara.

Við framreikning olíukostnaðar frá 1978 til áramóta 79/80 er tillit tekið til aukinnar svartolíubrennslu í stað gasolíu. Það er gert þannig, að olíukostnaður svartolíutogara og gasolíutogara er hvort ár um sig veginn með fjölda þeirra togara, sem nota viðkomandi eldsneyti og þannig fundinn meðalkostnaður á skip hvort ár miðað við breytilegan fjölda svartolíu- og gasolíutogara. Sú kostnaðarbreyting, sem þannig kemur fram milli ára er notuð við framreikning frá grunni 1978. Er fjöldi svartolíutogara af minni gerð 39 og af stærri gerð 11. Er gert ráð fyrir því að viðhaldskostnaður svartolíutogara sé 10% meiri en gasolíutogara. Nemur aukning vegna þess 150 m.kr. fyrir minni togarana og 85 m.kr. fyrir stærri togarana. Er þá ekki gert ráð fyrir hugsanlegum olíusparnaði hjá flotanum milli 1978—1979 umfram þann sparnað sem varð vegna breytinga frá gasolíu yfir í svartolíu né heldur fjölgun skipa sem brenna svartolíu frá 39 og 11, sem e. t. v. væri ástæða til að meta inn í dæmið.

Nd. 117. Frumvarp til laga [80. mál]

um breyting á lögum nr. 49 16. maí 1974, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Garðar Sigurðsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

1. gr.

Aftan við bráðabirgðaákvæði laganna komi tvær nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Árin 1980—1984 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum breytast ársfjórðungslega þannig, að lífeyrir miðist við grundvallarlaun samkvæmt 2. málsgr. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert. Frá 1. janúar 1985 að telja skulu uppbætur á lífeyrisgreiðslur ákveðnar í samræmi við ákvæði 16. gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka ákvörðun um aðild hans að samstarfssamningi lífeyrissjóða, sem nefndur er í 24. gr. laga nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.

2. gr.

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1980.

Greinargerð.

Stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna lét á árinu 1979 athuga möguleika á aukinni verðtryggingu lífeyris úr sjóðnum, en með bréfi, dags. 7. febrúar 1979, höfðu Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands beint tilmælum um þetta efni til stjórnar sjóðsins.

Í bráðabirgðaákvæðum laga nr. 49/1974, um lífeyrissjóð sjómanna, er kveðið á um tilteknar hækkanir allra elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslna sjóðsins árin 1972—1974 í hlutfalli við kauphækkanir. Miðað við kaupgjaldsþróun áratuginn fyrir setningu laganna var gert ráð fyrir, að í ákvæðum þessum fælist 75—80% verðtrygging þessara tegunda lífeyris. Barnalífeyrir er hins vegar verðtryggður að fullu, þar eð hann breytist í hlutfalli við lífeyri almannatrygginga. Eftir árslok 1974 skyldu ákvarðanir um uppbætur á elli-, örorku- og makalífeyri teknar af ráðherra að fengnum tillögum sjóðsstjórnar í samræmi við ákvæði 16. gr. laganna.

Með lögum nr. 52/1974, lögum nr. 106/1974 og lögum nr. 55/1975 var hluta gengismunar við breytingar á gengi íslenskrar krónu veitt til lífeyrissjóða sjómanna í því skyni, að verðbæta mætti lífeyrisgreiðslur. Nam aukaframlag það, sem Lífeyrissjóður sjómanna fékk samkvæmt þessum þrennum lögum, samtals 92.3 millj. kr. Með skírskotun til þessa framlags hefur stjórn sjóðsins tekið ákvarðanir um lífeyrishækkanir, sem átt hafa sér stað árin 1975—1979. Í ársbyrjun 1975 var beitt sömu aðferð og undanfarandi ár, en vaxandi verðbólga olli því, að sú regla veitti ekki jafnmikla verðtryggingu og hún hafði áður gert. Var því greidd sérstök uppbót fyrir síðari helming ársins 1975, en árin 1976—1979 hefur uppbótargreiðslum verið hagað með hliðsjón af samkomulagi launþega og vinnuveitenda um málefni lífeyrissjóða í febrúar 1976 og júní 1977. Árin 1977—1979 hafa elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur, er miðast við 20 stig eða færri, verið verðtryggðar að fullu, en stig umfram 20 hafa verið verðtryggð eftir þeirri reglu, sem gilti árin 1972—1974. Með fullri verðtryggingu er hér átt við ársfjórðungslegar hækkanir lífeyris til samræmis við breytingar, sem verða á grundvallarlaunum sjóðsins (2. taxta Dagsbrúnar).

Lífeyrisgreiðslur Lífeyrissjóðs sjómanna fara nú allört vaxandi, og verður ekki lengur hjá því komist að breyta lögum sjóðsins, ef veita á áfram uppbætur á lífeyri með öðrum hætti en þeim, sem kveðið er á um í 16. gr. laga hans.

Í 1. gr. meðfylgjandi frumvarps er kveðið á um fulla verðtryggingu allra elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslna sjóðsins frá ársbyrjun 1980 til ársloka 1984 með sama hætti og verðtrygging 20 stiga eða færri hefur verið árin 1977—1979. Athugun, sem gerð var í júní 1979, sýndi, að lífeyrisútgjöld mundu á því ári nema 191.3 millj. kr. í stað 173.6 millj. kr., þ. e. 10.2% hærri fjárhæð, ef um slíka fulla verðtryggingu væri að ræða. Lífeyrisgreiðslur 1979 hafa farið nokkuð fram úr þeirri áætlun, sem þá var stuðst við, aðallega vegna endurskoðunar fyrri úrskurða, sem fram fór á síðari hluta árs 1979. Munu lífeyrisútgjöld, er tilheyra árinu 1979, hafa numið um 185 milli. kr., en mundu hafa numið um 204 millj. kr. með fullri verðtryggingu. Útgjöld aukast mjög á árinu 1980, og má áætla, að lífeyrisgreiðslur nemi á því ári 297 millj. kr. að óbreyttum reglum, en 330 millj. kr. með fullri verðtryggingu lífeyris í samræmi við meðfylgjandi frumvarp.

Ekki er gert ráð fyrir auknum tekjum sjóðsins til að mæta þeirri útgjaldaaukningu, sem full verðtrygging hefur í för með sér. Þótt lífeyrisgreiðslur fari vaxandi, verða þær enn um skeið tiltölulega lágar í hlutfalli við iðgjaldatekjur, og hin breyttu verðtryggingarákvæði munu því ekki hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sjóðsins næstu ár. Jafnframt má benda á, að fram á síðustu ár hefur staða hans verið talin sterk og áðurnefnd aukaframlög hafa að mestu staðið undir útgjöldum til verðbóta undanfarin ár. Á því 5 ára tímabili, sem gert er ráð fyrir að verðtryggingarákvæði frumvarpsins gildi, veitist svigrúm til rækilegrar athugunar á stöðu sjóðsins, m. a. með hliðsjón af nýrri vaxtastefnu, sem verið hefur í deigl-

unni að undanförnu og ráða mun afar mklu um fjárhagsgrundvöll lífeyrissjóða í framtíðinni.

Í 2. málsgr. 1. gr. frumvarpsins er kveðið á um heimild til handa Lífeyrissjóði sjómanna til aðildar að samstarfssamningi lífeyrissjóða, sem upphaflega var gerður árið 1976 í framhaldi af áðurnefndu samkomulagi launþega og vinnuveitenda um málefni lífeyrissjóða, en hefur síðan tvívegis verið framlengdur. Sjóðurinn hefur frá byrjun tekið þátt í þessu samstarfi, og hefur það með skírskotun til áðurnefndra aukaframlaga verið gert án sérstakrar lagaheimildar. Samkvæmt lögum nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, ber öllum lífeyrissjóðum frá og með árinu 1980 að leggja fram fé til eftirlaunagreiðslna samkvæmt lögunum, og hefur aðild að samstarfssamningnum því ekki lengur í för með sér byrðar, sem ella mætti komast hjá. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir, að framvegis sem hingað til komi lítið í hlut Lífeyrissjóðs sjómanna úr þeim sameiginlega sjóði, sem kveðið er á um í samstarfssamningnum, ekki síst eftir að allar lífeyrisgreiðslur sjóðsins verða verðtryggðar að fullu.

Frumvarp þetta er flutt að ósk stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna.

Sþ. 118. Tillaga til þingsályktunar [81. mál]

um innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum.

Flm.: Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, að fram fari athugun á því eftir hvaða leiðum sé unnt að auka verulega frá því sem nú er innkaup ríkis, sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja þeirra, er leiði til eflingar íslenskum iðnaði, og útboð verði notuð á markvissan hátt til að stuðla að iðn- og vöruþróun í landinu.

Greinargerð.

Á næstsíðasta þingi lagði flutningsmaður fram samhljóða tillögu til þingsályktunar um innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum. Umræður um tillöguna voru mjög jákvæðar, en hins vegar hlaut tillagan ekki endanlega afgreiðslu. Því er hún nú endurflutt. Greinargerð, er tillögunni fylgdi, var svo hljóðandi:

„Fyrir ári lauk skipulagðri kynningu og upplýsingastarfsemi um íslenskan iðnað undir nafninu „Íslensk iðnkynning". Tilgangur hennar var að efla sölu á íslenskum iðnaðarvörum, glæða almennan skilning á mikilvægi iðnaðarins, á þeirri miklu atvinnu, sem hann veitir, gjaldeyrisöflun og þeim gjaldeyrissparnaði, sem hann hefur í för með sér. Frá því að kynning þessi hófst hafa málefni iðnaðarins verið mjög til umræðu og skoðanakannanir, sem fram fóru af hálfu aðstandenda kynningar þessarar, þóttu leiða í ljós, að innkaupavenjur almennings hefðu breyst íslenskum iðnaði í hag.

Staðreynd er, að það er á ýmsum öðrum sviðum, sem mögulegt ætti að vera að hafa áhrif á innkaup, er varða hag íslensks iðnaðar. Umsvif fjármála ríkis og sveitarfélaga eru mikil í þjóðarbúinu. Auk þess sem útgjöld opinberra aðila hafa bein áhrif á heildareftirspurn í þjóðarbúskapnum, getur markviss beiting þeirra reynst mikilvægt tæki til áhrifa á einstakar atvinnugreinar, ekki síst á hagræna og tæknilega framþróun íslensks iðnaðar.

Fyrrverandi iðnaðarráðherra, Gunnar Thoroddsen, beitti sér fyrir því á s. l. ári, að skipaður var starfshópur fulltrúa iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis, er gera skyldi tillögur um hvernig haga megi innkaupum ríkisins og stofnana þess, þannig að þau miði að því að efla íslenskan iðnað. Starfshópur þessi, en formaður hans er Þorvarður Alfonsson, mun þegar hafa safnað ýmsum upplýsingum og unnið gagnlegt starf. Hér er um yfirgripsmikið og vandasamt verk að ræða og hafa verður hliðsjón af margvíslegum sjónarmiðum. En ljóst er að þjóðhagsleg íslensk sjónarmið verða að sitja í fyrirrúmi.

Þótt starfshópur þessi sé að störfum telur flutningsmaður engu síður nauðsynlegt að Alþingi láti í ljós hug sinn í þessum efnum. Í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.

Innkaupum opinberra aðila má einkum skipta í eftirfarandi flokka, eftir eðli þeirra: rekstrarvörur, þjónustu og fjárfestingarvörur.

Verulegum fjárhæðum er varið á vegum ríkis og sveitarfélaga til kaupa á hinum margvíslegustu rekstrarvörum. Má í því sambandi nefna innanstokksmuni, hreinlætisvörur, pappírsvörur og margvíslegar aðrar rekstrarvörur til skóla, sjúkrahúsa og annarra stofnana. Sama gildir um margvíslega viðhalds- og viðgerðarþjónustu þessara stofnana, svo sem Hafrannsóknastofnunar, Landhelgisgæslu, Skipaútgerðar ríkisins og fjölmargra annarra.

Þeim aðferðum, sem beitt er í opinberum innkaupum, má skipta í bein innkaup, innkaup eftir að fram hefur farið sérstök verðkönnun og loks útboð. Varðandi útboð skal sérstaklega bent á nauðsyn þess, að lengd skilafrests og stærð útboðseininga sé hagað þannig, að innlendir framleiðendur geti boðið í verkin.

Flutningsmaður tillögu þessarar vill minna á samþykkt, sem gerð var fyrir nokkrum árum í borgarstjórn Reykjavíkur um innlend innkaup, þar sem sú stefna er mörkuð í innkaupum, að heimilt sé að taka tilboði innlendra aðila fram yfir erlenda, þótt verð hinnar innlendu vöru sé allt að 15% hærra, en gæði sambærileg. Flutningsmaður telur nauðsynlegt, að slík regla eða svipuð verði tekin upp fyrir öll opinber fyrirtæki, og er eðlilegt að slíkt verði metið í tengslum við þá athugun, sem hér er lagt til að fram fari.

Það er ljóst að þjóðarbúskapur okkar verður um ófyrirsjáanlega framtíð háður viðskiptum við önnur lönd. Benda má þó á, að í auknum mæli ber að athuga vandlega, þegar um meiri háttar viðskipti hins opinbera er að ræða við erlenda aðila, sem innlendir framleiðendur ráða ekki við sem heild vegna umfangs verksins og tæknilegra atriða, að farið sé inn á þá braut að semja um að hluti framleiðslunnar fari fram hér innanlands. Auk þess sem slíkt eykur hlut innlendra aðila í innkaupum, gæti slíkt stuðlað mjög að flutningi nýrrar tækniþekkingar inn í landið.

Loks skal bent á þau tækifæri sem opinber innkaup bjóða varðandi nýjungar í framleiðslu og ný iðnaðartækifæri. Íslensk framleiðslufyrirtæki eiga oft erfitt með að takast á við meiri háttar vöruþróunarverkefni, þar sem áhætta er mikil. Víða erlendis hafa stjórnvöld gert sér grein fyrir því, hversu mikilvægu hlutverki opinberir aðilar geta gegnt á þessu sviði, með því að fela fyrirtækjum að leysa ákveðin tæknivandamál varðandi framleiðslunýjungar á þann hátt að greiða fyrir verkefnið skv. samningi eða tryggja lágmarkssölu framleiðsluafurða. Slíkur stuðningur við nýsköpun er fjarri því að vera eingöngu hagsmunamál fyrirtækjanna sjálfra, heldur þjóðarinnar í heild. Því er nauðsynlegt að hið opinbera stuðli að slíkri starfsemi og geri hana eftirsóknarverða.“

Starfshópur sá, sem áður er minnst á, skilaði áliti í febrúar á síðasta ári. Gerir hann ýmsar athyglisverðar tillögur um það, hvernig vinna megi að því að auka innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum. Eins og áður telur flutningsmaður nauðsynlegt að Alþingi láti í ljós hug sinn í þessum efnum. Því er tillagan endurflutt.

Nd. 119. Frumvarp til laga [68. mál]

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. jan.)

Samhljóða þskj. 103 með þessum breytingum:

1. og 2. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr. hljóða svo:

1. Til Aflatryggingasjóðs
   a) Almenn deild 15.0%
   b) Verðjöfnunardeild 20.0%
   c) Áhafnadeild 21.0%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja
   a) Til greiðslu á hluta af vátryggingarkostnaði fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur 20.0%.
   b) Til aldurslagatrygginga til úthlutunar samkv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur 3.0%.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er þó heimilt, ef þörf krefur, að færa fé milli verðjöfnunardeildar og almennu deildar Aflatryggingasjóðs, er nemi allt að fjórðungi hlutar verðjöfnunardeildar í útflutningsgjaldinu samkvæmt lögum þessum, þannig að hlutur verðjöfnunardeildar nemi hæst 25% af útflutningsgjaldinu, en lægst 15%. Sjávarútvegsráðherra staðfestir ákvarðanir sjóðsstjórnarinnar í þessu efni.

2. málsgr. 3. gr. (6. gr.) hljóðar svo:

6. gr. — Tekjuafgangi, er verða kann eftir greiðslu iðgjaldastyrkja skv. 5. gr., er heimilt að úthluta til aldurslagatrygginga sbr. b-lið 2. tl. 4. gr.

5. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða, sem framleiddar eru á árunum 1980 og 1981.

Nd. 120. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, með áorðnum breytingum, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. jan.)

Samhljóða þskj. 104 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

2. gr. orðist svo:

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: Almenna deild, áhafnadeild og verðjöfnunardeild.

3. gr. hljóðar svo:

Á eftir 20. gr. laganna komi nýr kafli svo hljóðandi:

III. KAFLI
Verðjöfnunardeild.

21. gr. — Við Aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, verðjöfnunardeild, sem greiðir verðuppbætur á afla einstakra fisktegunda samkvæmt ákvæðum þessa kafla í því skyni að draga úr sókn í einstaka fiskstofna og beina henni til annarra, sem fremur eru taldir þola veiðar.

22. gr. — Tekjur verðjöfnunardeildar skulu vera:

1. Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.
2. Vextir og aðrar tekjur af eignum verðjöfnunardeildar.

23. gr. — Verðlagsráð sjávarútvegsins eða yfirnefnd þess skal fyrir upphaf hvers verðtímabils gera tillögur um fjárhæð aflajöfnunarbóta á einstakar fisktegundir að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunar á ástandi nytjastofna og aflahorfum. Skal fjárhæðin ákveðin innan þeirra marka, sem eignir og tekjur verðjöfnunardeildar hrökkva til. Sjávarútvegsráðherra staðfestir ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins eða yfirnefndar þess um aflajöfnunarbætur. Aflajöfnunarbætur skv. lögum þessum skulu koma til skipta og aflaverðlauna eins og annað fiskverð.

24. gr. — Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa kafla og starfsemi verðjöfnunardeildar. Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag.

7. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til afla, sem landað er á árunum 1980 og 1981.

Sþ. 121. Tillaga til þingsályktunar [82. mál]

um stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins.

Flm.: Pálmi Jónsson, Gunnar Thoroddsen, Þorv. Garðar Kristjánsson, Eggert Haukdal, Friðjón Þórðarson, Lárus Jónsson, Albert Guðmundsson, Sverrir Hermannsson, Jósef H. Þorgeirsson, Halldór Blöndal, Salome Þorkelsdóttir, Egill Jónsson, Steinþór Gestsson, Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins skuli byggjast á eftirfarandi grundvallaratriðum:

1. Treyst verði sjálfseignarábúð bænda á jörðum og eignarréttur einstaklinga og sveitarfélaga á landi og hlunnindum verndaður.
2. Unnið verði markvisst að aukinni hagkvæmni í landbúnaðinum ásamt fjölbreytni í framleiðslu og fullvinnslu búvara.
3. Landbúnaðinum verði búin þau skilyrði, að unnt sé að tryggja bændum sambærileg lífskjör og aðrar fjölmennar stéttir þjóðfélagsins búa við.
4. Framleiðsla landbúnaðarafurða miðist fyrst og fremst við það, að ávallt verði fullnægt þörfum þjóðarinnar fyrir neysluvörur og hráefni til iðnaðar. Auk þess verði tekið fullt tillit til þjóðhagslegs gildis þeirra atvinnutækifæra annarra, sem landbúnaðarframleiðslan veitir.
5. Tryggð verði í megindráttum núverandi byggð í sveitum landsins. Komið verði í veg fyrir miklar sveiflur í landbúnaðinum, sem gætu valdið óvæntri búseturöskun. Í því skyni verði m. a. nýttir allir hagrænir möguleikar til atvinnu- og framleiðslustarfsemi, sem byggjast á nýtingu lands-, vatns- og sjávargæða. Iðnaður og þjónustustarfsemi í sveitum verði aukin.
6. Sveitafólki verði með lögum veitt sambærileg félagsleg réttindi og þorri annarra þegna þjóðfélagsins nýtur. Aukið verði jafnræði í aðstöðu til mennta og í þjónustu opinberra aðila án tillits til búsetu.
7. Gætt verði hófsemi í umgengni við landið og náttúru þess. Tryggt verði, svo sem tök eru á, að varðveitt séu sérstæð náttúrufyrirbrigði, gróður, dýralíf og hlunnindi. Öllum verði gefinn kostur á að njóta samskipta við náttúru landsins og í því skyni séð fyrir nægilega mörgum opnum svæðum til útivistar, þjóðgörðum og tjaldstæðum.

Þær leiðir, sem farnar verði til þess að ná framangreindum markmiðum, séu m. a. eftirfarandi:

a) Gerð verði úttekt á þjóðhagslegu gildi svokallaðrar umframframleiðslu í landbúnaði. Úttektin skiptist í tvennt og nái til nautgripaafurða annars vegar og sauðfjárafurða hins vegar. Enn fremur verði metin þýðing aukabúgreina og aukatekna sveitafólks og hvaða skerðingar mætti vænta í þessum þáttum, ef „umframframleiðslan“ félli niður. Tekið verði fullt tillit til þeirra tekna, sem af þessari framleiðslu spretta, þ. á m. gjaldeyristekna, tekna ríkissjóðs af innflutningi, sem fyrir þann gjaldeyri fæst, tekna ríkissjóðs í beinum og óbeinum sköttum af rekstrarvörum og vinnuafli, sem bundið er þessum hluta framleiðslunnar og úrvinnslu hennar. Á móti verði metin gjaldeyriseyðsla og útgjöld ríkissjóðs vegna þess hluta framleiðslunnar, sem hér er um að ræða.

Í úttekt þessari verði einnig metinn þáttur „umframframleiðslunnar“ í því að mæta atvinnuþörfum þjóðarinnar, skapa hráefni til iðnaðar og hvaða fjárfestingarkostnaður mundi fylgja uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og nýrra atvinnufyrirtækja, ef það fólk, sem að þessum hluta framleiðslunnar starfar, þyrfti að leita annað sér til lífsframfæris.

b) Teknir verði upp beinir samningar milli fulltrúa bænda og ríkisvaldsins. Þar verði samið um verð á búvöru, sem miðist við það, að framleiðsla tiltekins meðalbús geti skilað þeim tekjum, sem keppt er að, sbr. 3. tölulið. Samið verði um verðtryggingu ríkisins á tilteknu heildarframleiðslumagni þeirra búvara, sem nauðsyn ber til að verðtryggja. Þar verði m. a. höfð til leiðsagnar úttekt á hagrænu gildi „umframframleiðslunnar“, sbr. a-lið. Útflutningsbótakerfið falli inn í slíka samninga. Gerðir verði stefnumarkandi samningar um verðtryggt framleiðslumagn til 3—5 ára í senn, sem endurskoðist árlega. Breytingar á verðtryggðu framleiðslumagni verði hægfara og komi fram í áföngum á nokkru árabili, þannig að tóm gefist til aðlögunar. Fyrir framleiðslu, sem er umfram umsamið heildarmagn á samningstíma, fái framleiðendur enga verðtryggingu.

c) Ef grípa þarf til sérstakra aðgerða, t. d. byggðaáætlana, til þess að viðhalda eða efla byggð á tilteknum landssvæðum, þá er það hlutverk þjóðarheildarinnar. Ber að ætla til þess fé á fjárlögum, að svo miklu leyti sem um bein fjárframlög er að ræða, enda hafi þá byggðaáætlun hlotið staðfestingu Alþingis. Nú verður framleiðsluaukning í landbúnaðinum vegna slíkra aðgerða ríkisvaldsins og hækkar þá sjálfkrafa umsamið verðtryggt heildarframleiðslumagn búvara sem því nemur.

d) Á meðan framleiðsla á mjólk og kjöti er meiri en verðtryggðu magni á þessum vörum nemur, skal bústofn ríkisbúa vera í lágmarki. Þess verði þó gætt, að þau geti jafnan gegnt hlutverki sínu á sviði tilrauna, kynbóta og verkmenntunar í búfræðinámi. Tekið verði til sérstakrar athugunar, hvort unnt sé að færa hluta af slíkri starfsemi yfir á bú einstakra bænda.

e) Gert verði öflugt átak í markaðsmálum landbúnaðarins. Þess verði freistað, svo sem kostur er, að ná samningum við stjórnvöld í helstu viðskiptalöndum okkar um að fá felldar niður innflutningstolla af íslenskum landbúnaðarafurðum, m. a. í tengslum við aðra viðskiptasamninga. Fjölbreytni í vinnslu landbúnaðarafurða verði aukin í því skyni að mæta þörfum markaðarins innanlands og utan.

f) Leitast verði við að ná aukinni hagkvæmni í búrekstrinum. Rannsókna- og leiðbeiningastarfsemi verði í vaxandi mæli beint að þessu verkefni. Sérstaklega verði stuðlað að bættri fóðuröflun, votheysverkun og súgþurrkun til þess að minnka notkun á aðföngum og draga úr rekstrarkostnaði búanna.

g) Stofnlánadeild landbúnaðarins verði tryggður öruggur fjárhagsgrundvöllur. Með lánveitingum úr deildinni verði auðvelduð eigendaskipti á jörðum. Þessum og öðrum lánveitingum deildarinnar verði hagað þannig, að þau samrýmist og styðji

þau markmið í framleiðslumálum og byggðamálum, sem lýst hefur verið hér að framan og samið verður um í samningum ríkisvalds og bænda.

Rekstrarlán til landbúnaðarins verði hækkuð og afurðalán við það miðuð, að bændur fái sem svarar 90% af umsömdu verði þegar eftir afhendingu afurðanna. Tryggt verði, að lán þessi komi bændum þegar að fullum notum.

Tollar og sölugjöld af vélum og rekstrarvörum til landbúnaðar verði eigi hærri en til annarra höfuðatvinnuvega þjóðarinnar.

h) Lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., nr. 101/1966, verði breytt, eftir því sem við á, til samræmis við þá stefnu, sem í tillögu þessari felst. Enn fremur öðrum lögum eftir því sem þörf krefur, svo stefna þessi nái tilgangi sínum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var fyrst flutt á Alþingi í febrúarmánuði 1979, en varð eigi útrædd á því þingi. Tillagan er nú flutt óbreytt. Þrátt fyrir að ný vandamál hafi sótt að landbúnaðinum á síðasta ári og að sumu leyti ný viðhorf blasi við er brýn þörf á mótun stefnu, svo sem tillagan greinir. Er gildi hennar því síst minna nú en þegar hún var fyrst flutt.

Á 100. löggjafarþinginu fylgdi tillögunni greinargerð, sem hér birtist nær óbreytt:

Á undanförnum missirum hafa orðið miklar og vaxandi umræður um landbúnaðarmál. Ljóst er, að núverandi verðlagningar- og verðtryggingarkerfi landbúnarins dugar ekki lengur og er fjær því en nokkru sinni fyrr að tryggja kjör bændastéttarinnar eða hafa nokkra stjórn á framleiðslunni. Alvarleg vandamál blasa við. Smjörbirgðir í landinu í árslok 1978 voru 1338 tn., eða sem svaraði ársneyslu á innlendum markaði. Ostabirgðir voru álíka miklar, eða 1400 tn. Erfiðleikar eru á sölu þessara vara úr landi og útflutningsverð, einkum á smjöri, er mjög lágt, eða nál. 400 kr. kg. Útlit er fyrir, að framleiðendur þurfi að taka á sig halla af útflutningi vegna framleiðslu þessa verðlagsárs sem nemur 4.7 milljörðum kr. eða rúmlega 1 milljón kr. á bónda að meðaltali.

Það, sem að framan er rakið, sýnir, að nauðsynlegt er að taka framleiðslu- og markaðsmál landbúnaðarins nýjum og fastari tökum. Óhjákvæmilegt er að marka nýja stefnu.

Samtök bænda og ýmsir forustumenn úr þeirra röðum hafa látið frá sér fara tillögur um það, hvernig bregðast megi við hluta af þessum vanda. Athyglisverðar hugmyndir hafa einnig komið fram á bændafundum um það, hvernig vænlegast væri að breyta stefnunni til langs tíma. Þessar tillögur eru auðvitað hinar mikilvægustu. Og þó að þær séu ekki allar samhljóða, þá auðveldar sú mikla umræða, sem orðið hefur um þessar tillögur og hugmyndir, leitina að þeirri leið, sem flestir ættu að geta sameinast um.

Það er á hinn bóginn til of mikils ætlast, að bændur einir leysi þessi mál. Alþingi verður að marka stefnuna og tryggja henni framgang.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er flutt, er þáttur í þeirri stefnumörkun, sem að undanförnu hefur verið unnið að af sjálfstæðismönnum í hinum ýmsu málaflokkum. Tilgangur flutningsmanna er að marka stefnu í málefnum landbúnaðarins, sem Alþingi getur vonandi tekið afstöðu til. Tillagan er nokkuð viðamikil, en þó er fjarri því að hún rúmi alla þætti þeirra mála, sem landbúnaðinn snerta.

Tillagan skiptist í nokkur meginmarkmið eða grundvallaratriði annars vegar og leiðir til að ná þeim markmiðum hins vegar. Þessi grundvallaratriði eru eftirfarandi:

1. Eignarrétturinn verði verndaður og sjálfseignarábúð bænda tryggð.
2. Hagkvæmni í rekstri og fjölbreytni í framleiðslu landbúnaðarins verði aukin.
3. Bændum verði tryggð lífskjör á borð við aðra þjóðfélagsþegna.

4. Framleiðsla búvara verði a. m. k. nægileg fyrir þarfir þjóðarinnar í víðtækri merkingu.
5. Byggðakeðja sveitanna verði ekki rofin. Landið verði áfram allt í byggð.
6. Sveitafólki verði tryggð félagsleg réttindi á borð við aðra og aukið jafnræði til mennta og opinberrar þjónustu.
7. Gætt verði hófsemi í umgengni við landið og þjóðinni tryggður réttur til návistar við náttúru þess.

Segja má, að sum þessi markmið séu í sjálfu sér ekki ný. En þar er þó að dómi flm. um grundvallaratriði að ræða, sem ekki má missa sjónar á, ef landbúnaðurinn á að halda velli. Leiðirnar, sem tillagan gerir ráð fyrir að farnar séu til þess að ná þessum markmiðum, fela í sér mun meiri nýmæli. Mestu breytingarnar felast í því, að samið verði milli bænda og ríkisvaldsins um verð og verðtryggingu á ákveðnu heildarframleiðslumagni af búvörum, sem byggist m. a. á hagrænu gildismati á búvöruframleiðslunni fyrir þjóðarheildina. Einstakir töluliðir og stafliðir verða skýrðir hér á eftir.

Stefnumörkun í málefnum landbúnaðarins má ekki dragast. Fleiri ár mega ekki líða án þess að ný stefna verði tekin. Slík stefnumörkun er enda eðlileg forsenda fyrir því, að unnt sé að skapa þann skilning sem þarf, til þess að þjóðfélagið komi til móts við bændastéttina til að leysa þann bráða vanda, sem nú er við að etja í birgða- og sölumálum bænda. Sá vandi mun ýmsum þykja auðleystari, þegar í sjónmáli er nýtt skipulag, sem m. a. byggir á hagrænum sjónarmiðum.

Athugasemdir og skýringar við einstaka töluliði og stafliði.

1. Hér er um grundvallaratriði að ræða, sem verður að varðveita til þess að tryggja sjálfstæði bænda. Eignarréttinum þurfa bændur þó að beita af hyggindum og sanngirni, ella er vaxandi hætta á því, að hann verði skertur.
2. Lögð er áhersla á hagkvæmni í búrekstrinum og fjölbreytni í framleiðslu og vinnslu búvara með því að skipa þessum málum á bekk grundvallarmarkmiða í landbúnaðinum.
3. Þá viðmiðun, sem málsgreinin felur í sér, þarf að skilgreina betur við framkvæmd þessarar stefnu. E. t. v. gæti komið til álita að miða við tekjur samkvæmt tilteknum launaflokki, en sú leið þarfnast þó umræðu og nánari athugunar. Gera verður ráð fyrir því, að vel rekið meðalbú af tiltekinni stærð geti skilað þeim tekjum, sem þarf svo þessu marki verði náð. Þess sé gætt, að dugnaður og hagsýni fái notið sín. Ástæða er til að árétta, að ekki dugar einvörðungu að miða við efnaleg kjör eða tekjur, heldur einnig félagsleg kjör, eins og síðar verður að vikið.
4. Í þessari málsgrein er ekki einvörðungu átt við það, að búvöruframleiðslan verði fullnægjandi fyrir innanlandsneyslu og hagsmuni iðnaðarins, heldur verði tekið fullt tillit til beinna og óbeinna áhrifa hennar á atvinnuskilyrði og afkomumöguleika bænda og þeirra þjóðfélagshópa annarra, sem í tengslum við framleiðsluna starfa.
5. Hér er átt við, að byggð í sveitum landsins megi ekki raskast í neinum verulegum atriðum frá því sem nú er. Auðvitað munu einhver býli, sem nú eru byggð, falla úr ábúð, en það má ekki hafa áhrif á heildarbúsetuna. Fólkinu í sveitum landsins má ekki fækka, því það er víðast hvar í lágmarki, svo byggðinni verði haldið. Fjölga þarf tækifærum til tekjuöflunar í sveitum, einkanlega meðan líklegt samdráttarskeið í búvöruframleiðslunni varir, svo sveitirnar tærist ekki upp af fólki frekar en orðið er.

   Nauðsynlegt er að nýta nýjar leiðir til tekjuöflunar í sveitum, m. a. með eflingu svokallaðra aukabúgreina. Er þar ekki síst átt við fiskrækt og fiskeldi, sem fela í sér stórkostlega möguleika, einnig nýtingu hlunninda, sem víða má bæta frá því sem nú er. Nokkur vísir að iðnaði hefur nú risið á legg sums staðar

í sveitum landsins. Rík ástæða er til að styðja hann til aukins þroska og leitast við að koma slíkri starfsemi á fót sem víðast.

Eðlilegt er að taka tillit til þess öryggis, sem búsetan veitir bæði ferðamönnum, sem oft koma misjafnlega til reika ofan af hálendinu eða af fjallvegum milli byggða, og ekki síður sjómönnum, sem lenda í sjávarháska við strendur landsins.

Enn fremur verður að líta til framtíðarinnar í sambandi við búsetuna og hvaða verðmæti færu forgörðum, ef veruleg skörð mynduðust í byggðina, — skörð, sem þyrfti síðan að fylla aftur að einum til tveimur áratugum liðnum, þegar þörfin fyrir vaxandi framleiðslu fer að segja til sín.

6. Í fyrri málslið þessa töluliðar er átt við atriði eins og orlofsmál og önnur félagsleg réttindi, sem þorri þjóðarinnar hefur aflað sér. Í síðari málslið er vikið að því, að nauðsynlegt er að auka jafnræði í viðskiptum við opinber þjónustufyrirtæki, bæði að því er öryggi snertir og verð þjónustunnar, enn fremur hvað aðstöðu til menntunar og skólamála áhrærir. Þar má t. d. benda á mikinn mismun í aðstöðu til rekstrar skóla, einkum að því er varðar upphitunarkostnað, aðstöðu til mennta, svo sem fullorðinsfræðslu o. s. frv.

7. Það er sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna, að hófsemi sé gætt í umgengni við landið og að öllum sé gefinn kostur á samskiptum við það og til þess tryggð tiltekin svæði. Þó fer þetta grundvallarmarkmið hvergi betur en í stefnu um landbúnaðarmál.

a) Undir þessum staflið er gert ráð fyrir því, að gerð verði úttekt á þjóðhagslegu gildi svokallaðrar umframframleiðslu í landbúnaði. Hér er átt við að „svokölluð umframframleiðsla“ sé það framleiðslumagn, sem er umfram neyslu þjóðarinnar.

Úttekt af þessu tagi hefur aldrei verið gerð, og má það merkilegt heita, jafnmikið gildi og vænta má að hún hafi í allri umræðu og ekki síst stefnumörkun í framleiðslumálum landbúnaðarins. Þessu verki þarf því að hraða. Eðlilegt væri, að úttekt af þessu tagi, sem þarf að vera ítarleg, verði gerð með nokkurra ára millibili, t. d. 5—10 ára, enda til þess ætlast, að hún verði notuð til leiðbeiningar við stefnumörkun, sem alltaf þarf að vera í endurskoðun. Nauðsynlegt er að jafnhliða sé gerð grein fyrir því og það metið, hvaða verðmæti mundu liggja óbætt hjá garði í ónotaðri fjárfestingu, ef „umframframleiðslan“ félli niður. Auðvitað þarf að meta bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar „umframframleiðslunnar“.

Um leið og úttekt þessi fer fram er mikilvægt, að gerð sé heildarúttekt á þjóðhagslegu og atvinnulegu gildi landbúnaðarframleiðslunnar, enda þótt ekki sé beint að því vikið í tillögugreininni.

b) Kveðið er á um að teknir verði upp beinir samningar milli ríkisvalds og bænda. Samið verði um verð og verðtryggingu á tilteknu heildarframleiðslumagni búvara, sem verðtryggingin nær til. Hér er um nauðsynlega stefnubreytingu að ræða til þess að unnt sé að koma við meiri stjórnun á framleiðslumagninu en tekist hefur eftir núverandi kerfi. Þetta gerir kleift að semja til nokkurra ára í senn um framleiðslumagnið, sem er ákaflega mikilvægt, svo ráðrúm fáist til þess fyrir bændur og stofnanir landbúnaðarins að laga sig eftir þeim framleiðslumarkmiðum, sem í samningunum felast. Nauðsynlegt er, að breytingar á framleiðslumagninu gerist hægfara. Snöggar og hastarlegar samdráttaraðgerðir í búvöruframleiðslunni geta haft í för með sér háskalegar afleiðingar, gífurlega sóun verðmæta fyrir þjóðarheildina, auk botnlausra erfiðleika fyrir bændur.

Eðlilegt er, að veitt verði svigrúm til nokkurrar birgðasöfnunar, en reistar skorður við óhóflegri söfnun birgða sem leitt geta til hættuástands í sölumálum bænda.

Verðtryggt framleiðslumagn taki m. a. mið af hagrænu gildismati „umframframleiðslunnar“, svo sem fjallað er um í a-lið. Er þar um að ræða nauðsynlegar leiðbeiningar fyrir samningsaðila.

Ljóst er, að nú um sinn er óhjákvæmilegt að draga saman mjólkurframleiðsluna vegna markaðsástæðna. Líkur benda til þess, að svo kunni einnig að vera um sauðfjárframleiðsluna. Það er þó hvergi nærri eins víst, vegna þess að gildi hennar hefur ekki verið metið fyrir iðnaðinn, fyrir atvinnulífið að öðru leyti og fyrir atvinnu fólks allt í kringum landið, að ógleymdum þætti hennar til viðhalds byggðinni. Við þessum spurningum eiga að fást svör með þeirri úttekt, sem að framan er vitnað til og um er rætt í a-lið.

Verðákvörðunin í samningum þessum grundvallist á því, að vel rekið meðalbú skili rauntekjum, sem keppt er að, sbr. 3. tölulið, og að dugmiklir bændur geti haft hag af atorku sinni og hagsýni. Rétt er að leggja áherslu á gildi búreikninga til upplýsingasöfnunar. Verðtryggingu á ákveðnu heildarframleiðslumagni getur ríkisvaldið hagað nokkuð að vild sinni og eftir því sem samningar takast um. Má þar nefna t. d., að unnt er að lækka verðið með því að greiða að hluta niður frumþarfir framleiðslunnar, með niðurgreiðslum á lokastigi, eins og nú er gert, eða með því að fella slíkar greiðslur að mestu niður og greiða verðtrygginguna eftir því sem varan selst og við lokauppgjör. Þá mun þessu kerfi fylgja aukin hvatning til ríkisins til þess að fylgjast með sölumálum og markaðsmálum landbúnaðarins.

Setja þarf ákvæði í lög, sem segja fyrir um, hvernig með skuli fara, ef samningar takast ekki, t. d. kjaradómur eða yfirnefnd af einhverju tagi.

Ef meira er framleitt en verðtryggðu magni nemur þurfa Framleiðsluráð landbúnaðarins og Stéttarsamband bænda að hafa heimildir til þess að ákveða, hvernig sá halli, sem af því leiðir, deilist niður á búvöruframleiðendur. Kemur þá m. a. sérstaklega til álita, hvort svokallaður tómstundabúskapur og ríkisbúin eigi að fá hluta af þeirri verðtryggingu, sem bændum er ætluð. Eðlilegt sýnist að reglur um þetta efni þurfi að hljóta samþykki fulltrúafundar í Stéttarsambandi bænda og staðfestingu landbúnaðarráðherra.

Rétt er að taka fram, að þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru ekki alveg á einu máli um örfá atriði þessarar tillögu, einkum að því er varðar tilhögun á ákvörðun búvöruverðs. Verður áfram unnið að samræmingu á sjónarmiðum um þau efni.

c) Hér er því slegið föstu, að byggðaáætlanir og aðrar aðgerðir til þess að viðhalda eða efla byggð á vissum landssvæðum séu hlutverk þjóðfélagsins. Verði framleiðsluaukning vegna slíkra aðgerða ríkisvaldsins, hækki sjálfkrafa verðtryggt framleiðslumagn búvara sem því nemur. Þessu er slegið föstu til þess að hvetja ríkisvaldið til að haga aðgerðum sínum í byggðamálum í samræmi við þau framleiðslumarkmið, sem samið hefur verið um hverju sinni.

Ástæða er til þess að leggja áherslu á, að oft má treysta og efla byggð á tilteknum landssvæðum án þess að mikil framleiðsluaukning þurfi að fylgja. Má nefna t. d. samgöngumál, raforkumál o. s. frv., eða nýja atvinnustarfsemi án búfjárframleiðslu.

d) Eðlilegt er, að bústofn ríkisbúa verði nokkuð takmarkaður, meðan framleiðsla höfuðbúgreina landbúnaðarins er meiri en verðtryggðu magni nemur. Gætu þau samt gegnt hlutverki sínu, sem líka er nauðsynlegt. Um leið verði athugað hvort einstakir bændur geti að einhverju leyti tekið við hlutverki þeirra, enda væri það þá fært í raunverulegt búskaparumhverfi.

e) Markaðsmálin þurfa nýrrar athugunar við. Markaðsmálanefnd landbúnaðarins hefur unnið gott starf, en það er ekki á hennar færi að semja um niðurfellingu tolla af innflutningi íslenskra búvara erlendis. Það verkefni verður að færast á herðar ráðherra í ríkisstjórn Íslands og athugast sérstaklega í tengslum við aðra viðskiptasamninga. Hér er ekkert smámál á ferðinni, enda þarf að taka það föstum tökum. Fullvinnsla landbúnaðarafurða verði löguð eftir þörfum markaðarins, ekki síður innanlands en utan, m. a. með tilliti til breyttra þjóðfélagshátta. Fjölbreytni verði aukin m. a. með því að hafa á boðstólum

fljótgerða og aðlaðandi kjöt- og mjólkurrétti, sem reiða mætti fram á stuttum tíma. Leggja ber áherslu á hollustu- og manneldismarkmið í vinnslumeðferð búvara.

f) Óhjákvæmilegt er að ná aukinni hagkvæmni í búrekstrinum. Stofnunum landbúnaðarins verði beint að því að sinna því verkefni í vaxandi mæli, m. a. með því að kanna á hvern hátt megi draga úr rekstrarkostnaði og fjárfestingarkostnaði búanna.

Sérstaklega verði unnið að því að bæta fóðurverkun, þ. e. verkun votheys og þurrheys, og sýna fram á hvaða sparnaði megi ná í tækjabúnaði, vinnubrögðum og aðkeyptu fóðri með nýjum aðferðum (t. d. Einars Guðjónssonar) við votheysverkun annars vegar og þurrheysverkun hins vegar. Raforkukerfi sveitanna verði styrkt, svo að orkuskortur hamli því ekki, að fullri hagkvæmni verði náð, m. a. við súgþurrkun. Einnig má benda á að þörf er leiðbeininga og e. t. v. rannsókna á nýtingu búfjáráburðar og endurræktun túna. Samdrætti í búvöruframleiðslu verður að mæta með aukinni hagkvæmni.

g) Lánveitingum Stofnlánadeildar landbúnaðarins verði fyrst og fremst beitt til þess að styðja þau framleiðslumarkmið, sem sett verða, og til að stuðla að aukinni hagkvæmni í rekstri búanna. Þegar ástæða þykir til samdráttar, verði lán til framleiðsluhvetjandi framkvæmda takmörkuð þannig að samræmi sé í landbúnaðarstefnunni með tilliti til framleiðslu- og byggðamarkmiða.

Brýnt er, að bændur geti fengið sem mest útborgunarverð fyrir framleiðslu sína, ekki síst þegar samdráttur verður. Til þess þarf aukna aðstoð, m. a. vegna þess að samdrátturinn bitnar líka á vinnslustöðvunum.

h) Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að breyta framleiðsluráðslögunum, m. a. fella burt núverandi sex manna nefndarkerfi. Enn fremur kann að þurfa að breyta öðrum þáttum í landbúnaðarlöggjöfinni til samræmis við þau stefnumið, sem hér hafa verið rakin.

Nauðsynlegt er, að allir þættir landbúnaðarlöggjafarinnar og allar stofnanir landbúnaðarins vinni með þeim framleiðslumarkmiðum, hagkvæmnismarkmiðum og byggðamarkmiðum, sem hér hafa verið sett fram og samið kann að verða um milli ríkisvaldsins og bænda.

Ed. 122. Nefndarálit [79. mál]

um frv. til laga um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum 24. janúar og leggur til að það verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 24. jan. 1980.

Stefán Guðmundsson, form., frsm.
Guðmundur Karlsson.
Egill Jónsson.
Karl Steinar Guðnason.
Guðm. Bjarnason.
Lárus Jónsson.
Stefán Jónsson, með fyrirvara.

Ed. 123. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt eins og neðri deild afgreiddi það.

Geir Gunnarsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi 24. jan. 1980.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Lárus Jónsson. Egill Jónsson.
Guðmundur Karlsson. Karl Steinar Guðnason. Guðmundur Bjarnason.

Ed. 124. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 16. sept. 1971, með áorðnum breytingum, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og leggur til að það verði samþykkt eins og neðri deild afgreiddi það.

Geir Gunnarsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi 24. jan. 1980.

Stefán Guðmundsson, form., frsm. Lárus Jónsson. Egill Jónsson.
Guðmundur Karlsson. Karl Steinar Guðnason. Guðmundur Bjarnason.

Nd. 125. Nefndarálit [79. mál]

um frv. til l. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundi sínum og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Karvel Pálmason og Halldór Blöndal voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi 24. jan. 1980.

Garðar Sigurðsson, form., frsm. Páll Pétursson. Steingrímur Hermannsson.
Matthías Bjarnason. Pétur Sigurðsson.

Ed. 126. Frumvarp til laga [83. mál]

um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Stofnunin skal skipuð yfirlækni, sérmenntuðum í heyrnarfræði, í fullu starfi og skal hann annast faglega stjórn stofnunarinnar. Honum til aðstoðar skal vera yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera heyrnar- og taluppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkjasmiðir ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skipar ráðherra yfirheyrnar- og taluppeldisfræðing að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar.

3. gr.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipar henni sérstaka stjórn. Skal stjórnin skipuð 7 mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Menntamálaráðuneytið tilnefnir einn, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra einn, Félagið Heyrnarhjálp einn, Talkennarafélag Íslands einn, Félag háls-, nef- og eyrnalækna einn og Heyrnleysingjaskóli Íslands einn.

4. gr.

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t. d. prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja. Stofnunin skal annast sjúkdómsgreiningu málhaltra, bæði barna og fullorðinna. Stofnunin skal halda skrá yfir alla þá landsmenn, sem eru heyrnarskertir og/eða málhaltir. Stofnunin skal annast heyrnarmælingar á fólki í fyrirbyggjandi tilgangi, t. d. vegna hávaða við vinnu eða notkunar lyfja. Skal stofnunin hafa fullt samráð við þá aðila opinbera, sem annast málefni á þessum vettvangi. Stofnunin skal hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra, heyrnartækjameðferð og heyrnarrannsóknum, í samráði við aðra aðila, sem starfa á þessum vettvangi.

5. gr.

Stofnunin skal annast útvegun á hvers konar hjálpartækjum fyrir heyrnarskerta og málhalta, sem yfirlæknir hennar úrskurðar nauðsynleg.

Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja.

6. gr.

Að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar er ráðherra heimilt að setja með reglugerð gjaldskrá fyrir veitta þjónustu stöðvarinnar.

7. gr.

Stofnunin skipuleggur ferðir sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaufum og málhöltum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a. m. k. árlega. Stofnunin skal hafa

náið samstarf við Háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík, enda sé henni ætluð framtíðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar H.N.E. í Borgarspítalanum.

8. gr.

Stofnunin hefur í samráði við skólastjóra og kennara Heyrnleysingjaskólans sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn nemanda skólans.

Sama gildir um sérdeildir heyrnardaufra í almennum skólum og um stofnanir og sérdeildir fyrir þroskaheft fólk og um samráð við skólastjóra og kennara þeirra.

9. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu hafa samráð við stofnunina um alla þjónustu við heyrnardaufa og málhalta, sem veitt er á heilsugæslustöðvum.

10. gr.

Ráðherra setur stofnuninni og stjórn hennar starfsreglur.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 74 16. maí 1978 með sama heiti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 74/1978 var komið á fót sérstakri stofnun, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, en stofnuninni er falið að annast hverskonar þjónustu við heyrnarskerta, t. d. prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja. Ennfremur er stofnuninni falið að annast sjúkdómsgreiningu málhaltra, halda skrá yfir alla landsmenn, sem eru heyrnarskertir og málhaltir. Stofnuninni er ennfremur falið að annast heyrnarmælingar á fólki í fyrirbyggjandi tilgangi í samráði við aðra opinbera aðila, er þau málefni annast, og ennfremur að hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra, að svo miklu leyti er það snertir heyrnarrannsóknir og meðferð heyrnartækja.

Stofnuninni var m. a. ætlað að koma í staðinn fyrir heyrnardeild Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur og nýta tæki þau og starfskrafta, sem þar voru fyrir, eftir nánara samkomulagi. Stofnunin tók til starfa 1. janúar s. l. og er enn í dag til húsa í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur á sama stað og heyrnardeild Heilsuverndarstöðvarinnar var og hefur í reynd lítil breyting orðið á starfseminni þrátt fyrir stóraukið álag, þar sem stöðinni er nú ætlað að sinna öllu landinu. Þetta stendur til bóta nú á næstu vikum þar sem unnið er að innréttingu sérstaks húsnæðis undir starfsemina, sem bæði er miklu rýmra og heppilegra en fyrra húsnæðið og munu því gefast betri tækifæri til þjónustu þar.

Í lögum nr. 74/1978 um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands er gert ráð fyrir því að ríkið starfræki stofnunina og að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði fyrir hönd ríkisins 90% rekstrarkostnaðar en sveitarfélögin 10%. Samband ísl. sveitarfélaga hefur lýst yfir óánægju sinni með þessa skipan mála og fjölmargir telja hana óeðlilega. Það er skoðun ráðuneytisins að óeðlilegt sé að skilja á milli starfrækslunnar og greiðslu reksturskostnaðar, þannig að sveitarfélögunum sé gert að greiða sérstaklega 10% af rekstri stöðvarinnar án þess að vera hlutfallslegir eigendur að sama skapi. Með hliðsjón af því er frumvarp þetta fram komið og er með því lagt til að stofnunin verði algjörlega í höndum ríkisins. Aðrar breytingar, sem lagðar eru til hér eru fyrst og fremst til hagræðingar, byggðar á fenginni reynslu eða þá hreint út sagt til þess að leiðrétta misfellur í gildandi lögum.

Þar sem breytingar þessar og leiðréttingar eru nokkuð efnismiklar hefur verið gripið til þess ráðs að leggja fram heildarfrumvarp.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Greinin er efnislega eins og 3. gr. gildandi laga, en lagt er til að 2. gr. gildandi laga þess efnis að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði fyrir hönd ríkisins 90% af rekstrarkostnaði og sveitarfélögin 10% verði felld niður. Í staðinn yrði tekin upp sérstakur fjárlagaliður fyrir stofnunina og er reyndar gert ráð fyrir slíku í fjárlagafrumvarpi fyrir þetta ár í trausti þess að frumvarp þetta nái fram.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að 4. gr. gildandi laga verði breytt og er breytingin fólgin í því að fulltrúar Tryggingastofnunar ríkisins og Sambands ísl. sveitarfélaga falli burtu úr stjórn stofnunarinnar og er það í samræmi við breytingu á 2. gr. gildandi laga. Þess í stað er lagt til að Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra og Félagið heyrnarhjálp tilnefni einn fulltrúa hvort, í stað eins sameiginlega og ennfremur að Heyrnleysingjaskóli Íslands tilnefni einn. Yrðu fulltrúar í stjórn stofnunarinnar því jafnmargir og áður. Er hér um að ræða viðleitni í þá átt að auka áhrif hagsmunaaðila á stjórn stöðvarinnar.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega eins og 5. gr. gildandi laga nema hvað snertir síðasta málslið greinarinnar.

Hér er þó nánast um orðalagsbreytingu að ræða til þess að koma í veg fyrir misskilning, þar sem ráða má af texta núgildandi laga að stofnunin hafi yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra eingöngu að því er snertir heyrnarrannsóknir og meðferð heyrnartækja. Ætlunin var að stofnunin hefði slíka yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra og ennfremur yfirumsjón með heyrnartækjameðferð og heyrnarrannsóknum yfirleitt í samráði við viðkomandi aðila, sem starfa á þessum vettvangi.

Um 5. gr.

Hér um nýja grein að ræða. Lagt er til að stofnunin annist útvegun á þeim hjálpartækjum, sem yfirlæknir úrskurðar nauðsynleg.

Í dag úrskurðar Tryggingastofnun ríkisins (tryggingayfirlæknir) slíkt. Engin ástæða er til þess að halda í það fyrirkomulag, þegar ríkið hefur sett á stofn sérstaka stofnun til þess að sinna þessum málum. Er miklu eðlilegra að sá læknir, sem annast rannsókn á vegum stöðvarinnar og sem til þess hefur sérmenntun, ákveði slíkt. Á þennan hátt mundu sparast stórar upphæðir, þar sem vottorð yrðu í þessu tilviki óþörf svo ekki sé minnst á það hagræði sem slíkt hefði í för með sér fyrir neytendur.

Ennfremur er lagt til að ráðherra fái vald til þess að setja reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja. Í dag fer tryggingaráð með þetta vald skv. almannatryggingalögum. Fyrir þessari breytingu má færa sömu röksemdir og varðandi úrskurð yfirlæknis. Stjórn stöðvarinnar er ætlað að gera tillögur um slíkar reglur og er slíkt á allan hátt eðlilegt, en í dag hefur hún engin áhrif hér á. Nái þetta fram að ganga, myndi stöðin sjálf annast greiðslur fyrir hönd ríkisins í stað sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins. Þannig yrðu öll mál, er tengjast starfsemi stöðvarinnar, á einni hendi undir beinni yfirstjórn ráðherra. Fjárframlög ríkisins vegna þátttöku þess í slíku myndu því færast frá sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins yfir á stöðina. Er ekki að efa að slíkt fyrirkomulag myndi auðvelda störf stöðvarinnar mikið.

Þessar breytingar leiða ekki til neins kostnaðarauka, þar sem ríkið tekur þegar drjúgan þátt í slíkum greiðslum. Þjónusta yrði hins vegar liprari og vottorðakostnaður, sem lendir á ríkinu félli niður að mestu auk þess sem álagið á starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins yrði minna.

Um 6. gr.

Lagt er til nýtt ákvæði þess efnis að ráðherra sé heimilt að setja gjaldskrá fyrir veitta þjónustu á vegum stöðvarinnar að fengnum tillögum stjórnar hennar. Mjög er á reiki hvaða gjald skuli tekið fyrir veitta þjónustu á stöðinni. Miðað við aðra þjónustu innan heilbrigðiskerfisins væri ekki óeðlilegt að einhvert gjald kæmi hér fyrir, að vísu mjög lágt, og væri ekki óraunhæft að miða það við göngudeildargjald. Með þessu er aðeins lagt til að ótvíræð lagaheimild finnist til töku gjalds svo ekki komi til deilna um slíkt.

Um 7. gr.

Í gildandi lögum er eingöngu gert ráð fyrir því að stofnunin skipuleggi ferðir sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaufum úti á landi. Ætlunin var ennfremur að slíkar ferðir væru til aðstoðar málhöltum úti á landi og er hér með reynt að leiðrétta þá misfellu. Að öðru leyti er greinin eins og 6. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Í 7. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir því að stofnunin hafi sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn allra nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands og leiðbeini um meðferð þeirra. Nokkurrar óánægju hefur gætt um þetta atriði sérstaklega, þó vart sé hægt að segja að um efnislegan ágreining sé að ræða. Til þess að sneiða fram hjá þessu er lagt til að stofnunin hafi sérstaka umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands og að slíkt sé gert í fullu samráði við skólastjóra og kennara skólans. Allar leiðbeiningar um meðferð nemenda Heyrnleysingjaskóla Íslands hljóta að vera sameiginlegar þ. e. a. s. í höndum stöðvarinnar, skólastjóra og kennara skólans.

Um 9. gr.

Lagt er til að 8. gr. gildandi laga falli niður en hún kveður á um að stofnunin skuli hafa aðsetur í Reykjavík og að ráðherra sé heimilt að stofna deildir í stærstu kaupstöðum landsins þegar fé er veitt til slíks á fjárlögum. Í sjálfu sér er óraunhæft að kveða á um aðsetur í Reykjavík þar sem þegar er ákvæði um það að stofnuninni skuli í framtíðinni ætlað framtíðarhúsnæði í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar Háls-, nef- og eyrnadeildar Borgarspítalans, sbr. 6. gr. gildandi laga, auk þess sem stofnunin hefur þegar fengið aðsetur í Reykjavík. Óraunhæft er einnig að kveða á um að stofnaðar skuli deildir í stærstu kaupstöðum landsins, þegar fé er veitt til slíks á fjárlögum. Miklu raunhæfara er að koma slíku inn á þær heilsugæslustöðvar sem nú rísa víða um landið og að þær skuli hafa samráð við stofnunina um alla þjónustu við heyrnardaufa, svo sem heyrnarvernd. Í gildandi lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978 19. gr. 1. tl. þar sem fjallað er um þá þjónustu sem veita skuli á heilsugæslustöð fellur heyrnarvernd undir hugtakið heilsuvernd. Jafnframt væri æskilegt að öll þjónusta við málhalta, sem stofnuninni er ætlað að veita og hægt er að veita að einhverju leyti úti á landi fari fram á heilsugæslustöðvum.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. **127. Lög** [68. mál]

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, nr. 5 13. febr. 1976.

(Afgreidd frá Ed. 24. jan.)

Samhljóða þskj. 119 (sbr. 103).

Ed. **128. Lög** [69. mál]

um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, með áorðnum breytingum, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 24. jan.)

Samhljóða þskj. 120 (sbr. 104).

Nd. **129. Lög** [79. mál]

um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

(Afgreidd frá Nd. 24. jan.)

Samhljóða þskj. 116.

Ed. **130. Frumvarp til laga** [84. mál]

um breyting á lögum nr. 14 8. maí 1978 um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, er orðist þannig:

Sérstakt gjald að fjárhæð kr. 50.00 skal lagt á alla selda aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og rennur í Kvikmyndasjóð.

Undanþegnar gjaldinu eru sýningar á íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum fyrir börn.

Gjald þetta skal innheimt af lögreglustjórum (í Reykjavík af tollstjóra).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. janúar 1983.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í því skyni að efla íslenskan kvikmyndaiðnað og er ætlað að stuðla að því að Kvikmyndasjóður fái fastan tekjustofn, en framlag til sjóðsins er nú ákveðið hverju sinni í fjárlögum.

Er að sjálfsögðu gengið út frá því að fast framlag til sjóðsins haldist í fjárlögum framvegis og verði síst lækkað frá því sem nú er.

Erfitt er að áætla nákvæmlega tekjur af þessu gjaldi, en lauslega áætlað gæti það numið 80—90 millj. kr. á ári, en fjárþörf Kvikmyndasjóðs er áætluð 200—250 millj. kr. á þessu ári.

Það er nýmæli að lögunum er ætlað að gilda í þrjú ár og falla þau þá úr gildi. Að þeim tíma liðnum er Alþingis að meta hvort þessari gjaldheimtu skuli haldið áfram í framangreindu formi eða aðrar leiðir farnar til að fjármagna sjóðinn.

Sþ. 131. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um nýja aðferð við áætlanagerð.

Flm.: Friðrik Sophusson, Lárus Jónsson, Pálmi Jónsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar, að fjárveitingar hins opinbera verði óbundnar af fyrri fjárveitingum, þannig að verkefni komi til endurskoðunar frá grunni við fjárlagagerð. Því skorar Alþingi á ríkisstjórn að beita sér fyrir því, að „rekstrar- og fjárhagsáætlanir“ verði svo sem við verður komið reistar á svokölluðum „núllgrunni“.

Greinargerð.

Einn þátturinn í baráttunni gegn of miklum ríkisumsvifum er gerbreyting á fjárlagagerðinni. Þetta kemur m. a. fram í stefnuyfirlýsingu Sjálfstæðisflokksins, þar sem orðrétt segir: „Fjárveitingar til opinberrar starfsemi verði óbundnar af fyrri fjárveitingum, þannig að öll verkefni komi til endurskoðunar frá grunni við fjárlagagerð.“ Á 100. löggjafarþinginu fluttu flm. þessarar þingsályktunartillögu ásamt Ellert B. Schram tillögu um sama efni, eins og síðar verður vikið að, en hún varð ekki útrædd.

Flutningsmenn þessarar tillögu eru þingmenn Sjálfstæðisflokksins í fjárveitinganefnd.

Hefð ræður fjárveitingum fremur en þörf.

Í umræðunum um sparnað og hagræðingu í ríkisrekstrinum hefur margoft verið bent á vanmátt stjórnmálamanna við forgangsröðun verkefna. Þetta stafar öðrum þræði af því að útgjöld ríkisins eru oftast til stofnana og deilda, en sjaldnast til verkefna. Árangur er þá yfirleitt mældur í útgjaldaupphæðum. Í fjárhagsáætlunum og bókhaldi ríkisfyrirtækja og stofnana (reyndar einkafyrirtækja einnig) er meira lagt upp úr því að sýna, hve mikið er notað í ýmsa kostnaðarþætti, svo sem laun, launatengd gjöld, símakostnað, rafmagn, ræstingu, aðkeyptan akstur o. s. frv., heldur en að einangra alla kostnaðarþætti hvers verkefnis sem unnið er að.

Stjórnendur einkafyrirtækja og stjórnmálamenn erlendis, sem trúað er fyrir fjármunum almennings, hafa leitað nýrra leiða við fjárlaga- eða fjárhagsáætlanagerð. Ein sú þekktasta er kölluð „Núllgrunnsáætlunargerð“ (Zero Base Budgeting). Stjórnunarfélagið hefur kynnt þessa nýju tækni hér á landi. Helstu leiðbeinendur félagsins hafa verið þeir Björn Friðfinnsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og Þórður Sverrisson framkvæmdastjóri Stjórnunarfélagsins, og hafa þeir víða leitað fanga.

Eins og fyrr er vikið að, var á 100. þinginu 1978—79 flutt tillaga um þetta efni svo hljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að „núllgrunnsáætlunargerð“ verði tekin upp sem víðast við gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana hjá opinberum fyrirtækjum og stofnunum.“

Í greinargerðinni er m. a. vitnað til ritgerðar Þórðar Sverrissonar, þar sem hann skýrir frá því, hvað núllgrunnsáætlun er, hver séu megineinkenni hennar og helstu markmið:

Hvað er núllgrunnsáætlunargerð?

„Núllgrunnsáætlunargerð er tækni við gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana, sem gerir þær kröfur til stjórnanda að hann réttlæti fjárhagsáætlanabeiðnir sínar frá núllgrunni (þaðan er núllgrunnsnafnið komið). Tækni þessi flytur yfir á stjórnanda, sem sækir um fjárveitingu, sönnunarábyrgð fyrir því, að hann eigi yfirleitt að fá nokkurt fjármagn til ráðstöfunar (og hvetur um leið til þess, að hann eða sú deild, sem hann stjórnar, sýni góðan árangur af starfsemi sinni). Við gerð fjárhagsáætlunar er öll starfsemi brotin niður í ákvörðunarpakka (decision packages), sem síðan eru metnir með kerfisbundnum hætti og raðað upp eftir mikilvægi.

Megineinkenni og markmið:

Samkvæmt þessari skilgreiningu hefur núllgrunnsáætlanagerð þrjú megineinkenni:

1. Sönnunarbyrði um réttmæti fjárveitingar flyst frá æðstu stjórnendum og handhöfum fjárveitingavalds yfir til stjórnenda stofnana og deilda sem sækja um fjárveitingu.
2. Starfsemi stofnunar eða deildar verður að skoða frá grunni, en slíkt hvetur til endurbóta á rekstri og eykur því viðleitni til að bæta virkni stofnana við að ná markmiðum sínum.
3. Við gerð áætlunarinnar er allri starfsemi skipt í ákvörðunarpakka (decision packages), sem hver fyrir sig hefur að geyma lýsingu á ákveðnu verkefni: hvert sé markmiðið með að ráðast í það, hvernig það skuli unnið, hvað það kosti o. s. frv. Þessir ákvörðunarpakkar eru síðan metnir og þeim raðað upp eftir mikilvægi þeirra.

Auk þeirra megineinkenna á núllgrunnsáætlanagerð, sem nefnd voru hér að framan, eru helstu markmið með beitingu þessarar tækni þau að:

1. Gera úttekt á þörf fyrir framkvæmd á og skilvirkni þeirrar starfsemi, sem fram fer á stofnun eða deild, og kanna hvort starfsemin sé sú sama og til var ætlast í upphafi.
2. Geta gert samanburð á tillögum um ný verkefni og þeim verkefnum sem þegar er unnið að í stofnunum.
3. Tryggja mikla þátttöku stjórnenda á öllum þrepum innan stofnana í gerð fjárhagsáætlunar.
4. Gera æðstu stjórnendum auðveldara með að velja úr þau verkefni sem þeir telja mikilvægust."

Verkefni í stað stofnana.

Eins og bent hefur verið á í þessari greinargerð, eru til nýjar aðferðir við fjárlagagerð, sem hægt er að beita til að koma fjárhagsáætlunum á verkefnagrundvöll í stað stofnanagrundvallar og auðvelda stjórnmálamönnum að raða verkefnum hins opinbera í forgangsröð. Þurfi þeir síðan að beita hnífnum gerist slíkt með því að velja eða hafna skilgreindum verkefnum, en ekki með því að beita almennum „flötum" niðurskurði eða fresta ætíð nýjum verkefnum, eins og hingað til hefur tíðkast í langflestum tilvikum.

Samanburður á hefðbundinni áætlanagerð og núllgrunnsáætlanagerð:

Hefðbundin áætlanagerð:	Núllgrunnsáætlanagerð:
Fjárveiting fyrra árs er notuð sem grunnur, sem gengið er út frá.	Allar fjárumsóknir þarf að rökstyðja frá núllgrunni.
Gerð er kostnaðar-/nytjagreining fyrir NÝ verkefni.	Gerð er kostnaðar-/nytjagreining fyrir ÖLL verkefni.
Stjórnun felst í að ákveða krónur (input), sem verja má til þess að halda uppi rekstri.	Byrjað er að fastmóta markmið og aðgerðir.
Eftir áætlunargerðina liggur fyrir heildarfjárhagsáætlun fyrir stórar einingar. Erfitt er að breyta einstökum liðum hennar.	Hægt er að velja um mismunandi árangursstig einstakra verkefna innan sömu stofnunar.
Hefur stofnanir eða deildir í brennidepli við fjárveitingar (functionally oriented).	Hefur verkefni og markmið í brennidepli við fjárveitingar (program oriented).
Einkum er rætt um og metið gildi viðbótarverkefna.	Gerð er svipuð athugun á gildi þeirra verkefna, sem unnið er að, og nýrra verkefna, sem gerð er tillaga um.

(Úr ritgerð Þórðar Sverrissonar).

Það skal að lokum tekið fram, að ýmsir hafa amast við orðinu „núllgrunnur“. Af því tilefni var á sínum tíma haft samband við málnefndina, en betra orð hefur ekki fundist enn.

Sþ. 132. Tillaga til þingsályktunar [86. mál]

um heildaráætlun um aðgerðir til að hefta landbrot.

Flm.: Steinþór Gestsson, Egill Jónsson, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til að matsnefndir, sem starfa skv. 2. gr. laga um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, geri á því úttekt, hver í sínu umdæmi, hversu víða sé hætta á landspjöllum af völdum vatna og hversu stór landsvæði megi ætla að eyðist af þeim sökum ef ekki er að gert.

Heildaráætlun um kostnað við varnaraðgerðir og tillögur um röðun framkvæmda skulu sendar til landbúnaðarráðuneytisins, sem lætur samræma álit nefndanna til þess að gera stjórnvöldum kleift að áætla heildarfjárþörf til varnarmannvirkjanna með nokkru öryggi og gera tillögur um framlög til einstakra verka.

Greinargerð.

Á hátíðafundi á Þingvöllum 1974 samþykkti Alþingi sérstaka áætlun um gróðurvernd. Sú áætlun tekur til uppgræðslu örfoka lands og verndunaraðgerða þar sem fokhætta er yfirvofandi af völdum veðra og beitarálags.

Í tengslum við þessa samþykkt Alþingis voru hinn 14. maí 1975 samþykkt lög um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna. Þau lög hafa haft veruleg áhrif, þannig að þeir aðilar, sem telja nytjalönd sín eyðast eða vera í yfirvofandi hættu af völdum vatna, geta snúið sér til sérstakra matsnefnda sem starfa í hverri sýslu, en þær semja álitsgerð um varnarframkvæmdir. Mætti ætla að með þessu móti væri gert það sem gera þarf til lausnar þeim vanda sem við er að fást, og vissulega gæti það verið svo, ef menn væru um það nægilega árvakrir að láta matsnefndirnar

fjalla um hvaðeina sem upp kemur í þessu efni. Því miður verður þess víða vart, að menn hafa ekki á þessum landspjöllum nægilega vakandi auga, enda er gjarnan munur á því frá ári til árs, hversu eyðing af völdum stórra og smárra vatna er hraðfara.

Mönnum sést gjarnan yfir það, að hætta geti verið fólgin í hægfara landbroti, en dæmi sanna að þar sem svo hefur gengið til um nokkurt skeið geta menn skyndilega staðið frammi fyrir óstöðvandi landbroti, nema stórfé sé til umráða til framkvæmda.

Tillaga þessi miðar að því að koma í veg fyrir slík mistök, með því að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að matsnefndir héraðanna geri heildarúttekt á ástandi og horfum um landbrot af völdum ágangs fallvatna, þótt ekki liggi fyrir erindi um það frá landeigendum, en það hafa verið aðalreglur við framkvæmd laganna til þessa.

Þá gerir tillagan ráð fyrir því, að landbúnaðarráðuneytið láti samræma áætlanir matsnefndanna svo að ákvarðanir um fjárveitingar til þessara varnaraðgerða verði teknar með hliðsjón af heildarstærð vandans annars vegar og samanburði á stærð og ástandi einstakra verkefna hins vegar.

Nánari grein verður gerð fyrir tillögu þessari í framsögu.

Sþ. 133. Fyrirspurnir. [87. mál]

I. Til utanríkisráðherra um flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Hafa fyrri áform um byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli verið endurskoðuð með hliðsjón af nýjustu viðhorfum á flugleiðinni yfir Atlantshaf?
2. Hverjar eru hönnunarforsendur þessarar byggingar?
3. Hefur verið gerður samningur við Bandaríkin um þátttöku í greiðslu kostnaðar við byggingu flugstöðvar án þess að Alþingi hafi nokkru sinni fjallað um það mál?
4. Er gert ráð fyrir, að framkvæmdir við flugstöðvarbyggingu verði í höndum íslenskra verktaka, eða stefnt að alþjóðlegu útboði?
5. Er ekki ljóst að líta ber á fyrirhugaða flugstöð á Keflavíkurflugvelli sem íslenskt mannvirki, sem verði hannað af Íslendingum og unnið af íslenskum verktökum?
6. Er það rétt, sem heyrst hefur, að gerðir hafi verið samningar um hönnun og annan undirbúning að byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, án þess að fé hafi verið ætlað til þess í fjárlögum og án þess að Alþingi hafi nokkra ákvörðun tekið um byggingu flugstöðvarinnar?
7. Er ekki ráðherrann sammála því, að ákvarðanir um byggingartíma og fjármögnun framkvæmdanna verði að taka eftir sömu reglum og gilda um aðrar íslenskar framkvæmdir?

II. Til viðskiptaráðherra um lánakortastarfsemi.

Frá Guðrúnu Helgadóttur.

1. Þarf að leita leyfis stjórnvalda til stofnunar lánakortafyrirtækis hér á landi?
2. Eru slík fyrirtæki háð eftirliti, t. d. samsvarandi bankaeftirliti?
3. Ef slík lánastarfsemi er óháð lögum, hyggst þá viðskiptaráðuneytið beita sér fyrir lagasetningu, sem tekur til slíkrar starfsemi og tryggir eftirlit með henni?

Sþ. **134. Tillaga til þingsályktunar** [88. mál]

um virðisaukaskatt í stað söluskatts á síðasta stigi viðskipta.

(Lögð fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að upptöku virðisaukaskatts er komi í stað söluskatts á síðasta stigi viðskipta og leggist á allar vörur og þjónustu. Undirbúningur málsins miðist við, að frumvarp til laga um virðisaukaskatt verði lagt fyrir Alþingi þegar á næsta hausti og stefnt verði að því að frumvarpið nái afgreiðslu á því þingi þannig að 1. janúar 1982 leysi virðisaukaskattur núverandi söluskatt af hólmi.

Greinargerð.

Upptaka virðisaukaskatts hefur lengi verið til umræðu hér á landi. Hófst hún fyrst í kjölfar ákvörðunar ríkja Efnahagsbandalags Evrópu árið 1967 um að samræma neysluskattskerfi bandalagsríkjanna með upptöku virðisaukaskatts. Urðu á árunum 1967 til 1973 verulegar breytingar í þessum efnum í Evrópu þar sem fjölmargar þjóðir bæði innan og utan EBE tóku upp virðisaukaskatt í stað eldri neysluskattskerfa. Í októbermánuði 1969 skrifaði Jón Sigurðsson stutta greinargerð fyrir fjármálaráðuneytið um kosti og galla virðisaukaskatts. Í framhaldi af þeirri greinargerð samdi Jón einnig að beiðni ráðuneytisins ýtarlegri skýrslu um virðisaukaskatt, kosti hans, galla og helstu framkvæmdaatriði. Vann Ólafur Davíðsson ásamt Jóni að samningu þessarar skýrslu sem afhent var ráðherra í aprílmánuði 1971. Í janúar 1975 fól fjármálaráðherra vinnuhóp að semja greinargerð um þetta sama efni. Voru í hópnum þrír menn, þeir Þorsteinn Geirsson, Gamalíel Sveinsson og Ólafur Nilsson. Skilaði hópurinn í maímánuði 1975 viðamikilli greinargerð um virðisaukaskatt sem síðan var útgefin af fjármálaráðuneytinu. Er í þessari greinargerð að finna umfjöllun um flest þau atriði er máli skipta við upptöku virðisaukaskatts, bæði úttekt á þágildandi neysluskattlagningu og almenna lýsingu á virðisaukaskatti og umræðu um framkvæmd og áhrif einstakra þátta hans hér á landi.

Virðisaukaskattur er innheimtur á öllum viðskiptastigum. Hann veldur þó ekki margsköttun vegna þeirrar grundvallarreglu kerfisins að allur skattur, sem fyrirtæki greiða við kaup á aðföngum, er dreginn frá innheimtum skatti þeirra af sölu. Í þessu felst það aðaleinkenni virðisaukaskattsins að skatturinn leggst aðeins einu sinni á sama verðmæti, hversu oft sem það gengur milli viðskiptastiga. Hann verður því hlutlaus gagnvart hinu endanlega söluverði vöru og þjónustu og er það aðalkostur hans.

Virðisaukaskattur er ekki innheimtur af útflutningi og útflutningsfyrirtæki og fyrirtæki er keppa á innanlandsmarkaði bera ekki virðisaukaskatt af aðföngum sínum en hjá því verður ekki komist að öllu leyti í söluskattskerfi. Upptaka virðisaukaskatts mun því án efa bæta samkeppnisaðstöðu útflutningsatvinnuveganna sem og þeirra innlendra atvinnugreina er keppa við erlenda framleiðslu á innanlandsmarkaði.

Önnur veigamikil rök fyrir upptöku virðisaukaskatts er sú nauðsyn sem er á að bæta núverandi neysluskattskerfi en það er orðið svo götótt og erfitt í framkvæmd að hæpið er í meira lagi að byggja innheimtu stærsta skattstofns ríkissjóðs á því. Hinar fjölmörgu undanþágur sem smám saman hafa verið gerðar frá söluskattsskyldu eru að meginstefnu tvíþættar. Annars vegar hafa þær stefnt að því að undanþiggja sem mest af aðföngum framleiðsluatvinnuveganna skattinum og hefur þannig verið reynt að bæta samkeppnisaðstöðu íslenskra fyrirtækja. Þessar undanþágur, sem þó hafa ekki náð samkeppnisjöfnunartilgangi sínum að fullu, verða óþarfar í virðisaukaskattskerfi. Hin megintegund söluskattsundanþága varðar vöru

og þjónustu sem með einhverjum hætti hefur verið talin nauðsynlegri, æskilegri eða nytsamari en aðrar tegundir vöru og þjónustu og því ekki eins eðlilegur skattstofn. Þannig hafa matvæli og fjölmargar aðrar neysluvörur smám saman verið undanþegnar skattinum. Hefur tilgangurinn bak við þessar undanþágur verið margvíslegur, t. d. að hemja vísitöluhækkanir, vega upp óvenjulega hækkun á tiltekinni vörutegund, að hafa áhrif á neysluval o. s. frv. Samanlagt eru þessar tegundir af undanþágum orðnar svo víðtækar að segja má að söluskatturinn hafi breytt um eðli frá því að vera almennur neysluskattur yfir í að vera sérskattur á munaðarvöru.

Virðisaukaskattskerfið leysir ekki á nokkurn hátt þær „þarfir“ sem þessum flokki undanþága er ætlað að mæta. Hins vegar er virðisaukaskattskerfið nánast alveg óhugsandi í framkvæmd með svo víðtækum undanþágum. Ákvörðun um upptöku virðisaukaskatts þarf því nauðsynlega að fylgja ákvörðun um að víkka skattskyldusviðið að þessu leyti og fella niður allar undanþágur af þessu tagi. Þannig má fá heilsteypt neysluskattskerfi í stað hins veika söluskattskerfis sem nú er byggt á og breytingin myndi þannig leiða til einföldunar og aukins skýrleika í allri framkvæmd.

Virðisaukaskattur yrði innheimtur hjá mun fleiri aðilum en söluskatturinn er nú. Þetta hefur bæði kosti og galla í för með sér. Kostirnir eru þeir að áhætta ríkissjóðs af skattheimtunni dreifist á fleiri aðila en nú er, en hins vegar er það meginókostur virðisaukaskattkerfisins að fjölmörg fyrirtæki sem ekki innheimta söluskatt yrðu að innheimta og gera skil á virðisaukaskatti. Að öllu samanlögðu verður að telja að virðisaukaskattur hafi svo yfirgnæfandi kosti umfram söluskatt að stefna beri að upptöku hans eins fljótt og kostur er.

Breytingin á söluskatti á síðasta stigi viðskipta yfir í virðisaukaskatt hefur oft komið til umræðu og eins og að framan segir er búið að fjalla allmikið um hann í röskan áratug. Margsinnis hefur komið fram bæði á Alþingi og hjá ríkisstjórnum, að áhugi er fyrir þeirri kerfisbreytingu á neysluskattheimtu sem upptaka virðisaukaskatts myndi hafa í för með sér. Eftir því sem betur hefur komið í ljós hversu miklir gallar eru samfara innheimtu söluskatts á síðasta stigi viðskipta hefur nauðsyn þessarar kerfisbreytingar aukist. Fyllilega er því tímabært að ákvörðun um kerfisbreytinguna verði tekin og er eðlilegast að Alþingi geri það með þeim hætti, sem hér er lagt til. Þá liggur fyrir vilji Alþingis til þess að ríkisstjórn hefjist handa um allan undirbúning, þ. á m. samningu frumvarps um virðisaukaskatt, sem óhjákvæmilega hlýtur að taka nokkurn tíma. Endanlega ákvörðun tæki svo Alþingi með afgreiðslu frumvarpsins. Sérstaklega hefur verið athugað hvernig eðlilegast væri að standa að slíkum undirbúningi og er niðurstaðan sú, sem hér greinir:

Virðisaukaskattur þarf töluverðan undirbúning eigi vel að takast til um framkvæmd hans. Við mat á þeim tíma sem þarf til upptöku skattsins er einnig óhjákvæmilegt að taka tillit til þess að skattkerfið, stjórnendur þess og starfsmenn, þurfa á árinu 1980 að annast í fyrsta sinn álagningu samkvæmt gerbreyttum lögum um tekju- og eignarskatt og má raunar ætla að tvö til fjögur ár taki að koma framkvæmd þeirra í það horf að vinnuálag skattkerfisstarfsmanna verði eðlilegt. Við þessar aðstæður virðist því vera að bera í bakkafullan lækinn að bæta alveg á næstunni við verulegum nýjum verkefnum. Í ljósi þessara aðstæðna væri eflaust varlegast að stefna ekki að upptöku virðisaukaskatts fyrr en 1. janúar 1983 eða 1984. Með markvissum undirbúningi ætti þó að vera óþarft að bíða lengur en til 1. janúar 1982 með kerfisbreytinguna.

Samning frumvarps þyrfti að geta hafist í febrúarmánuði n. k. Yrði það verk falið hópi embættismanna er velja þyrfti frá hinum ýmsu stofnunum sem aðstoð gætu veitt við starfið, auk þess sem æskilegt væri að einhver þeirra er áður hafa unnið að málinu eigi sæti í hópnum. Ennfremur þyrfti að ráða einn til tvo fasta starfsmenn til verksins í 6 til 10 mánuði er unnið gætu að málinu í heild og einstökum þáttum þess. Vinnuhópurinn skipulegði verkið, legði starfsmönnum línur og yfirfæri störf þeirra, jafnframt því sem einstakir menn í hópnum ynnu auðvitað

verulega hluta verksins. Vinnuhópur þessi þyrfti að skila fullbúnu frumvarpi síðla árs 1980, þannig að honum gæfust 7 til 10 mánuðir til starfsins. Frumvarpið þyrfti að leggja fyrir Alþingi í október eða nóvember 1980 og er ekki óeðlilegt að ætla að afgreiðsla slíks stórmáls tæki 4 til 6 mánuði í þinginu. Hljóti málið þá stuðning ætti að vera unnt að afgreiða það sem lög á vormánuðum 1981. Eftir að lögin hefðu öðlast gildi hæfist lokaundirbúningur að framkvæmd þeirra, sem æskilegast er að yrði í höndum embættis ríkisskattstjóra. Gæfust nálega 8 mánuðir til þess starfs, sem að vísu er stuttur tími en ætti að nægja ef embættinu yrði gert kleift að ráða einn til tvo aðstoðarmenn í 6 til 12 mánuði. Væri ekki óeðlilegt að starfsmaður eða starfsmenn þeir er væru vinnuhóp til aðstoðar við samningu frumvarps héldu áfram störfum við undirbúning framkvæmdar undir stjórn ríkisskattstjóraembættisins.

Ed. 135. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og leggur til að frv. verði samþykkt.

Tómas Árnason, Eyjólfur Konráð Jónsson og Lárus Jónsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 31. jan. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Eiður Guðnason, fundaskr., með fyrirvara. Guðm. Bjarnason.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 136. Frumvarp til laga [89. mál]

um Flutningsráð ríkisstofnana.

Flm.: Helgi F. Seljan, Ólafur Ragnar Grímsson.

1. gr.

Eftir hverjar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi hlutfallskosningu sjö menn í Flutningsráð ríkisstofnana. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti.

Forsætisráðherra skipar formann og varaformann Flutningsráðs ríkisstofnana úr hópi ráðsmanna.

2. gr.

Hlutverk Flutningsráðs ríkisstofnana er:

a) að vera Alþingi, ríkisstjórn, ráðuneytum og einstökum ríkisstofnunum til ráðuneytis um staðarval og flutning ríkisstofnana, þar með taldar deildir og útibú slíkra stofnana,
b) að gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og breytingar á staðarvali eldri stofnana,

c) að annast a. m. k. einu sinni á áratug heildarendurskoðun á staðsetningu ríkisstofnana og gera á grundvelli þeirrar endurskoðunar tillögur um breytingar, sbr. b-lið,
d) að fylgjast með framkvæmd ákvarðana um flutning ríkisstofnana og staðsetningu nýrra stofnana og stuðla að því að auðvelda aðgerðir á þessu sviði.

3. gr.

Alþingi og einstök ráðuneyti skulu leita umsagnar Flutningsráðs ríkisstofnana, áður en ákvarðanir eru teknar um staðarval nýrra ríkisstofnana eða breytingar á staðsetningu eldri stofnana, aðalstöðvum þeirra, deildum eða útibúum.

4. gr.

Flutningsráð skal við tillögugerð leita samráðs við hlutaðeigandi ráðuneyti og ríkisstofnanir, áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga og samtök opinberra starfsmanna og aðra aðila sem hlut eiga að máli.

5. gr.

Flutningsráði er heimilt að setja á stofn samstarfsnefndir hinna ýmsu aðila sem tillögugerð ráðsins snertir eða annast eiga framkvæmd á ákvörðunum um flutning ríkisstofnana.

6. gr.

Flutningsráði er heimilt að ráða sérstaka starfskrafta til að annast tiltekin verkefni.

7. gr.

Flutningsráð ríkisstofnana heyrir undir forsætisráðuneytið og skal kostnaður við störf þess greiðast úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta vetri, en varð þá eigi útrætt. Því fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Í apríl 1972 var með bréfi forsætisráðuneytisins skipuð nefnd „til að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hverjar breytingar komi helst til greina í því efni". Nefndin kynnti sér alls 243 stofnanir og stofnanategundir og athugaði 157 þeirra sérstaklega, aflaði gagna um skipulag þeirra, starfsfólk, starfshætti og aðbúnað. Nefndin skilaði áliti 28. október 1975, þar sem lagður var til heildarflutningur 25 stofnana, deildaflutningur sem snerti 12 stofnanir, stofnun útibúa 36 stofnana og efling útibúa 11 stofnana.

Í álitinu var ítarlega rakið hvernig Norðmenn og Svíar hefðu staðið að þessum málum. Raunar hafa sams konar nefndir starfað á öllum Norðurlöndunum, en í Noregi og Svíþjóð lögðu stofnananefndir grundvöll að viðamiklum flutningi ríkisstofnana frá höfuðborgunum, sem framkvæmdur var í mjög veigamiklum atriðum.

Svo vitnað sé til Noregs voru samþykkt lög 1967 frá Stórþinginu um flutning 10 ríkisstofnana frá Osló. Var í þeim lögum kveðið á um fasta ráðgjafarnefnd, staðsetningarnefnd ríkisstofnana, til að fjalla um staðsetningu ríkisstofnana. Sú nefnd starfar á vegum byggðarjafnvægisdeildar sveitarstjórnarráðuneytisins.

Þangað fyrst og fremst sótti nefndin hér hugmyndir sínar um það Flutningsráð ríkisstofnana, sem hér er flutt frumvarp um. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hefur enn ekkert verið aðhafst í þessu efni, en það var og er skoðun þeirra tveggja nefndarmanna, er frumvarp þetta flytja, að frumforsenda skipulegs átaks í þessum efnum sé einhver sú skipan, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Ekki þarf að tíunda hér, hversu miklu nauðsynlegra slíkt átak er hér en nokkurn

tíma í þeim löndum, sem vitnað er til hér að framan og hafa unnið stórvirki á þessu sviði. Það litla, sem gert hefur verið hér á landi í þessa átt, hefur verið án allrar beinnar skipulagningar, ýmist með ákvörðunum ráðuneyta, svo sem í ráðherratíð Lúðvíks Jósepssonar um útibú Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, eða af hálfu ákveðinna stofnana, svo sem Vegagerð ríkisins er hvað gleggst dæmi um.

Stofnanaflutningur sem slíkur hefur hins vegar ekki komist á dagskrá og m. a. s. hefur sú stofnun, sem þar telst sjálfsögðust til flutnings, Skógrækt ríkisins, tæpast enn komið til alvarlegra álita í þeim efnum hjá æðstu stjórnvöldum.

Allt frá því að hið ítarlega og um margt vel rökstudda nefndarálit kom fram, en nú er komið á fjórða ár frá því, hefur sorglega lítið verið aðhafst, og er þá í raun sama til hvaða þátta er litið: flutnings, deildaskiptinga eða útibúastofnana.

Það ætti þó að vera öllum ljóst, að hér kallar á bein þjóðhagsleg nauðsyn, auk þess sjálfsagða réttar sem íbúar landsbyggðarinnar eiga til aukinnar þjónustu, aukinnar hlutdeildar í því opinbera kerfi, sem hefur aðsetur sitt á höfuðborgarsvæðinu. Flm. hljóta nú að vekja á þessu vissa athygli og auka beinan þrýsting á aðgerðir í þá átt, sem þeir ásamt öðrum lögðu til í nefndaráliti sínu, ekki síst þegar engin hreyfing virðist sjáanleg í þessa átt. Þeir eru enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að í engu megi rasa um ráð fram, en skipulega og markvisst skuli að þessu vinna og þar sé einhvers konar stofnun af þessu tagi alger forsenda, og því flytja þeir frumvarp þetta.

Frumvarpið er í öllum greinum eins og það var sett fram í áliti nefndarinnar 1975 og frumvarpsgreinarnar það ljósar, að þær skýra sig algerlega sjálfar.

Að lokum vilja flm. vitna í rökstuðning nefndarinnar fyrir Flutningsráðinu, en þar segir orðrétt í nefndarálitinu:

„Stofnanaflutningur í þeim mæli, sem tillögur nefndarinnar fela í sér, er meiri háttar stjórnkerfisaðgerð. Nefndinni þykir að athuguðu máli rétt að benda á stofnsetningu sérstaks aðila sem annaðist yfirstjórn stofnanaflutningsins. Slíkur aðili gæti heitið Flutningsráð ríkisstofnana. Það yrði skipað sjö mönnum kosnum hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi. Verksvið Flutningsráðs ríkisstofnana væri í stórum dráttum tvíþætt.

Í fyrsta lagi gæti Flutningsráðið annast heildarskipulagningu og yfirumsjón á flutningi ríkisstofnana. Á vegum ráðsins gætu starfað margvíslegar samstarfsnefndir, t. d. með fulltrúum stofnana sem flytja eiga til sama svæðis, með fulltrúum skyldra stofnana sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, o. s. frv. Auk þeirra samstarfsnefnda, sem tengdar eru einstökum stofnunum (sbr. 2.5.1), gæti slíkt kerfi samstarfsnefnda fleiri stofnana á vegum ráðsins auðveldað heildarframkvæmd stofnanaflutnings. Flutningsráðið gæti á þennan hátt og með almennum umræðum á fundum sínum samhæft aðgerðir á þessu sviði, greitt úr erfiðleikum og auðveldað stofnanaflutning á margvíslegan hátt.

Í öðru lagi mætti fela Flutningsráði ríkisstofnana að veita umsögn eða gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og taka staðsetningu alls ríkiskerfisins til endurskoðunar með reglulegu millibili, t. d. einu sinni á hverjum áratug. Þótt nefndin hafi leitast við að taka til meðferðar alla þætti ríkiskerfisins mun þróunin næstu áratugi örugglega knýja á um endurskoðun á einstökum atriðum. Einhliða staðarval nýrra stofnana getur einnig skekkt hlutföllin á ný. Nefndin er því þeirrar skoðunar, að staðarval ríkisstofnana sé stöðugt verkefni og réttast að fela það ákveðnum aðila.

Verði fallist á þessi sjónarmið nefndarinnar er nauðsynlegt að setja lög um Flutningsráð ríkisstofnana. Til greina kæmi að fela ráðinu að loknum almennum umræðum um tillögur nefndarinnar að semja frumvörp að lögum og reglugerðum í samræmi við þann stofnanaflutning sem fallist verður á að framkvæma. Stofnsetning Flutningsráðs ríkisstofnana gæti þannig orðið fyrsti áfangi verulegs stofnanaflutnings.“

Sþ. **137. Skýrsla**

menntamálaráðherra til Alþingis um könnun möguleika á notkun gervihnatta við dreifingu sjónvarps- og hljóðvarpsefnis um Norðurlönd (NORDSAT).

Samstarf norrænna útvarps- og sjónvarpsstöðva á sér jafnlangan aldur og stofnanirnar sjálfar. Ísland var síðast Norðurlandaríkja til þess að hefja útvarpsrekstur, en hann hófst á vegum ríkisins 20. desember 1930, og sjónvarpsrekstur hófst 30. september 1966.

Í þessu samstarfi mynduðust algerlega ný viðhorf þegar ljóst varð að gervihnettir kynnu að verða teknir í notkun við dreifingu sjónvarps- og útvarpsefnis. Fyrir Íslendinga varð málið áhugavert þegar sýnt var, að tæknilega myndi kleift að Ísland gæti haft not af sameiginlegum gervihnetti eða gervihnöttum Norðurlanda.

Þegar á árinu 1955 gerði Norðurlandaráð fyrstu ályktun sína um sjónvarpsmál. Á árunum 1957—1972 voru gerðar átta samþykktir í Norðurlandaráði um aukið samstarf á sviði útvarps og sjónvarps. Norræna menningarmálanefndin (Nordiska kulturkommissionen) gerði á þessum árum tillögur um sameiginlega framleiðslumiðstöð (produktionscenter) fyrir sjónvarpsefni og ráðherranefndin samþykkti að stuðla að auknu norrænu sjónvarpssamstarfi.

Árið 1973 kom ráðherranefndin á fót vinnuhópi er fjalla skyldi um sjónvarpssamstarf og sama ár samþykkti Norðurlandaráð enn á ný ályktun (nr. 15/1973) um aukið sjónvarpssamstarf.

Vinnuhópurinn frá 1973 skilaði áliti 1974 um „TV över gränserna“ (NU A 1974/19).

Í desembermánuði 1975 var þessum málum þannig komið, að menntamálaráðherra Norðurlanda skipuðu nefnd, sem kölluð hefur verið ráðuneytisstjóranefndin (statssekreterargruppen) til að kanna möguleika á samstarfi Norðurlandaríkja um gervihnött til dreifingar sjónvarps- og hljóðvarpsefnis. Skyldi könnunin ná til tæknihliðar málsins, dagskrárþáttarins og laga- og fjárhagsatriða.

Nefndin skilaði áliti á menntamálaráðherrafundi Norðurlanda sem haldinn var á Húsavík 14. júní 1977 og er nefndarálitið dagsett í Kaupmannahöfn 6. sama mánaðar. Nefnist það „Nordisk radio och television via satellit“. Í álitinu eru ýtarlegar upplýsingar um hina ýmsu þætti málsins, en jafnframt er tekið fram, að nauðsyn sé á enn frekari athugun áður en til framkvæmda komi. Álit þetta var prentað á vegum Norrænu menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn og er í þremur heftum, þ. e. sjálft nefndarálitið, og svo fylgiskjöl í tveimur heftum. Eru gögn þessi auðkennd: NU—A—1977—7—9. Einnig er þetta nefndarálit til í útdrætti.

Eftir að umsagnir höfðu borist og verið athugaðar, ákváðu menntamálaráðherrar og samgönguráðherrar Norðurlanda á fyrsta sameiginlega fundi sínum um málið í Kaupmannahöfn 16. janúar 1978, að þótt margt mælti með því að málinu yrði haldið áfram, skyldi fyrst heyra álit 26. þings Norðurlandaráðs, sem átti þá að koma saman í Oslo í næsta mánuði. Ef viðhorf þess yrðu jákvæð, skyldu ákveðin atriði könnuð nánar áður en málið yrði formlega lagt fyrir ríkisstjórnir og þjóðþing.

Menningarmálanefnd Norðurlandaráðs fjallaði einnig um málið, en formaður hennar var þá dr. Gylfi Þ. Gíslason, og lét nefndin í ljós að þrátt fyrir að nokkrar umsagnir hefðu verið neikvæðar teldi hún enga ástæðu til annars en haldið yrði áfram könnun málsins.

Eftir að Norðurlandaráðsþingið í Oslo hafði í febrúar 1978 rætt málið og reynst sama sinnis og menningarmálanefndin að halda bæri athugun áfram, ákváðu menntamála- og samgönguráðherrarnir á sameiginlegum fundi í Kaupmannahöfn 13. mars 1978 að haldið skyldi áfram könnun á hugmyndum um norrænt hljóðvarp og sjónvarp um gervitungl. Var nefnd fulltrúa ráðherranna (ställförträdargruppen), falið að vinna áfram að málinu, með aðstoð vinnuhópa sérfræðinga. Hefur nefndin nú

lokið við heildarskýrslu um málið, og var hún birt í Stokkhólmi 23. október 1979, en áður hafa verið birtar skýrslur sérfræðingahópa. Útdráttur úr aðalskýrslunni var sendur fjölmiðlum frá menntamálaráðuneytinu hinn 23. október 1979 og birtur í Fréttabréfi ráðuneytisins nr. 36.

Skýrslan hefur verið send til umsagnar fjölmörgum aðilum í Norðurlandaríkjunum öllum, og er ætlast til að umsagnir hafi borist fyrir 15. apríl n. k. Gert er ráð fyrir að málið komi til umræðu á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík í mars 1980, en afstaða til þess hvort í framkvæmdir skuli ráðist verður að sjálfsögðu ekki tekin fyrr en að lokinni umfjöllun í hverju landi. Má vænta þess að málið komi að nýju fyrir Norðurlandaráðsþing árið 1981.

Íslenska samgönguráðuneytið, sem fer með fjarskiptamál, kaus að hafa ekki afskipti af gervihnattamálinu. Að ósk menntamálaráðuneytisins var m. a. haldinn fundur í samgönguráðuneytinu 4. janúar 1978 þar sem málið var reifað. Þann fund sátu menntamálaráðherra Vilhjálmur Hjálmarsson, samgönguráðherra Halldór E. Sigurðsson, póst- og símamálastjóri Jón Skúlason, ráðuneytisstjórar menntamála- og samgönguráðuneytanna Birgir Thorlacius og Brynjólfur Ingólfsson, og deildarstjórarnir Árni Gunnarsson og Birgir Guðjónsson.

Af hálfu menntamálaráðuneytisins var á fundinum gerð grein fyrir gervihnattamálinu og í framhaldi af honum tók menntamálaráðuneytið saman yfirlit um málið, dagsett 6. janúar 1978, sem lagt var fyrir ríkisstjórnina og var málið rætt á fundum hennar 11. og 12. janúar. Voru ráðherrarnir sammála um að láta halda áfram þátttöku í athugun málsins.

Samgönguráðuneytið hafði fyrir fundinn og jafnan síðan í tíð þeirrar ríkisstjórnar, sem þá sat, látið í ljós, að það hefði ekki áhuga á afskiptum af þessu máli þar eð það teldi málefnið heyra undir menntamálaráðuneytið sem útvarps- og sjónvarpsmál.

Í hinum Norðurlandaríkjunum tóku samgönguráðherrarnir og símamálastjórnirnar hinsvegar fullan þátt í könnun málsins og sátu fundi um það.

Afstaða íslenska samgönguráðuneytisins og þá um leið íslensku símamálastjórnarinnar, sem fer með tæknimál af hálfu útvarpsins, leiddi til þess að menntamálaráðuneytið gekk að nokkru leyti inn á svið þessara aðila, m. a með því að stuðla að því að fulltrúar voru sendir á alþjóðafjarskiptaráðstefnuna í Genf 10. janúar til 15. febrúar 1977 þar sem Evrópuþjóðum meðal annarra var úthlutað staðsetningu og rásum fyrir beinar sendingar frá gervihnöttum vegna útvarps og sjónvarps.

Samgönguráðuneytið taldi ekki tök á að sinna þessum fundi, en að áliti menntamálaráðuneytisins var hann afar mikilvægur, enda kom í ljós að hlutur Íslands hefði að miklu leyti orðið fyrir borð borinn, ef við hefðum ekki átt þar fulltrúa. Samþykkt var að senda verkfræðingana Gústav Arnar og Hörð Frímannsson á fundinn og sat hinn síðarnefndi hluta fundarins. Ákveðið hafði verið að Sigurður Þorkelsson, forstjóri, sækti fundinn, en af því gat ekki orðið.

Gert er ráð fyrir að gervihnöttum fyrir þessa þjónustu verði raðað á baug í u. þ. b. 36 000 km hæð yfir miðbaug. Verkefni ráðstefnunnar var að úthluta aðildarríkjunum stað og rásum fyrir gervihnetti á ofangreindum baugi og ákveða umfang þeirra geisla, sem hverju ríki er leyfilegt að senda út frá gervihnöttum sínum. Er miðað við að geislinn nái sem skemmst út fyrir umráðasvæði hvers ríkis, en í fáeinum tilfellum var gerð undantekning frá þessu atriði með samþykki þeirra ríkja sem hlut áttu að máli. Nefna má, að Norðurlandaríkin vildu hvert um sig senda út, auk eigin geisla, geisla sem næði yfir þau öll. Vegna fjarlægðar Íslands frá öðrum Norðurlandaríkjum var ekki hagkvæmt að láta Norðurlandageislann ná hingað. Hinsvegar þótti rétt að fara fram á handa Íslandi sömu staðsetningu fyrir gervihnött með hliðsjón af æskilegu samstarfi um smíði og rekstur gervihnatta. Er þá haft í huga að sérstökum geisla yrði beint til Íslands frá gervihnetti á þessum stað. En með hliðsjón af þeim möguleika að ekki yrði, af einhverjum ástæðum, af slíku samstarfi við

önnur Norðurlandaríki, var einnig sótt um aðra og vestlægari staðsetningu gervihnattar fyrir Ísland, sem myndi vera heppilegri með tilliti til þarfa Íslands eins.

Niðurstaða Genfar-ráðstefnunnar 1977 varð sú, að því er Ísland varðar, að úthlutað var 5 rásum frá gervihnetti, staðsettum yfir miðbaug og 31. gráðu vestlægrar lengdar og 3 rásum frá 5 gráðum austlægrar lengdar. Í seinna tilvikinu er um að ræða geisla, sem nær yfir Ísland og Færeyjar og hluta af Grænlandi en í sama geisla fá Danir til umráða 2 rásir. Hinum Norðurlandaríkjunum fjórum var úthlutað 2 rásum hverju með þjónustusvæði, sem nær til þeirra allra, auk 3 rása fyrir eigið landssvæði. Á þann hátt fengust 8 rásir, sem ná til þeirra sameiginlega.

Hverju ríki var yfirleitt aðeins úthlutað 5 rásum og var þessi niðurstaða því hagfelld fyrir Ísland.

Ráðstefnan í Genf ákvað grundvöllinn fyrir gervihnattanotkun aðildarríkja varðandi sjónvarp og útvarp og var því mjög þýðingarmikil. Ákvarðanir ráðstefnunnar tóku gildi 1. janúar 1979 og munu gilda í a. m. k. 15 ár.

Með úrslitum ráðstefnunnar í Genf verður að telja að Íslendingar hafi tryggt sér allgóða aðstöðu í þessu efni nú og í nánustu framtíð.

Eins og áður segir hefur það verið menntamálaráðuneytið fyrst og fremst sem hefur sinnt gervihnattamálinu, enda var fyrrverandi menntamálaráðherra, Vilhjálmur Hjálmarsson, áhugasamur um að full þátttaka væri af Íslands hálfu í könnun málsins. Eftir að Ragnar Arnalds tók við embætti menntamálaráðherra 1. september 1978 breyttist viðhorf að því leyti, að hann var einnig samgönguráðherra og ákvað að af hálfu samgönguráðuneytis, útvarps og símamálastjórnar skyldi einnig vera full þátttaka í athugun málsins.

Afstaða menntamálaráðherra hinna Norðurlandaríkjanna hefur jafnan verið sú, að sjálfsagt sé að kanna málið gaumgæfilega, en áður en þeirri athugun sé lokið bresti forsendur fyrir því að taka jákvæða eða neikvæða afstöðu til málsins. Þessi hefur að sjálfsögðu einnig verið afstaðan af Íslands hálfu. Eigi að síður eru skoðanir um gagnsemi og skaðsemi gervihnattar skiptar þar sem málið ber á góma. Nefna má, að á menntamálaráðherrafundinum á Húsavík 1977 barst ályktun frá norrænum rithöfundum þar sem þeir mótmæltu fyrirhuguðu sjónvarpi um gervihnött.

Gervihnettir munu án efa verða teknir í notkun við dreifingu sjónvarps- og útvarpsefnis hvað sem Íslendingar, eða Norðurlandabúar yfirleitt, segja um málið eða aðhafast í því sambandi. Sem dæmi má nefna, að bæði Frakkland og Sambandslýðveldið Þýskaland undirbúa nú að taka gervihnetti í notkun í þessu skyni. Í Bandaríkjunum og Ástralíu eru þessi mál einnig á döfinni. Ennþá eru Norðurlönd samt meðal hinna fyrstu til að athuga um notkun gervihnatta við dreifing sjónvarps- og útvarpsefnis. Sambandslýðveldið Þýskaland mun hafa ákveðið að verja miklu fé á næstunni til framkvæmda á þessu sviði svo að vænta má skjótra framkvæmda úr þeirri átt.

Vandamálin, sem notkun gervihnatta í þessu skyni hafa í för með sér, eru margvísleg og mjög flókin og kostnaður mikill. Sakir kostnaðar virðist eini möguleikinn fyrir Íslendinga til að hagnýta sér þessa tækni vera sá að hafa samvinnu við aðrar Norðurlandaþjóðir, ef unnt reynist að njóta sama greiðsluhlutfalls í kostnaði og í annarri menningarsamvinnu.

Í norrænu menningarsamstarfi gilda eftirfarandi greiðsluhlutföll fyrir aðildarríkin:

Danmörk	1980 til 1982	23.7%
Finnland	1980 til 1982	16.0%
Ísland	1980 til 1982	0.9%
Noregur	1980 til 1982	18.0%
Svíþjóð	1980 til 1982	41.4%

Til skamms tíma var útilokað af tæknilegum ástæðum að Ísland yrði með í sameiginlegu dreifikerfi sjónvarps- og hljóðvarps um Norðurlönd. Þau viðhorf eru gerbreytt og Ísland, Færeyjar og Grænland hafa mögulega á því, að því er tæknihlið málsins varðar, að vera með. Sérstakur fundur var haldinn 20. apríl 1979 í Danmörku um málið með fulltrúum þessara þriggja landa, einkum til þess að kynna Færeyingum og Grænlendingum málið, en þeir hafa lítil afskipti haft af því til þessa.

Menningarmálaskrifstofan í Kaupmannahöfn hefur hinn 15. nóvember 1979 sent um 400 aðilum á Norðurlöndum skýrsluna um gervihnattamálið til umsagnar, þ. á m. eru þessir á Íslandi:

Menntamálaráð Íslands, Ríkisútgáfa námsbóka (Námsgagnastofnun), Fræðslumyndasafn ríkisins, Háskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, Póst- og símamálastjóri, Ríkisútvarpið, Íslensk málnefnd, Biskupsstofa, Æskulýðsráð ríkisins, Hagstofa Íslands, Þjóðleikhúsið, Samband ísl. sveitarfélaga, Menningar- og fræðslusamband alþýðu, Bréfaskólinn, Fræðsludeild Sambands ísl. samvinnufélaga, Kvenfélagasamband Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Leikfélag Reykjavíkur, Bandalag ísl. leikfélaga, Lögmannafélag Íslands, Samband grunnskólakennara, Hið ísl. kennarafélag, Félag skólastjóra og yfirkennara á grunnskólastigi, Landssamband framhaldsskólakennara, Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE), Stúdentaráð Háskóla Íslands, Samtök íslenskra kennaraskólanema, Æskulýðssamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag ísl. skáta, Barnaverndarráð Íslands, Stórstúka Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Bóksalafélag Íslands, Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Landsamband iðnaðarmanna, Farmanna- og fiskimnnasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Verkamannasamband Íslands, Iðnnemasamband Íslands, Landssamband ísl. verslunarmanna, Bandalag háskólamanna, Blaðamannafélag Íslands, Félag kvikmyndagerðarmanna, Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF), Félag kvikmyndahúsaeigenda, Íþróttasamband Íslands, Íslenska höfundarréttarnefndin, Bandalag ísl. listamanna, Rithöfundasamband Íslands.

Ágrip af heildarskýrslunni fer hér á eftir:

„Hvers vegna norrænt hljóðvarps- og sjónvarpssamstarf?

— Hugmyndin um að útvarpa innlendum hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrám um öll Norðurlönd er sprottin af áhuga á að efla norræna menningarsamvinnu. Gervitungl getur reynst árangursríkt hjálpartæki í þessu skyni.
— Aukið útvarpssamstarf á Norðurlöndum yrði styrkjandi þáttur í samspili við menningaráhrif frá löndum og málsvæðum utan Norðurlanda. Þessi styrking gæti sérstaklega reynst mikilvæg ef mikið verður um hljóðvarps- og sjónvarpssendingar um gervitungl frá öðrum Evrópulöndum.
— Dreifing allra innlendra hljóðvarps- og sjónvarpsdagskráa mundi gefa notendum kost á efnisframboði sem löndin hafa hvert fyrir sig ekki möguleika á að bjóða. Almenningi yrði þar með gert tiltækt umfangsmikið dagskrárefni sem spannar stórt svið.
— Aukin not af dagskrám grannlandanna munu stuðla að meiri gagnkvæmum málskilningi.
— Aukið útvarpssamstarf á Norðurlöndum gæti einnig bætt menningarlega aðstöðu tungumáls- og þjóðernislegra minnihlutahópa.

Um hvaða atriði fjallar álitsgerðin?

Í skýrslunni er gerð grein fyrir athugun á norrænu hljóðvarps- og sjónvarpssamstarfi sem felur í sér, að öllum norrænum landsdagskrám er útvarpað um gervitungl um öll Norðurlönd (hinn svonefndi „heildarkostur"). Auk þess er í skýrslunni lýst samstarfi sem felst í því, að samnorrænni, ritstýrðri sjónvarpsdagskrá er

útvarpað um öll Norðurlönd (svonefndur „ritstýringarkostur“). Jafnframt er gerð grein fyrir möguleikum til að auka norræna dagskrárdreifingu með notkun jarðdreifikerfis.

Í þessu ágripi er einungis fjallað um „heildarkostinn“.

Hve margar dagskrárrásir getur orðið um að ræða?

Öllum þeim sjónvarpsdagskrám, sem nú er til að dreifa á Norðurlöndum, yrði unnt að útvarpa til austurhluta Norðurlanda, þ. e. Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar. Fimm sjónvarpsdagskrám hið mesta yrði unnt að útvarpa til vesturhluta Norðurlanda, þ. e. Íslands, Færeyja og Grænlands.

Öllum norrænu hljóðvarpsdagskránum, ellefu að tölu, væri unnt að útvarpa til austursvæðisins og hugsanlega a. m. k. tíu hljóðvarpsdagskrám til vestursvæðisins. Ennfremur verður hægt að senda valtækan tungumálatexta með sjónvarpsefni og hugsanlega skýringartal á valtæku tungumáli.

Þegar til lengdar lætur verður unnt að taka hið jarðbundna dreifikerfi í hverju einstöku landi til annarra sendinota, og ætti það að auðvelda aðgerðir til að draga úr miðstýringu innlendrar hljóðvarps- og sjónvarpsstarfsemi.

Hverjar verða afleiðingarnar fyrir áhorfendur og hlustendur?

Sjónvarpsáhorfendur og hlustendur fá aðgang að innlendum dagskrám grannþjóðanna. Það mun stuðla að því að vekja áhuga og skilning á málefnum nágrannalandanna og auka þekkingu á þeim.

Valmöguleikar allra sjónvarpsáhorfenda og hlustenda á Norðurlöndum munu aukast. Á austursvæði Norðurlanda verður unnt að velja um sjö sjónvarpsrásir og ellefu hljóðvarpsrásir og á vestursvæðinu um fimm sjónvarpsrásir og hugsanlega a. m. k. tíu hljóðvarpsrásir.

Möguleikarnir á viðtöku sjónvarps- og hljóðvarpsdagskráa nágrannalandanna munu taka til allra áhorfenda og hlustenda í hverju einstöku landi, en ekki eins og nú aðeins þeirra sem búa í landamærahéruðunum.

Sjónvarpsdagskrárnar munu að nokkru marki verða þýddar og búnar texta eða tali á fleiri en einu máli. Þetta gerir þær aðgengilegri að því er málið varðar en dagskrár grannþjóðanna eru nú.

Framlög rithöfunda og annarra listamanna til dagskrárefnis geta náð til fleiri áhorfenda og hlustenda.

Aðgangur að auknu framboði sjónvarps- og hljóðvarpsefnis mun á heildina litið tæpast hafa veruleg áhrif á þátttöku í annarri menningar- og félagslegri starfsemi.

Aukið samstarf útvarpsstofnana skapar möguleika á betri þjónustu fyrir þjóðernis- og tungumálslega minnihluta.

Dreifing hljóðvarps- og sjónvarpsdagskráa um gervitungl um Norðurlönd öll hefur í för með sér, að þeir sem flust hafa til eins landsins frá einhverju hinna landanna fá betra færi á að fylgjast með atburðum í heimalandinu og halda tengslum við tungumál og menningu.

Hvernig er líklegt að fólk almennt noti sér efnisframboðið?

Gera má ráð fyrir að sjónvarpsnotkun aukist eitthvað. Trúlega mun aukningin fyrst og fremst verða hjá þeim hópum sem nú þegar horfa mikið á sjónvarp.

Aukningin verður sennilega mest á þeim svæðum, þar sem menn eiga nú engan eða aðeins takmarkaðan kost á sjónvarpi. Á svæðum þar sem nú þegar eru tvær eða fleiri sjónvarpsrásir í boði er búist við óverulegri meðalaukningu.

Notkun grannlandarásanna mun að líkindum verða á kostnað innlenda sjónvarpsins, enda þótt innlendu rásirnar verði einnig í framtíðinni mest nýttar.

Gæta mun tilhneigingar til að velja fremur hið léttara efni á grannlandarásunum, jafnframt því að fólk horfi minna á slíkt dagskrárefni í heimasjónvarpinu.

Einnig kann að verða vart vissrar tilhneigingar til að hafna fræðandi dagskrárefni. Jafnvel þótt það verði lítill hluti áhorfenda sem fylgist með slíku efni mun engu að síður talsverður fjöldi manna þannig fá fræðslu um nágrannalöndin í sjónvarpinu.

Börn eru einn sá hópur áhorfenda sem trúlega mun auka sjónvarpsafnot sín þegar norræn dagskrárdreifing kemur til sögunnar. Þýðing sjónvarpsins fyrir þennan hóp kann þess vegna að aukast bæði í jákvæðu og neikvæðu tilliti. Jákvætt atriði er, að börnin fá aðgang að fjölbreyttara efnisvali og þar með einnig að fleiri þáttum sem sérstaklega eru sniðnir við hæfi þeirra. Það er einnig jákvætt fyrir norræn menningartengsl, að börn og unglingar komist snemma í snertingu við tungu og menningu grannþjóðanna. Hættan á neikvæðum áhrifum minnir á hversu áríðandi er, að hlutverki og inntaki fjölmiðla verði aukinn gaumur gefinn í skólum og fullorðinsfræðslu.

Hljóðvarpshlustun mun tæplega aukast að ráði.

Hver verða áhrifin á málskilning?

Gagnkvæmur málskilningur þeirra sem mæla á dönsku, norsku og sænsku ætti að geta tekið framförum.

Skilningur Finna, Íslendinga og Færeyinga á skandínavísku málunum ætti einnig að geta aukist. Hins vegar er þess tæpast að vænta að skilningur hinna þjóðanna á finnsku, íslensku og færeysku aukist að marki.

Áhrifin á málskilning munu trúlega koma fram á löngum tíma. Gera má ráð fyrir, að skjótust verði aukningin á skilningi barna á tungum grannþjóðanna.

Hverjar verða hinar dagskrárlegu afleiðingar?

Varðandi úrlausnir á dagskrársviðinu eru í skýrslunni eftirfarandi atriði lögð til grundvallar:

— Dagskrárstarfsemin í hverri einstakri útvarpsstofnun skal, þótt norræn dagskrárdreifing um gervitungl komi til sögu, mótuð samkvæmt innlendum dagskrárreglum, án breytinga á reglum um ábyrgð á dagskrárefni og án röskunar á málfrelsi. Sjálfstæði og sjálfræði útvarpsstofnana skal vera óhaggað.
— Skyldur hinna norrænu útvarpsstofnana gagnvart innlendum notendum skulu vera grundvöllur starfseminnar eftir sem áður, þótt norræn dagskrárdreifing komist á. Gert er ráð fyrir, að jafnframt taki útvarpsstofnanirnar tillit til þess, að sendingar þeirra ná til notenda utan heimalandsins.
— Það verður úrlausnarefni útvarpsstofnananna í sameiningu að haga svo dagskrárstarfseminni og framboði efnis, að tilgangi dagskrárdreifingarinnar verði náð. Eðlilegt og æskilegt mun reynast, að vissar breytingar verði á starfsemi útvarpsstofnananna ef gervitunglasamvinna kemst á.

Sjónvarpssamstarfið.

Í skýrslunni eru sett fram eftirfarandi stefnumið, að því er varðar samvinnuna á sviði sjónvarps:

— Samhæfa ber kaup og sendingar dagskrárefnis frá löndum utan Norðurlanda, m. a. til að komast hjá að hlutur vissra tegunda slíks efnis í heildarframboðinu verði fyrirferðarmeiri en góðu hófi gegnir.
— Útvarpsstofnanirnar þurfa að vinna að þróun dagskrárstarfseminnar með það að markmiði að bæta efnisframboð fyrir fámenna notendahópa.
— Norræn samframleiðsla á dagskrárefni ætti að geta aukist.

— Forðast ber, að dýrir og mikilsháttar innlendir dagskrárþættir verði undir í samkeppni við efni sem samtímis er á boðstólum á grannlandarásunum. Æskilegt er, að útvarpsstofnanirnar sýni gagnkvæma tillitssemi í þessu skyni.
— Með endursýningum ber að tryggja áhorfendum færi á að sjá dagskrárefni sem framleitt er í þeirra eigin landi.

Gert er ráð fyrir að útvarpsstofnanirnar komi sér saman um framkvæmda- og skipulagsform fyrir dagskrársamstarf í samræmi við þau dagskrárlegu stefnumið sem hér er lýst.

Samstarf útvarpsstofnananna um gervitunglasjónvarp má skoða sem framhald og útfærslu núverandi Nordvisionsamstarfs og annarrar samvinnu þeirra. Ekki er talin þörf á að koma á fót sérstöku nýju samnorrænu skipulagskerfi vegna dagskrársamstarfs stofnananna.

Ekki er loku fyrir það skotið, að líða kunni tíu til tuttugu ár eftir að dagskrárdreifing hefst þar til meginþorri heimila hefur komið sér upp búnaði sem nauðsynlegur er til að taka við sendingum frá gervitungli. Þegar frá upphafi dagskrárdreifingar þurfa útvarpsstofnanirnar samt sem áður að hafa hliðsjón af því, að unnt er að taka við sendingum þeirra um öll Norðurlönd.

Jafnframt er gert ráð fyrir að samstarf og samhæfing milli útvarpsstofnana fari vaxandi í áföngum. Þá fyrst er tenging við gervitunglakerfið er orðin sem næst almenn getur sú samhæfing, sem um er ræða á dagskrársviðinu, komið til fullra framkvæmda.

Hve mikið þarf að þýða?

Enda þótt gagnkvæmur tungumálaskilningur norrænna þjóða sé tiltölulega mikill verður nokkur þýðingarþjónusta nauðsynleg til að sjónvarpsefnið verði að fullu aðgengilegt fyrir áhorfendur í nágrannalöndunum.

Haga ber þýðingastarfseminni þannig, að byrjað verði í tiltölulega smáum stíl en síðan færðar út kvíarnar, ef þörf verður talin á því. Þýðingar á og af finnsku og af íslensku ættu að hafa forgang. Miðað er við, að verulegur hluti íslenskra áhorfenda geti skilið talaða eða textaða dönsku, norsku og sænsku. Ekki ætti að leggja jafnmikla áherslu á frummálstextun dagskrár á dönsku, norsku og sænsku, þar sem gagnkvæmur málskilningur þar í millum er nú þegar mikill. Við dagskrárefnið má annaðhvort setja texta eða láta fylgja tal á fleiri málum en einu. Af kostnaðarsökum ætti að svo stöddu að velja fremur textun en „talgerðir".

Lagt er til að Norðurlandaríkin taki í sameiningu ákvörðun um umfang og tilhögun þýðingaþjónustunnar.

Hljóðvarpssamstarfið.

Hljóðvarpssendingum um gervitungl verður einungis unnt að ná með staðbundnum viðtækjum, þ. e. ekki tækjum sem hægt er að bera með sér. Þetta takmarkar möguleikana á að auka norrænt dagskrársamstarf á sviði hljóðvarps.

Áhuginn á að taka á móti hljóðvarpssendingum frá norrænum grannlöndum verður trúlega mestur í þeim löndum, þar sem aðeins er til að dreifa einni innlendri dagskrá. Tónlistarþættir, einkum létt tónlist, eru að líkindum sú tegund hljóðvarpsefnis sem mundi laða að sér flesta norræna hlustendur. Dagskrárframboð á þeim tímum sólarhringsins er sendingar falla niður í einstökum löndum munu sennilega vekja áhuga. Vegna tungumálaörðugleika verður hlustun á talþætti væntanlega takmörkuð. Sé litið til langs tíma ætti þó ekki að vera loku fyrir það skotið að sá aukni málskilningur sem gert er ráð fyrir að hugsanlegt NORDSAT-kerfi hefði í för með sér skapi skilyrði til að stærri hluti hlustenda geti notið talþáttanna.

Samnorræn tónlistarrás er sérstaklega áhugaverður möguleiki að því er varðar þróun dagskrársamstarfsins.

Hvað um auglýsingarnar?

Á Íslandi eru auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi. Finnar hafa auglýsingar eingöngu í sjónvarpi. Danir, Svíar og Norðmenn hafa með stjórnmálalegum ákvörðunum bannað auglýsingar í útvarpssendingum (hljóðvarpi og sjónvarpi). Í skýrslunni eru reifaðar leiðir til að komast hjá því að auglýsingaþættir nái til danskra, sænskra og norskra áhorfenda. Ef engin þessara leiða reynist nothæf í framkvæmd verður lausn vandans sennilega komin undir breytingu eða hnikun á afstöðu einstakra ríkja Norðurlanda til auglýsinga í sjónvarpi.

Hvernig á að haga tæknilegri uppbyggingu NORDSAT-kerfisins?

Tæknilega könnunin hefur leitt í ljós, að:

NORDSAT-kerfið ber að miða við gervitungl er hvert um sig hafi búnað fyrir fimm sendirásir til austursvæðis Norðurlanda og þrjár sendirásir til vestursvæðisins. Til reglulegs reksturs þarf þrjú gervitungl á braut, tvö í notkun og eitt varatungl.

Gervitunglin munu samanlagt geta annað átta sendirásum til austursvæðisins og fimm sendirásum til vestursvæðisins. Vesturrásunum verður ekki unnt að fjölga vegna alþjóðlegra tíðnireglna.

Unnt verður að senda valtækar textagerðir fyrir sjónvarpsefni (miðað við dagskrártextun á mismunandi málum) með notkun texta-sjónvarpskerfis.

Hægt verður í sjónvarpi að senda aukatal á mismunandi málum, svo og að senda sjónvarpsdagskrár með fullkomnu stereo-hljóði, en forsenda þess er að þróað verði nýtt flutningskerfi. Ekki verður unnt að skipta um flutningskerfi eftir að starfsemin er hafin nema valda notendum miklum tilkostnaði. Af þeim sökum er í skýrslunni mælt með því, að það flutningskerfi sem valið verður fyrir NORDSAT verði miðað við að fullnægja eftirfarandi kröfum:

Sjónvarpsefni sé unnt að senda með fullkomnu stereo-hljóði og með skýringartali (með mono-hljóði) á nokkrum valtækum rásum.

Á hverri gervitunglsrás sé unnt að senda eina sjónvarpsdagskrá og a. m. k. tvær hljóðvarpsdagskrár með stereo-hljóði.

Með notkun slíks kerfis verður um NORDSAT unnt að senda a. m. k. sextán hljóðvarpsdagskrár til austursvæðis Norðurlanda og a. m. k. tíu hljóðvarpsdagskrár til vestursvæðisins.

Unnt verður að nota venjuleg sjónvarpsviðtæki í sambandi við NORDSAT-kerfið, en viðbótarbúnaður verður nauðsynlegur til að ná sendingum frá gervitunglunum, hvort sem um er að ræða einstaklingsmóttöku eða móttöku um sameiginlega loftnetsmiðstöð.

Þegar um verður að ræða einstaklingsmóttöku (og oftast einnig í sambandi við móttöku um loftnetsmiðstöð) mun þurfa sérstaklega búin sjónvarpsviðtæki til að taka við dagskrártexta. Ennfremur þarf aukabúnað, ef óskað er eftir stereo-hljóði í sjónvarpi.

Hvenær getur kerfið orðið tilbúið til reksturs?

Að því tilskildu, að ekki komi til meiriháttar örðugleika meðan unnið verður að smíði gervitunglanna og að því að koma þeim á braut, getur tilraunarekstur með 5 + 3 rásum (fimm rásum til austursvæðis Norðurlanda og þremur rásum til vestursvæðisins) hafist í fyrsta lagi sex árum eftir að tekin er ákvörðun um að koma NORDSAT-kerfinu á laggirnar.

Reglulegur rekstur með 5 + 3 rásum getur hafist sjö til átta árum eftir ákvörðunarárið.

Reglulegur rekstur með 8 + 5 rásum getur hafist átta árum eftir ákvörðunarárið.

Þessi framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir að ekkert verði hafst að fyrr en fyrir liggur þingleg stefnuákvörðun um að stofna til NORDSAT.

Þennan undirbúningstíma má stytta um allt að tvö ár, en forsenda þess er að tekin verði sérstök ákvörðun um að halda áfram tæknilegum athugunum, að meðtöldu þróunarstarfi. Sérákvörðun um áframhaldandi tækniathuganir verður þá að fara á undan hugsanlegri fullnaðarákvörðun um að stofna til NORDSAT.

Hvað kostar NORDSAT?

NORDSAT mun hafa í för með sér útgjöld af ýmislegum toga, sumpart vegna þess búnaðar sem nauðsynlegur er til að hin einstöku heimili geti tekið á móti sendingunum, sumpart vegna fjárfestingar í hinu tæknilega sendikerfi og sumpart vegna tæknilegs reksturs og dagskrárstarfsemi.

Allur kostnaður er tilgreindur í dönskum krónum og miðað við verðlag í janúar 1979.

Hvað kostar sendikerfi og dagskrárstarfsemi?

Sá kostnaður, sem tengist dagskrárstarfseminni, er sumpart háður ákvörðunum um umfang þýðingaþjónustu, sumpart kominn undir samningum, m. a. við samtök eigenda höfundar- og flutningsréttar. Í skýrslunni eru sett fram nokkur dæmi um kostnaðartölur af þessu tæi.

Kostnaður vegna sendikerfisins tekur annars vegar til nauðsynlegrar fjárfestingar, hins vegar til tæknilegs reksturs kerfisins.

Meðaltalsársgreiðslur fyrir Norðurlandaríkin öll svara samanlagt til u. þ. b. 350/280 milljóna danskra króna á ári, háð umfangi þýðingaþjónustunnar.

Í þessum tölum er talinn kostnaður við að koma sendikerfinu á laggirnar, tæknilegan rekstur og dagskrárstarfsemi. Þar af nema greiðslur vegna sendikerfisins og tæknilegs reksturs 240 millj. d.kr. á ári. Stofnkostnaðarútgjöld eru samanlagt u. þ. b. 2 milljarðar d. kr. Kerfið telst hér tæknilega komið á laggirnar þegar 99% hið minnsta af íbúum í hverju landi hafa möguleika á að taka á móti sendingum frá gervitunglunum ef þeir afla sér viðtökubúnaðar.

Í áætluðum tæknilegum kostnaði er reiknað með kostnaðarauka við að gervitungl misfarist og 20% álagi vegna ófyrirséðra útgjalda. Tilgreindar tölur um tæknilegan kostnað miðast við verðlag í opnu útboði. Takmarkanir á útboðsframkvæmd geta leitt til mun meiri kostnaðar.

Þær tölur, sem nefndar eru um dagskrárkostnað, ber að skoða sem reikningsdæmi. Þessi útgjöld munu verða algerlega undir því komin hvaða ákvarðanir kunna að verða teknar að því er varðar þýðingaþjónustu og hvaða tilhögun verður valin í sambandi við dagskrárstarfsemina að öðru leyti.

Í þeim kostnaði, sem tekinn er saman hér á undan, er annars vegar fólginn kostnaður sem greiddur yrði af Norðurlandaríkjunum sameiginlega, svo sem vegna gervitunglanna, hins vegar kostnaðarþættir sem hvert einstakt land greiðir beint, t. d. þóknun til höfundaréttareigenda.

Í eftirfarandi reikningsdæmi er gert ráð fyrir, að kostnaði þeim, sem löndin greiða sameiginlega, sé skipt í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu hvers lands. Í skýrslunni er einnig getið annarra reglna um skiptingu sameiginlegs kostnaðar.

Meðaltalsárgreiðslna (miðað við tvo kosti um þýðingaþjónustu)

Danmörk	76/60	millj. d.kr. á ári
Finnland	53/42	millj. d.kr. á ári
Ísland	5/4	millj. d.kr. á ári
Noregur	62/50	millj. d.kr. á ári
Svíþjóð	140/110	millj. d.kr. á ári

Til viðbótar kemur dagskrárkostnaður, samtals um 16 millj. d.kr., sem ekki er skipt á löndin, en gert er ráð fyrir að hann greiðist af hverju landi fyrir sig.

Í reikningsdæminu er gert ráð fyrir, að kostnaður vegna jarðstöðva- og endurvarpsstöðva greiðist af hverju landi fyrir sig. Þá afstöðu tóku fulltrúar Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar í nefndinni. Fulltrúar Noregs telja óeðlilegt, að ekki sé litið á jarðstöðva- og endurvarpsstöðvakerfið sem hluta af sendikerfinu og þar með hluta af hinu samnorræna verkefni. Framkvæmdaleg rök kunni þó að hníga að því, að ábyrgð á jarðstöðvunum og fjármögnun þeirra sé í höndum hvers einstaks lands.

Fulltrúi Íslands telur, að kostnað við bæði jarðstöðvar og endurvarpsstöðvar beri að greiða af Norðurlandaríkjunum sameiginlega, þar sem stöðvarnar séu hluti af dreifikerfinu.

Hver verður kostnaðurinn fyrir hinn einstaka notanda?

Hinn einstaki notandi mun annars vegar þurfa að greiða sinn hluta af kostnaði hins opinbera, hins vegar nauðsynlegan móttökubúnað.

Hinn opinberi kostnaður (sendikerfi og dagskrárstarfsemi) svarar til

— u. þ. b. 15 d.kr. á ári á hvern íbúa Norðurlanda
— u. þ. b. 40 d.kr. á ári á hvert „sjónvarpsheimili“ á Norðurlöndum
— u. þ. b. 130 d.kr. á ári á hvern notanda sem aflar sér búnaðar fyrir gervitunglakerfið. (Þessi tala er reiknuð miðað við eftirgreindar forsendur.)

Í fyrsta reikningsdæminu er kostnaðinum skipt á alla íbúa Norðurlanda. Í öðru reikningsdæminu er kostnaðinum skipt á öll „sjónvarpsheimili“ á Norðurlöndum, án tillits til hvort þau taka á móti NORDSAT-sendingum eða ekki.

Við útreikning síðustu fjárhæðarinnar, 130 d.kr., er gert ráð fyrir, að einungis þeim heimilum sem hafa aflað sér búnaðar fyrir kerfið verði ætlað að standa undir kostnaðinum við að koma NORDSAT-kerfinu á laggirnar og reka það. Þá verður að taka lán til að koma sendikerfinu upp og standa straum af árlegum útgjöldum fyrstu árin þegar fáir hafa enn aflað sér móttökubúnaðar. Í útreikningnum er gert ráð fyrir, að greiðslan á hvern notanda skuli vera hin sama (á föstu verðgildi) ár hvert.

Ennfremur er gert ráð fyrir, að fjöldi notenda þróist með sama hætti og þegar sjónvarpsstarfsemi hófst á Norðurlöndum.

Fjárhæðin 130 d.kr. á notanda á ári er reist á þeirri forsendu, að öll lán skuli hafa verið endurgreidd 12 árum eftir að reglulegar dagskrársendingar hefjast.

Kostnaður vegna nauðsynlegs búnaðar til að taka á móti sjónvarpssendingum, án stereo-hljóðs og skýringartals, er áætlaður sem hér segir:

a) Einstaklingsmóttaka:
   — móttökubúnaður ..... 2 500—3 000 d.kr.
   — uppsetning ..... 2 000—3 500 d.kr.

b) Móttaka um sameiginlega loftnetsmiðstöð:
   — 7 sjónvarpsrásir (á við austursvæði Norðurlanda) 1 000—3 000 d.kr. á notanda (háð fjölda notenda sem hafa tengsl við miðstöðina)
   — 5 sjónvarpsrásir (á einkum við vestursvæði Norðurlanda) 100—3 000 d.kr. á notanda (háð fjölda notenda sem hafa tengsl við miðstöðina).

Hvað þarf að gerast á lagalega sviðinu?

Dreifing norræns sjónvarps- og hljóðvarpsefnis frá gervitunglum um öll Norðurlönd er háð því að settar verði réttarreglur um tiltekin atriði.

Viðhlítandi þjóðréttarlegur grundvöllur fyrir norrænt gervitunglakerfi er fyrir hendi innan marka reglna Alþjóðafjarskiptasambandsins. Ekki er talið að til sé að

dreifa neinum þjóðréttarlegum tálmunum að öðru leyti gegn því að koma á laggirnar norrænu gervitunglakerfi.

Norræn dagskrárdreifing um gervitungl krefst nokkurra breytinga á gildandi útvarpsrétti í hinum einstöku löndum.

Í sumum landanna verður að gera breytingu á innlendri löggjöf (eða tilsvarandi reglum) sem tryggi að unnt verði að senda dagskrár allra Norðurlandaþjóðanna til gervitunglsins frá jarðstöðvum í hverju landanna sem er.

Í útvarpslöggjöf hinna einstöku landa eða öðrum lagareglum þarf ennfremur að kveða á um skyldu útvarpsstofnananna til þátttöku í samstarfinu og til að taka við framkvæmd eigin dagskrárstefnu tillit til þeirra markmiða sem gervitunglasamstarfinu eru sett í hinu norræna milliríkjasamkomulagi.

Í sumum landanna þarf í útvarpslöggjöf eða tilsvarandi reglum að mæla fyrir um fjármögnun gervitunglasamstarfsins.

Því er slegið föstu, að um ábyrgð á dagskrárefni skuli fara eftir reglum sendilandsins.

Þessu ber að haga þannig, að viðkomandi innlendum matsaðila sé einungis ætlað að taka til meðferðar kvartanir sem varða dagskrársendingar frá útvarpsstofnunum eigin lands. Jafnframt sé þeim skylt að framsenda með viðeigandi hætti kvartanir til matsaðila í sendilandi.

Ekki er talin nein þörf á að samræma efnislega refsiréttarlöggjöf eða reglur um hvern sækja megi til ábyrgðar vegna inntaks dagskrársendinga.

Hinar innlendu refsiréttarlegu sérreglur skyldu þannig úr garði gerðar, að svo sem framast er kostur verði skotið loku fyrir möguleika á refsingu í viðtökulandi. Sérreglum á sviði skaðabótaréttar skyldi eftir því sem unnt er hagað á sama hátt og refsiréttarreglunum.

Samnorrænna sendingarréttinda ber að afla með samningum í hverju landi milli útvarpsstofnana og samtaka eigenda höfundar- og flutningsréttar á grundvelli þeirrar tillögu sem samin hefur verið um fyrirmynd að slíkum viðbótarsamningi. Í samningana verði bætt þeim reglum sem nú gilda um afnotakvöð og aðrar takmarkanir á höfundarréttinum.

Tillaga um milliríkjasamkomulag og tilheyrandi samninga.

Samnorrænni dagskrárdreifingu um gervitungl ber að fá stoð í þjóðréttarlega bindandi samkomulagi milli þeirra Norðurlandaríkja er taka þátt í samstarfinu, og skyldi samkomulagið fullgilt af hinum einstöku ríkjum.


Í samkomulaginu ætti að vera kveðið á um meginreglur varðandi dagskrársamstarf og þær skyldur sem ríkin takast á hendur til að koma því í framkvæmd. Samin hafa verið drög að slíku samkomulagi, og eru þau birt í skýrslunni.

Til viðbótar samkomulaginu ber að undirbúa

— samning um auglýsingasendingar,
— samning um umfang og stefnumið varðandi þýðingar á sjónvarpsefni.“

Að máli þessu hafa margir menn unnið í öllum aðildarlöndunum með aðstoð Menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn. Skipulag þessarar vinnu er þannig, að það er að sjálfsögðu unnið á vegum og eftir starfsfyrirmælum ráðherranna. Starfandi er nefnd staðgöngumanna ráðherranna með fulltrúa frá hverju landi. Forstjórar fjarskiptastofnana hafa annast tæknikönnunina og aðstoðarnefndir þeirra, og um hin ýmsu atriði hafa fjallað sérfræðinganefndir.

Fylgir hér yfirlit um skipulag starfsins og fulltrúa Íslands í einstökum nefndum.



Erindisbréf um starfið var birt í Fréttabréfi menntamálaráðuneytisins nr. 29 og hljóðar þannig:

Samráðshópur.

Í ársbyrjun 1979 fór menntamálaráðuneytið þess á leit við ýmsa aðila að þeir tilnefndu fulltrúa í samráðshóp til þess að fjalla um menningarmálaleg viðhorf í tengslum við athugun á hugsanlegu norrænu samstarfi um útvarps- og sjónvarpssendingar um gervihnetti. Skyldi það fyrst og fremst vera hlutverk samráðshópsins að skiptast á skoðunum og upplýsingum við þá fulltrúa stjórnvalda, sem sæti eiga í hinum ýmsu nefndum eða vinnuhópum, er starfa að athugun málsins.

Í þennan samráðshóp völdust:

Frá Tónskáldafélagi Íslands: Atli Heimir Sveinsson
— Rithöfundasambandi Íslands: Njörður P. Njarðvík
— Fél. ísl. myndlistarmanna: Gestur Þorgrímsson
— Félagi kvikmyndagerðarmanna: Þorsteinn Jónsson
— Fél. ísl. tónlistarmanna: Halldór Haraldsson
— Félagi leikstjóra á Íslandi: Sigmundur Örn Arngrímsson
— Félagi ísl. einsöngvara: Elísabet Erlingsdóttir (varam. Rut L. Magnússon)
— Félagi ísl. listdansara: Örn Guðmundsson
— Arkitektafélagi Íslands: Örn Sigurðsson

— Fél. ísl. hljómlistarmanna: Sverrir Garðarsson
— Fél. ísl. augl.teiknara: Hjálmtýr Heiðdal
— Fél. ísl. leikritahöfunda: Örnólfur Árnason
— Stefi: Jón Þórarinsson
— Fél. ísl. leikara: Sigurður Karlsson
— Ísl. tónverkamiðstöðinni: Þorkell Sigurbjörnsson
— Blaðamannafél. Íslands: Kári Jónasson
— Ljósmyndarafélagi Íslands: Leifur Þorsteinsson
— Sambandi flytjenda og hljómplötuframl.:
— — flytjendadeild: Ragnar Ingólfsson
— — framleiðendadeild: Svavar Gests
— Samtökum frjálslyndra og vinstri manna: Magnús Torfi Ólafsson
— Sjálfstæðisflokki: Ellert B. Schram (varam. Erna Ragnarsdóttir)
— Framsóknarflokki: Sigmar B. Hauksson
— Alþýðuflokki: Hjörtur Pálsson
— Alþýðusambandi: Magnús Geirsson
— Vinnuveitendasambandi Íslands: Þorsteinn Pálsson
— Alþýðubandalagi: Svava Jakobsdóttir
— Norræna félaginu: Hjálmar Ólafsson.

Hinn 3. maí 1979 efndi menntamálaráðuneytið til fundar með samráðsnefndinni að Hótel Sögu. Var þar flutt yfirlit um málið og skipst á skoðunum um það.

„Framhaldskönnun varðandi norrænt hljóðvarp og sjónvarp um gervihnött.

Inngangur.

Ráðherranefnd Norðurlanda (samgöngu- og menntamálaráðherrarnir) ákváðu hinn 13. mars 1978 að efnt skyldi til framhaldskönnunar á hugmyndum um norrænt hljóðvarp og sjónvarp um gervihnött. Ákvörðun þessi og framhaldskönnunin styðjast framar öllu við álitsgerðina „Norrænt hljóðvarp og sjónvarp um gervihnött" („Nordisk radio och television via satellit") (NU A 1977:7—9) og þau sjónarmið sem fram hafa komið, annars vegar í umsögnum um álitsgerðina, hins vegar í umræðum um málið í menningarmálanefnd Norðurlandaráðs og á 26. þingi Norðurlandaráðs í Osló í febrúar 1978.

Að framhaldskönnuninni skal unnið með þeim hætti að eigi síðar en 15. júní 1979 liggi fyrir niðurstöður sem geri ráðherranefndinni kleift, eftir umsagnarmeðferð haustið 1979, að taka vorið 1980 ákvörðun um frekari meðferð málsins.

Atriði þau, sem framhaldskönnun þarf að beinast að, má flokka í tæknileg og tækni-/fjárhagsleg mál, mál sem varða menningar- og dagskrárstefnu, lögfræðileg málefni og fjármögnunarmál. Um hvern þessara málaflokka er könnunaraðilum falið að draga saman svo traust gögn, að þjóðþing og ríkisstjórnir geti á grundvelli þeirra tekið afstöðu til málsins.

Könnunin skal að meginstefnu miðast við beina dreifingu um gervihnött á öllum landsdagskrám norrænna hljóðvarps- og sjónvarpsstöðva. Huga ber sérstaklega að möguleikum á að færa út kvíarnar í áföngum og vandamálum sem því kunna að vera samfara. Ætlast er til að könnunaraðilar gefi gaum að hugsanlegri þörf á sérstökum athugunum varðandi móttöku hljóðvarps- og sjónvarpssendinga í Færeyjum og á Grænlandi.

Framhaldskönnunin heyrir beint undir ráðherranefndina. Á vegum ráðherranefndarinnar er sett á stofn staðgenglanefnd.

Hvert ríki ákveður sjálft hverjir vera skuli staðgenglar ráðherranna, en hvert ríki fer með eitt atkvæði í staðgenglanefndinni eins og í ráðherranefndinni.

Þann þátt könnunarinnar sem lýtur að tæknilegum og tækni-/fjárhagslegum atriðum annast norrænu fjarskiptastofnanirnar á grundvelli samkomulags um samstarf á sviði fjarskipta.

Þær þáttakannanir, sem varða menningarmála- og dagskrárstefnu, lögfræðileg efni og fjármögnun, verða unnar af sérfræðinganefndum sem njóta munu aðstoðar sérstakra starfsmanna í tengslum við Norrænu menningarmálaskrifstofuna.

Gert er ráð fyrir samhæfingu á öllum stigum milli hinna einstöku könnunarþátta. Stofna skal samráðsnefnd fyrir stjórnarnefndir þær er fjalla munu annars vegar um hinn tæknilega og tækni-/fjárhagslega þátt könnunarstarfsins og hins vegar þá þætti er lúta að menningar- og dagskrármálum, lögfræðilegum atriðum og fjármögnun.

Tengslin við útvarpsstofnanirnar.

Að því er varðar lausn þeirra atriða, sem falla undir hina menningar- og dagskrárlegu, lögfræðilegu og fjármálalegu þætti könnunarinnar, ber könnunaraðilum að taka tillit til hinnar sjálfstæðu stöðu norrænna útvarpsstofnana gagnvart ríkisvaldinu í einstökum Norðurlandaríkjum.

Tillögur könnunaraðila um tilteknar ráðstafanir skulu einungis miðast við að tryggja skipulagslegar forsendur til að koma megi á þeirri samhæfingu milli útvarpsstofnananna sem talin verður nauðsynleg í sambandi við beina dreifingu á norrænum hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrám.

Könnun tæknilegra og tækni-/fjárhagslegra atriða.

Fjarskiptastjórnir Norðurlandaríkjanna annast um framkvæmd á þeim þætti könnunarinnar sem lýtur að tæknilegum og tækni-/fjárhagslegum atriðum.

Framkvæmdanefnd norræns fjarskiptasamstarfs (NST, þ. e. forstjórar fjarskiptastofnananna á Norðurlöndum) skilar skýrslu til ráðherranefndarinnar.

Könnunarstarf þetta verður unnið sem sérstakt viðfangsefni undir forustu stjórnarnefndar sem skipuð verður fulltrúum fjarskiptastofnananna. Einnig verður norrænu útvarpsstofnununum boðin aðild að stjórnarnefndinni.

Starfið að könnun hinna tæknilegu þátta gervihnattasendinga, fram að þeim tíma er unnt yrði að ganga frá samningi milli Norðurlandaríkjanna, skiptist í tvo áfanga.

Í fyrri áfanga felst að gerð verði ýtarlegri kerfisathugun frá tækni-/fjárhagslegu sjónarmiði. Á niðurstöðum þessa áfanga þarf að vera unnt að reisa stjórnmálalega stefnuákvörðun um málið. Könnunin skal sérstaklega beinast að atriðum sem ráða úrslitum um fjárhagslega hagkvæmni kerfisins og forsendur fyrir framkvæmd þess, svo og að tæknilegum vandamálum sem enn kann að þykja óljóst um hvernig leysa skuli.

Þessi atriði má flokka sem hér segir: Kerfið, jarðbúnaðurinn og geimbúnaðurinn. Undir kerfismálin falla m. a. kerfisbygging og endurnýjunaráætlun fyrir geimbúnaðinn, sending dagskrár til gervihnattarins, svo og burðarflaugar. Könnun varðandi jarðbúnaðinn tekur til atriða í sambandi við móttökubúnað, bæði við einstaklingsbundna og sameiginlega móttöku, gerð móttökubúnaðar m. a. með tilliti til umhverfisverndar, uppsetning móttökubúnaðar með tilliti til byggingartæknilegra aðstæðna og stöðvar til endurvarps á skyggðum svæðum.

Að því er tekur til geimbúnaðarins þarf m. a. að kanna atriði er varða aflmagnara, síu- og fjölsímabúnað, gervihnattaloftnet og orkuöflun ásamt stýringu gervihnattanna.

M. a. með hliðsjón af þeim dagskrárforsendum, sem ráðherranefndin ákveður, skal í niðurstöðum tæknikönnunarinnar einnig gerð grein fyrir tíma- og fjárhagsþáttum í uppbyggingu norræns kerfis fyrir gervihnattaútvarp.

Tilkynna skal ráðherranefndinni um framvindu verksins. Í júní 1979 skal leggja fram skýrslu er orðið geti grundvöllur umsagnarmeðferðar. Vinnan við fyrri könn-

unaráfangann skal síðan beinast að því að gera nánari grein fyrir og styrkja áður fengnar niðurstöður og laga þær að síðari þróun mála.

Síðari áfanginn er háður því að tekin hafi verið jákvæð stjórnmálaleg ákvörðun á samnorrænum vettvangi og felst í gerð rækilegrar verkkönnunar sem leiðir til sundurliðaðrar kerfislýsingar. Sú skilgreining yrði ásamt öðrum nauðsynlegum gögnum lögð til grundvallar útboði á næsta framkvæmdastigi verksins. Í bili ber að gera ráð fyrir að starfið við síðara áfanga hefjist þegar fyrra áfanga lýkur. Niðurstöður síðara áfanga skulu liggja fyrir við gerð framangreinds samnings milli Norðurlandaríkjanna. Þessa tímasetningu ber þó að endurskoða öðru hverju með hliðsjón af almennri framvindu málsins.

Könnun fjarskiptastjórnanna á kostnaði og skipulagsatriðum í sambandi við uppbyggingu og rekstur hugsanlegs norræns gervihnattakerfis skal taka til:

— Geimbúnaðarins (gervihnatta og skotflauga) með tilheyrandi stýribúnaði (hugsanlega eigin stjórnstöð).
— Jarðbúnaðarins, þar með talið
  — kerfi fyrir flutning dagskrárefnis til sendistöðva(r)
  — sendistöð(var)
  — stöðvar til dreifingar á skyggðum svæðum.

Könnunin skal miðast við mismunandi kosti að því er varðar dagskrá og dreifingarsvæði.

Kanna skal mismunandi kosti varðandi öflun búnaðar. Í því sambandi skal gerð grein fyrir möguleikum á framleiðslu hjá norrænum iðnfyrirtækjum og hvaða fjárhagslegar afleiðingar það hefði ef sú leið yrði valin.

Um alla kostina gildir, að gert er ráð fyrir að hver einstök fjarskiptastofnun afli jarðbúnaðar í samræmi við þær reglur sem um starfsemi hennar gilda, þó þannig að tillit sé tekið til hugsanlegs ávinnings af sameiginlegri pöntun.

Leggja skal fram lauslegar tillögur um skipulagslega tilhögun á uppbyggingu og rekstri gervihnattakerfisins, annaðhvort þannig að lýst sé grundvallaratriðum sérstakrar stofnunar sem komið yrði á fót í því skyni eða megindráttum annarrar samstarfstilhögunar. Ennfremur skal gera grein fyrir fjárfestingarþörf og þeim áhrifum sem skipting fjárfestingarútgjalda hinna einstöku landa kynni að hafa á fjárfestingarþörfina, og skal m. a. höfð hliðsjón af mismunandi leiðum við öflun búnaðar, hugsanlegum grundvallarreglum varðandi „sanngjarna arðgjöf", svo og fjármögnunaraðferð.

Innan ramma verkefnis fjarskiptastjórnanna skal einnig gera athugun frá tæknilegu og tæknifjárhagslegu sjónarmiði á þeim valkostum um leiðir til aukins norræns hljóðvarps- og sjónvarpssamstarfs sem gerð er grein fyrir í nefndarálitinu „Sjónvarp yfir landamærin" („TV över gränserna") (annars vegar jarðbundnu neti sendistöðva, hins vegar neti útvarpsstöðva í tengslum við staðbundin strengjadreifikerfi).

Gert er ráð fyrir, að könnun á kostnaði og skipulagsatriðum í sambandi við uppbyggingu og rekstur hugsanlegs jarðbundins kerfis fari fram í hverju landi fyrir sig.

Stjórnarnefndin annast nauðsynlega samræmingu að því er varðar forsendur verksins og skýrslugerð um niðurstöður.

Könnun á atriðum er varða menningarmála- og dagskrárstefnu.

Framhaldskönnun atriða er varða menningarmála- og dagskrárstefnu stýrir norræn sérfræðinganefnd, skipuð fulltrúum menntamálaráðuneytanna og útvarpsstofnananna.

Könnunaráðilum er ætlað að athuga menningar- og dagskrárlegar afleiðingar af samnorrænni dagskrárdreifingu um gervitungl, með hliðsjón af meginmarkmiðum menningarmálastefnu og menningarsamvinnu á Norðurlöndum, þ. e. að stuðla að betri

málskilningi og víðfeðmara menningarsamfélagi norrænna þjóða, skapa skilyrði til að ráðast í mikils háttar verkefni sem ofviða eru hverju landi fyrir sig og m. a. með þessum hætti að efla og auðga menningarlíf í víðtækri merkingu í hinum einstöku löndum og meðal mismunandi þjóðernis- og málhópa á Norðurlöndum.

Í könnunarstarfinu ber og að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið í umsögnum, einkanlega varðandi menningar- og dagskrárleg áhrif hugsanlegs samstarfs.

Norrænt hljóðvarps- og sjónvarpssamstarf með notkun gervihnatta skal íhugað með tilliti til áhrifa þess á aðra þætti fjölmiðlamála.

Taka ber saman yfirlit um niðurstöður af vísindarannsóknum varðandi þýðingu sjónvarps og hljóðvarps fyrir einstaklinga og þjóðfélag, að því leyti sem þær skipta máli í sambandi við samnorræna dagskrárdreifingu um gervihnetti. Gefa ber sérstakan gaum að því hvort ætla megi að notendahættir almennings (áhorfendatími og val dagskrárefnis) muni breytast með auknum valmöguleikum. Kanna skal sérstaklega áhrifin á börn í hópi sjónvarpsáhorfenda.

Á grundvelli reynslunnar, sem fengist hefur á þeim svæðum Norðurlanda þar sem nú er unnt að horfa á dagskrárefni frá grannlöndum að verulegu marki, skal kanna hvaða áhrif framboð á sjónvarpsefni hefur haft á notendahætti á viðkomandi svæðum.

Rannsaka skal t. d. hvort sú staðreynd, að fjöldi manna í Danmörku, Finnlandi og Noregi getur nú horft á dagskrár sænska sjónvarpsins, hefur áhrif á dagskrárstefnuna í Svíþjóð, að því er tekur til dagskrárefnis sem varðar aðstæður í þessum löndum.

Leggja ber mat á hverja þýðingu sú sjónvarpsnotkun, sem nú á sér stað yfir landamæri á Norðurlöndum, hefur í þá veru að efla skilning á granntungunum dönsku, norsku og sænsku.

Lagðar skulu fram tillögur um fyrirkomulag samstarfs milli útvarpsstofnananna að því er varðar m. a. samhæfingu útsendingaráætlana og innkaupa og gerð dagskrárefnis fyrir sjónvarpið. Slíkt samstarf kann að leiða til þess að útsendingartími losni. Ber því að kanna afleiðingar þess, m. a. möguleika á norrænni dagskrársamvinnu á sviðum sem nú eru lítt eða ekki rækt, svo og skilyrði til endurflutnings á norrænu efni.

Þá ber og að leggja fram tillögur um hvernig leysa megi tungumálavandann, en í því sambandi kemur til álita textun sjónvarpsdagskránna.

Gefa skal sérstakan gaum að þeim nýju viðhorfum sem skapast mundu á sviði hljóðvarps með auknu norrænu dagskrársamstarfi.

Könnunaraðilum er einnig falið að fylgjast með áformum annarra þjóða — einkum í grennd Norðurlanda — um að koma á fót gervihnattakerfi til dagskrárdreifingar, svo og að athuga hugsanlegar menningarlegar afleiðingar þess ef ekki yrði stofnað til norræns gervihnattakerfis.

Leggja ber fram tillögur um hvernig haga megi útilokun auglýsingasendinga, að því er varðar þau ríki sem ekki leyfa auglýsingar í útvarpi.

Kanna ber sérstaklega hvaða samstarfsaðgerðum verði við komið þegar á upphafsskeiði kerfisins og hvað sé þá fyrst unnt að framkvæma er uppbyggingu kerfisins er lokið.

Könnunaraðilum er og falið að áætla kostnað af framkvæmd þeirra aðgerða sem tillögur verða gerðar um í menningar- og dagskrármálaþætti könnunarinnar.

Könnun lögfræðilegra atriða.

Athugun á hinum lögfræðilega þætti málsins er falin norrænni sérfræðinganefnd með fulltrúum viðkomandi ráðuneyta, svo og útvarpsstofnananna.

Könnunaraðilar skulu leggja fram tillögur að norrænum samningi um dagskrársamstarf með beinum sendingum um gervitungl. Slíkur samningur skal taka mið af

þeim úrlausnum sem gerðar verða tillögur um í öðrum þáttum könnunarinnar varðandi tæknileg og tækni-/fjárhagsleg atriði, menningar- og dagskrármál og fjármögnun. Við tillögugerðina ber að taka tillit til alþjóðlegra samninga og almennra þjóðréttarreglna og einnig til niðurstaðna þeirra samningaviðræðna sem nú fara fram í geimnefnd Sameinuðu þjóðanna.

Í norrænum milliríkjasamningi yrði m. a. að kveða á um tiltekin meginatriði innlendrar löggjafar varðandi gervihnattasamstarfið. Að því er varðar útvarpslöggjöfina ber í þessu sambandi sérstaklega að gera nánari grein fyrir ábyrgð á dagskrárefni. Ennfremur ber að kanna hvaða breytingar og viðbætur kunni að reynast nauðsynlegar á innlendri löggjöf, t. d. á sviði refsiréttar, skaðabótaréttar og réttarfars. Í öllum Norðurlandaríkjum (nema Íslandi) starfa nú nefndir að endurskoðun höfundarréttarlaga. Í nokkrum landanna eru á döfinni breytingar á útvarpslögum og/eða lögum um ábyrgð á útvarpsefni, svo og á þeim samningum um dagskrárstarfsemi sem sums staðar hafa verið gerðir við útvarpsstofnanirnar. Könnunaraðilar skulu því fylgjast með þróun þessara mála og gera tillögur um breytingar eftir því sem þörf krefur.

Eins fljótt og við verður komið skal haft samband við samtök höfundarréttareigenda á Norðurlöndum.

Endanlega áætlun um dagskrárkostnað er þá fyrst unnt að gera er komist hefur verið að nánari niðurstöðu um tilhögun samninga. Í því sambandi ber að gera grein fyrir hver vera skuli samningsaðili af hálfu notenda annars vegar og rétthafa hins vegar, hvernig háttað skuli samningsgerð fyrir allt Norðurlandasvæðið, hvaða möguleikar séu á að banna sendingu til ákveðins lands eða ákveðinna landa, viðhorfum gagnvart endurvarpi um strengjakerfi, meginreglum varðandi ýmiss konar réttindagreiðslur vegna höfunda og túlkandi listamanna og hvert áætla megi umfang slíkra þóknana, afstöðu til sérreglna í tilteknum löndum (t. d. sjóðafyrirkomulagsins í Noregi), svo og skipan mála á upphafsskeiði hugsanlegs gervihnattakerfis.

Æskilegt er að af hálfu höfundarréttareigenda taki þátt í hinum norrænu viðræðum fáeinir fulltrúar samtaka í hverju landi.

Að höfðu samráði við samtök réttareigenda skulu könnunaraðilar leggja fram tillögur um þær skipulagslegu ráðstafanir sem frá stjórnunar- og kostnaðarsjónarmiði kunna að þykja nauðsynlegar til að fást við réttindamálin þegar til framkvæmdar kæmi.

Nefndin skal ennfremur kynna sér hugsanlegar tillögur um evrópskar tilraunasendingar.

Könnun fjármögnunaratriða.

Fjárhags- og fjármögnunaratriði skulu í samráði við fjarskiptastjórnir og útvarpsstofnanir athuguð nánar af starfsnefnd með fulltrúum viðkomandi ráðuneyta.

Nefndin skal draga saman og meta kostnaðaráætlanir annarra starfshópa sem að könnuninni vinna og leggja á þeim grundvelli fram tillögur að fjármögnunaráætlun fyrir verkefnið í heild. Í áætluninni skulu felast tillögur um skipting kostnaðar milli Norðurlandaríkjanna, svo og tillögur um fjármögnun að öllu eða nokkru leyti með afnotagjaldaviðauka eða af skatttekjum. Ennfremur skal athuga þjóðhagsleg áhrif af mismunandi úrlausnum að því er varðar framleiðslu búnaðar. Þá skal og nefndin, með hliðsjón af tillögum annarra starfshópa, leggja fram tillögur um mismunandi kosti varðandi myndun samnorrænnar stofnunar eða stofnana er beri þá lagalegu og fjárhagslegu ábyrgð sem nauðsynleg verður þegar rekstur er hafinn.

Þar sem þessi mál varða að meira eða minna leyti viðfangsefni og sérsvið annarra starfshópa er nauðsynlegt að gætt verði náinnar samhæfingar í könnunarstarfinu.“

Ed. 138. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

I. kafli, um sáttir, falli niður. Í stað hans komi nýr kafli, sem kallast: I. kafli. Um réttarsáttir.

2. gr.

1. gr. orðist þannig:

1) Héraðsdómari skal leita sátta í einkamálum, ef aðilar eiga forræði á sakarefninu, nema hann telji víst, að sáttatilraun verði árangurslaus vegna eðlis málsins, afstöðu aðila eða annarra ástæðna.

2) Dómari leitar venjulega sátta, þegar verjandi hefur tjáð sig um málið skv. 1. mgr. 106. gr. Þó má hann fresta sáttatilraun, ef hann telur það heppilegt, og jafnan getur hann síðar leitað sátta, þótt það hafi þegar verið gert.

3) Ekki veldur það ómerkingu héraðsdóms í æðra dómi, að sátta hefur ekki verið leitað.

3. gr.

2. gr. orðist þannig:

1) Dómari getur synjað aðilum um að gera réttarsátt, ef hann telur ólögmætt að gera hana, efni hennar óljóst eða ómögulegt að efna hana. Dómari skal kveða upp úrskurð um synjun sína, ef þess er krafist.

2) Gera má réttarsátt um hluta málsefnis, og heldur mál þá áfram að öðru leyti í héraðsdómi. Ef sátt verður um allt annað en málskostnað, skal hann ákveðinn með úrskurði.

3) Gera má réttarsátt um atriði, þótt kröfur um þau hafi ekki verið gerðar í stefnu.

4) Gera má réttarsátt í héraðsdómi um málsefni, sem dæmt hefur verið í héraði, á næstu 9 mánuðum eftir birtingu dóms.

4. gr.

3. gr. orðist þannig:

Í þingbók eða dómabók skal geta réttarsáttar og skulu aðilar eða umboðsmenn þeirra undirrita bókunina. Tekur réttarsáttin þá gildi. Réttarsáttin skal gerð skriflega, og sé hún ekki skráð í heild í réttarbókina, skal leggja hana fram í dómi sem málsskjal. Ef mál heldur áfram að nokkru, skal þess getið í bókuninni, ella er dómsmálinu lokið.

5. gr.

4. gr. orðist þannig:

Réttarsátt er löglegur aðfarargrundvöllur, enda sé hún gildur samningur og fullnægi formkröfum réttarfars.

6. gr.

5. gr. orðist þannig:

1) Höfða má dómsmál með venjulegum hætti til að fá réttarsátt staðfesta eða ógilta að hluta eða öllu leyti.

2) Ef aðili byggir rétt fyrir dómi, þar á meðal fógeta-, skipta-, uppboðs- eða þinglýsingarrétti, á réttarsátt, getur gagnaðili vefengt gildi hennar, og sker dómurinn úr.

3) Héraðsdómari er bundinn af úrlausn hliðsetts dómstóls um atriði, sem hann hefur tekið ákvörðun um.

4) Ákvarðanir héraðsdómara um réttarsáttir má kæra til æðra dóms innan 3 mánaða frá því, að bókað var um hana í þingbók eða dómabók skv. 3. gr.

7. gr.

29. gr. orðist þannig:

1) Með dómsstörf í einkamálum, þar á meðal skipti, fógetagerðir, uppboð og þinglýsingar, fara sýslumenn í sýslum landsins, bæjarfógetar í kaupstöðum, sérstakir héraðsdómarar í sýslum og kaupstöðum, borgarfógetar, sakadómarar og borgardómarar í Reykjavík og lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli. Meðdómendur sitja í dómi eftir reglum laga.

2) Rétt er öllum héraðsdómurum að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns, ef það þykir heppilegt til upplýsinga í máli, enda valdi það ekki verulegum drætti á því.

3) Sá, sem settur er til að dæma ákveðið mál, skal kveða upp dóm í þinghá, þar sem hann er búsettur, nema dómsuppkvaðning í því lögsagnarumdæmi, þar sem mál var flutt, valdi hvorki kostnaðarauka né drætti á dómsuppsögn.

8. gr.

31. gr. orðist þannig:

1) Forseti Íslands skipar reglulega héraðsdómara.

2) Hinir reglulegu héraðsdómarar skulu hafa skrifstofu í lögsagnarumdæmi sínu. Ef sami maður er reglulegur héraðsdómari í tveimur eða fleiri lögsagnarumdæmum, skal dómsmálaráðherra ákveða, hvar skrifstofa eða skrifstofur hans skuli vera nema lög kveði á um það atriði.

9. gr.

Á eftir 37. gr. bætist ný grein, 37.A. gr., og hljóði þannig:

1) Ef deilt er um staðreyndir, sem fram eru bornar sem málsástæður og dómari telur þörf sérkunnáttu í dómi, getur hann skipað 2 meðdómsmenn, sem slíka kunnáttu hafa. Taka þeir að jafnaði sæti í dómi, áður en þing er háð til munnlegra skýrslugjafa, en dómari getur þó kvatt meðdómsmenn til fyrr. Heimilt er að meðdómsmaður sé einn fram að munnlegum flutningi máls eða töku skriflega flutts máls til dóms.

2) Ef mál er umfangsmikið eða sakarefni mjög mikilvægt frá almennu sjónarmiði eða fyrir aðila, er dómara rétt að kveðja til annan embættisdómara eða dómarafulltrúa, sem sitji í dómi með einum sérfróðum meðdómsmanni, eða tvo embættisdómara eða dómarafulltrúa. Til kvaðningar embættisdómara þarf dómari þó samþykki forstöðumanns embættis.

3) Ef meðdómsmaður hefur tekið sæti í dómi, hefur hann þaðan í frá í því máli sömu réttindi og skyldur og hinn reglulegi dómari.

4) Öllum, sem fullnægja lögmæltum skilyrðum, er skylt að gegna meðdómsmannastörfum. Þó gildir þetta ekki um hæstaréttardómara, hæstaréttarritara, aðra embættisdómara og dómarafulltrúa, ráðherra og ráðuneytisstjóra, biskup og presta þjóðkirkjunnar, lögmenn og fulltrúa þeirra, ríkissaksóknara, vararíkissaksóknara,

saksóknara og fulltrúa ríkissaksóknara, rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, lögreglustjórann í Reykjavík og löglærða starfsmenn stofnana þeirra, sem þessir menn stjórna, embættislækna og ljósmæður og forstöðumenn ríkisstofnana, ef málsefnið varðar starfssvið stofnunarinnar.

5) Almenn skilyrði til meðdómsmannastarfa eru: Nægilegur þroski og líkamleg og andleg heilbrigði, óflekkað mannorð, lögræði og fjárforræði. Þá skal meðdómsmaður hafa náð 25 ára aldri. Skilyrði til þátttöku í meðferð einstaks mál eru hin sömu og hjá embættisdómurum skv. 36. gr.

6) Héraðsdómari úrskurðar um skyldu og skilyrði meðdómsmanna, en skjóta má úrskurði hans til æðra dóms með kæru. Sama er um forföll meðdómsmanna.

7) Þegar meðdómsmaður tekur í fyrsta sinn þátt í dómsstörfum við héraðsdómstóla landsins, skal hann undirrita í þingbók drengskaparheit um, að hann muni jafnan gegna slíkum störfum af samviskusemi og óhlutdrægni og fara í öllu að lögum.

8) Héraðsdómari ákveður greiðslur til meðdómsmanna, en dómsmálaráðherra getur kært ákvörðunina til æðra dóms.

9) Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um fógeta-, uppboðs- og skiptarétt.

10. gr.

1. mgr. 38. gr. orðist þannig:

Í Reykjavík og kaupstöðum landsins skal halda bæjarþing til meðferðar allra mála, sem ekki eru sérstaklega undantekin, einu sinni í viku eða oftar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra og á þeim stað og stund, sem ákveðið verður, ef mál eru fyrir hendi. Dómara í kaupstað er vítalaust, þótt niður falli bæjarþing, ef hann vegna embættisferðar í lögsagnarumdæmi sínu getur ekki sótt þing, enda líði aldrei meira en hálfur mánuður milli bæjarþinga. Utan kaupstaða skal halda manntalsþing í hverjum hreppi einu sinni á ári, eins og verið hefur, nema sýslumaður telji þarflaust og dómsmálaráðherra og sýslunefnd samþykki, að hætt skuli að halda manntalsþing eða breyta þeim. Aukadómþing skal halda til meðferðar þeirra mála, sem höfðuð eru utan kaupstaða, þegar þörf gerist og þar í lögsagnarumdæmi, sem dómari ákveður hverju sinni. Dómsmálaráðherra ákveður þingstað. Þingstaður sýslu eða kaupstaðar má vera á skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta, þótt hún sé utan sýslu eða kaupstaðar.

11. gr.

1. mgr. 40. gr. orðist þannig:

Þingmálið er íslenska. Skjölum á erlendu máli skal fylgja þýðing löggilts skjalaþýðanda, ef hans er kostur. Ef aðili, eða vitni, er ekki nægilega fært í íslensku, skal aðili hafa með sér löggiltan dómtúlk til aðstoðar dómara, ef unnt er. Ef ekki er kostur löggilts skjalaþýðanda eða dómtúlks, skal þýðandi staðfesta þýðingu sína fyrir dómi, ef hún er vefengd, og túlkur vinna heit fyrir dómi, um að hann skuli rækja starfann eftir bestu getu. Aðili greiðir skjalaþýðanda og dómtúlki þóknun, en þó skal sú þóknun greidd úr ríkissjóði í einkarefsimálum og barnsfaðernismálum.

12. gr.

Í 42. gr. falli niður 4. og 5. töluliður 1. málsgreinar. Við mgr. bætist: Um bækur þinglýsingardómara fer eftir 8. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978.

13. gr.

1. mgr. 47. gr. orðist þannig:

Fleiri mönnum er rétt að sækja mál í félagi og rétt er að sækja fleiri menn í einu máli, ef dómkröfurnar eru af sömu rót runnar. Ella skal að kröfu verjanda vísa máli frá að því er hann varðar.

14. gr.

53. gr. orðist þannig:

1) Ef sækjandi framselur réttindi þau, sem dómkrafa hans varðar, eftir birtingu utanréttarstefnu, útgáfu réttarstefnu eða, þar sem varnaraðili hefur mætt óstefndur, eftir þingfestingu máls, en áður en það er tekið til dóms, tekur hinn nýi eigandi við málinu í stað hins og í því ástandi, sem það þá var í, enda verður hann þá jafnan að sæta þeim vörnum, er rétt var að hafa uppi gagnvart hinum upphaflega sækjanda, nema viðskiptabréfskrafa sé, enda hafi hinn nýi eigandi hvorki vitað né átt að vita, að mál var höfðað eða að málshöfðun stóð til.

2) Ef sækjandi deyr á þeim tíma, sem í 1. mgr. segir, tekur dánarbú hans við málinu, ef réttindi þau, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Ella falla þau niður að öðru en því, að dæma má dánarbúið til greiðslu málskostnaðar.

3) Ef bú sækjanda er tekið til gjaldþrotaskipta á þeim tíma, sem í 1. mgr. segir, tekur þrotabú hans við málinu, ef réttindi þau, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Þótt svo sé ekki, getur varnaraðili stefnt þrotabúinu inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

15. gr.

54. gr. orðist þannig:

1) Ef varnaraðili afhendir á þeim tíma, sem í 1. mgr. 53. gr. segir, hlut eða réttindi, sem hann er sóttur til að láta af hendi, má sækjandi halda málinu áfram gegn hinum upphaflega varnaraðila. Hinn nýi eigandi verður bundinn við dóm í málinu, nema hann hafi eignast hlut eða réttindi með þeim hætti, að varnir eða réttindi annarra manna yfir hinu afhenta glatist gagnvart honum.

2) Ef varnaraðili deyr á þeim tíma, sem í 1. mgr. 53. gr. segir, tekur dánarbúið við málinu, ef hluturinn eða réttindin, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Ella fellur málið niður að öðru en því, að dæma má dánarbúið til greiðslu málskostnaðar.

3) Ef bú varnaraðila er tekið til gjaldþrotaskipta á þeim tíma, sem í 1. mgr. 53. gr. segir, tekur þrotabú hans við málinu, ef hluturinn eða réttindin, sem dómkrafan varðar, áskotnast því. Þó getur sækjandi lýst því yfir, að hann krefjist aðeins dóms yfir hinum upphaflega varnaraðila persónulega eða að hann óski dóms, sem bæði bindi búið og hinn upphaflega varnaraðila persónulega. Þó að þrotabú verði ekki aðili máls skv. framansögðu, getur sækjandi stefnt því inn í mál til greiðslu málskostnaðar fram til þess, er gjaldþrotaskipti hófust.

16. gr.

4. mgr. 71. gr. falli niður.

Í 5. mgr. komi „fjögurra vikna“ í stað orðsins „viku“.

17. gr.

72. gr. orðist þannig:

Reykjavík, hver kaupstaður landsins og hver sýsla er sérstök dómþinghá. Dómsmálaráðherra getur, eftir tillögu viðkomandi héraðsdómara (forstöðumanns embættis), ákveðið að sameina dómþinghár.

18. gr.

Í 77. gr. falli brott orðin: eða sáttakæra.

19. gr.

Í 80. gr. falli brott orðin: sáttakæra eða.

20. gr.

85. gr. orðist þannig:

Mál til greiðslu launa má sækja í þinghá, þar sem unnið var, eða í einhverri þeirra, ef víðar var unnið. Sjómenn mega sækja slík mál á heimili skips.

21. gr.

86. gr. orðist þannig:

Haldast skulu ákvæði annarra laga um varnarþing.

22. gr.

88. gr. orðist þannig:

1) Í stefnu skal greina svo glöggt sem verða má:

a. Nöfn aðila, nafnnúmer, stöðu og heimili eða dvalarstað.
b. Nöfn fyrirsvarsmanna aðila, ef því er að skipta, nafnnúmer, stöðu og heimili eða dvalarstað.
c. Dómkröfur stefnanda, svo sem fjárhæð kröfu í krónum, bætur fyrir tiltekin skaðaverk, án þess að fjárhæð sé tiltekin, ef enn er óvíst um hana, vexti, ef því er að skipta, ákvörðun á réttindum, lausn undan skyldu, refsingu fyrir tilgreind orð eða athafnir, ómerking ummæla, málskostnað o. s. frv.
d. Málsástæður og önnur atvik, sem þörf er að greina samhengis vegna.
e. Lagarök.
f. Gögn, sem stefnandi hyggst hafa til sönnunar.
g. Dómþing, er mál verður þingfest, og stefnufrest.
h. Áskorun til stefnda að koma fyrir dóm, er málið verður þingfest, svara til sakar og leggja fram gögn.
i. Viðvörun um, að útivistardómur geti gengið, ef stefndi sækir ekki þing, þegar málið skal þingfesta.

2) Rétt er, að aðili sæki þing óstefndur.

3) Þeim einum, er krafa er á hendur gerð, þarf að stefna.

4) Með framhaldsstefnu má auka við kröfur og laga þær, sbr. þó 48. gr. og 2. mgr. 70. gr.

23. gr.

Í 89. gr. falli brott orðin: kvaðningar til sáttafunda. Í sömu grein falli brott orðin: „kvaðning til sáttafundar eða dóms“, en í stað þeirra komi: birting.

24. gr.

Í 92. gr. falli brott orðin: eða sáttakæru.

25. gr.

Í 95. gr. 1. mgr. falli brott orðin: sáttakæru eða.

26. gr.

Í 96. gr. 3. mgr. falli brott orðið: sáttakæra.

27. gr.

Í 97. gr. falli brott orðin: sáttafund eða. Í sömu grein falli brott orðin: sáttakæru eða.

28. gr.

99. gr. orðist þannig:

1) Ef stefndur á heimili eða dvöl í þinghá, þar sem mál skal þingfesta, ber honum þriggja sólarhringa frestur. Sama gildir, ef þingfesta skal mál í Reykjavík, Hafnarfirði, Görðum, Kópavogi, Seltjarnarnesi eða Kjósarsýslu og stefndur á heim-

ili eða dvöl í einhverju þessara lögsagnarumdæma. Sama gildir og, ef þingstaður er hinn sami fyrir tvö eða fleiri lögsagnarumdæmi og stefndur á heimili eða dvöl í einhverju þeirra.

2) Ef stefndur á annars heimili eða dvöl utan þinghár, þar sem mál skal þingfest, skal stefnufrestur vera ein vika.

3) Ef stefndur á heimili eða dvöl erlendis eða ókunnugt er um heimili hans eða dvalarstað, skal stefnufrestur vera einn mánuður.

29. gr.

Brott falli þessi orð 101. gr.: Innan takmarka 99. gr. ákveður dómari stefnufrest, þegar hann gefur út eða ritar á stefnu, ella aðili sjálfur. Ákvörðun dómara um stefnufrest verður ekki skotið til æðra dóms.

30. gr.

103. gr. orðist þannig:

Mál er talið höfðað, þegar dómstefna hefur verið birt, eða, ef verjandi mætir óstefndur, þegar sækjandi gerir kröfu fyrir dómi um fyrirtöku málsins og verjandi tjáir sig þeirri kröfu samþykkan.

31. gr.

105. gr. orðist þannig:

1) Við þingfestingu skal sækjandi leggja fram stefnu með árituðu birtingarvottorði, nema engin stefna hafi verið birt, skriflega greinargerð sína ásamt aðilaskýrslu, ef óskað er að leggja fram slíka skýrslu, svo og þau skjöl, er málatilbúnað hans varða og hann byggir kröfur sínar annars á. Í greinargerð skal greint frá aðilum, málflutningsumboði, sem veita má fleiri en einum löghæfum manni, kröfum, málsástæðum og öðrum atvikum, ef þess þarf til að samhengi málsástæðna sé ljóst, svo og framlögðum sönnunargögnum. Sé þess óskað, að dómari taki munnlegar skýrslur um atvik málsins, skal þess getið, og nefndir þeir, sem skýrslur skulu gefa. Þá skal getið um sýnileg sönnunargögn, sem enn er talið, að þurfi að afla.

2) Dómari getur veitt sækjanda frest til að leggja fram greinargerð, aðilaskýrslu og sönnunargögn skv. 1. mgr., ef aðilar eru á það sáttir eða ef hann telur sækjanda ekki verða krafinn um skjöl þessi þá þegar eða hann má ekki lengja þingið að þessu sinni.

32. gr.

106. gr. orðist þannig:

Verjanda skal veita hæfilegan frest til að taka afstöðu til krafna sækjanda og kanna fram komin gögn. Honum er heimilt með sama hætti og sækjanda að leggja fram skriflega greinargerð og aðilaskýrslu, svo og sönnunargögn.

33. gr.

110. gr. orðist þannig:

1) Ef mál skal flytja skriflega, má dómari veita aðilum frest til að afla skjala og annarra sýnilegra sönnunargagna, ef nauðsyn þykir til vera, enda skal að jafnaði ekki taka munnlegar skýrslur, fyrr en þeim þætti gagnaöflunar er lokið. Báðum aðilum ber að nota sama frest jöfnum höndum til gagnaöflunar, eftir því sem við verður komið. Þegar dómari telur aðila hafa haft nægan gagnaöflunarfrest, skal gefa þeim kost á að fá teknar á dómþingi skýrslur aðila, vitna og mats- og skoðunarmanna. Skal það að jafnaði gert á einu þingi. Þó má taka skýrslur, meðan öflun sýnilegra sönnunargagna fer fram, ef það þarf að gera í öðru lögsagnarum-

dæmi, eða ef sá, sem skýrslu skal gefa, verður fjarverandi vegna lögmætra forfalla, þegar þing verður háð til skýrslutöku:

2) Lögmæt forföll eru:

a. Sjúkdómur aðila sjálfs, vitnis eða mats- og skoðunarmanna, heimamanna þeirra eða annarra, er þeir þurfa að annast eða leita læknishjálpar.
b. Veður, torfærur eða önnur óviðráðanleg atvik.
c. Verulegur vinnumissir eða tjón á atvinnu eða öðrum hagsmunum.
d. Þörf á ferðalagi um langan veg.
e. Embættis- eða sýslunarstörf, sem fyrirfram eru ákveðin og þola ekki bið.
f. Áður ákveðið dómþing.

Dómari úrskurðar, ef krafist er, hvort forföll séu lögmæt.

3) Veita má frest til að afla frekari gagna, eftir að öflun þeirra er lokið skv. framansögðu, einnig eftir að sókn og vörn er byrjuð, ef ekki hefur áður verið unnt að afla þessara gagna eða skort hefur á leiðbeiningar frá dómara. Að jafnaði skal þó synja um fresti, þótt þeirra sé beiðst ágreiningslaust af aðilum, nema nauðsyn beri til og líklegt sé til árangurs, enda hafi aðili ekki haft nægilega fresti áður.

4) Málsástæður og mótmæli skulu jafnan koma fram jafnskjótt og tilefni verður til. Annarskostar má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina, nema gagnaðili samþykki eða aðili virðist hafa þurft leiðbeiningar dómara, en ekki fengið hana.

5) Eftir að öll gögn eru komin fram, fer fram sókn og vörn máls. Af hálfu hvers aðila má leggja fram málflutningsskjöl tvívegis. Þó getur dómari leyft að leggja fram málflutningsskjöl oftar, ef skort hefur á leiðbeiningar hans til aðila. Um fresti til sóknar og varnar fer eftir framanskráðu, eftir því sem við á.

34. gr.

111. gr. orðist þannig:

1) Ef mál skal flytja munnlega, má veita fresti til að afla sýnilegra sönnunargagna eftir sömu reglum og greindar eru í 110. gr. Um öflun munnlegra skýrslna, meðan þeir frestir standa, fer eftir sömu grein.

2) Þegar lokið er öflun gagna skv. 1. mgr., ákveður dómari, hvenær fram skuli fara skýrslutaka á dómþingi og munnlegur flutningur máls. Skal þetta að jafnaði fram fara í einni lotu. Um þinghaldið skal tilkynna aðila eða umboðsmanni hans með hæfilegum fyrirvara. Ákvörðun dómara um þetta atriði verður ekki skotið til æðra dóms.

3) 3. og 4. mgr. 110. gr. gilda einnig um munnlega flutt mál.

35. gr.

Í 118. gr. 4. mgr. breytist 9. gr. í 110. gr.

36. gr.

124. gr. orðist þannig:

1) Hverjum 15 ára gömlum manni, sem hér á landi er og ekki er aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðila eftir 7. mgr. 115. gr., er skylt að koma fyrir dóm og svara munnlega spurningum, sem til hans er beint um málsatvik eftir bestu getu og draga ekkert undan, sem hann getur frá skýrt þeim til skýringar, enda hafi honum verið löglega stefnt eða hann komi óstefndur fyrir dóm.

2) Ef vitni má ekki koma á þingstað vegna forfalla skv. 2. mgr. 110. gr., má vitnaleiðslan fara fram annars staðar.

3) Ef þess er krafist, getur dómari vitnamáls úrskurðað, að vitni sé skylt að hafa með sér og leggja fram eða sýna skjöl eða aðra hluti eða athuga bækur sínar og skjöl eða aðra muni og útdrátt úr þeim til upplýsingar um málsatvik.

37. gr.

Í 175. gr. falli niður orðið: Sáttakostnaður.

38. gr.

Í 177. gr. 2. mgr. falli niður: Ef hann hefir brotið sáttalöggjöfina samkvæmt 12. gr.

39. gr.

Í 188. gr. 1. mgr. falli niður: Fyrir brot á sáttalöggjöfinni samkvæmt 12. gr.

40. gr.

190. gr. orðist þannig:

1) Úrskurði um einstök atriði máls, sem ráða þarf til lykta fram að dómtöku þess, skal kveða upp þegar í stað eða svo fljótt sem unnt er.

2) Úrskurðir skulu vera skriflegir og má skrá þá í þing- eða dómabók. Þar skal greina niðurstöðu í ályktunarorði án forsendna.

3) Í fógeta-, skipta- og uppboðsmálum og þinglýsingarmálum skal þó láta forsendur fylgja ályktunarorði, ef aðili krefst þess og dómari telur ástæðu til, enda sé um að ræða úrskurð, sem felur í sér lokaákvörðun dómara um ágreiningsefnið.

4) Í aukamálum, sem tengd eru aðalmáli, svo og í sjálfstæðum vitna- og matsmálum gilda ákvæði 1.—3. mgr. eftir því sem við á.

41. gr.

193. gr. orðist þannig:

1) Dómar skulu vera skriflegir og í þeim vera dómsorð ásamt forsendum. Í forsendum skal greina:

a. Nöfn, heimili og nafnnúmer aðila.
b. Númer máls skv. þingbók.
c. Stað og stund, þegar dómur er kveðinn upp.
d. Dómtökudag.
e. Nöfn dómenda, og hver er dómsformaður, ef dómur er fjölskipaður, svo og starfsheiti meðdómsmanna.
f. Fyrri úrskurði og dóma um atvik málsins, sem um er kunnugt.
g. Kröfur.
h. Málsástæður í megindráttum og önnur atvik, ef þess þykir þörf vegna samhengis.
i. Lagarök aðila í stuttu máli.
j. Rökstudda niðurstöðu dóms um sönnunaratriði og lagaatriði.
k. Réttarfarssektir.
l. Málskostnað.

2) Í dómsorði skal greina:

a. Sýknu, þegar sýknað er með öllu af efniskröfum.
b. Aðalniðurstöðu máls, þ. á m. það, sem fullnægja skal með aðför.
c. Aðildareið.
d. Aðfararfrest, nema óþarft sé að lögum.

3) Dæma má menn að viðlögðum dag- eða vikusektum til aðila til að vinna verk, annað en peningagreiðslu, þar á meðal til að skila hlut, ef það þykir hentug aðferð til að knýja aðila til að fullnægja dómi. Krafa til óinnheimtra sekta fellur niður, þegar dómi er fullnægt eða sannað er eða gert sennilegt, að ómögulegt sé að gera það. Aðili getur fengið mál endurupptekið og dómi breytt skv. reglum

170. gr. Krafa um slíka endurupptöku frestar aðför til innheimtu sekta, enda sé krafan komin til dómara innan viku eftir að hún kom fram fyrir fógeta.

4) Ef aðila er í dómi bönnuð athöfn eða hann er skyldaður til að þola athöfn eða ástand, getur dómari sett frest til að hann megi koma svo högum sínum, að fullnusta dómsins baki honum sem minnst tjón eða óhagræði.

5) Dómar skulu vera stuttir og glöggir. Má ekki skírskota til sannana eða atvika, sem síðar kunna að koma fram, nema úrslit máls eigi að velta á eiði eða drengskaparheiti.

6) Dómi eða úrskurði má fullnægja með aðför eftir efni sínu, þótt þess sé ekki sérstaklega getið.

42. gr.

XVI. kafli, um sjó- og verslunardómsmál, falli niður, nema 204. gr.

43. gr.

221. gr. orðist þannig:

Um hjúskaparmál fer eftir lögum nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar.

Um mál til vefengingar faðernis skilgetinna barna fer eftir lögum nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Þá falla niður:

Lög nr. 35/1914 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, 5.—7. gr.

Lög nr. 16/1951 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í umdæmi Akureyrar, 11.—14. gr.

Lög um landamerki o. fl., nr. 41/1919, sbr. lög nr. 69/1954 og nr. 29/1965 um breyting á þeim lögum, 9.—19. gr.

Lög nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, 6. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Réttarfarsnefnd hefur samið frumvarp þetta, og lét hún fylgja því svohljóðandi greinargerð:

Verið 1976 voru lögð fyrir Alþingi 5 frumvörp, sem réttarfarsnefnd hafði samið. Þrjú þeirra voru um opinber mál, þ. e. um rannsóknarlögreglu ríkisins, um breyting á lögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og á lögum nr. 74/1972 um skipan dómsvalds o. fl. Þessi 3 frumvörp leiddu til þess, að sett voru lög nr. 108/1976, nr. 107/1976 og nr. 109/1976. Hin frumvörpin tvö, frv. til lögréttulaga og frv. til laga um breyting á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, hafa ekki verið afgreidd. Þau er að finna á þingskjölum nr. 660 og 747 frá 97. löggjafarþingi 1975—76. Ekki voru frumvörpin tekin til umræðu í þetta sinn. Bæði frumvörpin voru endurflutt á næsta þingi án breytinga, og eru á þingskjölum nr. 287 og 288 frá 98. löggjafarþingi 1976—77. 1. umræða um þau fór fram 31. janúar 1977, sbr. Alþingistíðindi 1976—77, umræður, d. 1713—1721. Hvorugt frumvarpanna var tekið aftur á dagskrá á því þingi. Réttarfarsnefnd endurskoðaði þessi frv., og voru þau síðan enn flutt á 99. löggjafarþingi 1977—78, sbr. þingskjöl nr. 365 og 406. Um lögréttufrv. urðu nokkrar umræður, og var það afgreitt í Efri deild og við eina umræðu í Neðri deild, en ekki hlaut það fullnaðarafgreiðslu. Frumvarpið um breytingar á einkamálalögunum, sem endursamið hafði verið, hlaut með sama hætti afgreiðslu í Efri deild og kom til umræðu í Neðri deild einu sinni, sbr. Alþingistíðindi 1977—78, umræður, d. 2816, 4342, 4397 og 4439.

Réttarfarsnefnd hefur nú enn á ný endurskoðað tillögur sínar um breytingar á lögunum um meðferð einkamála í héraði. Ber frumvarpið þó enn nokkur merki þess, að það fylgir lögréttufrv., og er eigi um að ræða fullnægjandi heildarendurskoðun laganna. Engu að síður er frumvarpið nú í þeim búningi, að réttarfarsnefnd telur, að það megi samþykkja, þó að lögréttufrumvarpið sé ekki afgreitt samtímis. Nefndin telur, að veruleg réttarbót yrði, ef frumvarpið fengist samþykkt. Jafnframt ítrekar nefndin þá tillögu sína, að sett verði lögréttulög.

Í frumvarpi þessu felast aðallega þessi nýmæli:

1) Sáttanefndir verði lagðar niður, en sáttastörf falin dómurum einum.
2) Tekinn verði upp aðalflutningur mála, þar sem fram komi þær skýrslur, sem gefa á munnlega, og síðan fari munnlegur flutningur fram í beinu framhaldi af því.
3) Úrskurðir verði að jafnaði án forsendna og dómar verði styttir.
4) Nokkrir sérdómstólar verði lagðir niður: sjó- og verslunardómur, merkjadómur í Reykjavík og á Akureyri og aðrir fasteignadómstólar.
5) Þá eru í frumvarpinu tillögur um einstök atriði, sem eiga að stuðla að hraðari meðferð dómsmála og ótvíræðari reglum en nú gilda. Er þar um sumt stuðst við venjur, sem myndast hafa, t. d. um skriflegar greinargerðir og aðilaskýrslur.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. og 2. gr.

Með tilskipunum 1795 og 1797 var svo fyrir mælt að leita skyldi sátta, áður en mál væru borin undir dómstóla. Þetta hefur vafalaust stuðlað að hraðari meðferð ágreinings á sínum tíma, en nú eru ákvæðin um sáttanefndir þýðingarlítil. Í DÓMSMÁLASKÝRSLUM ÁRIN 1972—74, sem Hagstofa Íslands gaf út 1978, eru upplýsingar um sáttmál (tafla 16). Þar segir, að afgreiddar sáttir hafi verið 52 árið 1972, 84 árið 1973 og 38 árið 1974, langflestar í Reykjavík. Þegar haft er í huga, að þessi ár voru afgreidd einkamál 6346, 6127 og 6282 eftir sömu skýrslum, verður ljóst, hve þýðingarlítil starfsemi sáttanefndanna er nú. Í eml. (þ. e. lögum nr. 85/1936) er mælt fyrir um skilyrði þess, að gengið verði fram hjá sáttanefnd, og leiðir nokkra óvissu af þessum skilyrðum í sumum málum. Þykir einfaldast að fella ákvæðin um sáttanefndir niður.

Lagt er til, að dómarar leiti sátta, og að þeim sé það skylt í flestum málum. Nú ber dómurum að gera þetta í mörgum málum, og jafnan er þeim heimilt að reyna að sætta aðila. Sáttir gerðar fyrir dómi kallast réttarsáttir. Að athuguðu máli þótti rétt að hafa nokkur ákvæði um þær í sérstökum kafla, nýjum I. kafla.

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. verður ekki skilið svo, að dómara sé óheimilt að leita sátta, ef aðilar eiga ekki forræði á sakarefni. Í slíkum málum getur orðið sátt um að fella málið niður. Þá er þess að geta, að stundum er óvíst, hvort eða að hve miklu leyti aðilar eiga forræði á sakarefni. Verður dómari að skera úr því hverju sinni.

Lagagrein þessari er eigi ætlað að breyta neinu um þær reglur, sem nú gilda um heimild til að gera sáttir í barnsfaðernismálum.

Um 3. gr.

Í þessari gr. eru nokkrar reglur um heimild dómara til að synja um gerð réttarsáttar og um þau skilyrði, sem uppfylla þarf, til að sátt megi gera. 2. og 3. mgr. eru nýmæli í lögum, en í samræmi við kenningar fræðimanna um gildandi rétt.

Um 4. gr.

Grein þessi er í samræmi við venjur um frágang réttarsátta, en að auki er leitast við að taka af tvímæli um upphaf gildistíma sáttar og um það, hvenær sátt leiði til að dómsmál falli niður.

Um 5. gr.

Grein þessi er sama efnis og 16. gr. eml., eins og hún er nú að svo miklu leyti sem hún á við um réttarsáttir. Um aðfararhæfi sátta er einnig mælt í 1. gr. 1. mgr. 2. tölulið aðfararlaga nr. 19/1887.

Um 6. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við 17. og 19. gr. eml. og 5. gr. 1. mgr. aðfararlaga. 4. mgr. er nýmæli, sett til að forðast réttaróvissu. Kveðið er á um 6 mánaða frest, þar sem sá 2 vikna frestur, sem um ræðir í 22. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, er bersýnilega of stuttur, enda hér um að ræða ákvarðanir, sem varða oftast efni máls og ekki verður hnekkt nema með kærunni.

Um 7. gr.

Þessi grein felur í sér óverulega breytingu á gildandi ákvæði, en fellt er brott, að sérstaklega sé vikið að dómurum í fasteignamálum, enda er lagt til, að fasteignadómstólar verði afnumdir, sbr. 39. gr.

Um 8. gr.

Núgildandi 31. gr. er orðuð á þann veg, að ekki á við aðstæður nú, m. a. er gert ráð fyrir öðru launakerfi ríkisstarfsmanna en nú er, gömlum reglum um greiðslu skrifstofukostnaðar og öðrum háttum á skipan umdæma en nú eru, eftir að kaupstöðum hefur fjölgað. Þá eru þar nú úrelt ákvæði um bústaði dómara. Greininni er ekki ætlað að lögleiða veruleg nýmæli.

Um 9. gr.

Í þessari grein felst ný, almenn regla um meðdómsmenn. Aðalákvæðið um þetta atriði er nú í lokaákvæði 1. mgr. 200. gr. eml. Lagt er til, að þessi gr. verði afnumin, svo og ákvæði um meðdómsmenn í sérdómstólum. Ef mál, sem slíkir dómstólar fara nú með, kemur fyrir bæjarþing eða aukadómþing, eða fógeta-, uppboðs- eða skiptarétt, getur héraðsdómari kvatt til meðdómsmenn eftir hinni nýju 37.A. gr.

Í 1. mgr. er lagt til, að dómari geti tekið ákvörðun um, að meðdómsmenn fari með dómstörf í máli. Dómari velur þá, en er bundinn af ákvæðunum í 4. og 5. mgr. Jafnframt verður hann að sjálfsögðu að velja mann, sem uppfyllir kröfur um sérþekkingu, eins og tekið er fram í 1. mgr. Í þessari mgr. eru einnig ákvæði um það, hvenær meðdómsmenn byrja afskipti af máli, og þykir eigi vera ástæða til að hafa í lögum að skylt sé að kveðja þá til fyrr en kemur að töku munnlegra skýrslna.

Ákvæði 2. mgr. er nýmæli um einkamál, en í 5. gr. 3. mgr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála er heimilað, að 3 sakadómarar í Reykjavík dæmi meiri háttar refsimál.

Í 3. mgr. segir, að meðdómsmaður hafi sömu stöðu og embættisdómari, eftir að hann hefur tekið sæti í dómi. Að sjálfsögðu er embættisdómari dómsformaður og hefur sem slíkur forystu um málsmeðferðina.

4., 5. og 6. mgr. eru að mestu sniðnar eftir 8.—11. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

7. og 8. mgr. eru sniðnar eftir 203. gr. eml., en lagt er til, að sú grein falli niður.

Um 10. gr.

Hér er gerð tillaga í samræmi við 17. gr. frv. um 72. gr. laganna þess efnis, að hver sýsla verði dómþinghá en ekki hver hreppur eins og nú er. Samgöngur eru nú orðnar með þeim hætti, að óhagkvæmt er, að skylt sé að taka mál fyrir í hreppum, en að sjálfsögðu getur sem fyrr til þess komið, að mál séu tekin fyrir utan skrifstofu embættisdómara. Lagt er til, að manntalsþing séu áfram haldin, en nokkuð mun sitt með hverjum hætti í sýslum landsins, hvernig þau fara nú fram.

Er því heimilað að breyta hinu forna fyrirkomulagi, þar sem það þykir henta og sýslumaður, dómsmálaráðherra og sýslunefnd telja það æskilegt. Ákvæði greinarinnar um bæjarþing í Reykjavík og kaupstöðum útilokar ekki, að Reykjavík og kaupstaðir eða tveir eða fleiri kaupstaðir verði með ákvörðun dómsmálaráðherra ein dómþinghá í samræmi við 72. gr. laganna.

Um 11. gr.

Grein þessi er ekki í fyrri gerðum þessa frv. Nýmæli er að greiða skuli úr ríkissjóði þóknun fyrir þýðingar í einkarefsimálum og barnfaðernismálum. Liggja sanngirnissjónarmið að baki þessari tillögu.

Um 12. gr.

Lagt er til, að felld verði niður ákvæði um sjó- og verslunardómsbók og um landamerkja- og fasteignamálabók, enda gert ráð fyrir, að sjó- og verslunardómur verði afnuminn svo og fasteignadómstólar.

Um 13. gr.

Hér er gerð tillaga um verulega breytingu á ákvæði 47. gr. um samlagsaðild. Var þessi tillaga ekki í fyrri gerðum frv. Lagt er til, að eigi verði svo sem nú er skylt að vísa máli frá, ef aðilar eru fleiri en einn til sóknar eða til varnar og kröfur eru ósamrættar. Horfir til flýtisauka að heimila slíkan málatilbúnað, en ekki er rétt að gera aðilum skylt að hlíta honum. Er lagt til, að hann sé heimill, nema krafist sé frávísunar, og að þá sé máli aðeins vísað frá að því er varðar þann verjanda, sem þess krefst. Ekki þykir þörf á breytingu á 48. gr. vegna þessa, en hana verður að skilja svo, að nýjum aðila megi stefna með sakaukastefnu, en þeirri sök beri að vísa frá dómi, ef svo stendur á sem segir um frávísun í 47. gr.

Um 14. gr.

53. gr. er breytt vegna afnáms sáttanefnda og til samræmis við 16. kafla gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Breytingar eru ekki stórfelldar.

Um 15. gr.

54. gr. er breytt af sömu ástæðum og 53. gr.

Um 16. gr.

4. mgr. 71. gr. eml. varðar sérstaka úrskurði sáttanefnda. Í 5. mgr. er rætt um heimild til að skipta sakarefni. Ef það er gert og mál dæmt að hluta, verður nú að áfrýja þeim dómi innan viku. Þetta er of skammur frestur, og er lagt til, að hann verði lengdur í 4 vikur.

Um 17. gr.

Hér er gerð tillaga um þá breytingu, sem hlýtur að teljast veruleg, að fallið verði frá þeirri meginreglu, að hver hreppur verði sérstök dómþinghá. Var sú regla byggð á öðrum þjóðlífsháttum en nú eru, og má fullvíst telja, að í framkvæmd valdi hún óþarfa fyrirhöfn og töfum. Um þetta vísast og til 10. gr. þessa frv. um breytingu á 38. gr. laganna. Í hinni nýju gr. felst, að lagt er til, að sú heimild haldist, að dómþinghár séu sameinaðar, svo sem nú er um Hafnarfjörð og Garðabæ skv. auglýsingu nr. 324/1976 og Njarðvík og Keflavík skv. auglýsingu nr. 325/1976.

Um 18. og 19. gr.

Hér er um að ræða smábreytingar vegna afnáms sáttanefnda.

Um 20. gr.

Ekki er um efnisbreytingu að ræða, en orðalagi þarf að breyta, þar sem ákvæðið vísar til I. kafla, sem lagt er til að felldur verði úr lögum.

Um 21. gr.

Nú eru talin upp ákvæði, sem haldast áttu þrátt fyrir setningu eml. 1936. Þessi upptalning er úrelt, en ástæðulaust er að breyta henni í einstökum atriðum, þar sem ekki verður séð, að slík upptalning sé nauðsynleg.

Um 22. gr.

Hér er orðalagi 1. mgr. breytt talsvert með hliðsjón af 198. gr. þeirra frv. um ný einkamálalög, sem lögð voru fyrir Alþingi 1955 og 1961. Ætti breytingin að vera til skýringarauka. Nýmæli felst í f-lið, þar sem segir, að sönnunargagna skuli getið í stefnu. Myndi slíkt stuðla að vandaðri undirbúningi mála, og er þetta að áliti réttarfarsnefndar mikilvægt nýmæli.

Um 23.—27. gr.

Hér er um að ræða smábreytingar vegna afnáms sáttanefnda.

Um 28. gr.

Reglur um lengd stefnufrests verða einfaldari en nú er, ef þessi gr. verður lögfest. Nú er frestur 1—6 sólarhringar, ef stefndi á heimili eða dvöl í þeirri þinghá, sem mál skal þingfesta í, en sérreglur eru þó um höfuðborgarsvæðið. Aðrar aðstæður geta leitt til þess, að frestur verði nú 1—2 vikur, 1—6 vikur eða 1—3 mánuðir. Eins og nú er háttað samgöngum, þykir rétt að leggja til, að reglur þessar verði eins og í frumvarpsgreininni segir.

Um 29. gr.

Orð þau, sem lagt er til, að brott falli, eru nú í lögum, þar sem stefnufrestur skal nú ákveðinn í hverju máli með hliðsjón af atvikum innan tiltekinna marka (1—6 sólarhringar o. s. frv., sbr. grg. um 28. gr.). Ef farið verður að þeirri tillögu að breyta 99. gr., sbr. 28. gr. frv., eru orðin óþörf, þar sem stefnufrestur er þá jafnan ákveðinn með lögum tiltekinn tími.

Um 30. gr.

Hér er um að ræða smábreytingar vegna afnáms sáttanefnda.

Um 31. gr.

Í þessari tillögu um 105. gr. eml. felast allverulegar breytingar. Er m. a. mælt fyrir um greinargerðir, sem venja er að leggja fram nema með smæstu málum, en eigi er vikið að í 105. gr. eins og hún er nú, nema verjandi mæti óstefndur. Þá er heimilað að leggja fram skriflega aðilaskýrslu, sem í eðli sínu er hluti greinargerðar. Þetta er stundum gert nú, en ekki er að því vikið í eml. Þá er í tillögugreininni reynt að gefa leiðbeiningu um, hvernig skuli vikið að atvikum máls. Í lok 1. mgr. er það mikilvæga nýmæli, að fram skuli koma í greinargerð, hvort og af hverjum óskað sé, að munnlegar skýrslur verði teknar. Skiptir miklu, ef tillögugreinin nær samþykki Alþingis, að dómendur hafi strangt eftirlit með, að farið verði eftir þessu ákvæði. Það á, ef vel er á haldið, að gera dómara og raunar lögmönnum líka, mun auðveldara en nú er að gera sér strax í upphafi góða grein fyrir því, hvernig gagnaöflun verði hagað. — 2. mgr. er í samræmi við þær reglur, sem nú gilda.

Um 32. gr.

Í þessari gr. er eins og í 31. gr. um að ræða breytingar í samræmi við venjur um framlagningu skjala.

Um 33. gr.

Hér er fjallað um breytingu á 110. gr. eml., og kemur fram í greininni eitt af meginatriðunum í tillögum réttarfarsnefndar um hraðari málsmeðferð. Lagt er til, að munnlegar skýrslur séu teknar að mestu í einu lagi og að það gerist, eftir að skriflegra gagna hefur verið aflað. Þó má, eins og nú er algengast, taka munnlegar skýrslur fyrr, ef sérstaklega stendur á. Fyrirmynd þessa nýmælis er fengin frá Svíþjóð, og telur réttarfarsnefnd líklegt, að með réttri framkvæmd muni það stuðla að verulegum flýti við málsmeðferð. Í gr. eru einnig ný ákvæði um það, hvað teljist lögmæt forföll. Um það segir nú í 9. gr. eml.

Um 34. gr.

Þessi grein, sem fjallar um munnlegan málflutning, er hliðstæð 33. gr., en sú grein er um skriflegan flutning.

Um 35. gr.

Grein þessi varðar þá breytingu, að 9. gr. eml. er felld niður, en ákvæði um það, hvað teljist lögleg forföll, sett í 110. gr.

Um 36. gr.

Nú segir í 124. gr. eml., að vitni sé óskylt að koma fyrir dóm utan heimilisvarnarþings síns, ef vegalengdin er meiri en 70 km milli heimilis og þingstaðar o. s. frv. Ekki er ástæða til að halda í ákvæði um slíkar takmarkanir á vitnaskyldu, enda er nú lagt til, að það teljist lögmæt forföll, ef fara þarf um langan veg. Metur dómari eftir atvikum, hvort vitni sé skylt að koma til skýrslutökunnar. Um greiðslur vegna vitnaleiðslunnar fer eftir 135. gr.

Um 37.—39. gr.

Hér er um að ræða smábreytingar vegna afnáms sáttanefnda.

Um 40. gr.

Hér er lagt til, að felld verði úr lögum skylda til að láta forsendur fylgja úrskurðum. Þessi breyting mundi, að áliti réttarfarsnefndar, stuðla að því að tími dómara færi síður í þarflítil verk. Úrskurður er oftast um minni háttar atriði, ekki síst réttarfarsatriði, og skiptir mestu, að hann sé fljótt upp kveðinn. Sérstöðu hafa úrskurðir í fógeta-, uppboðs- og skiptamálum, því að þeir eru oft lokaákvörðun dómara í máli og að því leyti hliðstæðir dómum í almennum einkamálum. Af þeim sökum er lagt til, að forsendur fylgi þeim, ef aðili krefst eða dómari telur það rétt.

Um 41. gr.

Efni 1. og 2. mgr. er að mestu í samræmi við venjur. Gerð hefur verið veruleg breyting frá því, sem var í fyrri gerð frumvarpsins, sem lögð var fyrir Alþingi vorið 1976 og aftur á næsta þingi. Er nú lagt til, eins og gert var veturinn 1977—78, að í forsendum dóma skuli getið málsástæðna og annarra atvika með tilteknum hætti, en áður var lagt til, að það yrði ekki gert. Sú tillaga var tengd lögréttufrumvarpinu og þeirri hugmynd, að aðilar ættu að geta skilið dómana án atvikalýsingar með aðstoð lögmanna sinna.

3.—6. mgr. eru í samræmi við núgildandi reglur.

Um 42. gr.

Í þessari gr. er lagt til, að sjó- og verslunardómur verði lagður niður. Í 44. gr. eru fleiri tillögur um afnám sérdómstóla. Réttarfarsnefnd telur, að lengra beri að ganga í því efni, þótt ekki sé réttur staður til þess í frv. Rök þau, sem að áliti nefndarinnar vega þyngst, þegar þessi tillaga er gerð, eru þessi: Sérdómstólar skapa stundum óvissu um, fyrir hvaða dómstól skuli leggja mál og þetta getur þá eða síðar leitt til tafa. Sérdómstólar gera oftast óhjákvæmilegt, að dómur sé fjölskipaður, einnig í smámálum, þar sem þess er engin þörf. Þetta leiðir oft til tafa. Sérdómstólar byggja oft á sjónarmiðum, sem eru ekki hin sömu og ella í störfum dómstóla, enda er beinlínis til þess ætlast, að sérstakri þekkingu sé beitt í störfum þeirra. Þetta getur leitt til misræmis í dómvörslunni í landinu og er það í ósamræmi við jafnréttisreglu þá, sem eðlilegt er að gildi. Oft er sagt, að þörf sé sérdómstóla til að hraða málum. Þetta gæti leitt til þess, að tiltekinn málaflokkur fengi hraðari meðferð en aðrir, og er það út af fyrir sig ósamrýmanlegt jafnréttisreglunni. Þó að sérstakar ástæður geti réttlætt viss frávik í þessu sambandi, verður að fara afar varlega í slíkri mismunun. Réttari leið væri að gera ráðstafanir til að hraða öllum dómsmálum, eins og tillögur réttarfarsnefndar stefna að. Ýmis rök má færa fram því til stuðnings, að sérdómstólar eigi að vera til. Mikilvægasta röksemdin varðar sérkunnáttu dómenda. Vegna rúmra heimilda, sem nú þegar eru fyrir hendi og verða það enn frekar, ef þetta frv. nær fram að ganga, má skipa sérfróða meðdómsmenn í einstök mál, þegar sérkunnáttu er þörf. Er þar með fallin brott ástæða til að hafa sérstaka dómstóla með föstum sérfræðingum.

Um 43. gr.

Þessi breyting á 221. gr. er til samræmis við það, sem nú gildir.

Um 44. gr.

Ástæða er til að gefa dómurum og öðrum nokkurn frest til að undirbúa gildistöku þeirra réttarfarsbreytinga, sem þetta frv. fjallar um. Er því lagt til, að það taki gildi 1. janúar 1981.

Vísað er til skýringa við 42. gr. um rök fyrir því að afnema ákvæði laga um ýmsa sérdómstóla. Fella þarf niður 6. gr. laga nr. 74/1974, þar sem í henni eru ákvæði um sjó- og verslunardóm. Ekki er þörf á að halda því, sem í gr. segir um siglingadóm, þar sem efni þess er í lögum nr. 52/1970 um eftirlit með skipum, VIII. kafla. Vegna afnáms 206. gr. eml. um sjóferðapróf (sjópróf) er hins vegar ástæða til að breyta 40. og 41. gr. laga nr. 52/1970, og er flutt sérstakt frumvarp um þá breytingu.

Ed. 139. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á lögum nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

39. gr. laganna orðist þannig:

1) Sjóferðapróf eftir 39. gr. siglingalaga nr. 66/1963 skulu fara fram á bæjarþingi eða aukadómþingi.

2) Þegar sjóferðapróf fer fram, skal dómari bera saman skipsbækurnar og eftirrit þeirra, er skipstjóri skal hafa með sér. Síðan spyr dómarinn skipstjóra og skipverja og lætur þá skýra frá því, er þeir vita og máli virðist skipta. Um yfirheyrslur fer annars eftir ákvæðum laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

3) Ef skip hefur farist, beðið tjón eða lent í háska að öðru leyti, skal dómarinn rannsaka eftir föngum öll þau atriði, er máli skipta, svo sem um skip og útbúnað þess, farm, framferði skipstjóra og skipshafnar, hafnsögumanns o. s. frv. Skal rannsókn að jafnaði fara þar fram, sem skip tekur fyrst höfn eftir slys eða á ákvörðunarstað þess. Hafi skip farist, skal rannsókn fara fram þar, sem hagkvæmast þykir.

4) Þegar halda skal sjóferðapróf, ber dómara að gera eftirlitsmanni Siglingamálastofnunarinnar í því umdæmi, þar sem próf skal halda, viðvart.

5) Eftirlitsmanni ber að mæta eða láta mæta við sjóferðapróf, ef um er að ræða strand skips, verulegar skemmdir á skipi eða farmi, manntjón eða veruleg meiðsl manna. Skal honum heimilt að kynna sér málsskjöl, bera fram tillögur um rannsóknina, spyrja þá, sem koma fyrir dóm, með milligöngu dómara eða beint með leyfi hans og fara fram á bókanir, eftir því sem hann telur nauðsynlegt.

6) Eftirlitsmanni ber að hefjast handa um, að sjóferðapróf sé haldið, ef hann telur ástæðu til, eða þess er krafist af þeim, sem taldir eru í b-lið 18. gr. laga þessara. Hann getur einnig krafist framhaldsprófs, ef hann telur þörf á.

7) Að sjóferðaprófi loknu skal dómarinn senda ríkissaksóknara, siglingamálastjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands og Slysavarnafélagi Íslands eftirrit af því.

2. gr.

1. mgr. 40. gr. orðist þannig:

Ef ríkissaksóknari telur koma til greina að sækja mann til saka út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum, getur hann ákveðið lögreglurannsókn og sagt fyrir um þau atriði, sem lögregla skal rannsaka. Hann getur lagt opinbert mál út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum fyrir Siglingadóm, ef hann telur mál mikilvægt, en ella fer sakadómur með slík mál og dæmir þau. Skal með þau farið eftir reglum laga um meðferð opinberra mála. Ef mál er lagt fyrir Siglingadóm, sætir það sókn og vörn eftir 131.—136. gr. laga nr. 74/1974.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið til samræmis við tillögur í frv. til laga um breytingar á lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í því frv. er lagt til, að sjó- og verslunardómur verði lagður niður, og vísast um rök fyrir þeirri breytingu til greinargerðar með frv. Réttarfarsnefnd, sem samdi frv. þetta, hefur rætt, hvort rétt sé, að sjóferðapróf verði hér eftir á verksviði sakadóms. Nefndin komst að lokum að þeirri niðurstöðu, að hentugast væri, að dómarar á bæjarþingi eða aukadómþingi færu með prófin, eins og verið hefur. Skiptir þetta álitaefni aðallega máli í Reykjavík, en þar hafa dómarar í einkamálum lengi annast próf þessi. Dómara er að sjálfsögðu ætlað að kalla til sérfróða menn eftir almennum reglum þar að lútandi.

Ef í ljós kemur, að refsiákvæði hafa verið brotin, fer síðan eftir almennum reglum um opinber mál. Þó getur ríkissaksóknari eftir sem áður lagt mikilvæg mál fyrir Siglingadóm.

Í 2. og 3. mgr. 1. gr. frv. er byggt á 206. gr. laga nr. 85/1936, en lagt er til, að sú grein verði afnumin. Í 4.—7. mgr. er byggt á núgildandi reglum í 40. gr. laga nr. 52/1970.

Sþ. **140. Tillaga til þingsályktunar** [92. mál]

um málefni farandverkafólks.

Flm.: Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara endurskoðun á lögum nr. 39/1951, um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

Meginmarkmið endurskoðunarinnar skulu vera:

1. Að leiða í lög fyllri ákvæði um upplýsingaskyldu þeirra, sem vilja ráða erlenda menn í þjónustu sína, gagnvart þeim sem ráðnir eru, um launakjör, vinnutíma og aðbúnað við vinnu hér á landi. Enn fremur um skatta og önnur opinber gjöld svo og hverjar þær skyldur sem erlendir menn takast á hendur við vistráðningu hérlendis.
2. Að tryggja með lögunum félagsleg og kjaraleg réttindi þeirra erlendra manna, sem fá atvinnuleyfi hér á landi, til jafns við heimamenn, eins og þau eru samkvæmt lögum og gildandi kjarasamningum á hverjum tíma.
3. Að skylda þá, sem leita eftir erlendu vinnuafli, til þess að hafa samráð við hlutaðeigandi stéttarfélag áður en erlendir starfskraftar eru vistráðnir.

Við endurskoðun þessa, sem skal hraðað eftir föngum, skal haft samráð við heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er hefur það á ný færst í vöxt að ráðnir séu erlendir starfskraftar til ýmissa starfa hér á landi. Sér í lagi hefur þetta í vaxandi mæli átt sér stað í fiskiðnaði og er talið að vandfundið sé það sjávarpláss, þar sem ekki eru starfandi fleiri eða færri erlendir starfskraftar. Samkvæmt nýlegum fréttum fjölmiðla munu t. d. ekki færri en 300 erlendar stúlkur starfa hér á landi við fiskvinnslu í vetur.

Samkv. lögum nr. 39/1951 er félagsmálaráðherra heimilt að veita erlendum mönnum atvinnuleyfi, m. a. þegar „atvinnuvegi landsins skortir vinnuafl“, og skal út af fyrir sig ekki efast um að slíkar heimildir séu fyrir hendi hvað snertir þá starfskrafta, sem áður getur, enda þótt það komi nokkuð spánskt fyrir sjónir á sama tíma og jafnmörg hundruð heimamanna eru skráð atvinnulaus skv. opinberum skýrslum.

Enda þótt allt væri með felldu, skapar innflutningur erlendra manna til starfa hér á landi ýmis vandamál.

Flest þessa farandverkafólks er langt að komið og flestir hlutir því framandi hér á landi. Sem dæmi má nefna að flestar þeirra erlendu stúlkna, sem starfa í fiskiðnaði hér, munu komnar frá Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Suður-Afríku. Af sjálfu sér leiðir að þessar stúlkur vita næsta lítið um viðhorf og aðstæður hér á landi við ráðningu. Hér við bætist að þær takmörkuðu upplýsingar, sem þeim eru í té látnar, virðast oftast vera yfirborðskenndar og hvergi nærri fullnægjandi.

Þegar þetta fólk hefur svo störf hér á landi rennur veruleikinn upp fyrir því, ófullnægjandi aðbúnaður, óheyrilega langur vinnutími, skattar og skyldur eru í litlu samræmi við gylliboð þeirra sem milligöngu höfðu um ráðninguna. Hér við bætist að tunga innfæddra er hinu erlenda fólki framandi og því erfitt um vik að leita réttar síns eða skýringa.

Með tillögu þessari er að því stefnt að bæta úr þessu ófremdarástandi á þann hátt að lögfest verði skylda þeirra atvinnurekenda, sem leita eftir erlendum starfskröftum, til þess að upplýsa á fullnægjandi hátt um allar aðstæður hér á landi þannig að ekki sé hætta á að erlendir menn séu ráðnir til starfa hér á hæpnum eða jafnvel röngum forsendum.

Þá gerir tillagan í annan stað ráð fyrir, að með lögunum verði réttur erlendra manna tryggður þannig að þeir njóti félagslegra og kjaralegra réttinda til jafns við landsmenn, fái þeir á annað borð atvinnuleyfi hér á landi.

Loks er til þess ætlast að þeir, sem æskja heimilda til ráðningar erlendra starfskrafta, hafi um það samráð við hlutaðeigandi stéttarfélög áður en til vistráðningar kemur. Þykir flutningsmönnum þetta nauðsynlegt til þess að fyrirbyggja að misklíð komi upp eftir að hið erlenda fólk er komið til landsins, svo sem við hefur viljað brenna. Slíkt bitnar jafnan fyrst og fremst á aðkomufólkinu, því að ósekju.

Að sjálfsögðu er gengið út frá að við endurskoðun laganna verði haft samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Brýnt er að endurskoðuninni verði hraðað svo sem kostur er.

Sþ. 141. Skýrsla

dómsmálaráðherra til Alþingis.

Dómsmálaráðuneytið hefur 30. janúar 1980 ritað ríkissaksóknara svofellt bréf:

Á sl. ári kom fram í umræðum á Alþingi og í umfjöllun fjölmiðla, að yfirskoðunarmenn ríkisreiknings höfðu óskað athugunar ríkisendurskoðunar á misfellum í sambandi við fylgiskjöl með tilteknum reikningum, er Jón G. Sólnes, þáv. alþingismaður, hafði fengið greidda hjá Alþingi og/eða Kröflunefnd. Fram er komið, að umræddu rannsóknarefni hefur ekki verið lokið, þrátt fyrir að staðreynt mun hafa verið að umræddar misfellur hafi átt sér stað. Er þess óskað að þér, herra ríkissaksóknari, hlutist til um, eftir því sem við verður komið, að umrætt rannsóknarefni verði tæmt, þannig að það geti fengið lögmælta meðferð, sem efni standa til.

Dómsmálaráðuneytið, janúar 1980.

Ed. 142. Frumvarp til laga [93. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

6. grein laganna orðist svo:

Gerð og viðhald þeirrar skráningar, sem um ræðir í lögum þessum, annast sérstök ríkisstofnun sem nefnist Fasteignamat ríkisins. Stofnunin starfar á ábyrgð fjármálaráðuneytisins og undir umsjón þess. Fasteignamat ríkisins er A-hluta stofnun skv. lögum nr. 52/1966, um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Ráðherra hefur heimild til að fela öðrum opinberum aðilum, þ. m. t. einstökum sveitarfélögum eða samstarfsstofnunum þeirra, skráningu fasteigna skv. lögum þessum, eða einstaka þætti hennar, ef slík breyting þykir hagkvæm.

Þrátt fyrir ákvæði 19. greinar er ráðherra heimilt að fela einstökum sveitarfélögum eða samstarfsstofnunum þeirra að annast tiltekin störf til undirbúnings að mati fasteigna skv. IV. kafla laga þessara. Í því tilviki skal gætt ákvæða 9. greinar laga þessara, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 94/1976 var gerð grundvallarbreyting á mati og skráningu fasteigna frá því sem áður var. Meginbreyting þeirra laga var sú að hverfa frá eldra fyrirkomulagi, sem byggði á því að framkvæma aðalmat allra fasteigna á landinu á vissu árabili, en þess á milli voru nýjar eignir metnar miðað við það verðlag, sem ríkt hafði, er síðasta aðalmat fór fram. Með þessum lögum var mat og skráning fasteigna gerð að samfelldri starfsemi, þannig að mat fasteigna skyldi á hverjum tíma vera sem næst gangverði viðkomandi fasteignar miðað við staðgreiðslu. Jafnframt var lögð stóraukin áhersla á skráningu fasteigna, og í því skyni skyldi aflað verulegra upplýsinga um hverja einstaka fasteign. Þá var Fasteignamat ríkisins gert að sjálfstæðri ríkisstofnun með fastráðnu sérhæfðu starfsliði. Millimatsmenn í einstökum sveitarfélögum voru leystir frá störfum. Í framhaldi af lagasetningu þessari setti fjármálaráðherra reglugerð nr. 406/1978 um framkvæmd þessara laga.

Í þriðja kafla nefndra laga er sú skylda lögð á sveitarstjórnir, að afla Fasteignamati ríkisins upplýsinga um fasteignir innan umdæmis viðkomandi sveitarfélags. Í 6. gr. laganna er heimild til þess að fela sveitarfélögum eða öðrum opinberum aðilum að annast skráningu fasteigna. Ákveðin tilhneiging hefur verið í þá átt s. l. 2—3 ár, að skráning fasteigna yrði flutt meira yfir á herðar sveitarfélaganna, og hafa velflest stærri sveitarfélögin sýnt áhuga á að taka á sig fleiri þætti skráningarstarfsins. Heimildar til að fela sveitarfélögum eða öðrum aðilum alfarið skráningu fasteigna hefur þó ekki verið neytt ennþá, enda þyrfti það allnokkurn aðdraganda og aðlögun.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að lögfest verði heimild til að fela sveitarfélögum að vinna að sjálfu mati fasteigna, og er það meginbreytingin sem lagt er til með frumvarpi þessu. Breyting þessi ætti að verða til hags fyrir Fasteignamat ríkisins og sveitarfélögin í landinu. Ljóst er að endurmat allra fasteigna í landinu er a. m. k. 10 ára verkefni, en slíkt endurmat er afar brýnt, m. a. vegna þess hve verulegs misræmis gætir í aðalmatinu, sem framkvæmt var á árunum 1965—1970. Slík samvinna Fasteignamats ríkisins og sveitarfélaganna gæti hraðað mjög þessu verkefni, en mikilvægi þess fyrir sveitarfélögin er augljós, þegar haft er í huga vægi fasteignagjalda í tekjuöflun þeirra.

Áhersla skal lögð á, að ekki er með þessu lagt til, að sveitarfélögum sé falin hin endanlega matsstarfsemi, þannig að þau hafi ákvörðunarvald um matsverð fasteigna, hvert innan sinna marka. Með samþykkt þessa frumvarps yrði ekki horfið frá því að fasteignamat í landinu sé samræmt heildarmat á vegum eins opinbers aðila, þ. e. Fasteignamats ríkisins. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að ná fram greiðara mati og endurskoðun mats heldur en kleift er með þeim mannafla og aðstöðu, sem Fasteignamat ríkisins hefur yfir að ráða. Nokkur sveitarfélög hafa sýnt áhuga á því að geta sinnt matsstörfunum að einhverju marki. Með flutningi frumvarps þessa er komið til móts við þær óskir.

Nd. 143. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á sjómannalögum nr. 67 frá 31. desember 1963, sbr. lög nr. 53 frá 20. maí 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

18. gr. laganna hljóði svo:

Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips tekur hann kaup frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður. Laun er þó ekki skylt að greiða í hléum milli veiðitímabila, sem eru hefðbundin og þekkt fyrirfram.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði, ef um er að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, en einn mánuð, ef skipverji gegnir annarri stöðu á skipinu. Sé skipverji í launalausu fríi, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í þrjú ár samfellt skal hann auk þess, sem í 3. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð en í allt að tvo mánuði eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á beinni leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma, sem orsakast af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 3. mgr. og 4. mgr.

Nú verður skipverji vinnufær aftur, meðan á ferð skips stendur, og skal hann þá halda kaupi sínu þar til hann á þess kost að taka við starfi sínu á ný, en skylt er honum þá að fara í nám eða vinna innan venjulegs dagvinnutíma önnur störf í þágu skips, sem útgerðarmaður óskar eftir, enda séu þau sambærileg því starfi sem hann gegndi með tilliti til menntunar og starfsreynslu.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir, ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Skipverja er skylt að tilkynna forföll sín án óeðlilegs dráttar og jafnframt að leggja fram læknisvottorð. Útgerðarmaður getur látið trúnaðarlækni sinn staðreyna, hvort skipverjinn sé raunverulega óvinnufær. Vanræksla á þessu getur valdið missi réttar til forfallakaups.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við fyrirheit til sjómanna um aukin félagsleg réttindi. Meginmarkmið frumvarpsins er annars vegar að auka rétt sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum til samræmis við aukin réttindi landverkafólks á þessu sviði, sbr. 4., 5. og 6. gr. laga nr. 19 frá 1979. Hins vegar að tryggja sjómönnum réttmætar kaupgreiðslur eftir að afskráning hefur farið fram, en á þessu hefur orðið nokkur misbrestur. Þessar efnisbreytingar komast allar til skila með því að breyta og semja að nýju 18. gr. gildandi sjómannalaga nr. 67 frá 1963. Það er þessi nýskipan 18. gr. sjómannalaganna, sem felst í 1. gr. frumvarpsins. Til að skýra efni frumvarpsins nánar er hér á eftir fjallað um hverja málsgrein 1. gr. út af fyrir sig.

1. mgr. — Óbreytt frá gildandi lögum.

2. mgr. — Í núgildandi 2. mgr. 18. gr. sjómannalaga segir að skipverji taki kaup til þess tíma er starfa hans lýkur á skipi eða til afskráningardags. Þetta

ákvæði gildandi sjómannalaga stríðir gegn ákvæðum laganna um uppsagnarfrest á skiprúmssamningum og er í ýmsum tilvikum andstætt ákvæðum kjarasamninga um vinnu milli veiðitímabila, veikindadagakaup og orlofsrétt. Svo virðist sem útgerðarmenn hafi stundum mistúlkað þetta ákvæði sjómönnum í óhag og lagt meira upp úr því en efni standa til. Launagreiðslum til skipverja lýkur ekki fyrr en ráðningu er slitið, en ráðningarslit fara í mörgum tilfellum, t. d. vegna uppsagnarfrests, ekki fram fyrr en lengri eða skemmri tíma eftir afskráningu. Það er þetta sjónarmið, sem frumvarpsmálsgreinin túlkar. Því er hér um nauðsynlega leiðréttingu að tefla. Rétt þykir að undanþiggja hér hefðbundin hlé milli veiðitímabila, sem vitað er um fyrirfram, þótt minna sé nú um slíkt en áður var.

Ella má gera ráð fyrir að útgerðarmenn réðu skipverja sína í vaxandi mæli tímabundið fyrir hvert veiðitímabil fyrir sig en slíkt væri í raun andstætt hagsmunum beggja aðila.

3. mgr. — Breytingin frá 3. mgr. 18. gr. gildandi sjómannalaga felst í því, að í stað „rétt til kaups“ kemur „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd“. Þetta nýja orðalag veitir skipverja viðtækari rétt, og er það í samræmi við orðalag 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19 frá 1979, sbr. og 6. gr. sömu laga, en þessar greinar fjalla um svonefnd staðgengilslaun landverkafólks. Gagnvart farmönnum felst í þessari breytingu það, að þeir eiga auk grunnkaups og allra fastra álaga á það, sem þeir nú fá greitt, rétt til launa fyrir tilfallandi yfirvinnu. Ákvæðið hefur hinsvegar ekki í för með sér breytingu gagnvart fiskimönnum. Tekið er inn nýtt ákvæði þess efnis, að forfallist skipverji í launalausu fríi þá skuli launagreiðslur til hans hefjast þegar er hann átti að koma til starfa að nýju. Hinsvegar er gert ráð fyrir að skipverji, sem forfallast við vinnu sína, haldi launum þótt hann hafi átt að fara í launalaust frí síðar. Niðurlagsákvæði málsgreinarinnar „og þó aldrei í fleiri daga en skipverji hefur verið í þjónustu útgerðarmanns“ er breytt, og slík takmörkun á kaupgreiðslum aðeins látin ná til forfalla af völdum veikinda en ekki slysa.

4. mgr. — Hér er á ferðinni ný málsgrein, sem felur í sér aukinn rétt sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum þegar um langan starfstíma er að ræða. Málsgreinin er í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 19 frá 1979. Hér eru kaupgreiðslur miðaðar við fast kaup, sem á einkum við um farmenn, kauptryggingu, sem á einkum við um bátasjómenn, og sérlega umsamið veikindakaup, sem á einkum við um skipverja á stórum togurum. Til þessara auknu réttinda stofnast hvort heldur um er að ræða samfellda ráðningu hjá sömu útgerð eða á sama skipi.

5. mgr. — Hér er um að ræða nýja málsgrein, sem bætir rétt sjómanna til greiðslu launa þegar vinnuslys eða atvinnusjúkdómar eiga sér stað. Málsgreinin svarar til 4. gr. laga nr. 19 frá 1979. Um kaupgreiðslufyrirkomulag vísast til þess sem sagt er um 4. mgr.

6. mgr. — Þetta er ný málsgrein. Eðlilegt þykir að þegar skipverji er orðinn vinnufær á ný en getur ekki tekið upp störf vegna fjarveru skips skuli útgerðarmaður, sem greiðir honum full laun, eiga rétt til þess að fela honum önnur störf innan venjulegs dagvinnutíma. Það er skilyrði að starf sé unnið í þágu þess skips, sem skipverji er ráðinn á og að starfið sé sambærilegt við það starf sem skipverji er ráðinn til að gegna um borð í skipi sínu. Hér eru einkum höfð í huga störf við búnað eða veiðarfæri skips eða önnur áþekk störf.

7. mgr. — Óbreytt 4. mgr. 18. gr. gildandi sjómannalaga.

8. mgr. — Þetta er ný málsgrein, sem ekki þarfnast skýringa.

Samkvæmt núgildandi sjómannalögum njóta yfirmenn réttar til launa í veikinda- og slysatilfellum í allt að tvo mánuði en undirmenn í allt að einn mánuð. Með frumvarpinu er ráð fyrir því gert að lengja þennan tíma mjög verulega. Þannig getur yfirmaður í ítrasta tilfelli notið launa í allt að sjö mánuði en undirmaður í allt að sex mánuði, þegar til er að dreifa samfelldri ráðningu í fimm ár og veikindin stafa af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi. Svo annað dæmi sé tekið má benda á, að hafi

skipverji samfellda ráðningu í þrjú ár að baki og verði fyrir almennum veikindum fær hann eftir frumvarpinu allt að þriggja mánaða veikindakaup, ef hann er yfirmaður, en undirmaður allt að tveggja mánaða kaup. Mesta þýðingu hafa trúlega þau ákvæði frumvarpsins, sem lúta að vinnuslysum og atvinnusjúkdómum. Í þeim tilvikum á skipverji rétt á allt að fimm mánaða kaupi, ef hann er yfirmaður, og allt að fjögurra mánaða kaupi, ef hann er undirmaður, hversu skamman tíma sem hann hefur starfað á skipinu.

Rétt er að undirstrika að sú ríflega viðbót við launagreiðslutíma í veikinda- og slysatilfellum, er í frumvarpinu felst, er háð öðrum kaupgreiðslureglum en sá launagreiðslutími, sem fyrir er. Viðbótin er í formi fastra launa, kauptryggingar eða tilsvarandi launagreiðslna og er sú tilhögun valin með það í huga, að útgerðarmanni verði unnt að tryggja sig fyrir hinni auknu áhættu. Á hinn bóginn er einnig nauðsynlegt að leggja áherslu á, að lenging launagreiðslutímans, sem frumvarpið boðar, er þeim skilyrðum háð, að annaðhvort sé um langan samfelldan starfstíma að ræða eða um sé að tefla atvinnusjúkdóm eða vinnuslys, en mest verður lengingin þegar bæði skilyrðin eru uppfyllt.

Loks skal á það minnt að víða hafa sjómenn þegar náð fram í kjarasamningum mun betri rétti en þeim, sem lögfestur var sem lágmarksréttur í sjómannalögum.

Sþ. 144. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]

um heildarlöggjöf, skipulag og varnir vegna hættu af snjóflóðum og skriðuföllum.

Flm.: Helgi Seljan, Árni Gunnarsson, Stefán Valgeirsson, Stefán Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir að sett verði hið fyrsta, og eigi síðar en á árinu 1981, heildarlöggjöf um skipulag varna gegn tjóni af völdum snjóflóða og skriðufalla.

Við samningu löggjafarinnar verði m. a. höfð í huga eftirfarandi atriði:

a) Staðið verði skipulega að gagnasöfnun um snjóflóð og skriður sem fallið hafa og rannsóknum á staðháttum og veðurfarsþáttum á þeim stöðum þar sem búast má við hættu af völdum snjóflóða eða skriðufalla. Á grundvelli slíkra athugana verði landi skipt í svæði með tilliti til þessara þátta og settar reglur um nýtingu einstakra svæða.
b) Við skipulag byggðar gildi sú meginregla að byggja ekki hús til íbúðar eða atvinnurekstrar á svæðum, sem talið er af sérfróðum aðilum að snjóflóð eða skriðuföll geti náð til. Ekki verði hafin vinna við skipulag vegna byggðar á nýjum svæðum fyrr en fyrir liggur úttekt og afstaða réttra aðila með tilliti til ofangreindra þátta. Sé talið óhjákvæmilegt að byggja á slíkum svæðum liggi fyrir mótaðar tillögur um kröfur til bygginga, um varnarvirki, tilkostnað og fjármögnun við gerð þeirra, áður en afstaða er tekin til skipulagstillagna af yfirvöldum.
c) Gerðar verði tillögur um varanleg varnarmannvirki fyrir byggð á hættusvæðum, svo og fyrir mikilvægar samgönguleiðir, orkulínur, hitaveitur og önnur mikilvæg mannvirki.
d) Rannsóknum á þessu sviði og fyrirbyggjandi varnaraðgerðum verði markaður ákveðinn sess í stjórnkerfi landsins og lagður fjárhagslegur grundvöllur að slíku starfi og mótaðar reglur um kostnaðarhlutdeild opinberra aðila í því sambandi.
e) Tryggt verði að ekki sé haldið áfram mannvirkjagerð á líklegum hættusvæðum nema að vandlega athuguðu máli eða uns viðunandi varnaraðgerðum hefur verið komið í framkvæmd.

f) Á stöðum, þar sem byggð er risin og hætta er talin á snjóflóðum, verði komið upp eftirlits- og viðvörunarkerfi er tengist áætlun um rýmingu svæðanna þegar hætta er talin yfirvofandi. Á þeim stöðum á landinu, þar sem snjóflóðahætta er mest, verði stefnt að því að koma á fót svæðisstöðvum þar sem fylgst verði með veðurfari og öðrum þáttum, sem áhrif hafa á snjóflóða- og skriðuhættu, og safnað og miðlað upplýsingum til réttra aðila.

g) Lögð verði áhersla á fræðslu og upplýsingar til almennings um þessi mál, bæði að því er varðar byggð ból og ferðalög og útivist utan byggðar, um hættu vegna snjóflóða og skriðufalla. Björgunaraðilum í landinu verði kynnt undirstöðuatriði varðandi björgun úr snjóflóðum og almenningi hversu bregðast skuli við í slíkum tilvikum og forðast hættur.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á s. l. vori og fylgdi henni þá svohljóðandi greinargerð:

Nýlega er komið út á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins mikið og vandað rit: Snjór og snjóflóð, samið af Þórarni Magnússyni verkfræðingi. Þar er fjallað á ítarlegan hátt um eðliseiginleika snævar, veðurfarsþætti og myndun snjóflóða svo og áhrif þar af. Einnig er kafli um áhrif landslags á myndun flóða og síðast, en ekki síst tillaga að mæli- og athugunarkerfi til notkunar við mat á snjóflóðahættu svo og um leitar- og björgunaraðferðir.

Á grundvelli margs þess, sem í ritinu er fram sett, og náinnar athugunar Þórarins Magnússonar verkfræðings á máli þessu í heild er byggð tillaga sú um heildarlöggjöf, sem hér er flutt.

Kunnum við flm. Þórarni bestu þakkir fyrir, hve mikið verk hann hefur í þetta lagt, bæði hvað snertir tillögugerðina sjálfa svo og greinargerðina.

b) Af heitu vatni á hitastigsbilinu 75°—95° C skal greiða kr. 30 af hverjum m^3 eða kr. 7 500 af hverjum mínútulítra á ári.
c) Af heitu vatni á hitastigsbilinu 55°—75° C skal greiða kr. 15 af hverjum m^3 eða kr. 3 750 af hverjum mínútulítra á ári.
d) Af bensíni skal greiða kr. 10 af hverjum lítra.
e) Af gasolíu skal greiða kr. 10 af hverjum lítra.
f) Af svartolíu skal greiða kr. 10 000 af hverju tonni.

5. gr.

Alþingi ákveður árlega orkugjald fyrir næsta ár skv. 4. gr. og skal iðnaðarráðuneytið skila um það tillögum það snemma að fylgt geti fjárlagafrumvarpi ásamt áætlun um tekjur og gjöld jöfnunarsjóðs orkukostnaðar.

6. gr.

Orka, sem varmaveitur eða önnur orkuvinnslufyrirtæki kaupa til endursölu á öðru orkuformi, og heitt vatn, sem notað er í atvinnurekstri til annars en upphitunar, skal undanþegið gjöldum skv. lögum þessum.

7. gr.

Ágreining um gjaldskyldu og gjaldstofn má bera undir iðnaðarráðherra.

Málshöfðun fyrir dómstólum um gjaldstofn og gjaldskyldu skal byrjuð innan 6 mánaða frá álagningu gjaldsins.

8. gr.

Sala á orku skv. lögum þessum telst fara fram á þeim degi, sem útskrift reikninga á notanda vegna orkuneyslu á sér stað.

Hver sá aðili, sem selur orku á síðasta stigi viðskipta og er gjaldskyldur skv. lögum þessum, skal ótilkvaddur greiða mánaðarlega innheimtumanni ríkissjóðs í umdæmi því, sem hann er heimilisfastur í, orkugjald það, sem honum ber að standa skil á, en ríkissjóður skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega inna af hendi greiðslu gjaldsins til Orkusjóðs.

Greiðslunni skal fylgja skýrsla um alla orkusölu síðasta mánuð.

9. gr.

Orkugjaldi ásamt skýrslu um skuldfærða orkusölu skal skila fyrir hvern mánuð, og er gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörsmánuð og eindagi 10 dögum síðar.

10. gr.

Hafi gjaldskyldur aðili ekki skilað orkugjaldi á eindaga, falla á löglegir dráttarvextir hverju sinni fyrir hvern byrjaðan mánuð, talið frá gjalddaga.

11. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs senda ríkisbókhaldi og ríkisféhirði uppgjör og skilagrein mánaðarlega. Ekki skal greiða þóknun fyrir innheimtu orkugjaldsins.

12. gr.

Stofnaður skal sérstakur sjóður, Jöfnunarsjóður orkukostnaðar.

Stjórn sjóðsins er í höndum Orkuráðs, undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

13. gr.

Orkuráð semur árlega áætlun um tekjur og gjöld Jöfnunarsjóðs orkukostnaðar og sendir ráðherra svo snemma að fylgt geti tillögum iðnaðarráðuneytisins, sbr. 6. gr.

Þá gerir Orkuráð tillögur um einstakar greiðslur til verkefna, sbr. 4. gr.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við skv. öðrum lögum.

Mál út af brotum skulu rekin að hætti opinberra mála.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að lögfest verði sérstakt gjald af seldri orku á síðasta stigi sölu til notenda, svo sem skilgreint er í 1. gr. þess. Gjald þetta sé lagt á raforku, heitt vatn og fljótandi eldsneyti. Gjaldinu er ætlað að renna í sérstakan sjóð í vörslu Orkusjóðs og skuli því varið til jöfnunar á orkuverði til orkusparandi aðgerða, félagslegra framkvæmda á sviði orkumála og fleiri verkefna, svo sem fram kemur í 4. gr. frumvarpsins.

Lagt er til, að fjárhæð gjaldsins sé ákveðin til eins árs í senn, bæði til að festa ekki um ótiltekinn tíma og til að auðveldara sé að fella gjaldið hverju sinni að gildandi verðlagi og þjóðfélagslegum aðstæðum.

Höfuðmarkmið laga þessara er að afla tekna til að standa undir jöfnun á húshitunarkostnaði og raforkuverði, sem mikill munur er á eftir stöðum og orku þeirri, sem völ er á. Tekið er fram, að hér er ekki stefnt að algerri jöfnun, heldur umtalsverðri lagfæringu á miklu misræmi, sem ekki verður kippt í liðinn nema með félagslegum aðgerðum.

Um næstu áramót falla úr gildi lög um verðjöfnunargjald á raforku og er hér gert ráð fyrir, að þau lög verði ekki framlengd, heldur verði jöfnun á raforkuverði framvegis í verkahring þessara laga.

Svo sem fram kemur í frumvarpi þessu, er gert ráð fyrir að iðnaðarráðuneytið geri tillögur árlega til fjárveitinganefndar og Alþingis um einingarverð orkugjaldsins á hinar mismunandi orkueiningar svo og hvernig gjaldinu skuli varið. Þannig er ákvörðunarréttur Alþingis um orkugjald þetta sívirkur.

Á árinu 1980 eru tekjur af orkugjaldi skv. lögum þessum áætlaðar u. þ. b. 4.5 milljarðar. Er þá ekki reiknað með gjaldi á orkusölu til stóriðjufyrirtækja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. grein.

Sú stefnumörkun er gerð að orkugjaldið verði lagt á alla orkusölu í landinu með þeim einu takmörkunum sem fram koma í 2. og 6. grein laganna. Vegna núgildandi raforkusamninga við stóriðjufyrirtæki kunna þó að vera viss vandkvæði á að framkvæma þá stefnumörkun. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að um þetta náist samkomulag við hlutaðeigandi aðila, enda um almennt orkugjald að ræða, sem öllum atvinnurekstri og iðnaði í landinu ber að greiða.

Orkugjaldið er innheimt af síðasta stigi sölu líkt og nú gildir um verðjöfnunargjald á raforku. Sú leið að innheimta það á heildsölustigi hefði gert það mögulegt að fækka innheimtuaðilum verulega. Sá galli er hins vegar á þeirri aðferð, að með því yrðu orkutöp, t. d. raforkutöp í dreifikerfum, skattlögð. Þar sem þau eru mismunandi m. a. milli einstakra orkuveitusvæða yrði orkugjaldið á endanlegan notanda ekki alls staðar hið sama.

Um 2. grein.

Hér eru tilgreindir allir þeir orkugjafar sem notaðir eru í einhverjum mæli hér á landi. Loftkenndar og fastar eldsneytistegundir, s. s. bútangas, kol, koks o. fl., eru hins vegar ekki skattlagðar skv. lögum þessum. Hugsanlegt er, að farið verði að nota kol í auknum mæli sem orkugjafa og því e. t. v. eðlilegt að þau hefðu ekki verið undanskilin. Það sjónarmið er hins vegar ráðandi að örva beri notkun kola sem orkugjafa. Kolanotkun hefði verulegan gjaldeyrissparnað í för með sér miðað við olíunotkun og því væri óeðlilegt að draga úr henni með skattlagningu.

Um 3. grein.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því að hér er gert ráð fyrir því nýmæli að veita skuli styrki til orkusparandi aðgerða. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er sú leið til jöfnunar á hitunarkostnaði mjög þýðingarmikil. Þá er einnig

mörkuð sú stefna að koma upp öryggisbirgðum fyrir eldsneyti og er gert ráð fyrir að hluti orkugjaldsins standi undir þeim tilkostnaði.

Orkugjaldinu er jafnframt ætlað að mæta opinberum útgjöldum vegna félagslegra framkvæmda í orkumálum, en með þeim er átt við framkvæmdir, sem ekki telst félagslega réttlátt að láta einstakar orkuveitur fjármagna með afnotagjöldum. Má í því sambandi m. a. nefna félagslegar framkvæmdir Rarik í raforkumálum.

Um 4. grein.

Hér er kveðið á um upphæð orkugjaldsins á hina ýmsu orkugjafa. Eðlilegast hefði e. t. v. verið að leggja orkugjald á raforku til grundvallar við ákvörðun gjaldsins á önnur orkuform þannig að það væri hið sama á hverja orkueiningu (kílówattstund) í öllum tilvikum. Af 80° heitu vatni ætti orkugjaldið þá að vera 46 kr/m³.

Hér er hins vegar gert ráð fyrir að það verði 30 kr/m³, sem er því töluvert lægra en það ætti að vera til að fullkominn jöfnuður ríkti milli hinna ýmsu orkuforma. Það orkugjald sem tilgreint er að beri að greiða af eldsneyti samsvarar hins vegar nokkurn veginn orkugjaldi á raforku skv. áðurnefndri grundvallarviðmiðun.

Um 5. grein.

Það kemur árlega í hlut Alþingis að ákveða orkugjaldið. Þessi aðferð er talin skynsamlegri en að ákveða það í lögum að gjaldið breytist sjálfkrafa miðað við verðbreytingar í landinu.

Um 6. grein.

Greinin á m. a. við í þeim tilvikum að fjarvarmaveita noti raforku og/eða olíu til þess að framleiða heitt vatn. Þar sem greiddur er orkuskattur af heita vatninu, hinu endanlega orkuformi, verður fyrra orkuformið að vera undanþegið orkuskatti til að koma í veg fyrir tvísköttun. Sama á við ef raforka er framleidd með olíu.

Þá er einnig gert ráð fyrir að jarðhiti sem notaður er til annars en upphitunar verði undanþeginn orkugjaldi. Það sjónarmið er ráðandi að örva eigi notkun jarðhita í atvinnurekstri hér á landi eins og frekast er kostur. Því beri ekki að skattleggja slíka notkun að svo stöddu hvað sem síðar kann að verða ákveðið.

Um 7. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 10. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. grein.

Nauðsynlegt er að stofna sérstakan sjóð vegna gjaldsins, þar eð hlutverk Orkusjóðs skv. gildandi lögum nær ekki yfir öll verkefni hans. Rétt þykir að stjórn sjóðsins sé í höndum Orkuráðs.

Um 13. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. grein.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. **152. Frumvarp til laga** [101. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978 um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Í stað „250 000 kr.“ í 2. málslið 3. tl. B-liðs 30. gr. laganna komi: 413 000 kr. og í stað „500 000 kr.“ í sama málslið komi: 826 000 kr.

Í stað „1 600 kr.“ í 1. málslið 1. mgr. 1. tl. C-liðs 30. gr. laganna komi: 2 700 kr.
Í stað „260 000 kr.“ í 2. málslið 3. tl. C-liðs 30. gr. laganna komi: 430 000 kr.
Í stað „185 000 kr.“ í 2. málslið 4. tl. C-liðs 30. gr. laganna komi: 306 000 kr.
Í stað „40 000 kr.“ í 2. málslið 3. tl. D-liðs 30. gr. laganna komi: 66 000 kr.
Í stað „5 000 kr.“ í 2. tl. E-liðs 30. gr. laganna komi: 10 000 kr.

2. gr.

Í stað „200 000 kr.“ í 2. mgr. 40. gr. laganna komi: 330 000 kr.

3. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir:

Af fyrstu 2 500 000 kr. tekjuskattsstofni reiknast 15%, af næstu 3 500 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 30% en af tekjuskattsstofni yfir 6 000 000 kr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð sem þannig fæst telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. skal vera 7% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

4. gr.

68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr. skal vera 400 000 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða sjúkratryggingargjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur sem enn er óráðstafað fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. og skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða sjúkratryggingargjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar sem þá verður enn óráðstafað fellur niður.

5. gr.

1. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 140 000 kr. með fyrsta barni en 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en 7 ára á tekjuárinu skulu barnabætur vera 55 000 kr. hærri. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ætíð vera 270 000 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

6. gr.

Í stað „25%“ í 1. málslið 1. mgr. 2. tl. 71. gr. komi: 35%.

Í stað „15%“ í 2. mgr. 2. tl. 71. gr. komi: 20%.

7. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 65% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

8. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig:

Af fyrstu 17 000 000 kr. eignarskattsstofns greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns sem umfram er greiðist 1,2%.

9. gr.

84. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr., skal vera 1,2% af eignarskattsstofni.

10. gr.

116. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 3. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 40. gr., 2. mgr. 44. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1981.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1980 vegna tekna ársins 1979 og eigna í lok þess árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekjuskattur af almennum launatekjum meðalfjölskyldu, eins og nánar er skilgreint hér á eftir, verði felldur niður í tveimur áföngum á þessu og næsta ári. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að þetta verði gert með ákvörðun skattstiga þannig, að árið 1980 verði tekjuskattur lækkaður um rúmlega 7 milljarða króna frá áætlun í fjárlagafrumvarpi fyrrverandi ríkisstjórnar og þeirri lækkun verði þannig hagað, að hún komi þeim mest til góða sem lágar tekjur hafa svo og einstökum hópum, svo sem eins og einstæðum foreldrum, sem eiga erfiðum aðstæðum að mæta, en gild-

andi lög nr. 40 frá 1978 um tekjuskatt og eignarskatt hefðu ella falið í sér nokkrar skattahækkanir hjá þeim.

Ætlunin er að síðara skrefið til niðurfellingar tekjuskatts af almennum launatekjum meðalfjölskyldu verði svo stigið á næsta ári með einfaldri breytingu á neðsta skattþrepinu í frumvarpi þessu.

Þegar frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt var lagt fyrir Alþingi á árinu 1978 fylgdi því frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sem alkunna er náði tekjuskattsfrumvarpið fram að ganga og varð að lögum nr. 40/1978 en staðgreiðslufrumvarpið dagaði uppi í meðförum þingsins. Skattstigar og aðrir þættir álagningarkerfis laga nr. 40/1978 voru engu að síður samþykktir óbreyttir frá frumvarpinu, en þeir voru sniðnir að staðgreiðslu opinberra gjalda. Af þessum sökum og vegna verðbólguþróunar að undanförnu er óhjákvæmilegt að endurskoða þetta álagningarkerfi.

Með frumvarpi til fjárlaga sem fjármálaráðherra lagði fram í desember s. l. var gert ráð fyrir að innheimtur tekjuskattur á árinu 1980 lækkaði um 7,2 milljarða kr. frá áætlun fyrra fjárlagafrumvarps fyrir árið 1980. Jafnframt var því lýst yfir að ætlunin væri að beita þessari lækkun fyrst og fremst til að lækka skatta þeirra einstaklinga sem lægstar hafa tekjur.

Frumvarpi þessu er ætlað að ná þessu marki en jafnframt að vera fyrri áfangi á þeirri leið að fella niður tekjuskatt til ríkissjóðs á almennar launatekjur. Þessi breyting svo og síðari áfangi tekur nær einungis til upphæða og hlutfalla í álagningarkerfi laga nr. 40/1978 en breytir að litlu leyti grundvallaratriðum kerfisins. Þannig eru t. d. áfram þrjú skatthlutföll í skattstiga einstaklinga í frumvarpi þessu. Áfram er reiknað með nær óbreyttum reglum um millifærslu ónýtts persónuafsláttar milli hjóna, svo og því, að ónýttur persónuafsláttur skuli nýtast til greiðslu útsvars, og að greiða beri hærri barnabætur með börnum undir skólaskyldualdri en með öðrum börnum. Einnig er haldið þeirri reglu að veita einstæðum foreldrum skattaléttí í formi hækkaðra barnabóta, en fyrirkomulagi þessu er þó að nokkru breytt frá lögum nr. 40/1978, og hefur þessi breyting í för með sér aukna ívilnun til einstæðra foreldra.

Skattstigi tekjuskatts einstaklinga er sem hér segir samkvæmt tillögum þessum:

Af fyrstu 2,5 m.kr. tekjuskattsstofni greiðist 15%, af næstu 3,5 m.kr. tekjustofni 30%, en 50% af því sem umfram er 6 m.kr. tekjustofn. Skattafsláttur frá reiknuðum skatti verði 400 þús. kr. Sami skattstigi og skattafsláttur gildir fyrir einhleyping og fyrir hvort hjóna.

Munur milli hæsta og lægsta skatthlutfalls er hér meiri en lög nr. 40/1978 gefa tilefni til. Raunar einnig meiri en var við álagningu tekjuskatts á árinu 1979 en þetta er gert í því skyni að nýta það svigrúm sem fjárlagafrumvarp gefur til skattlækkunar, fyrst og fremst til hagsbóta þeim tekjulægstu og um leið til eins mikillar hækkunar skattfrelsismarka tekjuskatts til ríkisins og mögulegt er. Jafnframt dregur þessi breyting úr þeirri verulegu aukningu á millifærslu ónýtts persónuafsláttar upp í útsvar sem ella hefði leitt af ákvæðum laga nr. 40/1978. Önnur afleiðing þessa er sú, að með þessu skapast aukinn hvati til að hjón afli bæði tekna. Hafi t. d. annar maki tekjur yfir 6 m.kr. markinu en hinn engar þyrfti samkvæmt þessum tillögum að gjalda 50% af tekjum í skatt hjá því hjóna, sem tekjuauka hefði umfram fyrrnefndar 6 m.kr., en einungis 15% af fyrstu tekjum þess sem áður var tekjulaus.

Barnabætur eru samkvæmt tillögunum 140 þús. kr. með fyrsta barni en 215 þús. kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum yngri en 7 ára skulu vera 55 þús. kr. hærri. Einstæð foreldri skulu ætíð njóta hæstu barnabóta eða 270 þús. kr. með hverju barni. Barnabætur þessar eru um 10% hærri en beinn framreikningur á tölum laga nr. 40/1978 gefur tilefni til. Breyting er hér gerð á sérstökum barnabótum til einstæðra foreldra frá ákvæðum laga nr. 40/1978, en þar var mælt fyrir um að barnabætur með börnum einstæðra foreldra skyldu vera 40%

hærri en barnabætur með öðrum börnum. Ákvæði laga nr. 40/1978 olli mikilli röskun á skattbyrði einstæðra foreldra innbyrðis, þótt skattbyrði hópsins í heild breyttist ekki mjög mikið og þá heldur til lækkunar. Það fyrirkomulag, sem hér er lagt til, dregur úr þessari röskun.

Eins og áður sagði eru breytingartillögur þessa frumvarps hugsaðar sem fyrri áfangi á þeirri braut að fella niður tekjuskatt til ríkisins hjá almennum launþegafjölskyldum, en það skref mætti stíga til fulls á árinu 1981.

Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar námu meðaltekjur heimila kvæntra verkamanna nálægt 6,7 m.kr. á árinu 1979, meðaltekjur iðnaðarmannaheimila 7,5 m.kr. en meðaltekjur sjómannaheimila nálægt 9 m.kr. á sama ári. Hér er gengið út frá því að meðallaunþegafjölskyldan hafi haft 7 m.kr. tekjur á árinu 1979 og að tekjuöflunin skiptist þannig milli hjónanna að annað þeirra hafi aflað 5 m.kr. en hitt 2 m.kr. Þessi tekjuskipting er lauslega áætluð. Þá er reiknað með að þessi fjölskylda hafi fyrir tveimur börnum að sjá og sé annað þeirra á skólaskyldualdri. Sé gert ráð fyrir að fjölskylda þessi hafi haft það lítil vaxtagjöld að henni sé hagstætt að nota 10% lágmarksfrádráttinn mundi samanlagður tekjuskattur hjónanna að viðbættu sjúkratryggingargjaldi (samkvæmt frumvarpi sem liggur um það efni fyrir Alþingi) en að frádregnum barnabótum nema samkvæmt tillögum þessa frumvarps 176 þús. kr. á gjaldárinu 1980. Annan áfanga umræddrar skattalækkunar mætti framkvæma með þeirri einu breytingu á álagningarkerfi þessa frumvarps að hækka neðsta skattþrepið úr 2,5 m.kr. upp í 3,5 m.kr. Þessi breyting mundi leiða til að ofangreind fjölskylda yrði skattlaus til ríkissjóðs. Að sjálfsögðu ber að hafa það í huga að hér er um dæmi að ræða. Þannig myndi t. d. fjölskylda sem hefði hærri vaxtagreiðslur, fleiri börn á framfæri eða jafnari tekjuskiptingu milli hjóna geta haft meiri tekjur án skattgreiðslna til ríkissjóðs en sú fjölskylda sem tekin var sem dæmi að framan. Á hinn bóginn mætti nefna að barnlaus fjölskylda, þar sem aðeins annað hjónanna aflaði framangreindra tekna, yrði ekki skattlaus við þessi tekjumörk. Með þessum síðari áfanga yrði þannig að því stefnt að dæmigerð meðallaunþegafjölskylda verði skattlaus til ríkissjóðs, enda þótt þar með sé ekki sagt að allir almennir launþegar verði skattlausir. Þar á meðal er ljóst að einhleypingur með framangreindar tekjur mundi að jafnaði greiða allnokkurn skatt einnig eftir síðari áfanga breytinganna. Jafnframt er ljóst að í slíku kerfi myndu fjölmargir almennir launþegar ekki einungis vera skattlausir til ríkissjóðs, heldur fá greiðslur úr ríkissjóði ýmist í formi barnabóta eða til greiðslna á útsvari, að hluta eða öllu leyti, með ónýttum persónuafslætti.

Lækkun tekjuskatts með framangreindum hætti á árinu 1981 myndi á verðgildi ársins 1980 kosta ríkissjóð nær 10 milljarða kr. í álögðum skatti til viðbótar því tekjutapi sem leiddi af samþykkt þessa frumvarps. Þannig myndu báðir áfangarnir samanlagt kosta ríkissjóð um 18 milljarða kr. á ári í álögðum tekjuskatti.

Talnalegur samanburður á því álagningarkerfi, sem hér er gerð tillaga um, við þau skattalög sem síðast var beitt við álagningu, er torveldur, enda er álagningargrunnur laga nr. 40/1978 mjög frábrugðinn þeim er áður gilti. Engu að síður hefur á vegum fjármálaráðuneytisins verið reynt að framkvæma slíkan samanburð. Tekið var úrtak úr framtölum ársins 1979, þ. e. a. s. framtölum vegna tekna ársins 1978, og var nánast 20. hvert framtal í því úrtaki. Allar fjárhæðir í úrtaksframtölunum voru skráðar á tölvutækt form. Þessar fjárhæðir voru síðan hækkaðar um 45% en það hlutfall er talið samsvara meðalhækkun tekna framteljenda milli áranna 1978 og 1979. Þá var reynt að áætla álagningargrunn þann sem lög nr. 40/1978 miðast við, út frá þeim upplýsingum sem fram koma í framangreindum framtölum. Þessi áætlun getur að sjálfsögðu ekki orðið nákvæm og verður því að taka eftirfarandi samanburð með fyrirvara um nokkra skekkju af þessum sökum. Sérstaklega er rétt að benda á að þær breytingar sem verða á tekjuuppgjöri atvinnureksturs frá ákvæðum laga nr. 68/1971 skapa veruleg vandkvæði í þessum samanburði varðandi þá einstaklinga er atvinnurekstur stunda, og ekki hefur verið unnt að taka nema að litlu

leyti tillit til þessara breytinga við samanburð. Eftir að grunnurinn hafði þannig verið áætlaður var reiknaður skattur fyrir alla framteljendur í úrtakinu, annars vegar eftir ákvæðum þeim sem giltu við álagningu skatta á árinu 1979 með þeim breytingum sem leiddi af 45% hækkun skattvísitölu, og hins vegar eftir álagningarkerfi laga nr. 40/1978 með þeim breytingum sem felast í frumvarpi þessu og miðað við að þau frumvörp er nú liggja fyrir Alþingi og varða útsvör og sjúkratryggingargjald verði að lögum. Samanburður þessi leiddi meðal annars eftirfarandi atriði í ljós:

1. Meðalskattgreiðslur einstaklinga til ríkissjóðs lækka um 16% (og er þá reiknað með sjúkratryggingargjaldi í báðum álagningarkerfum). Hjá hjónum er meðaltalslækkunin um 10% en hjá einhleypingum um 29%. Skattalækkunin verður tiltölulega meiri hjá barnmörgum en barnfáum fjölskyldum, t. d. um 25% hjá hjónum með 3 börn eða fleiri, en aðeins 6% hjá barnlausum. Heildarútgreiðslur ríkissjóðs vegna einstæðra foreldra umfram álagða skatta á sama hóp hækka úr 450 m.kr. í 750 m.kr.
2. Sé hjónum skipt í flokka eftir tekjuöflun eiginkonu er skattlækkunin vel yfir meðallagi hjá þeim hjónum þar sem eiginkonan aflar engra tekna eða tekna allt að 1 m.kr. Skattlækkun þeirra hjóna, þar sem eiginkonan aflar milli 1 og 2 m.kr. í tekjur, er nálægt meðallagslækkun, en lækkunin er lítil sem engin í þeim hjónahópi þar sem eiginkonan aflar meira en 2 m.kr. Innan þessa síðast talda hóps eru þó verulega misjafnar aðstæður. Umtalsverð lækkun verður á skattbyrði meiri hluta hópsins, enda þótt veruleg hækkun á tiltölulega litlum hluta hans valdi því að hópurinn í heild standi í stað. Einkum verður lækkun hjá þeim hjónum í þessum hópi þar sem heildartekjur heimilisins eru undir 10 m.kr. en hins vegar veruleg hækkun þar sem um mjög tekjuhá heimili er að ræða.
3. Skattalækkunin er veruleg hjá gjaldendum með meðaltekjur, en þeir tekjuhæstu lækka ekki og skattar hinna allra tekjuhæstu fjölskyldna hækka í sumum tilvikum nokkuð. Í heild lækka skattar merkjanlega hjá um 60% framteljenda. Við fyrstu sýn virðist skattur allt að 10% gjaldenda hækka eitthvað. Hækkunin stafar fyrst og fremst af þremur ástæðum. Í fyrsta lagi er reiknað með minni greiðslum upp í útsvar tekjulægstu einstaklinganna en áður, vegna þess að breyttar ívilnunarreglur útsvars í frumvarpi til breytinga á lögum nr. 8/1977 gera það ónauðsynlegt. Hér er því ekki um raunverulega íþyngingu að ræða. Í öðru lagi leiðir breyttur álagningargrunnur til þess að skattur einstakra gjaldenda á flestum tekjubilum og í flestum fjölskylduhópum breytist á annan hátt en hjá meginþorra sambærilegra framteljenda. Þetta veldur hækkun hjá vissum hópi manna. Í þriðja lagi verður nokkur hækkun meðal allra tekjuhæstu fjölskyldnanna, þar sem eiginkonan aflar verulegs hluta teknanna, eins og áður sagði.
4. Skattfrelsismörk (þ. e. a. s. hámark tekna sem ekki þarf að greiða af tekjuskatt til ríkissjóðs) hækka hjá öllum fjölskylduhópum. Sé miðað við að almennur frádráttur sé 10% af tekjum (sem er mjög varlega áætlað) verða skattfrelsismörk einhleypings í tekjuskatti 2 870 000 kr., en sé miðað við að frádráttur sé 15% af tekjum verða mörkin 3 040 000 kr. Hækkun skattfrelsismarka nemur 370 þús. kr. sé miðað við 10% frádrátt en 390 þús. kr. sé miðað við 15% frádrátt. Vegna takmarkaðrar sérsköttunar hjóna er samsvarandi samanburður erfiður að því er þau varðar, en hafi t. d. eiginmaður aflað allra teknanna hækka skattfrelsismörk barnlausra hjóna um 630 þús. kr. og er þá miðað við 15% frádrátt frá tekjum. Verða slík hjón skattlaus séu tekjur þeirra undir 4 590 þús. kr. Skattfrelsismörk hjóna með 2 börn, þar sem eiginmaðurinn aflar allra teknanna og frádráttur er 15% af tekjum, hækka um 520 þús. kr. eða í 6 140 þús. kr. og skattfrelsismörk hjóna sem eins er ástatt um, nema hvað hjónin skipta tekjuöfluninni jafnt á milli sín, verða 7 630 þús. kr. og hækka um 140 þús. kr.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1980 er gert ráð fyrir að innheimtur eignarskattur einstaklinga verði 2 438 m.kr. á árinu 1980. Forsendur tekjuáætlunar frumvarpsins miðast við 40% hækkun eignarskattsstofns milli ára og sömu hlutfallshækkun skattfrjálsrar eignar en að öðru leyti óbreytt álagningarkerfi frá því sem beitt var við álagningu á árinu 1979.

Í ljós hefur komið að eignarskattsstofn hefur hækkað mun meira milli ára en gert var ráð fyrir í fjárlagaforsendum. Miðað við hækkun fasteignamats og hlutdeild fasteigna í heildareign einstaklinga samkvæmt fyrrgreindu úrtaki skattframtala má búast við að hækkun eignarskattsstofns milli ára verði nálægt 58%. Þá er einnig ljóst að breytt skattlagning hjóna samkvæmt lögum nr. 40/1978 hefur óhjákvæmilega veruleg áhrif við álagningu eignarskatts en ekki var tekin afstaða til þess í forsendum fjárlaga. Samkvæmt lögunum skal eignarskattsstofni hjóna skipt til helminga milli þeirra og skal hvort um sig skattlagt af sínum hluta sem einhleypingur væri, en samkvæmt eldri tekjuskattslögum var eignarskattur lagður sameiginlega á hjón og var skattfrjáls eign þeirra þá einungis 50% hærri en skattfrjáls eign einhleypings. Af þessari breytingu leiðir að hjón í heild hljóta að bera minni hluta af heildareignarskatti sem álagður verður, en hlutur einhleypinga vex að sama skapi. Í frumvarpi þessu er lagt til að skattfrjáls eign hvers einstaklings verði 17 m.kr. Eignarskattshlutfall verði 1,2%, eins og var við álagningu á síðasta ári, og eru þessar tölur við það miðaðar að tekjur ríkissjóðs verði svipaðar því sem áætlað er í fjárlagafrumvarpi. Samkvæmt þessu nemur skattfrjáls eign hjóna í sameiningu 34 m.kr. og er þar um að ræða verulega hækkun umfram almennar verðbreytingar eða breytingar fasteignamats frá árinu 1979. Skattfrjáls eign einstaklings verður hins vegar 17 m.kr. og er hækkun á þeirri eign heldur minni en nemur almennum hlutfallshækkunum eignarskattsstofns milli ára. Eignarskattur einhleypinga hækkar þannig lítillega frá því sem var á síðasta ári.

Lagt er til að tekjuskattshlutfall lögaðila verði óbreytt frá því sem var við álagningu 1979, sbr. lög nr. 119/1978. Um það hversu mikill tekjuskattur atvinnurekstrarins verði í heild er mjög erfitt að spá vegna þess hve miklar grundvallarbreytingar verða nú á ákvæðum um tekjuskattsstofn í rekstri. Hér er ekki hægt að styðjast við sambærilegt úrtak við áætlanir um heildartekjur ríkissjóðs eða skattbyrði tiltekinna gjaldendahópa og gert er varðandi einstaklinga utan rekstrar. Til þess þarf fjölmargar upplýsingar sem ekki eru nú í höndum skattyfirvalda. Skatthlutfallið 65% er sambærilegt hæsta jaðarskatti í skattstiga einstaklinga eftir að tillit hefur verið tekið til heimildar lögaðila til að leggja 25% af tekjum í varasjóð. Þar sem sambærilegur rekstur getur ýmist verið í hendi félags eða einstaklings verður að teljast æskilegt að slíks samræmis sé gætt við ákvörðun á þessum skatthlutföllum.

Þá er lagt til að eignarskattur lögaðila verði 1,2% af eign en þetta hlutfall var 1,6% árið 1979, sbr. lög nr. 119/1978. Meginástæða þess að eignarskattshlutfall lögaðila var á sínum tíma ákveðið hærra en eignarskattshlutfall einstaklinga var að eignarskattur lögaðila var frádráttarbær við álagningu tekjuskatts. Sú heimild hefur verið afnumin og því þykir rétt að samræma hlutfallið. Einnig er óæskilegt að hlutfallið sé mismunandi, meðal annars vegna þess að eignir eru millifæranlegar milli manna og lögaðila, t. d. með útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Þrátt fyrir þessa lækkun hlutfallsins er ekki líklegt að lækkun verði á álögðum eignarskatti lögaðila þar sem búast má við allverulegum hækkunum á skattstofni vegna endurmats.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er gert ráð fyrir breytingu til hækkunar á ýmsum stærðum í 30. gr. laganna með tilliti til þess að ekki verður um staðgreiðslu að ræða á árinu 1980, svo og með tilliti til þeirra almennu verðbreytinga er orðið hafa eftir samþykkt laganna. Hafa allar þessar fjárhæðir verið hækkaðar um sem næst 65%. Stærðir sem hér um ræðir eru hámark fengins arðs sem frádráttarbær er hjá móttakanda hans, fjárhæð sjómannafrádráttar, námsfrádráttar, frádráttar vegna stofnunar heimilis og frádráttar vegna kaupa á líftryggingu. Loks er lagt til að lágmarksfjárhæð hverrar gjafar til menningarmála sé tvöfölduð.

Um 2. gr.

Hér er lögð til sambærileg hækkun við þá er um ræðir í 1. gr. á hámarksfjárhæð einstakra eigna sem heimilt er að gjaldfæra að fullu á kaupári.

Um 3. gr.

Hér eru gerðar tillögur um tekjuskattsstiga einstaklinga. Vísast um hann til almennra athugasemda hér að framan. Í 3. mgr. er lagt til að tekjuskattshlutfall af launatekjum barna hækki úr 5% í 7%.

Um 4. gr.

Í þessari grein er lagt til að persónuafsláttur verði 400 þús. kr. fyrir hvern mann. Jafnframt er lagt til að ónýttur persónuafsláttur gangi til greiðslu sjúkratryggingargjalds en það er í samræmi við meðferð hans við síðustu álagningu. Þá er lagt til að ákvæði um greiðslu sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds með ónýttum persónuafslætti verði felld niður enda byggðist framkvæmd þeirra á staðgreiðslukerfi. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda.

Um 5. gr.

Hér eru gerðar tillögur um fjárhæð barnabóta. Eins og getur í almennum athugasemdum er lagt til að einstæðir foreldrar njóti ávallt hámarksbóta í stað þess að njóta 40% umframbóta með hverju barni.

Um 6. gr.

Hér er lögð til hliðstæð hækkun á tekjuskattshlutfalli ýmissa aðila er bera hér takmarkaða skattskyldu og gert er ráð fyrir að eigi sér stað hjá öðrum gjaldendum.

Um 7. gr.

Lagt er til að tekjuskattshlutfall lögaðila verði 65% eins og var við álagningu árið 1979.

Um 8. og 9. gr.

Um þessar greinar vísast til almennra athugasemda.

Um 10. gr.

Nauðsynlegt er að breyta ákvæðinu um árlega skattvísitölu til samræmis við frumvarp þetta.

Um 11. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

Nd. **153. Frumvarp til laga** [102. mál]

um fullorðinsfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

I. KAFLI
Markmið.

1. gr.

Þessi lög um fræðslu fullorðinna eiga að stuðla að jafnrétti fólks til fræðslu og náms án tillits til búsetu, aldurs eða fyrri menntunar. Fræðslan skal miða að því að skapa hverjum einstaklingi skilyrði til aukins þroska þannig að þekking hans og færni nýtist sem best.

II. KAFLI
Námsskipan og fræðsla.

2. gr.

Fræðsla fullorðinna greinist í eftirfarandi þætti:

a) Almennt nám sem er hliðstætt við nám á grunnskóla-, framhaldsskóla- eða háskólastigi og metið að jöfnu við það. Próf- og námsvottorð þeirra aðila, sem annast fullorðinsfræðslu, skulu metin til jafns við vitnisburð hliðstæðra skólastiga hins almenna skólakerfis. Fræðsluyfirvöld hafa yfirumsjón þessa náms með höndum.

b) Starfsnám, viðbótarmenntun og endurmenntun fer fram á vegum heildarsamtaka launþega og/eða atvinnurekenda ellegar ríkis og sveitarfélaga og skulu áðurgreindir aðilar hafa með sér samráð um námið eftir því sem þörf krefur.

c) Félagsleg menntun í tengslum við atvinnulífið fer fram á vegum heildarsamtaka launþega eða í samvinnu milli heildarsamtaka launþega og atvinnurekenda.

d) Frjálst nám sem fellur utan við lið a), b) og c). Námið fer fram á vegum ríkis og sveitarfélaga, landssamtaka sem m. a. hafa að markmiði að veita fræðslu af ýmsu tagi eða á vegum heildarsamtaka launþega og atvinnurekenda.

Ofangreint nám getur m. a. farið fram í námshópum, námsflokkum, bréfaskóla og/eða Ríkisútvarpi, svo og í sérstökum deildum skólastofnana.

Meta skal nám samkvæmt b), c) og d) liðum til námseininga sem gildi jafnt innan hins almenna skólakerfis og á vinnumarkaðnum. Skal nánar kveðið á í reglugerð hvernig því mati verði varið.

3. gr.

Við skipulagningu og framkvæmd fullorðinsfræðslu skal tekið sérstakt tillit til sérþarfa þeirra sem vegna frávika frá eðlilegum þroskaferli og vegna sjúkdóma eða hvers konar fötlunar geta ekki notið venjulegrar fræðsluskipunar. Námsefni þessara hópa skal samræmt því sem almennt gildir um nám fullorðinna.

4. gr.

Efla skal fullorðinsfræðslu í Ríkisútvarpinu, hljóðvarpi og sjónvarpi, sbr. 3. gr. útvarpslaga nr. 19/1971, og skal slík fræðsla verða fastur liður á dagskrá. Fræðsluna skal tengja sem nánast annarri fullorðinsfræðslu þannig að námsefnið komi að sem mestu gagni í þeirri fræðslu sem fram fer á vegum annarra aðila.

5. gr.

Stefnt skal að því að koma á fót Farnámsflokkum Íslands þar sem kennsla fer meðal annars fram í Ríkisútvarpinu, bréfaskóla og fræðslustofnunum á hinum ýmsu stöðum með aðstoð og tilkomu farkennara. Fullorðinsfræðsluráð og Menntamálaráðuneytið standi fyrir skipulagningu námsins.

III. KAFLI
Námsaðstaða og námsgögn.

6. gr.

Nýta skal til fullorðinsfræðslu þá námsaðstöðu sem fyrir hendi er í stofnunum í opinberri eign. Þó skal heimilt að nýta annað húsnæði sé það hentugra hvað aðstöðu eða tækjakost snertir.

7. gr.

Stefnt skal að því að almennings- og skólabókasöfn landsins hafi yfir að ráða bókaflokkum, handbókum og öðrum gögnum sem nýtast megi til fullorðinsfræðslu bæði til útlána og afnota á söfnunum.

IV. KAFLI
Stjórn.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirrar fullorðinsfræðslu sem fellur undir lög þessi.

9. gr.

Sett skal á fót fullorðinsfræðsluráð, tilnefnt til fjögurra ára í senn, sem verði mótandi og ráðgefandi aðili um fullorðinsfræðslu í landinu. Ráðið skal skipað sjö fulltrúum, fjórum tilnefndum af heildarsamtökum þeirra aðila sem annast fullorðinsfræðslu; einum, skipuðum af menntamálaráðuneyti án tilnefningar, einum fulltrúa frá Ríkisútvarpinu, tilnefndum af útvarpsráði, og einum fulltrúa, tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ráðið kýs sér formann.

V. KAFLI
Framkvæmdaraðilar.

10. gr.

Ríki og sveitarfélög skulu hafa forgöngu um fræðslu fullorðinna. Í einstökum fræðsluumdæmum (sbr. lög um grunnskóla) skulu fræðsluráð, fræðslustjórar og skólanefndir hafa slíka forgöngu. Heildarsamtök launþega og atvinnurekenda, svo og landssamtök sem m. a. hafa að markmiði að veita fræðslu af ýmsu tagi, geta einnig haft forgöngu um fullorðinsfræðslu.

11. gr.

Sá aðili, sem hefur með höndum fræðslu fullorðinna og fær til þess fjárstuðning samkvæmt lögum þessum, ber ábyrgð á þeirri fræðslu sem veitt er og að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum — enda sé haft samráð við menntamálaráðuneytið um skipulagningu og framkvæmd hennar.

12. gr.

Þeir aðilar, sem fara með framkvæmd fræðslu fullorðinna, skulu leggja fram starfs- og kostnaðaráætlun ár hvert.

a) Þeir aðilar sem aðeins starfa innan eins fræðsluumdæmis, sbr. lög um grunnskóla, skulu leggja umsóknir sínar fyrir fræðslustjóra sem síðan samræmir framboð á fræðslunni og gerir tillögur um hana til menntamálaráðuneytisins.
b) Þeir sem annast fræðslu fullorðinna í meira en einu fræðsluumdæmi skulu leggja starfsáætlun fyrir menntamálaráðuneytið.

Ráðuneytið leitar umsagnar fullorðinsfræðsluráðs áður en gengið er frá tillögum til Alþingis ár hvert um fjárveitingu til fullorðinsfræðslu.

VI. KAFLI
Fjármál.

13. gr.

Kostnaður við fræðslu fullorðinna greiðist sem hér segir:

a) Nám þar sem stefnt er að prófi á skyldunámsstigi skal greitt af aðilum í sama hlutfalli og lög og reglugerðir um það skólastig mæla fyrir um.
b) Til annars náms, samkvæmt 2. gr., greiði ríkissjóður kennslukostnað, þ. e. laun og launatengd gjöld, ásamt ferðakostnaði kennara. Annar kostnaður greiðist af framkvæmdaaðilum og nemendum en þó skulu þátttökugjöld aldrei vera hærri en sem nemur 50% af þessum kostnaði.
c) Til fullorðinsfræðslu í formi bréfaskólanáms greiðist úr ríkissjóði laun og launatengd gjöld vegna skólastjórnar, kennslu, gerðar námsleiðbeininga og afgreiðslu námsefnis.
d) Vegna kostnaðar við öflun og gerð kennsluefnis til fullorðinsfræðslu í Ríkisútvarpi, hljóðvarpi og sjónvarpi, skal ætla fjárveitingu úr ríkissjóði árlega.
e) Vegna kennsluefnis fullorðinna með sérþarfir, sbr. 3. grein, skal ríkissjóður greiða kostnað við sérsamningu og útgáfu þess.

14. gr.

Til sérstakra verkefna vegna fullorðinsfræðslunnar, svo sem þjálfunar leiðbeinenda, sameiginlegra verkefna og þjónustu vegna aðila fullorðinsfræðslunnar, skal ríkissjóður veita fjárhagslegan stuðning að fenginni umsögn fullorðinsfræðsluráðs.

15. gr.

Um launakjör kennara og leiðbeinenda gilda sömu ákvæði og um kennara á framhaldsskóla- eða háskólastigi eftir því sem við á.

VII. KAFLI
Um gildistöku og reglugerðir.

16. gr.

Menntamálaráðuneytið setur nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd þessara laga. Leitað skal álits fullorðinsfræðsluráðs áður en reglugerðir eru gefnar út.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

VIII. KAFLI
Ákvæði til bráðabirgða.

18. gr.

Fjórum árum eftir gildistöku laganna skal menntamálaráðuneytið skipa nefnd til þess að gera úttekt á framkvæmd þeirra og endurskoða þau. Skal menntamálaráðherra kynna niðurstöður nefndarinnar á Alþingi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dagsettu 31. ágúst 1978 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Vilhjálmur Hjálmarsson, nefnd til þess að fjalla um fræðslu fullorðinna og gera í formi lagafrumvarps tillögur um tilhögun og framkvæmd fullorðinsfræðslu.

Í nefndina voru skipuð Birna Bjarnadóttir, forstöðumaður Bréfaskólans, Einar Ólafsson, kennari, Guðrún Halldórsdóttir, forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur, Jóhanna Sigurðardóttir, alþingismaður og Haukur Ingibergsson skólastjóri Samvinnuskólans, sem ennfremur var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin kom öll saman 34 sinnum auk þess sem nefndarmenn unnu að sérstökum verkefnum á milli funda.

Nefndin skilaði frumvarpi því sem hér er lagt fram óbreytt að öðru leyti en því, að felld eru brott ákvæði um stofnun sérstakrar fullorðinsfræðsludeildar í menntamálaráðuneytinu og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Þróun fullorðinsfræðslu.

Ljóst er að þörfin fyrir fullorðinsfræðslu sem og mikilvægi hennar fyrir samfélagið fer vaxandi.

Sú grundvallarfræðsla sem veitt hefur verið á fyrsta æviskeiði hvers manns er ekki lengur nægileg og samhliða grunnfræðslunni þarf að koma sífellt nám og þjálfun — fullorðinsfræðsla.

Ástæðurnar fyrir þessu eru margar, svo sem hið mikla umrót í samfélaginu, búferlaflutningar úr sveit í borg, breytingar á hinni hefðbundnu starfsskiptingu kynjanna ásamt hraðfara aukningu almennrar og sérhæfðrar þekkingar, auk tæknibyltinga á flestum sviðum. Í stuttu máli: sú síbreytilega veröld sem við lifum í kallar á sífellda fræðslu og aðlögun að nýjum aðstæðum.

Í nágrannalöndum okkar hefur vöxtur og viðgangur fullorðinsfræðslu verið örari en hér á landi og lætur nærri að 20—25% fullorðinna t. d. í Svíþjóð og Noregi stundi slíka fræðslu í einhverri mynd ár hvert.

Upphaf fullorðinsfræðslu á Íslandi má rekja til lýðháskólahreyfingarinnar í Noregi og Danmörku, en þangað sóttu frumkvöðlar hennar hér á landi hugmyndir sínar. Seint á síðustu öld voru einnig stofnaðir nokkrir kvöldskólar hér á landi. En kvöldskólarnir urðu skammlífir eða var breytt í dagskóla eins og kvöldskóla þeim sem stofnaður var fyrir verslunarmenn og nú er Verslunarskóli Íslands og lýðháskólunum var breytt í héraðsskóla.

Ungmennafélögin, kvenfélögin og samvinnuhreyfingin höfðu — og hafa — fræðslumál á stefnuskrá sinni. Svo virðist sem dregið hafi úr fullorðinsfræðslu á árunum milli 1920 og 1940. Sá kvöldskóli, sem starfaði hvað lengst hér á landi, var Kvöldskóli K.F.U.M. en er nú aflagður fyrir meira en aldarfjórðungi. Einnig mætti telja iðnfræðsluna með í þessari upptalningu, en bóklegt nám hennar fór fram á kvöldnámskeiðum um langan aldur.

Um 1940 varð allmikil breyting á fullorðinsfræðslumálum landsmanna, en þá voru stofnaðar tvær stærstu fullorðinsfræðslustofnanir landsins, Námsflokkar Reykjavíkur í ársbyrjun 1939 og Bréfaskóli Sambands íslenskra samvinnufélaga haustið 1940. Nemendafjöldi þeirra mun á skólaárinu 1978 til 1979 vera samtals milli 5 og 6 þúsund.

Á síðustu tveimur áratugum hefur þátttaka í fullorðinsfræðslu aukist mjög mikið og sífellt fleiri aðilar hafa tekið að starfa á þessum vettvangi. Ríkið hefur á þessum árum sieflt faglega fræðslu fyrir fólk í störfum svo sem póstmenn, tollþjóna, lögregluþjóna, verkstjóra og fólk í iðnaðarstörfum.

Fjölmargir námsflokkar hafa verið stofnaðir. Stjórnunarfélag Íslands var stofnað 1961 og hefur m. a. á stefnuskrá sinni að halda námskeið fyrir stjórnendur fyrirtækja. Á þessum árum hefur rekstur Bréfaskólans breyst í það horf að eigendum hefur fjölgað, A.S.Í. gerðist aðili að skólanum árið 1965, B.S.R.B., Stéttarsamband bænda, Farmanna- og fiskimannasambandið og Kvenfélagasamband Íslands urðu aðilar þar að árið 1975 og Ungmennafélag Íslands 1976.

Menningar- og fræðslusamband alþýðu hóf starfsemi sína 1969. Lýðháskólinn í Skálholti og Félagsmálaskóli alþýðu voru stofnaðir árið 1972. Um sama leyti hófst rekstur öldungadeilda menntaskólanna (Hamrahlíð) og síðar fjölbrautaskóla. Einnig hefur Samvinnuskólinn hafið námskeiðshald fyrir félagsmenn og starfsfólk samvinnuhreyfingarinnar. Ríkisútvarpið rak lengi í hljóðvarpi framburðarkennslu í samvinnu við Bréfaskólann og nokkur námskeið hafa einnig verið í sjónvarpi. Um árabil hafa nokkrir einkaaðilar einnig staðið fyrir fullorðinsfræðslu.

Margir aðilar hafa sinnt fullorðinsfræðslu hér á landi en óhætt er að fullyrða að skortur á heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu hafi staðið eðlilegri þróun fyrir þrifum. (Einu lögin þar að lútandi sem til eru hér á landi eru sérstök lög um Lýðháskólann í Skálholti).

Af ofangreindri upptalningu má ljóst vera að fullorðinsfræðslan er það fjölbreytt og margþætt að hún tengist ekki alfarið ákveðnu skólastigi. Má í þessu sambandi minna á reynslu Norðmanna af því að tengja ákvæði um fullorðinsfræðslu lögum um framhaldsskóla enda var þar sett heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu sem gekk í gildi 1. ágúst 1977.

En tilraun til heildarsameiningar var gerð í byrjun þessa áratugs er menntamálaráðuneytið skipaði nefnd til umfjöllunar fræðslustarfsemi fullorðinna og skilaði hún lagafrumvarpi árið 1974 sem síðan var lagt fyrir Alþingi, en hlaut ekki afgreiðslu.

Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er reynt að skapa þann ramma um fullorðinsfræðslu sem nauðsynlegur er til þess að eðlileg þróun geti átt sér stað án þess að tilkostnaður verði óhóflegur. Við samningu frumvarpsins var tekið mið af íslenskum aðstæðum og þörfum og þeirri reynslu sem þegar er komin af fullorðinsfræðslu á landinu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Markmið.

Um 1. gr.

Í greininni koma fram tvö meginmarkmið fullorðinsfræðslu. Hið fyrra stuðlar að því að jafna aðstöðu landsmanna til fræðslu og menntunar. Það er staðreynd að búseta manna hefur áhrif á hversu greiðan aðgang þeir hafa að hvers kyns fræðslu, jafnvel vill það brenna við að unglingar fái ekki lokið skólaskyldu á venjulegan hátt. Ennfremur skal á það minnt að ekki hafa allir landsmenn átt þess kost að ljúka skyldunámi og ber því að leggja áherslu á að hvorki aldur né fyrri menntun komi í veg fyrir þátttöku í fullorðinsfræðslu.

Síðara meginmarkmiðið er að fullorðinsfræðslan skuli miða að því að skapa hverjum einstaklingi skilyrði til aukins alhliða þroska, þekkingu hans og færni í lífi og starfi.

Þarna er verið að undirstrika að fullorðinsfræðslan skuli í senn miða að því að fullnægja persónulegum þörfum einstaklingsins til fræðslu og þroska sem og þörfum samfélagsins fyrir aukna þekkingu og færni sérhvers manns.

II. KAFLI
Námsskipan og fræðsla.

Um 2. gr.

Grein þessi fjallar um þá þætti, sem fullorðinsfræðslan skiptist í:

a) Almennt skólanám hliðstætt námi á grunnskóla-, framhaldsskóla- eða háskólastigi, sem getur farið fram á vegum yfirvalda, bréfaskóla og Ríkisútvarpsins.

Lögð skal áhersla á, að námsefni þarf ekki að vera hið sama og á hliðstæðum stigum hins almenna skólakerfis, heldur sniðið að þroska og áhugamálum eldra fólks, þó að það leiði til jafngilds þekkingarstigs.

Nám þetta, próf og námsvottorð skulu metin að jöfnu við hliðstætt nám í hinu almenna skólakerfi enda hafi fræðsluyfirvöld yfirumsjón með náminu.

b) Starfsnám, viðbótarmenntun og endurmenntun er annar þáttur fullorðinsfræðslu. Slíkt nám er í beinum tengslum við atvinnulíf landsmanna og þörfin fyrir það eykst samhliða örri framþróun atvinnulífsins.

Námið miðar að því að bæta starfshætti fólks og getur veitt aukin starfsréttindi og/eða rétt til ákveðinnar launaflokkunar.

Nú þegar er kveðið á um slíkt nám í ýmsum kjarasamningum. Gert er ráð fyrir að námið fari fram á vegum heildarsamtaka atvinnurekenda og/eða launþega ellegar ríkis og sveitarfélaga; einnig að áðurgreindir aðilar hafi með sér samráð um námið eftir því sem þörf krefur hverju sinni. Framkvæmd getur verið með ýmsu móti, t. d. á vegum fagskóla, fullorðinsfræðslustofnana, bréfaskóla og/eða Ríkisútvarps ellegar á sjálfstæðum námskeiðum, sem fyrrgreindir aðilar halda.

c) Félagsleg menntun í tengslum við atvinnulífið telst hér þriðji þáttur fullorðinsfræðslu.

Telja má að slík félagsleg menntun sé tvíþætt. Í fyrsta lagi miðar hún að því að veita fólki innsýn í það félagslega umhverfi, sem vinnustaðurinn er og það samfélagslega hlutverk, sem vinnustaðurinn eða starfið hefur.

Í öðru lagi miðar hún að því að veita fólki skilning á aðstöðu sinni og kynna því sem félagsfólki réttindi þess og skyldur svo og hvernig standa beri að félagslegum störfum. Félagsleg menntun eins og hún hefur verið skilgreind hér að ofan mun því að öðru jöfnu verða á vegum heildarsamtaka launþega og/eða samtaka atvinnurekenda — í námshópum, námsflokkum, bréfaskóla og/eða Ríkisútvarpi.

d) Frjálst nám, sem fellur utan við a-, b- og c-liði, er margbreytilegt, bæði verklegt og bóklegt og miðar fyrst og fremst að lífsfyllingu og þroska einstaklingsins, þó að í sumum tilvikum sé einnig stefnt að öflun réttinda. Undir þennan lið fellur einnig ýmiss konar listastarfsemi áhugahópa. Námið getur farið fram á vegum ríkis, sveitarfélaga eða landssamtaka í námshópum, námsflokkum, bréfaskóla og/eða Ríkisútvarpi.

Nám samkvæmt b-, c- og d-lið miðar yfirleitt ekki að prófum en veitir þekkingu og færni, sem rétt er að meta á sama hátt og valgreinar eða kjarnagreinar innan hins almenna skólakerfis eða innan hliðstæðu þess í fullorðinsfræðslunni. Eðlilegt er einnig, að slíkt nám komi fólki til góða á hinum almenna vinnumarkaði.

Mat á þessu námi skal ákvarðast í reglugerð.

Um 3. gr.

Brýna nauðsyn ber til þess að taka sérstakt tillit til ýmissa sérþarfa líkamlega og andlega fatlaðra við framkvæmd og skipulagningu fullorðinsfræðslu, til þess að þeim nýtist það nám sem fullorðinsfræðslan gerir ráð fyrir.

Sérþarfir geta tekið til margra þátta svo sem námsefnis, sérkennslu á vissum sviðum, — svo og stærðar námshópa.

Við skipulagningu námsins ber þó einatt að leita leiða til að námsefni og námsaðstaða, sem almennt er notað við fullorðinsfræðslu, geti hentað jafnt þessum hópum sem öðrum, sem fullorðinsfræðslu stunda, þannig að þessir hópar blandist öðrum í námi eins og kostur er.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um eflingu fullorðinsfræðslu í Ríkisútvarpi, hljóðvarpi og sjónvarpi og tengsl þess við aðra aðila fullorðinsfræðslu í landinu.

Margt af því efni sem hljóðvarp og sjónvarp flytja er fræðsluefni og nokkra beina kennsluþætti hefur sjónvarpið flutt. Um 25 ára skeið var framburðarkennsla í hljóðvarpi í samvinnu við Bréfaskólann en lagðist af þegar nauðsynlegt varð að endurnýja námsefnið. Tengsl Ríkisútvarpsins við starfsemi annarra fullorðinsfræðslustofnana eru nánast engin. Ætla má að ef samvinna væri höfð milli þessara aðila um áætlaða dagskrá slíkra fræðslu- og kennsluþátta mætti undirbúa nám í námshópum og umræðuhópum og mundi það auka gildi þessara þátta. Víða erlendis er þáttur útvarps stór liður í fullorðinsfræðslu og má nefna sænska ríkisútvarpið og samvinnu þess við „Brevskolan" auk starfsemi breska útvarpsins sem rekur mikla sjálfstæða fræðslustarfsemi jafnframt þeim þætti í námi við Opna háskólann sem útvarp, hljóðvarp og sjónvarp annast bæði við kennslu og leiðbeiningar til nemenda. Útvarp, hljóðvarp og sjónvarp eru áhrifamikil og afar gagnleg kennslutæki og í svo strjálbýlu landi sem Ísland er, hljóta þau að teljast sjálfsögð til eflingar allri fræðslu og menntun.

Um 5. gr.

Í greininni er fjallað um nýtt fyrirbrigði innan fullorðinsfræðslu á Íslandi, „Farnámsflokka Íslands". Í henni er reifuð sú hugmynd, að tengja beri saman þær stofnanir, sem nú þegar hafa annast fullorðinsfræðslu að einhverju marki, þ. e. námsflokka, bréfaskóla og Ríkisútvarp, og virkja þannig kennslukrafta og kennsluefni, að þar skapist markvisst starf og heildarstefna.

Gert er ráð fyrir, að skipulag og framkvæmd verði í höndum sérstakrar samstarfsnefndar fyrrgreindra aðila og menntamálaráðuneytisins í samráði við fullorðinsfræðsluráð.

Sú samstarfsnefnd skal vinna að tilhögun fræðslunnar, gerð og útgáfu kennsluefnis í útvarpi og sjónvarpi ásamt námsgögnum til einstaklings- eða hópnáms í bréfaskóla og námsflokkum.

Skipulag kennslunnar mætti vera með þeim hætti, að nemendur hæfu nám á ákveðnum árstíma og fengju ákveðnar upplýsingar um skipulag og framkvæmd. Viss hluti kennslunnar færi fram í Ríkisútvarpi en stærsti hluti þess með bréfanámi og nokkur hluti í formi leiðbeininga og námskeiða. Námið yrði þannig sambland af sjálfsnámi, námsleiðbeiningu og námskeiðsfræðslu.

Bréfaskóli sæi um gerð prentaðs kennsluefnis og leiðbeininga, a. m. k. að hluta til, en Ríkisútvarpið annaðist öflun og vinnslu kennsluefnis til útsendinga í hljóðvarpi og sjónvarpi.

Á námstímanum yrðu nemendur undir umsjá leiðbeinenda.

Í öllum landshlutum eru nú þegar fyrir hendi fræðslustofnanir, þ. e. skólar og bókasöfn, sem gera má að miðstöðvum fræðslunnar, en námsflokkar eða skólar hinna ýmsu staða yrðu framkvæmdaaðilar í héraði. Til fræðslumiðstöðvanna gætu nemendur leitað á vissum tímum til að ráðfæra sig við leiðbeinendur og þar gæti einnig farið fram bein kennsla. Í fræðslumiðstöðvum yrðu kennslugögn og tæki einnig til reiðu. Til stærri námskeiða mætti einnig nýta heimavistarskóla.

Í flestum tilfellum verður hægt að fá leiðbeinendur í námunda við fræðslustöðvarnar, en fullorðinsfræðsludeild myndi einnig efna til námskeiða, lengri eða styttri með aðsendum kennurum, „farkennurum".

Að loknum ákveðnum hluta náms og/eða í lok náms gæfist nemendum kostur á verklegri þjálfun, kennslu, prófum og/eða umræðum um námið.

Fyrirkomulag þetta myndi stuðla að jöfnun allrar aðstöðu fólks til náms, bæði þess sem í dreifbýli býr og þess sem vegna fötlunar eða félagslegrar aðstöðu á erfitt með að sækja skóla.

Þetta fyrirkomulag myndi ekki taka frumkvæði úr höndum aðila í dreifbýlinu svo sem námsflokka eða félagssamtaka enda námið samræmt af fullorðinsfræðsludeild menntamálaráðuneytisins, sbr. 8. grein. Eftir sem áður myndi margs konar fullorðinsfræðsla, einkum frístundanám, falla utan við verksvið farnámsflokka.

III. KAFLI
Námsaðstaða og námsgögn.

Um 6. gr.

Ákvæðið er um það að sú námsaðstaða sem fyrir hendi er í stofnunum í opinberri eign nýtist fyrir fullorðinsfræðslu, án þess þó að það rekist á við starfsemi viðkomandi stofnunar. Þá er aðilum fullorðinsfræðslunnar einnig heimilt að fá til afnota annað húsnæði þar sem námsaðstaða er fyrir hendi svo og kennslugögn og tæki.

Um 7. gr.

Stofnun bókasafna víðs vegar um landið var mikil lyftistöng fyrir fræðslu almennings á sínum tíma, en þau hafa þó ekki verið nýtt skipulega fyrir fullorðinsfræðslu í nútímamerkingu þess orðs og má segja að fullorðinsfræðslan hafi verið í svelti hvað bókakost alls konar snertir. Bókasöfn geta bæði með bókakosti og sem fræðslumiðstöðvar gegnt veigamiklu hlutverki innan fullorðinsfræðslunnar.

IV. KAFLI
Stjórn.

Um 8. gr.

Í kaflanum um stjórn er sú meginstefna mörkuð að yfirstjórn fullorðinsfræðslunnar sé í höndum sömu aðila og fara með yfirstjórn annars fræðslustarfs í landinu eftir því sem við á. Fullorðinsfræðsla er sjálfsagður og nauðsynlegur þáttur í fræðslukerfi þjóðarinnar og því eðlilegt að hann sé undir sömu stjórn og aðrir þættir þess. Þannig er einnig tryggð eðlileg samræming á milli hinna ýmsu fræðsluþátta, betri nýting á fjármunum, starfskröftum, húsnæði, tækjum og fleiru.

Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn fullorðinsfræðslu að svo miklu leyti sem tekið er til um í greininni.

Með tilkomu þessara laga má ætla að umfang fullorðinsfræðslunnar vaxi og er nauðsynlegt að sérstök deild — fullorðinsfræðsludeild — hafi þessi mál með höndum frá upphafi.

Þar þarf að vera miðstöð allra upplýsinga bæði fyrir einstaklinga sem hug hafa á þátttöku og einnig þá sem annast fullorðinsfræðslu. Nauðsynlegt er að ákveðin samræming sé á framboði fullorðinsfræðslu og að mótuð sé heildaráætlun, og eðlilegast er að ráðuneytið sé þar ákvörðunaraðili ásamt fullorðinsfræðsluráði. Einnig hlýtur ráðuneytið að vera tengiliður hinna einstöku framkvæmdaraðila fullorðinsfræðslunnar og fjárveitingarvaldsins.

Um 9. gr.

Svo tryggja megi eðlilega stefnumótun í fullorðinsfræðslu er nauðsynlegt að starfandi sé ráð þeirra aðila sem vinna að þessum málum. Til að slík ráð séu virk er æskilegt að þau séu ekki skipuð of mörgum mönnum en þó fulltrúum allra aðila. Því ber nauðsyn til að stofna heildarsamtök þeirra sem annast fullorðinsfræðslu. Nokkrir aðilar hafa þegar með sér óformlegt samband sem hefur gefið góða raun og sannað gildi samvinnu í þessum málum.

Þar sem hér er um að ræða samtök ýmissa aðila, svo sem námsflokka og félagasamtaka, þá þykir lágmark að í fullorðinsfræðsluráði sitji 4 fulltrúar þessara heildarsamtaka.

Þá er og sjálfsagt að í ráðinu sitji fulltrúi úr fullorðinsfræðsludeild menntamálaráðuneytisins og annar frá samtökum íslenskra sveitarfélaga vegna frumkvæðis þess sem þeim er ætlað í lögunum, svo og 1 fulltrúi Ríkisútvarpsins vegna þeirrar fullorðinsfræðslu sem hljóðvarpið og sjónvarpið munu annast.

V. KAFLI

Framkvæmdaaðilar.

Um 10. gr.

Í greininni eru ákvæði um þá aðila sem hafi forgöngu um fullorðinsfræðslu. Sú skylda er lögð á ríki og sveitarfélög að hafa slíka forgöngu og er bent á fræðsluráð, fræðslustjóra og sóknarnefndir, sbr. lög um grunnskóla í því efni. Þótt þessir aðilar séu nefndir er þó á engan hátt verið að draga úr forgönguskyldu annarra opinberra aðila. Forgönguskylda um fullorðinsfræðslu er hins vegar ekki lögð á heildarsamtök launþega og atvinnurekenda né landssamtök sem m. a. hafa að markmiði að veita fræðslu af ýmsu tagi, heldur er einungis gert ráð fyrir því að þessir aðilar geti haft slíka forgöngu ef þeim sjálfum sýnist og þá fái þeir ákveðinn stuðning hins opinbera í samræmi við ákvæði þessara laga.

Hér er því um þrískiptingu að ræða; á milli hins opinbera, aðila vinnumarkaðarins og ýmissa landssamtaka. Þessir aðilar hafa þegar nokkra fullorðinsfræðslu á sínum vegum. Ríki og sveitarfélög hafa um árabil staðið að rekstri öldungadeilda, námsflokka og margvíslegri starfsmenntun.

Á vegum launþegasamtaka hefur farið fram veruleg fullorðinsfræðsla tengd atvinnulífinu sem og á vegum atvinnurekenda. Ýmis landssamtök hafa annast fræðslu í samræmi við markmið viðkomandi félagsskapar.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Í greininni eru ákvæði um, að hver sá aðili, sem vill hafa framkvæmd fullorðinsfræðslu með höndum, skuli leggja fram starfsáætlun ár hvert. Er gert ráð fyrir því, að þeir sem starfa aðeins innan eins fræðsluumdæmis, sbr. lög um grunnskóla, skuli leggja umsóknir sínar fram til fræðslustjóra. Er þarna átt við bæjar- eða sveitarfélög (námsflokka) eða einstaka framhaldsskóla. Það er síðan hlutverk fræðslustjórans að samræma framboð fræðslunnar í hverju skólaumdæmi, þannig að margir aðilar bjóði ekki samtímis upp á sams konar fræðslu (námskeið), sem gæti orðið til þess að kennsla félli niður í viðkomandi námsgrein vegna fárra þátttakenda hjá hverjum aðila eða haft í för með sér tvöfaldan kostnað. Síðan mælir fræðslustjóri með áætluninni til fullorðinsfræðsludeildar menntamálaráðuneytisins.

Þeir aðilar, sem annast fullorðinsfræðslu í fleiru en einu fræðsluumdæmi, þ. e. heildarsamtök launþega og atvinnurekenda og landssamtök, skulu hins vegar leggja starfsáætlun sína fram við fullorðinsfræðsludeild menntamálaráðuneytisins. Leitað skal umsagnar fullorðinsfræðsluráðs áður en gengið er frá tillögum til Alþingis um fjárveitingar.

VI. KAFLI

Fjármál.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að þrjár meginreglur gildi um fjármögnun fullorðinsfræðslunnar.

Í fyrsta lagi að nám þar sem stefnt er að prófum á skyldunámsstigi skuli greiðast af aðilum, þ. e. ríki og sveitarfélagi, í því hlutfalli sem lög og reglugerðir um viðkomandi skólastig mæla fyrir um. Verður að teljast eðlilegt að það nám sem þjóðfélagið ætlar hverjum einstaklingi sé greitt á sama hátt hvort sem námið fer fram í hinu almenna skólakerfi eða í fullorðinsfræðslu.

Í öðru lagi að til annars náms heldur en hliðstæðu náms á skyldustigi eða bréfaskólanáms, greiði ríkissjóður kennslukostnað, þ. e. laun og launatengd gjöld ásamt ferðakostnaði kennara.

Annar kostnaður greiðist af framkvæmdaraðila og nemendum en þó skulu þátttökugjöld nemenda aldrei verða hærri en sem nemur 50% af þessum kostnaði. Það er að sjálfsögðu mikið matsatriði hversu mikinn hluta kostnaðar ríkisvaldið á að greiða af fullorðinsfræðslunni. Greiði ríkisvaldið kennslukostnað og ferðakostnað kennara mun það ekki verða óyfirstíganlegt fyrir aðra aðila að greiða annan kostnað sem af náminu hlýst, auk þess sem greiðsla á ferðakostnaði kennara mun mjög jafna aðstöðu dreifbýlisins til fullorðinsfræðslu.

Í þriðja lagi að til fullorðinsfræðslu í formi bréfanáms greiðist úr ríkissjóði laun og launatengd gjöld vegna skólastjórnar og kennslu. Einnig greiðist úr ríkissjóði gerð námsleiðbeininga og afgreiðsla námsefnis enda er þar um að ræða starfsemi sem samsvarar ýmsum störfum kennara.

Þá eru í lögunum ákvæði um fjárveitingu til fullorðinsfræðslu í Ríkisútvarpi auk þess sem ákvæði eru sett til að tryggja að kennsluefni vegna sérþarfa fullorðinna verði útbúið þannig að þeir hafi sem jafnasta aðstöðu til að tileinka sér fræðsluna. Má sem dæmi nefna nauðsyn þess að námsefni verði framleitt í hljóðbókaformi, á blindraletri og stækkuðu letri til afnota fyrir fatlaða og langlegusjúklinga.

Um 14. gr.

Í greininni er kveðið á um að til sérstakra sameiginlegra verkefna fullorðinsfræðslunnar skuli ríkissjóður veita fjárstuðning að fenginni umsögn fullorðinsfræðsluráðs. Gera má ráð fyrir að hér geti verið um margvísleg, oft tímabundin verkefni að ræða, en meðal þeirra verkefna sem átt er við er námskeiðahald fyrir leiðbeinendur fullorðinsfræðslunnar en nauðsynlegt er að slík fræðsla komist á. Þá er líklegt að hagkvæmt verði að stofna til sameiginlegrar upplýsingastarfsemi aðila fullorðinsfræðslunnar um námsmöguleika og námsleiðir m. a. með sameiginlegri auglýsingastarfsemi og bæklingaútgáfu. Ennfremur er hér átt við stuðning vegna erlendra samskipta á sviði fullorðinsfræðslu.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

VII. KAFLI

Um gildistöku og reglugerðir.

16. og 17. grein þarfnast ekki skýringa.

VIII. KAFLI

Ákvæði til bráðabirgða.

Um 18. gr.

Þessi ákvæði eru sett vegna þess að eðlilegt þykir að þegar nokkur reynslutími er kominn á lögin og framkvæmd þeirra, sé staldrað við og íhugað hvernig hafi miðað, hvað hafi áunnist og hverju þurfi að breyta til þess að betri skipan komist á fullorðinsfræðslu á Íslandi."

Nd. 154. Frumvarp til barnalaga. [103. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

I. KAFLI
Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til skilgetinna barna og óskilgetinna, en um kjörbörn eru sérlög. Einstök ákvæði laganna ná einnig til stjúpbarna og fósturbarna samkvæmt því sem í þeim segir.

Réttarstaða barna er í hvívetna hin sama, hvort sem þau eru skilgetin eða óskilgetin, nema lög mæli annan veg.

Í lögum þessum er mælt fyrir um framfærslu barna að einkarétti, en ekki gagnvart hinu opinbera, nema sérstaklega sé getið.

II. KAFLI
Faðerni skilgetins barns.

2. gr.

Það barn er skilgetið, sem alið er í hjúskap móður barnsins eða svo skömmu eftir hjúskaparslit, að það sé hugsanlega getið í hjúskapnum, enda sé ekki vefengt á þann hátt, sem síðar segir, að barn sé skilgetið.

Nú giftast foreldrar óskilgetins barns eftir fæðingu þess, og telst barnið þá skilgetið.

Nú var sambúð foreldra barns óslitin samkvæmt því, sem greinir á þjóðskrá, eða samkvæmt öðrum ótvíræðum gögnum, síðasta árið áður en barn fæddist, og telst það þá skilgetið.

Nú hefur sambúð foreldra barns staðið óslitið, sbr. 3. mgr., í 2 ár eftir fæðingu barns, og telst það þá skilgetið upp frá því.

Eigi raskar það réttarstöðu barns, þótt hjúskapur foreldra þess sæti ógildingu með dómi.

3. gr.

Barn, sem 2. gr. tekur til, telst barn eiginmanns (sambúðarmanns) móður barnsins, uns faðerni er hnekkt samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

4. gr.

Mál til vefengingar á faðerni barns geta höfðað eiginmaður (sambúðarmaður) móður barns, móðir þess, barnið sjálft og lögráðamaður barns, sem sérstaklega er skipaður, ef því er að skipta. Enn fremur að eiginmanni látnum sá erfingi hans, er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum.

Eiginmaður (sambúðarmaður) móður barnsins skal höfða mál innan eins árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik, sem orðið getur efni til þess að vefengja faðerni barns, og þó eigi síðar en innan fimm ára frá fæðingu barnsins. Nú er eiginmaður (sambúðarmaður) látinn, en málshöfðunarfrestur þó ekki liðinn, og getur þá sá er gengur jafnhliða eða næst barninu að erfðum eftir hinn látna, höfðað vefengingarmálið innan 6 mánaða frá því, að hann fékk vitneskju um fæðingu barnsins og dauða eiginmannsins.

Dómsmálaráðherra getur heimilað, að mál verði höfðað eftir lok fresta þeirra, sem greinir í 2. málsgr., ef alveg sérstaklega stendur á.

5. gr.

Vefengingarkrafa samkvæmt 4. gr. verður því aðeins tekin til greina, að sannað sé, að móðir barns hafi haft samfarir við annan mann en þann, sem telst faðir barns, samkv. 2. gr. sbr. 3. gr., og telja verði, að barnið sé ávöxtur þeirra samfara eða ef telja verður örugglega vegna erfðaeiginda barns eða af öðrum sérstökum ástæðum, að eiginmaður (sambúðarmaður) móður sé ekki faðir barns.

Nú voru móðir barns og eiginmaður hennar skilin að borði og sæng á getnaðartíma barns eða eiginmaður (sambúðarmaður) og barnsmóðir voru eigi samvistum sakir ósamlyndis á þeim tíma, og á þá 1. málsgr. því aðeins við, að sannað sé, að þau hafi haft samfarir á getnaðartíma barnsins.

Ákvæði 2. málsgr. á einnig við, ef barn er getið, áður en móðir þess giftist manni þeim, sem talinn er faðir barns samkv. 2. málsgr. 2. gr.

6. gr.

Vefengingarmál skulu rekin og dæmd þar á dómþingi, sem segir í 46. gr. Þeir dómarar fjalla um mál, sem dæma almenn einkamál.

Játning aðilja kemur aðeins til greina sem sönnunargagn, og er aðildareiður óheimill.

Nú er eiginmaður (sambúðarmaður) móður barns látinn, áður en mál er höfðað, og má þá beina máli gegn búi hans.

Um meðferð og rekstur mála þessara fer að öðru leyti samkvæmt því sem segir í 56. gr.

III. KAFLI

Faðerni óskilgetinna barna.

7. gr.

Það barn er óskilgetið, sem ekki hefir réttarstöðu skilgetins barns samkvæmt 2. gr., svo og barn, sem faðerni þess hefir sætt vefengingu með dómi eftir reglum II. kafla.

8. gr.

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni barns fyrir presti eða valdsmanni eða bréflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins. Ef barnsfaðir er yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er uppi látin, skal hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns.

9. gr.

Nú er lýstur barnsfaðir geðveikur eða sálrænum högum hans er að öðru leyti þannig háttað, að varhugavert er að taka mark á yfirlýsingu hans, og skal dómur þá ganga á mál.

Hið sama er, ef upp kemur, að fleiri menn en hinn lýsti faðir hafa haft samfarir við móður á getnaðartíma barnsins, enda verði eigi talið fyrirfram, að faðerni annarra en þess, er gangast vill við faðerni, sé útilokað.

10. gr.

Nú er faðernisviðurkenning fengin með nauðung, svikum, misneytingu eða hún á rót að rekja til mistaka eða hún er málamyndagerningur, og er þá hægt að krefu þess, sem gengist hefir við barni eða lögráðamanns hans, að dæma hana ógilda. Sama er, ef gögn koma fram, er sýna, að maður þessi geti ekki verið faðir barnsins.

Nú er mál höfðað samkv. 1. málsgr., og á þá 51. gr. við.

11. gr.

Dómsmálaráðherra getur mælt svo fyrir, að faðernisviðurkenning, sem fengin er erlendis, sé jafngild faðernisviðurkenningu, sem fengist hefir hér á landi.

12. gr.

Sá maður telst faðir óskilgetins barns, sem sannað er, að hafi haft samfarir við móður þess á getnaðartíma barns, nema gögnum sé til að dreifa, sem geri það lítt sennilegt, að hann sé faðir barnsins.

Nú sannast að móðir barns hefir haft samfarir við fleiri menn en einn á getnaðartíma barnsins, og verður þá varnaraðili í barnsfaðernismáli því aðeins dæmdur faðir barns, að verulega meiri líkur séu á, að hann sé faðir barnsins en annar eða aðrir, sem til greina hafa komið.

Aðildareiður er óheimill.

Í dómsmáli út af faðerni barns verður varnaraðili ekki dæmdur meðlagsskyldur, nema hann sé dæmdur faðir barns.

Dómsmálaráðherra kveður í reglugerð á um framkvæmd blóðrannsókna og mannerfðafræðilegra rannsókna í barnfaðernismálum, sbr. 51. gr.

13. gr.

Um meðferð og rekstur máls til ákvörðunar á faðerni barna fer að ákvæðum IX. kafla laga þessara.

IV. KAFLI

Framfærsla barna.

14. gr.

Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra börn sín. Framfærslu barna skal haga með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barna. Ákvæði þetta á einnig við um kjörbörn og kjörforeldra.

Skylt er stjúpforeldri að framfæra stjúpbarn sitt, svo sem eigið barn þess væri. Sama á við um sambúðarforeldri.

Nú er barn í fóstri, sbr. 35. gr. laga nr. 53/1966, án meðlagsgreiðslna, og er þá fósturforeldri skylt að framfæra fósturbarn sitt með sama hætti og væri það eigið barn þess.

15. gr.

Nú fullnægir foreldri ekki framfærsluskyldu sinni gagnvart barni, og getur valdsmaður þá úrskurðað það til greiðslu framfærslueyris með því.

Framfærslueyri skal ákveða með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsaðstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þ. á m. aflahæfi þeirra.

Nú hefir faðir barns sætt dómi fyrir skírlífisbrot gagnvart móður þess, og telja verður, að barn sé getið við slík brot og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barns að öllu leyti.

16. gr.

Í meðlagsúrskurði skal auk fulls nafns meðlagsskylds foreldris tilgreina nafnnúmer þess og fæðingarstað, svo og heimilisfang þess, stöðu og atvinnustað á þeim tíma, sem meðlagsúrskurður er gefinn út.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri nemur, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma í lögum um almannatryggingar, né heldur takmarka meðlagsskyldu meðlagsskylds foreldris við lægri lágmarksaldur en þann, er greinir í 17. gr. laga þessara. Frá gildistöku laga þessara skal greiða meðlag með barni, skilgetnu og óskilgetnu, þar til það nær framangreindum aldri, þótt annað aldurstakmark hafi verið ákveðið í meðlagsúrskurði.

Aðiljar þeir, er greinir í 23. gr., 2. mgr., geta skotið úrskurði valdsmanns um meðlag til dómsmálaráðuneytis innan 3 mánaða frá því, að úrskurður gekk. Úrskurður ráðuneytisins er fullnaðarúrskurður um fjárhæð meðlags.

17. gr.

Framfærsluskyldu lýkur, er barn verður 18 ára. Skyldu til greiðslu meðlags lýkur fyrir þann tíma, ef barn giftist, nema valdsmaður ákveði annað. Framlag til menntunar eða starfsþjálfunar barns er heimilt að ákveða allt til þess, er barn nær 24 ára aldri.

Ákvæði 20. gr. 1. málsgr. eiga við um ákvarðanir valdsmanns samkv. 1. málsgr.

18. gr.

Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrirfram, nema annað sé löglega ákveðið.

Ekki leysir andlát barns eða ættleiðing þess undan skyldu til greiðslu meðlags fram til þess, að andlát eða ættleiðingu bar að höndum.

19. gr.

Heimilt er að úrskurða framfærsluskyldan (meðlagsskyldan) aðilja til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, vegna sjúkdóms eða greftrunar eða af öðru sérstöku tilefni.

Framlög samkvæmt 1. málsgr. verða því aðeins úrskurðuð, að krafa um það sé uppi höfð við valdsmann innan þriggja mánaða frá því, að svara varð til útgjalda, nema eðlileg ástæða hafi verið til að bíða með slíka kröfu.

20. gr.

Valdsmaður getur breytt meðlagsúrskurði, ef rökstudd beiðni kemur fram um það, enda sé sýnt fram á, að hagir foreldra eða barns hafi breyst, sbr. og 24. gr.

Ákvörðun um framfærslueyri, sem eindagaður er, áður en beiðni er uppi höfð, verður þó ekki breytt, nema alveg sérstakar ástæður leiði til þess, og almennt ekki lengra aftur í tímann en í eitt ár, frá því að beiðni var sett fram.

21. gr.

Samningar um framfærslueyri með börnum eru því aðeins gildir, að valdsmaður staðfesti þá. Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, og eigi má takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barna en þann, sem greinir í 17. gr.

22. gr.

Staðfestur samningur um framfærslueyri, sbr. 21. gr., er því ekki til fyrirstöðu, að valdsmaður skipi máli annan veg en samningur kveður á um, enda telji hann að aðstæður hafi breyst verulega eða samningur gangi í berhögg við þarfir barns.

23. gr.

Framfærslueyrir samkvæmt ákvæðum þessa kafla tilheyrir barni. Nú er greidd af hendi fúlga til þess að fullnægja framfærsluskyldu, og skal þá varðveita fúlgufé með þeim hætti, sem fyrir er mælt almennt um fé ófjárráða, sbr. 38. gr. laga nr. 95/1947.

Sá, sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, getur krafist þess, að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, enda hafi viðkomandi forsjá barns eða hafi haft hana, er forsjárskyldu lauk, eða hafi barnið í fóstri samkvæmt lögmætri skipan. Nú hefir verið innt af hendi framfærslufframlag af hendi almannavalds, og hefir þá viðkomandi stjórnvald eða stofnun rétt þann, sem í 1. málslið greinir.

24. gr.

Ákvörðun á framfærslueyri með börnum við skilnað foreldra hlítir ákvæðum þessa kafla eftir því sem við getur átt, þ. á m. um breytingu á ákvörðunum um framfærslueyri.

V. KAFLI

Barnsfararkostnaður o. fl. greiðslur, er standa í tengslum við barnsburð og getnað.

25. gr.

Valdsmaður getur úrskurðað föður barns til að greiða barnsfararkostnað og framfærslueyri með konu samtals í þrjá mánuði fyrir og eftir fæðingu barns.

Nú sýkist kona vegna meðgöngu eða barnsfara, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður til að greiða henni mánaðarlega styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en 9 mánuði eftir fæðingu.

Skylda má menn til greiðslu framlaga samkvæmt þessari grein, þótt barn fæðist andvana.

26. gr.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður sem um getur í 3. málsgr. 15. gr., skal valdsmaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað, er af meðgöngu og barnsförum stafar.

Valdsmaður getur enn fremur úrskurðað þann sem valdur er að þunga konu til að greiða útgjöld vegna lögmætrar eyðingar á fóstri hennar.

27. gr.

Framlög þau, sem greind eru í 25. gr. og 26. gr. 1. málsgr., eru gjaldkræf þegar við ákvörðun á þeim, ef barn er þá fætt, og endranær á því tímamarki, er valdsmaður ákveður. Framlög samkv. 26. gr. 2. málsgr. eru gjaldkræf við úrskurðun þeirra.

Framlög samkv. 1. málsgr. verða ekki ákvörðuð lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að beiðni var sett fram, nema alveg sérstakar ástæður leiði til annars.

Framlög samkv. 25. og 26. gr. tilheyra móður barns eða þeirri opinberu stofnun, er staðið hefir straum af útgjöldum þeim, sem hér getur verið um að ræða.

VI. KAFLI

Greiðsla framfærslueyris og innheimtuúrræði.

28. gr.

Framfærslueyrir (meðlag) með börnum, sem valdsmaður hefir úrskurðað, er lögtakskræfur, sbr. 1. og 7. gr. laga nr. 29/1885. Hinu sama gegnir um greiðslur, sem valdsmaður úrskurðar samkv. 19., 25. og 26. gr., sbr. 27. gr.

Greiðslur samkv. 1. málsgrein, sem samningur aðilja tekur til, staðfestur af valdsmanni, eru einnig lögtakskræfar.

29. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða foreldri barns, sem á framfærslurétt hér á landi, og öðrum þeim aðiljum, sem greinir í 31. gr., framfærslueyri (meðlag) með barni, skilgetnu eða óskilgetnu, samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó innan þeirra marka um fjárhæð og aldur barns, er greinir í almannatryggingalögum, svo sem þau mæla fyrir um þetta atriði hverju sinni, sbr. 14. og 73. gr. laga nr. 67/1971, 3. gr. laga nr. 96/1971 og 9. gr. laga nr. 62/1974.

Kröfu foreldris til Tryggingastofnunar ríkisins skal fylgja meðlagsúrskurður, löglega birtur. Tryggingaráð getur þó heimilað greiðslu barnalífeyris, eftir að barnsfaðernismál er höfðað, sbr. 45. gr., eða þegar skilríki þykja liggja fyrir um, að barn verði ekki feðrað.

Um kröfu þessa svo og endurgreiðslu vegna hennar gilda að öðru leyti ákvæði 73. gr. laga nr. 67/1971.

Eigi foreldri, sem skyldað hefir verið til greiðslu framfærslueyris samkv. 1. málsgr., framfærslurétt erlendis, skal ríkissjóður endurgreiða Tryggingastofnun ríkisins fjárhæðir þær, sem úrskurðaðar eru.

30. gr.

Um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna barnsfararkostnaðar og framfærslueyris, sbr. 25. gr. 1. málsgr., fer svo sem segir í 74. gr. laga nr. 67/1971.

Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur, sem greinir í 19. gr., og barnsmóðir um greiðslur samkv. 25. gr. 2. málsgr. og 26. gr. 1. málsgr. þessara laga, enda fer um endurkröfurétt Tryggingastofnunarinnar eftir því sem mælt er fyrir um í 74. sbr. 73. gr. laga nr. 67/1971.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur, má ákveða hámark þeirra greiðslna, sem Tryggingastofnunin innir af hendi samkv. 1. og 2. málsgr.

31. gr.

Þeir, sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmæltum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri samkvæmt 28.—30. gr.

32. gr.

Um framkröfurétt Tryggingastofnunar ríkisins gagnvart Innheimtustofnun sveitarfélaga fer samkvæmt 73. og 74. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971, sbr. lög nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Um skyldu foreldris til að greiða Innheimtustofnun sveitarfélaga meðlög og um innheimtuúrræði þeirrar stofnunar segir í 5., sbr. 3. gr. laga nr. 54/1971.

VII. KAFLI

Lögsaga íslenskra dómstóla um faðerni barna o. fl.

33. gr.

Mál um faðerni barna er heimilt að höfða hér á landi, ef varnaraðili á lögheimili hér á landi eða dvelst hér á landi eða dánarbú hans sætir skiptameðferð hér á landi eða hefir sætt slíkri meðferð hér.

Slík mál má enn fremur höfða hér á landi, ef móðir barns eða barnið á lögheimili hér á landi.

Víkja má frá reglum 1. og 2. málsgr. með samningum við erlent ríki.

Um varnarþing í faðernismálum fer eftir því sem segir í IX. kafla um slík mál.

34. gr.

Nú er barnsfaðernismál höfðað gegn manni, sem staddur er erlendis og tekur eigi til varna í máli, og metur dómari þá eftir að gagna hefir verið aflað með þeim hætti, sem fyrir er mælt um mál þessi, hvort unnt sé að leyfa barnsmóður að styrkja framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti. Að svo búnu tekur hann mál til efnisúrlausnar. Nú er varnaraðili dæmdur faðir barns, og er þá unnt að kveða upp úrskurð um meðlag og barnsfararkostnað á grundvelli dómsins, en úrskurð skal kveða upp á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins greiðslur þær, er hún innir af hendi samkvæmt þessu. Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns eftir því sem fært reynist.

Nú færir barnsmóðir fullnægjandi sönnur að mati valdsmanns, þar sem hún á lögheimili, á faðerni barns samkv. 2. og 8. gr., sbr. 11. gr., en barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hans og skal þá valdsmaður úrskurða henni meðlag og barnsfararkostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, en Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir greiðslur þessar hjá föður barns eftir því sem fært reynist.

Nú hefir faðir barns forsjá þess, en meðlagsúrskurður verður eigi gefinn út á hendur barnsmóður af því að hún er heimilisföst erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hennar. Skal valdsmaður þá úrskurða honum meðlag á hendur Tryggingastofnun ríkisins, og fer það að öðru leyti svo sem segir í 2. mgr.

VIII. KAFLI

Foreldraskyldur, forsjá barns og umgengnisréttur.

35. gr.

Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barna og þörfum. Foreldrum ber að afla börnum sínum lögmæltrar fræðslu og ala með þeim iðjusemi og siðgæði.

Barnið á rétt á forsjá foreldra sinna uns það verður sjálfráða, en einstakar forsjárskyldur geta þó haldist lengur, ef þarfir barns krefjast þess. Um framfærsluskyldu segir í 17. gr.

Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir forsjáraðilja til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum. Þeir, sem hafa forsjá barns á hendi, hafa rétt og skyldu til að vera fjárráðamenn barnsins, sbr. 24. gr. laga nr. 95/1947.

Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því, að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

Foreldrum ber að hafa samráð við börn sín, áður en persónulegum málefnum þeirra er ráðið til lykta, eftir því sem gerlegt er, þ. á m. með tilliti til þroska barns.

Ákvæði þessarar greinar eiga við um kynforeldri, kjörforeldri, stjúpforeldri, sambúðarforeldri, sbr. 2. gr. 3. málsgr., og fósturforeldri, sbr. 14. gr. 3. málsgr.

36. gr.

Skilgetið, ósjálfráða barn á rétt á forsjá foreldra, sem búa samvistum, og eru þau forsjárskyld við barnið.

Nú eru foreldrar skildir að borði og sæng eða lögskildir, og fer þá um forsjá barns samkvæmt því, er segir í skilnaðarbréfi eða dómi, sbr. 38. gr.

Nú gengur lögskilið foreldri, sem hefir forsjá barns síns, í hjúskap að nýju, **og er forsjá barns þá einnig í höndum stjúpforeldris. Ef lögskilið foreldri stofnar** til sambúðar, sbr. 2. gr. 3. málsgr., er forsjá barns einnig hjá sambúðarforeldri. Ákvæði þessarar málsgreinar á einnig við um sambúðarfólk, er slítur samvistir, **þar sem öðru foreldri hefir verið fengin forsjá barns.**

Nú er annað foreldri látið, og hefir hitt þá forsjá barns og stjúpforeldri að auki, ef foreldri gengur að nýju í hjúskap, og að sínu leyti sambúðarforeldri, ef foreldri hefir stofnað til sambúðar, sbr. 2. gr. 3. málsgr. Nú eru báðir kynforeldrar barns látnir, en stjúpforeldri eða sambúðarforeldri er á lífi, og hefir það þá forsjá barns, nema önnur skipan sé á gerð af hálfu almannavalds.

37. gr.

Ósjálfráða barn ógiftra foreldra, sem saman búa, en er þó eigi skilgetið, sbr. 2. gr., á rétt á forsjá þeirra beggja, og eru þau forsjárskyld við það samkvæmt 35. gr.

Nú búa foreldrar óskilgetins barns eigi saman, sbr. 2. gr. 3. mgr., og á þá barnið **rétt á forsjá móður, sem er forsjárskyld við það, samkvæmt 35. gr., eða föður, ef** honum hefir verið falin forsjá barnsins. Stjúpforeldri hefir einnig forsjá barns, ef því **er að skipta, svo og sambúðarforeldri, sbr. 2. gr. 3. málsgr. Nú andast móðir barns eða faðir, sem falin hefir verið forsjá barnsins, og fer þá stjúpforeldri (sambúðarforeldri) með forsjá barnsins, en ella hitt kynforeldrið, nema almannavald geri aðra skipan á.**

Um forsjá barna foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 2. gr. 3. málsgr., og slíta samvistir fer sem í 38. gr. segir.

Faðir ósjálfráða barns, sem eigi er skilgetið, getur óskað þess, að dómsmálaráðuneytið kveði svo á, að honum sé falin forsjá barns síns, þ. á m. ef móðir barns er ekki hæf til að hafa á hendi forsjá þess, svo og ef móðir barns hefir veitt samþykki sitt til að barn sé ættleitt. Ráðuneytið ræður þessu máli til lykta eftir því, sem best hentar hag barns, og skal þá m. a. tekið tillit til tengsla barns við föður að undanförnu.

38. gr.

Nú slíta foreldrar, sem eru giftir, eða búa saman, sbr. 2. gr. 3. málsgr., samvistir. Ákveða þau þá, hvort þeirra fari með forsjá barns, nema í bága komi við þarfir barnsins. Í síðastgreinda tilvikinu, svo og þegar foreldra skilur á, skal ráða málefni til lykta með úrlausn dómsmálaráðuneytis, að fenginni umsögn barnaverndarnefndar, eftir sanngirni og því, sem best hentar hag og þörfum barns. Forsjá barns skal vera óskipt hjá öðru foreldrinu. Nú er hvorugt foreldra hæft til að fara með forsjá barns, að dómi barnaverndarnefndar (barnaverndarráðs), og skal dómsmálaráðuneytið þá skipa máli eftir því sem best hentar hag og þörfum barnsins.

Forsjármálum skal ávallt skipa, þegar leyfi er veitt til skilnaðar að borði og sæng og við úrlausn um lögskilnað. Dómsmálaráðuneyti eða dómstóll geta ákveðið til bráðabirgða, hvernig fara skuli um forsjá barns foreldra, sem krafist hafa skilnaðar að borði og sæng eða lögskilnaðar. Dómsmálaráðuneytið getur og mælt fyrir um slíka skipan vegna samvistarslita foreldra, sem búið hafa saman ógift, sbr. 2. gr. 3. málsgr. Ákvæði 1. málsgr. eiga hér við að sínu leyti. Breyta má þessum ákvörðunum vegna breyttra aðstæðna. Ákvörðun til bráðabirgða bindur ekki hendur úrskurðarvalds, þegar skipa skal forsjá barns til frambúðar.

Um ákvörðun framfærslueyris með barni vegna samvistarslita foreldra fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla, sbr. m. a. 24. gr.

39. gr.

Samningi foreldra um forsjá barns, sbr. 38. gr., má breyta með ákvörðun dómsmálaráðuneytisins, ef aðiljar eru sammála um að ráðuneytið leysi úr málinu, eða með dómi. Breyting skal því aðeins á gerð, að slíkt teljist réttmætt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins.

Nú hefir dómsmálaráðuneytið mælt fyrir um, hvernig haga skuli forsjá barns, og getur ráðuneytið þá að ósk annars foreldris breytt ákvörðun sinni í þessu efni, ef breyting þykir réttmæt vegna breyttra aðstæðna og með tilliti til hags og þarfa barnsins. Sama er að sínu leyti um dómstól, sem kveðið hefir á um það, að annað foreldri skuli hafa forsjá barns.

40. gr.

Nú er forsjá barns aðeins í höndum annars foreldris, og á barnið þá rétt á umgengni við hitt foreldra sinna, enda er foreldri skylt að rækja umgengni og samneyti við barn og hlíta nánari skilmálum, er að því lúta. Ef sérstök atvik valda því að mati dómsmálaráðuneytisins, að umgengni barns við foreldri sé andstæð hag þess og þörfum, getur ráðuneytið kveðið svo á, að umgengnisréttar njóti ekki við.

Ef foreldrar verða sammála um, hvernig skipa skuli umgengnisrétti, skal eftir því farið, nema sú skipan komi í bága við hag og þarfir barnsins að mati dómsmálaráðuneytisins. Ef foreldra greinir á um þetta efni, kveður dómsmálaráðuneytið á um inntak þess réttar og hversu honum verði beitt, nema ráðuneytið telji rétt að synja um umgengnisrétt, eins og á stendur, sbr. 1. málsgr. Leita skal umsagnar barnaverndarnefndar, þegar ástæða þykir til þess, svo og liðsinnis hennar eða sérstaklega tilnefnds tilsjónarmanns í sambandi við framkvæmd umgengnisréttarins.

Nú torveldar það foreldri, sem hefir forsjá barns, að hitt fái að umgangast barnið, og getur dómsmálaráðuneytið þá knúið það að viðlögðum allt að 5 000 króna dagsektum, er renni til ríkissjóðs, til að láta af tálmunum. Öðrum lagaúrræðum verður eigi beitt til framdráttar umgengnisrétti.

Nú er annað foreldri barns látið eða bæði, og geta nánir ættingjar látins foreldris þá krafist þess, að dómsmálaráðuneytið mæli fyrir um umgengnisrétt þeirra við barn. Ráðuneytið ræður máli til lykta eftir því sem best hentar hag barnsins.

Ágreiningsefni út af umgengnisrétti lúta ávallt úrlausn dómsmálaráðuneytisins, sem breytt getur ákvörðunum sínum að ósk annars foreldris, ef hagur og þarfir barns gera slíkt réttmætt.

41. gr.

Nú hefir forsjármáli eigi verið ráðið til lykta, og getur dómsmálaráðuneytið þá að ósk annars foreldris lagt svo fyrir, að það foreldra, sem barn hefir hjá sér, megi ekki fara úr landi með barnið.

Nú hefir annað foreldra umgengnisrétt við barn, og má hitt foreldra þá eigi flytjast með barnið úr landi, nema því foreldra, sem umgengnisréttinn á, sé veitt færi á að tjá sig um málið og þ. á m. bera mál undir dómsmálaráðuneytið.

42. gr.

Foreldrar geta falið öðrum forsjá barna að nokkru leyti eða öllu. Þeir geta þó hvenær sem er tekið í sínar hendur forsjá barnsins, nema almannavald telji barninu hentara, að ráðstöfun haldist, sbr. lög 53/1966, 36. gr. 3. málsgr. Ákvæði þetta á ekki við um ættleiðingu.

Ef sá, sem fer með forsjá barns, misbeitir forráðum sínum eða vanrækir forsjárskyldur, eða hann er hneigður til drykkjuskapar eða annarra lasta eða óhæfur af öðrum ástæðum til forsjár, og getur dómsmálaráðuneytið þá svipt hann forsjá barns og falið öðrum forsjá þess, sbr. og lög 53/1966, m. a. 26. og 36. gr. Nú er annað foreldri slíkum annmarka háð, og má þá fela hinu að fara með forsjá barnsins.

Almannavald getur svipt foreldri, annað eða bæði, forsjá barns eftir því sem lög mæla fyrir um.

IX. KAFLI

Mál til faðernis barna.

a. Faðerni óskilgetinna barna.

43. gr.

Barnsfaðernismál má höfða á heimilisvarnarþingi móður eða föður, sbr. og 3. málsgr.

Nú á móðir ekki varnarþing hér á landi, og skal þá höfða mál á varnarþingi varnaraðilja eða því varnarþingi, sem hann átti síðast hér á landi, ef hann er farinn af landi eða ókunnugt er, hvar hann er niður kominn, eða á varnarþingi, þar sem með bú hans er farið.

Höfða má mál á varnarþingi barns, ef varnarþingi hér á landi samkvæmt 1. og 2. málsgrein er ekki til að dreifa, eða fyrir öðrum dómstóli hér á landi samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.

Nú flyst aðili úr lögsagnarumdæmi, áður en nokkrar aðiljaskýrslur eru teknar í máli, og má þá vísa máli til dómstóls á þeim stað, þar sem varnarþing verður eftir flutning aðilja.

44. gr.

Sóknaraðili barnsfaðernismáls er móðir barns eða barnið sjálft. Nú hefir móðir barns höfðað mál, og sóknaraðili andast, áður en máli er lokið, og getur þá einstaklingur eða það sveitarfélag, sem við framfærslu barns hefir tekið að nokkru eða öllu, haldið áfram málinu.

Varnaraðili máls er sá maður eða þeir menn, sem eru taldir hafa haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns. Nú er varnaraðili látinn, áður en mál er höfðað, og má þá höfða það á hendur búi hans, að tilstefndum skiptaráðanda eða skiptaforstjóra, ef opinber skipti eru á höfð, en ella gegn erfingjum.

Ef víst má þykja eða líklegt, að fleiri hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns, skal stefna þeim báðum eða öllum.

Nú er málsaðili yngri en 18 ára, og skal lögráðamaður þá koma fram fyrir hönd skjólstæðings síns í málinu. Sama er, ef málsaðili er sviptur lögræði.

45. gr.

Barnsfaðernismál er höfðað, þegar dómari hefir veitt viðtöku ósk frá réttum aðilja um, að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð.

Meðan á rannsókn og meðferð barnsfaðernismáls stendur, á barnsmóðir kröfu á liðsinni barnaverndarnefndar, eftir því sem dómari telur þörf á. Sama er um barn, ef það er sóknaraðili.

Sóknaraðili barnsfaðernismáls skal hafa gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti.

46. gr.

Barnsfaðernismál eru rekin og dæmd á bæjarþingi eða aukadómþingi. Dómendur í málum þessum eru héraðsdómarar utan Reykjavíkur, en yfirsakadómari og sakadómarar í Reykjavík.

Mál þessi sæta almennri meðferð einkamála, nema annan veg sé mælt í lögum.

47. gr.

Dómari semur og gefur út stefnu í málum þessum og sér um birtingu hennar, og gildir það einnig, þegar ákveðið er að draga inn í mál nýja varnaraðilja. Ekki er þörf á stefnu í máli, ef varnaraðili kemur fyrir dóm eftir kvaðningu dómara.

Birta má stefnu í Lögbirtingablaði, ef varnaraðili á hvorki heimili hér á landi né dvelst hér.

Lögreglumenn eru skyldir til að veita dómara lið til að leita uppi lýstan barnsföður og færa hann fyrir dómara til skýrslutöku, svo og að aðstoða við framkvæmd blóðtöku á aðiljum máls, ef því er að skipta, eða við aðra sérfræðilega mannerfðarannsókn.

48. gr.

Læknir eða ljósmóðir, sem tekur við barni, skal þegar skrá skýrslu um öll þau atriði, er af má ráða um þroska barnsins, eftir því sem nánar segir í stjórnvaldsreglum um störf þessi. Spyrja skal móður um faðerni barns og skrá skýrslu hennar um það, og skal sú skýrsla greind í kirkjubók (manntalsbók). Gæta skal þess, að fram komi, ef barn er óskilgetið, að móðir lýsi tiltekinn mann föður barns, en eigi má fortakslaust greina hann föður, nema viðurkenning hans liggi fyrir eða önnur úrlausn um faðerni barns.

49. gr.

Dómari skal af sjálfsdáðum afla allra upplýsinga og gagna til skýringar málinu.

Dómari ákveður, hverjir skuli kvaddir til aðiljayfirheyrslu og hverjir skuli krafðir vættis í málinu, svo og hverra yfirlýsinga og álitsgerða skuli leitað af hendi sérkunnáttumanna og svo annarra sönnunargagna.

Ákvæði laga nr. 85/1936 um útivist málsaðilja eða áhrif þess að hreyfa eigi andmælum við staðhæfingum gilda eigi um mál samkvæmt þessum kafla.

Dómari getur ákveðið að taka skýrslur af vitnum án þess að málsaðiljar séu viðstaddir, en jafnan skal tilkynna málsaðiljum hvenær dómþing fari fram, þar sem vitni komi fyrir dóm.

50. gr.

Nú er maður yfirheyrður sem málsaðili eða vitni í barnsfaðernismáli, og er honum þá skylt að skýra frá því, hvort hann hafi haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns.

Barnsmóður er skylt að skýra frá því í slíku máli, hverjir hafi haft samfarir við hana á getnaðartíma barns.

Dómari getur látið sækja aðilja máls með valdi til að gefa skýrslu fyrir dómi, konuna þó ekki, ef hún er sóknaraðili máls, enda skal vísa máli frá dómi, ef hún neitar að gefa skýrslu, sem henni er unnt að gefa fyrir dómi, eða neitar að leggja sig eða barnið undir blóðrannsókn eða aðra sérfræðilega rannsókn, sem dómari mælir fyrir um.

51. gr.

Dómari getur mælt fyrir um, að blóðrannsókn sé gerð á móður barns og barninu svo og varnaraðiljum, og enn fremur aðrar sérfræðilegar kannanir, þ. á m. mannerfðafræðilegar rannsóknir. Eru viðkomendur skyldir til að hlíta blóðtöku, svo og annarri rannsókn í þágu sérfræðilegra kannana. Dómari getur kveðið svo á, að blóðrannsókn og mannerfðafræðileg rannsókn skuli fram fara á foreldrum og eftir atvikum systkinum barnsmóður og varnaraðilja, svo og á öðrum börnum barnsmóður og öðrum börnum lýsts barnsföður.

52. gr.

Dómari leysir úr sakarefni án tillits til þeirra krafna, sem uppi eru hafðar í málinu.

Um lyktir barnsfaðernismáls og efnislega úrlausn fer svo sem segir í 12. gr.

53. gr.

Dómþing í barnsfaðernismálum skulu háð fyrir luktum dyrum. Fulltrúi barnaverndarnefndar getur sótt dómþing með barnsmóður eða barni.

Nú er dómur í barnsfaðernismáli prentaður eða birtur með öðrum hætti opinberlega, og skal þá gæta leyndar um nöfn þeirra, stöðu og heimili sem greindir eru í dóminum.

54. gr.

Dómari barnsfaðernismáls annast um birtingu dóms.

55. gr.

Nú er óskað endurupptöku á barnsfaðernismáli, sem dæmt hefir verið í héraði, en ekki áfrýjað til Hæstaréttar, og skal þá héraðsdómari, þar sem leyst hefir verið úr máli, meta það, hvort endurupptaka verði leyfð. Ber að beita við það mat meginreglum 59. gr. laga nr. 75/1973. Ákvörðun héraðsdóms sætir kæru, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Umsókn um endurupptöku skal berast héraðsdómi eigi síðar en einu ári eftir að málsaðili fékk vitneskju um atvik þau, sem umsókn styðst við, og þó eigi síðar en 5 árum frá fæðingu barns. Dómsmálaráðherra getur lengt fresti þessa, ef alveg sérstaklega stendur á.

Nú hefir barnsfaðernismál sætt dómi Hæstaréttar, og ákveður Hæstiréttur þá samkvæmt 59. gr. laga nr. 75/1973, hvort endurupptaka skuli leyfð. Ákvæði 1. málsgr. um fresti til að hafa uppi kröfu, eiga hér einnig við, þó svo, að ráðherra leitar umsagnar Hæstaréttar, áður en afstaða er tekin til lengingar frests. Ef endurupptaka er leyfð getur Hæstiréttur ákveðið, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju í héraðsdómi.

Nú er endurupptaka leyfð, og er þá heimilt í nýjum efnisdómi að taka ákvörðun um endurgreiðslu meðlaga og annarra fjárgreiðslna, sem inntar hafa verið af hendi samkv. fyrri dómi.

b. Mál til vefengingar á faðerni skilgetinna barna.

56. gr.

Um aðild máls fer svo sem segir í 4. gr. um málsmeðferð eftir því sem mælt er fyrir um í 6. gr. og um úrslit samkvæmt því sem á er kveðið í 5. gr.

Nú er mál höfðað af eiginmanni (sambúðarmanni), og ber þá að öðru leyti að beita almennum reglum um meðferð einkamála í héraði. Ákvæði 44. gr. 2. og 4. málsgr., 49. gr. 3. málsgr., 52. gr. 1. málsgr., 53. gr., 54. gr. og 55. gr. eiga þó við um þessi mál. Nú telur dómari, að kröfur eiginmanns séu studdar verulegum rökum, og má þá einnig beita ákvæðum 51. gr. Nú er barn sóknaraðili vefengingarmáls, og á þá 3. málsgr. 45. gr. við um mál.

X. KAFLI
Gildistaka og brottfallin lög.

57. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1981.

Dómsmálaráðherra getur sett fyrirmæli um einstök atriði, er varða framkvæmd laganna. Dómsmálaráðuneytið skal kynna almenningi efni laga þessara, þegar eftir setningu þeirra.

58. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi, sbr. þó 2. málsgr., lög um afstöðu foreldra til skilgetinna barna nr. 57/1921 og lög nr. 91/1971, er breyta þeim lögum, svo og lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna nr. 87/1947 ásamt breytingarlögum nr. 32/1954, 27/1971 og 92/1971, svo og 22. gr. 2.—4. málsgr. og 23. gr. laga um lögræði nr. 95/1947. Þá fellur enn fremur úr gildi XVIII. kafli laga nr. 85/1936, sbr. þó 2. málsgr.

Ákvæði II., III. og IX. kafla laga þessara, að undanskilinni 4. og 54. gr., taka til þeirra barna einna, sem fædd eru eftir gildistöku laganna. Ákvæðum 4. og 54. gr. laganna skal þó einnig beitt varðandi börn sem fædd eru fyrir gildistöku laganna. Hinu sama gegnir um ákvæði IV., V. og VI. kafla, um framfærslueyri og önnur framlög en þó aðeins að því er varðar tímabilið eftir gildistöku laganna, nema annars sé sérstaklega getið. Reglur 16.—23. gr. eiga einnig við, þegar tiltekinn maður eða menn hafa verið dæmdir meðlagsskyldir með barni án þess að skorið hafi verið úr um faðerni samkv. löggjöf, er gilti fyrir gildistöku laganna.

Eiginmaður (sambúðarmaður) móður getur höfðað mál samkv. 4. gr., uns 2 ár eru liðin frá gildistöku laga þessara, þótt meira en 5 ár séu liðin frá fæðingu barns.

Lög þessi raska eigi ákvörðunum á faðerni eða meðlagsskyldu, sem átt hafa sér stað fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til barnalaga var lagt fyrir Alþingi vorið 1976 og síðan haustið 1976 og haustið 1977, en hlaut ekki afgreiðslu. Skömmu fyrir þinglok vorið 1979 var frumvarpið enn lagt fram til kynningar, en kom ekki til umræðu. Allmiklar breytingar höfðu þá verið gerðar á frumvarpinu frá þeirri gerð, sem lá fyrir Alþingi 1976 og 1977. Þeirra atriða er getið í greinargerð en nú er frumvarpið lagt fram efnislega óbreytt frá vori 1979. Frv. til ættleiðingarlaga var afgreitt vorið 1978, sbr. lög nr. 15/1978. Sifjalaganefnd, sem er fastanefnd um sifjamálefni á vegum dómsmálaráðuneytisins, samdi frv. til barnalaga. Síðan frv. var upphaflega samið hafa m. a. verið sett ný lagaákvæði um barnsfaðernismál og framfærslueyri með börnum o. fl. í Finnlandi (1975) og ný lagaákvæði um forsjárskyldur foreldra og skipan forsjármála í Svíþjóð (1976) og breyttar reglur um forsjá barna í Danmörku (1978). Í Noregi hefir komið fram allviðamikil álitsgerð nefndar um barnalöggjöfina ásamt tillögum til nýrra laga (1977), en frv. hefir enn eigi verið lagt fyrir Stórþingið. Hefir sifjalaganefnd kynnt sér lög þessi, frumvörp og önnur gögn svo og fylgst að öðru leyti með nýmælum í grannlöndum á síðustu árum. Einstakir nefndarmenn í sifjalaganefnd hafa flutt erindi um fyrra frv. til barnalaga og tekið þátt í umræðum um það. Allsherjarnefnd Neðri deildar bárust umsagnir frá þremur aðiljum um frv. þetta. Hefir nefndin tekið afstöðu til ábendinga, sem fram hafa komið á framangreindum fundum, og svo í umsögnum til allsherjarnefndar.

Barnalög og lög um vernd barna og ungmenna eru um margt af sama bergi brotin að því er varðar félagsleg viðhorf og hugarstefnur. Er mikilvægt að samræma stefnumiðin í þessum lagabálkum. Tekið skal fram, að á Norðurlöndum

hefir þó eigi verið farin sú leið að fella þessi tvenn lög í einn og sama lagabálk. Er frv. þetta einnig reist á þeirri lagastefnu.

Hér á eftir fer greinargerð með frv. Jafnframt eru birt í lok hennar nokkrar athuganir og ábendingar um atriði, sem nefndin hefir fjallað um, án þess að slíkt leiddi til breytinga á fyrra frv. Vill sifjalaganefnd vekja sérstaka athygli á þeim.

Greinargerð.

Sifjalaganefnd hefir samið frumvarp þetta. Í nefndinni eiga sæti dr. Ármann Snævarr, hæstaréttardómari, formaður, frú Auður Auðuns, alþingismaður, Baldur Möller, ráðuneytisstjóri, og Guðrún Erlendsdóttir, hæstaréttarlögmaður, sem jafnframt hefir verið ritari nefndarinnar. Ýmis atriði frv. hafa verið rædd við embættismenn og aðra sérfróða menn um framkvæmd einstakra þátta þeirra mála, sem frv. tekur til. Við samningu frv. hefir verið höfð mikil hliðsjón af erlendum lögum, einkum norrænu barnalögunum, sem eru tiltölulega ný af nálinni. Þá hefir verið leitast við að kanna framkvæmd barnalaga hér á landi og ganga úr skugga um, hverra úrbóta sé helst þörf. Kostað hefir verið kapps um að endurskoða lög þessi með tilliti til yngri laga, er varða þetta réttarsvið, þ. á m. almannatryggingalaga, framfærslulaga, barnaverndarlaga og hjúskaparlaga. Æskilegt þótti að endurskoða ákvæði réttarfarslaga, er tengjast barnalögum.

Tekið skal fram, að ákvæði frv. þessa ganga miklum mun lengra í að tryggja réttarstöðu óskilgetinna barna en ákvæði Evrópuráðs-sáttmála um það efni frá 15. október 1975 stefna að. Virðist ekkert því til fyrirstöðu að fullgilda þann sáttmála á grundvelli núgildandi laga.

Íslenskt þjóðfélag sker sig að einu leyti úr félagslega í sambandi við börn, þar sem er hinn mikli fjöldi óskilgetinna barna hér á landi, sem til skamms tíma hefir verið miklu hærri en hjá því þjóðfélgi norrænu, sem næst hefir komist, og eru þó hlutfallslega fleiri börn óskilgetin á Grænlandi en hér. Hlýtur þetta atriði að vekja til sérstakrar umhugsunar, þegar frv. til barnalöggjafar er samið. Þess er þó að geta, að á síðustu árum er hundraðstala óskilgetinna barna í Svíþjóð og Danmörku farin að nálgast þessa tölu hér á landi, sbr. III. hér á eftir.

I.

Íslensk löggjöf um börn, stöðu þeirra að lögum og tengsl þeirra við foreldra var í brotum, uns barnalögin frá 1921 voru sett, þ. e. lög nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna og lög nr. 46/1921 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Þau lög voru eftirtekja af norrænni lagasamvinnu, og hafði próf. Lárus H. Bjarnason veg og vanda af samningu frv. til þeirra laga. Þessi lög fjölluðu um stöðu barna að einkarétti, en ekki gagnvart almenningsvaldi. Lögin náðu þó ekki til kjörbarna, og var það ekki fyrr en 1953, að lög voru sett um ættleiðingu (nr. 19/1953). Sérstök lög um fósturbörn hafa ekki verið sett hér þótt einstök ákvæði í lögum varði þau, sbr. t. d. barnaverndarlög nr. 53/1966, 35. og 36. gr.

Að báðum barnalögunum frá 1921 var hin mesta réttarbót. Hvorttveggja var, að þar voru sett ákvæði um ýmis atriði, sem lög skorti um hér á landi, og svo voru lög nr. 46/1921 sérstaklega markverð fyrir þá sök, að þau stórbættu hlut óskilgetinna barna og mæðra þeirra. Var og hinn mesti akkur í því að fá heildarlöggjöf um þessi efni í stað dreifðra ákvæða, sem á stundum var óvíst, hvort væru gildandi lög.

Lög nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna hafa tekið nokkrum stakkaskiptum, einkum að því leyti að einstök ákvæði þeirra hafa verið felld niður og skipað í aðra löggjöf og sætt þá gagngerðri endurskoðun. Á þetta við um ákvæði laganna um foreldravald, 20.—22. gr., sem nú er skipað með 22. og 23. gr. lögræðislaga nr. 95/1947, og erfðaákvæði laga nr. 57/1921, 24. og 25. gr., sem nú er skipað með 50. og 51. gr. erfðalaga nr. 8/1962 (áður með erfðalögum nr. 42/1949 30. gr., sem afnámu þó ákvæðin ekki að formi til). Þá var 16. gr. 2. málsgr. laga nr. 57/1921 niður

felld með lögum nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Með lögum nr. 91/1971 var loks bætt við tveimur greinum, 29. og 30. gr., þar sem óheimilað er að ákveða lægri meðlagsgreiðslu með skilgetnu barni eða takmarka meðlagsgreiðsluna við lægri aldur barna en þegar um er að ræða óskilgetin börn, og tekur það einnig til greiðslna frá 1 janúar 1972, þótt áður hafi verið ákveðið lægra aldurstakmark. Sbr. einnig um þetta efni lög nr. 92/1971, er breyta lögum nr. 87/1947, og getið verður hér á eftir.

Lög nr. 46/1921 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna geymdu m. a. ákvæði um mál til faðernis barna, sbr. 3. og 5.—16. gr. Þessi ákvæði voru tekin til endurskoðunar, er lög um meðferð einkamála í héraði voru samin (nr. 85/1936), og skipað með XVIII. kafla þeirra laga, en 3.—16. gr. laga nr. 46/1921 voru jafnframt numin úr lögum. 4. gr. laga nr. 46/1921 fjallaði um viðurkenningu á faðerni óskilgetinna barna, og mun það ákvæði hafa verið fellt niður af misskilningi, er eml. voru sett, er ekki geymdu ákvæði um þetta efni.

Lögin nr. 46/1921, svo breytt, voru síðan tekin til heildarendurskoðunar árið 1946 og sett þá ný heildarlög nr. 87/1947. Endurskoðunin stefndi fyrst og fremst að því að samræma lögin við almannatryggingalögin frá 1946. Fólu þau í sér mikilvægar réttarbætur til handa móður óskilgetins barns, þar sem henni var m. a. búinn réttur á hendur Tryggingastofnun ríkisins, ef meðlagsúrskurður var kveðinn upp og birtur. Meðlag, er kræft var úr hendi stofnunarinnar, var þó miðað við barnalífeyri, eins og hann var ákveðinn á hverjum tíma. Í lögunum var það nýmæli m. a., að barn hlaut í hvívetna stöðu sem skilgetið barn væri, ef foreldrar þess giftust. Sérstök ákvæði voru og sett um viðurkenningu á faðerni barns. Í lögum nr. 87/1947 var enn fremur lögfest sú regla, að óslitin sambúð foreldra barns frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og allt til 2 ára eftir fæðingu jafngilti faðernisviðurkenningu.

Ákvæðin í IV. kafla laga nr. 46/1921 um foreldravald voru tekin til endurskoðunar og skipað að nýju í lögræðislögum nr. 95/1947, 22. og 23. gr., þar sem eru samfelld ákvæði um foreldravald yfir börnum.

Erfðaákvæði laga nr. 46/1921 voru tekin upp í lög nr. 87/1947. Þeim var breytt efnislega með erfðalögum nr. 42/1949 og að nýju með erfðalögum nr. 8/1962, en hvor lögin um sig rýmkuðu stig af stigi um erfðarétt óskilgetinna barna eftir föður og föðurfrændur. Voru erfðaákvæði laga nr. 87/1947, 17. og 20. gr., numin úr gildi með erfðalögum nr. 8/1962, 62. gr. Nokkur önnur ákvæði laga nr. 46/1921 sættu og breytingum, þótt hér verði eigi rakið.

Með lögum nr. 32/1954, sem lögfestu ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 87/1947, voru sett sérákvæði um börn varnarliðsmanna, og var veitt heimild til að kveða upp meðlagsúrskurð, ef dómari taldi, að undangenginni rannsókn, að gerlegt væri að leyfa barnsmóður að heitfesta skýrslu sína um, að tiltekinn varnarliðsmaður væri faðir barns hennar. Var þar með gengið feti lengra en með almenna ákvæðinu í 12. gr. laga nr. 87/1947.

Ákvæði 19. gr. laga nr. 87/1947, er fór með reglu varðandi það, hvaða lands lögum skyldi beita, er persónustaða barns var ákveðin, var afnumin með lögum nr. 39/1958. Mun sakarefni það, sem dæmt var í Hæstarétti 24. október 1958 (hrd. XXIX, bls. 651) hafa valdið mestu um þá lagabreytingu. Segir svo í dóminum, að ákvæði 19. gr. laga nr. 87/1947 hafi verið „illsamrýmanlegt þeirri gömlu meginreglu íslensks réttar, að persónuleg réttarstaða manna skuli fara að íslenskum lögum, ef hann á heimilisfang á Íslandi, og hefur eigi verið bent á dæmi þess, að téðri 19. gr. hafi verið beitt um forræði yfir börnum".

Á árinu 1971 voru enn gerðar tvennar breytingar á lögum nr. 87/1947 með lögum nr. 27 og 92 frá því ári. Með fyrri lögunum var gerð breyting á 8. gr. laga nr. 87/1947, er mælti m. a. fyrir um þau atriði, sem greina skyldi í meðlagsúrskurði, og vörðuðu persónuauðkenni á meðlagsskyldum aðila (einkum nafnnúmer hans). 11. gr. laga nr. 87/1947 var breytt með lögum nr. 27/1971 einkum að því er varðaði það atriði, að Tryggingastofnun var ekki skylt að greiða meðlag, sem eindagað er meira en 6

mánuðum áður en krafa barnsmóður kom fram, en þetta tímabil var í eldri lögum 12 mánuðir. Tryggingaráð getur þó úrskurðað móður meðlög fyrir allt að 18 mánaða tímabil, áður en krafa þessi var upp höfð samkv. því, er segir í lögum nr. 27/1971. Þá var mælt um endurkröfurétt Tryggingastofnunar ríkisins á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga vegna greiddra barnsmeðlaga, en áður átti Tryggingastofnun aðgangsrétt að framfærslusveit barnsföður (meðlagsskylds). Stafaði sú breyting af tilhögun þeirri um innheimtu barnsmeðlaga, sem á var komið með lögum nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Síðast var lögum nr. 87/1947 breytt með lögum nr. 92/1971, er kveða svo á, að frá 1. janúar 1972 skuli greiða barnsmeðlög, þar til barn nær þeim aldri, er á hverjum tíma gildir um greiðslu barnalífeyris samkvæmt almannatryggingalögum, þótt í meðlagsúrskurði hafi verið ákveðið annað aldursmark. Stóð sú breyting í tengslum við 14. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971, er mælti svo fyrir að barnalífeyrir skyldi greiddur með börnum yngri en 17 ára, og þurfti þá breytingu á lögum nr. 87/1947, svo að unnt væri að endurheimta meðlag, greitt með 16 ára unglingi, hjá barnsföður. Þetta nýja ákvæði var og gert afturvirkt, þ. e. það tók til allra greiðslna frá 1. janúar 1972 og gildir um meðlagsúrskurði, sem gengu fyrir gildistöku laganna.

Sérstök ástæða er til að minna á breytingu, sem gerð var með lögum nr. 96/1971, 3. gr., á 14. gr. laga nr. 67/1971, en samkv. því ákvæði er Tryggingaráði heimilað að greiða barnalífeyri með ófeðruðu barni, ef gögn um faðerni barns þykja fullnægjandi.

II.

Nokkurt samstarf hefir átt sér stað milli Norðurlandaþjóða á síðustu árum til samræmingar á barnalöggjöf, þótt ekki sé það jafnvíðtækt og við mótun hjúskaparlaga. Á sjötta áratugnum störfuðu norrænar samstarfsnefndir að endurskoðun tiltekinna atriða í barnalöggjöfinni, einkum varðandi ákvæði um vefengingu á faðerni skilgetinna barna, um niðurfellingu ættleiðingar, svo og um faðerni barna, sérstaklega með hliðsjón af hinni öru þróun, sem orðið hefir í blóðflokkavísindum og um aðrar mannerfðaeigindir. Hafa ný lagaákvæði verið lögfest um þessi efni, sbr. norsk lög nr. 9 og 10 frá 1956, finnsk lög nr. 409/1957, sbr. lög frá 1975, og dönsku barnalögin nr. 200/1960, og sænsk lög Föräldrabalken frá 1949 ásamt síðari breytingum. Meðal nýmæla í norrænni barnalöggjöf síðustu ár má nefna eftirfarandi atriði, sem engan veginn eru þó tæmandi:

1. Í Danmörku og Svíþjóð hefir verið farin sú leið að fella saman í einn lagabálk lög um skilgetin börn og óskilgetin, sbr. barnalögin frá 1960, og sænska foreldrabálkinn frá 1949. Í Finnlandi og Noregi eru þó sín lög um hvort þessara efna um sig, en finnskt frv. liggur fyrir, sem stefnir í framangreinda átt.
2. Á hinum Norðurlöndunum hafa verið lögfest ákvæði um vefengingu á faðerni skilgetinna barna, sem draga nokkuð úr kröfunum um sönnun fyrir því, að eiginmaður móður geti ekki verið faðir barns, ef faðerni þess er vefengt, einkum þegar sannað þykir, að þriðji maður hafi haft samfarir við móður barns á hugsanlegum getnaðartíma þess.
3. Um óskilgetin börn vekur það einna mesta athygli, að lögfest hafa verið ákvæði, er taka fyrir, að varnaraðili í barnsfaðernismáli út af óskilgetnu barni verði dæmdur meðlagsskyldur með barni og þá einnig að fleiri en einn maður verði dæmdir meðlagsskyldir in solidum. Þá hefir eiði móður eða lýsts barnsföður einnig verið útrýmt að mestu leyti, ýmist með lögum eða lagaframkvæmd.
4. Erfðaréttarstaða óskilgetinna barna hefir tekið stakkaskiptum til hins betra hin síðari ár, og hefir íslensk löggjöf þar verið í fararbroddi meðal norrænna laga. Lokastigið í þeirri þróun eru sænsk lög frá 1970, en Svíar urðu síðastir Norðurlandaþjóða til að bæta erfðaréttarstöðu óskilgetinna barna.

5. Mönnum hefir á síðustu árum verið mjög hugað um umgengnisréttinn svonefnda, þ. e. rétt þess foreldris, sem ekki hefir foreldraráð, til umgengni og samneytis við barn. Slíkur umgengnisréttur foreldris, sem ekki hefir foreldravald yfir barni vegna skilnaðar, hefir lengi verið viðurkenndur í norrænum rétti, ýmist í settum lögum eða í lagaframkvæmd, þótt ekki hafi verið við sett lög að styðjast, sbr. Noreg og Ísland, en í öllum löndunum hafa nú verið sett lagaákvæði, er að þessu lúta. Umgengnisréttur föður óskilgetins barns við barnið hefir hins vegar átt erfiðara uppdráttar, og árið 1964 dæmdi Hæstiréttur Dana t. d., að slíkum lögvörðum rétti væri ekki til að dreifa. Danir hafa nú lögfest ákvæði um slíkan umgengnisrétt með lögum nr. 257/1969, og hliðstæðum ákvæðum er til að dreifa á hinum Norðurlöndunum. Framkvæmd slíks umgengnisréttar hefir mjög verið til umræðu, m. a. á norrænum lögfræðingaþingum, og er nokkuð mismunandi gripið á því atriði í norrænni löggjöf. Athyglisvert er í þessu sambandi, að menn hafa dregið mjög í vafa, að grundvallarsjónarmiðið eigi hér að vera það, að foreldri eigi rétt á umgengni við barn — hitt sé sanni nær að líta á þessa réttarreglu frá sjónarmiði barns, þ. e. að það séu hagsmunir barnsins, sem hér eigi að ráða, og það sé réttur barnsins til umgengni við foreldri, sem marki hér grundvöll laganna. Eru ákvæðin í norsku lögunum orðuð út frá þessu grunnsjónarmiði.
6. Um ættleiðingarlög vísast til greinargerðar með frv. til ættleiðingarlaga, sbr. nú lög nr. 15/1978.

Utan Norðurlanda hefir orðið ör þróun á allra síðustu árum til úrbóta á réttarstöðu óskilgetinna barna. Má þar m. a. nefna vestur-þýsku lögin um óskilgetin börn frá 19. ágúst 1969, er geyma m. a. miklar umbætur varðandi erfðaréttarstöðu óskilgetins barns, foreldravald móður og framfærslurétt barns. Þá má benda á bresku lögin, sem nefnd eru Family Law Reform frá 1969, þar sem því er m. a. lýst, að óskilgetin börn hafi í hvívetna sömu réttarstöðu sem skilgetin börn. Í Sovét-Rússlandi bætti fjölskyldulöggjöfin frá 1968, sem er alríkislöggjöf, að ýmsu leyti hlut óskilgetinna barna, svo og fjölskyldulöggjöf hinna einstöku lýðvelda, sem komu í kjölfar allsherjarlaganna, m. a. hefir verið dregið mikið úr skorðum þeim, sem voru á höfðun barnsfaðernismála samkv. grunnsjónarmiðum þeim í fjölskyldupólitík, sem mörkuð var 1944. Þegar frá eru skildar lagareglur um ákvörðun á faðerni barna, hefir jafnrétti skilgetinna barna og óskilgetinna lengi verið viðurkennt í Sovétríkjunum, og sama gegnir um önnur lönd Austur-Evrópu. Loks má hér nefna markverða hæstaréttardóma í Bandaríkjunum frá 1968, þar sem dæmt er, að lagatakmarkanir, sem gerðu hlut óskilgetinna barna lakari en skilgetinna, fengju ekki staðist vegna jafnréttisákvæða stjórnarskrár („Equal Protection Clause", 14. stjórnarskráraukinn). Á grundvelli þessara dóma hafa verið sett ný ákvæði um óskilgetin börn víða í einstökum ríkjum, er fela í sér verulegar réttarbætur.

III.

Ýmis tölfræðigögn, er varða börn og fjölskyldur.

Hér á eftir fara tölfræðigögn, er varpað geta nokkru ljósi á íslensku fjölskyldugerðina og til samanburðar að nokkru eru teknar hliðstæðar tölur frá hinum Norðurlöndunum. Taka þessi gögn til barnsfæðinga síðustu árin, hlutfalls óskilgetinna barna af heildartölu fæddra barna, fjölda ættleiðinga, og svo fjölda hjónavígslna og fjölda sambúðarfólks, sem skráð er á þjóðskrá o. fl. Sýna þessar tölur m. a., að barnsfæðingum fer talsvert fækkandi og hlutfallstala óskilgetinna barna hækkar, en þó ekki mjög ört. Þá má ráða af tölunum, að óvígð sambúð fer í vöxt, og koma þó ekki öll kurl til grafar með hinum skráðu sambúðartilvikum. Bent skal á, að eigi nýtur við almennrar tölfræðilegrar skýrslugerðar um það, hversu mikill fjöldi óskilgetinna barna elst upp með ógiftum foreldrum, er saman búa, og

eigi heldur hve mikill hluti barna, sem eru óskilgetin við fæðingu, hljóta síðar stöðu skilgetinna barna við það, að foreldrar ganga í hjúskap, sbr. þó f og g hér á eftir. Er ætlandi, að það sé allverulegur hluti barna þessara. Þá eru eigi tiltækar almennar skýrslur um fjölda stjúpbarna og fósturbarna. Um sambúðartilvikin er ástæða til að benda á, að rannsóknir skortir t. d. á því, hve löng sambúðin sé að meðaltali og hversu henni ljúki, þ. á m. með hjúskap, og svo m. a. hver sé ástæðan til þess að allmikill hluti fólks velur þetta sambúðarform og eigi hjúskap. Um könnun á stöðu barna fæddra 1970, og ferli þeirra allt til 1. desember 1975 vísast til Hagtíðinda 1978, aprílheftis, sbr. f og g hér á eftir.

a. Barnafæðingar.

Samkvæmt hagskýrslum hafa barnafæðingar verið svo sem hér segir á síðustu áratugum, miðað við heildartölu landsmanna (í 0/00):

1941—1945	24,7	1970	19,7
1946—1950	27,6	1971	20,7
1951—1955	28,0	1972	22,3
1956—1960	28,2	1973	21,7
1961—1965	25,4	1974	19,9
1966	24,0	1975	20,1
1967	22,2	1976	19,5
1968	21,0	1977	18.0
1969	20,0		

b. Samanburðartölur.

Ef svonefnt brúttófólksfjölgunarhlutfall er lagt til grundvallar, þ. e. meðalfjöldi lifandi fæddra dætra, sem hver kona muni ala á öllum barnafæðingaraldrinum (yfirleitt 15—44 ára), miðað við núgildandi frjósemishlutfall, koma fram eftirfarandi tölur innan Norðurlanda árin 1966, 1972 og 1977:

	1966	1972	1977
Ísland	1.75	1.51	1.14
Danmörk (án Færeyja og Grænlands)	1.27	0.99	0.81
Finnland	1.14	0.71	0.83
Noregur	1.39	1.16	0.85
Svíþjóð	1.15	0.93	0.80
Færeyjar	1.90		1.35
Grænland	3.04		1.13

Hefir Ísland lengi verið meðal þeirra landa í Evrópu, sem hafa hæsta fæðingartölu. Mikil hlutfallsleg fækkun hefir orðið á barnfæðingum á því stutta tímabili, sem hér er miðað við, og á það við hvarvetna á Norðurlöndum. Raunar gegnir þessu einnig yfirleitt um lönd í Evrópu, þótt samanburðartölur séu eigi settar fram hér til að leiða það í ljós.

c. Hlutfall (hundraðstala) óskilgetinna barna miðað við heildarfjölda barna hér á landi.

1876—1885	20,0	1956—1960	25,3
1886—1895	19,3	1961—1965	25,7
1896—1905	14,8	1966—1970	29,8
1906—1915	13,2	1971	31,1
1916—1920	13,5	1972	32,4
1926—1930	14,5	1973	33,8
1931—1935	18,6	1974	33,7
1936—1940	23,2	1975	33,0
1946—1950	26,2	1976	34,3
1951—1955	26,6	1977	36,0

Skýrslur um þetta efni eru til óslitið frá 1827.

Taflan sýnir, að um aldarskeið hefir tala óskilgetinna barna hér á landi verið há, lægst á árabilinu 1906—1920, en hæst árið 1977.

d. Hlutfall óskilgetinna barna á Íslandi og hinum Norðurlöndunum síðustu ár.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1971—75 (meðaltal %)	16.8	7.9	32.8	9.0	27.6
1975	21.7	10.1	34.2	10.9	32.4
1976	24.0	10.1	34.2	10.9	33.2
1977	25.9	11.1	36.0	11.6	34.7

Athyglisvert er, hve mikil hlutfallsleg fjölgun hefir orðið á óskilgetnum börnum síðustu árin, einkum í Danmörku og Svíþjóð, og er ekki orðinn neinn grundvallarmunur á þessum tölum hér á landi og í þeim löndum tveimur. Ber það væntanlega m. a. vott um, að sambúð ógiftra foreldra fer í vöxt og giftingartölur hafa lækkað sérstaklega í þeim löndum tveimur.

Í Hollandi, Belgíu, Sviss og Vestur-Þýskalandi eru aðeins 2—6% barna óskilgetin, en eilítið hærri í öðrum löndum Austur-Evrópu.

e. Óskilgetin börn og óvígð sambúð foreldra.

Síðan 1961 hefir komið fram í töflum Hagstofunnar, hvernig óskilgetin börn skiptast á mæður í og utan óvígðrar sambúðar, en greinimark í því efni er það, hvort lögheimili foreldra er hið sama, er barn fæðist (börn trúlofaðs fólks, er eigi býr saman, er talið falla utan sambúðar).

Töflurnar eru á þessa lund:

	Lifandi fædd börn alls	Skilgetin börn	Óskilgetin börn í óvígðri sambúð	Óskilgetin börn utan sambúðar	Alls
1961—65	100.0	74.3	13.4	12.3	25.7
1966—70	100.0	70.4	11.5	18.1	29.6
1971—75	100.0	67.2	12.0	20.8	32.8
1976	100.0	65.8	16.3	17.9	34.2

Hér er miðað við aðstæður við fæðingu barns. Sýna töflurnar, að 36,6 til 47,6 óskilgetinna barna, fæddra 1971—1976 eru börn foreldra, er búið hafa saman. Hins vegar er hugtakið óvígð sambúð eigi skýrt hér með sama hætti og t. d. í 2. gr. 3. málsgr. frv.

f. Könnun á stöðu barna, fæddra 1970, við fæðingu og síðan á stöðu þeirra að lögum og fjölskyldustöðu við upphaf hvers aldursárs fram til 1. desember 1975.

Guðni Baldursson, cand. oecon., hefir samið athyglisverða ritgerð um fjölskyldusögu og lagalega stöðu barna, fæddra hér á landi 1970, fram til 1. desember 1975. Eru nokkrar niðurstöður hennar birtar í Hagtíðindum 1978, apríl-hefti. Er eftirfarandi tafla tekin úr Hagtíðindum, en jafnframt vísað til þeirrar heimildar um ýmis önnur mikilvæg atriði, sem ekki þykir unnt að taka upp hér.

	Við fæðingu	1 árs	2 ára	3 ára	4 ára	5 ára	1. des. 1975
Börn alls	3989	3922	3900	3891	3881	3871	3871
Staða við fæðingu							
Fædd í hjónabandi	2791	2743	2728	2719	2714	2706	2706
Fædd í óvígðri sambúð	413	405	404	404	404	403	403
Fædd utan sambúðar	785	774	768	768	763	762	762
Lagaleg staða							
Skilgetin skv. gildandi lögum	2791	3111	3241	3297	3338	3364	3365
Óskilgetin skv. gildandi lögum	1198	803	647	580	528	487	485
Skilgetin skv. frumvarpi til barnalaga	2839	3143	3271	3338	3405	3437	3448
Óskilgetin skv. frumvarpi til barnalaga	1150	771	617	539	461	414	402
Ættleidd börn		8	12	14	15	20	21
Fjölskyldustaða							
Hjá báðum foreldrum	2889	3265	3324	3308	3287	3237	3215
Hjá móður einni	1099	629	520	457	403	386	375
Hjá móður og öðrum manni en föður	1	13	34	96	149	197	224
Hjá föður einum		1	4	6	11	13	15
Hjá föður og annarri konu en móður					3	5	5
Hjá öðru fólki		14	18	24	28	33	37

Af töflunni má sjá, að rannsóknin náði til 3989 barna, en vegna andláts og brottflutnings lækkar þessi tala í 3871 barn. Er fylgt eftir ferli þeirra í 5 ár eða nánar tilgreint til 1. desember 1975.

Árið 1970 fæddust 70% barna í hjónabandi. Af 30% óskilgetnum börnum fæðast 10% í óvígðri sambúð, en 20% utan sambúðar. Þegar við 1. ár hefir hlutfall skilgetinna barna hækkað í 79% vegna þess að foreldrar hafa gengið í hjúskap, en við 5. ár er þetta hlutfall orðið 87% auk ½% barna, sem ættleidd hafa verið. Ef fylgt er reglum í fyrra frv. til barnalaga, myndu 2% barna til viðbótar teljast skilgetin — og er hér miðað við lokaárið. Athugavert er, að reglur þær, sem lagt er til, að lögfestar verði í frv. þessu um áhrif sambúðar foreldra á skilgerð barna eru nokkru rýmri en í eldra frv.

g. Staða barna við fæðingu og afstaða þeirra til foreldra á fyrstu fimm árunum.

Hér á eftir fer tafla úr Hagtíðindum, 1978, apríl-hefti er að þessu lýtur:

	Börn, % Aldur móður við fæðingu						
	Börn alls	13-19 ára	20-24 ára	25-29 ára	30-34 ára	35-47 ára	Meðalaldur móður, ár
Börn alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	26,0
Staða við fæðingu							
Fædd í hjónabandi	69,9	18,7	69,3	88,9	89,8	89,6	27,6
Fædd í óvígðri sambúð	10,4	21,6	11,2	5,8	5,1	6,0	23,1
Fædd utan sambúðar	19,7	59,7	19,5	5,3	5,1	4,4	21,0
Afstaða til foreldra							
Hjá báðum foreldrum 1. 12. '75	83,0	63,4	82,5	90,9	88,9	92,4	26,6
Af börnum fæddum í hjónabandi	93,1	88,4	91,6	93,8	93,2	96,9	28,0
Af börnum f. í óvígðri sambúð	83,4	79,9	85,8	84,9	92,6	76,9	23,2
Af börnum fæddum utan sambúðar	47,1	49,6	48,3	50,0	11,1	21,1	20,5
Hjá báðum foreldrum um skeið en							
ekki 1. des. 1975	7,1	8,6	8,1	6,2	6,7	3,7	24,7
Af börnum fæddum í hjónabandi	6,9	11,6	8,4	6,2	6,8	3,1	26,3
Af börnum f. í óvígðri sambúð	11,4	12,7	10,8	9,4	7,4	15,4	22,8
Af börnum f. utan sambúðar	5,4	6,1	5,4	2,1	3,7		19,5
Aldrei hjá báðum foreldrum	9,9	28,0	9,4	2,9	4,4	3,9	21,7
Af börnum f. í óvígðri sambúð	5,2	7,4	3,4	5,7		7,7	22,7
Af börnum f. utan sambúðar	47,5	44,3	46,3	47,9	85,2	78,9	21,6

Taflan sýnir stöðu barnanna við fæðingu og afstöðu til foreldra eftir aldri móður svo og meðalaldur móður. Kemur þar fram, að konur, sem eignast barn í hjónabandi eru til jafnaðar um 7 árum eldri en þær, sem eignast barn utan sambúðar, einnig að börn, sem eru hjá foreldrum báðum, eiga eldri móður en hin. Þetta er þó ekki einhlítt, því að af þeim konum, sem eignuðust barn utan sambúðar, eru þær elstar, sem alltaf eru einar með barnið, en 2½ ári yngri þær, sem búa með föðurnum 1. desember 1975.

Fjölskyldusaga barna er enn fremur breytileg eftir fæðingarröð. Af fyrsta barni móður voru aðeins 71% hjá báðum foreldrum sínum 1. desember 1975. 7% höfðu verið þar áður, en 22% aldrei. Af öðru barni voru 88% hjá báðum foreldrunum, 8% áður, en aðeins 4% aldrei. 92% af börnum aftar í fæðingarröð voru hjá báðum foreldrum, 6% höfðu verið það, en 2% aldrei. 14% barnanna voru ein hjá forráðanda eða forráðendum, en 86% áttu systkin eða uppeldissystkin innan 16 ára aldurs á sama heimili 1. desember 1975.

h. Tíðni ættleiðinga 1961—1977.

1961	90	1970	68
1962	70	1971	72
1963	71	1972	81
1964	69	1973	69
1965	70	1974	77
1966	73	1975	91
1967	53	1976	70
1968	77	1977	70
1969	89		

i. Fjöldi hjónavígslna á Íslandi síðustu árin.

1971	1 590	1975	1 689
1972	1 624	1976	1 645
1973	1 753	1977	1 568
1974	1 891		

Talsverð hlutfallsleg fækkun hefir orðið á hjónavígslum síðustu árin hér á landi, en jafnframt hefir sambúð ógiftra karla og kvenna farið í vöxt.

j. Hundraðstala hjónavígslna á Íslandi og hinum Norðurlöndunum miðað við íbúa í heild.

	Danmörk	Finnland	Ísland	Noregur	Svíþjóð
1971	6,61	8,22	7,89	7,56	4,93
1976	6,15	7,00	7,47	6,31	4,45

Því má bæta við, að talan var 7.07 hér á landi árið 1977. Skýrslan ber með sér, að veruleg fækkum hefir orðið á hjónavígslum hlutfallslega hvarvetna á Norðurlöndum, sérstaklega í Danmörku og Svíþjóð, sbr. þó hækkun síðasta árið í Svíþjóð. Hlutfallslegur fjöldi hjónavígslna er enn hæstur hér á landi, ef Norðurlöndin eru tekin til viðmiðunar.

k. Fjöldi skráðs sambúðarfólks (para) hér á landi síðustu árin.

1975	2 259	1977	2 896
1976	2 520	1978	3 303

Samkvæmt þessum skýrslum hefir fjöldi fólks (para), sem skráð er sambúðarfólk í þjóðskrá, vaxið talsvert mikið síðustu árin, en vafalaust eru skráningartölur ekki tæmandi um sambúðartilvikin. Ótvírætt eru tengsl á milli fækkunar hjónavígslna og þess, að óvígð sambúð fer í vöxt.

IV.

Stefnumið og nýmæli í frv.

Því þjóðfélagslega markmiði að gera hlut óskilgetinna barna jafnan hlut skilgetinna barna á sviði einkaréttar er að verulegu leyti þegar náð hér á landi. Í sumum greinum hafa óskilgetin börn þó aðra réttarstöðu og lakari en skilgetin börn. Frv. þetta er samið út frá því grunnsjónarmiði að gera óskilgetin börn jafn sett skilgetnum börnum að lögum á því sviði, sem frv. tekur yfir.

Semjendur frv. hefðu helst kosið að afnema með öllu mun á skilgetnum börnum og óskilgetnum að lögum. Slíkt er þó vandkvæðum bundið. Stafar það m. a. af nauðsyninni, sem á því er að koma við reglum um ákvörðun á faðerni þessara tveggja barnahópa. Í því efni gætir mismunandi grundvallarsjónarmiða eðli máls samkvæmt, þar sem viðurhlutalitið er að telja og eðlilegt, að hjúskapur móður barns við tiltekinn mann á þeim tíma, sem barn er getið eða alið, veiti vísbendingu um að hann sé faðir þess, og geti það markað grundvöll að löglíkum um þetta atriði. Slíkri vísbendingu er hins vegar sjaldnast til að dreifa um móður óskilgetins barns, sbr. þó óvígða sambúð hennar við tiltekinn karlmann á getnaðartíma barns og e. t. v. síðar. Hér ber að taka tillit til þess, að hin Norðurlandaríkin gera yfirleitt enn mun á skilgetnum börnum og óskilgetnum í lögum sínum, og lúta norrænir samningar um fjölþjóðleg einkaréttarákvæði að þessum mun. Á hinn bóginn mun það ekki leiða af sér verulegan vanda í norrænu lagasamstarfi á þessu sviði, þótt hugtakið skilgetið barn sé eigi reist hvarvetna á sama greinimarki.

Í frv. er lögð áhersla á það stefnumið, sem greinir að framan, að gera óskilgetin börn jafnsett skilgetnum börnum, og mun það nú reifað.

1. Lagt er til, að frv. þetta taki til lagaákvæða um óskilgetin börn jafnt sem skilgetin, og er þá til þess stofnað, að einn lagabálkur fjalli um þessi efni samfellt, andstætt því, sem nú er, þar sem tveggja stofnlaga nýtur við, svo sem fyrr er greint. Þessi kerfisbreyting er fallin til að árétta lagalega samstöðu þessara tveggja flokka barna, en auk þess styðst hún um margt við hagkvæmnisrök.
2. Í 1. gr. 2. málsgr. frv. er lagt til, að mælt sé berum orðum svo, að réttarstaða óskilgetins barns sé hin sama og skilgetins barns, nema lög mæli annan veg. Er það stefnuyfirlýsing, sem ætlað er einnig að hafa lagagildi, og m. a. gæti hún haft áhrif á lögskýringu í einstökum tilvikum og túlkun löggerninga.
3. Ákvæðin um framfærslueyri og ákvörðun hans eru sett fram samfellt um skilgetin börn og óskilgetin, sbr. einkum 16. gr. frv. Að sínu leyti er hlutur skilgetins barns gerður hinn sami og óskilgetins barns að því er varðar aðgang að Tryggingastofnun ríkisins í því sambandi, er greinir í 29. gr. frv.
4. Í frv. eru ákvæði, sem fela í sér, að forræði óskilgetins barns verður oftar í höndum beggja foreldra en er samkvæmt núgildandi lögum, sbr. 37. gr. frv. eða getur borið undir föður einan, sbr. 37. gr. 4. málsgr., auk þess er lagt til í 40. gr., að lögfestur sé umgengnisréttur föður óskilgetins barns við barnið (og umgengnisréttur móðurinnar, ef því er að skipta). Slík ákvæði eru ekki gildandi í lögum, en í lögum nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar eru hins vegar hliðstæð ákvæði í 47. gr., að því er varðar það foreldri, sem ekki fær forræði barns, er foreldrar skilja. Er umgengnisreglum lýst samfellt í 40. gr. um skilgetin börn og óskilgetin.
5. Hugtakið skilgetið barn er skýrt nokkuð með öðrum og rýmra hætti en er eftir gildandi lögum. Varðar það áhrif óvígðrar sambúðar foreldra á réttarstöðu barns. Í lögum nr. 46/1921, 36. gr. var þegar svofellt ákvæði: „Nú er sambúð karls og konu, sem óvígð eru, óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 3 árum eftir hana og jafngildir hún þá faðernisjátningu, þá er um erfðarétt barns eftir föður og föðurfrændur ræðir eða þeirra eftir það". Hér er erfðaréttur tengdur við sambúð þessa, en sambúðin er ekki lögð að líku við almenna viðurkenningu faðernis í öðrum réttarsamböndum. Þessu var breytt með lögum nr. 87/1947, 3. gr. 2. málsgr., þar sem svo segir: „Nú er sambúð karls og konu óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 2 árum eftir hana og jafngildir hún þá faðernisjátningu". Í þessu ákvæði jafngildir greind sambúð foreldra í hvívetna játningu faðernis af hendi sambúðarmanns móður, þ. e. í öllum réttarsamböndum. Þessu ákvæði var að vísu breytt lítillega að því er erfðarétt varðar með 2. gr. erfðalaga nr. 42/1949, en síðastgreint ákvæði var fellt úr gildi með erfðalögum nr. 8/1962, 62. gr. Semjendur frv. hafa talið rétt að ganga feti lengra en er í lögum nr. 87/1947, 3. gr. Er lagt til í 2. gr. 3. málsgr. frv., að barn verði talið skilgetið þegar við fæðingu, ef foreldrar þess hafa verið í óslitinni, óvígðri sambúð árið næsta fyrir fæðingu barnsins. Þá er lagt til í 4. málsgr. 2. gr., að óskilgetið barn foreldra, sem taka upp sambúð eftir fæðingu þess, teljist skilgetið þegar óslitin sambúð hefir varað 2 ár. Greinimark um það, hvenær sambúð hafi tekist með fólki, verður ávallt vandasamt, en hér er lagt til, að miða verði að höfuðstefnu við það, sem greint er í þessu efni á Þjóðskrá, en ella sé gengið eftir „ótvíræðum gögnum" um sambúðina.

   Svo sem kunnugt er, leggja ýmis lög að jöfnu hjúskap og óvígða sambúð, sbr. einkum meginregluna í almannatryggingalögum nr. 67/1971, 51. gr. og t. d. lög nr. 101/1970, 11. gr. (lífeyrissjóður bænda), og í lagaframkvæmd hafa sambúðarkonu t. d. verið dæmdar bætur vegna missis fyrirvinnu, sbr. 264. gr. almennra hegningarlaga, og er fyrsti dómur Hæstaréttar í XX. bindi (1949) bls. 214. Ákvæðin í 2. gr. frv. fela í sér framhald á þessari þróun, og eru á því reist,

að þegar óvígð sambúð hefir staðið óslitið svo langan tíma sem áskilið er í greininni, þá sé eðlilegt að leggja það samband að líku við hjúskap í þessu efni, þ. e. þegar um það ræðir að afla börnum réttarstöðu skilgetinna barna.

6. Sýnilegt er, að meginmunur er á hag óskilgetinna barna eftir því, hvort þau alast upp með foreldrum sínum, er búa saman, eða hvort þau alast upp með einstæðu foreldri. Þessa munar gætir nú lítt í lagareglum. Er vafalaust þörf á lagareglum ýmsum um tengsl foreldra, sem búa saman í óvígðri sambúð, og barna þeirra, þ. á m. um forráð barna, svo og skipan forráða, er foreldrar slíta samvistir. Er 37. gr. frv. ætlað að koma nokkuð til móts við þörfina á reglum um forræði barna, er foreldrar búa saman í óvígðri sambúð, en 38. gr. frv. víkur að skipan forræðis yfir börnum, er slíkir foreldrar slíta samvistir. Þar sem 38. gr. fjallar einnig um sambúðarslit hjóna, falla niður efnisreglur 47. gr. laga 60/1972.

Að öðru leyti eru ýmis nýmæli í frv., sem lýst er í greinargerð með einstökum köflum og greinum þess. Geta má t. d. eftirfarandi atriða:

a. Lagt er til, að nýjar reglur verði lögfestar um sönnunarreglu í sambandi við vefengingarmál, sbr. 5. gr.
b. Ýmis nýmæli eru í III. kafla frv. um faðerni óskilgetinna barna, sbr. m. a. afnám eiðs og afnám þess úrræðis, að dómur gangi um meðlagsskyldu eina, þ. á m. að sú skylda sé lögð á fleiri menn en einn, án þess að kveðið verði á um faðernið.
c. Þá eru ýmis nýmæli í IV.—VI. kafla frv. um framfærslu barna, þ. á m. um rýmkun framfærsluskyldu í ýmsum greinum, og vísast til greinargerðar um þá kafla í heild sinni hér á eftir.
d. Nýjar reglur felast í VII. kafla frv., sem m. a. er ætlað að rýmka lögsögu íslenskra dómstóla í faðernismálum.
e. Í VIII. kafla frv. eru veigamikil nýmæli, sem áður greinir að nokkru. Það er m. a. lagt til, að horfið verði frá hugtakinu foreldravald og að heitið forsjá verði tekið upp í staðinn. Einnig er lögð áhersla á, að barnið eigi rétt á forsjá foreldra og umgengni við þau, þ. á m. það foreldri, sem eigi hefir forsjá barnsins, t. d. vegna skilnaðar o. fl. Staða foreldris markast fyrst og fremst af því, að það er forsjárskylt við barnið. Lagt er til í frv., að foreldrar barns, sem búa saman ógift, hafi bæði forsjá barns á hendi, og er það eitt af meginnýmælum frv., en samkv. 2. gr., er áður var bent á, verður slíkt barn raunar oft beinlínis skilgetið. Bent er enn fremur sérstaklega á nýmæli 35. gr. 5. málsgr. og 37. gr. 4. málsgr.
f. Í IX. kafla frv. um barnfaðernismál eru nokkur nýmæli, sem rakin eru í greinargerð um einstök ákvæði í þeim kafla.

V.

Rétt þykir að fara hér nokkrum orðum um þann efnisstakk, sem frv. er skorinn. Til athugunar kom að skipa lagaákvæðum um ættleiðingar sem sérstökum kafla í þessu frv. Eru þess dæmi sums staðar í Norðurlandalöggjöf, að svo sé gripið á máli, sbr. einkum sænska foreldrabálkinn, andstætt því sem er um dönsku og norsku barnalögin, þar sem sérstök lög eru um ættleiðingar. Lög um ættleiðingar eru að efni til svo sérstæð, miðuð við lög um aðra flokka barna, að tiltölulega lítið er unnið við að skipa ákvæðum um það atriði í almennum barnalögum sem sérkafla í þeim lögum.

Þá er það ærið álitamál, hvort skipa skuli réttarfarsákvæðum um ákvörðun á faðerni barna (vefengingarmál og mál út af faðerni óskilgetinna barna) í barna-

lögum eða réttarfarslögum. Stefna íslenskra laga í þessu efni hefir verið nokkuð tvíbent. Barnalögin frá 1921 geymdu réttarfarsákvæði um þessi efni, bæði varðandi skilgetin börn og óskilgetin. Lög nr. 85/1936, XVIII. kafli fjalla um mál út af faðerni óskilgetinna barna og felldu niður hliðstæð ákvæði í lögum nr. 46/1921, svo sem fyrr er greint. Lög nr. 85/1936 geymdu hins vegar ekki beinlínis ákvæði um vefengingarmál og námu ekki úr gildi réttarfarsákvæði laga nr. 57/1921 um það efni. Lög nr. 87/1947 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna geyma yfirleitt ekki réttarfarsákvæði um barnsfaðernismál og láta sér lynda að vísa til ákvæða XVIII. kafla laga nr. 85/1936. Benda má á, að í Reykjavík er sakadómara falin úrlausn faðernismála, sbr. lög nr. 74/1972, 4. gr. (áður lög nr. 65/1943 og 98/1961), og eru slík mál dæmd á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mismunandi er það í norrænni barnalöggjöf, hvort réttarfarsákvæði séu í þeim, sbr. annars vegar dönsku lögin, sem yfirleitt láta við það sitja að vísa til réttarfarslaga um þessi efni, og hins vegar norsku barnalögin, sem geyma rækileg ákvæði um réttarfar, og sænsku og finnsku lögin geyma a. m. k. nokkurn hluta af réttarfarsreglum um þessi mál.

Ljóst er, að höfuðþörf er á að skipa réttarfarsákvæðum um vefengingarmál og mál út af faðerni óskilgetinna barna á einum stað samfellt í lögum. Er þá tveggja kosta völ, annaðhvort að skipa þeim ákvæðum í barnalögum eða í lögum um réttarfar í einkamálum.

Í frv. er lagt til, að réttarfarsákvæði um faðernismál verði í barnalögum.

Tekið skal fram, að til athugunar kom að setja ákvæði í frv. um bóta- og refsiábyrgð foreldra á yfirsjónum barna sakir skorts á umsjón með þeim og uppeldislegri gæslu, svo og að stíla þar ákvæði um bótaábyrgð barna. Frá þessu ráði var þó horfið, enda tengjast slík ákvæði mjög almennum reglum bótaréttar, en skráning bótaréttarins er orðin brýn hér á landi og má vænta þess, að til hennar verði stofnað á næstunni. Skal lögð áhersla á það hér, að rík þörf er á ákvæði í lögum um bótaábyrgð barna og foreldra vegna skaðaverka barna, sbr. og hæstaréttardóm 21. mars 1974. Þótt ákvæði 23. gr. laga nr. 57/1921 verði afnumið, raskar það vitaskuld ekki því, að um ábyrgð þessa fari „eftir almennum reglum", svo sem þar segir, en lítið hald er að ákvæði þessu.

VI.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í 1. gr. kemur fram, hver stakkur frv. er sniðinn. Frv. fjallar um skilgetin börn og óskilgetin í samfelldum bálki, en tekur hins vegar ekki til laga um ættleiðingu, svo sem áður er greint. Frv. geymir ekki heldur samfelld ákvæði um stjúpbörn og fósturbörn, þótt að þeim flokkum barna sé vikið í einstökum ákvæðum, sbr. t. d. 14. gr. og meginákvæði í 35. gr. 6. málsgr. Ýmis ákvæði frv. taka til þessara barna eftir því sem við á, þótt þess sé ekki sérstaklega getið. Er og ljóst, að t. d. fósturbörn teljast til heimilis, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1923. Í megindráttum gilda ákvæðin um skilgetin börn að því er tekur til réttarstöðu kjörbarna, þ. á m. ákvæði frv. þessa, ef lögfest verður.

Frv. er ætlað að ná yfir einkaréttarreglur, er varða tengsl foreldra við börn að lögum, og varða ekki stöðu barna að allsherjarrétti, svo sem framfærsluskyldu að framfærslulögum eða úrræði allsherjarréttareðlis gagnvart börnum og foreldrum, sbr. barnaverndarlög, og því síður lagareglur um refsiábyrgð barna eða foreldra vegna yfirsjóna barna. Er þetta sjónarmið sérstaklega áréttað í 3. málsgr. 1. gr.

Um 1. gr.

Í 2. málsgr. 1. gr. er það ákvæði, að réttarstaða óskilgetins barns og skilgetins sé í hvívetna hin sama, nema lög mæli annan veg. Þetta ákvæði fer fyrst og fremst með stefnuyfirlýsingu, og markar þá allsherjarstefnu löggjafarvaldsins til óskil-

getinna barna, að þau skuli njóta jafnréttis á við skilgetin börn. Ákvæði þetta hefir stefnumarkandi áhrif að því er varðar túlkun á lagaákvæðum um réttarstöðu barna, þ. e. óskilgetin börn skulu hafa sama rétt og skilgetin, nema lög segi ótvírætt annað, svo og varðandi túlkun löggerninga.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru fyrst ákvæði, er skýrgreina hugtakið skilgetið barn og þá einnig hugtakið óskilgetið barn samkvæmt samræmisályktun, sbr. 2. og 7. gr. Þá er í 3. gr. hin svonefnda almenna faðernisregla um skilgetin börn, er segir, að eiginmaður móður eða sambúðarmaður hennar skuli teljast faðir barns, ef svo hagar til sem í frv. segir, uns faðerni sé hnekkt samkvæmt ákvæðum kaflans. Í 4.—6. gr. eru síðan ákvæði um vefengingarmál, er horfa til þess að hnekkja faðerni skilgetins barns. Samkvæmt þessu yfirliti fjallar þessi kafli um skilgetin börn og stöðu þeirra.

Um 2. gr.

1. málsgr. 2. gr. er efnislega í samræmi við 1. gr. laga nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna, og leysir jafnframt af hólmi 1. gr. laga nr. 87/1947. Mat á því, hvort barn sé „hugsanlega getið í hjúskapnum“ er vitaskuld sönnunaratriði hverju sinni, ef brigður eru á bornar, og nýtur þá við sérfræðilegra álitsgerða lækna og annarra sérkunnáttumanna, eftir atvikum með umsögn Læknaráðs að bakhjarli. Hvorki hér né endranær í frv. þessu er fengist við að skýrgreina með lagaákvæði mörk meðgöngutíma barns.

2. málsgr. 2. gr. er í samræmi við 2. gr. laga nr. 87/1947. Eftirfarandi hjúskapur foreldra barns veldur því samkv. þessu, að barn fær stöðu skilgetins barns frá þeirri stundu, er vígslumaður lýsir hjónaefni hjón, en samkv. 37. gr. laga nr. 46/1921 var barn skilgert með eftirfarandi hjúskap foreldra þess. Í því ákvæði var slegið við þeim varnagla, að maðurinn hefði gengist við faðerni barns eða hann verið dæmdur faðir þess eða talinn faðir samkv. eiði eða eiðsfalli. Þessi fyrirvari er hvorki í 2. gr. laga nr. 87/1947 né í frv.-greininni, enda er hjúskapurinn talinn jafngilda faðernisjátningu. Pater-est reglan svonefnda (hin almenna faðernisregla um skilgetin börn) á einnig við um börn, sem talin eru skilgetin samkvæmt þessari sérreglu. Um viðhorf í vefengingarmáli út af faðerni þessa flokks barna vísast til 5. gr. 3. málsgr. frv.

3. og 4. málsgr. eru nýmæli, svo sem áður greinir. Sammerkt þeim er það, að hér er lagt til, að óvígð sambúð móður barns við tiltekinn karlmann á nánar greindum tíma fyrir eða eftir barnsburð valdi því ekki einvörðungu, að með þessu kynni að vera fengin faðernisviðurkenning af hendi sambúðarmanns móður barns, svo sem nú er með vissum skilyrðum skv. 3. gr. 2. málsgr. laga nr. 87/1947, heldur feli sambúð það í sér, að barn teljist skilgetið. Eru hér því í ríkum mæli tengd sömu réttaráhrif við óvígðu sambúðina sem við hjúskap, og er það í samræmi við meginstefnu löggjafarinnar í því máli. Samkv. 3. málsgr. er sá áskilnaður gerður, að móðir barns hafi verið í óslitinni sambúð við tiltekinn karlmann næsta árið fyrir fæðingu barns og þar af leiðandi á þeim tíma er barnið fæðist, en ekki skiptir þá máli, hversu fari um sambúð þeirra eftir fæðinguna. Ef sambúð foreldra er óslitin í 2 ár eftir fæðingu barns, telst barnið skilgetið upp frá því, sbr. 4. mgr.

Hér vaknar það vandamál, hverju greinimarki eigi að beita um það, hvort karl og kona séu í „sambúð“. Er lagt til, að það ráði úrslitum að meginstefnu til, hvort þau séu greind á þjóðskrá sem sambúðarfólk á þessum tíma, en einnig geta önnur

„ótvíræð gögn“ komið að haldi, svo sem vottorð opinbers starfsmanns eða stofnunar eða vætti nákunnugra manna. Skráning á þjóðskrá er ekki óhrekjanlegt sönnunargagn um sambúð, en það felst í ákvæðinu, að sú skráning skeri úr, uns réttþermi hennar sé hnekkt. Sá er munur á ákvæðunum, að samkvæmt 3. málsgr. verður barn skilgetið þegar við fæðingu barns, en samkv. 4. málsgr. öðlast barn eigi réttarstöðu skilgetins barns, fyrr en foreldrar barns hafa verið í sambúð í 2 ár eftir fæðingu þess. Í því tilviki svo og ef 2. málsgr. á við, ætti að gera reka að því að skrá í viðeigandi opinberar skrár, að barn sé skilgetið. Mun það tíðkast að barn, sem óskilgetið er við fæðingu samkv. kirkjubókum, er talið óskilgetið til frambúðar í þeim bókum, þótt atvik hafi gerst, er valda því, að barn telst skilgetið. Er það miður.

Í 5. málsgr. er ákvæði nánast til varúðar og til þess að taka af hugsanleg tvímæli, sbr. nú 9. gr. laga nr. 57/1921, sem er þó ekki sama efnis út í hörgul. Segir hér, að ógilding hjúskapar raski eigi réttarstöðu barns, sem skilgetins, frekar en lögskilnaður foreldra, sbr. og 26. gr. laga nr. 60/1972.

Um 3. gr.

Hér greinir faðernisregluna almennu og inntak hennar um skilgetin börn, svo sem það hugtak er skýrgreint í 2. gr. Faðernisreglan (pater est reglan) hvílir á því, að löglíkur séu fyrir því, að hjón (sambúðarfólk) hafi samfarir (samfaralíkur) og að barn, er fæðist í hjúskap (sambúð þeirra, sé ávöxtur af samförum þeirra, en barn sé ekki getið af þriðja manni (getnaðarlíkur). Er það verkefni sifjaréttar að gera þessu efni fræðileg skil. Lög búa barni með þessum hætti réttarstöðu yfirleitt að fyrra bragði, þ. e. þegar við fæðingu, en stundum geta atvik, er síðar gerast, þó valdið því, að barn hljóti réttarstöðu skilgetins barns, og á 3. gr. þá almennt einnig við, sbr. vísun hennar til 2. gr. í heild sinni, sbr. þó nánar athugasemdir við 5. gr.

Greinimark 2. gr. um skilgetin börn er ekki hnitmiðað að því leyti, að við getur borið, að 2. gr. í heild sinni helgi barni tvo feður. K fékk t. d. lögskilnað frá manni sínum, M 1, 1. febrúar 1978. Hún gekk að eiga M 2 1. júní 1978 og ól barn 1. júlí s. á. Sýnilegt er, að barn er getið áður en hjúskap þeirra K og M 1 lauk, og veitir það vísbendingu um, að M 1 sé faðir barns, en jafnframt er barn alið í hjúskap þeirra K og M 2, og bendir það til faðernis M 2. Í norrænum sifjarétti hefir á síðustu árum verið talið, að rétt væri að skrá M 2 í dæminu hér að framan föður barns. Finnsku barnalögin hafa brýnt ákvæði, sem tekur af tvímæli í þessu efni og skal síðari eiginmaður konu teljast faðir barns, þegar svo stendur á, í krafti pater est reglunnar, sbr. 1. gr. 2. málsgr. laga nr. 409/1957. Er frv. það, sem hér er flutt, reist á þessum skilningi, þótt ekki þyki þörf á brýnu ákvæði í lagatexta um þetta efni, enda virðist lagaframkvæmd helga þessa skýringu.

Réttarstöðu barns, sem öðlast hefir stöðu skilgetins barns, verður aðeins breytt með vefengingardómi samkv. 4.—6. gr., svo og með ættleiðingu, en þá fær barn almennt stöðu sem væri það skilgetið barn ættleiðanda.

Um 4. gr.

Í þessu ákvæði eru fyrirmæli um sóknaraðild vefengingarmáls og málshöfðunarfresti. Er ákvæði þessu ætlað að leysa af hólmi 2.—5. gr. laga nr. 57/1921.

4. gr. er ætlað að skipa því á tæmandi veg, hverjir geti verið sóknaraðiljar að vefengingarmáli, sbr. þó síðar um rétt erfingja eiginmanns móður barns til að ganga inn í mál, sem hann hefir höfðað. Er máli þessu skipað með sama hætti og í 2. gr. l. nr. 57/1921, nema að því leyti að móður er veittur réttur til málshöfðunar.

Samkvæmt 4. gr. er sóknaraðild í höndum 1. eiginmanns (sambúðarmanns) móður barns, 2. móður þess, 3. barnsins sjálfs og lögráðamanns þess, sem sérstaklega er skipaður, ef því er að skipta, og 4. erfingja eiginmannsins.

Samanburður við 2.—4. gr. laga nr. 57/1921 leiðir í ljós, að sóknaraðild samkv. 4. gr. er rýmri að því leyti, að hér er lagt til, að móður verði veittur réttur til málshöfðunar, en hún hefur ekki slíkan rétt a. m. k. samkv. orðanna hljóðan í I. kafla laga nr. 57/1921. Þykja öll rök mæla með því, að hún geti átt aðild máls, enda eru hagsmunir hennar ríkir og auðsæir.

Í 3. gr. laga nr. 57/1921 er sá varnagli sleginn við um málshöfðun eiginmanns, að hann hafi ekki viðurkennt faðerni barnsins eftir fæðingu þess, sbr. og 4. gr. um kosti erfingja til að höfða vefengingarmál. Þessi fyrirvari er ekki í 4. gr. frv. Bæði er, að óljóst er oft, hvort slík viðurkenning hafi átt sér stað, og hitt, að viðurkenning er oft látin uppi, áður en eiginmanni er kunnugt „um atvik, sem orðið getur efni til þess að vefengja faðerni barnsins". Þykir ekki eðlilegt, að láta viðurkenningu standa því í vegi, að mál sé höfðað. Hitt er það, að það kann að veikja málstað vefengjanda í málssókn hans, og fer það þó eftir atvikum. Tekið skal fram, að þegar rætt er hér um eiginmann (sambúðarmann) móður barnsins, þá er að sjálfsögðu átt við þann eiginmann hennar eða sambúðarmann, sem talinn er faðir barns samkv. 3. gr., en ekki fyrri eða síðari eiginmenn hennar eða sambúðarmenn. Þó ber að hafa hugfast, að við getur borið, að barn sé hugsanlega getið í hjúskap móðurinnar við M 1, en það sé jafnframt alið eftir að hún stofnar til hjúskapar við M 2. Geta M 1 og M 2 þá báðir haft sjálfstæðan málshöfðunarrétt eftir því hvernig háttað er skráningu á faðerni barns.

Eiginmanni (sambúðarmanni) barnsmóður er settur sérstakur málshöfðunarfrestur, svo sem einnig er í lögum nr. 57/1921. Skal hann höfða mál innan árs frá því, að hann fékk vitneskju um atvik, sem geti verið efni til að vefengja faðerni barns, en hvað sem öðru líður skal hann hafa höfðað mál innan 5 ára frá fæðingu barns. Er það fortakslaus frestur án tillits til þess, hvenær eiginmaður öðlaðist vitneskju um atvik, er vakið geti grunsemd um faðernið. Dómsmálaráðherra getur þó heimilað, að mál verði höfðað eftir að frestum þessum lýkur, ef alveg sérstaklega stendur á, og er þar m. a. átt við það, að aðili hafi verið erlendis og ókunnugt um fæðingu barns eða högum hans hafi verið þannig háttað, að hann hafi ekki getað höfðað mál, svo sem vegna veikinda eða vistar í fangelsi o. fl. Einnig er eðlilegt, að tekið sé tillit til annarra atvika, svo sem þess, hvort barni sé verulegt óhagræði búið af málssókn, eins og högum þess er farið. Ef barn hefir hafið skólagöngu getur því orðið mein að því að breyta skyndilega um nafn. Tillit verður einnig tekið til þess, hvort horfur eru á, að barn hljóti þegar í stað aðra ákveðna feðrun, t. d. verði talið barn síðari eiginmanns móður þess. Leyfi þetta verður aðeins veitt í undantekningartilvikum, og er á því byggt hér, að dómsmálaráðuneyti meti það til hlítar, hvort leyfið verði veitt.

Samkv. 4. gr. er það aðeins eiginmanni (sambúðarmanni) móður, sem settur er málshöfðunarfrestur, og hvorki barn né móðir þarf að hlíta slíkum frestum. Er þetta í samræmi við viðhorf í norrænum barnalögum. Um erfingja eiginmanns (sambúðarmanns) móðurinnar vísast til 3. mgr., 4. gr.,

Faðir barns samkv. 3. gr. er oft lögráðamaður barns. Þarf þá að skipa barni sérstakan lögráðamann til þess að gæta hagsmuna þess eða reka mál vegna þess, og miðast orðalag 4. gr. 1. málsgr. við það, sbr. og 26. gr. lögræðislaga nr. 95/1947.

4. gr. hefur ekki að geyma ákvæði um varnaraðild vefengingarmáls. Ef eiginmaður stefnir, þá er barn til varnaraðildar og ber að stefna lögráðamanni þess, sbr. 3. gr. laga nr. 57/1921. Þá ber einnig að stefna móður barns til aðildar í máli. Ef ætlunin er að fá dóm fyrir faðerni þriðja manns, ber að stefna honum til að þola dom, sbr. hrd. XXIII, bls. 177. Ef barn er sóknaraðili máls, stefnir það (eða lögráðamaður þess) eiginmanni (sambúðarmanni) móður þess, en ef hann er látinn, þá erfingjum hans, er ganga jafnhliða barninu eða næst að erfðum eftir hann, sbr. 5. gr. 1. málsgr. laga nr. 57/1921.

Um 5. gr.

Í þessu ákvæði er sett fram efnislega greinimarkið um það, hvenær krafa um vefengingu geti náð fram að ganga. Svo sem að framan greinir, hafa reglur barnalaganna frá þriðja áratugnum, hér á Norðurlöndum, þ. á m. lög nr. 57/1921, lengi sætt nokkurri gagnrýni, með því að þær reglur feli í sér of harðar kröfur um sönnun fyrir þeirri staðhæfingu, að eiginmaður barnsmóður sé ekki faðir barns. Viðurkennt er, að faðernisreglan almenna um skilgetin börn sé veigamikil og yfirleitt mjög í hag barni. Hins vegar hefur verið talið, að svo einstrengingsleg sönnunarregla, sem í faðernisreglunni felist, geti stundum leitt beinlínis til rangrar feðrunar, en þjóðfélaginu hljóti að vera keppikefli, að börn séu rétt feðruð.

Ljóst er, að barnalögin eldri, þ. á m. lög nr. 57/1921, eru samin, áður en blóðflokkagreining og það ríka sönnunargagn, sem í henni felst, kom til skjalanna. Hefur það sönnunargagn breytt miklu um úrslit í barnsfaðernismálum, þar sem í hlut eiga óskilgetin börn. Er vissulega brýn þörf á að endurskoða reglur I. kafla laga nr. 57/1921, einkum 7. gr., út frá þessum nýju sönnunarviðhorfum og með tilliti til endurskoðunar þeirrar, sem þegar hefur farið fram á Norðurlöndum.

Í 7. gr. 1. málsgr. laga nr. 57/1921 segir, að dómkrafa stefnanda verði því aðeins tekin til greina, „að telja megi víst að barnið geti eigi verið getið af eiginmanni móður þess“, sbr. þó undantekningar 2. málsgr. 7. gr. Ákvæði 5. gr. 1. málsgr. frv. víkja frá 7. gr. 1. málsgr. m. a. að því leyti, að þar er greint sérstaklega það mikilvæga atriði, að þriðji maður sé tilnefndur, sem talinn er hafa haft samfarir við móður barns á getnaðartíma þess, enda séu líkur til, að barn sé ávöxtur þeirra samfara. Við þessar aðstæður er viðurhlutaminna að fallast á vefengingarkröfu en ella. Gert er hér ráð fyrir þeim möguleika, að t. d. blóðraun girði fyrir faðerni eiginmanns (sambúðarmanns) eða kannanir á feðrunarlíkum, miðað við blóðflokkagreiningu aðilja og sérfræðilega úrvinnslu hennar, og eftir atvikum könnun á mannerfðafræðilegum gögnum veiti vísbendingu um, að langtum líklegra sé, að hinn nafngreindi þriðji maður sé faðir barns en stefnandi vefengingarmálsins. Þótt ekki sé unnt að benda á tiltekinn þriðja mann veitir 5. gr. 1. málsgr. svigrúm til að fallast á vefengingarkröfu, „ef telja verður öruggt vegna erfðaeiginda barns eða af öðrum sérstökum ástæðum, að eiginmaður (sambúðarmaður) móður sé ekki faðir barns“. Hér getur komið sitthvað til, sem vefengingarkrafa er reist á. Í fyrsta lagi getur hún átt rót að rekja til þess, að hjón (sambúðarfólk) hafi ekki haft samfarir á getnaðartíma barns (reynt er þá að hnekkja samfaralíkum þeim, sem er fyrri þáttur faðernisreglunnar almennu um skilgetin börn). Um þetta atriði horfir 5. gr. frv. sama veg við og ákvæði I. kafla laga nr. 57/1921. Dómstólar hafa verið kröfuharðir um sönnun fyrir slíkri staðhæfingu, ef aðilar hafa verið samvistum. En hér gæti einnig m. a. komið til greina sönnun fyrir því, að hjón (sambúðarfólk) hafi verið fjarvistum á getnaðartíma barns. Í öðru lagi getur vefengingarkrafa verið á því reist, að þriðji maður hafi haft samfarir við móður barns á getnaðartíma þess og að barn sé ávöxtur þeirra samfara, en ekki samfara, sem eiginmaður hafi haft við móður (reynt er þá að hnekkja getnaðarlíkum, sem er annar þáttur í pater est reglunni). Staðhæfingin um, að þriðji maður hafi haft samneyti við konu, er til barnsgetnaðar megi leiða, er háð almennu sönnunarmati, og felur 5. gr. eigi í sér neina sérstaka breytingu á því atriði. Viðurkenning móður á, að hún hafi haft samfarir við annan en eiginmanninn, er út af fyrir sig ekki nægileg í þessu efni.

Ákvæði 5. gr. 2. málsgr. er svipaðs efnis og 7. gr. 2. málsgr. laga 57/1921. Er það reist á því, að eigi séu rök til þess að láta sönnunarreglu 1. málsgr. 5. gr. gilda, fullum fetum, þegar barn er getið eftir að móðir barns og eiginmaður hennar fengu leyfi til

skilnaðar að borði og sæng eða dvöldust fjarvistum vegna ósamlyndis, svo og þegar barn er getið, áður en móðir þess giftist, sbr. 2. gr. 2. málsgr. Hér er eigi jafn ríkum líkum til að dreifa fyrir því, að móðir barns og sá, sem talinn er faðir þess samkv. 2. gr., hafi haft samfarir saman, eins og er endranær. Þ. e. sá þáttur í faðernisreglunni, er lýtur að samfaralíkum, er ekki jafn ríkur og ella, þótt þess sé m. a. að gæta, að fólk kunni að hafa búið saman í óvígðri sambúð. Það er inntak 2. málsgr. 5. gr., að þegar svona stendur á, dugar, að sá, sem hefur uppi vefengingarkröfu, staðhæfi, að móðir barns og sá, sem talinn er faðir þess, hafi eigi haft samfarir á getnaðartíma barns. Varnaraðili, er andmælir kröfu, verður þá að gera það sennilegt, að slíkar samfarir hafi átt sér stað. Ef sú sönnun tekst, grípur almenna faðernisreglan inn í málið, þ. e. að líkur eru taldar til þess, að þær samfarir hafi leitt til barnsgetnaðar, en aðrar ekki. Að þessu leyti dregur 2. málsgr. verulega úr því sönnunarmagni, sem krafist er.

Ákvæði 5. gr. 2. málsgr. er lítið eitt á annan veg að efnisinntaki en ákvæði 7. gr. 2. málsgr. Í fyrsta lagi á hún við, án tillits til þess hver er sóknaraðili máls, en 7. gr. 2. málsgr. er einskorðuð við, að eiginmaður sé sækjandi máls. Í öðru lagi er því atriði bætt við í ákvæðinu, að það eigi við, er eiginmaður (sambúðarmaður) og móðir barns voru eigi þegar barn var getið, samvistum sakir ósamlyndis. Er þar nánast lagt til, að lögfest verði fræðileg skýring.

Um 6. gr.

Ákvæðið varðar nokkur atriði varðandi vefengingarmál, en um rekstur þeirra er annars aðalregla sett í 56. gr. frv. Samkv. 56. gr. er boðið, að beitt skuli um þessi mál almennum reglum um einkamál, nema annars sé getið, og felst m. a. í því, að horfið er frá þeirri tilhögun, að dómari leiti af sjálfsdáðum sönnunargagna um málið. Í 56. gr. eru þó greind ýmis frávik frá þessari meginreglu, sbr. og 4. og 6. gr. frv.

Rétt þykir, að þeir dómendur dæmi vefengingarmál, sem fjalla um almenn einkamál, og segir um þetta í upphafi 6. gr.

Í 6. gr. segir, að aðildareiður sé óheimill, og játning kemur aðeins til greina sem sönnunargagn, og eru þessi atriði óbreytt frá 6. gr. laga nr. 57/1921.

Benda má á, að í 56. gr. frv. felst m. a., að dómari getur með vissum skilyrðum mælt fyrir um blóðrannsóknir á þeim, sem koma við mál þetta, og jafnframt um mannerfðafræðilegar rannsóknir. Er skylt að hlíta því, svo sem greinir í 214. gr. laga nr. 85/1936 um blóðrannsóknir. Eru hér tekin af tvímæli, því að þetta atriði er ekki fullljóst samkv. I. kafla laga nr. 57/1921.

Um III. kafla.

Þessi kafli fjallar um faðerni óskilgetinna barna, þ. e. efnisreglur í því sambandi, því að flestar réttarfarsreglur eru annars staðar greindar, sbr. IX. kafla. Eru hér reglur um skýrgreiningu hugtaksins óskilgetið barn, sbr. 7. gr., svo og um viðurkenningu á faðerni barns, sbr. 8.—11. gr., en í 12. gr. eru reglur, er varða úrslit faðernismála. Í 13. gr. er vísað til réttarfarsreglna um faðerni barna annarra en þeirra, sem greinir í þessum kafla. Hér eru nokkur nýmæli og sum þeirra veigamikil.

Um 7. gr.

Skýrgreiningin á hugtakinu óskilgetið barn markast af því, með hverjum hætti hugtakið skilgetið barn er skýrgreint, sbr. 2. gr. Ákvæði 7. gr. gegnir í raun réttri aðeins leiðsöguhlutverki, en hefur ekki sjálfstætt efnislegt gildi.

Um 8. gr.

Hér er meginreglan um viðurkenningu á faðerni barns. Er hún sama efnis og 3. gr. 1. málsgr. laga nr. 87/1947, en því er bætt við, að sé barnsfaðir yngri en 18 ára, þegar yfirlýsing er látin uppi, skuli hún styrkt með staðfestingu lögráðamanns. Er þessi regla einnig í dönsku barnalögunum. Þar er valdsmanni, sem tekur við barnsfaðernisyfirlýsingu, boðið að greina glögglega fyrir aðilja, hver réttaráhrif séu tengd við barnsfaðernisyfirlýsingu. Er mikilvægt, að slíkur háttur sé á hafður einnig hér á landi, þótt ekki þyki ástæða til að greina það í lagatexta.

Tekið skal fram, að viðurkenning á barnsfaðerni fær ekki staðist, nema barnsmóðir fallist á hana, ef hennar nýtur við. Þessa atriðis er sérstaklega getið í 3. kap. 2. gr. í sænska foreldrabálkinum. Byggir 8. gr. einnig á þessu, sbr. orðin „sem kona kennir óskilgetið barn sitt".

Um 9. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Þykir ástæða til þess að greina það hér, að barnsfaðernisviðurkenning sé ekki tæk, ef barnsfaðir er geðveikur eða hálfviti eða geðrænum högum hans að öðru leyti er þannig farið, að ekki er mark takandi á yfirlýsingu hans. Hér er lagt til, að fræðileg skýring verði lögfest.

Ef fleiri en hinn lýsti faðir hefur haft samfarir við móður á getnaðartíma barns, þykir yfirleitt ekki rétt að taka mark á barnsfaðernisviðurkenningu, heldur á þá dómur að ganga á málið. Þetta þarf þó ekki, ef talið verður að fyrra bragði, að faðerni annarra en þess, er gangast vill við faðerni, sé útilokað, einkum með blóðgreiningu.

Um 10. gr.

Hér er mælt fyrir um atvik, sem geta valdið því, að unnt er að ónýta með dómi faðernisviðurkenningu að kröfu þess, sem gengist hefur við barni eða lögráðamanns hans. Slíka viðurkenningu er og hægt að ónýta, ef gögn koma fram, er sýna, að viðkomandi maður geti eigi verið faðir barns, sbr. t. d. að blóðrannsókn girði fyrir, að hann geti verið faðir.

Um 11. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli. Getur verið veigamikið, að viðurkenning á faðerni, sem erlendis er fengin, hafi fullt gildi hér á landi. Er vafasamt, að slíkt verði lagt til grundvallar, nema sérstök heimild komi til. Þykir rétt að heimila dómsmálaráðherra að mæla fyrir um þetta efni, enda er ekki sagt, að hinu sama gegni um öll lönd í þessu efni, með því að réttarreglur eru mjög mismunandi á þessu sviði.

Um 12. gr.

Hér eru ákvæði um úrslit í barnsfaðernismáli. Gætir hér mjög nýmæla.

Í fyrsta lagi er það nýmæli, að tekið er fyrir það í 3. málsgr., að úrslit verði látin velta á aðildareiði, svo sem nú er heimilt, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936. Aðildareiður er að vísu heimill í einkamálum almennt, sbr. 160. gr. laga nr. 85/1936. Þessu ákvæði er þó mjög sjaldan beitt og nánast aldrei. Gegn aðildareiði í barnsfaðernismálum er hægt að tefla mörgum hinum sömu rökum og þeim, sem almennt gera slíkan eið varhugaverðan. Aðiljar eiga hér mjög fjárhagsmuna að gæta, en að auki skiptir þá máli siðferðislega og félagslega, hver úrslit máls verði. Freistingin er því mikil til að vinna eið, hversu sem málaefni eru. Hér kemur til að auki, að minni manna um þau atvik, sem hér koma til, er oft ótraust. Alllangur tími líður oft frá því, að talið er, að kynmök hafi átt sér stað, uns málsúrslit liggja fyrir, og dregur það úr traustleika minnisins. Því er og oft haldið fram, að virðing manna fyrir eiðinum sé ekki jafn rík og áður var. Benda má á, að aðildareiður er mjög fátíður sem úrslitagagn á Norðurlöndum, og var t. d. fyrir nokkrum árum með öllu útrýmt í dönskum rétti.

Vissulega má segja, að sönnunargögn í barnsfaðernismálum séu oft ótraust, og

sé því vel skiljanlegt, að dómstólar grípi títt til þess fangaráðs að láta úrslit máls velta á eiði annars hvors aðilja. Hér er þess þó að gæta, að blóðflokkarannsóknir og blóðflokkafræði hafa náð meiri þroska en áður var, og auk þess er unnt að beita mannerfðafræðilegum rannsóknum meir en áður var, en þessi fræðilegu gögn geta síðan verið grundvöllur undir tölfræðilegum samanburði á faðernislíkum, t. d. tveggja manna, sem til greina eru taldir koma um faðernið. Eftir tilhögun norrænu laganna, sem lögfest voru síðast á sjötta áratugnum, verður að kosta kapps um að afla rækilegra sérfræðilegra gagna í faðernismálum, og dómstólar verða síðan á grundvelli þeirra gagna að taka afstöðu til krafna í faðernismáli, annað tveggja á þann veg að dæma varnaraðilja — eða einhvern þeirra — föður að barni eða sýkna hann eða þá. Ekki er unnt samkvæmt þessari tilhögun að dæma varnaraðilja meðlagsskyldan með barni án þess að dæma hann jafnframt föður barns.

Í 12. gr. er lagt til, að þessi tilhögun verði lögfest. Er það annað nýmæli 12. gr., að ekki sé unnt að dæma mann meðlagsskyldan með barni, nema hann sé dæmdur faðir þess, sbr. 4. málsgr. Telja verður það óskapfellt fyrir barn, að tiltekinn maður sé dæmdur meðlagsskyldur með því, án þess að kveðið verði á um faðerni. Sérstaklega hlýtur það að vera óþægilegt fyrir barn að vita til þess, að fleiri en einn maður hafa verið dæmdir meðlagsskyldir með því, svo sem nú er heimilt samkv. 212. gr. laga nr. 85/1936 og fyrir kemur, að gert er í lagaframkvæmd. Staða hins „meðlagsskylda" er og mjög óljós að lögum. M. a. verður það einatt álitamál, hvort hann teljist hafa afstöðu „föður" gagnvart barninu vegna feðrunarlíkna, svo sem ef hann vill ganga að eiga stúlku, sem hann hefur verið dæmdur meðlagsskyldur með, eða spurning verður um vanhæfi hans til að fara með málefni, er varðar dótturina, svo að dæminu sé haldið áfram, við dómsýslu, stjórnsýslu eða vegna reglna um votthæfi o. s. frv. Hér kemur að vísu það á móti, að móðir fær yfirleitt eigi samkv. 73. gr. laga nr. 67/1971 greitt meðlag frá Tryggingastofnun ríkisins, nema úrskurður yfirvalds um meðlag liggi fyrir, en Tryggingaráð getur þó fallist á umsókn um greiðslu barnalífeyris, þótt barn sé ófeðrað, sbr. 3. gr. laga nr. 96/1971, er breytir 14. gr. laga nr. 67/1971 sbr. og 29. gr. frv. Þess ber að gæta, að þau tilvik eru mjög fá ár hvert á landinu öllu, að dæmd sé meðlagsskylda án þess að leyst sé úr faðerni.

1. og 2. málsgr. 12. gr. er ætlað að koma í stað 212. gr. laga nr. 85/1936. Hér er gerður að formi til greinimunur á því, hvort fleiri mönnum sé dreift við móður (2. málsgr.) eða ekki (1. málsgr.), en báðar málsgreinar verður að túlka samfellt, og á grunnregla 1. málsgr. við, þótt varnaraðiljar séu fleiri en einn. Í 1. málsgr. er notað það orðalag í samræmi við hin norrænu lögin, að sá, sem sannað er, að hafi haft samfarir við móður á getnaðartíma barns verði dæmdur faðir barns, „nema gögnum sé til að dreifa, sem geri það lítt sennilegt, að hann sé faðir barnsins". Hér er varfærnislegra orðalag en í 212. gr. laga nr. 85/1936 og meir í samræmi við það, sem læknar og líffræðingar telja sig geta staðhæft á grundvelli rannsókna sinna. Gögn, sem til er vísað, lúta fyrst og fremst að blóðrannsóknum og ályktunum af þeim, og svo mannfræðilegum könnunum og úrvinnslu þeirra. Þau taka einnig til þess, að upp komi, að maður sé ófær eða lítt fær til barnsgetnaðar, og einnig veitir orðalagið dómstólum svigrúm til að meta atriði eins og það, hvenær á getnaðartíma (ferlinum) samfarir hafi átt sér stað, upplýsingar um það, hvenær kona hafði síðast á klæðum fyrir barnsburð, svo og atriði eins og notkun getnaðarvarna og hvers kyns þau kynmök eru, sem talin eru hafa átt sér stað, þ. e. hvort þau hafi getað leitt til getnaðar barns. Ástæða er til að taka fram, að sönnunarmat í þessu efni er hjá dómstólum, og gildir hér reglan um hið svonefnda frjálsa sönnunarmat, jafnvel þótt t. d. blóðflokkagreining sé talin girða fyrir, að varnaraðili geti verið faðir barns. Verður dómari og að kosta kapps um að leiða öll atvik að getnaði barns í ljós, eftir því sem fært er, þótt slíkt gagn um blóðflokka liggi fyrir. Þá er það á valdi dómstóla að meta, hvort hinar raunhæfu forsendur, sem sérfræðileg álitsgerð er reist á, séu réttar, t. d. hvort blóðsýni sé viðhlítandi vegna ótryggrar vörslu eða hvort byggjandi sé á upplýsingum um tíðir konu, ef því er að skipta.

Blóðflokkagreining og ályktanir sérkunnáttumanna samkv. þeim tóku að tíðkast sem sönnunargagn í norrænum dómum rétt fyrir og upp úr 1930 (1928 í Danmörku og Svíþjóð, í Noregi 1933). Fyrsti dómur Hæstaréttar Íslands, þar sem blóðflokkagreining var lögð til grundvallar dómi, gekk árið 1934 (hrd. V, bls. 465). Hefur síðan margsinnis verið byggt á þessu gagni sem úrslitagagni. Í Hæstarétti hefur þó enn ekki gengið dómur í vefengingarmáli, þar sem gagn þetta hafi ráðið úrslitum. Með 214. gr. laga nr. 85/1936 er boðið, að aðiljar leggi sig undir slík blóðflokkapróf, svo og barn, sem í hlut á, og má dómari leita aðstoðar lögreglumanna við framkvæmd mála. Hæstiréttur hefur stundum orðið við kröfu um, að aðiljar legðu sig undir blóðrannsókn eða mælt fyrir um nánari úrvinnslu gagna eða ítrekaða blóðtöku og sérfræðilega könnun, þ. á m. að leitað væri til fleiri sérfræðings en eins, eftir atvikum erlendra sérfræðinga (í einu mála tjáðu þrír sérfræðingar sig um sakarefni, sbr. hrd. XXXVIII, bls. 787). Þá hefur og borið við, að blóðrannsókn hafi farið fram á foreldrum lýsts barnsföður í því skyni að kanna nánar, hvernig tilteknum blóðflokki hans sé háttað. Rannsóknarstofa Háskólans í meinafræði leysir af hendi blóðrannsóknir og eru þar nú tök á að beita flestum þeim blóðflokkagreiningum, sem tíðkanlegar eru á Norðurlöndum, en á það getur þó reynt, að þörf sé á að senda blóðsýni til útlanda.

Reglna þarf við um sitthvað, sem varðar framkvæmd blóðrannsókna þ. á m. ákvæði, er stuðli að samræmdri framkvæmd, svo og um það, hvenær barni verði fyrst tekið blóð, hve oft sé rétt að endurtaka blóðraun, um vörslu blóðsýna o. fl. Er vikið að slíkri reglugerð í lokamálsgr. 12. gr., sbr. og 50. og 57. gr. frv.

Mannerfðafræðilegar rannsóknir taka mið af arfgengum atriðum, eins og augnalit, eyrnalagi og afstöðu eyrna til annarra líkamshluta, vissra þátta í fingra- og táaförum, andlitslagi og höfuðlagi, fæðingarblettum og líkamlegum ágöllum sumum. Þessara rannsókna hefur lítt gætt hér á landi í faðernismálum, en tök munu vera á að framkvæma þær hér. Geta rannsóknir þessar skipt máli við könnun mála, oft sem viðbótargagn við blóðrannsóknir og við tölfræðilegan líkindareikning um faðerni, byggðan á almennri blóðflokkaskipan.

Í 2. málsgr. 12. gr. er fjallað um það meginvandamál, er varnaraðiljar í barnsfaðernismáli eru fleiri en einn. Þegar fleiri en einn maður þykja sannir að kynmökum við konu á getnaðartíma barns, verður samkvæmt 212. gr. laga nr. 85/1936 ekki kveðinn upp faðernisdómur í málinu, nema blóðrannsókn eða svipað úrslitagagn girði fyrir, að t. d. annar varnaraðilja geti verið faðir barns. Endranær verður enginn (hvorugur) dæmdur faðir barns, en unnt er að dæma þá meðlagsskylda, þ. á m. að dæma þá skylda til að greiða óskipt meðlag með barni. Í 2. málsgr. 12. gr. er horfið frá þeirri tilhögun, að unnt sé eingöngu að dæma um meðlagsskyldu án þess að dæmt sé um faðerni, og er það reifað hér á undan. Samkvæmt greininni á dómstóll að meta, þegar svona hagar til, í fyrsta lagi, hvort tiltekinn varnaraðili sé útilokaður frá faðerni samkv. úrslitagögnum í máli, sbr. 1. málsgr., en í öðru lagi verður varnaraðili því aðeins dæmdur faðir barns, „að verulega meiri líkur séu á, að hann sé faðir barnsins en annar eða aðrir, sem til greina hafa komið“. Það er verkefni dómstóla að framkvæma þetta sönnunar- og líkindamat, en gert er ráð fyrir, að við njóti sérfræðilegra álitsgerða, þ. á m. ef kleift reynist, álit sérkunnáttumanna um samanburð á líkindum fyrir því, að tilteknir varnaraðiljar séu feður barns (m. a. blóð-„statistískar“ kannanir).

Samkvæmt álitsgerð varðandi lagalegt mat á blóðflokkarannsóknum í barnsfaðernismálum, sem samin var fyrir nokkrum árum af sérfræðingum frá Norðurlöndum, er m. a. gerð grein fyrir því, að tiltekin blóðflokkakerfi séu 99.9% örugg. (A1-, A2-, BO-kerfi, MN-kerfi, Rh-kerfi, Hp-kerfi, Gc-kerfi), en við önnur tiltekin kerfi sé öryggið frá 99,0—99,9% (Kell-, P-Duffy-, Ge-, Gm-kerfi), en svo er bent á, að önnur kerfi séu til, sem við þurfi kannana og álitsgerða um traustleika í hvert einstakt skipti (t. d. Lewis-, Lutheran- og Kidd-kerfi). Vakin er athygli á, að þessi álitsgerð er nokkurra ára gömul og í nýrri finnskri álitsgerð er t. d. ABO- og MN-kerfi talin 99,99% örugg. Er þar getið fleiri kerfa með u. þ. b. 99% öryggi. Frá síðustu árum má

einkum geta tilkomu vefjaflokkunar eða HLA-kerfisins. Um tölfræðilegt mat á grundvelli blóðflokka aðilja, samanborið við almenna blóðflokkaskipan manna í því þjóðfélagi, sem um er að ræða, segir svo í norrænu álitsgerðinni, að „yfirgnæfandi líkur" merki í þessu sambandi, að líkur á faðerni manns sé ekki minna en 19:1. Virðast norrænir dómstólar hafa tekið mjög mið af þessari álitsgerð í dómum sínum. Ljóst er, að dómstólar meta öll gögn málsins, og láta sér ekki lynda sérfræðilegar kannanir einar sér. Í síðustu álitsgerðum er talið, að hægt sé að útiloka faðerni, ef öllum kerfunum sé beitt, í nálega 100% tilvika.

Vera má, að 12. gr. 2. málsgr. leiði til þess, að þegar varnaraðiljar eru tveir eða fleiri, verði málsúrslit oftar þau en nú er, að sýkna verði dæmd. En ávinningurinn er sá m. a. að losna við meðlagsskyldu-kerfið, sem mun eiga sér fáa formælendur. Vakin er í þessu sambandi aftur athygli á 3. gr. 4. málsgr. laga nr. 96/1971, er orðar 14. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 að nýju. Þar er heimilað að greiða barnalífeyri með ófeðruðu barni, en tryggingaráð metur hverju sinni umsókn, er að þessu lýtur, sbr. og 29. gr. frv.

Um 13. gr.

Hér er vísað almennt til réttarfarsákvæða um faðernismál, með svipuðum hætti og í 4. gr. laga nr. 87/1947, sbr. IX. kafla frv.

Um IV. kafla.

Hér eru sameinuð í einn kafla ákvæði um framfærslu barna, hvort sem þau eru skilgetin eða óskilgetin, en auk þess er vikið að stjúpbörnum og fósturbörnum í 14. gr. Kemur þessi kafli í stað ýmissa ákvæða í lögum nr. 87/1947, t. d. 6., 7. og 8. gr., og II. kap. í lögum nr. 57/1921. Framfærsluákvæðin í I. kafla laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna raskast ekki af ákvæðum frv., en ljóst er t. d., að þegar maka er gert með 2. gr. þeirra laga að „framfæra fjölskylduna", þá er m. a. lögð á hann skylda til að framfleyta börnum, þ. á m. stjúpbörnum og fósturbörnum. Rétt þykir, að það bíði heildarendurskoðunar á lögum nr. 20/1923 að skipa ákvæðum I. kafla um framfærslumálin að nýju. Vakin er athygli á, að samkv. 1. gr. 3. málsgr. frv. er sá almenni fyrirvari gerður, að ákvæði um framfærslu lúti eingöngu að einkaréttarskyldum foreldris, en ekki skyldum að opinberum rétti, þ. á m. samkv. framfærslulögum. Víða er þó tekin afstaða til aðgangs manna að Tryggingastofnun ríkisins um einstakar greiðslur, sbr. einkum 29. gr. frv.

Í þessum kafla er það helst nýmæli, að foreldrum er gert að skyldu að einkarétti að framfæra börn sín lengur en nú er, þ. e. aldur er hækkaður úr 17 í 18 ár, og getur framfærsluskylda staðið til 24 ára, ef þörf krefur vegna menntunar barns, sbr. 17. gr. Eru þessi nýmæli samin mjög með hliðsjón af nýju barnalögunum á Norðurlöndum. Þá eru ný ákvæði, er heimila að úrskurða framfærsluskyldan aðilja til að inna af hendi sérstök framlög vegna útgjalda við skírn barns, fermingu, eða vegna sjúkdóms, greftrunar, „eða af öðru sérstöku tilefni", sbr. 19. gr.

Um 14. gr.

Ákvæðið kemur í stað 10.—12. gr. laga nr. 57/1921, sbr. og áður 11. gr. laga nr. 19/1953, og 5. og 6. gr laga nr. 87/1947. Tekið er sérstaklega fram, að um framfærsluskyldu kjörbarns fari sem um framfærsluskyldu annarra barna, sbr. og 5. gr. framfærslulaga nr. 80/1947. Sama er um stjúpbörn, sbr. ákvæði 12. gr. laga nr. 57/1921, sjá framfærslulög nr. 80/1947, 4. gr. Tekið er sérstaklega fram í 3. málsgr., að fósturforeldri sem hefur barn í fóstri, sbr. 35. gr. laga nr. 53/1966, án meðlagsgreiðslna, sé skylt að ala það upp með sama hætti sem það væri skilgetið barn þess.

Greinimarkið um framlög til framfærslu barns er það, að þeim skuli haga „með hliðsjón af högum foreldra og þörfum barna" þ. á m. hæfi og getu til tekjuöflunar. Vakin er athygli á, að þessu ákvæði er ætlað að fjalla um alla flokka barna, óskilgetin börn eigi síður en önnur börn. Framlög til framfærslu varða m. a. uppeldi barns og menntun.

Um 15. og 16. gr.

Ákvæði 15. og 16. gr. koma að nokkru leyti í stað 14. og 15. gr. laga nr. 57/1921 og 8. gr. laga nr. 87/1947, svo og laga nr. 91/1971, er hafa viðbótarákvæði að geyma við lög nr. 57/1921, og laga nr. 92/1971, en beggja laganna frá 1971 var getið í upphafskafla þessarar greinargerðar. 3. málsgr. 15. gr. kemur í stað 3. málsgr. 14. gr. laga nr. 87/1947.

Ákvæði 15. og 16. gr. eru í stórum dráttum í samræmi við gildandi lög. Í lokamálsgr. 16. gr. er þó sett það nýmæli, að heimilt er að skjóta úrskurði valdsmanns um meðlag til dómsmálaráðuneytis innan 3 mánaða frá því að úrskurður gekk, en úrskurður ráðuneytis er fullnaðarúrskurður um fjárhæð meðlags. Slíkur málskotsréttur hefur verið játaður, þegar um er að ræða framfærslueyri með maka, sem skilinn var, sbr. hrd. XXV, bls. 17. Hér er lagt til, að almennt ákvæði verði lögfest um málskot, og skiptir þá ekki máli með hverjum flokki barna meðlag er ákveðið. Þykir ástæða til þess, að slíkt grundvallaratriði sem málskot á úrskurði valdsmanns sé fest í lögum.

Meðlagsúrskurður samkv. 16. gr. 2. mgr. verður í reynd miðaður við 18 ára aldur, sbr. 17. gr. frv. Í 16. gr. er talað um meðlagsskylt foreldri, og tekur það jafnt til móður sem föður.

Um 17. gr.

Í 10. gr. laga nr. 57/1921 eru foreldrar skyldaðir til að framfæra skilgetin börn sín „þangað til þau eru 16 ára gömul", en í 19. gr. sömu laga segir, að foreldrar séu skyldir, svo sem þeir eru færir um, að ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri, „og mega börn ekki verða sveitarþurfar, meðan þau eiga foreldri á lífi, sem er þess umkomið að annast þau". Síðan segir: „Söm er skylda barna gagnvart foreldri".

Í 5. gr. laga nr. 87/1947 segir, að afstaða móður óskilgetins barns til barnsins sé söm og til skilgetinna barna, þ. á m. um framfærsluskyldu. Meðlagsskylda föður óskilgetins barns er nú miðuð við 17 ára aldur, sbr. lög nr. 92/1971, 1. gr., er breyta 8. gr. laga nr. 87/1947 og vísa um aldur til laga, „sem á hverjum tíma gildir um barnalífeyri skv. almannatryggingalögum". Er það ákvæði, sem nú á við, 3. gr. laga nr. 96/1971, er breytir 14. gr. almannatryggingalaganna nr. 67/1971. Segir í upphafi greindrar 3. gr. laga nr. 96/1971: „Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 17 ára ....", sbr. 72. gr. laga nr. 67/1971, er veitir mæðrum aðgang að Tryggingastofnun ríkisins með meðlagskröfur samkv. úrskurði valdsmanns, „þó innan þeirra takmarka, er 14. gr. setur um fjárhæð og aldur". Bent er á, að í 1. gr. laga nr. 91/1971 (er mælir fyrir um nýja grein, 29. gr., í lögum nr. 57/1921) segir, að ekki megi ákveða lægri meðlagsgreiðslu með skilgetnu barni en óskilgetnu né takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur barns en þegar um er að ræða óskilgetið barn.

Reynt var að afla gagna um, hve mikill hluti þess árgangs unglinga, sem 17 ára er við lok skólaárs, stundi nám í skólum það ár. Eigi er við yngri tölur að styðjast en frá skólaárinu 1967—1968, og reyndist þá 65.1% af árganginum vera við nám, en hliðstæð tala var 31.8% um þá, sem voru 18 ára við lok skólaárs, 27.9% og 23.7% um 19 og 20 ára árganga. Líkur eru á, að þessar hundraðstölur hafi hækkað til nokkurra muna allra síðustu árin.

Í reyndinni nýtur allur þorri unglinga, sem eru í skólum, 17 ára að aldri, framlaga frá foreldrum sínum, beint og óbeint, að svo miklu leyti sem tekjur unglinga hrökkva ekki til. Þegar þessi staðreynd er höfð í huga og svo hitt, hve geysimikill hluti 17 ára unglinga er á skólabraut, þykir réttmætt, að leggja til, að frumframfærsluskyldu foreldra ljúki ekki, fyrr en barn hefur náð 18 ára aldri. Jafnframt er lagt til í 17. gr., að framlög til menntunar eða starfsþjálfunar unglings sé heimilt að ákveða allt til þess, er hann nær 24 ára aldri. Er þetta ákvæði að fyrirmynd dönsku barnalaganna frá 1960.

Um 18. gr.

Ákvæði 1. málsgr. kemur í stað 10. gr. laga nr. 87/1947 og að nokkru í stað 14. gr. 3. málsgr. laga nr. 57/1921. Í síðargreinda ákvæðinu er mælt fyrir um, að með-

lagsupphæð greiðist fyrirfram fyrir ½ ár í senn, en í 10. gr. laga nr. 87/1947 segir, að meðlag með óskilgetnu barni skuli greiðast mánaðarlega fyrirfram. Í 56. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 segir, að bætur skuli greiddar mánaðarlega eftir á. Þykir rétt að leggja til, að reglu 10. gr. laga nr. 87/1947 verði hér haldið, þótt að vísu komi fram munur á reglu barnalaga um þetta efni og reglu almannatryggingalaga.

Ákvæði 2. málsgr. horfir til skýringar og er ætlað að taka af tvímæli.

Í 18. gr. eru ekki ákvæði um það, hver áhrif andlát framfærsluskylds aðilja hafi á skyldu til greiðslu meðlags. Ljóst er, að unnt er að skylda bú hins látna til að greiða meðlag fram til dánardægurs hans. Ef ekkja hans situr í óskiptu búi, hefur a. m. k. í dönskum rétti verið talið, að unnt sé að gera henni að svara til meðlagsgreiðslna. Þá mæla lagarök með því, að bú manns, sem dæmdur hefur verið meðlagsskyldur, en sýknaður af faðerniskröfu, hljóti að svara til meðlagsgreiðslna allt til þess að barn nær 17 ára aldri (18 ára samkv. 17. gr. frv.), enda nýtur barn þá ekki lögerfðaréttar eftir hinn látna.

Um 19. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli, svo sem áður er greint. Af skírn, fermingu og sjúkleika barns stafa oftast sérstök útgjöld. Er eðlilegt, að framfærsluskyldur aðili, sem ekki hefur barn hjá sér, standi að nokkru straum af þeim. Sama er um útgjöld til greftrunar barns eða af öðrum sérstökum ástæðum, svo sem útgjöld vegna tannviðgerða eða t. d. skólaferðalaga, sem eðlilegt þykir að barn taki þátt í. Yfirvald ákveður greiðslur samkv. þessu ákvæði. Fermingarframlag ákvarðast m. a. af útgjöldum vegna fatnaðar barns í tilefni af fermingu. Hinn meðlagsskyldi getur verið hvort sem er faðir barns eða móðir.

Skammur frestur er settur í 2. málsgr. til að hafa uppi kröfu um greiðslur samkv. 1. málsgr., enda öllum fyrir bestu, að slíkum kröfum sé lokið sem fyrst. Regla 2. málsgr. á aðeins við um þær sérstöku greiðslur, sem greinir í 1. málsgr. Um almennar framfærslukröfur að þessu leyti vísast til 20. gr.

Um 20. gr.

1. málsgr. 20. gr. er ætlað að leysa af hólmi 4. málsgr. 14. gr. laga nr. 57/1921, þar sem segir að meðlagsúrskurði megi breyta, ef hagur foreldris eða barns breytist að mun. Ekki er brýnt ákvæði um þetta efni í l. nr. 87/1947, sbr. hins vegar 24. gr. 2. málsgr. laga nr. 46/1921. Telja verður þó, að úrskurði um meðlög vegna óskilgetinna barna megi breyta, ef hagir foreldra eða barna breytist að mun, sbr. meginreglu þá, er greinir í 14. og 15. gr. laga nr. 57/1921, sbr. og áður 58. og 78. gr. laga nr. 39/1921, og enn 9. gr. laga nr. 20/1923. Tekið skal fram, að samkv. þessari meginreglu er unnt að breyta úrskurði valdsmanns um meðlög með börnum skilinna foreldra, ef hagur þeirra eða barns breytist, en um það efni eru ekki ákvæði í lögum nr. 60/1972. Er 20. gr. l. og 2. málsgr. ætlað að taka til meðlagsgreiðslna með börnum, sem yfirvald hefir ákveðið í tilefni af skilnaði foreldra sbr. 24. gr. frv. Enn fremur ber að gæta þess, að ákvæði 9. gr. laga nr. 20/1923 standa óröskuð, þótt frv. þetta verði lögfest.

Samkv. 2. málsgr. er yfirleitt ekki unnt að hagga við framfærsluframlögum, sem eindöguð voru, áður en beiðni er látin uppi við valdsmann, og gæti það helst orðið, ef sýnt væri fram á, að úrskurður hefði verið reistur á röngum upplýsingum um atriði, sem máli skiptir. Kröfur lengra aftur í tímann en eitt ár frá því að beiðni var sett fram verða yfirleitt ekki teknar til greina. Eru auðsæ rök fyrir því, að vafasamt er að láta breyttan úrskurð verka aftur fyrir sig, svo að nokkru verulegu nemi. Rétt er að benda á, að samkv. 72. gr. almannatryggingalaga nr. 67/1971 er Tryggingastofnun ríkisins ekki heimilt að greiða meðlög lengra aftur í tímann en 6 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður er afhentur stofnuninni, „nema um sérstakar ástæður sé að ræða, sem barnsmóðir

verður ekki talin eiga sök á, og getur þá tryggingaráð úrskurðað meðlagsgreiðslur allt að 18 mánuði aftur í tímann". Við þessu ákvæði verður ekki raskað, þótt frv. þetta nái lögfestingu, og verður hér nokkur munur á, sem veldur því, að sá, er úrskurð fær samkv. 20. gr., kann að verða að sæta því, að eiga ekki aðgang að Tryggingastofnun fyrir kröfu sinni allri. Er æskilegt að breyta greindu ákvæði almannatryggingalaga, ef ákvæði 20. gr. frv. verður lögfest.

Um 21. gr.

Ákvæði þetta heimilar, að samningar fari fram um framfærslueyri handa börnum, en áskilur, að valdsmaður staðfesti þá. Ella eru þeir ógildir. Ákvæðið setur ennfremur skorður við efni slíks samnings, með því að eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri, eins og hann er á hverjum tíma samkv. lögum um almannatryggingar, og eigi má takmarka meðlagsgreiðslu við lægri aldur en þar greinir. Eru þetta hliðstæðar efnisskorður og greinir í 17. gr. 4. málsgr., að því er varðar efni úrskurðar um meðlag af hálfu yfirvalds. Ákvæði þetta kemur í stað 7. gr. laga nr. 87/1947 og er svipaðs efnis og sú grein, eins og hún hefir verið túlkuð fræðilega. Hér er eigi kveðið á um, frekar en endranær, hvaða valdsmaður það er, sem veita eigi atbeina sinn til máls, en ljóst er, að það er yfirvald, þar sem barnsmóðir á heimili og þar er barn einnig heimilisfast að jafnaði.

Ákvæði þetta gildir einnig, þegar samið er um meðlög með skilgetnum börnum, en í reynd er þar boðin sérstök umleitun yfirvalds í sambandi við skilnaðarkjör, sbr. 44. gr. laga nr. 60/1972. Ákvæðið í 10. gr. laga 20/1923 er látið halda sér.

Um 22. gr.

Í 21. gr. frv. er áskilið, að samningur um framfærslufranlög barna sé háður staðfestingu valdsmanns. Hér segir, að valdsmaður geti skipað máli annan veg en samningur kveður á um, „enda telji hann, að aðstæður hafi breyst verulega eða samningur gangi í berhögg við þarfir barns". Svipar ákvæði þessu til 10. gr. laga nr. 20/1923. Sbr. og í þessu sambandi 51. gr. laga nr. 60/1972. Ákvæði 22. gr. eru ekki tæmandi um þau atvik, er leitt geti til ógildis samnings, og er unnt að beita um þann samning að auki almennum reglum um ógildi samninga, er lúta sifjarétti, svo sem um nauðung, svik, misneytingu o. fl.

Um 23. gr.

Samkvæmt upphafsákvæði greinarinnar tilheyrir framfærslueyrir barninu, sbr. og ummæli í dómi Hæstaréttar í XXV. bindi, bls. 433. Sjá og að sínu leyti 27. gr. 3. málsgr. Foreldri er því óheimilt að ráðstafa kröfu til framfærslueyris, svo og gera samninga um framfærslueyri, sem eindagaður er. Þá er fyrir það girt, að skuldheimtumenn t. d. móður geti gert fjárnám í fé þessu, og sama er talið í dönskum rétti um skuldheimtumenn barnsins. Ekki er unnt að beita skuldajöfnuði gegn kröfu þessari af hendi þeirra, sem til krafna eiga að telja á hendur móður barns og almennt verður að telja, að skuldajöfnuði verði ekki komið við af hálfu þeirra, sem kröfur eiga á hendur barni. Undir upphaf 23. gr. kemur m. a. framfærslufé, sem greitt er í eitt skipti fyrir öll, þ. e. kapítaliseruð framfærslufjárhæð. Bætur fyrir missi fyrirvinnu hafa einnig að þessu leyti verið settar á borð við fé samkv. upphafi 23. gr. í danskri lagaframkvæmd.

Í 2. málslið 1. málsgr. 23. gr. er mælt fyrir um, að þegar greidd sé af hendi fúlga til þess að fullnægja framfærsluskyldu, eigi að varðveita það fé með þeim hætti, sem fyrir er mælt um fé ófjárráða, sbr. 39. gr. laga 95/1947. Er þetta ákvæði nánast sett til varúðar, sbr. nú 7. gr. laga nr. 87/1947.

Í 2. málsgr. segir um þá, sem krafist geta þess, að framfærslueyrir sé ákveðinn og innheimtur, sbr. nú 13. gr. laga nr. 87/1947. Er það í fyrsta lagi sá, sem stendur straum af útgjöldum vegna framfærslu barns, enda hafi viðkomandi foreldravald yfir barni eða hafi haft það, er foreldravaldi lauk, eða hafi barnið í fóstri

samkv. lögmætri skipan. Ef fé er innt af hendi af hálfu almannavalds, getur viðkomandi stjórnvald eða stofnun haft uppi kröfu þessa. Kröfu getur sá gert samkv. þessu, sem foreldravald hefir, þ. á m. móðir óskilgetins barns, þótt hún sé ófjárráða. Þá getur annað foreldra haft uppi kröfu, þótt það sé ekki lengur samvistum við barn, ef forráðum er enn ekki skipað yfir barni. Þegar rætt er um, að barni sé komið í fóstur samkvæmt löglegri skipan, er átt við, að ákvörðun lögmæts handhafa foreldravalds hafi komið hér til, þótt enn hafi ekki verið gengið frá leyfi til fósturs af hendi barnaverndarnefndar, sbr. 35. gr. laga nr. 53/1966. Ef barn er á ríkisframfæri, svo sem örvitahæli, getur sú stofnun haft uppi kröfu um meðlög úr hendi hins meðlagsskylda, en það foreldri, sem ekki er meðlagsskylt, á þá ekki rétt á meðlagi (barnalífeyri). Vakin er hér athygli á niðurlagsákvæði 14. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 96/1971: „Ekki skal greiða barnalífeyri vegna þeirra barna, sem njóta örorkulífeyris", sbr. og sama ákvæði er segir, að barnalífeyrir greiðist foreldrum barna, enda séu þau á framfæri þeirra, eða öðrum, er annast framfærslu þeirra að fullu.

Um 24. gr.

Hér segir, að ákvörðun á framfærslueyri með börnum við skilnað foreldra hlíti ákvæðum þessa kafla eftir því sem við getur átt, þ. á m. um breytingu á ákvörðunum um framfærslueyri. Slíkum ákvæðum var til að dreifa að nokkru leyti, þar sem voru 58. og 78. gr. laga nr. 39/1921, en þau voru ekki sett í lögum nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar, með því að talið var, að þau ættu betur heima í barnalöggjöf. Slík heimild til breytingar styðst við almennar reglur, en fengur er þó að því, að slíkar reglur séu í settum lögum.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um útgjöld vegna fæðingar barns o. fl. Þessar greiðslur eru nokkuð annars eðlis en framfærslueyrir, og þykir því eðlilegt að skipa þeim ákvæðum, er að þessu lúta, í sérstakan kafla. Í þeim gætir ekki verulegra nýmæla.

Um 25. gr.

Í 1. málsgr. segir, að valdsmaður geti úrskurðað föður barns til að greiða barnsfararkostnað og framfærslueyri með konu samtals í 3 mánuði, fyrir og eftir fæðingu barns. Fæðingarstyrkur samkv. 16. gr. laga nr. 67/1971 er greiddur hverri konu, sem barn elur, og þarf ekki úrskurðar við um hann. Öðru máli gegnir um barnsfararkostnað að öðru leyti, sbr. 73. gr. laga nr. 67/1971 og þá umfram fæðingarstyrk samkv. 16. gr. laga nr. 67/1971. Ákvæði 1. málsgr. tekur einnig til skilgetinna barna, þótt miklu tíðara sé, að á það reyni um óskilgetin börn.

Ákvæði 2. málsgr. svarar til 14. gr. 2. málsgr. laga nr. 87/1947, en getur þó einnig tekið til móður, er elur skilgetið barn. Ákvæðið er nokkru rýmra en 2. málsgr. 14. gr. og því móður til hagsbóta.

Tekið er fram í 3. málsgr. fyrir varúðar sakir, að skylda megi menn til greiðslu framlaga samkv. þessari málsgr., þótt barn sé andvana fætt.

Um 26. gr.

Ákvæði 1. málsgr. er í samræmi við 14. gr. 3. málsgr. laga nr. 87/1947. Hér er valdsmanni gert að skyldu að úrskurða framlög þessi.

Ákvæði 2. málsgr. er nýmæli, er heimilar valdsmanni að úrskurða þann, sem þungað hefir konu, til að greiða útgjöld vegna lögmætrar eyðingar á fóstri hennar. Samsvarandi ákvæði hefir verið í dönskum lögum allt frá 1937, að því er varðar mæður óskilgetinna barna. Ákvæði 2. málsgr. tekur einnig til mæðra skilgetinna barna. Það er háð sönnunarmati hverju sinni, hvort því skilyrði sé fullnægt, að maður sé valdur að þunga konu, og nægir í því sambandi viðurkenning manns sjálfs.

Um 27. gr.

Í 1. málsgr. eru ákvæði, er segja skil á því, hvenær einstakar greiðslur, sem greinir í 25. og 26. gr. séu gjaldkræfar.

Í 2. málsgr. er ákvæði, sem er að sínu leyti hliðstætt 20. gr. 2. málsgr. um það, hversu langt aftur í tímann framlög verði ákvörðuð.

Í 3. málsgr. segir, að framlög samkv. 25. og 26. gr. tilheyri móður barns eða þeirri stofnun, sem staðið hefir straum af útgjöldum sbr. til hliðsjónar 23. gr. 1. málsgr. Stofnun getur samkv. þessu krafið greiðslna beint og án framsals á kröfu, sbr. og athugasemdir við 23. gr.

Um VI. kafla.

Hér eru ákvæði um innheimtuúrræði í sambandi við framfærslueyri og aðrar greiðslur, sem um er rætt í frv. þessu, svo og um aðgang þess, er greiðslu á að fá, að Tryggingastofnun ríkisins. Í þessum kafla er safnað ákvæðum, sem nú eru í ýmsum lögum og þeim skipað hér samfellt, oft án efnisbreytinga. Er þetta gert til þess, að barnalög veiti heillegt yfirlit yfir þau innheimtuúrræði, sem tækileg eru, o. fl. því skylt.

Um 28. gr.

Í 1. málsgr. er ákvæði um, að framfærslueyri megi heimta með lögtaki, sbr. 1. og 7. gr. laga nr. 29/1885, og samkv. því, er nánar segir í þeim greinum lögtakslaga. Þá segir í 1. málsgr., að sama gegni um greiðslur, sem valdsmaður úrskurðar samkv. 19., 25. og 26. gr., sbr. 27. gr. Í sumum tilvikum á aðili aðgang að Tryggingastofnun ríkisins, en bæði er, að það er ekki ávallt, og svo hitt, að ekki er víst, að aðili eigi aðgang að Tryggingastofnun um kröfu sína að fullu.

Í 2. málsgr. segir, að greiðslur samkv. 1. málsgr., sem ákveðnar séu með samningi aðilja, staðfestum af valdsmanni, séu einnig lögtakskræfar. Í þessu felst, að unnt er að semja um framlög samkv. 25. gr. og 26. gr., en valdsmaður verður að staðfesta slíka samninga með sama hætti og segir í 21. gr.

Um 29. gr.

Hér er mælt fyrir um aðgang aðilja, sem á til greiðslna að telja samkv. greinunum hér á undan, að Tryggingastofnun ríkisins. Um þetta efni eru ákvæði í lögum nr. 67/1971, en rétt þykir að taka þetta mál upp hér til samfelldrar endurskoðunar.

Ákvæði 1. málsgr. svarar til 11. gr. laga nr. 87/1947, sumpart sbr. 2. gr. laga nr. 27/1971, en því atriði, er varðar barnsfararkostnað o. fl. því skylt, er skipað með 30. gr. frv. Í 11. gr. laga nr. 87/1947 er talað um, að Tryggingastofnun sé skylt að greiða móður barns tilteknar greiðslur. Hér er lagt til, að í stað móður verði notað orðið foreldri, því að ástæðulaust er að mismuna föður og móður í þessu sambandi. Samskonar breytingar koma fram í 2. og 4. málsgr. greinarinnar, svo og í 31. gr. frv.

Í 2. málsgr. er eigi getið lífsvottorðs barns, enda ætti þess naumast að vera þörf. Í þessari málsgr. er lagt til, að Tryggingaráð fái rýmri heimild en nú er, sbr. 3. gr. laga 96/1971, til að ákvarða greiðslu barnalífeyris, þótt meðlagsúrskurður hafi eigi verið gefinn út. Er foreldri, einkum barnsmóðir, oft í erfiðri aðstöðu, þegar svona stendur á. Forsendur eru þær, að barnsfaðernismál hafi verið höfðað eða skilríki liggi fyrir um, að barn verði ekki feðrað.

Í 3. málsgr. er sérstaklega vísað til 73. gr. almannatryggingalaga um aðgangskröfu þess, sem greiðslu á að fá, á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Samkv. 31. gr. hafa aðrir en foreldri samskonar rétt, ef þeir annast framfærslu barns, þ. á m. sveitarstjórn í framfærslusveit barns.

4. málsgr. er sama efnis og lokamálsliður 11. gr. laga nr. 87/1947, sbr. lög nr. 27/1971, 2. gr., með þeirri breytingu þó, sem áður er greind.

Um 30. gr.

Hér er viðbótarákvæði við 29. gr. um aðgang barnsmóður (foreldris) að Tryggingastofnun ríkisins um tilteknar greiðslur. Er nauðsynlegt, að það sé skýrlega afmarkað, við hverjar kröfur þessi aðgangur sé bundinn og hverjar kröfur séu eigi kræfar úr hendi Tryggingastofnunar.

Greiðslur þær sem greinir í 1. málsgr. 25. gr. eru kræfar úr hendi Tryggingastofnunar í þeim mæli, sem greint er í 74. gr. laga nr. 67/1971, samkv. því er segir í 1. málsgr. 30. gr. Æskilegt er, að ákvæði 74. gr. laga nr. 67/1971 verði rýmkað. Að svo miklu leyti sem barnsmóðir á rýmri rétt á hendur barnsföður en þann, sem rúmast innan 74. gr. laga nr. 67/1971, verður hún að sækja rétt sinn í hendur barnsföður, og er greiðsla lögtakskræf samkv. 28. gr. 1. málsgr. Minna má í þessu sambandi á lög nr. 54/1971, 3. gr. 3. málsgr.

Í 2. málsgr. er barnsmóður veittur aðgangsréttur á hendur Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur, er greinir í 25. gr. 2. málsgr. og 26. gr. 1. málsgr. og foreldri um greiðslur samkv. 19. gr. Endurkröfurétt á Tryggingastofnun með sama hætti og segir í 74. gr. laga nr. 67/1971, þ. e. á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Framlög þau, sem úrskurðuð kunna að vera samkv. 26. gr. 2. málsgr. vegna fóstureyðingar, eru ekki kræf úr hendi Tryggingastofnunar ríkisins, samkv. ákvæðum frv.

Í 3. málsgr. er heimilað að setja því skorður með reglugerð, hve háar greiðslur Tryggingastofnun sé skylt að inna af hendi samkv. 1. og 2. málsgr.

Um 31. gr.

Þetta ákvæði er sama efnis að meginstefnu til og 13. gr. laga nr. 87/1947, en á þó einnig við um skilgetin börn.

Um 32. gr.

Þetta ákvæði tekur saman til yfirlits þann feril, sem um er að ræða eftir að Tryggingastofnun ríkisins greiðir kröfu foreldris. Á Tryggingastofnun að jafnaði aðgang að Innheimtustofnun sveitarfélaga, þó ekki í þeim tilvikum, er ríkissjóður svarar til aðgangskröfu Tryggingastofnunar, samkv. því er nánar segir í lögum nr. 54/1971. Innheimtustofnun annast síðan um innheimtu krafna úr hendi framfærsluskylds foreldris. Býr Innheimtustofnunin yfir ýmsum innheimtuúrræðum, svo sem nánar greinir í 5. gr. laga nr. 54/1971. Minnt er og á skyldu hins framfærsluskylda gagnvart Innheimtustofnuninni samkvæmt lögum þessum.

Um VII. kafla.

Hér er lagt til, að ákvæði verði sett um lögsögu íslenskra dómstóla í faðernismálum og svo um barnsfaðernismál, þar sem í hlut eiga fjarstaddir varnaraðiljar.

Um 33. gr.

Ákvæði þetta er orðað með hliðsjón af 456. gr. b í réttarfarslögunum dönsku. Hér er það markverða nýmæli, að íslenskir dómstólar hafi lögsögu um faðernismál, ef móðir barns eða barn hefir lögheimili hér á landi. Veitir þetta ákvæði, ef lögfest verður, íslenskum dómstólum heimild til að fjalla um mál, þótt lýstur faðir sé staddur erlendis. Þá er einnig heimilt að fjalla um mál hér á landi, er lýstur faðir er látinn, ef bú hans sætir skiptameðferð hér á landi eða hefir sætt slíkri meðferð hér. Lagt er til í 43. gr. frv., að varnarþingsreglu 211. gr. laga nr. 85/1936 verði breytt svo, að heimilt sé að höfða barnsfaðernismál á heimilisvarnarþingi móður og barns. Leysir það mikinn vanda, sem nú er illgerlegt að eiga við, þar sem 211. gr. laga nr. 85/1936 býður, að höfða skuli barnsfaðernismál á varnarþingi stefnds, þ. e. lýsts barnsföður.

Um 34. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að koma í stað 12. gr. laga nr. 87/1947 og ákvæði til bráðabirgða í þeim lögum, svo sem það er orðið með lögum nr. 32/1954. Aðstaða mæðra, sem eiga börn með erlendum mönnum utan Norðurlanda er oft örðug, með því að ekki er heiglum hent að fá úrskurð valdsmanns um meðlög og barnsfararkostnað, en lengstum hefir það verið forsenda fyrir aðgangi barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins, að slíkur úrskurður sé lagður fram. Með lögum nr. 96/1971, 3. gr., er breytir 14. gr. laga nr. 67/1971 er að vísu svofellt ákvæði: „Ef ekki reynist gerlegt að feðra barn, er heimilt að greiða með því barnalífeyri. Með umsókn um lífeyri fyrir ófeðrað barn skulu fylgja málsskjöl varðandi faðernismálið, og skal tryggingaráð meta, hvort þau skjöl séu fullnægjandi til þess að greiðsla sé heimiluð". Bætir þetta ákvæði hlut mæðra, en ástæða er þó til að lögfesta önnur úrræði til viðbótar því, sem felst í þessu ákvæði.

1. málsgr. kemur í stað bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 87/1947, sbr. lög nr. 32/1954. Það er þó víðtækara, með því að bráðabirgðaákvæðið er einskorðað við það, er lýstur barnsfaðir er varnarliðsmaður eða hefir verið það eða er úr starfsmannaliði þess. Hér er að vísu gert ráð fyrir, að dómari kveði á um, hvort leyfa skuli barnsmóður að styrkja framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti, en málsúrslit velta ekki á þeim eiði eða drengskaparheiti, heldur tekur dómari til meðferðar gögn málsins í heild sinni, þ. á m. hinn heitfesta framburð, og metur mál á þeim grundvelli. Hinn heitfesti framburður er því metinn sem sönnunargagn, en ræður ekki úrslitum máls. Ef varnaraðili er dæmdur faðir, er unnt að kveða upp meðlagsúrskurð, að tiðkuðum reglum gættum. Á barnsmóðir þá aðgang að Tryggingastofnun ríkisins, sem aftur á endurgreiðslukröfu á hendur ríkissjóði.

2. málsgr. er að mestu í samræmi við 12. gr. laga nr. 87/1947, og er einskorðuð við þau tilvik, er barnsmóðir færir sönnur á samkv. 2. gr. og 8. gr. og 11. gr., að barn sé feðrað, en barnsfaðir er heimilisfastur erlendis eða ókunnugt er um heimilisfang hans. Er þá unnt að gefa út meðlagsúrskurð, ef valdsmaður metur sönnur þessar fullnægjandi. Skjóta má úrskurði valdsmanns til dómsmálaráðuneytis eftir almennum reglum um málskot. Ríkissjóður endurgreiðir þessar fjárhæðir, svo sem nú er, en boðið er, að Innheimtustofnun sveitarfélaga skuli innheimta þetta fé eftir því sem fært reynist. Í 2. málsgr. er um að ræða stjórnvaldsúrlausn, en ekki dómsúrlausn.

3. málsgr. varðar stöðuna, þegar barnsfaðir hefur forsjá barns. Er hún til samræmis við 2. málsgr. og nánast til öryggis.

Um VIII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um forsjá (foreldravald, forræði) barna og ungmenna, svo og um hinn svonefnda umgengnisrétt. Ákvæði um foreldravald er nú í lögum um lögræði, nr. 85/1947, einkum 22. gr. Þau voru áður í III. kap. laga nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna. Nauðsynlegt er að endurskoða þessi ákvæði og skipa þeim samfellt í barnalögum, þar sem þau þykja eiga best heima. Um skipan forræðis (forsjár) fyrir barni við skilnað er mælt í 47. gr. laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar, svo og um umgengnisrétt við barn, sem annað foreldri hefir eigi fengið forræði fyrir við skilnað. Eðlilegast þykir, að heildarákvæði um forsjá barna og umgengnisrétt séu í barnalögum og sé skipað samfellt eftir hætti um skilgetin börn og óskilgetin. Er lagt til í þessum kafla, að þessi leið sé farin. Er flutt sérstakt frv. samhliða þessu frv. um breytingu á lögum nr. 60/1972, þar sem lagt er til, að í 47. gr. þeirra laga verði vísun til reglna í barnalögum um skipan forsjár barna við skilnað og um umgengnisrétt, en 48. gr. og 53. gr. laga 60/1972 verði numdar úr lögum. Bent skal einnig á, að í þessum kafla frv. er lagt til, að ákvæði 23. gr. laga nr. 95/1947 verði flutt í 42. gr. frv., og stafar það af þeirri viðleitni, að VIII. kafli geymi sem samfelldust ákvæði um forsjá og umgengnisrétt.

Í þessum kafla er notað hugtakið forsjá í stað foreldravalds, en það heiti tekur of mikið mið af eldra réttarástandi, þegar foreldrar höfðu takmarkalítið vald að

lögum yfir börnum sínum. Réttur og skylda til forsjár fyrir barni virðist vera betur við hæfi, eins og nú er komið lagaþróun.

Endurskoðun ákvæða um forsjá barna hefir einkum beinst að því að gera hlut foreldra, sem búa saman ógift, sem líkastan stöðu giftra foreldra. Er mikilvægt fyrir foreldri og börn, að ákvæðnari reglur séu settar í lögum um þetta efni en nú nýtur við. Ákvæði þessa kafla frv. eru reist á því grunnsjónarmiði, að það sé barnið, sem eigi rétt á forsjá foreldra og umgengni við þau, bæði saman og hvort um sig. Þetta viðhorf kemur t. d. fram í 35. gr. 2. málsgr., þar sem segir, að barn eigi rétt á forsjá foreldra, og forsjá er á hinn veg lýst svo, að hún feli í sér m. a. rétt og skyldu fyrir forsjáraðilja til að ráða persónulegum högum barnsins og gegna öðrum foreldraskyldum o. fl., sbr. og 37. gr. Í 40. gr. er umgengnisrétti í lagamerkingu lýst svo, að barnið eigi rétt á umgengni við foreldri og bætt við, að foreldri sé skylt að rækja umgengni og umgengnisskyldur. Leiðarljósið er hér réttur barnsins og skyldur foreldranna. Það er þetta tvennt, sem eru hyrningarsteinar að stöðu barna og foreldra eftir frv.

Efnisskipan í þessum kafla er á þá lund, að í 35. gr. eru almenn viðhorf, er varða forsjárreglur, en sérgreindari reglur í 36. gr. um skilgetin börn og 37. gr. um óskilgetin börn. Í 38. og 39. gr. er fjallað um skipan forsjármála, ef til samvistarslita foreldra, giftra eða ógiftra, kemur. Í 40. gr. eru reglur um umgengnisrétt og í 41. gr. eru reglur, sem gæta ber, meðan forsjármálum er eigi skipað til hlítar o. fl., og loks í 42. gr. reglur um það, er foreldri felur öðrum forsjá barns, sbr. einkum fóstur. Í allmörgum ákvæðum þessa kafla er vísað um sambúðarfólk til 3. mgr. 2. gr., og felst í því það eitt, að um gögn fyrir sambúð eigi við sama regla og samkv. 3. mgr. 2. gr. Horfir þetta til styttingar laga textans.

Um 35. gr.

Hér eru sett fram almenn viðhorf um það, hvers foreldri beri að gæta um forsjá barns síns og skýrð eru grundvallarhugtök í því sambandi. Foreldraskyldur eru sérgreindar á ýmsum sviðum, t. d. um skyldu þeirra til að stuðla að því, að barn ræki skóla, sbr. lög 53/1974, 6. gr., sbr. og 1. málsgr. 35. gr. frv., eða að þau hlíti heilbrigðisráðstöfunum, eins og bólusetningu.

Í 1. málsgr. er sett fram það viðhorf, sem er hið mikla leiðarljós barnalöggjafar, að foreldrum beri að rækja foreldraskyldur sínar, svo sem best hentar hag barna og þörfum. Það orðalag kemur oft fyrir í greinunum á eftir, sbr. 37. gr. 4. málsgr., 38. gr., 39. gr., 40. gr., eða vikið er að skipan almannavalds vegna hags barns, sbr. lok 36. gr. og 42. gr. Er það mikilvægasta grundvallarregla barnalaga og barnaréttar.

Um ákvæði 2. og 3. málsgr. er talað hér að framan.

Í 4. málsgr. er sett fram sú almenna regla, að foreldrum beri að stuðla að því eftir mætti, að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika og áhugamál. Benda má hér á 17. gr. 1. málsgr. frv. um framlög til menntunar og starfsþjálfunar.

Í 5. málsgr. er nýmæli, sem telja má áhugavert, þar sem foreldrum er gert að skyldu að hafa samráð við börn, áður en persónulegum málefnum þeirra er ráðið til lykta. Vissulega tíðkast slík samráð mjög í tengslum foreldra og barna, en þeirra er þó eigi ávallt gætt. Þykir eðlilegt að lögfesta þetta almenna viðhorf, sem er stefnumarkandi og er hugsað sem leiðarljós fyrir foreldra. Ljóst er, að samráðin hljóta að horfa mismunandi við eftir aldri barns og eðli þess málefnis, sem um er að ræða. Við mjög ungt barn verða naumast höfð samráð, en þar skiptir nærfærnin, sbr. 1. málsgr., öllu máli. Því eldra og þroskaðra sem barnið verður, því meiri ástæða er til að leggja mál undir barnið og leita eftir viðhorfi þess. Orkar ekki tvímælis, að mjög aukin þörf er á því, að foreldrar ræði við börn sín um persónuleg málefni, áður en þeim er ráðið til lykta, og er grundvallaratriðið í þessari málsgrein að stuðla að því.

Í 6. málsgr. greinir sérstaklega, að ákvæði greinarinnar eigi yfirleitt við alla foreldra, sem hafa með höndum uppeldi barna.

Um 36. og 37. gr.

Þessi ákvæði fela í sér efnisreglur um skipan forsjár barna, skilgetinna og óskilgetinna. Gleggra hefir þótt að greina um forsjárreglur þessar milli þessara tveggja flokka barna sbr. 36. gr., er varðar skilgetin börn, og 37. gr., er fjallar um óskilgetin börn. Hefði ein grein orðið allt of löng og eigi ljós til yfirlits. Hér eru það lagatæknilegar aðstæður einar, sem ráða. Minnt er á, að börn sambúðarforeldra verða oft skilgetin samkv. 2. gr. frv.

Ákvæði þessi eru um margt svipuð reglum 22. gr. lögræðislaga. Hér er þó m. a. sá mikli munur á, að í frv. er lagt til, að sambúðarforeldrar hafi sameiginlega forsjá barns, ef ákvæði 37. gr. verður samþykkt. Nú er lagaleg forsjá, foreldravald, hinsvegar í höndum móðurinnar einnar.

Í ákvæðunum eru bæði reglur um forsjá, þegar foreldrar eru samvistum, sbr. 1. málsgr. 36. gr. og 1. málsgr. 37. gr., svo og þegar foreldri hafa eigi búið saman, sbr. 37. gr. 2. málsgr. og enn þegar samvistir hafa rofnað eða þeim lokið vegna andláts annars foreldris, sbr 36. gr. 2. málsgr. og 37. gr. 2. málsgr. sbr. og ennfremur 38. gr. Þá eru enn fremur reglur um það, er foreldri giftist eða tekur upp sambúð, sbr. 36. gr. 3. og 4. mgr. og 37. gr. 2. málsgr. Er það lagt að líku, enda séu þau gögn um sambúðina, sem áskilin eru í 2. gr. 3. málsgr. frv. Ákvæðið í 4. málsgr. 36. gr. um það, er annað foreldri ósjálfráðs, skilgetins barns andast, á við um það, er foreldrar hafa verið samvistum, er annað þeirra fellur frá. Ef þau eru þá skilin, er unnt að taka forsjármálið til nýrrar meðferðar, en forsjá barns verður að svo stöddu hjá stjúpforeldri (sambúðarforeldri), ef því er að skipta.

Í 4. málsgr. 37. gr. eru mikilvæg nýmæli. Samkv. því getur faðir óskilgetins, ósjálfráða barns óskað þess, að dómsmálaráðuneyti kveði svo á, að honum sé falin forsjá þess, þ. á m. ef móðir barns er ekki hæf til að hafa á hendi forsjá þess, og myndi þá mat á því yfirleitt velta á úrlausn barnaverndaryfirvalda. Sama er, ef móðir barns hefir samþykkt, að barn verði ættleitt af öðrum en föður barnsins. Er sú tilhögun í samræmi við breytingu, sem gerð var á dönsku lögræðislögunum 1972. Ef móðir hefir veitt samþykki til ættleiðingar og faðir óskar af því tilefni forsjár barns, er til þess stofnað samkvæmt þessu, að ráðuneytið geti valið milli tveggja kosta, miðað við það, sem telja verður barni fyrir bestu. Er fyllilega eðlilegt, að veitt sé heimild til að fá föður forsjá barns, þegar móðir hefir sýnt með samþykki til ættleiðingar, að hún er orðin afhuga því að hafa forsjá þess. Bent er á í 4. málsgr., að ráðuneyti skuli m. a. taka tillit til tengsla föður við barn að undanförnu.

Um 38. gr.

Hér eru ákvæði um skipan forsjármála vegna samvistaslita foreldra. Er lagt til, að málum þessum verði skipað samfellt um gifta foreldra og ógifta. Nú eru ákvæði um þessi efni að því er varðar samvistarslit hjóna í 47. gr. laga nr. 60/1972, en reglurnar um skipan forsjár, er ógiftir foreldrar eiga í hlut, eru nýmæli. Felst í því, að formleg skipan forsjármálanna þurfi til að koma, ef foreldrar búa saman ógift, enda styðjist sambúð þeirra við gögn þau, er greinir í 2. gr. 3. málsgr. Eru hliðstæðar reglur í 38. gr. um samvistarslit giftra og ógiftra foreldra. Forsjá skal vera óskipt hjá báðum foreldrum, en um nýjar sænskar reglur í því efni er rætt í fylgiskjali með greinargerð þessari. Bent er á, að ef hvorugt hjóna telst hæft til að fara með forsjá barns að dómi barnaverndarnefndar, skuli dómsmálaráðuneyti skipa máli eftir því sem hentar hag og þörfum barnsins. Í því sambandi skal bent á, að ráðuneytið muni leita ráða sérfræðinga eftir því sem þörf þykir á, enda þótt slíkt sé ekki lögfest.

Um 39. gr.

Í 48. gr. laga 60/1972 eru ákvæði um samninga foreldra sem skilið hafa, um forsjá barns, og breytingar á þeim. Ákvæði 39. gr. 1. málsgr. eiga við þetta, en taka auk þess til samninga ógiftra foreldra, sem búið hafa saman. Er það nýmæli

til samræmis við nýskipan 38. gr. Samkvæmt 48. gr. laga 60/1972 verður samningi aðeins breytt með dómi, ef foreldra skilur á. Hér er lagt til, að dómsmálaráðuneytið geti fjallað um breytingu, ef aðiljar eru sammála um, að ráðuneytið ráði máli til lykta. Þetta nýmæli styðst við reynslu þá, er fengist hefir af 48. gr. laga 60/1972. 2. málsgr. 39. gr. er í megindráttum í samræmi við 48. gr. laga 60/1972.

Um 40. gr.

Hér er lagt til, að ákvæði verði sett um svonefndan umgengnisrétt, þegar annað foreldra fer með forsjá barns. Er lagt til, að lögfestur sé réttur barnsins til umgengni við hitt foreldrið, sem er skylt að rækja umgengni og hlíta nánari skilmálum, er að því lúta. Í 47. gr. laga 60/1972 var slíkur umgengnisréttur lögfestur að því er varðaði hjón, er skilið hafa og átt saman barn eða börn. Í íslenskum rétti hefir eigi verið lögskráð regla um umgengnisrétt varðandi óskilgetin börn. Er lagt til, að hann verði lögmæltur með ákvæði þessu. Hér er umgengnisrétti skipað bæði varðandi gifta og ógifta foreldra, og skiptir ekki máli, hvort foreldri hafa búið saman. Efnisreglur eru svipaðar og í 47. gr. laga 60/1972 svo langt sem þær ná.

Með umgengnisrétti samkv. 1. málsgr. 40. gr. er í raun og veru átt við rétt barnsins á umgengni við foreldri, en foreldri er skylt að rækja umgengnina. Í 1. málsgr. er sá varnagli sleginn við, að umgengnisrétti sé til að dreifa, nema sérstök atvik valdi því að mati dómsmálaráðuneytisins, að umgengni barns við foreldri sé andstætt hag þess og þörfum. Getur ráðuneytið kveðið svo á, í einstöku tilviki, að umgengnistengslum verði eigi til að dreifa. Getur þar bæði komið til, að foreldri sé háð annmörkum, t. d. sálsjúkt, eiturlyfjaneytandi eða sé óreglusamt eða sérstök ástæða sé ella til að óttast, að það hafi óheppileg uppeldisáhrif á barnið. Önnur sérstök ástæða kann og að vera til að ugga, að umgengnin valdi erfiðleikum, svo sem stundum er, þegar móðir hefir giftst eða býr í óvígðri sambúð. Vera má ennfremur, að foreldri hafi t. d. brotið þær umgengnisreglur, er því voru settar. Umgengnisréttur á ekki við, ef barn er ættleitt. Tekið er fram, að í umgengnistilhögun felist bæði réttur og skylda til umgengni, svo og skylda til að hlíta nánari skilmálum, er að henni lúta. Báðir foreldrar, móðir og faðir, eiga vitaskuld hliðstæðan rétt til umgengni.

Að öðru leyti eru ákvæði þessarar greinar sniðin eftir ákvæði 47. gr. laga nr. 60/1972 varðandi umgengni skilins foreldris, sem eigi hefir fengið forræði barns, við barnið.

Öll Norðurlandaríkin munu nú hafa ákvæði um umgengnisrétt föður við óskilgetið, ósjálfráða barn, þótt efni reglnanna sé eigi fyllilega hið sama.

Tekið skal fram, að í 3. málsgr. felst, að úrræði, eins og beinni fógetagerð (innsetningaraðgerð) verði eigi beitt til framdráttar umgengnisrétti.

Í 4. málsgr. 40. gr. er nýmæli, þar sem vikið er að umgengnisrétti náinna ættingja látins foreldris við barn þess, og koma hér einkum til umgengnistengsl móður eða föðurforeldra við barnabarn.

Um 41. gr.

Ákvæði þessarar greinar eiga rót að rekja til reynslu, er fengist hefir af framkvæmd forsjár- og umgengnismála hér á landi. Er þeim ætlað að bæta úr allbrýnni þörf.

Um 42. gr.

Í 23. gr. lögræðislaga 95/1947 eru ákvæði, er varða það tilvik, er foreldrar fela öðrum forsjá barns án þess þó að um ættleiðingu sé að ræða, oftast svo, að til er að dreifa fóstri í lengri eða skemmri tíma. Er þá foreldri veittur réttur til að kalla eftir barninu, og er skylt að hlíta því, nema almannavald telji hentara fyrir hag barns og þarfir, að ráðstöfun haldist.

Lagt er til, að ákvæði þetta sé flutt úr lögræðislögum í barnalög, og er það í stórum dráttum sama efnis og greind 23. gr. lögræðislaga. Um þetta efni fjallar einnig að sínu leyti 36. gr. 3. málsgr. barnaverndarlaga 58/1966.

Ákvæði 2. og 3. málsgr. 42. gr. eru í stórum dráttum í samræmi við 23. gr. lögræðislaga.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um réttarfar í málum út af faðerni óskilgetinna barna, sbr. 43.—55. gr., og út af vefengingarmálum um faðerni skilgetinna barna, sbr. 56. gr. Svo sem fyrr greinir, var horfið að því ráði að skipa réttarfarsákvæðum í frv. þessu til barnalaga, og leysa þessi ákvæði af hólmi ákvæði I. kap. laga nr. 57/1921 (vefengingarmál) og XVIII. kafla laga nr. 85/1936 (um faðerni óskilgetinna barna). Jafnframt er þess að geta, að í 4. og 6. gr. frv. eru efnisákvæði um vefengingarmálin og í 12. gr. um faðerni óskilgetinna barna.

Í ákvæðunum um faðernismál út af óskilgetnum börnum gætir ýmissa nýmæla, þótt hin markverðustu þeirra séu í 12. gr., svo sem rakið hefir verið. Með því að lagt er til, að aðildareiður verði afnuminn, þarf á rannsókn að halda á ýmsum frekari atriðum en þeim, sem nú er fengist við, og ber að gæta þess einnig í því sambandi, að lagt er til, að sá úrkostur verði úr lögum numinn að dæma varnaraðilja meðlagsskyldan, en sýkna hann af faðerniskröfu. Mun reynslan af þessu nýja fyrirkomulagi hafa verið sú m. a. í Danmörku, að í ýmsum þeim tilvikum, þar sem dæmt var aðeins um meðlagsskyldu eftir eldri tíðar lögum, sé varnaraðili nú dæmdur faðir barns, þótt einnig komi til greina, að sýknað sé, þar sem áður var dæmd meðlagsskylda.

Um 43. gr.

Hér er gerð sú veigamikla breytingartillaga frá núgildandi lögum, að mál megi höfða á varnarþingi móður, sbr. hins vegar 211. gr. laga nr. 85/1936, sem miðar hér yfirleitt við varnarþing föður. Er þessa atriðis áður getið. Vitaskuld má höfða mál á varnarþingi ætlaðs föður, og verður oftast gert. Ef móðir á ekki varnarþing á Íslandi, má höfða mál hér, ef varnaraðili á varnarþing hér eða á því varnarþingi, sem hann átti hér síðast eða þar sem með bú hans er farið, sbr. 2. málsgr. Þá má höfða mál á varnarþingi barns, sbr. 3. málsgr.

Í 4. málsgr. er tekið fram, að vísa megi máli milli dómaumdæma, ef aðiljaskýrslur hafa eigi verið teknar að neinu leyti, en í ákvæðinu felst, að ella breyti það ekki neinu um dómstól, þótt aðili flytji milli umdæma.

Um 44. gr.

Í 44. gr. er mælt fyrir um sóknaraðild og varnaraðild að barnsfaðernismáli.

Í þessari grein er það nýmæli, að barn geti verið sóknaraðili að barnsfaðernismáli. Hefir Hæstiréttur og skýrt réttarreglur svo, sbr. hrd. XLIII, bls. 696, en 211. gr. laga nr. 85/1936 víkur þó ekki að slíkri aðild. Þykir rétt að lögfesta þessa reglu hér, enda getur það staðið barni á miklu að fá úrlausn um faðerni sitt. Þá segir í 4. málsgr. að sé málsaðili yngri en 18 ára skuli lögráðamaður koma fram f. h. skjólstæðings síns í málinu, svo og skuli njóta atbeina lögráðamanns, ef aðili sé sviptur lögræði. Er aldursstigið 18 ár valið hér vegna þess hve örlagaríkt þetta málefni er, þótt sjálfræði sé bundið við 16 ára aldur. Að öðru leyti er ákvæði þetta í samræmi við 211. gr. laga nr. 85/1936 að meginstefnu til. Sóknaraðild framfæranda, annarra en móður, er þó bundin við, að móðir hafi gert reka að höfðun máls.

Um 45. gr.

Hér er lagt til í 1. málsgr. að sett verði sérregla um það, hvenær barnsfaðernismál teljist höfðað. Þá er ákvæði í 2. málsgr. um liðsinni barnaverndarnefndar til handa barnsmóður, sem á í barnsfaðernismáli, sbr. nú 214. gr. laga nr. 85/1936, svo og barni, ef því er að skipta.

Í lokamálsgr. 45. gr. segir, að sóknaraðili skuli hafa gjafsókn bæði í héraði og fyrir hæstarétti (þ. e. sóknaraðili í héraði), og er hér um nokkra efnisbreytingu að ræða, miðað við 215. gr. laga nr. 85/1936.

Um 46. gr.

Hér eru fyrirmæli um það, hverjir séu dómendur í barnsfaðernismálum, þ. e. héraðsdómarar utan Reykjavíkur, en yfirsakadómari og sakadómarar í Reykjavík. Þá segir, að mál þessi sæti almennri meðferð einkamála, nema annan veg sé mælt í lögunum, og eru þau frávik mörg og mikilvæg (sbr. nú 215. gr. 2. málsgr. laga nr. 85/1936).

Um 47. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að dómari gefi út stefnu í máli, einnig ef nýr varnaraðili er dreginn inn í mál, þó svo að ef varnaraðili kemur fyrir dóm eftir kvaðningu dómara, þurfi ekki á stefnu að halda, enda lýsir dómari þá kröfum fyrir varnaraðilja og færir til bókar.

Í 2. málsgr. eru fyrirmæli um birtingu á stefnu í Lögbirtingarblaði, ef ekki næst til aðilja, svo sem í greininni segir.

Þá eru í 3. málsgr. fyrirmæli um liðsinni lögreglumanna við dómara um að leita uppi lýstan barnsföður- eða annan varnaraðilja- færa hann fyrir dómara og að framkvæma eða liðsinna við framkvæmd á blóðtöku og öðrum sérfræðilegum rannsóknum sbr. nú 2. málsgr. 214. gr. laga nr. 85/1936. Sjá hér og 3. málsgr. 50. gr.

Um 48. gr.

Fyrri hluti þessarar greinar er svipaðs efnis og 1. málsgr. 214. gr. laga nr. 85/1936. Í síðara hluta greinarinnar er boðið að gæta varfærni við skráningu á faðerni í kirkjubókum. Ef ekki er við önnur gögn að styðjast en einhliða skýrslu barnsmóður ber að skrá, að móðir lýsi tiltekinn mann föður barns, en ekki að hann sé faðir barns. Hefir verið fundið að því í dómum Hæstaréttar, ef þessa er ekki gætt, sbr. t. d. hrd. XLI, bls. 787, enda getur slík skráning verið meinleg og er villandi. Vegna gildis sambúðar þarf að spyrjast fyrir um, hvort móðir og lýstur faðir búi í óvígðri sambúð.

Um 49. gr.

Í þessu ákvæði er mælt fyrir um rannsóknarskyldu dómara í málum þessum, svo sem nú er samkv. 214. gr. laga nr. 85/1936. Sérstaklega er tekið fram, að ákvæði laga nr. 85/1936 um útivist aðilja eða áhrif þess á gang máls gildi eigi um mál þessi, svo og ákvæði sömu laga um áhrif þess, að eigi sé hreyft andmælum við staðhæfingum.

Heimilt er samkvæmt 4. málsgr. að taka skýrslur af vitnum án þess að málsaðiljar séu viðstaddir, en aðiljum á þá að tilkynna, hvenær dómþing fari fram, þar sem vitni koma fyrir dóm.

Ekki munu mikil nýmæli fólgin í ákvæði þessu, miðað við lagaframkvæmd.

Um 50. gr.

Í þessari grein er lögð skylda á málsaðilja og vitni að skýra frá því, hvort þeir hafi haft samfarir við barnsmóður á getnaðartíma barns. Barnsmóðir er og gert að skyldu að skýra frá því, hverjir hafa haft samfarir við hana á þessum tíma.

Í 3. málsgr. er dómara heimilað, svo sem nú er, að láta sækja aðilja máls með valdi til að gefa skýrslu í dómi, sbr. og 49. gr. lokamálsgr., sbr. hér 214. gr. 2. málsgr. laga nr 85/1936, og um frávísun máls, ef móðir víkst undan að gefa skýrslur eða leggja sig eða barnið undir blóðraun eða aðra þá sérfræðilega rannsókn, er dómari mælir fyrir um, sbr. 51. gr.

Um 51. gr.

Ákvæði þetta er nokkru víðtækara en 214. gr. 2. málsgr. laga nr. 85/1936, og er dómara heimilt að mæla samkv. því fyrir um blóðrannsókn á móður barns og barni, svo og varnaraðiljum, og enn fremur um aðra sérfræðilega rannsókn á þeim til könnunar á öðrum mannerfðafræðilegum atriðum, sbr. hér áður. Heimilt er að kveða svo á, að rannsóknir þessar taki til foreldra og systkina barnsmóður og varnaraðilja, svo og á öðrum börnum barnsmóður og öðrum börnum lýsts föður.

Við dómsmál samkv. 10. gr. er heimilt að beita reglum 51. gr. um vefengingarmál sjá 56. gr.

Um 52. gr.

Hér eru þau mikilvægu frávik frá almennum reglum um einkamál, að dómari er ekki bundinn við kröfur málsaðilja. Lyktir máls geta orðið þær, sem um segir í 12. gr., þ. e. efnislega annað tveggja að fallist sé á kröfu um faðerni eða sýknað sé, því að lagt er til í frv. þessu, að reglur um aðildareið, svo og um meðlagsskyldu eina, séu afnumdar.

Um 53. gr.

Í 1. málsgr. segir, að dómþing í barnsfaðernismálum skuli háð fyrir luktum dyrum og að fulltrúi barnaverndarnefndar geti sótt þing með barnsmóður eða barni, sbr. 45. gr. Oft myndi og lögmaður sækja þing með aðilja.

Í 2. málsgr. er kveðið á um nafnleynd í málum þessum, ef dómar eru prentaðir eða birtir opinberlega. Hefir það tíðkast rösklega 20 ár í útgáfu hæstaréttardóma, að slíkrar nafnleyndar sé gætt, enda er hún mikilvæg í málum þessum.

Um 54. gr.

Hér er mælt fyrir að dómari annist birtingu barnsfaðernisdóma.

Um 55. gr.

Rétt þykir að mæla hér fyrir um endurupptöku barnsfaðernismála, sem dæmd hafa verið í héraði, en ekki sætt úrlausn Hæstaréttar. Er lagt til, að unnt sé að endurupptaka þau samkv. meginreglum 59. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973, en ákvörðun héraðsdómara sæti kæru samkv. 21. gr. sömu laga. Í 2. málsgr. er vísað til 59. gr. framangreindra laga að því er varðar endurupptöku máls, sem dæmt hefir verið í Hæstarétti.

Tímafrestir eru settir í sambandi við endurupptökukröfu í 1. málsgr. og 2. málsgr.

Í efnisdómi er heimilt að kveða á um endurgreiðslu meðlaga o. fl.

Um 56. gr.

Hér eru réttarfarsákvæði um vefengingarmál, þ. e. út af faðerni skilgetinna barna. Í 6. gr. laga nr. 57/1921 segir, að dómari annist af sjálfsdáðum um öflun sönnunargagna í þess konar máli. Í 1. málsgr. er lagt til m. a. að danskri fyrirmynd, að um mál þessi gildi almennar reglur um einkamál, nema öðru vísi sé mælt. M. a. eiga ákvæði 49. gr. 1. og 2. málsgr. eigi við í málum þessum. Hins vegar gilda ýmsar reglur um barnsfaðernismál einnig í vefengingarmálum, eða geta átt við svo sem segir í greininni, og sæta þau því afbrigðilegri meðferð einkamála. Við þessi mál ber að gæta efnisákvæða 4. og 6. gr. í frv. þessu. Dómarar einkamála dæma mál þessi, en eigi dómarar þeir, er greinir í 46. gr.

Um X. kafla.

Hér eru ákvæði um gildistöku, brottfallin lög og hvernig beita beri ákvæðum frv. þessa, ef að lögum verður, um einstök atriði. Ýmis ákvæði eiga aðeins við um börn, sem fædd eru eftir gildistöku laganna, en öðrum verður beitt einnig um

börn, sem fædd eru fyrir gildistöku laganna, og er þetta afmarkað í 58. gr. Ákvæðin um framfærslueyri og önnur framlög í IV., V. og VI. kafla eiga við um tímabilið eftir að lög þessi taka gildi, nema annars sé getið.

Um 57. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 58. gr.

Í 2. málsgr. er gert ráð fyrir, að dómar út af meðlagsskyldu einnig, þar sem ekki er jafnframt dæmt um faðerni, hafi réttaráhrif til frambúðar í samræmi við þau lög, sem giltu fyrir gildistöku ákvæða frv. þessa, ef lögfest verða.

Í 3. málsgr. er lagt til, að sett verði sérregla um höfðun vefengingarmáls, sbr. 4. gr. frv., og verði við það miðað, að eiginmaður (sambúðarmaður) móður geti höfðað mál samkv. því ákvæði, uns 2 ár eru liðin frá gildistöku laganna, þótt meira en 5 ár séu liðin frá fæðingu barns. Styðst það ákvæði við sanngirnisrök.

Í 4. málsgr. er tekin afstaða til fyrri úrlausna eða ákvarðana um faðerni eða meðlagsskyldu. Einstök atriði varðandi meðlag geta þó breytzt, sbr. t. d. 2. mgr. 16. gr.

Tekið skal fram, að þótt lagt sé til í 1. málsgr. að ýmis lög og lagaákvæði séu felld úr gildi, þá kunna þau að gilda áfram um einstök atriði vegna fyrirvara 2. málsgr. um, að lög þessi taki ekki til allra atriða, varðandi börn, sem fædd eru fyrir gildistöku þeirra. Fer um það efni samkv. almennum lögskýringarreglum.

Fylgiskjal I.

Ýmis viðhorf í barnalöggjöf til frekari skoðunar.

I.

Forsjá og samvistaslit.

Í norrænni barna- og hjúskaparlöggjöf hefir það lengi verið grundvallarregla, að forræði (forsjá) barns verði óskipt í höndum annars foreldris, ef þau slíta samvistir, sbr. 47. gr. laga nr. 60/1972 og áður 56. og 76. gr. laga nr. 39/1921. Sænsk lög frá 1976 hafa tekið upp þá nýbreytni, að heimila foreldrum að skipa máli svo, með samþykki réttra yfirvalda, að forráð séu sameiginlega hjá foreldrum, þótt þau slíti samvistir. Þetta er þó aðeins heimildarákvæði, og sýnist reynslan, sem fengin er af lögunum, benda til þess, að það sé tiltölulega sjaldan sem foreldrar hafi óskað eftir þessari skipan. Þar sem úrræði þetta er nýtt af nálinni, verða þó ekki dregnar neinar ályktanir af þessari reynslu. Í norsku barnalagafrumvarpi frá 1977 er einnig lagt til, að slík skipan verði lögtekin, en frv. hefir eigi verið lagt fyrir Stórþingið. Finnska sifjalaganefndin mun leggja til, að slíkt heimildarákvæði verði lögfest í Finnlandi.

Fordæmi sænsku laganna eru bandarísk og sumpart bresk lög. Þetta fyrirkomulag um forsjá barna í nokkrum ríkjum Bandaríkjanna („joint custody“) hefir gefist misjafnlega vel. Hafa ýmsir fræðimenn í sifjarétti lagst gegn því. Sifjalaganefnd telur, að ekki sé rétt að lögfesta þessa skipan um forsjá hér á landi að svo stöddu. Er hyggilegt að bíða eftir því, að frekari reynsla fáist af nýmæli þessu í Svíþjóð og annars staðar, þar sem það kynni að verða lögtekið í grannlöndunum. Allt um það telur sifjalaganefnd rétt að vekja sérstaka athygli á þessu nýmæli með þessum athugasemdum.

II.
Lok forsjárskyldna (foreldravalds).

Íslensk lögræðislög hafa bundið sjálfræði við 16 ára aldur, og þessi aldur hefir þá einnig verið lagður til grundvallar í sifjalögum að því er varðar lok foreldravalds. Sérgreindar reglur veita þó foreldri rétt til forráða eða afskipta af ungmenni lengur í einstaka tilviki, sbr. t. d. reglur um samþykki foreldra til hjúskapar barns þeirra allt til 20 ára aldurs, sbr. lög 60/1972, 2. gr. Í lögræðis- og sifjalögum hinna Norðurlandanna er sjálfræðis- og forsjáraldur miðaður við 18 ár, og raunar er tekið mið af þeim aldri í ríkisfangslögunum íslensku frá 1952, t. d. 2., 4. og 5. gr., en þau eru af samnorrænu bergi brotin. Sifjalaganefnd hefir hugleitt breytingar á framangreindu aldursstigi, en leggur ekki til breytingar. Í fyrsta lagi hefir þessi tilhögun, sem er aldagömul hér á landi, eigi sætt verulegri gagnrýni og í öðru lagi telur sifjalaganefnd eðlilegra að taka þetta mál upp til endurmats við allsherjarendurskoðun lögræðislaga, sem orðin er tímabær.

III.
Framfærslureglur og almannatryggingalög.

Í sambandi við ýmis ákvæði IV., V. og VI. kafla frv. ber að geta þess, að framfærslureglur tengjast mjög bótum samkv. almannatryggingalögum, einkum barnalífeyri. Hefði sifjalaganefnd óskað að rýmka aðgang foreldra að Tryggingastofnun ríkisins að því er ýmsar greiðslur varðar, sem frv. fjallar um, sbr. t. d. 15. gr. 2. málsgr., svo og framfærsluframlög til unglinga eftir 18 ára aldur sbr. 17. gr. frv. o. fl. Umboð nefndarinnar tekur hins vegar ekki til þess almennt að leggja til breytingar á lögum um almannatryggingar. Vakin er athygli á 29. og 30. gr. frv., sem afmarka, í hvaða tilvikum foreldri eigi aðgang að Tryggingastofnun ríkisins. Nokkur nýmæli eru í þessum ákvæðum, og í 29. gr. 2. málsgr. felst nokkur rýmkun á reglum um heimild Tryggingaráðs til greiðslu barnalífeyris, þótt meðlagsúrskurður sé eigi gefinn út, sbr. athugasemdir við þá grein.

IV.
Barnsfaðernismál.

Lög í Danmörku og Noregi hafa um alllangan aldur kveðið svo á, að af hálfu almannavalds skuli gerð gangskör að því að leiða í ljós faðerni barns, sem ekki er skilgetið. Íslensk lög láta þetta atriði velta meir á afstöðu barnsmóður. Framfærslureglur ýta mjög undir það, að barnsmæður feðri börn sín. Vissulega getur það verið mikið velferðarmál fyrir óskilgetið barn, að faðerni þess sé leitt í ljós eða ítrasta tilraun gerð í því efni. Samkv. því ætti ekki að velta á viljaafstöðu móður, hvað gerðist í þessu efni, og almannavald ætti að láta mál til sín taka og gangast fyrir því, að mál yrði höfðað eða viðurkenning fengist á faðerni. Bent skal á, að í IX. kafla frv. er barni ætluð aðild að barnsfaðernismáli, og getur það því átt frumkvæði að stofnun slíks máls. Sifjalaganefnd telur, að ekki sé vert að víkja frá mótaðri stefnu íslenskra laga í þessu efni. Nefndin leggur hins vegar áherslu á, að nauðsynlegt sé að barnsmæður fái örugglega upplýsingar um þörfina, sem á því er að feðra börn og að þær eigi greiðan aðgang að félagslegum stofnunum sér til liðsinnis og lögfræðilegri aðstoð. Nefndinni er ekki kunnugt um neinar viðhlítandi rannsóknir á því, hve hár hluti óskilgetinna barna hér á landi sé feðraður, en ætla verður, að sá hundraðshluti sé eigi hár. Bent skal á, að samkv. 45. gr. 3. málsgr. frv. er kveðið á um, að sóknaraðili barnsfaðernismáls hafi gjafsókn í héraði og fyrir Hæstarétti. Hliðstætt ákvæði er ekki í frv. að því er varðar vefengingarmál, og veltur það, hvort aðili fær gjafsókn á almennu ákvæðunum í XI. kafla laga nr. 85/1936.

Fylgiskjal II.

Um umboðsmann barna.

Sifjalaganefnd hefir í störfum sínum m. a. gefið gaum hugmyndum um sérstakan umboðsmann barna, er hafi það að meginverkefni að fylgjast með málefnum barna og ungmenna, þ. á m. að kanna, hvort löggjöf um vernd barna og ungmenna sé á hverjum tíma virt í hvívetna. Barnaumboðsmaður getur samkv. þessum hugmyndum látið mál til sín taka að eigin frumkvæði eða að ósk barns, forráðamanna barns eða annarra, sem umhugað er um málefni barna. Verkefni slíks umboðsmanns er m. a. að hafa eftirlit með því, að hag barna sé vel borgið í þeirri miklu umhverfislegu skipulagningu, sem nú fer fram, og setja fram ýmiss konar tillögur og hugmyndir, sem stuðla almennt að velferð barna í samfélagi, þ. á m. um fyrirbyggjandi ráðstafanir. Öðrum þræði ætti umboðsmaðurinn að taka við umkvörtunum vandamanna og annarra forráðamanna barna, ef talið er, að þau njóti ekki þeirrar aðhlynningar og réttarverndar, sem þeim er búin með löggjöf og öðrum réttarreglum.

Sifjalaganefnd telur, að slíkar hugmyndir séu athyglisverðar og verðskuldi gaumgæfilega athugun og umræðu. Ef til kæmi, þarf m. a. að marka umboðsmanni glögglega stöðu og verkefni gagnvart öðrum yfirvöldum, sem fjalla um málefni barna og ungmenna, þ. á m. barnaverndarnefndum og ráði. Sifjalaganefnd tekur ekki með í frv. til barnalaga að svo vöxnu máli tillögur um umboðsmann barna. Er það hvorttveggja, að löggjöf um umboðsmann Alþingis hefir enn ekki verið sett, og hitt að reynslan hefir eigi fengist í grannlöndum af slíkum umboðsmanni. Samfara því, að bent er á þessa hugmynd, er látið fylgja hér vinnuskjal sifjalaganefndar um verkefni og stöðu umboðsmanns barna, en m. a. er hér ekki fengist við að marka stöðu hans andspænis umboðsmanni Alþingis, ef til kæmi. Nefndin óskar að fá tækifæri til að vinna frekar að tillögum um þennan þátt máls, ef hugur alþingismanna stæði til að lögfesta ákvæði um umboðsmann barna.

Hugmyndir um starfssvið umboðsmanns barna.

A.

Stofna skal embætti umboðsmanns barna, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Barnaumboðsmaður skal kosinn af Alþingi til fjögurra ára í senn. Hann skal fullnægja almennum skilyrðum til að gegna opinberu starfi samkvæmt lögum nr. 38/1954 og hafa sérþekkingu á málefnum barna vegna menntunar sinnar eða starfsreynslu.

B.

Verkefni barnaumboðsmanns er að gæta hagsmuna barna og stuðla að því með ábendingum til stjórnvalda, dómstóla og einstaklinga, að réttindi barna séu í hvívetna virt og setja fram hugmyndir og tillögur að bættum uppeldisskilyrðum barna og ungmenna, þ. á m. með fyrirbyggjandi aðgerðum.

Barnaumboðsmaður skal sérstaklega gæta eftirfarandi atriða:

1) Að fylgjast með því, að við skipulagningu þéttbýlisstaða sé gætt hagsmuna barna og ungmenna.
2) Að fylgjast með því, að löggjöf, er varðar vernd barna og ungmenna, sé framkvæmd og virt.
3) Að stuðla að ráðstöfunum, er tryggi réttarvernd barna, sérstaklega í stofnunum, þar sem þau vistast eða stunda nám.

4) Að setja fram ábendingar og tillögur til opinberra aðilja, foreldra og annarra um félagslegar ráðstafanir og úrræði, sem þörf er á til að stuðla að heppilegra uppeldisumhverfi og betri uppeldisskilyrðum fyrir börn og ungmenni.
5) Að stuðla að úrræðum, sem geta leyst eða dregið úr árekstrum milli barna annars vegar og foreldra eða samfélagsins hins vegar. Barnaumboðsmaður getur bæði látið mál til sín taka að eigin frumkvæði eða ósk annarra.

C.

Barnaumboðsmaður getur að athuguðu tilteknu máli látið í ljós skoðun sína um málefni, sem fellur innan verkahrings hans. Hann ræður því hvert hann beinir ummælum sínum og hvort eða með hverjum hætti hann birtir opinberlega álit sitt á málefni.

D.

Barnaumboðsmaður eða fulltrúi hans á óheftan aðgang að öllum stofnunum, hvort sem þær eru reknar af stjórnvöldum eða einstaklingi, sem vista börn innan 18 ára aldurs eða tengjast í starfsemi sinni börnum innan þess aldurs.

E.

Barnaumboðsmaður gefur út skýrslu árlega um störf sín.

F.

Nánari reglur um verkefni og störf barnaumboðsmanns, svo og starfsaðstöðu hans og starfslið skulu settar í reglugerð, sem dómsmálaráðuneytið setur í samráði við menntamálaráðuneytið.

Nd. 155. Frumvarp til lögréttulaga. [104. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

I. KAFLI
Um lögréttuskipan.

1. gr.

Vera skal dómstóll, sem nær til landsins alls, og nefnist lögrétta. Hefur hann aðalaðsetur í Reykjavík, en starfar að auki reglulega í öðrum lögsagnarumdæmum eftir ákvörðun dómsmálaráðherra að fengnum tillögum lögréttunnar.

2. gr.

Lögréttu skipa ekki færri en 15 embættisdómarar. Forseti Íslands skipar dómarana að tillögu dómsmálaráðherra. Dómarar kjósa forseta og varaforseta úr sínum hópi til þriggja ára í senn.

3. gr.

1) Einn eða þrír dómarar skipa dóm hverju sinni og meðdómsmenn þegar þörf krefur, sbr. 7. gr. Forseti Lögréttu nefnir menn í dóm í hverju máli. Þegar lögrétta er annað dómstig skulu þrír embættisdómarar vera í dómi en ella einn. Þó geta þrír embættisdómarar setið í dómi í stað eins eftir ákvörðun forseta lögréttunnar ef vafi er um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði. Ef mál er umfangsmikið, getur forseti lögréttunnar ákveðið, að embættisdómari, sem ekki dæmir í máli að forfallalausu, hlýði á málflutning og taki sæti í dómi, ef embættisdómari forfallast. Dómsformaður stýrir meðferð máls. Miða skal við að sem fyrst fáist niðurstaða. Á dómþingum og dómarafundum má enginn taka til máls nema með leyfi dómsformanns.

2) Þegar lögrétta er fjölskipuð er forseti hennar dómsformaður ef hann situr í dómi ella varaforseti. Ef hvorugur þeirra er í dómi er sá formaður hans sem forseti lögréttunnar nefnir til.

4. gr.

Ef dómsmálaráðherra og forseti lögréttunnar telja óhjákvæmilegt að setja menn til að gegna lögréttudómarastörfum í tilteknu máli eða um tiltekinn tíma, skal ráðherra setja mann, sem fullnægir skilyrðum til að fá skipun í embætti lögréttudómara. Þóknun lögréttudómara, sem settur er til meðferðar tiltekins máls, ákveður forseti lögréttunnar. Dómarinn og dómsmálaráðherra geta krafist úrskurðar forsetans og má kæra þann úrskurð til Hæstaréttar.

5. gr.

Þann einn má skipa embættisdómara í lögréttunni, sem fullnægir skilyrðum til að vera hæstaréttardómari eða hefur ella getið sér sérstakan orðstír í lögfræðistörfum að áliti umsagnaraðila. Embætti skal auglýsa í Lögbirtingablaði, útvarpi og dagblöðum með að minnsta kosti eins mánaðar umsóknarfresti. Áður en embætti er veitt, skal leita skriflegrar umsagnar nefndar 5 lögfræðinga, sem dómsmálaráðherra skipar. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar til ótiltekins tíma. Þessir aðilar tilnefna einn mann hver í nefndina til 4 ára: Hæstiréttur, lög-

réttan, sýslumenn og bæjarfógetar saman og aðrir héraðsdómarar saman. Dómsmálaráðherra setur reglur um val manna í nefndina og um starfshætti hennar. Hann ákveður þóknun til nefndarmanna, og skal hún greidd úr ríkissjóði.

6. gr.

1) Dómsmálaráðherra skal víkja lögréttudómara úr embætti um stundarsakir, ef ráðherrann telur dómarann hafa misst almenn dómaraskilyrði, hafa gert sig sekan um misferli í dómarastarfinu og ekki hafa látið skipast við áminningu eða hafa rýrt svo siðferðilegt álit sitt, að óviðeigandi sé, að hann gegni embætti sínu áfram. Höfða skal svo fljótt sem við verður komið mál gegn dómaranum til embættismissis. Dómarinn heldur föstum launum sínum, meðan málssóknin stendur.

2) Dómsmálaráðherra getur veitt settum dómurum lausn frá dómarastarfinu og formaður dóms meðdómsmanni, ef svo stendur á, sem segir í 1. mgr. Ekki þarf að leita staðfestingar á þeirri ákvörðun með málssókn.

3) Dómari, sem sviptur hefur verið embætti eða starfa eftir þessari grein, getur höfðað mál með venjulegum hætti gegn dómsmálaráðherra um lögmæti lausnarinnar, enda sé það gert innan 6 mánaða frá því, að hún var framkvæmd.

4) Forseti Íslands getur að tillögu dómsmálaráðherra veitt embættisdómurum í lögréttu lausn frá embætti án umsóknar, ef þeir eru 65 ára eða eldri. Sé þetta gert, skulu dómararnir njóta sömu eftirlauna og þeir hefðu fengið, ef þeir hefðu verið í embætti til 70 ára aldurs.

7. gr.

1) Ef deilt er um staðreyndir, sem fram eru bornar sem málsástæður, og embættisdómari, sem einn er í dómi, eða tveir af embættisdómurunum í 3ja manna dómi telja þörf sérkunnáttu í dómi, skal formaður hans skipa tvo meðdómsmenn, sem slíka kunnáttu hafa. Þá eina má skipa til meðdómendastarfa, sem hafa nægilegan þroska og heilbrigði, sem eru lögráða og hafa forræði á búi sínu og sem eru á aldrinum 25 ára eða eldri, þegar þeir eru skipaðir til starfans. Dómandi og aðili máls geta krafist úrskurðar lögréttu, ef ágreiningur verður um, hvort meðdómsmaður uppfylli þessi skilyrði. Úrskurðinn má kæra til Hæstaréttar.

2) Meðdómsmenn taka sæti í lögréttu ekki síðar en við upphaf aðalflutnings einkamáls, en ella eftir ákvörðun dómsformanns, og eftir það hafa þeir sömu réttindi og skyldur og embættisdómararnir. Ef einn embættisdómari situr í dómi og kveður til meðdómendur, má endurskoða þá skipan, ef síðar er um málið fjallað af þremur embættisdómurum. Dómsformaður getur með samþykki forseta eða varaforseta lögréttunnar tilnefnt sérkunnáttumann til að hlýða á málflutning og taka sæti í dómi, ef meðdómandi forfallast.

8. gr.

Dómendur í lögréttu víkja sæti eftir sömu reglum og hæstaréttardómarar. Kröfu um það geta gert allir embættisdómarar í lögréttunni, meðdómsmenn í málinu svo og aðilar þess. Forseti úrskurðar kröfuna.

9. gr.

1) Dómari skal bæta tjón af dómaraverkum sínum, ef hann veldur því af ásetningi eða gáleysi. Um refsiábyrgð fer að lögum.

2) Í Hæstarétti má með dómi í aðalmálinu eða sjálfstætt dæma lögréttudómara til að greiða skaðabætur vegna meðferðar sinnar á máli, enda hafi honum verið stefnt til greiðslu bóta. Dómari verður ekki sóttur til bótagreiðslu í héraði vegna dómaraverks, og ekki heldur í lögréttu, nema í sambandi við opinbert mál vegna dómaraverksins eða eftir uppkvaðningu refsidóms gegn honum út af því.

3) Hæstiréttur getur sektað lögréttudómara um 5 000—500 000 kr. vegna dómaraverks með eða án kröfu.

10. gr.

Við lögréttuna skal vera skrifstofustjóri, sem dómsmálaráðherra skipar að fenginni tillögu forseta lögréttunnar. Þar skal og vera annað starfslið, eftir því sem heimilað er í fjárlögum. Forseti lögréttunnar skipar það. Hann setur skrifstofustjóranum og öðrum starfsmönnum erindisbréf.

11. gr.

1) Lögréttan hefur þessar bækur: þingbók, dómabók, dagbók, bréfabók og aukatekjubók. Ennfremur skal færð málaskrá. Dómsmálaráðherra setur reglugerð um gerð bókanna, hvers þar skuli getið og um málaskrár. Í reglugerðinni má mæla fyrir um, að bækurnar skuli að einhverju leyti eða öllu vélritaðar. Um hljóðritun og hljóðrit fer eftir einkamálalögum nr. 85/1936. Forseti mælir fyrir um framkvæmd þessarar málsgreinar almennt, en formaður dóms í hverju máli ákveður, hvernig hún skuli framkvæmd í því máli í samræmi við önnur lögleg ákvæði. Bókun er því aðeins skuldbindandi að einkamálarétti, að hún sé undirrituð af þeim, sem skuldbindur sig.

2) Skylt er gegn lögmæltum ritlaunum og innan hæfilegs frests að láta hverjum þeim, sem þess beiðist, í té endurrit eða ljósrit úr dómabókum. Aðilar máls, lögmenn þeirra, þeir, sem gefið hafa skýrslur í máli, aðrir, sem hafa ríka hagsmuni af því svo og þeir, sem til þess hafa samþykki aðila, beggja eða allra, geta með sama hætti fengið endurrit eða ljósrit úr öðrum bókum, málaskrá og málsskjölum. Aðilar eiga rétt á að fá gegn lögmæltri greiðslu staðfestar dómsgerðir vegna málskots til Hæstaréttar. Um endurrit eftir hljóðritunum og um rétt til að hlusta á hljóðritanir fer eftir þessari mgr. og ákvæðum einkamálalaga nr. 85/1936.

12. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum viðkomandi lögréttu, hvaða daga, hvar og hvenær dags halda skuli dómþing, og skal þar m. a. kveðið á um þingleyfi. Aukadómþing í Reykjavík, regluleg, ákveður formaður dóms. Dómsmálaráðherra getur mælt fyrir um regluleg dómþing utan Reykjavíkur. Dómsformaður getur ákveðið, að einstök þing skuli háð utan þessara staða og að þar skuli farið með tiltekið mál eða hluta þess. Þeirri ákvörðun má hrinda með meirihluta atkvæða í dómi. Ákvarðanir ráðherra um efni þessarar greinar skal birta með auglýsingu í Lögbirtingablaði.

13. gr.

1) Dóma skal jafnan kveða upp í heyranda hljóði á dómþingi. Málsmeðferð fyrir dómi má að öðru leyti vera fyrir luktum dyrum,

a. ef aðilar í einkamáli krefjast þess allir,
b. ef dómendur allir telja þess brýna þörf til að málið verði réttilega rekið og dæmt,
c. ef meirihluti dómenda telur það æskilegt vegna tillits til aðila, vitna eða annarra manna,
d. ef meiri hluti dómenda telur þess þörf vegna atvinnuleyndarmála eða annarra mikilvægra hagsmuna ópersónulegra aðila,
e. ef meirihluti dómenda telur þess þörf vegna almennings hagsmuna eða vegna ríkisleyndarmála,
f. ef meirihluti dómenda telur þess þörf vegna velsæmis.

2) Ákvarðanir um að loka dómþingi skv. 1. mgr. skulu teknar af dómendum í því máli án eða eftir kröfu aðila eða annarra og mega ákvarðanirnar varða málið allt, tiltekið þing eða hluta þess.

3) Formaður dóms getur vísað fólki úr þingsal vegna ósæmilegrar hegðunar þess. Ef sækjanda máls er vísað út, má fella mál hans niður með úrskurði dómenda, ef framferðið þykir sérlega vítavert. Ef verjanda er vísað úr þingsal, má dæma málið,

eins og það horfir þá við, enda krefjist sækjandi eða málflutningsumboðsmaður hans þess og ekki sé hætt við verulegum réttarspjöllum, ef þetta er gert.

4) Ef maður ljær hús sitt til þinghalds, getur hann bannað óviðkomandi mönnum aðgang eftir nánari ákvörðun dómsformanns.

5) Dómsformaður getur bannað að viðlögðum sektum að skýra opinberlega frá því, sem fram fer á lokuðu dómþingi eða að gera myndir eða uppdrætti í þingsal eða af því, sem kann að vera þar að sjá. Dómsformaður getur lagt slíkt bann á í opnu þinghaldi, ef skilyrði 1. mgr. eiga við.

6) Ákvarðanir eftir þessari grein skal færa í þingbók.

7) Umræður dómara um mál fyrir og eftir dómtöku þess skulu fara fram fyrir luktum dyrum. Þó geta dómendur ákveðið, að embættisdómari eða sérkunnáttumaður, sem hlýtt hafa á málflutning eftir 3. gr. 1. mgr. eða 7. gr. 2. mgr., starfsmenn lögréttunnar eða lögmenn aðila séu viðstaddir. Allir eru bundnir þagnarskyldu um þessar umræður að viðlagðri refsingu eftir 136. gr. almennra hegningarlaga. Dómsformaður ákveður, hvort funda þessara er getið í dagbók lögréttunnar og hvað um þá er skráð.

8) Skoðunar- og matsgerðir, sem dómendur framkvæma utan dómþinga, skal tilkynna aðilum eða umboðsmönnum þeirra, og eiga aðilar rétt á að vera viðstaddir eða láta umboðsmenn sína vera það, og að koma að munnlegum athugasemdum. Um viðvist annarra fer eftir ákvörðun dómsformanns, en ágreining skulu dómendur úrskurða eftir meginreglum 1. mgr.

9) Aðili máls getur krafist úrskurðar um þau atriði, sem fjallað er um í 1. mgr. sbr. 2. mgr. Hann getur einnig krafist úrskurðar um brottvísun úr dómssal skv. 3. mgr. og um heimild til að vera við skoðunar- og matsgerð. Aðili getur síðan kært úrskurðinn til Hæstaréttar, en kæran frestar ekki framkvæmd hans.

14. gr.

1) Þingmálið er íslenska og skal farið eftir 40. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, ef annað segir ekki í þessum lögum.

2) Í opinberu máli, einkarefsimáli og barnsfaðernismáli skal ákærði eiga kost á aðstoð dómtúlks á kostnað ríkissjóðs, eða annars þýðanda, ef dómtúlks er ekki kostur, enda óski ákærði slíkrar aðstoðar, eftir að dómsformaður hefur bent honum á þennan rétt, og geri líklegt, að hann skilji ekki eða tali íslensku. Ef dómendur og lögmenn eru reiðubúnir til að nota annað mál en íslensku og ákærði skilur og talar það mál og dómendur telja rekstur málsins fullnægjandi með þessum hætti á ákærði ekki rétt á framangreindri aðstoð túlks á kostnað ríkissjóðs.

3) Þegar fyrir dóm skulu koma heyrnarlausir menn, mállausir eða aðrir, sem ekki geta skynjað eða tjáð sig með venjulegum hætti, getur dómsformaður kvatt til aðstoðar mann, sem þekkingu hefur til að gera viðstöddum grein fyrir því, sem fram fer. Sá sem fyrir dóm skal koma, getur einnig haft með sér slíkan aðstoðarmann með leyfi dómsformanns.

II. KAFLI
Um dómsvald lögréttu.

15. gr.

Lögréttan fjallar um dómsmál ýmist sem fyrsta eða annað dómsstig.

16. gr.

Lögréttan er fyrsta dómsstig í þeim dómsmálum, sem nú verða talin:

1. Almenn einkamál, nema:
   1.1. áskorunarmál skv. lögum nr. 97/1978, enda sé máli lokið eftir 9. eða 10. gr. laganna,
   1.2. mál skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936,
   1.3. barnsfaðernismál og mál til vefengingar á faðerni,

1.4. mál til ógildingar skjala skv. XIX. kafla laga nr. 85/1936,
1.5. kjörskrármál,
1.6. mál, þar sem aðalkrafa er um greiðslu peninga og fjárhæð lægri en 200 000 krónur. Ef aðili krefst þess við þingfestingu, að slíkt mál fari fyrir lögréttu sem fyrsta dómsstig, skal þannig með það farið,
1.7. mál, sem aðilar semja um eða reka í héraði, enda láti þeir bóka það við þingfestingu þar.
2. Opinber mál, þ. á m. ávana- og fíkniefnamál, sem 1. og 2. gr. laga nr. 74/1974 gildir um, enda hafi ákæra verið gefin út eða annað málssóknarskjal og fram fari í málinu sókn og vörn skv. 130. gr. laganna.

17. gr.

Í öðrum dómsmálum en talin eru í 16. gr., er lögréttan annað dómsstig. Þó skulu haldast sérákvæði laga um heimild til að skjóta ákvörðunum Félagsdóms til Hæstaréttar og kirkjudóms til Synodalréttar.

18. gr.

1) Ef mál er lagt fyrir héraðsdóm, sem héraðsdómari telur eiga að fara fyrir lögréttu sem fyrsta dómsstig, skal hann vísa því þangað með bókun og senda lögréttu skjöl málsins. Ef lögrétta telur málið heyra undir héraðsdóm, skal hún vísa því til hans á ný með úrskurði, sem bindur héraðsdómara. Vísa skal málinu til þess dómstóls í héraði, sem það var í upphafi lagt fyrir, nema lögrétta telji honum óheimilt að fjalla um það. Ef fleiri en einn héraðsdómstóll mega þá fara með málið, ákveður lögrétta, hver það skuli gera.

2) Ef mál er lagt fyrir lögréttu, sem hún telur eiga að koma fyrir héraðsdómstól sem fyrsta dómsstig, skal hún vísa því þangað með úrskurði og senda héraðsdómstólnum skjöl málsins, enda er hann bundinn við úrskurðinn. Ef fleiri en einn héraðsdómstóll mega fara með málið, ákveður lögrétta, hver það skuli gera. Þó skal lögrétta fjalla um slíkt mál sem fyrsta dómsstig, ef ljóst er að skipa þarf setudómara til að fara með það í héraði.

3) Ef héraðsdómari víkur sæti í máli, ákveður dómsmálaráðherra hvort skipa skuli setudómara eða hvort lögrétta fjalli um málið sem fyrsta dómsstig.

4) Ef dómsathöfn er skotið til lögréttu og hún telur, að um sé að ræða mál, sem hún hefði átt að fjalla um sem fyrsta dómsstig skal hún taka við öllu málinu, eins og það er, þegar það kemur til hennar. Um þetta skal ganga úrskurður í lögréttu og bindur hann héraðsdómstólinn. Ef fullnaðardómur er genginn í héraði, getur lögrétta þó aðeins fjallað um málið sem áfrýjunardómstóll.

5) Úrlausnum héraðsdómara um, að hann skuli dæma mál, verður ekki skotið til æðra dóms. Úrlausnum lögréttu um, að hún skuli dæma mál, verður ekki skotið til Hæstaréttar.

19. gr.

Í lögréttu skal kveða upp úrskurði í sambandi við rannsókn opinbers máls, þótt um atriðið hafi ekki verið fjallað áður í héraði, ef þess er krafist af ríkissaksóknara eða dómsmálaráðherra eða í þeirra umboði.

III. KAFLI

Málsmeðferð á fyrsta dómsstigi.

20. gr.

Þegar lögrétta fjallar um einkamál sem fyrsta dómsstig, skal, eftir því sem við getur átt, farið eftir lögum nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði IV.—XIII. kafla svo og XVII.—XIX. kafla nema annað segi í lögum þessum eða öðrum lögum.

Í opinberum málum skal, eftir því sem við getur átt, farið eftir lögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála 3. gr., III. og IV. kafla, 42. gr., VI.—XIX. kafla svo og lögum um sérstakan dómara og rannsóknadeild í ávana- og fíkniefnamálum nr. 52/1973, sbr. lög nr. 65/1974, 5. gr. 2. mgr., nema annað segi í lögum þessum eða öðrum lögum.

21. gr.

1) Stefna til lögréttunnar í einkamáli skal vera réttarstefna gefin út af embættisdómara í lögréttu. Forseti lögréttunnar getur ákveðið, að tiltekinn dómari eða dómarar í henni skuli annast þetta starf. Stefnu geta einnig gefið út sýslumenn, bæjarfógetar, aðrir héraðsdómarar og skrifstofustjóri lögréttunnar.

2) Heimilt skal vera að stefna einkamáli, sem fara skal fyrir lögréttu sem fyrsta dómsstig, fyrir héraðsdóm til þingfestingar, gagnaöflunar og sáttaumleitunar. Þegar sáttatilraun hefur verið gerð, en árangur ekki orðið að fullu, skal héraðsdómari senda málið lögréttunni til meðferðar.

22. gr.

Við þingfestingu og meðferð opinbers máls hjá lögréttu skal þing sótt af hálfu saksóknara. Þó getur ríkissaksóknari eða sá, sem með málið fer að hans tilhlutun sbr. 20. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, falið hæstaréttar- eða héraðsdómslögmanni að sækja þing fyrir sína hönd. Ef þing er ekki sótt af hálfu saksóknara, þegar svo skal gert skv. þessari grein, skal fresta máli og tilkynna saksóknara um næsta þinghald. Ef þingsókn fellur þá enn niður af hálfu ákæruvaldsins án lögmætra forfalla, skal vísa málinu frá dómi.

IV. KAFLI

Málskot til lögréttu.

23. gr.

1) Heimilt er að skjóta til lögréttu málum samkvæmt því, sem segir í lögum.

2) Þegar lögréttan starfar sem áfrýjunardómstóll, sbr. 17. gr., skal farið eftir lögum um málsmeðferð í Hæstarétti, nema annað segi í lögum þessum eða öðrum lögum. 21. gr. gildir um áfrýjunarstefnur til lögréttu.

24. gr.

1) Um kæru og áfrýjun opinberra mála til lögréttu fer eftir lögum um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, XXI. og XXII. kafla. Þó skulu ákvæði 180. gr. um ágrip dómsgerða ekki gilda, þegar opinberu máli er áfrýjað til lögréttu, sbr. 45. gr.

2) Heimilt er að skjóta til lögréttu úrlausnum héraðsdóms í einkamáli, nema sérákvæði í lögum banni. Þó verður máli ekki skotið til lögréttu, nema krafan í áfrýjunarstefnu nemi a. m. k. 250 000 kr. Ef fleiri en ein krafa eru löglega sóttar í einu máli, skal leggja þær saman við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar. Ef krafa er gerð, en gagngreiðsla jafnframt boðin, skal ekki taka tillit til gagngreiðslu. Ef krafa er um annað en peninga að hluta eða öllu leyti, metur lögrétta að fenginni umsögn aðila, ef þeir kjósa að tjá sig um það atriði, hvort verðmætið svari til 250 000 kr. Áfrýja má máli, sem snýst um lægri upphæð en 250 000 kr., ef úrslit þess eru mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varða sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila. Fá þarf leyfi dómsmálaráðherra eða forseta lögréttunnar til slíkrar áfrýjunar, og verður leyfi annars hvors þeirra ekki hnekkt.

25. gr.

Þegar heimilt er að áfrýja máli, má áfrýja aukamálum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum, bæði með aðalmálinu og sérstaklega. Þegar slík mál eru sjálfstæð, fer um heimild til áfrýjunar eftir 24. gr.

26. gr.

1) Skjóta má dómsathöfn héraðsdóms til lögréttu í því skyni, að mál verði ómerkt, því verði vísað frá héraðsdómi, því verði vísað heim til löglegrar meðferðar eða dómsathöfn verði breytt að efni. Þegar dómsathöfn héraðsdómstóls er ekki lokadómur í því máli, má og skjóta athöfninni til lögréttu til staðfestingar.

2) Ef lokadómi héraðsdómstóls er skotið til lögréttu, verður því máli ekki vísað heim til löglegrar meðferðar, en dæma skal það að efni til í lögréttu, ef þess er krafist, eða ómerkja dóm úr héraði og vísa málinu frá héraðsdómstóli, ef efni standa til.

27. gr.

1) Báðir aðilar eða allir geta áfrýjað einkamáli, en áfrýjunarmálin skal sameina og flytja í einu lagi fyrir lögréttu.

2) Afsal á rétti til áfrýjunar, hvort heldur er berum orðum eða þegjandi, verður ekki gefið, fyrr en genginn er dómur sá eða úrskurður, sem afsalið á að taka til.

28. gr.

1) Dómsathöfnum, sem ekki sæta kæru eftir 29. gr., má áfrýja innan 3ja mánaða frá dómsuppsögu eða lokum dómsathafnar. Þó skal haldast ákvæði 78. gr. hjúskaparlaga nr. 60/1972 og önnur sérákvæði um áfrýjunarfrest.

2) Áfrýjunarleyfi í málum þeim, sem hinn almenni frestur gildir um, getur dómsmálaráðherra veitt næstu 6 mánuði til viðbótar, enda sé leyfisins getið í áfrýjunarstefnu og hún tekin út á næstu 4 vikum eftir útgáfu leyfis, sem ella er fyrirgert.

3) Gagnáfrýjun er heimil 4 vikur eftir birtingu áfrýjunarstefnu þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn.

4) Ef ríkar ástæður eru til og lögrétta mælir með því, er dómsmálaráðherra heimilt að veita leyfi til áfrýjunar í allt að 2 ár frá dómsuppsögu eða lokum dómsathafnar. Umsögn lögréttu skal gefin af 3 embættisdómurum, sem forseti hennar nefnir til.

29. gr.

1) Kæru til lögréttu sæta:

1. Úrskurðir héraðsdómara í almennu einkamáli um:
   1.1. að víkja ekki sæti,
   1.2. að mál skuli falla niður eða því vísað frá dómi,
   1.3. skyldu vitnis til vitnisburðar, staðfestingu vættis, viðurlög á hendur vitni, vitnaþóknun og önnur atriði, er varða vitnaleiðslu,
   1.4. hæfi mats- og skoðunarmanna, skyldu þeirra til starfans, viðurlög á hendur þeim fyrir vanrækslu í starfi, þóknun þeim til handa og önnur atriði, sem varða matsstarfann,
   1.5. skyldu gagnaðila eða þriðja manns til að leggja fram skjöl eða aðra hluti og viðurlög vegna tregðu til þess,
   1.6. synjun að afla gagna fyrir dómi til tryggingar á sönnun og synjun um öflun gagna erlendis,
   1.7. ákvörðun um tryggingu fyrir málskostnaði,
   1.8 synjun um að taka stefnu gilda vegna ónógrar málsreifunar,
   1.9. synjun að heimila meðalgöngu,

1.10. að frestur skuli veittur,
1.11. réttarfarssektir.
2. Úrskurðir skiptaréttar.
3. Úrskurðir fógetaréttar.
4. Úrskurðir uppboðsréttar.
5. Úrlausnir dómara í þinglýsingarmálum.

2) Einnig er hverjum þeim, sem telur héraðsdómara hafa gert á hlut sinn í dómarastarfi, heimilt að kæra hann til lögréttu. Lögrétta getur veitt dómaranum áminningu og lagt fyrir hann, hvernig með mál skuli fara, ef ekki er genginn í því lokadómur héraðsdóms eða framkvæmd dómsathöfn, sem bindur endi á meðferð héraðsdómara á málinu.

3) Ef áfrýjað er dómsathöfn, sem kæra skyldi eftir þessari gr., skal með farið sem áfrýjunarmál. Þó er lögréttu heimilt að ákveða, að frá þeim degi, sem úrskurður hennar er kveðinn upp þar að lútandi, skuli fara með málið sem kærumál. Áður en slíkur úrskurður gengur, skal aðilum heimilað að tjá sig um þetta atriði.

4) Ef kærð er dómsathöfn, sem áfrýja skal, ber að vísa málinu til meðferðar áfrýjunarmála frá þeim degi, sem úrskurður þar að lútandi er kveðinn upp í lögréttu. Áður en slíkur úrskurður gengur, skal aðilum heimilað að tjá sig um þetta atriði.

30. gr.

1) Sá sem kæra vill dómsathöfn, skal afhenda héraðsdómara kæru, áður en 2 vikur eru liðnar frá uppsögu dómsathafnar, ef hann eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en 2 vikur eru liðnar frá þeim tíma, er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um dómsathöfnina.

2) Þeir sem viðstaddir eru dómsathöfn, geta kært hana með bókun í þingbók, enda eigi þeir aðild.

31. gr.

1) Í kæru sinni skal kærandi greina:
a. dómsathöfn þá, sem kærð er,
b. kröfu um breytingar á henni,
c. ástæður, sem hann reisir kæru sína á.

2) Kæru má styðja með tilvísun til málsatvika, sem hafa ekki áður verið borin fyrir, svo og með nýjum sönnunargögnum. Ef kærandi vill bera fyrir sig nýtt sönnunargagn, skal það nefnt í kæru og tilgreint, hvað ætlunin er að sanna með því. Skriflegt sönnunargagn skal fylgja í frumriti eða staðfestu eftirriti.

3) Kærandi eða umboðsmaður hans skal undirrita kæru.

4) Kærandi skal senda héraðsdómara lögmælt dómgjöld með kæru.

32. gr.

Ef héraðsdómari telur kæru of seint fram komna eða ekki frá henni gengið með lögmæltum hætti, skal hann benda kæranda á þessi atriði, en senda kæruna engu að síður, ef kærandi breytir henni ekki eða afturkallar. Ef héraðsdómari telur kæruna ekki vera reista á neinum haldbærum rökum, getur hann lagt fyrir kæranda, ef gagnaðili krefst þess, að setja tryggingu vegna hugsanlegs tjóns og óhagræðis gagnaðila. Tryggingu skal setja innan 2ja daga frá úrskurði dómara þar að lútandi, ella skal ekki sinna kæru. Bætur til gagnaðila skal ákveða í dómi lögréttu í kærumálinu.

33. gr.

Dómari gefur út, svo fljótt sem kostur er, endurrit í þremur eintökum af öllu, sem skjöl málsins og bækur dómsins hafa að geyma um kæruefnið. Honum er

heimilt að láta fylgja hverju eintaki athugasemdir sínar. Síðan sendir dómari eitt eintakið til lögréttu, en tilkynnir aðilum eða umboðsmönnum þeirra, að þeirra eintök séu tilbúin til afhendingar.

34. gr.

Aðilum er heimilt að afhenda lögréttu skriflegar greinargerðir í kærumáli. Þar má bera fram nýjar málsástæður og sönnunargögn. Tilgreina skal, hvað sanna á með slíku sönnunargagni, og skriflegt sönnunargagn skal fylgja í frumriti eða staðfestu eftirriti. Frestur til greinargerðar er ein vika frá því að endurrit skv. 33. gr. voru tilbúin til afhendingar. Þó skal tekið við greinargerð síðar, ef mál hefur ekki verið dæmt í lögréttu, þegar hún berst. Ef lögrétta telur ástæðu til, skal gefa aðilum máls og héraðsdómara kost á að gera skriflegar athugasemdir innan tiltekins frests vegna greinargerðar.

35. gr.

Ef lögrétta telur ekki frá kæru gengið með lögmæltum hætti, má veita kæranda frest til að bæta úr því, sem ábótavant þykir. Ef kærandi fer ekki eftir leiðbeiningum lögréttu, getur hún vísað kærunni frá.

36. gr.

1) Lögrétta getur gefið aðilum kærumáls kost á að leggja fram frekari gögn um tiltekin atriði.

2) Að jafnaði fer ekki fram málflutningur í kærumálum, en þó getur lögrétta gefið aðilum kost á því.

37. gr.

Lögrétta kveður á um greiðslu kostnaðar af kæru.

38. gr.

Lögrétta kveður upp dóm í kærumáli skv. skjölum þess eða flutningi, ef hann hefur farið fram. Dóm skal kveða upp svo fljótt sem kostur er. Lögrétta skal þegar í stað senda héraðsdómara dóminn.

39. gr.

1) Áfrýjunarstefna skal samin af áfrýjanda eða umboðsmanni hans og afhent þeim, sem hann má gefa út skv. 23. gr. sbr. 21. gr. fyrir lok áfrýjunarfrests eða áður en fjórar vikur eru liðnar frá veitingu áfrýjunarleyfis skv. 2. og 4. mgr. 23. gr.

2) Í áfrýjunarstefnu skal greina:

a. Þann dóm eða dómsathöfn, sem skotið er til lögréttu, og skal dómsorð eða ályktunarorð tekið orðrétt í stefnu.
b. Nöfn áfrýjanda og stefnda og heimili.
c. Í hvaða skyni áfrýjað er og hvaða dómkröfur áfrýjandi gerir.
d. Þingfestingardag.

3) Útgefandi stefnu ákveður þingfestingardaginn með tilliti til þeirra stefnufresta, sem stefndu eiga rétt til skv. lögum um meðferð mála í héraði. Útgefandi undirritar stefnuna.

40. gr.

Ef mál, sem skotið hefur verið til lögréttu innan lögmælts frests, fellur þar niður, það er fellt þar niður eða því er vísað frá dómi, er aðila rétt að skjóta því aftur til lögréttu, þó að áfrýjunarfrestur skv. 28. gr. sé liðinn, enda sé áfrýjunarstefna gefin út að nýju innan 4 vikna frá uppsögu dóms um niðurfellingu máls eða frávísun. Heimild þessari verður aðeins beitt einu sinni um hvert mál.

41. gr.

Ef áfrýjandi vill gera kröfu á hendur dómara um refsingu, skaðabætur eða áminningu, sbr. 9. gr., skal stefna honum fyrir lögréttu.

42. gr.

1) Áfrýjandi skal við þingfestingu leggja fram áfrýjunarstefnu með birtingarvottorði eða árituðu vottorði málflutninsumboðsmanns stefnda um, að fallið sé frá birtingu, svo og skriflega greinargerð. Í henni skal greint frá aðilum, málflutningsumboði, sem má veita fleirum en einum löghæfum manni, kröfum áfrýjanda, nýjum sönnunargögnum, svo og málsástæðum, sem skýra skal frá í stuttu máli. Þar skal þess og getið sérstaklega, ef óskað er eftir því, að munnlegar skýrslur séu gefnar á dómþingi lögréttu og þeir nefndir, sem skýrslu skulu gefa. Þá skal getið um sýnileg sönnunargögn, sem enn er talið að afla þurfi. Staðfestar dómsgerðir úr héraði skal leggja fram þegar er þær liggja fyrir.

2) Nýjum kröfum getur áfrýjandi komið að í lögréttu, ef gagnaðili samþykkir eða lögréttuleyfi fæst til þess, en ekki skal veita slíkt leyfi, nema afsakanlegt þyki, að krafa var ekki gerð í héraði með þeim hætti, sem gert er í lögréttu. Lögrétta skal þegar ákveða með úrskurði, hvort nýjum kröfum megi koma að. Nýjum málsástæðum má koma að í lögréttu, svo og nýjum sönnunargögnum. Aðila er heimilt að leggja fram skriflega aðilaskýrslu, enda komi hún fram við þingfestingu.

3) Stefndi í lögréttu hefur sama rétt og áfrýjandi til að gera nýjar kröfur, bera fram nýjar málsástæður og leggja fram ný sönnunargögn, svo og aðilaskýrslu, sem koma skal fram um leið og greinargerð af hans hálfu. Greinargerð stefnda skal að jafnaði lögð fram ekki síðar en mánuði eftir þingfestingu.

43. gr.

Þegar máli er skotið til lögréttu úr héraði, skal beita 22. gr. laga þessara.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

44. gr.

1) Skjöl skal leggja fyrir lögréttu í 4 eintökum, en 3 þeirra mega vera óstaðfest endurrit. Í kærumálum nægir eitt eintak, nema dómsformaður ákveði annað.

2) Um skjöl, sem lögð eru fram í lögréttu, skal beita 43. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

45. gr.

Ef dómsformaður telur mál torvelt yfirlits, t.d. vegna skjalafjölda, umfangs eða margbreytilegra atvika, er honum heimilt að leggja fyrir aðila eða umboðsmenn þeirra að láta margfalda ágrip dómsgerða, skjalaskrá með eða án efniságripa eða skrá um, hvar í skjölum málsins er vikið að framkomnum málsástæðum. Dómsformaður mælir nánar fyrir um skrár þessar og hvor eða hver aðila skuli gera þær að öllu eða nokkru. Sá aðili, sem slíka skrá gerir, greiðir kostnaðinn um sinn, en taka skal tillit til hans við ákvörðun málskostnaðar.

46. gr.

1) Formaður dóms skal leita sátta í einkamáli, sem kemur fyrir lögréttu, svo og í opinberu máli, ef það er heimilt að lögum. Telji hann ljóst, að sáttatilraun sé tilgangslaus, má hann fella hana niður. Ekki varðar það frávísun í Hæstarétti, þótt sátta sé ekki leitað eftir þessari málsgrein.

2) Dómarar í lögréttu skulu ekki veita aðilum upplýsingar til leiðbeiningar þeim um lögfræðileg atriði. Ef sýnt þykir, að ólögfróður aðili, sem flytur sjálfur mál sitt, geti orðið fyrir verulegum réttarspjöllum vegna kunnáttuleysis síns, ber dómsformanni að benda honum á, að hann þurfi aðstoð. Ef sérstaklega stendur á, getur dómsformaður með atbeina forseta lögréttunnar gert ráðstafanir til, að embættisdómari, sem ekki dæmir í því máli, veiti aðila leiðbeiningar með sama hætti og dómari í héraði, eða að skrifstofustjóri lögréttunnar geri það.

47. gr.

1) Ef ætla má, að formgallar kunni að vera á máli, skal um það fjallað í upphafi málsmeðferðar. Gefa skal aðilum eða lögmönnum þeirra kost á að tjá sig um þetta atriði, ef dómurinn telur ástæðu til. Bóka skal kröfur þeirra. Síðan skal dómurinn kveða upp úrskurð, ef hann hafnar fram kominni frávísunarkröfu, en dóm, ef hann tekur hana til greina. Þó skal heimilt að fresta ákvörðun um frávísunarkröfu, ef það þykir hentugra vegna sambands form- og efnishliðar máls. Úrskurður um, að máli skuli ekki vísað frá dómi, bindur ekki lögréttuna, þegar ljúka skal máli með dómi, ef nýjar upplýsingar hafa komið fram um atriði, sem lögð voru til grundvallar í úrskurðinum.

2) Ef frávísunardómur lögréttu er að öllu eða nokkru felldur úr gildi í Hæstarétti, skal lögréttan taka málið til efnismeðferðar að nýju, þegar þess er krafist af aðila.

48. gr.

1) Veita skal fresti til gagnaöflunar, ef þörf er á og óskað er eftir. Ber báðum aðilum að nota sama frest jöfnum höndum, eftir því sem við verður komið. Telji dómendur, að meðferð máls hafi dregist úr hömlu af völdum aðila eða lögmanna þeirra, mega þeir þar synja um frest, þó að aðilar séu sammála um hann.

2) Dómendur skulu fylgjast með máli, leitast við að skýra það með spurningum og benda aðilum eða lögmönnum þeirra á að afla gagna, eftir því sem þeir telja tilefni til. Í einkamálum ákveða aðilar sjálfir, hverjar málsástæður þeirra eru og hvaða sönnunargögn þeir bera fram. Hið sama gildir um handhafa ákæruvalds í opinberum málum.

49. gr.

1) Að lokinni öflun gagna ákveða dómendur, hvort mál skuli flutt munnlega eða skriflega. Að jafnaði skal mál flutt munnlega, nema dómendur telji það skýrast betur með skriflegum flutningi eða sérstaka hættu vera á, að munnlegur flutningur geti ekki farið fram á viðunandi hátt af öðrum ástæðum.

2) Málflutningur fer fram á dómþingi, hvort sem um er að ræða munnlegan flutning eða framlagningu skjala í skriflegum flutningi. Dómsformaður stýrir flutningi og gætir þess, að hann sé sem gleggstur og hóflega langur. Allir dómendur geta beint spurningum til þeirra, sem mál flytja. Ef aðilar eru sjálfir viðstaddir flutning, mega þeir taka til máls einu sinni hver eftir nánari ákvörðun dómsformanns, og beina má spurningum til þeirra. Annars má við flutning máls flytja tvær ræður af hálfu hvers aðila, sem hefur sérstakan málflutningsmann, eða leggja fram tvö málflutningsskjöl innan frests, sem dómsformaður ákveður. Í málflutningi skal skýra kröfur aðila, málsástæður og lagarök.

50. gr.

1) Í einkamálum mega dómendur ekki fara út fyrir kröfur aðila í dómum sínum eða úrskurðum nema um atriði sé að tefla, sem þeir skulu taka til greina af sjálfsdáðum. Ef krafa er ekki gerð í stefnu (framhaldsstefnu), skal vísa henni frá dómi, nema gagnaðili samþykki, að hún komist að. Þetta skal einnig gilda um

hækkanir á kröfu og aðrar breytingar kröfugerðar gagnaðila í óhag. Ekki mega dómendur heldur byggja dóm sinn eða úrskurð á málsástæðu eða mótmælum, sem ekki hafa komið fram, þótt svo hefði getað verið. Telji dómendur, að af skjölum málsins megi sjá, að atvik hafi gerst, er hefði mátt bera fram sem málsástæðu án þess það hafi verið gert, mega þeir byggja dóm á þessum atvikum, ef þeir telja ljóst, hver þau voru og aðilar hafi ekki óskað að fram hjá þeim væri horft. Ef dómendur telja ella, að veruleg réttarspjöll verði, ef ekki er tekið tillit til slíkra atvika, geta þeir bent aðilum á þau og gefið þeim kost á að flytja málið á grundvelli þeirra.

2) Ef dómendur telja eftir dómtöku, að verulega bresti á upplýsingar um málavexti, málsástæður eða kröfur, er þeim heimilt að gefa aðilum kost á að bæta úr því, ef réttarspjöll yrðu ella veruleg. Slík endurupptaka eftir dómtöku skal þó ekki fara fram, ef ljóst er, að hún myndi raska grundvelli málsins verulega, en heimilt er að vísa málinu frá dómi vegna vanreifunar, ef þannig stendur á og það þykir sanngjarnt eftir atvikum. Ef endurupptaka fer fram eftir þessari málsgrein, skal hún framkvæmd með bókun á dómþingi og gefa skal aðilum kost á að flytja málið á ný, nema ekkert það hafi komið fram, sem gefi tilefni til frekari skýringa.

3) Í opinberum málum má ekki dæma sökunaut fyrir aðra hegðun en þá, sem í ákæruskjali greinir, né dæma aðrar kröfur á hendur honum. Þó má dæma honum áfall, þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari, að vörn verði ekki áfátt þess vegna. Dómari getur gefið sökunaut, verjanda og sækjanda, færi á því að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Undir sama skilorði má dæma eftir öðrum refsiákvæðum en greind eru í ákæru.

4) Ef dómendur hafa bent aðilum eða lögmönnum þeirra á að afla gagna, en því hefur ekki verið sinnt, má að loknum flutningi vísa málinu frá dómi eða skýra viðbrögð gagnaðila í hag, eftir því sem við þykir eiga eftir málavöxtum. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki, ef ábendingu hefur verið beint að sökunaut í opinberu máli eða verjanda hans.

51. gr.

1) Þegar lögrétta er fjölskipaður dómur, skal halda dómarafundi eftir þörfum utan þinghalda fram að dómtöku. Dómsformaður boðar fundina og stýrir þeim.

2) Eftir dómtöku skulu dómendur ræða málið á fundum. Dómsformaður boðar fundi og stýrir þeim. Hann skal með spurningum til dómenda leitast við að fá fram skoðanir þeirra og gera síðan munnlega tillögu um meginatriði dóms. Að því búnu skal sá af dómendum sem dómsformaður kveður til, semja skrifleg frumdrög dóms, sem leggja skal fyrir dómendur. Að lokinni umræðu þeirra um frumdrögin skal ganga til atkvæða um úrskurðinn eða dóminn. Dómsformaður ákveður, hvernig því skuli hagað, en meirihluti dómenda getur hnekkt ákvörðun hans. Ef meirihluti er fyrir niðurstöðu en ekki forsendum, skal niðurstaðan verða dóms- eða úrskurðarorð. Fáist ekki meirihluti í opinberu máli eða öðru refsimáli um refsingu, skal telja atkvæði þau, sem hagstæðust eru sökunaut, með næsthagstæðustu atkvæðunum, þar til meirihluti hefur fengist. Fáist ekki meirihluti í dómsmáli um fjárhæð bóta, skal telja atkvæði þau, sem hagstæðust eru bótakrefjanda, með næsthagstæðustu atkvæðunum, þar til meirihluti hefur fengist. Dómsformaður telur atkvæði og ræður afl atkvæða úrslitum. Dómendur, sem standa að niðurstöðu þeirri, sem verður dómur eða úrskurður, ganga í sameiningu frá dómi eða úrskurði. Ef dómari hefur greitt atkvæði með heimvísun máls, ómerkingu eða frávísun, en orðið í minnihluta, skal hann greiða atkvæði um efni málsins, eftir því sem við á. Sératkvæði geta allir dómendur látið fylgja dómi, hvort sem þeir eru sammála niðurstöðu hans eða ekki. Dómi eða úrskurði geta dómendur einnig látið fylgja stutta munnlega athugasemd, sem bera skal fram við uppsögu og bóka í þingbók.

52. gr.

Efni dóms eða úrskurðar, þ. á m. um aðfararfrest, má vera það, sem lög mæla fyrir um varðandi héraðsdóma og úrskurði, sbr. og 26. gr. um áfrýjanir og kærur úr héraði.

53. gr.

Úrskurðir lögréttu skulu vera skriflegir. Þar skal greina niðurstöðu án forsendna. Úrskurði má skrá í þingbók.

54. gr.

1) Dómar lögréttu skulu vera skriflegir og í þeim vera dómsorð ásamt forsendum.

Í forsendum skal greina:

a. Nöfn, heimili og nafnnúmer aðila.
b. Númer máls skv. þingbók lögréttu.
c. Stað og stund, þegar dómur er kveðinn upp í lögréttu.
d. Dómtökudag og stað, ef hann er ekki aðsetursstaður lögréttu.
e. Nöfn dómenda, hver dómsformaður er og starfsheiti meðdómenda.
f. Fyrri úrskurði og dóma um atvik málsins bæði í héraði, lögréttu og Hæstarétti, eftir því sem við á.
g. Kröfur aðila og annarra.
h. Málsástæður í megindráttum, svo og önnur atvik, ef þess þykir þörf vegna samhengis.
i. Lagarök aðila í stuttu máli.
j. Rökstudda niðurstöðu dóms um sönnunaratriði.
k. Rökstudda niðurstöðu dóms um lagaatriði.
l. Réttarfarssektir og bætur vegna málsmeðferðar.
m. Í opinberum málum skal geta skilorðs, refsikenndra viðurlaga og vararefsingar.
n. Máls- og sakarkostnað.

Um f—m má vísa til héraðsdóms, eftir því sem við á.

2) Í dómsorði skal greina:

a. Sýknu, þegar sýknað er með öllu af efniskröfum.
b. Aðalniðurstöðu máls, þ. á m. það, sem fullnægja skal með aðför.
c. Aðildareið.
d. Aðfararfrest, nema óþarft sé að lögum.

55. gr.

1) Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er að loknum málflutningi. Dómsorð eða úrskurðarorð skal þá lesið í heyranda hljóði á dómþingi.

2) Um birtingu dóms í opinberum málum fer eftir ákvörðun saksóknara.

56. gr.

1) Um réttaráhrif og sönnunargildi ákvarðana lögréttu fer eftir ákvæðum um ákvarðanir héraðsdómstóla, en ákvarðanir lögréttu ganga fyrir þeim.

2) Innan 3ja mánaða frá dómsuppsögn getur aðili óskað leiðréttinga á því, sem segir í forsendum dóms um atvik eða lagarök. Dómsformaður í málinu skal, ef hann telur koma til greina að gera breytingar á dómi um þessi atriði, leita álits annarra aðila og setja þeim frest til svara. Síðan geta dómendur í málinu breytt dómi eftir ósk aðila. Ákvörðun dómenda um synjun á breytingu eða um efni breytinga skal dómsformaður tilkynna aðilum eða umboðsmönnum þeirra á dómþingi eða með stefnuvottum. Ákvörðuninni verður ekki skotið sérstaklega til Hæstaréttar.

3) Um málskot til Hæstaréttar fer eftir hæstaréttarlögum.

57. gr.

1) Forseti lögréttunnar hlutast til um, að samdar séu ársskýrslur um starfsemi hennar. Dómsmálaráðherra skal kveða á um gerð skýrslnanna í reglugerð, eftir að leitað hefur verið umsagna lögréttunnar og Hagstofu Íslands.

2) Forseti lögréttunnar hlutast til um, að dómsmálaráðherra og allsherjarnefndum Alþingis séu gefnar skýrslur um starfsemi lögréttunnar og einstök dómsmál, sem hún fjallar um eða hefur fjallað um, ef þessir aðilar beiðast slíkra upplýsinga.

3) Dómsmálaráðherra er heimilt að gefa út eða semja við aðra um að gefa út árbækur lögréttunnar, þar sem m. a. má birta dóma, sem þykja hafa sérstaka þýðingu, ásamt öðrum upplýsingum um mál, svo sem um gerðardómsmeðferð, og skýringar á dómum.

4) Óheimilt er að birta opinberlega nöfn aðila í barnsfaðernismálum, hjúskaparmálum, málum um vefengingu faðernis og öðrum málum, sem mjög varða friðhelgi einkalífs að mati forseta lögréttu. Einnig er óheimilt að birta opinberlega nöfn þeirra, sem verða fyrir broti, er fjallað er um af lögreglu eða dómstólum. Viðkomandi menn geta heimilað birtingu nafna sinna eða fyrirtækja og stofnana. Nöfn, sem ekki má birta opinberlega skv. þessari málsgrein, skulu ekki koma fram í endurritum dóma, sem afhent eru öðrum en þeim, er rétt eiga til að fá endurrit allra skjala máls skv. 11. gr.

58. gr.

Um endurupptöku dæmdra mála í lögréttunni fer eftir lögum um málsmeðferð í héraði að breyttu breytanda.

VI. KAFLI
Gildistaka o. fl.

59. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

60. gr.

1) Ákvæði 2. gr. laga þessara um fjölda embættisdómara skulu koma til framkvæmda, þegar lög þessi öðlast gildi. Þó er dómsmálaráðherra heimilt að fresta skipun allt að 5 dómara til 1. janúar 1985.

2) Þegar embættisdómarar í lögréttu eru skipaðir í fyrsta sinn, skal umsagnarnefnd eftir 5. gr. laga þessara skipuð 5 mönnum, er dómsmálaráðherra nefnir til. Í stað fulltrúa lögréttu kemur þá lögfræðingur tilnefndur af Hæstarétti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Réttarfarsnefnd hefur samið frumvarp þetta. Er frumvarpið lagt fram eins og það kom frá réttarfarsnefnd, að því undanskildu að breytt hefur verið ákvæðum 2., 3. og 4. gr. svo sem nánar greinir í athugasemdum við þær greinar. Frumvarpinu fylgdi svohljóðandi greinargerð frá réttarfarsnefnd:

Réttarfarsnefnd hefur um nokkurra ára skeið unnið að frumvörpum um lögréttu og um breytingar á eml. (einkamálalögunum, þ. e. lögum um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936). Frumvörp um þessi efni voru lögð fram á Alþingi vorið 1976 í fyrsta sinn. Síðan hafa þau verið lögð fram tvívegis, síðast á 99. löggjafarþingi 1977—78. Nokkrar breytingar voru gerðar á frv. á þessum tíma. Lögréttufrumvörpin er að finna á þingskjölum nr. 660 1975—76, nr. 287 1976—77 og nr. 365 1977—78. Frumvarpið, sem fyrst var lagt fram, kom ekki til umræðu, en á þinginu 1976—77 kom lögréttufrumvarpið til 1. umræðu í Efri deild. Var það 31. janúar 1977, sbr. Alþingistíðindi 1976—77, umræður d. 1713. Á 99. löggjafarþingi 1977—78

var frumvarpið afgreitt frá Efri deild og kom til 1. umræðu í Neðri deild, sbr. Alþingistíðindi þess þings, umræður, d. 2749, 4336, 4397 og 4438. Í samráði við dómsmálaráðherra hefur réttarfarsnefnd nú endurskoðað lögréttufrv., svo og frv. sitt um breytingar á eml. og um breytingar á lögum nr. 52/1970 um eftirlit með skipum, sem fylgir frv. um breytingar á eml.

Réttarfarsnefnd gerir sem fyrr þá tillögu, að stofnaður verði nýr dómstóll, sem nefndin leggur til, að kallist lögrétta. Skal lögrétta aðallega starfa í Reykjavík og umdæmi hennar vera landið allt, en þó má halda regluleg dómþing og aukadómþing annars staðar. Í fyrri gerðum frv. var lagt til, að lögrétturnar yrðu tvær, önnur í Reykjavík, en hin á Akureyri. Lögréttan skal fjalla um hin stærri mál sem fyrsta dómsstig, en um önnur mál sem annað dómsstig. Ætti þá yfirleitt ekki að mega skjóta málinu til Hæstaréttar. Ef frv. verður að lögum, yrðu dómsstig hérlendis þrjú, en hvert mál gæti þó að jafnaði aðeins farið fyrir tvö þeirra. Er þetta sami háttur og tíðkast í Danmörku. Í Svíþjóð byrja öll mál í héraði, og þaðan má skjóta málum til millidómsstigs. Í nokkrum, en þó fáum, tilvikum geta mál gengið þaðan til Hæstaréttar. Í Noregi og Finnlandi geta flest mál farið fyrir 3 dómsstig.

Umbætur í dómsýslu hafa lengi verið til umræðu meðal almennings og lögfræðinga. Ýmsar réttarbætur hafa verið í lög leiddar á síðustu árum. Réttarfarsnefnd telur, að stofnun lögréttu myndi mjög auka réttaröryggi í landinu með meiri aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdavalds og jafnframt stuðla að hraðari meðferð dómsmála.

Réttarfarsnefnd hefur reynt að áætla kostnað af stofnun lögréttu og breytingum á dómsmálakerfinu af því tilefni.

Dómsmálum mun ekki fjölga við það eitt að stofnuð verði lögrétta í landinu. Rök fyrir fullyrðingu í þá átt eru engin. Þó er hinu ekki að leyna, að kostnaður getur aukist við meðferð málanna. Réttarfarsnefnd telur ólíklegt að unnt verði að bæta ástandið og hraða afgreiðslu dómsmála að óbreyttu dómstólakerfi nema með einhverri fjölgun dómara og annarra starfsmanna við dómsýsluna. Þó má ætla, að það myndi horfa til fljótari afgreiðslna, ef lögfestar væru þær breytingar einar, sem réttarfarsnefnd gerir tillögur um í frumvarpi um breyting á einkamálalögunum frá 1936. Líkur benda til þess, að stofnun lögréttunnar myndi leiða til þess, að fjölga yrði fólki eitthvað umfram það, sem vera myndi að óbreyttu kerfi. Stafar þetta einkum af því, að þrír menn sætu oftast í dómi, sem er mikilvægt réttaröryggisatriði. Þá myndi það og leiða til útgjalda, að hinn nýi dómstóll þyrfti húsnæði, sem vafasamt er, hvort hagræðing hjá héraðsdómsembættum kæmi á móti. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að embættisdómarar í lögréttu verði 15. Að sjálfsögðu myndi mega fækka mönnum við ýmsa héraðsdómstóla verulega, ekki síst í Reykjavík. Réttarfarsnefnd hefur reynt að áætla fjölda lögréttumála á grundvelli þeirra upplýsinga um málafjölda, sem finna má í dómsmálaskýrslum Hagstofunnar. Niðurstöðurnar eru háðar mörgum óvissuþáttum, og þykir því nægja að taka hér fram, að nefndin telur líkur til, að árlegur fjöldi einkamála á næstunni verði um 600 (þar af um 100 áfrýjanir) og árlegur fjöldi opinberra mála um 100 (þar af um 50 áfrýjanir). Ef þetta væri rétt, þyrftu dómarar í lögréttu sennilega að vera a. m. k. 15 að tölu eins og þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Á móti mætti ef til vill fækka borgardómurum, sakadómurum og öðrum héraðsdómurum um allt að 10 manns.

Um leið og ofanskráð er sagt um kostnað við að stofna lögréttu hér á landi í samræmi við þetta lagafrumvarp, verður þess að minnast, að fjölgun starfsmanna við dómstólana er hvort sem er óhjákvæmileg og að bæði öruggari og greiðari meðferð mála ætti að fást, ef frumvarpið verður lögfest. Skal þetta nú rökstutt nokkuð.

Í tillögum sínum hefur réttarfarsnefnd aðallega stefnt að tvennu sem fyrr segir:

Hraðari meðferð dómsmála.

Meiri aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdavalds.

Fyrra atriðið, hraðari málsmeðferð, hefur verið aðalefni þeirra umræðna, sem fram hafa farið að undanförnu í fjölmiðlum um dómsýslu í landinu.

Leikur ekki á tveim tungum, að dómstólameðferð nær tilgangi sínum best, ef hún tekur stuttan tíma. Oft eru mál hluti af fjármálaviðskiptum í atvinnurekstri eða milli einstaklinga, og er það oftast báðum aðilum til óhagræðis og stundum verulegs fjártjóns, ef það dregst að fá úrslit þrætu þeirra. Þó að mál snúist um annað en viðskipti, gildir langoftast hið sama. Síðara atriðið, meiri aðskilnaður dómsvalds og framkvæmdavalds, er einnig stórt réttaröryggismál. Hefur það oft verið rætt, m. a. hafa komið fram tillögur á Alþingi, er mótast hafa af þessu sjónarmiði. Í greinargerð um þingsályktunartillögu Björns Fr. Björnssonar o. fl. á Alþingi 1965—6 sagði m. a.: „Í þjóðfélögum, sem búa við réttarfar bundið vestrænum réttarreglum og réttarvitund, þykir eigi fara vel saman, að dómendur hafi einnig á hendi umsvifamikil umboðsstörf. Af þeirri sök hefur stefnan verið sú að draga sem mest úr hendi dómenda umboðsleg embættisstörf og búa þannig að dómstólunum, að þeir hafi sem óháðasta og traustasta aðstöðu við úrlausn dómsmála." — Væntanlega efast fáir um, að æskilegt sé að reyna að ná þeim tveimur meginmarkmiðum, sem réttarfarsnefnd hefur stefnt að með tillögum sínum.

Hitt er vissulega mjög vafasamt og jafnframt umdeilanlegt, hvernig best sé að ná þessum markmiðum. Til greina kemur fjölgun starfsliðs, bætt húsnæðisaðstaða og tækjabúnaður. Réttarfarsnefnd telur, að allt mundi þetta stuðla að auknum hraða í meðferð dómsmála, en það er ekki í verkahring nefndarinnar að fjalla nánar um þessi atriði. Ábendingar hafa komið fram um, að óheppilegt væri, hve lítill hluti af störfum ýmissa dómara dómstörfin væru. Ef tillögur réttarfarsnefndar ná lögfestingu, myndi fyrir þetta girt varðandi viðameiri mál. Þá er að geta samgönguerfiðleika og framkvæmdaerfiðleika við að ná til aðila og vitna. Vissulega má segja, að þetta verði ekki auðveldara, ef öll mál, er verulega kveður að, eru sett í hendur dómstóls, sem aðallega starfar í Reykjavík. Þess er þó jafnframt að geta, að í frumvarpi um breytingar á einkamálalögunum er gert ráð fyrir svonefndum aðalflutningi mála og að þá komi fram allar eða flestar munnlegar skýrslur. Myndi þetta bæta skipulagið á þessu sviði og leiða til þess, að menn væru betur undir það búnir en nú mun oft vera að koma fyrir dóm til að gefa skýrslur. Ýmsar tillögur nefndarinnar um breytingar á málsmeðferð ættu að leiða til meiri hraða í meðferð fyrir dómstólunum, t. d. stytting dóma o. fl.

Loks er þess að geta, að það skiptir nokkru, að málafjöldi fyrir Hæstarétti er nú svo mikill, að veruleg töf verður oft á því, að mál séu flutt og dæmd. Þetta myndi vafalaust breytast, ef lögrétta yrði sett á stofn.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er nú lagt til, að lögrétta verði ein, en í fyrri gerðum var tillaga um tvær lögréttur, í Reykjavík og á Akureyri. Breytingin er vegna þess, að nú er lagt til, að dómþing geti verið víðar en á þessum tveimur stöðum og er ekki ástæða til að lögréttuþing á Akureyri hafi sérstöðu. Að gefnu tilefni frá dómsmálaráðuneytinu hefur réttarfarsnefnd á ný kannað, hvort grundvöllur sé til að hafa í lögunum ákvæði um föst dómþing utan Reykjavíkur. Niðurstaðan hefur orðið sú að hafa heimildarákvæði hér að lútandi, en ekki þykir unnt að tiltaka í lögunum, að þing skuli halda á tilteknum stöðum á tilteknum tímum. Er málafjöldi ekki slíkur, að til sliks sé ástæða.

Um 2. gr.

Talsverð stjórnunarstörf leggjast á forseta lögréttunnar. Reynir oft á frumkvæði hans og skipulagshæfileika. Er rétt að nýta þekkingu og hæfileika dómenda lögréttunnar með því að gefa þeim kost á slíku forystuhlutverki með vissu millibili. Tillögur í þessa átt hafa komið fram frá dómurum við borgardómaraembættið í Reykjavík og eru í samræmi við þær reglur sem nú gilda um Hæstarétt.

Í gerð réttarfarsnefndar var greinin orðuð þannig:

„Í lögréttumálum dæma embættisdómarar og í sumum málum meðdómsmenn. Embættisdómarar eru forseti lögréttunnar, varaforseti og lögréttudómarar, og skulu þeir vera allt að 15 að tölu eftir ákvörðun forseta Íslands að fengnum tillögum dómsmálaráðherra. Forsetinn skipar dómarana með sama hætti."

Réttarfarsnefnd telur, að veruleg stjórnunarstörf muni leggjast á forseta lögréttunnar. Álítur meirihluti nefndarinnar að af þeim sökum sé ekki heppilegt, að forsetinn sé kosinn til skamms tíma. Um það hafa þó komið fram tillögur frá dómurum.

Nokkur óvissa er um, hvort 15 embættisdómarar fái annað verkefnum lögréttunnar.

Um 3. gr.

Lagt er til að aðalreglan verði sú að einn embættisdómari skipi dóm í lögréttu þegar hún fer með mál á fyrsta dómsstigi. Er þetta í samræmi við núgildandi reglur um meðferð dómsmála á fyrsta dómsstigi og felur auðvitað í sér sparnað og e. t. v. aukinn hraða miðað við að þrír dómendur sætu í dómi.

Í gerð réttarfarsnefndar var greinin orðuð þannig:

1) Einn eða þrír embættisdómarar sitja í dómi hverju sinni og nefnir forseti lögréttunnar menn í dóm í hverju máli. Þegar lögréttan er annað dómsstig, skulu þrír embættisdómarar vera í dómi. Hið sama er, þegar lögréttan er fyrsta dómsstig, þegar einkamál er tekið til aðalflutnings og þegar fjallað er um opinbert mál, sem ákæra hefur verið gefin út í. Þó er heimilt, að einn embættisdómari skipi dóm, þegar lögréttan er fyrsta dómsstig og svo stendur á, sem sagt var, ef úrslit einkamáls eru hvorki mikilvæg frá almennu sjónarmiði né varða sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila, eða refsing, sem legið getur við broti sem fjallað er um í opinberu máli, er ekki þyngri en sektir, varðhald eða tveggja ára fangelsi. Forseti ákveður samkvæmt framansögðu, hvort einn eða þrír embættisdómarar skipi dóm. Ef mál er umfangsmikið, getur hann ákveðið, að embættisdómari, sem ekki dæmir í máli að forfallalausu, hlýði á málflutning og taki sæti í dómi, ef embættisdómari forfallast. Dómsformaður stjórnar meðferð máls. Miða skal við, að sem fyrst fáist niðurstaða. Á dómþingum og dómarafundum má enginn taka til máls nema með leyfi dómsformanns.

2) Þegar lögréttan er fjölskipuð, er forseti hennar dómsformaður, ef hann situr í dómi, ella varaforseti. Ef hvorugur þeirra er í dómi, er sá formaður hans, sem forseti lögréttunnar nefnir til.

Athugasemdir réttarfarsnefndar við 3. gr.

Í 3. gr. segir um skipan dóms hvert sinn. Er ráðgert, að aðalreglan verði sú, að dómendur verði 3, svo sem lagt var til, þegar frv. þetta kom fyrst fram. Á þinginu 1977—78 var að vísu lagt til, að einn dómari sæti í lögréttu, þegar hún væri fyrsta dómsstig, en frá þeirri tillögu, sem sett var fram í sparnaðarskyni, vill réttarfarsnefnd nú hverfa. Er nefndin þeirrar skoðunar, að í því felist verulegt réttaröryggi, að dómendur séu þrír. Þess er þó ekki alltaf brýn þörf, og eru því í núverandi gerð frv. nýjar undanþáguheimildir um þetta atriði. Er þar stuðst við reglur um það, hvenær 3 megi dæma mál í Hæstarétti, og er höfð hliðsjón af orðalagi hæstaréttarlaga bæði fyrir og eftir breytingu 1979.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er heimilað að setja menn til dómstarfa, ef óhjákvæmilegt er. Ef maður er settur til tiltekins tíma, tekur hann laun eins og aðrir embættisdómarar, en sé hann settur til meðferðar einstaks máls, fær hann þóknun fyrir það. Er þetta önnur aðferð en tíðkanleg er nú í Hæstarétti, þar sem settir dómarar munu ætíð fá greitt fyrir hvert mál, einnig þegar setning stendur nokkurn tíma.

Í gerð réttarfarsnefndar var gert ráð fyrir svohljóðandi 2. málsgrein:

2) Ef bæði forseti lögréttunnar og varaforseti forfallast, setur dómsmálaráðherra mann úr hópi annarra embættisdómara við lögréttuna til að gegna forsetastarfinu. Skal það að jafnaði gert, ef forföll standa lengur en viku.

Sagði svo í athugasemdum nefndarinnar: Skv. 2. mgr. skal setja mann til að sinna lögréttustarfi í lögréttu, ef forföll forseta og varaforseta standa viku eða lengur. Þetta hefur valdið nokkrum vafa við aðra dómstóla.

Um 5. gr.

Skilyrði til að fá skipun sem embættisdómari í lögréttu eiga skv. 5. gr. að vera að mestu hin sömu og hæstaréttardómaraefni þurfa að fullnægja, sbr. 5. gr. laga nr. 75/1973. Það er nýmæli, tekið upp í samræmi við tillögur, er fram hafa komið í umræðum um dómaskipanina, að leita skuli umsagnar um umsækjendur hjá sérstakri nefnd. Umsögnin er ekki bindandi. Gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðherra setji reglur, m. a. um val fulltrúa héraðsdómara (t. d. um fresti til að skila tilnefningum, stjórn kosningar o. s. frv.). Þá getur ráðherrann sett reglur um afleiðingar þess, að nefndarmenn eru ekki tilnefndir, um varamenn og um starfshætti nefndarinnar, t. d. fresti til að skila álitsgerðum.

Um 6. gr.

Í 6. gr. eru ákvæði um, hvernig lögréttudómurum verði vikið úr starfi, og er það byggt á 35. gr. einkamálalaganna.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er heimild til að kveðja til sérfróða meðdómendur. Hliðstæðar heimildir eru nú í 200. gr. einkamálal. og 5., sbr. 8.—14. gr. laganna um meðferð opinberra mála. Engin heimild er nú til að kveðja sérfróða meðdómendur til starfa í Hæstarétti. Í frv. er ekki gert ráð fyrir, að mönnum sé skylt að taka að sér meðdómendastörf í lögréttunum, og er það önnur regla en er í 8. gr. laga um meðferð opinberra mála. Að vísu er hugsanlegt, að erfitt verði að fá hina hæfustu menn, ef starfið er ekki borgaraleg skylda, en þó þykir illa eiga við að knýja menn til dómsstarfa, sem þeim af einhverjum ástæðum er óljúft að sinna. — Hin almennu skilyrði, sem tilgreind eru í frumv. eru hin sömu og í 9. gr. laga um meðferð opinberra mála, en þó er þess ekki krafist, að meðdómandi hafi óflekkað mannorð. Er það hugtak nú lítt notað í lögum. Hitt er sjálfsagt, að formaður dóms gæti þess, að hinir sérfróðu meðdómmenn séu valinkunnir. — Með orðinu **málsástæðu** er átt við fullyrðingu um staðreynd, sem aðili byggir kröfu sína á. Þessi merking orðsins er ekki föst í lagamáli því að stundum eru lagarök einnig talin til málsástæðna, en merkingin, sem hér er notuð, þykir henta best. Með orðinu **aðila** er átt við þann, sem gerir dómkröfu eða sem slíkri kröfu er beint að. Sá sem er þátttakandi til réttargæslu er **ekki** aðili skv. þessari skilgreiningu. Ef hann gerir kröfu eða kröfu er beint gegn honum, sem telja verður að sé ranglega gert skv. núgildandi réttarreglum, verður þó að telja hann aðila, meðan ákvörðun dómsins um kröfuna liggur ekki fyrir. Réttast er að vísa slíkum kröfum strax frá dómi.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er fjallað um hæfi til meðferðar einstaks máls, skal fara um það atriði eftir sömu reglum og í Hæstarétti, sbr. 6. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973.

Um 9. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Í 10. gr. er mælt fyrir um annað starfslið en dómara. Er ákvæðið nægilega rúmt til að skipa eða ráða mætti löglærða aðstoðarmenn, ef heimild væri til þess í fjárlögum. Ástæða þætti til að gera það að skilyrði nú, að skrifstofustjóri lögréttunnar hefði lagapróf, en lögfræðingur í þessu starfi gæti unnið störf, sem ólöglærður skrifstofustjóri gæti ekki, t. d. gefið út stefnur og leiðbeint aðilum, ef þess er brýn þörf, sbr. 46. gr. 2. mgr.

Um 11. gr.

Í 11. gr. eru fyrst ákvæði um bækur þær, sem halda skal í lögréttu, og um málaskrá. Ekki þykir ástæða til að hafa sérstaka atkvæðabók, svo sem er í Hæstarétti, en sératkvæði ætti að sjálfsögðu að færa í dómabók. Gerðabók er ætluð til að skrá í hana athafnir, sem ekki eru dómsathafnir, t. d. um skipan dóms, sbr. 3. og 7. gr. Vegna þróunar í skrifstofutækni þykir rétt, að rúm heimild sé fyrir dómsmálaráðherra til að setja reglur um gerð bókanna og málaskránna, m. a. að þær megi vélrita. Breyting á einkamálal. varðandi hljóðritanir hefur nýlega verið gerð.

Í síðari málsgr. 11. gr. segir, hverjir eigi rétt á endurritum eða ljósritum úr bókum eða af öðrum gögnum lögréttu. Hér er komið að allmiklu álitamáli. Í 44. gr. einkamálal. segir, að dómara sé skylt að láta „viðkomendur" fá staðfest eftirrit. Ekki er orðið „viðkomendur" skýrt í lögunum eða greinargerðinni, sem kom fram um þau í upphafi. Reglurnar gilda einnig um opinber mál, sbr. 19. gr. 2. mgr. laganna um meðferð opinberra mála. Þess munu dæmi, að vafi hafi verið um, hvort verða ætti við ósk um afhendingu dóms og skjala, einkum frá sakadómi. Ekki er unnt að segja, að um þetta hafi myndast glöggar venjureglur. Í Danmörku gildir um þetta atriði 41. gr. réttarfarslaganna, og er meginreglan sú, að rétt til að fá endurrit eiga aðilar og aðrir, sem „deri har retlig interesse". Nánari reglur eru um þetta í lögunum og venjur hafa myndast. Í 135. gr. norsku laganna um meðferð einkamála segir, að aðilar geti kannað bækur dómstóla og skjöl mála og fengið endurrit. Hið sama gildir um aðra, þegar báðir aðilar samþykkja eða um lögvarða hagsmuni er að ræða. Allir geta krafist endurrits úr bókum dómstóla um það, sem í þær er skráð um þinghöld fyrir opnum dyrum, svo og um þinghöld fyrir luktum dyrum, þegar síðar er heimilað að birta það. Skv. norsku lögunum um meðferð opinberra mála, 131. gr., er það meginreglan, að aðilar og aðrir, sem það skiptir máli, geta fengið endurrit úr bókum og skjölum. Þær dönsku og norsku reglur, sem hér hafa verið raktar, sýnast einnig gilda um dómana sjálfa. — Í frv. þessu er lagt til, að dómar séu öllum aðgengilegir, þó að stundum skuli halda nöfnum leyndum, þ. e. þegar um einkamálefni er að ræða, sbr. 57. gr. 4. mgr. Reglan um að allir geti fengið endurrit dóma, er í samræmi við það sjónarmið, að dómstólarnir skuli viðhafa opinbera málsmeðferð og fá þannig nauðsynlegt aðhald. Það sýnist hins vegar vafasamt, að hið síðara eigi við um skjöl og færslur í bækur dómstólsins. Ekki hefur þótt ástæða til að taka upp sams konar reglu og gildir í Noregi, að öllum sé heimilt að fá endurrit um opin réttarhöld. Þess vegna munu t. d. blaðamenn, ef frv. þetta verður að lögum, ekki eiga rétt til að fá slík endurrit nema með samþykki aðila. Þó að orðið aðili taki yfirleitt ekki til þeirra, sem eru til réttargæslu, er eðlilegt að láta það ná til þeirra hér, nema dómara þyki lítið eða ekkert að þeim vikið í bókum eða skjölum.

Um 12. gr.

Í 12. gr. kemur m. a. fram ráðagerð þess efnis, að lögréttuþing séu haldin utan Reykjavíkur, og eru settar reglur um ákvarðanir um það atriði.

Um 13. gr.

Í 13. gr. felst sú meginregla, að þinghöld skuli vera opin í lögréttu. Síðan eru reglur um ýmsar undantekningar, en líklegt er, að skýringar þessara reglna þyki stundum erfiðar. Þó þykir ekki unnt að hafa orðalagið með öðrum hætti. Í

skýringum sínum verða dómarar í lögréttu að hafa þá meginreglu í huga, að dómþing skuli heyja í heyranda hljóði. Reglurnar eru að nokkru byggðar á 39. gr. einkamálalaga, 16. gr. laga um meðferð opinberra mála og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Um 14. gr.

Í 14. gr. eru fyrst reglur um, að íslenska sé þingmálið. Vísað er til 40. gr. einkamálalaga. Þó er þess gætt, sem segir í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, að ákærði eigi „rétt til að fá ókeypis aðstoð túlks, ef hann skilur ekki eða talar mál það, sem notað er fyrir dómi". Í 2. mgr. er nýmæli um aðstoð, þegar fólk kemur fyrir dóm, en getur ekki heyrt eða tjáð sig á venjulegan hátt.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um dómsvald lögréttu, þ. e. í raun um verkaskiptingu lögréttunnar og héraðsdómstólanna.

Um 15. gr.

Í 15. gr. er sú meginregla fólgin, að í sumum málum sé lögréttan fyrsta dómsstig, en í öðrum annað dómsstig.

Um 16. gr.

Í 16. gr. eru talin upp þau mál, sem lögréttan skal fjalla um sem fyrsta dómsstig. Með „almennum einkamálum" er átt við þau dómsmál, sem nú er fjallað um á bæjarþingum og aukadómþingum, svo og þau mál, sem nú er fjallað um í sjó- og verslunardómum og fasteignadómstólunum (merkjadómum í Reykjavík og á Akureyri, landamerkjadómum, vettvangsdómum). Athygli skal vakin á því, að í frv., sem réttarfarsnefnd hefur samið um breyting á einkamálal., er lagt til, að þessir sérdómstólar verði lagðir niður. Hugsanlegt er, að mál, sem nú eru úrskurðuð í sáttanefndum, geti farið fyrir lögréttu sem 1. dómsstig, ef þetta frv. nær samþykki. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að verkefni flytjist til lögréttu frá fógeta-, uppboðs-, skipta- eða þinglýsingardómum, enda eru mál, sem nú koma fyrir þessa dómstóla, ekki talin „almenn einkamál", hvorki í frv. þessu né skv. almennri lagamálsvenju. Hið sama er að segja um þau mál, sem stjórn Lögmannafélags Íslands fjallar nú um, og hefur réttarfarsnefnd ekki gert tillögu um, að þeim úrskurðum stjórnarinnar, sem nú má skjóta til Hæstaréttar, skuli í þess stað skotið til lögréttunnar. — Hugtakið „opinber mál" táknar þau dómsmál, sem handhafar ríkisvalds, ákæruvalds, höfða til refsingar lögum samkvæmt, og mál, sem skv. 2. gr. laganna um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 skulu sæta rannsókn og meðferð eftir þeim lögum. Telja verður mikið vafaatriði, hvaða opinber mál eigi að koma fyrir lögréttu sem 1. dómsstig, og þarf við ákvörðun um það að meta hagkvæmnissjónarmið og réttaröryggissjónarmið. Réttarfarsnefnd hefur eftir ítarlegar umræður orðið sammála um þá tillögu, sem fram kemur í 16. gr. þessa frumvarps. Ef frumvarpið nær samþykki, myndu verkefni siglingadóms og verðlagsdóms skerðast mikið, og er vafasamt, að ástæða sé til að þessir dómstólar starfi áfram. Nefndin telur, að þá ætti að leggja niður. Sem fyrr segir hefur nefndin lagt til, að sjó- og verslunardómar verði lagðir niður.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Í 18. gr. er reynt að koma í veg fyrir, að mistök við höfðun mála leiði til frávísana og óþarfa tafa.

Um 19. gr.

Í 19. gr. er heimild fyrir ríkissaksóknara og dómsmálaráðherra til að fela lögréttu að kveða upp úrskurði í opinberum málum. Aðrir, sem með ákæruvald fara, geta ekki tekið ákvörðun um þetta atriði.

Um III. kafla.

Um 20. gr.

Óþarft hefur þótt að hafa í lögréttulögunum ítarlegar reglur um réttarfarið, þegar lögrétta fjallar um mál sem fyrsta dómsstig, þar sem nægja þykir að vísa til laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936 og laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, svo og önnur ákvæði, sem minna máli skipta. Hér skulu talin heiti þeirra kafla einkamálalaganna, sem gilda eiga skv. frv. um lögréttumál:

IV. kafli Um sakaraðila.
V. kafli Er nú úr gildi fallinn.
VI. kafli Um sakarefnið.
VII. kafli Um varnarþing.
VIII. kafli Um stefnur.
IX. kafli Almennar reglur um málsmeðferð.
X. kafli Um sönnun og sönnunargögn.
XI. kafli Um gjafsókn.
XII. kafli Um málskostnað.
XIII. kafli Um réttarfarssektir.
XVII. kafli Um víxilmál og tékka o. fl.
XVIII. kafli Um mál til faðernis óskilgetinna barna.
XIX. kafli Um mál til ógildingar skjala o. fl.

Ekki er vísað í I.—III. kafla einkamálal., enda leggur réttarfarsnefnd til í öðru frumvarpi, að I. kafli (um sáttir) sé felldur úr gildi. Í II. kafla einkamálal. eru ákvæði um dómara o. fl., sem fjallað er um í frv. þessu. III. kafli laganna er um þinghöld, þingbækur, þingvotta o. fl., sem um ræðir í þessu frv.

Um aðra kafla í einkamálal., sem ekki er vitnað til í 20. gr. frumvarpsins, er þessa að geta: Í XIV. kafla er mælt fyrir um dóma og úrskurði, en það efni er mælt fyrir um varðandi lögréttu í V. kafla frumv. XV. kafli einkamálal. er úr gildi, en XVI. kafli er um sjó- og verslunardómsmál og er lagt til í öðru frumv., að hann sé numinn úr gildi. XX. kafli einkamálal. á ekki við. — Þess er að geta, að XVII.—XIX. kafla einkamálal. verður sjaldan beitt í lögréttu. Er aðalreglan sú, að þessi mál fari fyrir héraðsdóm í upphafi.

Þeir kaflar í lögunum um meðferð opinberra mála, sem skv. 20. gr. eiga að gilda um málsmeðferð í lögréttu, nefnast:

III. kafli Um ákæruvaldið.
IV. kafli Um varnarþing.
VI. kafli Um hald á munum.
VII. kafli Um leit.
VIII. kafli Um handtöku.
IX. kafli Um gæsluvarðhald og aðra gæslu á sökunaut.
X. kafli Almennar reglur um rannsókn opinberra mála fyrir dómi.
XI. kafli Um sækjanda og verjanda.
XII. kafli Um vitni, mat, skoðun og skjöl.
XIII. kafli Um sönnunarbyrði og mat sakargagna.
XIV. kafli Um mál ungmenna, sektarvald lögreglustjóra og lögreglumanna, dómsáttir og ákæru.
XV. kafli Um flutning og meðferð opinberra mála fyrir héraðsdómi.
XVI. kafli Um sakarkostnað.

XVII. kafli Um bætur til handa þriðja manni.
XVIII. kafli Um bætur til handa sökuðum mönnum o. fl.
XIX. kafli Um sektir.

Í 20. gr. er ekki vísað til I. kafla laganna um meðferð opinberra mála í heild, en kaflinn fjallar um það, til hvaða mála lögin taki. Hitt er annað, að í 16. gr. segir, að skilgreiningu laganna á því, hvað sé opinbert mál, skuli nota. Í I. kafla er 3. gr., sem gilda skal skv. 20. gr. frv. um lögréttu, en í grein þessari er almennt ákvæði um meðferð borgararéttarkrafna í opinberum málum, sbr. nánar XVII. og XVIII. kafla. Ekki er vísað í II. kafla um dómendur í héraði. Ástæða er til að geta þess, að í 6. gr. laganna er sagt fyrir um dómstörf sjó- og verslunardóms í opinberum málum, en það ákvæði yrði óvirkt, ef samþykkt yrði að afnema XVI. kafla einkamálalaganna. Ekki er í 20. gr. vitnað í XX. kafla laganna um meðferð opinberra mála, sem er um dóma og úrskurði, sbr. það, sem fyrr segir um einkamál hér að lútandi. Í 20. gr. er ekki heldur vikið að XXI. og XXII. kafla um kæru til æðra dóms og um áfrýjun. Þessir kaflar gilda um málskot til lögréttu samkvæmt 24. gr. Ekki er vikið að XXIII. kafla í 20. gr. frumvarpsins, en þar er fjallað um endurupptöku dæmdra opinberra mála, en í 58. gr. frv. er ákvæði, sem felur í sér, að þessum kafla yrði beitt um endurupptöku máls í lögréttu.

Um 21. gr.

Í 21. gr. er sú regla sett fram, að í einkamálum skuli stefnur til lögréttu vera réttarstefnur. Aðilar sjálfir eða lögmenn þeirra geta þess vegna ekki gefið út stefnur þessar, eins og þeir geta, þegar stefnt er í héraði. Ákvæði 21. gr. þykir líklegt til að tryggja, að stefnur séu vandaðar og að ekki þurfi að koma til frávísana vegna galla á stefnum. Hins ber að geta, að aðsetur lögréttu verður í Reykjavík, ef frumv. þetta nær samþykki, og af þeim sökum er æskilegt, að héraðsdómarar um allt land geti gefið út stefnur til lögréttnanna, svo sem lagt er til í frumvarpinu. Að athuguðu máli hefur réttarfarsnefnd nú einnig gert tillögu um, að málum, sem lögrétta á að fjalla um, megi stundum stefna fyrir héraðsdóm, er fari með málið í upphafi. Má vera að með þessu sé að nokkru dregið úr þeim óþægindum er kunna að fylgja því, að dómþing lögréttu eru ekki lögskipuð utan Reykjavíkur.

Um 22. gr.

Í 22. gr. er ákvæði um þingsókn af hálfu saksóknara í þeim opinberu málum, sem lögrétta fjallar um sem fyrsta dómsstig.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla segir um heimild til að kæra mál og áfrýja til lögréttu og hvaða réttarfarsreglur skuli nota, þegar lögrétta fjallar um mál sem annað dómsstig. Mest er stuðst við hæstaréttarlögin nr. 75/1973, en samhengis vegna þótti rétt að taka upp í frumv. ákvæði, sem að öllu eru eins og í hæstaréttarlögunum. Um kæru og áfrýjun opinberra mála þótti nægja að vísa til XXI. og XXII. kafla laganna um meðferð opinberra mála, sbr. ummæli hér á undan.

Um 23. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

Um 24. gr.

Í 24. gr. segir, að um kæru og áfrýjun opinberra mála gildi nýnefndir kaflar laganna um þau mál. Sérstök ákvæði eru í 45. gr. frv. um ágrip dómsgerða, sem ekki skal útbúa nema sérstaklega standi á. Er því í 24. gr. gerð undantekning varðandi ákvæði í 180. gr. laganna um meðferð opinberra mála.

Í 2. mgr. 24. gr. eru ákvæði efnislega sams konar og í 13. gr. 2. mgr., 14. gr., 15. gr. og 16. gr. hæstaréttarlaganna. Þó er gert ráð fyrir því, að bæði ráðherra og forseti lögréttunnar hafi sjálfstæða heimild til að leyfa áfrýjun, þó að áfrýjunarfjárhæð sé ekki náð. Í hæstaréttarlögunum veitir ráðherra leyfið, en ekki má hann gera það nema Hæstiréttur mæli með því.

Um 25. gr.

Í 25. gr. er sams konar regla og í 17. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 26. gr.

26. gr. svarar til 18. gr. að mestu. Þó er skv. frv. ekki unnt að skjóta máli til lögréttu til að fá staðfestan lokadóm úr héraði, enda sýnist lítil ástæða til slíks.

Um 27. gr.

Í 27. gr. er sams konar regla og í 19. gr. hæstaréttarlaga. Vert er að geta þess, að orðið aðili er hér torskýrt, en ekki eru tök á að freista þess að hafa skýrari ákvæði í frv.

Um 28. gr.

Í 28. gr. er sams konar regla og í 20. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 29. gr.

Í 29. gr. ræðir um kæruheimildir. Reglurnar eru hinar sömu um úrskurði héraðsdómara í almennum einkamálum og þær, sem um slíka úrskurði eru settar í 21. gr. hæstaréttarl. Ekki er heimilt að áfrýja úrskurðum, sem kæra má, fyrr en með aðalmálinu, en málið myndi sæta kærumeðferð skv. 3. mgr. 29. gr. Í frv. er lagt til, að allir úrskurðir skipta-, fógeta- og uppboðsdómstólanna verði kæranlegir, svo og úrlausnir dómara í þingskipunarmálum, sbr. 3. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978. Nú er reglan sú eftir 21. gr. hæstaréttarlaganna, að hin viðameiri af þessum úrskurðum skal senda til Hæstaréttar með áfrýjun, en ekki kæru. Þessi tvískipting sýnist vera ástæðulítil. Ef frv. nær samþykki að þessu leyti, þarf að endurskoða ákvæði hæstaréttarlaganna um áfrýjun úrskurða nýnefndra dómstóla frá lögréttunni til Hæstaréttar.

Í 2. mgr. 29. gr. frv. er að nokkru byggt á 21. gr. hæstaréttarlaganna, en leitast við að gera ljósara en nú er, hvenær áfrýjunardómstóll getur lagt fyrir héraðsdómara, hvernig með mál skuli fara. Er efni hins nýja ákvæðis það, að kæra skv. þessari málsgrein getur ekki leitt til annars en áminningar, ef genginn er lokadómur í máli eða meðferð þess lokið formlega með öðrum hætti. Í slíkum tilvikum ber að kæra eftir 1. mgr. eða XXI. kafla laganna um meðferð opinberra mála — eða áfrýja. Ef mál er hins vegar enn fyrir héraðsdómi, á dómari vegna kæru skv. 29. gr. 2. mgr. kost þeirra úrræða, sem talin eru í 26. gr. frumvarps þessa.

Í 3. og 4. mgr. 29. gr. er leitast við að stemma stigu við frávísunum vegna þess, að ekki hafi verið notuð rétt málskotsleið.

Um 30. gr.

Í 30. gr. frumvarpsins er að mestu byggt á 22. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 31. gr.

31. gr. er sama efnis og 23. og 24. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 32. gr.

Greinin er sama efnis og 25. og 26. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 33. gr.

Í 33. gr. er sama efni og í 27. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 34. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en efni hennar svarar að verulegu leyti til 28. og 29. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 35. gr.

Greinin er byggð á 30. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 36. gr.

Greinin byggir á 31. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 37. gr.

Greinin byggir á 32. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 38. gr.

Greinin byggir á 33. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 39. gr.

Í 39. gr. frumv. er rætt um áfrýjunarstefnu, og eru ákvæðin að mestu í samræmi við 34. gr. og 35. gr. hæstaréttarlaga með þeirri breytingu, sem leiðir af ákvæði 21. gr. um útgefendur stefna til lögréttu og af ákvæði 12. gr. um þingdaga.

Um 40. gr.

Greinin er sama efnis og 36. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 41. gr.

Í 41. gr. er stuðst við 39. gr. hæstaréttarlaganna.

Um 42. gr.

Í 42. gr. eru reglur um sömu atriði og 39. og 44.—46. gr. hæstaréttarl., en ekki eru reglurnar að öllu leyti sama efnis. Hér er tekið fram, að óþarft sé að stefnuvottar birti áfrýjunarstefnu, en nægilegt sé, að varnaraðili áriti hana um, að hann falli frá birtingu. Hið sama gildir um áritun lögmanns hans. Venjureglur um þetta atriði eru nú taldar þær, að þessi háttur sé löglegur um hæstaréttarstefnur, en ekki um stefnur til héraðsdóms. Um efni greinargerða segir hér nokkuð annað en í 44. gr. hæstarréttarl. Tekið er fram, að staðfestar dómsgerðir úr héraði skuli leggja fyrir lögréttu jafnskjótt og verða má, en afgreiðsla þeirra getur dregist, og er því ekki unnt að krefjast þess, að dómsgerðirnar séu lagðar fram við þingfestingu.

Í 2. mgr. 42. gr. segir, að nýjum kröfum megi koma að í lögréttu, ef sérstaklega stendur á. Er þetta látið velta á því einu, hvort afsakanlegt þyki, að krafan var ekki gerð í héraði. Nýjum málsástæðum má hins vegar eftir frumvarpinu jafnan koma að í lögréttu, þ. e. málsástæðum, sem ekki var getið í héraði. Er þetta rýmri regla en gildir skv. hæstaréttarlögunum, og svo er um annað í þessari málsgrein. Þótti þetta eðlilegt, einkum vegna þess, að hlutverk lögréttu er almennt hugsað líkara fyrsta stigs dómstól en hlutverk Hæstaréttar er nú. Heimilt skal vera að koma að nýjum sönnunargögnum, svo sem nú er leyft í Hæstarétti yfirleitt, þótt ekki sé það lögfest um þann dómstól. Þá er hér heimilað að leggja fram skriflega aðilaskýrslu, en það er ekki tíðkað í hæstaréttarmálum. Ekki er talin ástæða til að hafa hér fremur en í III. kafla ákvæði um útivist aðila, sbr. þó 22. gr. og 43. gr. Skv. 23. gr. fer um hana eftir 39. og 40. gr. hæstaréttarlaga, þegar um málskot er að ræða.

Um 43. gr.

Í 43. gr. segir um skyldu til þingsóknar af hálfu ákæruvaldsins, sbr. 22. gr.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ýmis ákvæði, sem gilda, hvort sem lögrétta starfar sem 1. eða 2. stigs dómstóll, en önnur ákvæði almenns eðlis eru í I. kafla.

Um 44. og 45. gr.

Í 44. og 45. gr. eru ákvæði um framlagningu skjala, og hefur ekki verið gerð tillaga um, að skylt sé að útbúa ágrip dómsgerða eins og í Hæstarétti. Aðalástæðan til þessa er kostnaðurinn, er ágripsgerðinni fylgir. Hins vegar er heimilað, að dómsformaður gefi fyrirmæli um sérstök tilvik.

Um 46. gr.

Í 46. gr. eru fyrirmæli um sáttaumleitan. Til greina kom að hafa 1. málsgr. nokkru ítarlegri til að hvetja dómsformann til sáttaumleitana. Er vafamál, hvernig með skuli fara, ef hann gengur langt í þessum tilraunum, því að hann kann þá að hafa tjáð sig um álit sitt á því, hver séu líkleg úrslit málsins. Leggja verður það á vald dómsformanns, hvaða aðferð hann notar, en eðlilegt er, að hann víki síðar sæti, ef hann hefur gengið langt í að segja hug sinn um málsefnið.

Í 2. mgr. 46. gr. er komið að vandasömu atriði, sem hefur leitt til talsverðs vafa bæði fyrr og síðar, þ. e. leiðbeiningarskyldu dómara. Um þetta er nú ákvæði í 114. gr. einkamálalaganna, þar sem segir: „Auk þess er dómara skylt að leiðbeina hverjum ólöglærðum manni, sem ekki gerir sér atvinnu af málflutningsstörfum, bæði um formshlið máls og efnis, eftir því sem dómara virðist nauðsyn til bera". Það er erfiðleikum bundið að samræma að vera dómari í máli og ráðunautur aðila, en um langt skeið hefur engu að síður þótt nauðsynlegt að hafa í lögum ákvæði um leiðbeiningaskyldu. Eftir að auðvelt varð að ná til lögmanna í stærri bæjum, er vafasamt, hvort þessi skylda á rétt á sér þar, en hún er þó enn í lögum sem fyrr segir. Lögrétta mun einkum þinga í Reykjavík, þar sem unnt á að vera að fá lögmenn til að annast málflutning, svo að rétt er, að vikið sé frá reglu einkamálal. Er þess vegna lagt til, að aðalreglan verði sú, að dómendur í lögréttu hafi alls ekki leiðbeiningaskyldu, en þó er sagt, að frá því séu undantekningar, þegar hætta er á verulegum réttarspjöllum. Þá skal dómari, sem ekki dæmir í málinu, eða lögréttustarfsmaður, sem ekki er dómari, veita leiðbeiningarnar.

Um 47. gr.

Í 47. gr. eru ákvæði um meðferð formsatriða, sem gætu leitt til frávísunar máls. Er hér stuðst við 108. gr. einkamálal., 124. gr. laganna um meðferð opinberra mála og 48. gr. hæstaréttarlaganna. Ekkert segir um, að skylt sé að hafa málflutning um frávísunarkröfu, enda fer það eftir atvikum, stundum nægir að bóka kröfur eftir stutt orðaskipti á dómþingi. Heimilt er hins vegar að mæla fyrir um formlegri flutning.

Um 48. gr.

Í 1. málsgr. 48. greinar eru aðilar að mestu látnir ráða því, hvort máli er frestað til gagnaöflunar. Einnig má að sjálfsögðu fresta máli til sátta, þótt ekki sé þess getið, og fresta yrði máli, ef veruleg töf hefur orðið á því, að dómsgerðir úr héraði séu afgreiddar. Tekið er fram skýrum orðum, að dómarar geti synjað um frest ex officio, ef mál hefur dregist úr hófi.

Í 2. málsgr. 48. greinar er vikið að einhverju mesta álitamáli í réttarfari, verkaskiptingu dómara og aðila (lögmanna). Sagt er, að í einkamálum skuli aðilar ráða málsástæðum og sönnunum, og er þetta í samræmi við meginefni hinnar svokölluðu málsforræðisreglu (þingunarreglu). Þá segir, að í opinberum málum gildi hið sama

að því er varðar handhafa ákæruvalds, en í því felst, að dómari á ekki í lögréttumálum að hafa frumkvæðisskyldu um rannsókn atriða, sem ætla má að kanna þurfi til að sanna sekt sökunautar. Hins vegar þykir ekki unnt að fella niður slíka frumkvæðisskyldu varðandi þau atriði, sem ætla má, að verði sökunaut hagstæð, svo að hin svonefnda ákæruregla verður ekki í hreinni mynd innleidd, ef frumvarpið verður lögfest. Þau lög gilda nú hér á landi, að sökunautur, sem játar á sig afbrot, verður ekki dæmdur á grundvelli þeirrar játningar einnar saman, og er hvorki lagt til, að þessu verði breytt, né heldur treyst á frumkvæði sökunautar eða verjanda hans um upplýsingu máls. Þess er að geta, að ekki segir í 48. gr. 2. mgr., að aðilar hafi forræði varðandi réttarreglur, sem beitt er. Ætlast er til þess, að farið verði eins og tíðkast hefur eftir þeirri reglu, að dómurum beri að beita gildandi réttarreglum, þó að þær séu ekki nefndar eða ekki rétt skýrðar og tilgreindar af hálfu aðila. Að því er þær varðar er málflutningur því til leiðbeiningar og flýtisauka, en hefur ekki takmarkandi áhrif á störf dómenda. — Ekki er öll sagan sögð með þessu. Þó að aðilar ráði málsástæðum og framlagningu sönnunargagna hefur lengi tíðkast, að dómarar skuli hafa nokkurt frumkvæði og benda á það, sem þeir telja að þurfi að upplýsa. Erfitt er að orða nákvæma reglu um, hversu langt skuli ganga í þessu efni, en hér segir, að dómendur skuli fylgjast með máli og gefa bendingar.

Um 49. gr.

Í 49. gr. segir fyrst, að mál skuli að jafnaði flutt munnlega, en þó megi ákveða skriflegan flutning, og er þetta í samræmi við gildandi reglur bæði í héraði og Hæstarétti.

Í 2. mgr. 49. gr. eru settar fram reglur um tilhögun málflutnings, og er þar ekki heldur um veruleg nýmæli að ræða. Ætlast er til, að hver lögmaður tali tvívegis. Ef hann er fyrir fleiri aðila en einn verður hann líka að sæta því að tala aðeins tvisvar alls. Ef lögmenn eru fleiri en einn fyrir sama aðila, verður að ætla að gefa beri lögmönnum hans orðið tvívegis, en þeir ráði því, hvernig þeir skipta verkum í hvort sinn. Geta því ræður fyrir þennan aðila orðið fleiri en tvær alls, en loturnar þó aðeins tvær. Ef aðili er sjálfur á dómþingi og vill tala, en þó ekki taka flutning málsins í sínar hendur, má hann tala einu sinni, þegar lögmaður hans eða lögmenn hafa lokið ræðum sínum, og er þetta hið sama og nú er. Þó getur dómsformaður leyft aðila að tala fyrr á þinginu, ef þess þykir vera þörf.

Um 50. gr.

Í 50. gr. eru ákvæði, sem að mestu eru í samræmi við ákvæði í IX. kafla einkamálalaganna, 117. gr. laganna um meðferð opinberra mála og 56. gr. hæstaréttarlaganna. Reynt er að hafa nokkru skýrara orðalag um heimild dómara til að byggja á atvikum, sem koma fram í skjölum en ekki í málflutningi og um það, hvenær skuli endurupptaka mál að frumkvæði dómara eftir flutning þess. Hér er um veruleg lögfræðileg álitaefni að ræða, en byggt sem fyrr segir á því að mestu, sem önnur lög hafa að geyma um þau.

Um 51. gr.

Í 51. gr. eru ákvæði um fundi dómara, og eru þar nokkur nýmæli. Í fyrsta lagi er tekið fram það sem sjálfsagt er, að dómarafundi fyrir dómtöku megi halda, enda er það oft gert, þótt ekki sé þess getið í gildandi lögum. Þá er í 2. mgr. fjallað um fundi dómara, eftir að mál hefur verið flutt, sbr. 52. og 53. gr. hæstaréttarlaganna. Nokkur fræðilegur vafi hefur verið um meðferð máls, ef ágreiningur er með dómurum, t. d. þannig, að þeir eru sammála um niðurstöðu en ekki forsendur eða sammála um, að dæma skuli refsingu eða bætur, en ekki sammála um hver refsing skuli vera eða hve háar bætur skuli dæma. Hér er leitast við að skera úr um þetta og 216. gr. dönsku réttarfarslaganna höfð að fyrirmynd að því er refsiákvörðun varðar.

Eðlilegt er, að um dómarafundi sé stuttlega getið í gerðabók, en ekki gert ráð fyrir, að um mál sé annað bókfært eftir dómtöku en dómarnir sjálfir ásamt sératkvæðum í málum. Þá er það nýmæli í niðurlagi 51. gr., að dómarar geti látið bóka stuttar athugasemdir í þingbók, þegar dómur er kveðinn upp. Með því geta þeir gefið til kynna, að þeir hafi haft sérstakar athugasemdir að gera, sem þeir hafa þó ekki talið ástæðu til að láta koma fram í sératkvæði. Verður að telja þetta nægilegt oft og tíðum.

Um 52. gr.

Í 52. gr. er vísað til annarra laga um það, hvað dómur getur fjallað um. Skráðar reglur um þetta eru í 193. gr. einkamálalaga (t. d. um beitingu dagsekta, ekki má skírskota til sannana eða atvika, sem síðar kynnu að koma fram), sbr. 166. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Um 53. gr.

Í 53. gr. segir, að forsendur skuli ekki fylgja úrskurðum lögréttu, og er þetta nýmæli. Smám saman hefur tekið að tíðkast, að forsendur úrskurða séu langar. Þó fjalla úrskurðir oftast um aukaatriði, venjulega réttarfarslegs eðlis, og er tímatöf, er leitt getur af samningu úrskurðar, ástæðulaus yfirleitt og oft til óhagræðis. Bent skal á, að dómari getur látið athugasemdir sínar fylgja, þegar mál er kært til Hæstaréttar, sbr. 27. gr. hæstaréttarlaga. Ætti þetta ákvæði að vera nóg til að sjónarmið lögréttu komist að, þegar þau skipta máli.

Um 54. gr.

Í 54. gr. er mælt fyrir um form dóma, og skulu þeir eins og nú skiptast í forsendur og dómsorð. Í greininni eru ekki mikilvæg nýmæli. Þó verður skylt að geta jafnan helstu lagaraka aðila, en svo er ekki nú í opinberum málum.

Um 55. gr.

Í 55. gr. segir m. a., að saksóknari skuli annast um birtingu dóma í opinberum málum. Það er nýmæli, þar sem dómarar í héraði annast þetta nú, sbr. 167. gr. laga um meðferð opinberra mála. Nú annast héraðsdómarar einnig birtingu hæstaréttardóma.

Um 56. gr.

Í 56. gr. segir, að almennar reglur gildi um réttarverkanir lögréttudóma, sbr. einkum 195. og 196. gr. einkamálalaga og 168. gr. laga um meðferð opinberra mála. Í 2. mgr. er nýmæli um leiðréttingar að ósk aðila á frásögn í forsendum dóms um málavexti og lagarök. Ætlast er til, að þetta gildi aðeins um ummæli aðila eða lögmanna þeirra, en ekki um ályktanir dómenda um ágreining um atvik. Fyrirmynd þessa ákvæðis er 221. gr. 2. mgr. dönsku réttarfarslaganna. Frestur til að beiðast leiðréttinganna er hafður jafnlangur hinum almenna áfrýjunarfresti. Rök fyrir því að hafa slíka leiðréttingarheimild eru þau, að frásögn sú, sem til greina kemur að leiðrétta, er frá aðilum og því réttlætanlegt, að þeir geti komið að breytingum, ef um misskilning dómenda er að ræða. Þó að í ljós kynni að koma, að þessi misskilningur gæti haft áhrif á ályktanir dómara í forsendum eða á dómsorð, verður breytingum ekki komið við að því leyti nema með málskoti. Loks segir í þessari grein, að um málskot til Hæstaréttar fari eftir lögunum um þann dómstól (nú lögum nr. 75/1973), en þeim þarf að breyta, ef þetta frv. verður lögfest.

Um 57. gr.

Í 57. gr. er rætt um ársskýrslur um starfsemi lögréttu og sagt, að um gerð þeirra fari eftir reglugerð. Ástæða þótti til að hafa í 2. mgr. sérstakt ákvæði um skýrsluskyldu, ef fram kemur beiðni frá dómsmálaráðherra eða allsherjarnefnd á Alþingi, en þær nefndir fjalla nú um dómsmál, þar sem sérstakar laganefndir eru ekki skv. þingsköpum. Ráðherrann og nefndir þessar geta þurft að fjalla um atriði, sem varða starfsemi lögréttu almennt. Þannig ber ráðherranum að hafa almennt eftirlit með framkvæmd dómsvalds í landinu, og þingnefndirnar geta þurft á upplýsingum að halda vegna tillagna um lagabreytingar. Í greininni segir ekki berum orðum, hvort skylt sé að láta ráðherra og þingnefndum í té upplýsingar um dómsmál, sem fjallað hefur verið um fyrir luktum dyrum eftir 1. mgr. 13. greinar, um atriði, sem fram koma á fundum dómara eftir 7. mgr. sömu greinar, sbr. 3. og 5. mgr. Ekki segir heldur, hvort gefa skuli fyrrgreindum aðilum upplýsingar um þau atriði, sem óheimilt er að birta opinberlega eftir 57. gr. 4. mgr. Yfirleitt ætti ekki að gefa upplýsingar um slík atriði, þótt þess væri beiðst, en lagt er á vald dómenda að meta, hvort sérstakar knýjandi ástæður séu til staðar, er réttlætti slíkt. Mætti hugsa sér, að svo hörð gagnrýni hefði komið fram á meðferð tiltekins dómsmáls, að rétt væri að upplýsa, hvernig stæði á sérstökum töfum vegna langra umræðna milli dómara. Jafnvel gæti hugsast, að almenningshagsmunir réttlættu birtingu nafna, sem ella ætti ekki að gera opinber. Sem fyrr segir verða dómendur að meta þetta hverju sinni, oftast dómsforseti, en ella dómendur í tilteknu máli, sem til meðferðar er, þegar beiðni kemur fram.

Í 3. mgr. 57. gr. er heimilað að fara inn á nýja leið til að kynna almenningi störf dómstóla og til að gefa lögfræðingum tækifæri til að fræðast um starfsemi lögréttunnar. Í 4. mgr. eru ákvæði um nafnleynd.

Um 58. gr.

Í 58. gr. segir, að endurupptaka geti farið fram eftir reglum héraðsdómstólanna, sbr. XXIII. kafla laganna um meðferð opinberra mála. Þörf er á lagasetningu um endurupptöku einkamála í héraði.

Um VI. kafla.

Ákvæði þessa kafla sýnast ekki þarfnast skýringa. Um 60. gr. 2. mgr. má þó taka fram, að ljóst er, að lögréttan getur ekki, áður en í hana er skipað, tilnefnt fulltrúa í nefnd skv. 5. gr. Er því gert ráð fyrir bráðabirgðafyrirkomulagi, en aðeins í upphafi, meðan skipaðir eru fyrstu embættisdómarar lögréttunnar.

Nd. 156. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

1.—10. gr. laga þessara taka eigi til annarra ríkja, að því er varðar rétt yfir fasteignum til afnota fyrir sendiráðsskrifstofur og bústaði forstöðumanna sendiráða eða fasteignum, sem þau ríki eignast til íbúðar fyrir aðra starfsmenn sendiráða sinna.

Kaupsamninga eða afsöl fyrir fasteignum, sem um ræðir í 1. mgr., skal leggja fyrir dómsmálaráðuneytið og öðlast gerningurinn eigi gildi fyrr en ráðuneytið hefur samþykkt hann með áritun sinni.

2. gr.

Við lögin bætist ný grein, sem verður 12. gr., svohljóðandi:

Lög þessi taka eigi til þegna annarra ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga, sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilgangur frumvarps þessa er að setja skýrar reglur um kaup erlendra ríkja á fasteignum, svo og lóðarréttindum fyrir slíkar fasteignir, vegna sendiráðsstarfsemi á Íslandi.

11. gr. laga nr. 19 1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna er að stofni til úr lögum nr. 63 1919, en í framsögu fyrir frumvarpinu að þeim lögum kom m. a. fram, að sjálfsögð kurteisi þætti að undanskilja erlend ríki ákvæðum þessara laga að því er varðar rétt yfir fasteignum til embættisafnota handa umboðsmönnum þeirra hér á landi.

Með fjölgun erlendra sendiráða á Íslandi og auknum starfsmannafjölda þeirra þykir nú orðið tímabært að lögfesta sérstök ákvæði um að samþykkis íslenskra stjórnvalda skuli aflað, áður en fasteignum eða lóðum sé afsalað til erlendra ríkja vegna sendiráðsstarfsemi þeirra hér á landi.

Árið 1971 gerðist Ísland aðili að alþjóðasamningnum um stjórnmálasamband — Vínarsamningnum — frá 18. apríl 1961 og hafa ákvæði samningsins lagagildi á Íslandi, sbr. lög nr. 16 31. mars 1971. Í 11. gr. þessa samnings segir, að þegar ekki sé gerður sérstakur samningur um stærð sendiráðs, geti móttökuríki krafist þess, að stærð sendiráðs verði sett takmörk, er það telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs.

Í 22. gr. sama samnings segir, að sendiráðssvæðið skuli njóta friðhelgi og að sérstök skylda hvíli á móttökuríkinu til að gera allar þær ráðstafanir, sem viðeigandi eru, til að vernda sendiráðssvæðið fyrir öllum árásum og tjóni og koma í veg fyrir röskun á friði sendiráðsins eða skerðingu á virðingu þess. Ennfremur er í 30. gr. sama samnings ákvæði um, að einkaheimili sendierindreka skuli njóta sömu friðhelgi og verndar sem sendiráðssvæðið.

Þegar framangreind ákvæði eru virt þykir ljóst, að bæði sé nauðsynlegt fyrir íslensk stjórnvöld að geta sett fasteignakaupum erlendra sendiráða vissar skorður með hliðsjón af 11. gr. Vínarsamningsins, svo og gera ákvæði 22. og 30. gr. Vínarsamningsins stjórnvöldum nauðsynlegt að geta haft hönd í bagga með staðarvali fyrir húsnæði, sem sendiráð vilja eignast fyrir starfsemi sína, þannig að nauðsynlegri löggæslu verði þar við komið.

Að öðru leyti en að framan greinir er vísað til athugasemda við einstakar greinar frv. hér á eftir.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðuneytið veiti það leyfi, sem um er fjallað í greininni, að fenginni umsögn utanríkisráðuneytisins og lögreglustjóra hlutaðeigandi lögsagnarumdæmis.

Um 2. gr.

Þessi grein er sem næst óbreytt frá 2. tölulið 11. gr. gildandi laga.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 157. Tillaga til þingsályktunar [106. mál]

um framkvæmdaáætlun í orkumálum vegna húshitunar.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Matthías Bjarnason, Sverrir Hermannsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Jósef H. Þorgeirsson, Steinþór Gestsson, Pétur Sigurðsson, Salome Þorkelsdóttir, Egill Jónsson, Halldór Blöndal.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin feli Orkustofnun að gera áætlun um framkvæmdir í orkumálum vegna húshitunar. Skal áætlunin gerð til næstu fjögurra ára og miða að því, að

1) innlendir orkugjafar komi í stað olíu,
2) ódýrari innfluttur orkugjafi verði nýttur í stað dýrari,
3) orkunýting verði bætt.

Áætlunin skal ná til eftirfarandi verkefna:

1. Jarðhitaleit.
2. Framkvæmdir við hitaveitur.
3. Lagning aðalháspennulína rafmagns.
4. Styrking rafdreifikerfis.
5. Sveitarafvæðing, sem ólokið er.
6. Orkusparandi aðgerðir.

Í áætlun þessari skal tilgreina kostnað við framkvæmd hennar, og fjármagn það, sem þarf, skal fá með lántökum og beinum framlögum úr ríkissjóði, enda njóti framkvæmdir þessar forgangs.

Áætlunargerð þessari skal hraðað og vera lokið ekki síðar en 1. júlí 1980.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar er flutt til að bæta úr því ástandi, sem nú er hjá þeim hluta þjóðarinnar sem notar olíu til upphitunar húsa. Upphitunarkostnaður þessa fólks er nú svo mikill að óbærilegt er. Til að létta þessar byrðar þarf þegar í stað að auka niðurgreiðslu olíu. En ekki má þar við sitja. Þjóðhagslega varðar mestu að leysa hina dýru orkugjafa af hólmi svo sem verða má. En til þess þarf tíma. Olíuniðurgreiðslan á því að vera bráðabirgðaúrræði til að gera ástandið bærilegt meðan unnið er að frambúðarlausn, sem er fólgin í hagnýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu. Jafnframt þarf að vinna að því, að sú notkun erlendra orkugjafa, sem óhjákvæmileg er, verði sem hagkvæmust, hagnýtt verði sem best afgangsorka og gerðar verði ráðstafanir til orkusparnaðar.

Þessi þingsályktunartillaga fjallar um áætlunargerð til þess að unnið verði skipulega og markvisst að þeim framkvæmdum, sem nauðsynlegar eru til að koma á sem fyrst frambúðarlausn þess vanda sem hér er um að ræða.

Hér er ekki fjallað um framkvæmdaáætlun fyrir orkumálin í heild. Tillagan er takmörkuð við þann þátt þeirra, sem varðar upphitun húsa. Hún er um hagnýtingu jarðvarma í þessu skyni, jarðhitaleit og hitaveitur. Einnig fjallar hún um hagnýtingu orku til upphitunar húsa. Þá er hún um nýtingu ódýrari innfluttra orkugjafa í stað dýrari. Enn fremur tekur tillagan til bættrar orkunýtingar, svo sem hagnýtingar afgangsorku og bættrar einangrunar húsa.

En hér er ekki fjallað um áætlanir um virkjun fallvatna til framleiðslu raforku, heldur er hér fengist við verkefni, sem vinna þarf til þess að framleidda raforku

megi hagnýta til upphitunar húsa eftir því sem hagkvæmt þykir. Hins vegar hafa að sjálfsögðu framkvæmdir, sem tillaga þessi varðar, svo sem lagning aðalháspennulína og styrking rafdreifikerfis, jafnframt gildi fyrir almenna heimilisnotkun og iðnað.

Tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er lögð fram, snýr að verkefnum sem vinna þarf til að ná tilteknum markmiðum, sem varða upphitun húsa í landinu. Skal nú gerð grein fyrir eftirfarandi verkefnum, sem gert er ráð fyrir að framkvæmdaáætlun sú, sem tillaga þessi fjallar um, nái til:

Jarðhitaleit.

Um 70% landsmanna búa nú við hitaveitu. Gert er ráð fyrir, miðað við þekkingu á jarðhitamöguleikum nú, að 80% af íbúum landsins geti fengið hitaveitur. Fyrir fjórum árum bjuggu um 53% landsmanna við hitaveitu. Sýnir þetta miklar framfarir á skömmum tíma. En betur má ef duga skal.

Mestur hluti þess jarðvarma, sem nýttur hefur verið til þessa, er fenginn á lághitasvæðum. Er þetta einkum vegna þess að lághitasvæði eru yfirleitt betur í sveit sett en háhitasvæði, en einnig vegna þess að varmi lághitasvæða er aðgengilegur til beinnar nýtingar og hentugri við upphitun húsa en gufa eða vatn frá háhitasvæðum.

Til hagnýtingar á jarðvarma þarf umfangsmiklar aðgerðir. Kemur þar fyrst til sjálf jarðhitaleitin, rannsóknir og boranir. Áður en boranir eru gerðar á einhverju jarðhitasvæði er nauðsynlegt að gera ýmsar rannsóknir. Fer það eftir aðstæðum, hversu yfirgripsmiklar slíkar forrannsóknir þurfa að vera. Við slíkar rannsóknir er beitt þeim aðferðum í jarðfræði, jarðeðlisfræði og jarðefnafræði, sem nauðsynlegar eru ýmist til upplýsinga um hvar sé að vænta jarðhita eða til að ákvarða sem best legu, stærð og hitastig jarðhitakerfis á staðbundnu jarðhitasvæði. Síðan þurfa að koma til rannsóknaboranir til viðbótar yfirborðsrannsóknum til að fá upplýsingar um raunverulegt hitastig, vatnsæðar og afkastagetu tiltekins jarðhitasvæðis.

Þó að jarðhitarannsóknirnar sjálfar séu grundvöllurinn eru vinnsluboranir eftir heita vatninu fyrirferðarmestu framkvæmdirnar í jarðhitaleitinni. Vinnsluborunum hefur fleygt fram á síðari árum. Aukin tækni og bættur tækjakostur hefur gert þetta mögulegt. Nauðsynlegt er að hraða þessum framkvæmdum svo ekki verði óþarfadráttur á því, að jarðvarminn verði hagnýttur hvar sem við verður komið. Mikill kostnaður fylgir þessu og ekki fyrir fram víst um árangur í hverju tilfelli. Samt er réttlætanlegt að leggja í hinn mikla kostnað þar sem svo mikið er í húfi. Það verður að leita af sér allan grun um hagnýtanlegan jarðvarma, þar sem hann er langsamlegasta hagkvæmasta lausnin til upphitunar húsa. En eftir því sem frumrannsóknir jarðhitaleitarinnar eru vandaðri geta boranir verið hnitmiðaðri og minni sú fjárhagslega áhætta sem jafnan er samfara borunum.

Með tilliti til þessa er ljóst, hve mikilvægt er að gera áætlun um framkvæmd þeirra verkefna, sem nú kalla að í jarðhitaleitinni, svo að að þeim verði unnið með sem markvissustum og skipulegustum hætti.

Hitaveitur.

Ekkert er mikilvægara en að hagnýtanlegur jarðvarmi verði tekinn í gagnið svo fljótt sem verða má til upphitunar húsa. Þjóðhagslega er ekkert brýnna en hitaveituframkvæmdir. Um 20 hitaveitur hafa nú verið stofnsettar víða um landið og eru þær nær allar í eigu sveitarfélaga. Hitaveita Suðurnesja, sem tók til starfa árið 1978, er að því leyti sérstæð, að hún er sameign ríkis og sveitarfélaga. Orkubú Vestfjarða, sem tók til starfa í ársbyrjun 1978, er einnig sameign ríkis og sveitarfélaga. En hlutverk þess er bæði að annast vinnslu og dreifingu raforku svo og að byggja og reka hitaveitur. Koma þarf í veg fyrir að erfiðleikar fjárhagslega veikra sveitarfélaga hamli eða seinki hitaveituframkvæmdum.

En mál þetta varðar fleira en jarðvarmaveitur. Á þéttbýlisstöðum víðs vegar um landið, þar sem jarðvarmi er ekki fyrir hendi, þarf einnig að gera gangskör að því að koma upp hitaveitum. Hér er um að ræða hitaveitur sem hafa annan orkugjafa en jarðvarma. Á þessum stöðum þurfa að vera fjarvarmakerfi með kyndistöð. Er þá reiknað með tvöföldu vatnsdreifikerfi. Þetta verður þó að vera með þeim fyrirvara, að ekki sé fyrir hendi eitthvert sérástand, svo sem að þéttleiki byggðarinnar valdi því, að á einhverjum þéttbýlisstöðunum eða hluta þeirra verði styrking rafdreifikerfis hagkvæmari framkvæmd og því réttara að hafa þar beina rafhitun en óbeina. Gert er ráð fyrir, að kyndistöðvarnar séu rafkyntar og kyntar með olíu eða öðrum orkugjöfum, svo sem kolum. Slíkar framkvæmdir eru einnig mjög mikilvægar þjóðhagslega, þar sem slíkar hitaveitur geta hagnýtt afgangsrafmagn frá orkuverum landsins og afgangsvarma frá verksmiðjum og kælivatn dísilvéla. Er þá ónefndur sá mikli kostur, að olía, sem kyndistöðvar slíkra hitaveitna nota, er miklu ódýrari en sú sem ella er notuð til upphitunar húsa, þar sem notuð er svartolía, en ekki gasolía.

Hitaveitur með kyndistöðvum þurfa að koma til, þó að ekki sé fullreynt nema jarðvarmi kunni að finnast á viðkomandi stað. Það kann að minnsta kosti sums staðar að verða seint endanlega úr því skorið. Hafa verður og í huga, að það, sem kann að teljast óhugsandi í dag, kann síðar að verða mögulegt vegna bættrar tækni og rannsókna. Ef jarðvarmi finnst þannig síðar er búið að búa í haginn fyrir notkun hans, því að vatnsdreifikerfi hitaveitu er fyrir hendi. Ekkert mælir því með frestun slíkra framkvæmda sem hér um ræðir. Kostirnir eru einsæir.

Nú þegar hefur verið hafin starfsemi hitaveitu með kyndistöð á Ísafirði og í undirbúningi er slík framkvæmd á Höfn í Hornafirði. Varðar nú miklu, að slíkar framkvæmdir komi til annars staðar í landinu þar sem þær eiga við.

Framkvæmdir við hitaveitur, sem tillaga þessi fjallar um, er þeim mun stærra átak í orkumálum landsins þar sem um er að ræða allar hitaveitur, hver sem orkugjafinn er.

Aðalháspennulínur.

Eitt meginverkefnið á undanförnum árum hefur verið samtenging landsins í eitt raforkukerfi. Af hagkvæmni- og öryggisástæðum þarf að tengja saman orkuver landsins í eitt aðalorkuflutningskerfi og reka þau í fullkomnum samrekstri með fyllstu nýtingu orkugjafa, mesta rekstraröryggi og lægsta vinnslu- og flutningskostnað fyrir augum. Mikið hefur áunnist í þessum efnum með tilkomu Norðurlínu og Austurlínu. Og treysta verður því, að á þessu ári ljúki lagningu Vesturlínu, svo sem ráð er fyrir gert nú.

En mikið er enn ógert í þessum efnum. Sumar byggðir hafa ekki enn verið tengdar landskerfinu og raforku verður þess vegna að framleiða með dísilvélum. Ýmsar línur í aðalorkuflutningskerfinu eru enn ólagðar. Tryggja þarf innbyrðis samræmi í heildarflutningskerfinu varðandi öryggi gegn línubilunum, þannig að einum hluta þess sé ekki að marki hættara við bilunum en öðrum. Það eru slík verkefni sem þessi sem nauðsyn er að vinna skipulega og markvisst að samkvæmt framkvæmdaáætlun þeirri sem tillaga þessi gerir ráð fyrir.

Styrking rafdreifikerfis.

Rafvæðingu sveitanna, sem hófst að verulegu marki fyrir um það bil aldarfjórðungi, er nú svo langt komið, að samveitur ná nú til um 98% allra sveitabýla í landinu. Rafvæðing sveitanna hefur kostað mikið fé, sem hefur komið frá ríkinu gegnum Orkusjóð sem óendurkræft framlag. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að koma sem flestum notendum í samband við samveitur.

Í mars 1979 samþykkti Orkuráð að leggja til við iðnaðarráðherra, að hafist verði handa um að styrkja rafdreifikerfið í strjálbýli hér á landi til þess að það geti

flutt rafmagn er nægi til almennra heimilisnota í sveitum, fullrar hitunar húsa með rafmagni og búnota hvers konar svo og til margvíslegra annarra nota í strjálbýli, svo sem þjónustu og minni háttar iðnaðar. Samþykkt Orkuráðs var gerð á grundvelli ítarlegrar athugunar á dreifikerfi sveitanna og leiðum til að auka flutningsgetu þess, sem ráðið lét gera og byrjað var á síðla árs 1976. Þessi samþykkt tók til verks, sem áætlað var að kostaði 8 800 milljónir króna á verðlagi í byrjun árs 1979. Má með sanni segja, að sú styrking rafdreifikerfisins í strjálbýli, sem hér um ræðir, megi með nokkrum rétti kallast „önnur rafvæðing sveitanna".

En styrking rafdreifikerfis er ekki bundin við sveitirnar. Þar sem sérstakar aðstæður á þéttbýlisstöðum gera beina rafhitun hagkvæmari en óbeina þarf að styrkja innanbæjarkerfi viðkomandi staðar.

Þetta er eitt hinna mikilvægu verkefna, sem gert er ráð fyrir í framkvæmdaáætlun þeirri sem þingsályktunartillaga þessi fjallar um.

Sveitarafvæðing.

Orkuráð markaði þá stefnu árið 1975, að þau sveitabýli, þar sem meðalvegalengd milli bæja færi ekki fram úr 6 km, skyldu tengjast samveitum. Nú er sveitarafvæðingunni það langt komið, að samkvæmt þessu eru aðeins um 40 býli eftir af þeim býlum, sem Orkuráð hefur talið rétt að tengja samveitum. Að auki eru um 40 býli svo afskekkt, að þau verða tæplega öll tengd samveitum. Þarf því sérstakar ráðstafanir til aðstoðar þeim býlum sem svo er ástatt um.

Hér er ekki um umfangsmikið verkefni að ræða, en hins vegar mjög þýðingarmikið þeim sem það varðar. Hafa verður í huga, að rafvæðing sveitanna undanfarinn aldarfjórðung hefur haft úrslitaþýðingu fyrir búsetu í strjálbýli. Án hennar væru án efa margar blómlegar byggðir fyrir löngu komnar í eyði.

Með tilliti til þessa er gert ráð fyrir að framkvæmdaáætlun sú, sem tillaga þessi fjallar um, nái til þess verkefnis sem enn er ólokið af hinni eiginlegu sveitarafvæðingu, enda verði það gert með þeim hætti að rafmagnið megi hagnýta til upphitunar húsa.

Orkusparandi aðgerðir.

Þótt Íslendingar búi yfir miklu magni ónýttra orkulinda er ástandið í orkubúskapnum þannig, að mikil þörf er á að spara raforku á heimilum svo sem kostur er. Hinn mikli olíukostnaður kallar líka á að fyllstu ráðdeildar sé gætt við upphitun húsa. Margt getur stuðlað að sparnaði á orkugjöfum. Er þar fyrst að nefna upplýsingamiðlun og fræðslustarfsemi. Þá er eftirlit og stilling kynditækja ein einfaldasta og jafnframt kostnaðarminnsta leiðin til lækkunar upphitunarkostnaðar þar sem það á við. En mikilvægasta orkusparandi aðgerðin er fólgin í bættri einangrun húsa. Því getur fylgt mikill kostnaður fyrir húseigendur, sem sumir hverjir eiga erfitt með að standa undir. Slíkar framkvæmdir geta þó ekki orkað tvímælis af þjóðhagslegum ástæðum. Þess vegna þarf hið opinbera að koma til aðstoðar með því að sjá um að nauðsynlegu fjármagni sé beint til þessara þarfa.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir að áætlun sé gerð um skipulegar og markvissar framkvæmdir til orkusparnaðar.

— — —

Hér hefur verið skýrt markmið og verkefni þeirrar framkvæmdaáætlunar sem tillagan fjallar um. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir samkvæmt áætlun þessari verði fjármagnaðar með lántökum og beinum framlögum úr ríkissjóði. Ekki þykir orka tvímælis, að framkvæmdir þessar eigi að hafa forgang við fjármagnsráðstöfun ríkisvaldsins.

Framkvæmdaáætluninni er ætlað að taka til fjögurra ára. Þótt þörfin sé brýn er þess naumast von að svo umfangsmiklum framkvæmdum sem hér er um að ræða

verði lokið á skemmri tíma. Er þess ekki heldur að dyljast, að það er mikið átak bæði fjárhagslega og tæknilega að ljúka verkefnum þessum á ekki lengri tíma en tillagan mælir fyrir um.

Samkvæmt tillögunni skal fela Orkustofnun að gera framkvæmdaáætlunina. Það verk verður unnið í umboði ríkisstjórnar eða ráðherra þess, sem fer með orkumál. Það er hlutverk Orkustofnunar að vera ríkisstjóninni til ráðuneytis um orkumál. Orkustofnun á samkvæmt lögum að annast hvers konar rannsóknir og athuganir á málum sem varða framkvæmdaáætlun þá sem hér er gert ráð fyrir. Hlýtur því áætlunargerðin að styðjast við verk sem þegar hafa verið unnin af sérfræðingum Orkustofnunar. Að sjálfsögðu mundi Orkustofnun leita til annarra aðila við gerð áætlunarinnar eftir því sem ástæður gæfu tilefni til.

Mikils er um vert að áætlunargerðinni verði flýtt svo sem verða má. Þess vegna er gert ráð fyrir að henni verði lokið ekki síðar en 1. júlí 1980.

Með frumvarpi þessu eru eftirfarandi fylgiskjöl:

I. Olíukostnaður — heildarkostnaður við upphitun húsa.
II. Öflun jarðvarma til húshitunar.
III. Kort — Nýting jarðvarma á Íslandi 1979.
IV. Hitaveitur á Íslandi í árslok 1978.
V. Kort — Orkuver, aðflutningslínur og helstu aðveitustöðvar á Íslandi.
VI. Um styrkingu rafdreifikerfisins í sveitum landsins.
VII. Sveitarafvæðing.
VIII. Orkusparandi aðgerðir.

Fylgiskjal I.

Orkustofnun
1980-02-06

Olíukostnaður — heildarkostnaður við upphitun húsa.

Skipting orkunotkunar til húshitunar og kostnaður við upphitun á húsnæði (íbúðar- og atvinnuhúsnæði) landsmanna hafa verið áætluð miðað við áramót 1979—'80. Taflan sýnir skiptinguna með þeirri breytingu að hitaveitutaxtar hafa verið hækkaðir um 20% og rafhitunartaxtar um 12% í samræmi við samþykktir verðlagsyfirvalda.

	Tala íbúa (þús.)	% íbúa	húsnæði (þús. m³)	% húsnæðis	kostnaður milljarðar kr.	% kostnaður
Jarðvarmi	151.5	67	28 100	72.5	9.7	35.5
Olía	46.0	20	6 400	16.5	12.9*	47.0
Rafmagn	29.0	13	4 200	11.0	4.8	17.5
Alls	226.5	100	38 700	100	27.4	100

* Áætlað er að um 46 þúsund einstaklingar fái olíustyrk, ellilífeyrisþegar fá einn og hálfan olíustyrk auk þess fá heimavistarskólar styrk. Styrkurinn nemur nú 72 000 kr. á ári á einstakling. Kostnaður húseigenda á olíusvæðum í kyndingu er því 9—9.5 milljarðar kr.

Áætlað er að sparnaður þeirra húseigenda, sem nú nota innlenda orkugjafa til hitunar, sé 50 milljarðar kr. á ári.

Gjaldeyriskostnaður vegna kaupa á olíu til húshitunar er áætlaður 9.6 milljarðar króna. Miðað við 8% vexti, 1% viðhaldskostnað og 20 ára afskriftartíma svarar gjaldeyrissparnaðurinn til að verja megi um 87 milljörðum til að útrýma olíu sem orkugjafa í upphitun.

Fylgiskjal II.

Orkustofnun
1980-02-07

Öflun jarðvarma til húshitunar, staða og horfur.

Nú sem stendur búa 67—68% landsmanna við hitaveitu, en miðað við þekkingu á jarðhitamöguleikum eru líkur á að upp undir 80% landsmanna fái hitaveitu innan langs tíma. Langflestar hitaveitur eru á suðvestanverðu landinu og á Miðnorðurlandi (sjá meðfylgjandi kort). Aðrir landshlutar búa verr að jarðhita einkum þéttbýlisstaðirnir á Austfjörðum, Vestfjörðum og Snæfellsnesi, sem flestir hverjir eru langt frá þekktum jarðhitasvæðum.


Jarðhitaleit og rannsókn jarðhitasvæða er hvað markmið og umfang rannsókna snertir nátengt dreifingu jarðhitans miðað við búsetu í landinu. Hvað snertir öflun jarðvarma til húshitunar er meginhersla lögð á eftirfarandi:

1) Tryggja starfandi hitaveitum og öðrum, sem eru í sjónmáli, nægilegt vatnsmagn í samræmi við íbúafjölgun og aukna nýtingu heita vatnsins. Hér undir falla langflestar hitaveitur landsins, bæði þær, sem eru fullgerðar, og aðrar, sem eru á byggingarstigi á stöðum eins og Akureyri, Eyrarbakka og Stokkseyri, Egilsstöðum og víðar.
2) Kanna til hlítar önnur þau jarðhitasvæði, sem til greina gæti komið að nýta við breyttar aðstæður í náinni framtíð. Sum hver liggja í seilingsfjarlægð frá þéttbýlisstöðum, en fámenni, lengd aðveituæðar, lágt hitastig vatns o. fl. torveldar hagkvæma nýtingu. Sem dæmi má nefna Hellu, Tálknafjörð, Drangsnes, Bíldudal, Vopnafjörð og auk þess fjölda bæja, bæjahverfa og skólasetra í sveitum landsins. Slíkar rannsóknir haldast í hendur við verkfræðilegt mat á hagkvæmni jarðvarma miðað við aðra upphitunarkosti.

Þar sem nefnt var hér að framan, að tæp 80% landsmanna ættu kost á hitaveitu frá þekktum jarðhitasvæðum, er það mat einkum byggt á lið 1 hér að ofan svo og hóflegri bjartsýni um nokkra staði, sem falla mundu undir lið 2.

Af almennum rannsóknum á jarðhita landsins, sem jarðhitadeild Orkustofnunar hefur unnið að, snertir einn þáttur sérstaklega spurninguna um öflun jarðvarma til húshitunar. Þar er um að ræða heildarrannsóknir þær sem fram hafa farið á undanförnum árum á Snæfellsnesi, Vestfjörðum og Austfjörðum. Rannsóknir þessar eru yfirgripsmiklar og beinast að því að kanna jarðhitalíkur í heilum landshluta með yfirlitsathugunum og rannsóknaborunum. Árangur fram að þessu gefur ekki tilefni til mikillar bjartsýni, en mikið vantar þó enn á að málið sé fullkannað. Er stefnt að því að halda þessum rannsóknum áfram af fullum krafti á yfirstandandi ári.

Fylgiskjal III.



Fylgiskjal IV.

Orkustofnun
1979-11-09

Hitaveitur á Íslandi í árslok 1978.

Kjördæmi/hitaveitur	Upphaf hita-veitu	Tala íbúa á hitaveitusvæði 1978 12-01	Tala íbúa m/hitaveitu 1978 12-01
Reykjavík og Reykjanes	.	**131 860**	**124 521**
Reykjavík	**1930**	**113 287**	**111 145**
Reykjavík	1930—1943	83 376	...
Kópavogur	1973	13 269	...
Garðabær	1975	4 520	...
Hafnarfjörður	1975	12 122	...
Seltjarnarnes	1972	2 926	2 926
Bessastaðahreppur	1980	386	—
Mosfellshreppur	1943	2 455	2 450
Suðurnes	**1975**	**12 806**	**8 000**
Vatnsleysa	1979	478	—
Njarðvík	1978	1 871	...
Keflavík	1978	6 576	...
Garður	1979	833	—
Sandgerði	1979	1 103	—
Grindavík	1975	1 810	...
Hafnir	...	135	—
Keflavíkurflugvöllur	1980	—	—
Suðurland	.	**11 252**	**5 394**
Þorlákshöfn	1979	974	—
Eyrarbakki	1981/2 (?)	548	—
Stokkseyri	1981/2 (?)	474	—
Selfoss	1948	3 203	3 030
Hveragerði	...	1 185	1 180
Laugarás	...	90	90
Flúðir	1967	94	94
Brautarholt	1979	50	—
Vestmannaeyjar	1976	4 634	1 000
Vesturland	.	**6 377**	**—**
Borgarfjörður	—	**6 377**	**—**
Akranes	1981/82	4 768	—
Borgarnes	1980/81	1 512	—
Hvanneyri	1982	97	—
Vestfirðir	.	**604**	**604**
Reykhólar	1974	78	78
Suðureyri	1977	526	526


Kjördæmi/hitaveitur	Upphaf hita-veitu	Tala íbúa á hitaveitusvæði 1978 12-01	Tala íbúa m/hitaveitu 1978 12-01
Norðurland vestra	.	5 615	4 944
Hvammstangi	1973	510	510
Blönduós	1978	885	885
Sauðárkrókur	1953	2 079	2 079
Hólar í Hjaltadal	1980	50*	—
Siglufjörður	1975	2 091	1 470
Norðurland eystra	.	18 209	10 506
Ólafsfjörður	1944	1 160	1 150
Dalvík	1969	1 234	1 234
Hrísey	1973	299	295
Akureyri	1977	12 889	5 200
Húsavík	1970	2 377	2 377
Reykjahlíð	1969	250*	250*
Austurland	.	1 020	—
Egilsstaðir	1980	1 020	—
Alls almennar hitaveitur	.	174 937	145 969
Einkahitaveitur			
Suðurland	.	157	157
Laugarvatn	1930	157	157
Norðurland	.	269	269
Laugarbakki	...	75	75
Varmahlíð	...	87	87
Laugar	...	107	107
Alls kauptún	.	426	426
Enn fremur sveitabýli og gróðurhúsasvæði um land allt, þó aðallega í Árnes- og Borgarfjarðarsýslum	...	1 000*	1 000*
Alls einkahitaveitur	.	1 500*	1 500*
Samtals hitaveitur	.	176 437	147 469
% af heildaríbúafjölda		78.6	65.7

Ath.:
Ártöl og tala íbúa með hitaveitu birt án ábyrgðar.

ORKUSTOFNUN

ORKUVER, AÐFLUTNINGSLÍNUR OG HELSTU AÐVEITUSTÖÐVAR Á ÍSLANDI

1979-12-31



Fylgiskjal VI.

Orkustofnun
1979-03-05

Um styrkingu rafdreifikerfisins í sveitum landsins.

1. Inngangur.

Um aldarfjórðungur er nú liðinn síðan hafist var handa af alvöru um að dreifa raforku um sveitir landsins. Mikill árangur hefur náðst á þessum tíma, og nú er svo komið að einungis um 50 býli eru ótengd við samveitur af þeim sem Orkuráð hefur talið að rétt sé að fái raforku á þann hátt. Að auki eru um 40 býli svo afskekkt að þau verða tæplega öll tengd samveitum. Mun Orkuráð taka mál þeirra til sérstakrar athugunar á næstunni.

Samveitur ná þannig nú þegar orðið til 98% allra sveitabýla á landinu, auk margra annarra notenda í sveitum, svo sem félagsheimila, þjónustustöðva ýmiss konar og minni háttar þéttbýlis. Fullyrða má að rafvæðing sveitanna undanfarinn aldarfjórðung hafi haft úrslitaþýðingu fyrir búsetu í strjálbýli. Hefði hún ekki komið til væru án efa margar blómlegar byggðir, sem nú eru, fyrir löngu komnar í eyði.

Rafvæðing sveitanna hefur kostað mikið fé. Langsamlega mestur hluti þess fjár hefur komið frá ríkinu gegnum Orkusjóð sem óendurkræft framlag. Afgangurinn er heimtaugargjöld notenda. Þessi háttur á fjármögnun sveitarafvæðingarinnar, sem ákveðinn var þegar í upphafi, hefur ráðið úrslitum um raforkuverðið í sveitum landsins. Án hans hefði það orðið með öllu óviðráðanlegt fyrir notendur.

2. Núverandi ástand sveitakerfanna.

Frá upphafi sveitarafvæðingarinnar og lengst af síðan hefur verið leitast við að nýta tiltækt fé sem best í þeim skilningi, að reynt hefur verið að tengja sem flest sveitabýli við samveitur fyrir þá fjárhæð sem varið var til þessa verkefnis á hverju ári. Hönnun dreifikerfisins hefur í veigamiklum atriðum verið við þetta miðuð. Þannig var í upphafi ákveðið að hafa dreifikerfið að langmestu leyti einfasa. Þrífasa voru lengi vel einungis helstu stofnlínur, burðarásar dreifikerfisins, sem oft á tíðum fluttu jafnframt raforku til kauptúna og voru þannig einungis öðrum þræði hluti af dreifikerfi sveitanna. Þessi stefna hefur leitt til miklu örari rafvæðingar sveitanna en unnt hefði verið með öðru móti, miðað við tiltækt fjármagn. Gallar þessarar aðferðar eru hins vegar: 1) miklum mun minni fluningsgeta (þrífasa kerfi flytur að öðru jöfnu þrisvar sinnum meiri raforku en einfasa kerfi); 2) notendur eiga ekki kost á þrífasa rafmagni og 3) spennuskekkja hefur komið fram á vissum hlutum dreifikerfisins. Meðan álagið á sveitaveiturnar var lítið og notkunin að mestu takmörkuð við almenna heimilisnotkun og minni háttar búnotkun; húshitun með rafmagni lítil sem engin og búnotkun í stærri stíl, svo sem súgþurrkun, mjög takmörkuð, gætti þessara ágalla lítt eða ekki. Fyrir almenna heimilisnotkun skiptir t. d. engu máli hvort dreifikerfið er þrífasa eða ekki, enda hafa flest heimili í þéttbýli einfasa heimtaugar. En eftir því sem notkun rafhreyfla í sveitum breiðist út og slíkir hreyflar verða stærri verða ókostir einfasa kerfis tilfinnanlegri, þar eð einfasa hreyflar eru miklum mun dýrari en jafnstórir þrífasa hreyflar. Notkun hreyfla í sveitum hefur stóraukist á síðustu 25 árum, bæði til súgþurrkunar, dælingar og fleiri nota. Jafnframt hefur notkun raforku til hitunar aukist til mikilla muna, enda þótt rafhitun fullnægi óvíða allri hitunarþörfinni. Þetta hefur haft í för með sér stórlega aukið álag á dreifikerfi sveitanna. Er nú svo komið að það annar víða

alls ekki álaginu, og þeim stöðum fer fjölgandi ár frá ári þar sem svo er ástatt. Jaðrar sums staðar við hálfgert neyðarástand af þessum sökum.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa reynt að bæta úr þessum ágöllum með lagfæringum á dreifikerfunum. Hafa þær snúið sér til Orkusjóðs með fjárbeiðnir í þessu skyni, svo sem eðlilegt er. Lengi vel var sjóðnum ekki ætlað neitt fé í þetta, en á síðari árum nokkurt, en mikils til of lítið. Hefur Orkuráð af þeim sökum ekki getað orðið við nema litlum hluta styrkingarbeiðnanna, sem hafa farið hækkandi ári frá ári.

3. Heildaráætlun um styrkingu dreifikerfisins.

Orkuráð varð fyrir nokkru ljóst að hér var meiri háttar viðfangsefni á ferðinni. Þegar jafnframt var haft í huga að raforkunotkun í sveitum mun vaxa verulega í framtíðinni, bæði vegna rafhitunar, aukinna búnota rafmagns og ýmiss konar iðnaðar og þjónustu í sveitum, var ljóst, að fram undan er það sem vel má kalla „aðra rafvæðingu sveitanna".

Orkuráð fól því árið 1976 framkvæmdastjóra sínum, orkumálastjóra, að láta gera úttekt á þessu verkefni fyrir landið í heild, kostnaði við það og hve langan tíma þyrfti til að framkvæma það.

Orkumálastjóri samdi við verkfræðistofuna Rafhönnun um að vinna verk þetta. Hefur sú stofa starfað að því nú um nokkurra ára skeið, undir stjórn Gunnars Ámundasonar verkfræðings, en auk hans hefur Jón Bergmundsson verkfræðingur unnið mikið að því. Reglubundnir fundir hafa verið haldnir með orkumálastjóra um verkið meðan á því stóð. Hefur rafmagnsveitustjóri ríkisins setið flesta þessara funda, og Rafmagnsveiturnar hafa auk þess tekið mikilsverðan þátt í athugun þessari með því að leggja til margvísleg gögn og upplýsingar.

Ákveðið var að leggja til grundvallar athuguninni 26 kW hámarksálag á einstakt býli, sem samsvarar um 17 kW hámarksálagi á býli til jafnaðar, þegar mörg býli eru skoðuð í heild, vegna þess að hámarksálagið verður ekki samtímis hjá þeim öllum. Þessi tala, 26 kW, rúmar vel alla venjulega heimilisnotkun, rafhitun að fullu, súgþurrkun, og nokkra aðra búnotkun og/eða þjónustunotkun að auki. Samkvæmt orkuspá Orkuspárnefndar má ætla að notkunin hafi náð þessu marki upp úr 1987.

Ýmsar leiðir eru færar að því marki að styrkja dreifikerfi í strjálbýli svo að það anni þessu álagi. Ein er sú að hafa dreifikerfið að mestu einfasa eins og hingað til, en fjölga stórlega aðveitustöðvum og aðflutningslínum. Önnur sú að breyta dreifikerfinu úr einfasa í þrífasa kerfi að langmestu leyti, því að þrífasa kerfi flytur að öðru jöfnu þrefalt á við einfasa kerfi. Fleiri leiðir koma og til álita, svo sem að hækka dreifispennuna.

Við samanburð á þessum leiðum koma mörg atriði til álita. Vega þar þyngst kostnaður og það sem kalla mætti rafgæði mismunandi leiða, þ. e. gæði þeirrar raforku sem hver um sig býður upp á. Breyting í þriggja fasa kerfi úr einfasa, þrífösun, hefur yfirburði yfir hinar leiðirnar um rafgæði, þar eð hún gefur notendum í sveitum almennt kost á þrífasa rafmagni og gerir þá í þeim efnum jafna íbúum þéttbýlisins, þar sem dreifikerfi eru yfirleitt þrífasa. Þennan möguleika gefa hinar leiðirnar ekki.

Ákveðið var að byrja könnunina með því að gera sér grein fyrir því, hvort þrífösunarleiðin væri svo miklu dýrari en hinar að til álita kæmi að velja aðrar. Niðurstaðan varð sú, að kostnaðarmunur hennar og annarra leiða væri það lítill, að ekki kæmi til greina að velja þær, þegar hafðir voru í huga kostir þeir sem þrífösunin hefur í sér fólgna fyrir notendur. Var sú leið því valin og verkið þar eftir miðað allt við hana.

Athugunin leiddi í ljós, að til þess að geta flutt það rafmagn, sem hér að framan var nefnt (26 kW á einstök býli) og nægir til almennra heimilisnota, rafhitunar, súgþurrkunar og annarra búnota, og að einhverju marki til þjónustustarfsemi í

sveitum, þarf ekki að þrífasa allt dreifikerfið. Það nægir að um 65% allra lína séu þrífasa; allar meginlínur og þær hliðarlínur sem mest álag er á. Afgangurinn getur verið einfasa áfram, en flutt samt það sem til er ætlast. Þar er um að ræða minni háttar álmur og línur á útjöðrum byggða. Þar eð flestir stærstu notendurnir, þeir sem hafa mesta þörf fyrir þrífasa rafmagn, eru frekar miðsveitis en á jöðrunum, er hlutfall þeirra notenda, sem kost munu eiga á þrífasa rafmagni, hærra en lengd þrífasa línanna í hlutfalli við lengd alls dreifikerfisins eða 70—80% í stað 65%.

Áætlaður kostnaður við styrkingu dreifikerfa upp að þessu marki á landinu öllu, þ. e. við að gera 65% af heildarlengd dreifikerfisins þrífasa, er 8 785 á verðlagi í ársbyrjun 1979.

Það var ennfremur kannað, hvað það kostaði að leiða þrífasa rafmagn heim á hvert einasta býli á landinu, sem tengt verður samveitum. Er áætlað að það kosti 14 683 Mkr. á sama verðlagi.

Vert er að vekja athygli á því, að enda þótt hið styrkta dreifikerfi anni allri almennri notkun raforku í sveitum, þar á meðal þörfum þjónustustarfsemi og minni háttar iðnaðar, þá leyfir það ekki að stórir iðnaðarnotendur, eins og heykögglaverksmiðjur með rafþurrkun, séu staðsettar hvar sem er í sveitum. **Ekkert dreifikerfi leyfir slíkt ef kostnaður þess á að vera viðráðanlegur.** Svona notendur þurfa eigin aðfærslulínur, og þarf að reikna stofnkostnað þeirra með stofnkostnaði iðjuversins þegar hagkvæmni þess er metin. Frá rafmagnslegu sjónarmiði er best að slíkir notendur séu sem allra næst meiri háttar aðveitustöðvum.

Fylgiskjal VII.

Orkustofnun
1980-02-06

SVEITARAFVÆÐING.

Ef gert er ráð fyrir að rafvæða öll sveitabýli, sem nú teljast órafvædd, innan við 6 km fjarlægð frá almenningsdreifiveitu áætlast veitulögnin kosta um **760 M.kr.** og er gert ráð fyrir að hún nái til aðeins **38 býla.**

Árlega bætast svo við nýir rafmagnsnotendur á veitusvæði RARIK og Orkubúi Vestfjarða og mun kostnaður við tengingu þeirra a. m. k. 200 M.kr./ári á gildandi verðlagi.

Órafvædd býli utan við 6 km fjarlægð frá almenningsrafveitu teljast um 40 og eru engar áætlanir um að rafvæða þau frá almenningsrafveitum, en munu flest eða öll vera rafvædd frá einkarafstöðvum, dísil- eða vatnsaflsstöðvum.

Fylgiskjal VIII.

Orkustofnun
1980-02-06

Orkusparandi aðgerðir.

Orkumálastjóri skipaði vinnuhóp um orkusparnað í hitun húsa í febrúar 1979. Í hópnum eru fulltrúar frá eftirtöldum aðilum: Félagi ráðgjafarverkfræðinga, Húsnæðismálastofnun, Orkustofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Vinnuhópurinn hefur sent frá sér skýrslu „Orkusparnaður í hitun húsa. Áfangaskýrsla 1" OS79030, Reykjavík, júlí 1979. Á blaðsíðum 69—72 í skýrslunni er listi yfir ábendingar sem fram koma í skýrslunni. Hér á eftir verður getið nokkurra þessara ábendinga.

Tæknilegar ábendingar.

— Hlutast verði til að gler verði tvöfaldað í öllum olíukyntum húsum sem hafa einfalt gler.
— Í olíukyntum húsum þar sem loft og gólf eru illa einangruð verði gerðar viðeigandi úrbætur.
— Uppsetning stjórnvædds hitakerfis í stað handstýrðs minnkar orkuþörf. Mögulegur sparnaður er 15—25% í íbúðarhúsnæði og 25—40% í þjónustubyggingum.
— Víðast eru hæggengir brennarar í olíukynditækjum. Hraðgengir brennarar borga sig á um tveim árum. Þeir, sem gera ráð fyrir að hafa olíukyndingu í meir en tvö ár, ættu því að skipta yfir í hraðgenga brennara.
— Ýmsar leiðir eru til að spara orku með litlum tilkostnaði, þar má nefna:
Lækkun innihita um 1°C án aukinnar útloftunar minnkar orkuþörf um 6—7%.
Lækkun hita að næturlagi um 2°C minnkar orkuþörf um 3—6%.
Minnkun loftskipta með því að setja þéttilista í opnanleg gluggafög.
Viðhald olíukynditækja, svo sem hreinsun og stillingu.

Stjórnunarlegar ábendingar.

— Haldin verði námskeið um rekstur bygginga fyrir húsverði og þá sem sjá um rekstur og viðhald bygginga.
— Samdar verði reglur um hönnun nýbygginga og viðhald bygginga í eigu ríkisins með sérstöku tilliti til hagkvæmari orkunýtingar og reksturs.
— Verðlagning á orku til húshitunar verði endurskoðuð með það fyrir augum að hvetja til orkusparnaðar.
— Skipulag stuðli að hagkvæmari orkunýtingu.
— Gerðar verði kröfur til úthlutunar olíustyrks, svo sem krafa um stillingu olíukynditækja. Einnig þarf að huga sérstaklega að öðrum leiðum til jöfnunar hitunarkostnaðar, sem jafnframt eru orkusparandi. Má þar nefna ráðgjöf varðandi kyndingu, einangrun o. fl., lán og styrki til endurbóta.
— Ríkið haldi áfram fræðslu- og áróðursstarfsemi um hagkvæmari orkunýtingu, í fjölmiðlun, í skólum og með námskeiðahaldi.

Nd. 158. Frumvarp til laga [107. mál]

um breyting á lögum nr. 98 31. desember 1979, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í 1. gr. laga nr. 98 1979 til bráðabirgðafjárgreiðslna úr ríkissjóði á árinu 1980, skal gilda til 3. apríl 1980.

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ennfremur er fjármálaráðherra heimilt að selja innlánsstofnunum ríkissjóðsvíxla eða ríkisskuldabréf í sama tilgangi.

3. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 5 600 m.kr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þar sem nú er ljóst að fjárlög fyrir árið 1980 verða ekki sett fyrir miðjan febrúar 1980 ber brýna nauðsyn til að framlengja gildi laga nr. 98 31. desember 1979 um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980 o. fl., en greiðsluheimildir þeirra laga renna út hinn 15. febrúar nk.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greiðsluheimildir sem falla áttu úr gildi hinn 15. febrúar nk. eru framlengdar til 3. apríl nk.

Um 2. gr.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að athugað verði um kaup innlánsstofnana á ríkissjóðsvíxlum og ríkisskuldabréfum til skamms tíma til þess að fjármögnun á árstíðabundnum halla ríkissjóðs verði sem mest utan Seðlabankans. Í samræmi við þetta er leitað eftir lagaheimild til slíkrar lántöku.

Um 3. gr.

Í fjárlagafrumvörpum sem lögð voru fyrir 101. og 102. löggjafarþing er gert ráð fyrir að verulegs fjár til að standa straum af kostnaði við lánsfjármagnaðar framkvæmdir verði aflað með sölu spariskírteina ríkissjóðs. Undanfarin ár hefur hluti þeirra spariskírteina, sem til sölu er, verið settur á markað í marsmánuði. Þar sem ekki er öruggt að fjárlög verði afgreidd þegar hagkvæmast er að bjóða spariskírteini til sölu er þessarar lagaheimildar leitað nú.

Nd. 159. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Matthías Á. Mathiesen og Svavar Gestsson.

Alþingi, 12. febr. 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Albert Guðmundsson.
Karvel Pálmason. Sverrir Hermannsson.

Nd. 160. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 98 31. des. 1979, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. Á fund nefndarinnar komu starfsmenn fjármálaráðuneytisins og gerðu grein fyrir málinu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Sverrir Hermannsson og Svavar Gestsson.

Alþingi, 13. febr. 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Albert Guðmundsson, með fyrirvara.
Karvel Pálmason, með fyrirvara. Matthías Á. Mathiesen, með fyrirvara.

Nd. 161. Lög [78. mál]

um breyting á lögum nr. 29 26. maí 1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

(Afgreidd frá Nd. 13. febr.)

Samhljóða þskj. 115.

Ed. 162. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 98 31. des. 1979, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 13. febr. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Kjartan Jóhannsson, fundaskr. Lárus Jónsson.
Tómas Árnason. Ey. Kon. Jónsson. Guðmundur Bjarnason.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 163. Lög [107. mál]

um breyting á lögum nr. 98 31. des. 1979, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og heimildir til lántöku á árinu 1980.

(Afgreidd frá Ed. 13. febr.)

Samhljóða þskj. 158.

Nd. 164. Breytingartillögur [44. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar er orðist svo:
   a) (2. gr.) Í stað orðanna „Félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum sem hér eiga heimili, sbr. þó 5. tölul. 4. gr.“ í 5. tl. 1. mgr. laganna komi: Öðrum félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum, sem hér eiga heimili, sbr. þó 6. tl. 4. gr.
   b) (3. gr.)
      a) 5. tl. 4. gr. laganna orðist svo:
         Þeir lögaðilar sem um ræðir í 2. gr. og hér eiga heimili, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.
      b) Við 4. gr. laganna bætist nýr töluliður, er verði 6. tl. og orðist svo:
         Félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 5. tl. 2. gr., sem ekki reka atvinnu.
2. Við 2. gr. Við greinina (er verði 4. gr.) komi nýr stafliður er verði f-liður og orðist svo:
   Í stað „111. gr.“ í 2. mgr. 2. tl. C-liðs 7. gr. laganna komi: 116. gr.
3. Við 3. gr. (er verði 5. gr.) d-liður orðist svo:
   Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:
   Til tekna sem verðbætur og gengishagnaður af kröfum eða inneignum manna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, teljast þó aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengishagnaður á afborganir og vexti.

4. Á eftir 5. gr. (er verði 7. gr.) komi ný grein er verði 8. gr. og orðist svo:
   a) Á eftir 1. málslið 2. mgr. 14. gr. laganna komi nýr málsliður er orðist svo:
   Við ákvörðun á söluhagnaði íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið sérstakri fyrningu samkvæmt 3. mgr. 44. gr., skal sú fyrning dregin frá stofnverði framreiknuð með verðbreytingarstuðli fyrningarárs.
   b) 2. málsliður 2. mgr. 14. gr. laganna (er verði 3. málsliður) orðist svo:
   Ef skattaðili hefur eignast hina seldu eign fyrir árslok 1978 er honum heimilt að nota gildandi fasteignamat í árslok 1979, að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 26. gr., í stað stofnverðs.
   c) 4. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:
   Skattaðili getur farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðar af landi bújarða og ófyrnanlegum náttúruauðæfum á bújörðum um tvenn áramót frá söludegi, enda afli hann sér sams konar eignar eða íbúðarhúsnæðis til eigin nota í stað hinnar seldu innan þess tíma og færist þá söluhagnaðurinn framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Þessi meðferð söluhagnaðar er því aðeins heimil að seljandi hafi haft búrekstur á hinni seldu eign að aðalstarfi í a. m. k. fimm ár á síðast liðum átta árum næst á undan söludegi og stundi búrekstur á sama hátt á hinni keyptu bújörð eða noti hið keypta húsnæði fyrir eigin íbúð í a. m. k. tvö ár eftir kaupdag. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt telst söluhagnaðurinn, framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr., með skattskyldum tekjum þess árs þegar skilyrðið er rofið, að viðbættu 10% álagi. Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.
5. Á eftir 8. gr. (er verði 11. gr.) komi ný grein er verði 12. gr. og orðist svo:
   Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður sem verði 8. tl. og orðist svo:
   Endurmatshækkun fyrnanlegra eigna samkvæmt ákvæðum laga þessara sé matshækkun búfjár samkvæmt 2. tl. 74. gr., enda kemur matslækkun ekki til frádráttar tekjum.
6. Við 10. gr. (er verði 14. gr.).
   a) Við greinina komi nýr stafliður er verði a-liður og orðist svo:
   Í stað „115. gr.“ í 6. tl. A-liðs 30. gr. laganna komi: 120. gr.
   b) Á eftir b-lið (er verði c-liður) komi nýr stafliður er verði d-liður og orðist svo:
   Í stað „1600 kr.“ í 1. málslið 1. mgr. 1. tl. C-liðs 30. gr. laganna komi: 2700 kr.
   c) Á eftir c-lið (er verði e-liður) komi nýr stafliður er verði f-liður og orðist svo:
   Í stað „260 000 kr.“ í 2. málslið 3. tl. C-liðs 30. gr. laganna komi: 430 000 kr.
   d) Inn í greinina komi tveir nýir stafliðir er verði g- og h-liðir og orðist svo:
   g) Í stað „185 000 kr.“ í 2. málslið 4. tl. C-liðs 30. gr. laganna komi: 306 000 kr.
   h) Í stað „40 000 kr.“ í 2. málslið 3. tl. D-liðs 30. gr. laganna komi: 66 000 kr.
   e) Á eftir d-lið (sem verði i-liður) komi nýr stafliður er verði j-liður og orðist svo:
   Í stað „5000 kr.“ í 2. tl. E-liðs 30. gr. laganna komi: 10 000 kr.
   f) e-liður greinarinnar (er verði k-liður) orðist svo:
   Við 30. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. hennar og orðist svo:
   Hafi maður beinan kostnað við öflun annarra tekna skv. 1. tl. A-liðs 1. mgr. 7. gr., án þess að hún verði talin falla undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, skulu ákvæði 1. mgr. 1. tl. 31. gr. samt sem áður gilda um slíkan kostnað eftir því sem við á, þó ekki ákvæðin um vexti af skuldum,

afföll, gengistöp og fyrningu eigna. Kostnaður þessi leyfist eingöngu til frádráttar sams konar tekjum og hann gekk til öflunar á, og má frádráttur hvers árs aldrei nema hærri fjárhæð en sem nemur þeim tekjum sem hann leyfist til frádráttar.

7. Við 11. gr. (er verði 15. gr.).
   Á greininni verða svofelldar breytingar:
   a) c-liður orðist svo:
      Niður falli orðin „og verðbætur“ í 4. tl. 31. gr. laganna, sem verður 5. tl.
   b) Við greinina bætist nýr stafliður er verði d-liður og orðist svo:
      6. tl. 31. gr. laganna, er verði 7. tl., orðist svo:
      Þær eftirstöðvar rekstrartapa frá fyrri árum, framreiknaðar skv. ákvæðum 26. gr., sem eigi hefur náðst að jafna með færslu úr varasjóði, sbr. 54. gr., enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist.
8. Við 15. gr. (er verði 19. gr.). Í stað „200 000 kr.“ komi: 700 000 kr.
9. Við 18. gr. Greinin (er verði 22. gr.) orðist svo:
   44. gr. laganna orðist svo:
   Til viðbótar fyrningu skv. 38. gr. er heimilt að fyrna eignir, sbr. 32. gr., um fjárhæð jafna skattskyldum hluta söluhagnaðar af fyrnanlegum eignum á sama rekstrarári og söluhagnaður færist til tekna. Einnig er heimilt að fyrna sömu eignir um fjárhæð er nema má allt að 45% af þeirri fjárhæð sem færð er til tekna samkvæmt ákvæðum 53. gr.
   Heimilt er að fyrna sérstakri fyrirframfyrningu þá varanlegu rekstrarfjármuni sem ætlaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri, sbr. 32. gr., en ekki hafa verið teknir í notkun í ársbyrjun, enda hafi beinn fjármagnskostnaður á byggingartíma verið eignfærður. Skal hundraðshluti þessarar fyrirframfyrningar nema að hámarki sama hundraðshluta og tekjufærsla skv. 53. gr. og reiknast hann að fjárhæð sem er jafnhá fjárfestingu í þessum rekstrarfjármunum. Fyrirframfyrning samkvæmt þessari málsgrein og 2. málsl. 1. mgr. skal þó aldrei vera hærri en nemur heildarfjárhæð tekjufærslu samkvæmt 53. gr. vegna viðkomandi árs.
   Þrátt fyrir ákvæði 32. gr. er heimilt að fyrna íbúðarhúsnæði, sem notað er til öflunar tekna í atvinnurekstri, sérstakri fyrningu samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar.
   Eigi má mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt þessari grein, og ekki má nota þær til að fresta yfirfærslu rekstrartapa frá fyrri árum.
10. Á eftir 19. gr. (er verði 23. gr.) komi ný grein er verði 24 gr. og orðist svo:
    2. málsliður 48. gr. laganna orðist svo:
    Ákvæði 40. og 41. gr. eiga þá ekki við.
11. Við 22. gr. (er verði 27. gr.). 2.—7. mgr. orðist svo:
    Árlega skal reikna tiltekinn hundraðshluta af mismun eigna þeirra, er um ræðir í 3. mgr., og skulda þeirra, er um ræðir í 4. mgr., og færa þá fjárhæð, er þannig reiknast, til gjalda skv. 1. mgr. 1. tl. 31. gr. séu eignirnar hærri, en til tekna skv. B-lið 7. gr. séu skuldirnar hærri.
    Til eigna skattaðila við útreikning skv. 2. mgr. teljast allar óverðtryggðar eignir, eignir sem ekki hækka í verði við almennar verðhækkanir svo og þær eignir sem eru verðtryggðar eða hækka í verði við almennar verðhækkanir, en verðtryggingin eða verðhækkunin telst til skattskyldra tekna samkvæmt lögum þessum. Hér til teljast t. d. sjóðseign, innlendar og erlendar bankainnstæður, viðskiptakröfur, viðskiptavíxlar og aðrar skammtímakröfur, skuldabréf og aðrar langtímakröfur, fyrirframgreiðslur og vörubirgðir. Til eigna í þessu sambandi teljast hins vegar ekki verðtryggðar eignir, eignir sem halda verðgildi sínu við almennar verðhækkanir eða eignir sem heimilt er að endurmeta samkvæmt lög-

um þessum án þess að verðbætur af þeim, hækkun á peningaverði þeirra eða endurmat þeirra teljist til tekna samkvæmt lögum þessum. Til þessara eigna teljast t. d. fyrnanlegar eignir, íbúðarhúsnæði og aðrar ófyrnanlegar fasteignir og eignarhlutar í félögum. Helmingur af matsverði bústofns telst til eigna við útreikning þennan. Niðurfærsla skv. 5. tl. og 2. mgr. 5. tl. 74. gr. skal dregin frá viðkomandi eignum áður en útreikningur fer fram.

Til skulda skattaðila skv. 2. mgr. teljast hvers konar skuldir, sbr. 76. gr., en þar með telst þó ekki hlutafé, stofnsjóðir, stofnfé, endurmatsreikningur, varasjóður og aðrir eiginfjárreikningar. Ógreidd hlutafjárloforð og skuldir og inneignir eignaraðila sameignarfélaga, sbr. 3. tl. 2. gr., teljast ekki til eigna eða skulda við útreikning þennan. Ekki teljast heldur til skulda í þessu sambandi ógreiddar uppbætur á innlagðar afurðir mjólkurbúa og sláturhúsa. Hjá mönnum, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, teljast ekki með í þessu sambandi skuldir og inneignir þeirra hjá atvinnurekstrinum og ekki heldur skuldir og eignir þessara aðila sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Þegar skuldir skattaðila skv. 4. mgr. þessarar greinar eru hærri en heildareignir hans, sbr. 73. gr., skal sá hluti reiknaðrar tekjufærslu samkvæmt þessari grein falla niður sem umfram er skattalegt tap ársins eða ójöfnuð töp frá fyrri árum.

Hinn reiknaði hundraðshluti skv. 2. mgr. skal vera jafn hundraðshluta verðbreytinga milli ára, sbr. 26. gr.

Færslu til tekna eða gjalda samkvæmt þessari grein skal reikna í lok hvers reikningsárs og skal miða við stöðu eigna og skulda sem tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi í byrjun reikningsárs.

12. Á eftir 22. gr. (er verði 27. gr.) komi ný grein er verði 28. gr. og orðist svo:
Í stað orðanna „sbr. 6. tl. 1. mgr. 31. gr.“ í 53. gr. laganna, er verði 54. gr. þeirra, komi: sbr. 7. tl. 1. mgr. 31. gr.

13. Á eftir 24. gr. (er verði 30. gr.) komi ný grein er verði 31. gr. og orðist svo:
Í stað orðanna „6. tl. 1. mgr. 31. gr.“ í 3. mgr. 3. tl. 62. gr. laganna komi: 7. tl. 1. mgr. 31. gr.

14. Við 25. gr. (er verði 32. gr.). b-liður orðist svo:
Inn í 63. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðist svo:
Nemi heildarfrádráttur, er um ræðir í 1. og 2. tl. 1. mgr., hærri fjárhæð hjá öðru hjóna en tekjur þær, er um ræðir í 1., 2. og 3. tl. 1. mgr., skal það, sem umfram er, dregið frá tekjum hins hjóna við álagningu.

15. Við 26. gr. (er verði 33. gr.). Greinin orðist svo:
a) 3. málsliður 1. mgr. 64. gr. laganna orðist svo:
Um útreikning tekjuskatts og ónýtts persónuafsláttar fer eftir ákvæðum 2. mgr. 70. gr., en tímamörk skulu miðast við þann dag sem til hjúskapar var stofnað eða skilnaður eða sambúðarslit fóru fram eða maki andaðist.
b) Í stað „2. mgr. 63. gr.“ í 4. málslið 1. mgr. 64. gr. laganna komi: 3. mgr. 63. gr.
c) Á eftir 5. málslið 1. mgr. 64. gr. laganna komi nýr málsliður er orðist svo:
Þá er hjónum, sem slíta hjúskap eða samvistum á árinu, heimilt að telja fram allar tekjur sínar á því ári sitt í hvoru lagi.

16. Við 27. gr. Greinin falli niður.

17. Við 28. gr. (er verði 34. gr.). Greinin orðist svo:
a) Í 5. tl. 1. mgr. 66. gr. laganna breytast orðin „26 ára aldur“ í: 30 ára aldur.
b) Við 1. mgr. 66. gr. laganna bætist nýr töluliður er verði 8. tl. og orðist svo:
Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

18. Við 29. gr. (er verði 35. gr.). Greinin orðist svo:
Í stað „2. mgr. 63. gr.“ í 5. mgr. 69. gr. komi: 3. mgr. 63. gr.

19. Á eftir 33. gr. (sem verði 39. gr.) komi níu nýjar greinar er verði 40.—48. gr. og orðist svo:

a) (40. gr.) Á 91. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:
   a) Í stað „skv. 5. og 6. tl. 4. gr.“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: skv. 5. tl. 4. gr.
   b) 4. mgr. falli niður.

b) (41. gr.) Í stað orðanna „5. mgr. 91. gr. og 92. gr.“ í 5. mgr. 93. gr. laganna komi: 92. gr.

c) (42. gr.) Á 94. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:
   a) 1. mgr. orðist svo:

      Öllum aðilum, bæði framtalsskyldum og öðrum, er skylt að láta skattyfirvöldum í té ókeypis og í því formi, sem óskað er eftir, allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn er þau beiðast og unnt er að láta þeim í té. Skiptir ekki máli í því sambandi hvort upplýsingarnar varða þann aðila, sem beiðninni er beint til, eða þau skipti annarra aðila við hann er hann getur veitt upplýsingar um og varða skattlagningu þeirra aðila eða eftirlit með henni.

   b) 4. mgr. orðist svo:

      Nú verður ágreiningur um skyldu aðila samkvæmt þessari grein og getur ríkisskattstjóri þá leitað um hann úrskurðar sakadóms. Gegni einhver ekki upplýsingaskyldu sinni má vísa máli til opinberrar rannsóknar.

d) (43. gr.) Á 96. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:
   a) 3. mgr. orðist svo:

      Sé framtali breytt fyrir álagningu með stoð í 1. mgr. þessarar greinar skal skattstjóri tilkynna skattaðila eða þeim, sem framtalsskyldan hvílir á, skriflega um breytingarnar, þar með talin áætlun, og af hvaða ástæðum þær eru gerðar. Sé ekki kunnugt um dvalarstað skattaðila, framteljanda eða umboðsmanns hans má þó skattstjóri gera breytingarnar án þess að tilkynna um þær.

   b) Inn í greinina komi ný málsgrein, er verði 4. mgr. og orðist svo:

      Sé gerð breyting á framtali eða sköttum eftir álagningu eða fari fram ný skattákvörðun, sbr. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal gæta ákvæða 3. mgr. eftir því sem við á og senda tilkynningu um breytinguna í ábyrgðarbréfi. Tilkynning um skattbreytingu skal þó eigi send viðkomandi innheimtumanni fyrr en að loknum kærufresti til skattstjóra eða að loknum úrskurði kæru, hafi breytingin verið kærð, sbr. 99. gr. Samrit tilkynningar til innheimtumanns ríkissjóðs skal sent til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

e) (44. gr.) Á 98. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:
   a) 1. mgr. greinarinnar orðist svo:

      Eigi síðar en 30. júní skulu skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skv. 95. gr. og eftir því sem við á skv. 3. mgr. 96. gr. Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta er á hann hafa verið lagðir samkv. lögum þessum. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m. a. í Lögbirtingablaði, að álagningu sé lokið. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

   b) 2. mgr. greinarinnar falli niður.

f) (45. gr.) Á 1. mgr. 99. gr. laganna verða eftirtaldar breytingar:
   a) 1. málsliður orðist svo:

      Nú telur skattaðili skatt sinn eða skattstofn, þar með talin rekstrartöp, eigi rétt ákveðinn og getur hann þá sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til skattstjóra eða umboðsmanns hans innan 30 daga frá og með dagsetningu auglýsingar skattstjóra um að

álagningu skv. 1. mgr. 98. gr. sé lokið eða innan 30 daga frá og með póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun.

b) 2. málsliður orðist svo:

Skattframtal, sem berst eftir lok framtalsfrests, en áður en álagningu er lokið skv. 1. mgr. 98. gr., skal tekið sem kæra til skattstjóra, hvort sem skattaðili kærir skattákvörðun eða ekki.

g) (46. gr.) 10. mgr. 100. gr. laganna orðist svo:

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um skattfjárhæð. Ágreining um skattskyldu og skattstofna má bera undir dómstóla.

h) (47. gr.) 108. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðist svo:

Málsmeðferð og opinber rannsókn. Fyrningarreglur.

Ríkisskattanefnd úrskurðar sektir skv. 107. gr. nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Við meðferð mála hjá nefndinni skal gæta ákvæða 100. gr. eftir því sem við á og veita sakborningi færi á að taka til varna. Skattrannsóknarstjóri kemur fram af hálfu hins opinbera fyrir nefndinni þegar hún úrskurðar sektir. Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála út af brotum á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum svo og eftir ósk sökunauts, ef hann vill eigi hlíta því að mál verði afgreidd af ríkisskattanefnd skv. 1. mgr.

Mál út af brotum gegn skattalöggjöf skulu sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Skattkröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð.

Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum ríkisskattanefndar. Um innheimtu sekta, er ríkisskattanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um skatta skv. lögum þessum, þar á meðal um lögtaksrétt.

Sök samkvæmt 107. gr. fyrnist á 6 árum miðað við upphaf rannsóknar, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

i) (48. gr.) 109. gr. laganna falli niður.

20. Á eftir 34. gr. (er verði 49. gr.) komi ný grein er verði 50. gr. og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða III orðist svo:

Yfirfæranleg rekstrartöp, sem myndast hafa fyrir ársbyrjun 1979, sbr. 2. mgr. B-liðs 11. gr. laga nr. 68/1971, skal heimilt að flytja milli ára og draga frá tekjum, sbr. ákvæði 7. töluliðs 1. mgr. 31. gr., og skulu þau framreiknuð með sama stuðli og gildir um tap ársins 1979.

21. Við 35. gr. (er verði 51. gr.). 1. málsliður 6. mgr. orðist svo:

Endurmatsverð mannvirkja, sbr. 2. tl. 32. gr., er skattaðila heimilt að ákveða jafnt gildandi fasteignamati í árslok 1979 í stað framreiknaðs kostnaðarverðs (stofnverðs).

22. Á eftir 39. gr. (er verði 55. gr.) bætast tvær nýjar greinar er verði 56. og 57. gr. og orðist svo:

a) (56. gr.) Við lögin bætist nýtt ákvæði er verði ákvæði til bráðabirgða X og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði XIII. kafla laga þessara skulu lög nr. 1/1980 gilda, eftir því sem við á, um greiðslu opinberra gjalda á fyrri hluta ársins 1980.

b) (57. gr.) Við lögin bætist nýtt ákvæði, er verði ákvæði til bráðabirgða XI og orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði III. kafla laga nr. 51/1968, um bókhald, XII. kafla laga nr. 32/1978, um hlutafélög, og laga nr. 46/1937, um samvinnufélög, sbr. 2. málslið 1. mgr. 91. gr. þessara laga, er öllum bókhaldsskyldum aðil-

um heimilt að miða gerð ársreikninga sinna við ákvæði þessara laga að því er varðar endurmat, fyrningar og færslu vegna verðbreytinga. Lögin raska þó ekki ákvæðum tilvitnaðra laga um að eignir í ársreikningi skuli ekki tilfæra með hærra verði en raunverulega svarar til verðmætis þeirra.

23. Við 40. gr. (er verði 58. gr.). Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1980 vegna tekna ársins 1979 og eigna í lok þess árs. Þó skulu ákvæði b-, c- og i-liða 14. gr. og ákvæði 38. gr. laga þessara eigi koma til framkvæmda fyrr en við álagningu skatta á árinu 1981 vegna tekna ársins 1980 og eigna í lok þessa árs. Vaxtatekjur og verðbætur manna á árinu 1979 af verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs skulu þó vera frádráttarbærar að fullu frá tekjum við álagningu skatta 1980. Við beitingu ákvæða 78. gr. laganna vegna eigna í lok ársins 1979 skulu verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs dregin frá eignum með nafnverði, að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á höfuðstól við álagningu eignarskatts 1980.
24. 41. gr. frumvarpsins falli niður.

Nd. 165. Nefndarálit [44. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á mörgum fundum í u. þ. b. tvo mánuði. Fundirnir hafa verið sameiginlegir með fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.

Með nefndunum hafa starfað Árni Kolbeinsson deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu og Ólafur Nílsson löggiltur endurskoðandi.

Vorið 1978 voru samþykkt ný lög um tekjuskatt og eignarskatt. Lög þessi, sem birt voru sem lög nr. 40/1978, öðluðust gildi 1. janúar 1979 og koma til framkvæmda við álagningu árið 1980 á tekjur ársins 1979 og eign í lok þess árs. Eldri tekjuskattslög (lög nr. 68/1971) voru jafnframt felld úr gildi og fór síðasta álagning samkvæmt ákvæðum þeirra fram nú í sumar.

Í nýju lögunum felast mjög róttækar breytingar á þeim skattlagningarreglum sem gilt hafa hingað til, og má þar t. d. nefna sérsköttun hjóna, aðlögun tekjuhugtaksins að verðbólgunni, vissan aðskilnað atvinnurekstrar og einstaklings þess er að honum stendur, hert viðurlög o. fl. Lögin fólu í sér róttækar breytingar og er frumvarpið árangur af því endurskoðunarstarfi sem boðað var við setningu þeirra.

Þegar nefndin fékk frumvarpið til meðferðar var nauðsynlegt vegna framtala fyrir árið 1980 að málið fengi skjóta meðhöndlun. Mikil óvissa ríkti með hvaða hætti framtöl skyldu gerð af einstaklingum og fyrirtækjum. Nefndinni þótti hins vegar nauðsynlegt að athuga málið ítarlegar og hafa samráð við ýmsa aðila sem hagsmuna eiga að gæta.

Var málið sent til umsagnar ýmissa aðila og bárust umsagnir og bréf frá eftirgreindum aðilum:

1. Sameiginlega frá Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Vinnuveitendasambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi fiskvinnslustöðva og Verslunarráði Íslands.
2. Félagi löggiltra endurskoðenda.
3. Sambandi ísl. bankamanna.
4. Kauphöllinni c/o Aron Guðbrandsson.
5. Sambandi ísl. bankamanna.
6. Jafnréttisráði.
7. Stéttarsambandi bænda.

8. Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja.
9. Sambandi ísl. samvinnufélaga.
10. Sölustofnun lagmetis.
11. Félagi ísl. iðnrekenda.
12. Félagi einstæðra foreldra.
13. Alþýðusambandi Íslands.
14. Stúdentaráði Háskóla Íslands.
15. Bandalagi háskólamanna.

Auk þess komu fulltrúar þeirra aðila, sem þess óskuðu, til fundar við nefndina og skýrðu sjónarmið sín.

Nefndin hefur tekið allar ábendingar til athugunar og rætt þær á fundum sínum.

Nefndinni er ljóst að ýmsar ábendingar, sem fram hafa komið, eru mikilvægar, en hefur reynt að takmarka breytingar við það sem hefur þótt óhjákvæmilegt og samstaða hefur náðst um. Í því sambandi þykir rétt að gera grein fyrir eftirfarandi aðalatriðum:

1. Meginatriði frumvarpsins er meðferð verðbreytingarhagnaðar eða taps vegna peningaeigna og skulda. Eins og fram kemur í frumvarpinu er ljóst að skattlagning verðbreytingarhagnaðar getur skapað greiðsluvandræði.

   Frumvarpið gerir ráð fyrir því að slíkur hagnaður færist til tekna án tillits til peningastreymis. Hins vegar er tekið tillit til peningastreymis með því að heimila afskrift á móti reiknuðum verðbreytingahagnaði sem nemur 25%. Eftir miklar umræður um þetta atriði þykir nefndinni rétt að leggja til að afskriftarhlutfall þetta verði hækkað í 45% af verðbreytingahagnaði. Nefndin leggur þetta til vegna þeirrar óvissu sem ríkir um áhrif þessa ákvæðis. Hér er um slíka grundvallarbreytingu að ræða, að rétt þykir að auðvelda aðlögun að nýjum aðstæðum.

   Einnig er gert ráð fyrir að sérstök heimild verði til 100% fyrningar vegna skulda sem samsvara nýfjárfestingu sem ekki hefur verið tekin í notkun.
2. Yfirfæranlegt tap fyrri ára er ekki framreiknað til gildandi verðlags samkv. frumvarpinu. Með því skapast ósamræmi við meginstefnu frumvarpsins og er gerð tillaga um breytingu.
3. Heimilað er að draga bústofn bænda að hálfu frá skuldum áður en tekjufærsla er reiknuð. Með þessu er tekið tillit til þess að fóðurvörubirgðir eru ekki eignfærðar sérstaklega, heldur er bústofn metinn eins og hann er framgenginn að vori. Því hefur þótt eðlilegt að draga þann hluta bústofns sem svarar fóðurvörubirgðum um áramót frá skuldum áður en tekjufærsla er reiknuð.

   Tillaga er gerð um að ógreiddar uppbætur á eftirstöðvar afurðaverðs mjólkurbúa og sláturhúsa verði ekki taldar með við útreikning tekjufærslu, enda myndi þær ekki gjaldfærslu hjá bændum.

   Einnig er gerð tillaga um að auðvelda bændum að yfirfæra söluhagnað af bújörðum yfir á íbúðarhúsnæði til eigin nota.
4. Endurmat fasteigna er miðað við fasteignamat 1. janúar 1979 skv. lögunum. Tillaga er gerð um að heimilt verði að miða við fasteignamat 1. des. 1979.
5. Tillaga er gerð um að heimila hækkun á gjaldfærslu vegna kaupa á minni háttar eignum.
6. Tillaga er gerð um rannsóknarmeðferð skattamála í samræmi við tillögu vinnuhóps sem vann að því máli.
7. Samkvæmt lögum nr. 40/1978 eru skattstigar o. fl. miðaðir við staðgreiðslukerfi skatta. Nauðsynlegt er að gera breytingar á þessum stigum, sem nefndin hefur ekki fjallað um.

   Hins vegar þykir nefndinni rétt að hækka fjárhæðir sjómannafrádráttar, námsfrádráttar, giftingarfrádráttar, frádráttar vegna lífsábyrgðar og lágmarksfjárhæð vegna gjafa til menningarmála. Er þetta gert til að auðvelda framtalsgerð á næstunni.

8. Ýmsar aðrar breytingar eru gerðar sem flestar eru minni háttar, og verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögu.

Ýmis önnur atriði hafa verið rædd sem nefndinni þykir ástæða til að athuga frekar. Má þar nefna afskrift vörubirgða og meðferð þeirra í uppgjöri fyrirtækja.

Nefndin telur hins vegar ekki mögulegt að gera tillögu um breytingu á þessu stigi.

Samkvæmt ákvæðum laganna er gert ráð fyrir að fyrning mannvirkja sé almennt 2%. Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð hærra fyrningarhlutfall einstakra flokka mannvirkja. Nefndin er þeirrar skoðunar að fyrning mannvirkja sem notuð eru til framleiðslustarfsemi, án tillits til gerðar mannvirkis, skuli vera að lágmarki 4%.

Nefndinni er ljóst, að verulega skortir á nákvæmar upplýsingar um áhrif hinnar nýju skattlagningarreglu á einstakar greinar atvinnurekstrar. Nefndin telur því nauðsynlegt að ákvæðin um heimild til frestunar skattlagningar á hluta af verðbreytingartekjum komi til nýrrar meðhöndlunar þegar nægilegar upplýsingar úr framtölum liggja fyrir.

Fullt samkomulag er ekki í nefndinni varðandi afskriftahlutfall af verðbreytingarhagnaði. Nefndin mun taka þetta atriði til nánari umfjöllunar að lokinni 2. umræðu.

Alþingi, 13. febr. 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen, með fyrirvara.
Albert Guðmundsson, með fyrirvara.	Sverrir Hermannsson, með fyrirvara.	Skúli Alexandersson,
	Karvel Pálmason, með fyrirvara.	

Sþ. 166. Tillaga til þingsályktunar [108. mál]

um ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks.

Flm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Páll Pétursson, Stefán Valgeirsson, Alexander Stefánsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks verði ekki lakari en ávöxtun ríkistryggðra skuldabréfa.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum nr. 30 frá 1970 er öllum einstaklingum á aldrinum 16—25 ára skylt að leggja til hliðar 15% af launum sínum, sem greidd eru í peningum eða sambærilegum atvinnutekjum, í því skyni að mynda sjóð til íbúðabygginga eða bústofnunar í sveit.

Fé það, sem á þennan hátt safnast, er nú ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins.

Í lögunum segir:

„Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkvæmt 1. málsgr., hefur hefur náð 26 ára aldri — eða stofnað til hjúskapar, verði það fyrr, kaupir eða byggir íbúð til eigin þarfa, sbr. e-lið 12. gr. — skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkvæmt 1. málsgr. með 4% vöxtum frá þeim tíma, er það var innlagt, og með viðbót samkvæmt kaupvísitölu ... “

Þá segir og í lögunum:

„Undanþegnir sparnaðarskyldu eru:

a) Gift fólk, sem hefur stofnað heimili.
b) Skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, og iðnnemar meðan þeir stunda iðnnám.
c) Unglingar í sveitum, sem vinna hjá foreldrum sínum eða fósturforeldrum og leggja árlega 25% af kaupi sínu, að fæði frádregnu, í bústofnsaukningu.
d) Þeir, sem hafa börn eða aðra skylduómaga á framfæri sínu, þó ekki þeir, er hafa yfir 75 þús. kr. skattskyldar tekjur, enda hafi þeir ekki fyrir heimili að sjá.
e) Þeir, sem kaupa eða byggja íbúðir til eigin þarfa.“

Með lögum nr. 87 frá 1975 voru undanþáguheimildir veittar öryrkjum, einstæðum foreldrum og námsmönnum.

Á undanförnum árum hefur sparifé þeirra ungmenna, sem með lögum hafa verið skylduð til að leggja fyrir fé, rýrnað mjög í vörslu opinberra sjóða. Hafa ungmenni þannig verið skylduð til að leggja fyrir fé með mun lakari ávöxtun en þau gætu fengið með öðrum sparnaðaraðferðum. Ræður þar mestu um, hvaða útreikningsaðferð er beitt við ávöxtun fjárins, en andi laganna verður vart skilinn á annan hátt en þann, að hið skyldusparaða fé skuli fyllilega verðtryggt samkvæmt kaupgjaldsvísitölu.

Reiknireglur veðdeildar Landsbankans við ávöxtun skyldusparnaðar fela í sér eftirtalin atriði:

1) Verðbætur reiknast einu sinni á ári.
2) Verðbætur reiknast á lægstu upphæð ársins.
Dæmi: Einstaklingur, sem hefur skyldusparnað 1. febr. 1979 og leggur mánaðarlega fyrir fé og á 300 000 kr. á skyldusparnaðarreikningi 1. febr. 1980, fær engar verðbætur það ár, því lægsta innistæða er kr. 0.0 í byrjun. 1. febr. 1981 gæti innistæða hans verið orðin 800 000 kr. Þá fær hann verðbætur reiknaðar á 300 000 kr. sem er lægsta innistæða ársins, 1. febr. 1980.
3) Verðbætur reiknast ekki á verðbætur. Verðbætur eru hins vegar lagðar á sérstakan reikning til hliðar við aðalreikning skyldusparanda og er sá reikningur vaxtalaus og ekki útleysanlegur fyrr en við lokauppgjör.
4) Þeir, sem undanþegnir eru skyldusparnaði, t. d. vegna náms, leggja samt til hliðar 15% launa sinna. Þetta fé fá þeir síðan endurgreitt, en þá engar verðbætur, ef féð er leyst út fyrir 1. febr. Vexti fá þeir hins vegar 4%. Þessir vextir fást þó ekki útgreiddir fyrr en reikningur er endanlega útborgaður. Vextirnir eru lagðir á bók sem verðtryggist á ofangreindan hátt með 4% vöxtum.

Af þessum reiknireglum leiðir margs konar óréttlæti.

1) Ungt fólk er skyldað til þess að leggja fyrir fé með mun lakari ávöxtun en það getur fengið með öðrum hætti. Þessu til skýringar má búa til ýmis dæmi. Hér á eftir er athuguð ávöxtun 2 000 000 kr. í 5 ár með þrennu móti. Til þess að skýra málið betur og til einföldunar er í dæmunum reiknað með 50% hækkun kaupgjaldsvísitölu og framfærsluvísitölu á ári. Í þessu felst að sjálfsögðu engin spá um verðbólgu, en mismununin, sem átt hefur sér stað í óðaverðbólgu undanfarinna ára, kemur skýrar fram.

a) Einstaklingur leggur 2 000 000 kr. inn á skyldusparnaðarreikning með ávöxtun sem nú gildir um skyldusparnað ungs fólks. Að fimm árum liðnum á hann á reikningnum rúmar 8 **milljónir króna.**
b) Einstaklingur leggur 2 000 000 kr. inn á 12 mánaða vaxtaaukareikning með 43.5% vöxtum. Að fimm árum liðnum á hann rúmar 12 milljónir króna.
c) Hátekjumaður, sem skyldaður er með skattalögum til að leggja 2 000 000 kr. fyrir og lætur þær ávaxtast eftir þeim reglum sem nú gilda um skyldusparnað hátekjumanna, á eftir fimm ár rúmar **15 milljónir króna.**

Hefðu þessar 2 000 000 kr. verið lagðar í ríkistryggð skuldabréf væri ávöxtunin mun meiri. Af þessu sést, ef borinn er saman skyldusparnaður hátekjumanna og ungs fólks miðað við þessar forsendur, að fé hátekjumanna er nær tvöfalt betur ávaxtað. Skyldusparnaður hátekjumanna er þó talinn til skattlagningar, en skyldusparnaður ungs fólks var hugsaður til þess að búa í haginn fyrir það í framtíðinni.

2) Inngreitt fé í skyldusparnað mun hafa á árinu 1979 numið nær 6 milljörðum króna. Verulegur hluti þess, eða um 5 milljarðar, mun hafa verið endurgreiddur á árinu, ýmist vegna undanþága eða lokauppgjörs. Þeir tæpu 6 milljarðar, sem inn komu á tímabilinu frá 1. febr. 1978 til 1. febr. 1979, verðbætast ekki á því ári. Hins vegar eru greiddir á féð 4% vextir. Skólanemandi, sem vinnur sér inn fé yfir sumartímann, leggur 15% launanna í skyldusparnað. Nokkrum mánuðum seinna fær hann féð útgreitt án verðbóta, en með 4% vöxtum, sem haldið er fyrir honum við lokaávöxtun í mörg ár. Ríkið hefur orðið sér úti um ódýrt lánsfé.

Ekki er ljóst, hvert eftirlit er af opinberri hálfu með því að skyldusparnaður, sem tekinn er af ungmennum, komi til skila í opinbera sjóði. Á þessum aldri eru ekki allir hirðusamir um fé sem ekki fæst útgreitt fyrr en eftir mörg ár.

Mikil ábyrgð hvílir á opinberum aðilum, að ungt fólk beri ekki af þessu fyrirkomulagi enn frekara tjón en lýst er hér að framan.

Samkvæmt lögum nr. 10 frá 1961 verður helst skilið, að bankaeftirlit Seðlabankans eigi að hafa eftirlit með ávöxtun skyldusparnaðar. Óljóst er hvernig það eftirlit fer fram.

Í frumvarpi til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem nú liggur fyrir Alþingi, eru ákvæði um skyldusparnað ungs fólks. Segir þar, að verðtrygging skyldusparnaðar skuli vera samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands. Ekki er kveðið á um hversu reikna skuli. Er þá litlu eða engu betur komið en í eldri lögum þar sem kveðið er á um verðtryggingu samkvæmt kaupvísitölu.

Mikil nauðsyn er og réttlætismál, að nú þegar og án tafar verði útreikningsreglum um ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks breytt á þann veg, að ávöxtun þessa lögþvingaða sparnaðar verði eigi lakari en ríkistryggðra skuldabréfa. Ella verður þessi lögþvingaði sparnaður ungs fólks ekki skilinn öðruvísi en sérstök skattlagning þessa hóps í þjóðfélaginu. Slík skattlagning brýtur að líkindum í bága við stjórnarskrá landsins. Skyldusparnaður af þessu tagi er því aðeins réttlætanlegur að féð sé ávaxtað með bestu fáanlegu kjörum.

Nd. 167. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Alexander Stefánsson, Þórarinn Sigurjónsson.

1. gr.

2. og 3. mgr. 27. tl. 3. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 11/1979, orðist svo:

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 750 000 krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 1 500 000 krónum.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 1 500 000 krónum fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 3 000 000 króna af hverri bifreið samkvæmt þessari málsgrein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 100. löggjafarþingi voru samþykkt lög nr. 11 29. mars 1979, um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., um að lækka og fella niður gjöld af allt að 400 bifreiðum árlega fyrir bæklað fólk eða lamað svo og fólk með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Samkvæmt þeim lögum má lækkun gjalda af hverri bifreið nema allt að 500 þúsund krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 1 milljón króna.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af allt að 25 bifreiðum árlega um allt að 1 milljón króna fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 2 milljónum króna af hverri bifreið.

Eins og öllum er ljóst hafa orðið miklar verðhækkanir síðan þessi lagabreyting tók gildi. Lætur nærri að verð bifreiða hafi hækkað um 50%. Að mati flutningsmanna ber brýna nauðsyn til að hækka niðurfellingu á gjöldum, þ. m. t. innflutningsgjald, á bifreiðum til öryrkja til samræmis við verðlagshækkanir sem orðið hafa frá gildistöku laganna, til þess að það fólk, sem fær nú úthlutun, fái svipuð kjör og að var stefnt með fyrri lagabreytingu. Er óþarft að rökstyðja frekar þessa nauðsyn.

Flutningsmenn leggja til í þessu frumvarpi, að niðurfelling gjalda og innflutningsgjalds af þessum bifreiðum hækki um 50% frá gildandi lögum.

Að þessu sinni verður ekki lagt til að fjöldi bifreiða í þessu skyni verði aukinn þótt á því sé full þörf. Hins vegar telja flutningsmenn rétt að athuga hvort setja ætti í lögin ákvæði sem heimila fjármálaráðherra að hækka árlega niðurfellingu gjalda, þ. m. t. innflutningsgjald, í samræmi við verðlagsbreytingar, sem komi í stað lagabreytingar.

Við væntum þess, að lagabreyting þessi njóti stuðnings þingmanna og fái skjóta afgreiðslu í gegnum þingdeildir, svo breytingin verði að lögum fyrir úthlutun til öryrkja á þessum vetri.

Nd. **168. Frumvarp til laga** [44. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. febr.)

1. gr.

Við 4. tl. 1. mgr. 2. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo:

Við skráningu skal afhentur félagssamningur þar sem getið sé eignaraðildar, innborgaðs stofnfjár svo og hvernig félagsslitum skuli háttað. Senda skal skattstjóra vottorð um skráningu og staðfest eftirrit af félagssamningi með fyrsta skattframtali þessara félaga.

2. gr.

Í stað orðanna „Félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum sem hér eiga heimili, sbr. þó 5. tölul. 4. gr.“ í 5. tl. 1. mgr. 2. gr. laganna komi: Öðrum félögum, sjóðum og stofnunum, þar með töldum sjálfseignarstofnunum, sem hér eiga heimili, sbr. þó 6. tl. 4. gr.

3. gr.

a) 5. tl. 4. gr. laganna orðist svo:
Þeir lögaðilar sem um ræðir í 2. gr. og hér eiga heimili, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.

b) Við 4. gr. laganna bætist nýr töluliður, er verði 6. tl. og orðist svo:
Félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 5. tl. 2. gr., sem ekki reka atvinnu.

4. gr.

a) 1. málsliður 1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:
Skattskyldar tekjur teljast með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, hvers konar gæði, arður, laun og hagnaður sem skattaðila hlotnast og metin verða til peningaverðs og skiptir ekki máli hvaðan þær stafa eða í hvaða formi þær eru, svo sem:

b) Í stað orðanna „nefndarlaun, stjórnarlaun og eftirlaun“ í 2. málslið 1. mgr. 1. tl. A-liðs 7. gr. laganna komi orðin: nefndarlaun og stjórnarlaun.

c) Við 1. málslið 2. tl. A-liðs 7. gr. laganna bætist orðið „eftirlaun“ á eftir orðinu „lífeyri“.

d) 3. málsliður 2. tl. A-liðs 7. gr. laganna orðist svo:
Þó skal hvorki teljast til tekna barnalífeyrir, sem greiddur er skv. 14. gr. og 35. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, vegna barns ef annað hvort foreldra er látið eða barn er ófeðrað, né heldur barnsmeðlag að því leyti sem það takmarkast af fjárhæð barnalífeyris skv. 14. gr. sömu laga.

e) B-liður 7. gr. laganna orðist svo:
Allar tekjur af atvinnurekstri og sjálfstæðri starfsemi, þar með talið endurgjald fyrir selda vöru og þjónustu, umboðslaun, þóknanir, atvinnurekstrarstyrkir, rekstrarstöðvunarbætur og hvers konar tekjur sem upp eru taldar í öðrum liðum þessarar greinar og tengdar eru atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

f) Í stað „111. gr.“ í 2. mgr. 2. tl. C-liðs 7. gr. laganna komi: 116. gr.

g) Í 6. tl. C-liðs 7. gr. laganna falli orðin „og talin þar til rekstrarútgjalda“ brott.

5. gr.

a) Í stað orðanna „verðbætur á afborganir“ í 2. málslið 1. tl. 8. gr. laganna komi orðin: verðbætur á höfuðstól.
b) 2. og 3. málsliður 1. mgr. 5. tl. 8. gr. laganna falli niður.
c) Orðin „þannig reiknuðum“ í 2. mgr. 5. tl. 8. gr. laganna falli niður.
d) Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Til tekna sem verðbætur og gengishagnaður af kröfum eða inneignum manna, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, teljast þó aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengishagnaður á afborganir og vexti.

6. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun söluhagnaðar af fyrnanlegum fasteignum, sem skattaðili hefur eignast fyrir árslok 1978, skal stofnverð og fengnar fyrningar ákvarðast í samræmi við endurmat þessara eigna á árinu 1979, sbr. bráðabirgðaákvæði IV að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 26. gr. eftir þann tíma.

7. gr.

4. málsliður 1. mgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Fyrning eða frestun tekjufærslu samkvæmt þessari málsgrein kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

8. gr.

a) Á eftir 1. málslið 2. mgr. 14. gr. laganna komi nýr málsliður er orðist svo:

Við ákvörðun á söluhagnaði íbúðarhúsnæðis, sem fyrnt hefur verið sérstakri fyrningu samkvæmt 3. mgr. 44. gr., skal sú fyrning dregin frá stofnverði framreiknuð með verðbreytingarstuðli fyrningarárs.

b) 2. málsliður 2. mgr. 14. gr. laganna (er verði 3. málsliður) orðist svo:

Ef skattaðili hefur eignast hina seldu eign fyrir árslok 1978 er honum heimilt að nota gildandi fasteignamat í árslok 1979, að teknu tilliti til verðbreytinga skv. 26. gr., í stað stofnverðs.

c) 4. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Skattaðili getur farið fram á frestun skattlagningar söluhagnaðar af landi bújarða og ófyrnanlegum náttúruauðæfum á bújörðum um tvenn áramót frá söludegi, enda afli hann sér sams konar eignar eða íbúðarhúsnæðis til eigin nota í stað hinnar seldu innan þess tíma og færist þá söluhagnaðurinn framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. til lækkunar stofnverði hinnar nýju eignar. Nemi stofnverð hinnar nýju eignar lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna. Þessi meðferð söluhagnaðar er því aðeins heimil að seljandi hafi haft búrekstur á hinni seldu eign að aðalstarfi í a. m. k. fimm ár á síðast liðnum átta árum næst á undan söludegi og stundi búrekstur á sama hátt á hinni keyptu bújörð eða noti hið keypta húsnæði fyrir eigin íbúð í a. m. k. tvö ár eftir kaupdag. Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt telst söluhagnaðurinn, framreiknaður skv. 2. mgr. 13. gr., með skattskyldum tekjum þess árs þegar skilyrðið er rofið, að viðbættu 10% álagi. Frestun tekjufærslu kemur því aðeins til greina að yfirfæranleg rekstrartöp hafi verið jöfnuð.

9. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Hagnaður af sölu lausafjár, sem eigi er heimilt að fyrna skv. 32. gr., annars en hlutabréfa og eignarhluta í samlögum og sameignarfélögum, telst að fullu til skattskyldra tekna á söluári. og skiptir ekki máli hve lengi skattaðili hefur átt hina seldu eign. Hagnaður af sölu þessara eigna telst mismunur á söluverði þeirra

annars vegar og stofnverði þeirra að teknu tilliti til verðbreytinga samkvæmt ákvæðum 26. gr. hins vegar.

Hagnaður manns af sölu lausafjár, sem ekki er notað í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, telst þó ekki til tekna, enda geri hann líklegt að sala þess falli ekki undir atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi hans eða að eignarinnar hafi ekki verið aflað í þeim tilgangi að selja hana aftur með hagnaði, sbr. 20. gr.

10. gr.

a) Í stað orðanna „eftirfarandi maka“ í 1. mgr. 16. gr. laganna komi orðin: eftirlifandi maka.

b) Aftan við 1. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo:

Selji maður íbúðarhúsnæði innan árs frá því að hann keypti annað húsnæði eða innan tveggja ára frá því að hann hóf byggingu nýs íbúðarhúsnæðis, skal við ákvörðun á heildarrúmmáli íbúðarhúsnæðis í eigu seljanda við sölu miða við það heildarrúmmál íbúðarhúsnæðis er var í eigu seljanda áður en hann keypti nýrra húsnæði eða hóf byggingu þess, enda sé söluandvirðinu varið til fjármögnunar á hinu nýja húsnæði.

c) 3. og 4. málsliður 2. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er að fyrna sérstakri fyrirframfyrningu þá varanlegu rekstrarfjármuni sem ætlaðir eru til öflunar tekna í atvinnurekstri, sbr. 32. gr., en ekki hafa verið teknir í notkun í ársbyrjun, enda hafi beinn fjármagnskostnaður á byggingartíma verið eignfærður. Skal hundraðshluti þessarar fyrirframfyrningar nema að hámarki sama hundraðshluta og tekjufærsla skv. 53. gr. og reiknast hann af fjárhæð sem er jafnhá fjárfestingu í þessum rekstrarfjármunum. Fyrirframfyrning skv. þessari mgr. og 2. málsl. 1. mgr. skal þó aldrei vera hærri en nemur heildarfjárhæð tekjufærslu samkv. 53. gr. vegna viðkomandi árs.

Þrátt fyrir ákvæði 32. gr. er heimilt að fyrna íbúðarhúsnæði, sem notað er til öflunar tekna í atvinnurekstri, sérstakri fyrningu samkv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Eigi má mynda rekstrartap vegna fyrninga samkvæmt þessari grein, og ekki má nota þær til að fresta yfirfærslu rekstrartaps frá fyrri árum.

34. gr. hljóðar svo:

a) 5. tl. 1. mgr. 66. gr. laganna falli niður og breytist númer annarra töluliða til samræmis við það.
b) Við 1. mgr. 66. gr. laganna bætist nýr tl. er verði 7. tl. og orðist svo:
Ef maður lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Ed. 175. Frumvarp til laga [111. mál]

um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán allt að 3 000 m.kr. sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hyggst taka á árinu 1980. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi allt að 3 000 m.kr. í erlendri mynt og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta, verðbóta og annars kostnaðar. Lánstími og kjör öll á láninu skulu samþykkt af ríkisstjórn áður en frá lántöku er gengið.

Með sama hætti er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast lán er tekin kunna að verða til framlengingar láni skv. 1. mgr.

2. gr.

Verði heimild til greiðslu útflutningsbóta skv. 12. gr. laga nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., eigi fullnýtt, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til lækkunar láni skv. 1. gr. upphæð þá sem á vantar til þess að hámarki útflutningsbóta verði náð. Að öðru leyti annast ríkissjóður afborganir, vexti og kostnað allan af láni þessu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta verðlagsári urðu bændur fyrir mjög verulegri tekjuskerðingu vegna óverðtryggðs útflutnings búvara. Til viðbótar þessari tekjurýrnun hafa bændur orðið fyrir miklu tjóni vegna harðindanna í vor og sumar. Vandi bænda er því mjög mikill.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er kveðið svo á, að til að bæta bændum óverðtryggðan útflutning landbúnaðarvara frá síðasta verðlagsári verði útvegaðar 3 000 m.kr. Frumvarp það sem hér er lagt fram er til framkvæmda á þessum ákvæðum málefnasamningsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir því, að Framleiðsluráð landbúnaðarins taki lán að upphæð 3 000 m.kr. og bæti með því verð á útfluttum sauðfjár- og nautgripaafurðum verðlagsárið 1978—1979. Ríkissjóður ábyrgist lántöku þessa með sjálfskuldarábyrgð.

Þar sem eigi er um það vitað til hve langs tíma lán það verður, sem hér um ræðir, er fjármálaráðherra heimilað að veita ábyrgð á láni sem tekið kann að verða til framlengingar láni því sem hér um ræðir.

Um 2. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins mun greiða bændum andvirði láns skv. 1. gr. sem uppbætur á verð. Ákvæði 2. gr. gera heldur ekki ráð fyrir því að Framleiðsluráð endurgreiði lánið af eigin fé. Við það er miðað að innan tíðar skapist nokkurt svigrúm innan þess ramma er lög nr. 101/1966 setja um útflutningsbætur og losni þar með fé er nota megi til endurgreiðslu lánsins.

Sþ. 176. Fyrirspurn [112. mál]

til samgönguráðherra um útboð verklegra framkvæmda nokkurra ríkisstofnana.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

1. Hvaða verk voru boðin út á almennum verktakamarkaði árin 1978 og 1979 hjá eftirtöldum stofnunum:
   a) Vegagerð ríkisins,
   b) Pósti og síma,
   c) Vita- og hafnamálaskrifstofunni,
   d) Flugmálastjórn?
2. Hversu stór hluti var boðinn út af heildarframkvæmdum ofangreindra stofnana árin 1978 og 1979?
3. Hvers vegna er 13. gr. laga nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda, ekki fylgt, en skv. henni eiga útboð að jafnaði að fara fram?

Ed. 177. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin vann að athugun málsins með fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar. Nefndin er sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá neðri deild, en til viðbótar mun meiri hluti nefndarinnar flytja breytingartillögur um skattstiga, afslætti og barnabætur.

Alþingi, 19. febr. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Davíð Aðalsteinsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Guðmundur Bjarnason.	Lárus Jónsson.
	Þorv. Garðar Kristjánsson.	

Sþ. 178. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um útreikning framfærsluvísitölu í hverju kjördæmi á Íslandi.

Flm.: Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin feli Hagstofunni að sjá um útreikninga á framfærsluvísitölunni í hverju kjördæmi á Íslandi. Skulu útreikningar þessir gerðir á sama tíma og jafnoft að staðaldri og framfærsluvísitalan er reiknuð út í Reykjavík. Gerð verði ný neyslukönnun og grundvöllur framfærsluvísitölunnar byggður á henni.

Greinargerð.

Tillaga þessi til þingsályktunar er flutt til að bæta úr ástandi deilna um mismun á framfærslukostnaði eftir landshlutum. Hliðstæð kjör innan sömu starfsstétta eru forsenda þess, að viðkomandi stétt dreifist eðlilega um landið. Geri hlutlaus aðili útreikninga á þessum veigamikla þætti búsetuþróunar er hægt að beita fleiri aðgerðum en áður til aðstöðujöfnunar.

Þær eru m. a. þessar:

a. tekjuskattur,
b. félagsmálapakkar,
c. gjaldskrá opinberra fyrirtækja,
d. almannatryggingar,
e. söluskattur.

Ég mun reyna að gera þetta ljóst, en verð að gera grein fyrir þeirri merkingu sem ég legg í hugtakið „rauntekjur". Með því á ég við þann hluta tekna sem fer ekki sem greiðslur til opinberra aðila, en notast sem neyslutekjur til lífsframfæris.

Tekjuskattur.

Tekjuskattur er lagður á í þeim tvíþætta tilgangi að afla ríkinu tekna og einnig hugsaður sem tæki til tekjujöfnunar. Í mínum hugleiðingum verður staldrað við seinni þáttinn. Að mati almennings er skattur þessi fyrst og fremst lagður á al-

menna launamenn og aðallega þann hluta þeirra sem enga sjálfstæða atvinnu stundar. Frá þessu eru því margar heiðarlegar undantekningar. Hitt blasir jafnframt við, að innan sömu stétta verður um mikinn ójöfnuð að ræða vegna hins ójafna framfærslukostnaðar í landinu. Þessar staðreyndir gera það að verkum, að opinberir starfsmenn eru m. a. tregir til búsetu úti á landi af þessum sökum. Hinn almenni maður leysir þessi mál aftur á móti með mikilli eftir- og næturvinnu. Það getur ekki talist réttlátt. Hér er einnig um alkunna staðreynd að ræða. Með því að reikna út framfærsluvísitöluna fyrir fleiri svæði en Reykjavík eina er hægt að taka inn hugtakið rauntekjur þegar skattstiginn er settur fram. Þá væri hægt að stefna að því, að allir hafi möguleika til hliðstæðra lífskjara innan hliðstæðra stétta án þess að um óheyrilega yfirvinnu þurfi að vera að ræða.

Félagsmálapakkar.

Sá siður hefur verið upp tekinn að auðvelda lausn kjarasamninga með félagsmálapökkum. Stundum hafa þessir félagsmálapakkar orðið til jöfnunar út um allt land, en þeim hefur líka verið beitt til hagsbóta fyrir ákveðin svæði, svo sem til framkvæmda í húsnæðismálum. Breiðholtsframkvæmdirnar eru gott dæmi um það. Ekki er óeðlilegt að verkalýðsfélög utan höfuðborgarsvæðisins gefi meiri gaum að þessum atriðum en áður.

Gjaldskrá opinberra fyrirtækja.

Gjaldskrá opinberra fyrirtækja hefur orðið fyrir barðinu á því vísitölukerfi sem nú er notað. Það hefur stuðlað að því að halda niðri gjaldskrám hjá fyrirtækjum hér á Reykjavíkursvæðinu, svo sem hitaveitunni, sem verður að telja fráleitt, og hefur þannig neytt hana til hallarekstrar. Gjaldskrár opinberra fyrirtækja, svo sem Pósts og síma, hafa um árabil borið þess merki, að í lagi var t. d. að halda háum greiðslum fyrir langlínusamtöl á sama tíma og inntökugjald fyrir síma, sem kom í vísitöluna, var ekki látið fylgja almennu verðlagi. Það verður tvímælalaust að haga gjaldskrám opinberra fyrirtækja á þann veg, að ekki leiði til lífskjaramunar eftir landshlutum, og hitt er jafnfráleitt, að vísitölukerfi stuðli að því, að þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki séu neydd til hallarekstrar.

Almannatryggingar.

Útreiknuð framfærsluvísitala fyrir hvert kjördæmi ætti að auðvelda ákvarðanatöku um tryggingabætur. Þetta er eðlileg upplýsingaöflun fyrir almannatryggingarnar.

Ef horft er til fjárlaga og aðgætt, hve stór hluti þeirra fer í almannatryggingar og er ætlaður til jöfnunar lífskjara, hlýtur framfærslukostnaður að koma inn í það dæmi.

Söluskattur.

Söluskattur er, eins og allir vita, lagður á vöru eða þjónustu á lokastigi. Þess vegna leiðir hátt verðlag á vörum eða þjónustu jafnframt til hærri skattheimtu. Það verður að teljast hæpið, að ekki sé meira sagt, og mikil afturför hvað réttlæti varðar frá þeim tímum er tollatekjur voru afgerandi, en enginn söluskattur. Hugsanlegt er að leysa þetta með mishárri söluskattsprósentu er leiddi til jafnari skattheimtu.

Höfuðtilgangurinn með þessari tillögu er að leggja því máli lið, að í þessu landi megi búa ein þjóð með sambærileg lífskjör, sem finni að stjórnvöld vilja vinna að því markmiði.

Ed. **179. Breytingartillögur** [44. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, KJ, LJ og ÞK).

1. Á eftir 34. gr. frv. komi tvær nýjar greinar og breytist röð greina samkv. því. Greinarnar orðist svo:

a. (35. gr.) 67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir:

Af fyrstu 2 500 000 kr. tekjuskattsstofni reiknast 15%, af næstu 3 500 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 30%, en af tekjuskattsstofni yfir 6 000 000 kr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 7% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

b. (36. gr.) 68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 400 000 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða sjúkratryggingargjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur, sem enn er óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. og skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða sjúkratryggingargjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar, sem þá verður enn óráðstafað, fellur niður.

2. Við 35. gr. frv., er verði 37. gr., bætist nýr stafliður sem orðist svo:

a) 1. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 140 000 kr. með fyrsta barni, en 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en 7 ára á tekjuárinu skulu barnabætur vera 55 000 kr. hærri. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ætíð vera 270 000 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

3. Á eftir 49. gr. frv., er verði 51. gr., bætist ný grein er verði 52. gr. og breytist röð greina samkv. því. Greinin orðist svo:

116. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 2. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1981.

Ed. **180. Frumvarp til laga** [114. mál]

um breyting á lögum nr. 25 frá 22. maí 1975, um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

1. töluliður 9. gr. laganna: Félagslegar ástæður, falli niður.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Áður en fóstureyðing má fara fram, verður að liggja fyrir skrifleg rökstudd greinargerð tveggja lækna um nauðsyn aðgerðarinnar. Annar þessara lækna sé sérfræðingur í kvensjúkdómum eða almennum skurðlækningum við það sjúkrahús, þar sem aðgerðin fer fram, en hinn að jafnaði sá læknir, sem ráðlagt hefur konunni að leita sjúkrahúss þessara erinda.

Þar sem ástæða þykir til skal viðkomandi sérfræðingur styðjast við álitsgerð geðlæknis, sé um geðræna sjúkdóma að ræða.

3. gr.

2. mgr. 28. gr. laganna orðist svo:

Í nefndinni skulu eiga sæti 3 menn og jafnmargir varamenn, tveir læknar og einn lögfræðingur, og skulu þeir skipaðir af heilbrigðisráðherra til 4 ára í senn. Nefndin skal úrskurða málið innan viku frá því að henni berst það í hendur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér að þrengd er heimild til fóstureyðinga. Samkvæmt gildandi lögum er fóstureyðing heimiluð af þrenns konar ástæðum, þ. e. í fyrsta lagi af félagslegum ástæðum, í öðru lagi af læknisfræðilegum ástæðum og í þriðja lagi ef konu hefur verið nauðgað eða hún orðið þunguð sem afleiðing af öðru refsiverðu atferli.

Með frumvarpi þessu er lagt til að fella niður, að félagslegar ástæður geti heimilað fóstureyðingu. Af þessu leiðir aðrar breytingar, sem í frumvarpinu felast.

Það er skoðun flutningsmanns, að félagslegar ástæður eigi ekki að réttlæta fóstureyðingu. Í fyrsta lagi eru félagslegar ástæður ákaflega rúmt og teygjanlegt hugtak. Í öðru lagi á að bæta úr félagslegum ástæðum með öðrum hætti en að tortíma mannlegu lífi.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að félagslegar ástæður heimili fóstureyðingu, þegar ætla má, eins og það er orðað, „að þungun og tilkoma barns verði konunni og hennar nánustu of erfið vegna óviðráðanlegra félagslegra ástæðna“. Í lögunum er svo að finna leiðbeiningar um það, til hvers skuli tekið tillit við mat á því, hvað er „of erfitt“ í þessu sambandi og hvað eru „óviðráðanlegar félagslegar ástæður“. Þar er tiltekið sem ástæða fyrir fóstureyðingu, að konan hafi alið mörg börn með stuttu millibili og skammt sé frá síðasta barnsburði. Samkvæmt þessari reglu getur fóstureyðing verið heimil, þó að heimilisástæður séu góðar og heilsufar gott á heimilinu. Ef barnið er ekki velkomið í heiminn af einhverjum ástæðum, skal lífi þess tortímt, ef óskað er. Þá er önnur leiðbeiningarreglan sú, að fóstureyðing geti verið heimil, ef konan býr við „bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs

heilsuleysis annarra á heimilinu". Og þriðja leiðbeiningarreglan er sú, að fóstureyðing geti verið heimil „þegar konan getur ekki vegna æsku og þroskaleysis annast barnið á fullnægjandi hátt".

Tvær síðustu leiðbeiningarreglurnar byggjast vissulega á félagslegum ástæðum. Enginn neitar því, að bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður geti skapað félagslegt vandamál. En spurningin er, hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita heimildir til fóstureyðingar. Félagslegan vanda á að leysa með félagslegum ráðstöfunum.

Með lögum nr. 25 frá 22. maí 1975 voru heimildir til fóstureyðingar rýmkaðar. Afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa. Fóstureyðingum hefur fjölgað ískyggilega. Skráðar fóstureyðingar hér á landi á hverjar 1 000 konur á aldrinum 15—49 ára voru árið 1965 1.8, árið 1970 2.1, 1975 5.9, árið 1976 6.7, árið 1977 8.4 og á árinu 1978 um 9.3. Á tímabilinu 1962 til 1970 voru skráðar 61 til 109 fóstureyðingar á ári. Á árinu 1975 eru fóstureyðingar 308, árið 1976 367, 1977 456 og 1978 um 500. Þetta er reynsla okkar af því að heimila fóstureyðingar af svokölluðum félagslegum ástæðum.

Þegar núgildandi lagaákvæði voru sett um fóstureyðingar árið 1975, bar flutningsmaður þessa frumvarps fram breytingartillögu við frumvarpið að lögum þessum, þar sem lagt var til að fóstureyðingar yrðu ekki heimilaðar af félagslegum ástæðum. Breytingartillagan náði ekki fram að ganga. Þessi breytingartillaga var tekin upp á ný á síðasta ári í formi frumvarps til laga, sem var samhljóða því, sem hér er nú lagt fram. Þá hlaut frumvarpið ekki afgreiðslu. Er þess nú freistað enn á ný að leggja málið fyrir Alþingi í trausti þess að það nái nú fram að ganga.

Á síðasta ári bar hátt umræður um velferð barnsins. Þess var vænst, að barnaár Sameinuðu þjóðanna yrði okkur einhver hvatning í þessu efni. Hvað hefði verið háleitari hugsjón en að þjóðin hefði sett sér á þessu barnaári það markmið, að ekkert íslenskt barn væri óvelkomið í þennan heim af félagslegum ástæðum. En barnaárið leið án þess að til slíks kæmi. Í öllum umræðunum hér á landi á síðasta ári um velferð og rétt barnsins gleymdist helgasti rétturinn, rétturinn til lífsins. Hinir mörgu einstaklingar og félagasamtök, sem létu til sín heyra, véku ekki að því að létta á fargi fóstureyðinganna. Það var aðeins gert í lofsverðum undantekningartilfellum.

En þó það væri þagað þunnu hljóði hér á landi um þau grundvallarmannréttindi, sem rétturinn til lífsins er, þá var það síður en svo að slíkt gerðist hvarvetna annars staðar. Þannig var t. d. í tilefni barnaársins samþykkt á þingi Evrópuráðsins 3. október síðastliðinn ítarleg ályktun um velferðarmál barnsins. Ályktun þessi kveður meðal annars á um að vernda skuli rétt sérhvers barns til lífs frá því að getnaður á sér stað. Í ályktun þessari er skorað á ráðherranefnd Evrópuráðsins að hefjast þegar handa um gerð Evrópusáttmála um þau réttindi barnsins, sem ályktunin fjallar um. Við Íslendingar erum aðilar að Evrópuráðinu, svo sem kunnugt er. Okkur varðar því um hvað gerist á þeim vettvangi. Þetta frumvarp er því meðal annars eðlilegt andsvar við því, sem þar er að gerast.

Mörg fleiri dæmi mætti taka erlendis frá, er sýna harðnandi andstöðu gegn fóstureyðingum og vissa tilhneigingu til að þrengja heimildir til að eyða fóstri. Þetta er ekki að ófyrirsynju. Þetta er vegna hinnar hörmulegu reynslu, sem fengist hefur víða um lönd af frjálsum fóstureyðingum eða rúmum heimildum til fóstureyðinga.

Það var því fullkomin ögugþróun, sem átti sér stað hér á landi með setningu laga nr. 25 1975. Með frumvarpi þessu er því lagt til að bregða á annað ráð. Það er lagt til að þrengja heimildir til fóstureyðinga. Frumvarpið felur í sér, að fóstureyðingar verði ekki heimilar af félagslegum ástæðum. Enginn neitar samt, að félagsleg vandamál eru fyrir hendi. Bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis á heimili eða þroskaleysi móður getur skapað félagslegt vandamál. En spurningin er hvernig á að bregðast við þeim vanda. Það á ekki að gera með því að veita

heimild til fóstureyðingar. Þjóðfélag, sem leyfir fóstureyðingar af félagslegum ástæðum, lítur fram hjá hinum raunverulega vanda, sættir sig við óleyst vandamál. Félagslegur vandi verður ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum.

Það vill svo til, að í þessu landi búum við víðtæka, almenna tryggingalöggjöf og margs konar opinbera aðstoð í félagslegu tilliti. Við teljum okkur standa allframarlega í þessum efnum og erum stundum harla ánægð með það, sem áunnist hefur á síðustu áratugum til lausnar hinum ýmsu félagslegu vandamálum. En satt er það, að mörgu er enn ábótavant og að ýmsu þarf að hyggja. Betur þarf að gera í málum barnshafandi kvenna, svo sem fæðingarorlofi og mæðraheimilum. Barnaheimilum þarf að fjölga og bæta við vöggustofum, dagvistarheimilum og leikskólum. Það þarf að bæta félagslega þjónustu og ráðgjöf við barnshafandi konur, svo að þær fái mætt tímabundnum erfiðleikum. Það þarf að beita almannavaldinu og samhjálp þjóðarinnar um land allt, jafnt í strjálbýli sem í þéttbýli, til aðstoðar við þá konu sem býr við slæmar heimilisaðstæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu, svo að barnið, sem hún gengur með, verði velkomið í þennan heim og góður aðbúnaður þess sé tryggður. Ekkert annað er til lausnar þeim vanda, sem um er að ræða. En þetta kostar fjármagn. Samt eru það smámunir, sem ekki er til að hafa orð á, samanborið við hið óbætanlega tjón, sem blóðfórnir fóstureyðinganna valda nú hinni fámennu íslensku þjóð, sem þarfnast mest af öllu fleiri handa til að halda uppi sjálfstæðri tilveru sinni.

Íslendingar hafa sérstöðu í ýmsum efnum og svo er ekki síst að því er varðar áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í landinu. Í sumum löndum, og þá einkum þeim fjölmennustu, er fólksfjölgun eitt meginvandamálið, sem við er að glíma. Fólkinu fjölgar þar um of miðað við efnahag, félagslegar aðstæður, náttúruauðlindir og hagnýtingu þeirra til mannsæmandi lífskjara, jafnvel þótt takmarkaðar kröfur séu til lífsins gerðar. Áhrif fóstureyðinga á fólksfjölda í slíkum ríkjum eru oft sett í samband við offjölgunarvandamál, sem þar er við að stríða, þótt það breyti engu um eðli þess verknaðar, sem felst í fóstureyðingu. Hins vegar er þessu þveröfugt farið hjá okkur Íslendingum. Áhrif fóstureyðinga hér á landi á fólksfjöldann hljóta að vera mikið alvörumál.

Íslenska þjóðin hefur því sögulega hlutverki að gegna að halda uppi í þessu landi sjálfstæðu ríki með öllu, sem því fylgir. Í þessu efni höfum við sérstöðu vegna fámennis þjóðarinnar. Okkur finnst þetta sjálfsagt og eðlilegt og getum ekki hugsað okkur annað en að halda okkar sjálfstæðu tilveru. En það hljóta samt að vera takmörk fyrir því, hvað fámennið leyfir. Einhvers staðar eru takmörkin fyrir því, hve margar hendur þarf til að geta haldið uppi sjálfstæðu ríki og hagnýtingu auðlinda okkar til lands og sjávar. Ef farið er niður fyrir þessi mörk, er í húfi að þjóðin megni að halda uppi sjálfstæðu ríki með þeim skyldum, sem því fylgja. Það er í húfi, að þjóðinni haldist á hinum miklu auðlindum sínum, ef hún hefur ekki bolmagn til að hagnýta þær í þurfandi heimi. Sjálf tilvera hinnar íslensku þjóðar er þá í húfi. Að þessu er skylt að huga, þegar rætt er um áhrif fóstureyðinga hér á landi á fólksfjölda þjóðarinnar.

En hvað sem þessu líður, svo alvarlegt sem það er fyrir þjóðarheildina, varðar frumvarp þetta fyrst og fremst einstaklinginn, siðferðilega afstöðu og lífsskoðun. Hér er gengið út frá, að félagslegar ástæður geti aldrei réttlætt fóstureyðingu. Þetta leiðir af því, að það er um mannslíf að tefla, þegar rætt er um eyðingu fósturs. Það er grundvallaratriði, að þetta mannslíf hefur rétt til þess að vera borið í þennan heim. Réttinn til lífsins verður að viðurkenna. Það er siðferðileg skylda að varðveita líf, jafnvel líf ófædds barns. Fóstureyðing á því ekki að koma til greina nema líf móður sé í fyrirsjáanlegri hættu eða telja megi auðsætt, að barnið verði svo vangefið að ekki verði komist hjá að grípa til örþrifaráða, eða konan hafi verið þunguð af refsiverðu atferli. Á þessari forsendu er frumvarp þetta flutt.

En fóstureyðingar eru ekki einungis brot á rétti hins veika og varnarlausa mannlega lífs í móðurkviði. Þær fela í sér hættuna á þjóðfélagslegri upplausn. Ef

þjóðfélagið viðurkennir, að fólk geti notið hamingju, ánægju og unaðar, en það þurfi ekki að bera afleiðingarnar, ef það vill það ekki, þá er það sama þjóðfélag að kippa stoðunum undan sjálfu sér og stefnir til hruns. Þá duga ekki jafnvel félagslegar ráðstafanir. Þá getur til þess komið, að jafnvel eigin geðþótti og makræðisjónarmið ráði því, hvort mannlegu lífi er tortímt eða ekki. Fjárhagsleg og félagsleg aðstoð verður þó aldrei einhlít vörn í þessum vanda, því það er ekki einungis um félagslegt vandamál að ræða, heldur siðrænt vandamál. Til þarf að koma lífs- og manngildismat á siðferðilegum grunni.

Oft liggur leiðin til varanlegrar hamingju í gegnum andstreymi, að ófríska konan ali barn sitt og lifi með því og fyrir það. Þau eru óteljandi dæmin um börn, sem hafa fengið góða umönnun og gott veganesti út í lífið, þótt efni hafi verið af skornum skammti. Jafnvel ríkidæmi er engin trygging fyrir því, að aðhlynning og uppeldi fari vel úr hendi.

Það verður að byggja á því lífs- og manngildismati, sem er undirstaða íslenskrar menningar og arfleifðar. Samkvæmt því mati er rétturinn til lífs undirstaða allra annarra mannréttinda. Það er aftan úr grárri forneskju að ætla af félagslegum ástæðum að breyta hér nokkru um. Langt er nú liðið síðan aflagður var sá siður að heimila barnaútburð hér á landi. En barnaútburðurinn var heimilaður af félagslegum ástæðum þeirra tíma, ómegð, fæðuskorti og öðrum framfærsluvandamálum. Ef fóstureyðing hefði á þeim tíma verið framkvæmanleg með sama hætti og nú, hefði sú aðferð vafalaust verið notuð í stað barnaútburðar. Það var nefnilega ekki sama, hve lífið hafði langt fram gengið, þegar því var tortímt. Samkvæmt Grágás var ekki heimilt að bera út barn eftir að það hafði fengið næringu. Þá hét það morð og varðaði við lög. En verknaðurinn var heimill og löglegur, ef barnið hafði ekki fengið næringu. Okkur finnast slík lög og reglur nú víðs fjarri. En árið 1975 setjum við samt lög, sem heimila að mannlegu lífi sé tortímt af félagslegum ástæðum og um lögmæti þess fari eftir því, hvað þroska þessa lífs sé langt komið. Hér var stigið spor um langan veg aftur á bak, því að félagslegar aðstæður eiga aldrei að geta heimilað tortímingu mannlegs lífs, á hvaða þroskastigi sem það er.

Kristilegar siðgæðishugmyndir leiddu til afnáms hins forna siðar um tortímingu mannlegs lífs af félagslegum ástæðum. Síðan hefur þjóðin á löngum ferli við harðæri og áþján megnað að halda í heiðri þau lífsviðhorf, sem liggja þessu til grundvallar. Það væri kaldhæðni örlaganna ef þjóðinni ætti ekki að takast þetta á mestu velmegunar- og velgengnistímum sem hún hefur búið við. Með frumvarpi þessu er þess freistað, að svo megi verða.

Sþ. 181. Nefndarálit [66. mál]

um till. til þál. um aðild Íslands að Genfarbókuninni 1979.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og er sammála um að leggja til að tillagan verði samþykkt.

Benedikt Gröndal og Steingrímur Hermannsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 20. febr. 1980.

Geir Hallgrímsson, form., frsm. Ólafur Ragnar Grímsson. Jóhann Einvarðsson.

Ey. Kon. Jónsson. Albert Guðmundsson.

Nd. 182. Breytingartillaga [109. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Árna Gunnarssyni.

Við 2. mgr. 1. gr. bætist:

Heimilt er að hækka þessa undanþágu árlega með tilliti til verðlagsþróunar á hverjum tíma.

Ed. 183. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og síðari breytingar á þeim.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Lárus Jónsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

8. gr. laganna hljóði svo:

Þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag skal verðlagning vera frjáls. Nú er verðlagning frjáls og getur verðlagsstofnun þá skyldað hlutaðeigandi aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir.

Reynist samkeppni takmörkuð, eins og nánar er tilgreint í IV. kafla, eða samkeppni er ekki nægileg til að tryggja sanngjarnt verðlag eða horfur eru á ósanngjarnri þróun verðlags og álagningar, getur verðlagsráð ákveðið eftirtaldar aðgerðir til að ná því takmarki, sem getur í 1. gr.:

1. Hámarksverð og hámarksálagningu.
2. Gerð verðútreikninga eftir nánar ákveðnum reglum.
3. Verðstöðvun í allt að sex mánuði í senn.
4. Aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör, sem verðlagsráð telur nauðsynlegar hverju sinni.

2. gr.

12. gr. laganna hljóði svo:

Verðákvarðanir samkvæmt 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja, sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu.

Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu.

3. gr.

Síðasti liður 1. mgr. 54. gr. laganna (i-liður) hljóði svo:

i) 7. gr. laga nr. 121 30. des. 1978, um kjaramál, svo og önnur ákvæði, sem fara í bága við þessi lög.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1980, og fellur þá jafnframt úr gildi X. kafli laga nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl.

Greinargerð.

Hinn 16. maí 1978 voru staðfest lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Áttu þau að taka gildi 6 mánuðum síðar eða 16. nóvember 1978. Við gildistöku laganna áttu að falla niður þágildandi lagaákvæði um verðstöðvun, en allar samþykktir um verðmyndunarhöft áttu að halda gildi sínu, þar til verðlagsráð hafði tekið afstöðu til þeirra. Samkvæmt 8. gr. átti verðlagning að vera frjáls, þegar samkeppni er nægileg. Fyrr eða síðar hefði því nýtt verðlagsráð þurft að taka afstöðu til þess, hvort og á hvaða sviðum frjálsræði í verðmyndun kæmist á.

Þegar ný ríkisstjórn kom til valda í byrjun september 1978 voru sett bráðabirgðalög, sem m. a. innihéldu ákvæði um verðstöðvun. Síðan þá hafa tvenn lagaákvæði fyrirskipað verðstöðvun. Nýja verðstöðvunarákvæðið var staðfest af Alþingi í lögum um kjaramál (nr. 121/1978 frá 30. desember). Þessari viðbótarverðstöðvun er ekki ætlaður takmarkaður gildistími og gildir hún áfram, þótt nýju verðlagslögin taki gildi, sem kemur í veg fyrir hagkvæmni frjálsrar verðmyndunar.

Með lögum nr. 102/1978 var gildistöku nýju verðlagslaganna frestað til 1. nóvember 1979. Síðan var lögunum breytt með lögunum nr. 13, um stjórn efnahagsmála, frá 10. apríl 1979.

Eru nú allar verðákvarðanir háðar endanlegu samþykki ríkisstjórnarinnar. Þar með eru verðlagslögin gerð óvirk, en þau voru byggð á mikilli vinnu og víðtækum athugunum fjölmargra aðila um langt skeið. Miðar frumvarp þetta að því, að ákvæði verðlagslaganna færist í upphaflegt horf.

Athugasemdir við einstakar greinar lagafrumvarps þessa.

Við 1. gr.

Hér er 8. gr. laganna breytt til þess, sem hún var í upphaflegri gerð laganna. Er sú breyting í samræmi við góða reynslu á Vesturlöndum af frjálsri verðmyndun, en slæma reynslu okkar sjálfra af afskiptum af verðmyndun, þegar þeirra er ekki þörf.

Við 2. gr.

Sú breyting, sem gerð var á 12. gr. laganna með lögum nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála, gefur verðlagsráði nánast enga forskrift um það, hvernig verðákvarðanir skuli teknar. Hér er því lagt til, að 2. mgr. greinarinnar gefi fyllri skilgreiningu, eins og var í upphaflegri samþykkt Alþingis.

Við 3. gr.

Í 8. gr. er verðlagsráði heimilað að grípa til verðstöðvunar til allt að sex mánaða í senn, ef verðlagsráð telur það þjóna markmiðum laganna og aðrar leiðir hafa ekki skilað árangri. Af þeim sökum er eðlilegt, að bæði þau ákvæði, sem gilda um verðstöðvun, falli niður. Í c-lið var fellt niður gildandi ákvæði frá 1975, og með þessari breytingu félli einnig niður ákvæði frá september 1978, enda er reynslan, að sú verðstöðvun, sem gilt hefur nær samfellt frá 1970, hefur öfugan árangur borið.

Við 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 184. Lög [44. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 20. febr.)

Samhljóða þskj. 174 (sbr. 168).

Ed. 185. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu sem flutt er á sérstöku þingskjali. Minni hlutinn skilar séráliti.

Alþingi, 21. febr. 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Þorv. Garðar Kristjánsson. Guðmundur Bjarnason.
Davíð Aðalsteinsson. Ey. Kon. Jónsson. Lárus Jónsson.

Ed. 186. Breytingartillaga [111. mál]

við frv. til l. um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

2. gr. orðist svo:

Verði heimild til greiðslu útflutningsbóta skv. 12 gr. laga nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., eigi fullnýtt, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til lækkunar láns skv. 1. gr. upphæð þá sem á vantar til þess að hámarki útflutningsbóta verði náð. Þó skal Byggðasjóður greiða á næstu 3—5 árum allt að helmingi lánsins. Að öðru leyti annast ríkissjóður afborganir, vexti og kostnað allan af láni þessu.

Ed. 187. Breytingartillögur [111. mál]

við frv. til laga um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KJ).

1. Í 1. gr. komi: 1 750 m.kr. — í stað „3 000 m.kr.“
2. 2. gr. frv. orðist svo:

12. gr. laga nr. 101 frá 8. des. 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl., orðist svo:

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Til þess að treysta afkomu bænda og stuðla að framförum í landbúnaði í samræmi við þjóðhagsleg markmið og markaðsaðstæður skal ríkissjóður leggja Framleiðsluráði landbúnaðarins til fé á hverju ári næstu 4 ár sem reiknast með eftirgreindum hætti, sbr. næstu mgr., og sé ráðstafað af Framleiðsluráði landbúnaðarins eins og segir í 4. mgr. þessarar greinar.

Ríkissjóður skal greiða Framleiðsluráði landbúnaðarins framleiðslu- og framfarastyrk á næstu 4 árum, sem hér segir:

Fyrir framleiðsluárin 1979—80 og 1980—81: 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu viðkomandi verðlagsár.

Fyrir framleiðsluárið 1981—82: 9% af heildarverðmæti sauðfjárafurða og 9% af heildarverðmæti nautgripaafurða.

Fyrir framleiðsluárið 1982—83: 8% af heildarverðmæti sauðfjárafurða og 8% af heildarverðmæti nautgripaafurða.

Með heildarverðmæti er átt við það verð, sem framleiðendur fá fyrir afurðir sínar. Hagstofa Íslands reiknar fjárhæð þá, er ber að greiða Framleiðsluráðinu vegna ákvæða 2. mgr. þessarar greinar.

Framleiðsluráð landbúnaðarins getur ráðstafað þessum framleiðslu- og framfarastyrk til eftirgreindra verkefna:

a) til þess að greiða útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir skv. því sem segir í næstu mgr.;
b) til þess að standa undir lánum til afkomujöfnunar, sem ráðið kann að taka;
c) til þess að greiða fyrir því að bændur geti hætt búskap;
d) til þess að styrkja nýjar arðvænlegar búgreinar, svo sem í ylrækt, garðrækt, fiskeldi og loðdýrarækt.

Við ákvörðun útflutningsbóta, sbr. staflið a í næstu málsgrein hér á undan, skal gilda eftirfarandi:

a) Heildarupphæð þeirra má ekki nema meiru en 9/10 hlutum af framleiðslu- og framfarastyrkjum á framleiðsluárunum 1979—80 og 1980—81, 8/9 hlutum á framleiðsluárinu 1981—82 og 7/8 hlutum á framleiðsluárinu 1982—83.
b) Útflutningsbætur ákveðast sem hlutfall af útflutningsverði og mega aldrei fara yfir 100% af útflutningsverði í hverri einstakri sölu.

Ríkisendurskoðun skal annast eftirlit með ráðstöfun Framleiðsluráðs landbúnaðarins á fjárframlögum úr ríkissjóði samkvæmt lögum þessum.

3. Við fyrirsögn frumvarpsins bætist:
og um breyting á lögum nr. 101 8. des. 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., með síðari breytingum.

Ed. 188. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að ríkissjóður ábyrgist allt að 3 000 millj. kr. lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins, jafnframt því sem ríkissjóður annist afborganir, vexti og kostnað allan af láni þessu, að því leyti sem aðrir bjóðast ekki til að taka á sig greiðslu, er álíta verður harla ólíklegan kost. Þannig er um það að ræða, að ríkissjóður lýsi því yfir fyrir fram og afli sér lagaheimildar til þess að standa undir greiðslu á láni, sem aðili úti í bæ tekur með ríkisábyrgð.

Þessi aðferð á sér tæpast fordæmi og brýtur að líkindum í bága við lög nr. 52/1966 um ríkisreikninga, eða verður a. m. k. að teljast mjög vafasöm í því sambandi, auk þess sem hér er farið inn á stórvarasama braut.

Tillaga meiri hluta nefndarinnar um að Byggðasjóður greiði allt að helmingi lánsins breytir hér engu um, enda getur Byggðasjóður reyndar samkvæmt því valið að greiða ekkert af láninu, þar eð engin neðri mörk eru tilgreind á greiðslu af hans hálfu.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar og tillögur meiri hl. nefndarinnar mega því ekki standa óbreyttar.

Sú aðferð er hins vegar að ýmsu leyti rétt, að Framleiðsluráð landbúnaðarins geti tekið lán til að standa straum af sveiflum í landbúnaðarframleiðslu. Þá er á hinn bóginn sjálfsagt að Framleiðsluráð standi skil á afborgunum og vöxtum af því láni eins og aðrir lántakendur gera. Af þessum sökum er rétt að fella niður 2. gr. frumvarpsins og breyta jafnframt lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, þannig að það geti tekið lán af þessu tagi og risið undir þeim.

Nú er ljóst að sú offramleiðsla, sem ríkt hefur í landbúnaði, hefur leitt til öngþveitis og ófarnaðar. Þess vegna er nauðsynlegt að breyta þegar um stefnu í þessum efnum og miða framleiðslu við innanlandsþarfir, en hætta útflutningi á óarðbærum landbúnaðarafurðum. Þjóðin verður ekki skattpínd öllu lengur til þess að standa undir niðurgreiðslu á mat ofan í útlendinga, og bændur hafa ekki gefið í sér til að gerast eilífir og sívaxandi ölmusumenn skattborgaranna og stefna þannig málum sínum í stórhættu. Fjárhagslega fyrirgreiðslu nú til úrlausnar á stundarvanda á því að tengja nýrri stefnumörkun í landbúnaðarmálum, þjóðinni til heilla og lífskjarabóta, jafnframt því að tryggja frambúðaröryggi og sjálfstæði bænda. Útgjöld á líðandi stund eiga því að vera aðgöngumiði að framtíðinni, en ekki skilyrðislaus ávísanaútskrift á skattþegnana, eins og frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir. Af þessum sökum er nauðsynlegt að því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, verði breytt með tilliti til heillavænlegrar frambúðarstefnu.

Alþýðuflokkurinn hefur um alllangt árabil talað fyrir stefnubreytingu í þessum efnum og varað við því í hvert óefni væri komið. Nýverið hefur þessi stefnumörkun m. a. birst í tillögum flokksins um **niðurtalningu útflutningsbóta**, sbr. tillögur í stjórnarmyndunartilraunum formanns flokksins, Benedikts Gröndals. Sú braut mun gæfusamleg fyrir bændur þessa lands og þjóðina í heild.

Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir allt að 3 000 millj. kr. lánafyrirgreiðslu. Í svonefndri harðindanefnd mælti meiri hluti nefndarinnar með því, að ⅔ hlutum svokallaðs útflutningsvanda, sem hér um ræðir, yrði mætt með opinberri aðstoð af þessu tagi, en minni hlutinn vildi mæta honum að ⅓ hluta. Eðlilegt má telja að fara hér bil beggja og mæta vandanum, sem nú er áætlaður 3.5 milljarðar króna, að hálfu eða með 1 750 millj. króna. Deiling byrðanna er auðvitað eðlileg og má í því sambandi benda á að sjómenn og útgerðarmenn láta sér lynda skerðingu á afla sínum og aflatekjum á líðandi stund frá því sem þeir bæru úr býtum, ef engar aflatakmarkanir væru fyrir hendi, í því skyni að tryggja framtíðarhag sinn og afkomuöryggi. Hið sama á auðvitað að gilda um aðrar stéttir þ. á m. bændur.

Til þess að greiða úr því að lántaka á vegum Framleiðsluráðsins geti verið með eðlilegum hætti og stangist á engan hátt á við lögin í landinu, jafnframt því að tryggja stefnubreytingu í stjórn landbúnaðarmála og skynsamlega dreifingu byrða af stundarvanda, leggur minni hluti nefndarinnar fram breytingartillögur á sérstöku þingskjali við fyrirliggjandi frumvarp ríkisstjórnarinnar.

Tillögur þessar fela í sér að í stað 2. gr. frumvarpsins komi breyting á framleiðsluráðslögunum, sem nái þessum markmiðum. Meginatriði breytinganna á framleiðsluráðslögunum eru þessi:

1. Í stað ákvæða í gildandi lögum um hámark útflutningsbóta komi ákvæði um að ríkissjóður greiði Framleiðsluráði landbúnaðarins tilteknar fjárhæðir næstu 4 árin í formi framleiðslu- og framfarastyrks, sem miðist við 10% heildar-

verðmætis landbúnaðarframleiðslunnar fyrstu tvö árin, en lækki síðan um eitt prósentustig á ári næstu tvö árin þar á eftir.

2. Þessum framleiðslu- og framfarastyrk skal Framleiðsluráðið verja til eftirfarandi atriða:
   a) útflutningsbóta skv. sérstökum reglum, sbr. 3;
   b) til þess að standa undir lánum sem ráðið kann að taka til afkomujöfnunar, sbr. fyrirliggjandi frumvarp;
   c) til þess að greiða fyrir því að bændur, sem þess æskja, geti hætt búskap;
   d) til þess að styrkja nýjar arðvænlegar búgreinar, svo sem í ylrækt, garðrækt, fiskeldi og loðdýrarækt.
3. Við ákvörðun útflutningsbóta skal gilda eftirfarandi:
   a) Hámark heildarupphæðar í þessu skyni sé 9% af heildarframleiðsluverðmæti næstu tvö árin, en þar á eftir 8% og síðan 7% af heildarframleiðslu af sauðfjár- og nautgripaafurðum.
   b) Útflutningsbætur fari aldrei fram úr 100% af útflutningsverði af hverri einstakri sölu.

Með þessum hætti verður Framleiðsluráðið sjálfstæður stjórnunaraðili innan þeirra marka, sem lögin setja, og fær svigrúm til að ryðja braut nýrri stefnumörkun, jafnframt því að geta staðið undir greiðslum af lánum eins og fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir.

Þá er í breytingartillögunum gert ráð fyrir að stundarvanda verði að hálfu mætt af bændum, en að hálfu með lánsfyrirgreiðslu. Samkvæmt því er lántökuábyrgðin miðuð við 1750 millj. kr., en sá umframframleiðsluvandi, sem hér um ræðir, er talinn nema 3.5 milljörðum króna fram yfir gildandi útflutningsbótahámark.

Íslenskur landbúnaður er í ógöngum. Öngþveiti birtist í því, að íslenskir bændur slíta sér út fyrir aldur fram við að framleiða vörur, sem ekki eru seljanlegar nema til komi stórkostleg skattlagning fólksins í landinu til að greiða meðlag með útflutningi þeirra. Í heild er afleiðing landbúnaðarstefnunnar: útslitnir bændur, ofnýtt gróðurlendi, skattpíndur almúgi og þjóðfélagsleg lífskjaraskerðing.

Þrátt fyrir mikla umræðu um þennan vanda er sífellt troðin sama taktfasta, venjubundna hringrásin, og fyrirliggjandi frumvarp ríkisstjórnarinnar er enn eitt skrefið í hringrás vanans og uppgjafarinnar, þar sem raunhæfum aðgerðum er skotið á frest, en stundleg friðþæging keypt á kostnað skattborgaranna.

Í þeim breytingartillögum, sem minni hlutinn leggur hér fram, er lagt til að þessi vítahringur vitleysunnar verði rofinn, bændur fái sjálfstæði um ákvörðun sinna mála innan stefnumarkandi ramma og skattborgurunum verði tryggt, að þeim sé ekki ætlað að standa undir óarðbærri framleiðslu til frambúðar. Útgjöld núna, miðað við skynsamlega dreifingu byrðanna milli bænda og fólksins í landinu, eru skoðuð sem aðgangseyrir að frambúðarstefnu á skynsamlegum grunni.

Minni hlutinn leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem birtast á þingskjali 187.

Alþingi, 21. febr. 1980.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Nd. 189. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, en fyrst og fremst er um að ræða breytingar á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga, til samræmingar við lög nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt. Nefndin er sammála um að frumvarpið verði samþykkt óbreytt með þeim breytingum sem greinir á þingskjali 190. Þær breytingar, sem þar er lagt til að gerðar verði á frumvarpinu, eru aðallega til samræmingar við þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögum nr. 40/1978 og samþykktar voru af Alþingi 20. febr. s. l.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 21. febr. 1980.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Friðrik Sophusson, fundaskr.	Guðm. J. Guðmundsson.
Eggert Haukdal.	Jóhann Einvarðsson.	Steinþór Gestsson.
	Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.	

Nd. 190. Breytingartillögur [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 3. gr.
   a) 2. mgr. greinarinnar orðist svo:
      Frá tekjum þessum skal draga frádrátt samkvæmt A-lið, 1. tl. B-liðar, 3. tl. C-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum.
   b) 3. mgr. falli niður.
2. Við 4. gr. Tilvísun í „VIII.—XIII. kafla“ í 2. mgr. verði: VIII.—XIV. kafla.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna „sbr. 116. gr. laga nr. 40/1978“ í 8. mgr. komi: sbr. 121. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum.
4. Við 9. gr. Inn í greinina bætist þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:
   a) 6. mgr.
      Vangreiðsla að hluta veldur því að útsvar gjaldandans fellur í gjalddaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

b) 7. mgr.
Séu skattar gjaldanda hækkaðir eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.
c) 8. mgr.
Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á útsvari sínu fyrir brottför af landinu.

5. Við 14. gr.
1. 2. málsliður 1. mgr. greinarinnar falli niður.
2. Í greinina bætist ný málsgrein, er verði 3. mgr. og orðist svo:
Við ákvörðun aðstöðugjaldsstofns skal eigi tekið tillit til gjalda- eða tekjufærslu vegna verðbreytinga skv. 53. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum að öðru leyti en því, að fjárhæð, sem er jafnhá fyrningum skv. 2. málslið 1. mgr. og 2. mgr. 44. gr. sömu laga, myndar þátt í aðstöðugjaldsstofninum, ef aðili notfærir sér þá heimild til fyrninga eigna.

6. Við 15. gr. 3. mgr. fellur niður.

7. Við 16. gr. Í stað „verktakastarfsemi“ í a-lið 1. mgr. komi: hefur þar með höndum húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð.

8. Við 19. gr. Í stað orðanna „af því sem ógreitt er“ í 1. mgr. komi: af því sem gjaldfallið er.

9. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:
a) Ákvæði til bráðabirgða I.
Við ákvörðun stofna til útsvars og aðstöðugjalds skulu ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum gilda eftir því sem við á.
b) Ákvæði til bráðabirgða II.
Við álagningu útsvars á árinu 1980 vegna tekna á árinu 1979 skal við ákvörðun gjaldstofns til útsvars draga frádrátt skv. 2. og 4. tl. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978. Enn fremur skulu vaxtatekjur og verðbætur manna á árinu 1979 af verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs vera frádráttarbærar að fullu frá tekjum við álagningu útsvars á árinu 1980.
c) Við lögin bætist nýtt ákvæði, er verði ákvæði til bráðabirgða III og orðist svo:
Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu lög nr. 1/1980 gilda eftir því sem við á um greiðslu útsvara á fyrri hluta ársins 1980.
d) Ákvæði til bráðabirgða IV.
Hvarvetna þar sem í lögum þessum er vísað til laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er vísað til þeirra laga með síðari breytingum eftir því sem við getur átt. Verði síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum nr. 40/1978, felldar inn í meginmál þeirra og útgefin ný lög, skal við framkvæmd á 2. mgr. 21. gr. laga þessara breyta vísunum til laga nr. 40/1978 til samræmis við það.

Nd. 191. Breytingartillaga [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá Alexander Stefánssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Jóhanni Einvarðssyni og Eggert Haukdal.

Við 5. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, er verði 4. mgr. og orðist svo:
Nú hrökkva útsvör samkvæmt 1. mgr. ekki fyrir áætluðum útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka þau um 10% að fengnu samþykki ráðherra.

Ed. 192. Breytingartillaga [111. mál]

við frv. til l. um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Frá Tómasi Árnasyni.

2. málsliður (viðbótarmálsliður) 2. gr. frumvarpsins hljóði svo:
Þó er Byggðasjóði heimilt að greiða á næstu 3—5 árum allt að helmingi lánsins.

Sþ. **193. Frumvarp til fjárlaga** [116. mál]

fyrir árið 1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.
Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur:		
Beinir skattar	63 853 000	
Óbeinir skattar	270 011 500	
Aðrar tekjur	6 093 200	339 957 700
Gjöld:		
Samneysla	141 116 806	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	145 080 826	
÷ Sértekjur stofnana	6 156 671	
Rekstrarliðir samtals	280 040 961	
Stofnkostnaður, fjárfesting	19 421 196	
Fjármagnstilfærslur	35 010 700	334 472 857
Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld		5 484 843
Lánahreyfingar		
Lánahreyfingar inn:		
Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa	5 600 000	
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	8 866 000	
Erlend lán	17 688 000	
Fjáröflun alls	32 154 000	
÷ Ráðstafað til innlausnar spariskírteina	2 658 000	
Fjáröflun til A- og B-hluta	29 496 000	
÷ Ráðstafað til B-hluta skv. lánsfjáráætlun	19 883 000	
Ráðstafað til A-hluta	9 613 000	
Afborganir af veittum lánum í A-hluta	100 000	9 713 000
Lánahreyfingar út:		
Eiginfjárframlag í Landsvirkjun	263 000	
Hlutafé í Járnblendifélaginu	195 000	
Iðnþróunarsjóður Portúgals, framlag	96 000	
Afborganir af teknum lánum til A-hluta:		
Seðlabanki Íslands	3 600 000	
Seðlabanki Íslands, vegna laga nr. 74/1979	4 500 000	
Aðrir	3 751 311	12 405 311
Lánajöfnuður, útgreiðslur umfram innborganir		2 692 311
Viðskiptareikningar		
Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga		24 000
Byggingarsjóður ríkisins	20 400	
Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga		32 000
Byggingarsjóður ríkisins	27 200	
Hluti af eignarskatti		75 000
Byggingarsjóður ríkisins	63 750	
Erfðafjárskattur		700 000
Erfðafjársjóður	327 300	
Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga		525 000
Byggingarsjóður ríkisins	431 800	
Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga		98 000
Byggingarsjóður ríkisins	88 400	
Gúmmígjald		75 000
Vegasjóður	75 000	
Innflutningsgjald af bensíni		11 000 000
Vegasjóður	11 000 000	
Byggingariðnaðarsjóðsgjald		83 000
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	83 000	
Byggingarsjóðsgjald af innflutningi		206 000
Byggingarsjóður ríkisins	192 100	
Álgjald		430 000
Byggðasjóður	430 000	
Miðagjald til Menningarsjóðs		45 000
Menningarsjóður	45 000	
Skemmtanaskattur		310 000
Sinfóníuhljómsveit Íslands	31 000	
Félagsheimilasjóður	251 100	
Launaskattur		9 886 000
Byggingarsjóður ríkisins	6 226 550	
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda		5 985 000
Tryggingastofnun ríkisins	5 985 000	
Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af búvélum		930 600
Tryggingastofnun ríkisins	930 600	
Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs		1 418 000
Atvinnuleysistryggingasjóður	1 418 000	
Gjald af seldum vindlingum		68 000
Landgræðslusjóður	19 380	
Krabbameinsfélag Íslands	19 380	
Íþróttasamband Íslands	14 620	
Slysavarnafélag Íslands	14 620	

	Þús. kr.	Þús. kr.
Sérleyfisgjald		24 000
Sérleyfissjóður	24 000	
Hluti rekstrarhagnaðar ÁTVR		9 000
Gæsluvistarsjóður	9 000	
Útflutningsgjald af sjávarafurðum		135 000
Byggingarsjóður hafrannsóknaskips	121 500	
Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	13 500	
Gjald af eyðublöðum heillaskeyta		400
Krabbameinsfélag Íslands	400	
Vitagjald		18 000
Vita- og hafnamálastofnunin	18 000	
Skipaskoðunargjald		15 000
Siglingamálastofnun ríkisins	15 000	
Bifreiðaskattur		3 600 000
Vegasjóður	3 082 000	
Skipulagsgjald		198 200
Skipulagsstjóri	198 200	
Flugvallagjald		700 000
Flugmálastjórn	700 000	
Einkaleyfisgjald af Happdrætti H.Í.		145 400
Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	145 400	
Áhættugjald vegna ríkisábyrgða		200 000
Ríkisábyrgðasjóður	200 000	
Sérlyfjagjald		15 000
Lyfjaskrárnefnd um sérlyfjaeftirlit	15 000	
Samúðarskeyti Landssímans		18 000
Minningarsjóður Landspítalans	18 000	
Rafmagnseftirlitsgjald		244 300
Rafmagnseftirlit ríkisins	244 300	
Verðjöfnunargjald		3 875 000
Orkusjóður	3 875 000	
Markaðir tekjustofnar skv. tekjuáætlun		41 087 900
Markaðir tekjustofnar skv. gjaldaáætlun	36 373 500	
Skerðing tekjustofna, sbr. greinargerð	4 714 400	
Samtals	41 087 900	41 087 900

10. Tekjustofnar sem ráðstafað er til sérstakra þarfa

Skipting eftir viðtakendum

		Þús. kr.
01 171	Byggðasjóður:	
	Álgjald	430 000
02 276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:	
	Einkaleyfisgjald af hagnaði Happdrættis H.Í.	145 400
02 974	Sinfóníuhljómsveit Íslands:	
	Hluti skemmtanaskatts	31 000
02 976	Menningarsjóður:	
	Miðagjald	45 000
02 985	Félagsheimilasjóður:	
	Hluti skemmtanaskatts	251 100
02 989	Íþróttasamband Íslands:	
	Hluti gjalds af seldum vindlingum	14 620
04 271	Landgræðslusjóður:	
	Hluti gjalds af seldum vindlingum	19 380
05 271	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips:	
	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	121 500
05 272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins:	
	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	13 500
07 271	Húsnæðismálastofnun ríkisins:	
	Hluti af eignarskatti	63 750
	Launaskattur	6 226 550
	Hluti af eignarskatti einstaklinga, eignarskatti félaga, tekjuskatti einstaklinga, tekjuskatti félaga og aðflutningsgjöldum	759 900
07 301	Skipulagsstjóri ríkisins:	
	Skipulagsgjald	198 200
07 971	Erfðafjársjóður:	
	Erfðafjárskattur	327 300
07 999	Slysavarnafélag Íslands:	
	Hluti gjalds af seldum vindlingum	14 620
08 271	Tryggingastofnun ríkisins:	
	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	5 985 000
	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættugjöld af trillubátum og búvélum	930 600
08 273	Atvinnuleysistryggingasjóður:	
	Atvinnuleysistryggingasjóðsgjald	1 418 000
08 399	Lyfjanefnd og sérlyfjaeftirlit:	
	Sérlyfjagjald	15 000
08 399	Krabbameinsfélag Íslands:	
	Hluti gjalds af seldum vindlingum	19 380
	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	400
08 399	Minningarsjóður Landspítalans:	
	Samúðarskeyti Landssímans	18 000
08 471	Gæsluvistarsjóður:	
	Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	9 000
09 971	Ríkisábyrgðasjóður:	
	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	200 000

		Þús. kr.
10 211	Vegagerð ríkisins:	
	Gúmmígjald	75 000
	Innflutningsgjald af bensíni	11 000 000
	Bifreiðaskattur	3 082 000
10 332	Vitamál:	
	Vitagjald	18 000
10 341	Siglingamálastofnun ríkisins:	
	Skipaskoðunargjald	15 000
10 471	Flugmálastjórn:	
	Flugvallagjald	700 000
10 672	Sérleyfissjóður:	
	Sérleyfisgjald	24 000
11 203	Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins:	
	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	83 000
11 301	Rafmagnseftirlit ríkisins:	
	Rafmagnseftirlitsgjald	244 300
11 371	Orkusjóður:	
	Verðjöfnunargjald	3 875 000
		36 373 500

11. Hlutfallsleg skipting ríkistekna eftir tegund skatta og gjalda

		%
Beinir skattar		18,8
Eignarskattar	2,3	
Tekjuskattar	16,5	
Óbeinir skattar		79,4
Gjöld af innflutningi	17,6	
Gjöld af framleiðslu	7,2	
Gjöld af seldri vöru og þjónustu	48,5	
Aðrir óbeinir skattar	6,1	
Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta		0,3
Ýmsar tekjur		1,5
	Samtals	100,0

12. Samanburður á fjárveitingum samkvæmt ríkisreikningi 1978, fjárlögum 1979 og frumvarpi til fjárlaga 1980, eftir ráðuneytum og stofnunum (A-hluti)

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**	**1 233 445**	**1 505 668**	**2 232 607**
101	Embætti forseta Íslands	52 669	65 056	90 981
201	Alþingi	1 002 807	1 248 195	**1 851 934**
301	Ríkisstjórn	126 878	127 552	176 808
401	Hæstiréttur	51 091	64 865	112 884
01	**Forsætisráðuneyti**	**2 228 925**	**2 746 429**	**3 112 959**
101	Aðalskrifstofa	113 138	136 725	243 393
102	Þjóðhagsstofnun	66 006	78 363	116 882
171	Byggðasjóður, framlag	2 004 000	2 458 000	2 635 000
901	Húsameistari ríkisins	28 395	42 281	69 818
902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd	14 511	31 060	47 866
999	Ýmislegt	2 875	—	—
02	**Menntamálaráðuneyti**	**26 607 229**	**32 368 107**	**49 890 425**
101	Aðalskrifstofa	310 584	370 818	538 222
102	Húsakaup Laugavegi 166, Rvk, hluti	155 400	—	—
201	Háskóli Íslands	1 948 365	2 398 134	3 723 864
202	Tilraunastöð háskólans á Keldum	82 492	101 830	166 344
203	Raunvísindastofnun háskólans	217 523	305 760	459 034
205	Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	80 812	103 342	154 355
206	Orðabók háskólans	26 137	36 076	53 812
231	Náttúrufræðistofnun Íslands	48 641	64 225	95 917
232	Rannsóknaráð ríkisins	41 465	63 613	98 856
276	Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna	86 000	91 200	145 400
301	Menntaskólinn í Reykjavík	277 669	347 714	524 322
302	Menntaskólinn á Akureyri	260 469	296 720	458 344
303	Menntaskólinn á Laugarvatni	101 003	100 971	149 888
304	Menntaskólinn við Hamrahlíð	384 651	470 297	703 345
305	Menntaskólinn við Sund	296 585	433 838	656 878
306	Menntaskólinn á Ísafirði	136 751	221 177	381 201
307	Menntaskólinn á Egilsstöðum	131 830	272 066	231 197
308	Menntaskólinn í Kópavogi	105 050	154 385	229 946
310	Menntaskólar, almennt	18 922	170 115	252 390
321	Kennaraháskóli Íslands	470 767	492 131	915 076
322	Æfinga- og tilraunaskóli kennarahás.		129 986	219 005
331	Íþróttakennaraskóli Íslands	53 871	59 283	139 521
336	Húsmæðrakennaraskóli Íslands	13 869	19 710	27 687
351	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	573 473	691 120	913 165
352	Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli	173 087	210 311	336 542
353	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	225 995	333 907	450 899
354	Fjölbrautaskólinn á Akranesi	107 275	207 938	305 786
355	Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum	—	—	89 637

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
356	Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki ..	—	—	158 095
421	Fræðslumyndasafn	18 521	30 297	42 011
422	Ríkisútgáfa námsbóka	296 118	268 122	360 316
423	Endurskoðun námsefnis	116 065	166 507	245 686
431	Iðnfræðsluráð	56 851	81 156	123 229
501	Tækniskóli Íslands	240 437	316 015	461 213
506	Vélskóli Íslands	195 571	214 063	309 782
507	Stýrimannaskólinn í Reykjavík	90 813	120 496	169 048
514	Iðnskólinn í Reykjavík	531 027	593 994	935 276
515	Iðnskólar utan Reykjavíkur	298 644	385 889	527 986
516	Iðnskólar, almennt	—	118 000	149 000
517	Hótel- og veitingaskóli Íslands	41 844	57 845	71 727
518	Fiskvinnsluskólinn	31 920	42 398	61 772
521	Hjúkrunarskóli Íslands	205 892	291 163	190 560
522	Nýi hjúkrunarskólinn	36 189	39 431	54 122
523	Fósturskóli Íslands	40 391	66 832	107 671
553	Hússtjórnarskólar	161 728	211 983	309 395
561	Myndlista- og handíðaskólinn	61 039	91 525	123 692
562	Leiklistarskólinn	39 934	64 685	92 239
563	Tónlistarfræðsla	392 045	435 418	656 915
571	Sjómannaskólahúsið	84 991	105 211	142 137
581	Verslunarskólar	386 845	383 986	584 398
601	Héraðsskólinn Reykholti	78 007	62 664	94 562
602	Héraðsskólinn Núpi	77 167	71 141	102 357
603	Héraðsskólinn Reykjanesi	55 069	46 932	61 701
604	Héraðsskólinn Reykjum	88 760	63 137	93 832
605	Alþýðuskólinn Eiðum	90 906	76 039	109 568
606	Héraðsskólinn Skógum	67 692	63 055	92 461
607	Héraðsskólinn Laugarvatni	49 822	51 704	82 833
609	Héraðsskólinn Laugum	131 328	65 529	102 939
610	Héraðsskólar, almennt	—	229 500	254 000
621	Skálholtsskóli	18 665	25 839	37 959
679	Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni	7 927	3 500	3 500
700	Grunnskólar, Reykjavík	3 032 152	3 070 984	4 528 633
710	Grunnskólar, Reykjanesi	2 199 155	2 157 136	3 223 937
730	Grunnskólar, Vesturlandi	852 852	858 722	1 281 384
740	Grunnskólar, Vestfjörðum	588 403	599 105	894 962
750	Grunnskólar, Norðurlandi vestra ...	696 913	676 778	1 009 243
760	Grunnskólar, Norðurlandi eystra ..	1 357 940	1 399 025	2 088 224
770	Grunnskólar, Austurlandi	831 726	753 823	1 126 749
780	Grunnskólar, Suðurlandi	1 238 365	1 117 053	1 664 638
791	Grunnskólar, almennt	139 955	180 485	878 219
792	Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra, framlög	—	1 979 500	2 500 000
793	Bygging skóla f. þroskahömluð börn	20 009	90 000	—
797	Stofnanir afbrigðilegra barna	397 535	529 137	689 296
799	Heyrnleysingjaskólinn	115 533	124 271	203 703
801	Vistheimilið Breiðavík	30 288	29 565	—

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
802	Vernd barna og ungmenna	8 532	16 664	39 592
803	Dagvistarheimili, stofnkostnaður	179 811	360 000	500 040
871	Unglingaheimili ríkisins	26 900	52 324	116 378
872	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1 620 208	2 234 861	5 394 887
881	Náms- og fræðimenn, framlög	69 655	76 350	203 350
883	Lektorar í íslensku við erlenda háskóla	2 526	3 794	5 804
884	Jöfnun á námskostnaði	218 381	295 000	420 000
885	Fullorðinsfræðsla	3 200	5 200	29 200
901	Landsbókasafn Íslands	92 168	114 650	166 976
902	Þjóðminjasafn Íslands	111 612	150 661	214 866
903	Þjóðskjalasafn Íslands	42 606	51 178	77 537
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	14 603	16 144	23 537
905	Listasafn Ásgríms Jónssonar	4 661	6 537	10 652
906	Listasafn Einars Jónssonar	3 536	5 084	8 723
907	Listasafn Íslands	72 953	103 272	130 890
931	Náttúruverndarráð	84 580	91 903	96 522
972	Ríkisútvarpið, sjónvarp	590 000	340 000	45 000
973	Þjóðleikhúsið, framlög	527 806	584 331	856 039
974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	137 998	140 466	231 022
975	Vísindasjóður	8 015	8 000	8 000
976	Menningarsjóður, framlag	28 983	26 000	45 000
977	Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu	149 157	75 000	300 000
982	Listir, framlög	178 142	283 541	464 525
983	Ýmis vísindaleg starfsemi	6 588	2 300	8 300
984	Norræn samvinna	27 102	28 939	49 637
985	Félagsheimilasjóður	142 281	166 500	251 100
986	Íþróttasjóður	266 640	347 640	447 640
987	Endurbætur á Viðeyjarstofu	4 932	5 000	5 000
988	Æskulýðsmál	33 182	49 050	49 050
989	Ýmis íþróttamál	64 534	99 850	143 000
991	Húsfriðunarsjóður	7 171	12 291	17 603
999	Ýmislegt	57 046	59 270	108 952
03	**Utanríkisráðuneyti**	**1 947 114**	**2 188 285**	**3 588 196**
101	Aðalskrifstofa	334 767	312 427	494 156
102	Varnarmáladeild	36 590	37 453	56 245
201	Lögreglustjórinn á Keflav.flugvelli	434 389	486 231	704 108
301	Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd Íslands hjá Evrópuráði	71 885	69 243	108 477
302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	63 836	70 261	109 488
303	Sendiráð Íslands í London	58 052	67 776	108 672
304	Sendiráð Íslands í Moskvu	49 531	57 437	86 656
305	Sendiráð Íslands í Osló	55 117	58 713	99 387
306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd Íslands hjá OECD og UNESCO	81 011	80 449	138 016
307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	48 022	50 996	83 795

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
308	Sendiráð Íslands í Washington	60 841	65 724	93 888
309	Fastanefnd Íslands hjá S.þ. og aðalræðism.skrifstofa Íslands í New York	161 381	86 334	127 373
311	Sendiráð Íslands í Brussel og fastanefnd Íslands hjá NATO	95 397	105 688	160 567
312	Fastanefnd Íslands hjá EFTA í Genf	73 024	77 372	125 180
313	Sendiráð, almennt	—	38 987	39 313
399	Ýmis utanríkismál	49 769	82 000	473 700
401	Alþjóðastofnanir	273 502	441 194	579 175
04	**Landbúnaðarráðuneyti**	**9 249 045**	**10 636 697**	**16 140 427**
101	Aðalskrifstofa	64 400	81 964	133 381
171	Jarðeignir ríkisins, framlög	43 397	41 650	79 000
172	Jarðasjóður	9 179	10 800	33 300
201	Búnaðarfélag Íslands	218 200	293 410	471 840
205	Veiðistjóri	55 422	38 068	60 317
206	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	415 680	476 966	693 012
231	Skógrækt ríkisins	245 955	325 555	444 733
235	Landgræðsla ríkisins	492 994	715 223	865 162
241	Landnám ríkisins	97 322	86 782	97 096
242	Mat á landbúnaðarafurðum	12 653	17 112	25 294
243	Sauðfjárveikivarnir	85 594	88 871	136 187
244	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	8 117	11 190	16 518
246	Veiðimálaskrifstofan	86 269	102 122	164 456
247	Yfirdýralæknir	146 285	175 263	279 974
271	Landgræðslusjóður, framlag	17 416	19 380	19 380
272	Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	14 162	12 976	23 120
286	Landbúnaður, framlög	70 840	113 840	118 790
287	Stofnlánadeild landbúnaðarins	475 551	643 500	721 700
288	Jarðræktarframlög	1 016 100	1 100 979	2 023 651
289	Framræsla	175 000	260 000	385 000
290	Uppbætur á útfl. landbúnaðarafurðir	4 896 326	5 337 000	8 400 000
291	Til búfjárræktar skv. l. nr. 31/1973	142 400	188 301	274 960
299	Ýmis starfsemi á sviði landbún.mála	124 323	51 189	58 889
501	Bændaskólinn Hvanneyri	171 735	233 853	322 964
502	Bændaskólinn Hólum	75 365	93 684	122 603
503	Garðyrkjuskóli ríkisins	88 360	117 019	169 100
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**	**4 015 423**	**4 596 894**	**5 778 031**
101	Aðalskrifstofa	87 778	108 413	190 397
201	Fiskifélag Íslands	120 530	157 164	235 937
202	Hafrannsóknastofnun	1 087 595	1 265 524	1 793 342
203	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	191 270	230 096	322 070
215	Framleiðslueftirlit sjávarafurða	356 209	430 415	644 105
221	Verðlagsráð sjávarútvegsins	22 024	27 479	40 554
271	Byggingarsjóður hafrannsóknaskips	143 201	116 433	134 203
272	Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	11 337	14 632	12 500

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
274	Aflatryggingarsjóður	422 854	480 300	501 350
275	Fiskveiðasjóður	—	1 275 500	1 236 000
298	Fiskleit, vinnslutilraunir og markaðsöflun	169 081	150 000	210 000
299	Ýmislegt á sviði sjávarútvegs	1 287 673	189 118	230 782
901	Skrifst. rannsóknastofnana atvinnuveganna	115 871	151 820	226 791
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**	**10 679 428**	**11 135 492**	**15 748 626**
101	Aðalskrifstofa	99 863	105 310	173 908
102	Stjórnartíðindi	35 380	43 169	54 858
103	Kosningar	47 324	—	
201	Hæstiréttur	39 156	54 779	79 233
202	Ríkissaksóknari	64 369	87 611	128 183
203	Borgardómarinn í Reykjavík	125 529	143 462	217 602
204	Borgarfógetinn í Reykjavík	136 247	140 076	225 496
205	Sakadómur Reykjavíkur	130 483	175 445	228 596
206	Lögreglustjórinn í Reykjavík	1 788 679	2 021 531	3 168 653
207	Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	4 354	12 210	
208	Rannsóknarlögregla ríkisins	536 344	406 473	625 920
211	Embætti sýslumanna og bæjarfógeta	7 234	13 514	9 200
212	Bæjarfógeti Akranesi	124 653	115 532	148 950
213	Sýslumaður Borgarnesi	79 468	111 666	141 396
214	Sýslumaður Stykkishólmi	141 044	132 985	200 411
215	Sýslumaður Búðardal	29 581	23 195	37 616
216	Sýslumaður Patreksfirði	73 980	73 970	95 832
217	Bæjarfógeti Bolungarvík	52 478	49 733	65 147
218	Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði	141 470	109 130	172 918
219	Sýslumaður Hólmavík	20 033	22 015	45 805
221	Sýslumaður Blönduósi	93 310	79 272	116 788
222	Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkr.	81 644	82 948	115 075
223	Bæjarfógeti Siglufirði	83 866	72 649	108 273
224	Bæjarfógeti Ólafsfirði	42 264	35 131	55 539
225	Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri	315 553	314 320	475 524
226	Sýslumaður og bæjarfógeti Húsavík	165 285	134 458	196 414
227	Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisf.	76 211	64 910	105 558
228	Bæjarfógeti Neskaupstað	43 903	41 812	63 027
229	Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði	87 102	119 217	128 387
230	Sýslumaður Höfn í Hornafirði	58 803	48 860	73 482
231	Sýslumaður Vík í Mýrdal	41 993	31 657	45 537
232	Sýslumaður Hvolsvelli	62 153	60 233	96 811
233	Bæjarfógeti Vestmannaeyjum	166 796	159 913	240 694
234	Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi	210 396	161 197	247 027
235	Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík	392 074	361 868	559 439
236	Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarf.	447 266	417 365	627 721
237	Bæjarfógeti Kópavogi	316 887	259 681	392 522
238	Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum	22 223	27 060	39 720

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
241	Hegningarhús	76 520	75 067	116 317
242	Vinnuhælið Litla-Hrauni	237 126	245 880	381 199
243	Vinnuhælið Kvíabryggju	53 881	47 510	82 381
244	Fangelsi við Síðumúla	66 074	79 432	112 729
247	Eftirlitsstofnun með brotamönnum	9 584	10 725	15 612
251	Landhelgisgæslan	2 223 525	2 595 870	2 913 558
252	Bifreiðaeftirlit ríkisins	330 858	357 252	479 328
253	Almannavarnir	39 473	40 476	60 129
254	Sjómælingar Íslands	75 755	75 762	118 120
255	Umferðarráð	30 505	44 397	71 564
261	Öryggiseftirlit ríkisins	33 761	—	
262	Löggildingarstofan	15 112	22 166	35 069
281	Dómsmál, ýmis kostnaður	118 449	94 729	157 617
282	Ýmis löggæslukostnaður	75 262	88 517	163 317
283	Fangamál, ýmis kostnaður	168 076	130 763	158 191
284	Áfengis- og fíkniefnamál	1 286	3 376	5 168
301	Þjóðkirkjan	671 268	852 863	1 270 891
371	Kirkjubyggingasjóður	15 000	13 500	22 500
372	Kirkjugarðasjóður	100	100	100
373	Kristnisjóður	52 415	42 750	60 000
07	**Félagsmálaráðuneyti**	**6 915 616**	**7 740 889**	**10 376 707**
101	Aðalskrifstofa	56 699	67 274	119 475
271	Húsnæðismálastofnun ríkisins	5 513 211	6 143 700	7 065 500
272	Byggingarsjóður verkamanna	389 742	297 000	432 500
301	Skipulagsstjóri ríkisins	135 704	174 000	251 912
302	Ríkissáttasemjari	—	12 107	98 232
371	Lánasjóður sveitarfélaga, framlag	132 856	152 100	201 813
372	Landakaup kaupstaða og kauptúna	10 000	10 000	2 000
391	Vegna tjóns af náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu	70	—	—
399	Vatnsveitur	49 953	65 000	85 000
951	Brunamálastofnun ríkisins	÷ 2 374	—	—
952	**Endurhæfingarráð**	10 426	12 389	18 793
953	Jafnréttisráð	7 272	8 713	13 988
971	Erfðafjársjóður, framlag	180 257	144 000	327 300
972	Bjargráðasjóður	77 692	83 700	125 062
974	Styrktarsjóður fatlaðra	7 000	10 500	—
975	Styrktarsjóður vangefinna	150 000	150 000	—
976	Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra	—	—	1 020 000
981	Vinnumál	48 802	172 661	320 182
999	Ýmis framlög	148 306	237 745	294 950
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**	**57 439 306**	**67 097 230**	**115 271 965**
101	Aðalskrifstofa	98 921	118 409	201 630
271	Tryggingastofnun ríkisins	42 872 415	47 903 200	86 535 600
273	Atvinnuleysistryggingasj., framlag	1 755 432	3 104 100	4 254 000

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
301	Landlæknir	44 857	54 167	81 140
302	Ríkisspítalar, skrifstofa	188 579	232 904	325 638
310	Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar	—	210 000	347 605
311	Rannsóknastofa háskólans	147 432	255 846	284 791
312	Blóðbankinn	70 867	97 211	120 542
319	Matvælarannsóknir ríkisins	—	50 536	84 734
321	Geislavarnir ríkisins	9 659	12 494	18 227
322	Heilbrigðiseftirlit ríkisins	53 212	45 174	66 832
323	Tryggingaeftirlitið	2 437	—	—
324	Heyrnar- og talmeinastöð Íslands	—	—	81 906
371	Landspítalinn	5 170 550	6 309 483	9 994 822
372	Landspítalinn, kvennadeild	695 436	992 997	1 505 199
373	Kleppsspítali	1 764 508	1 933 946	3 085 888
374	Vífilsstaðaspítali	591 179	676 926	1 037 887
375	Kristneshæli	261 846	307 334	482 694
376	Kópavogshæli	778 963	812 530	1 403 883
377	Vistheimilið Gunnarsholti	103 474	126 123	154 368
378	Læknishéraðasjóður	15 296	22 500	30 000
380	Námslán læknastúdenta	2 173	2 000	—
381	Sjúkrahús og læknisbústaðir	1 667 356	2 431 483	3 164 312
391	Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar	651 197	780 851	1 240 045
392	Berklavarnir	13 885	15 617	23 322
393	Skólayfirlæknisembættið	7 071	11 156	16 495
399	Ýmis heilbrigðismál	305 550	434 403	496 612
471	Gæsluvistarsjóður, framlag	83 497	64 600	101 700
481	Bindindisstarfsemi	21 017	28 010	35 424
501	Ljósmæðraskóli Íslands	36 482	35 242	54 138
502	Þroskaþjálfaskólinn	26 015	27 988	42 531
09	**Fjármálaráðuneyti**	**6 204 202**	**8 164 514**	**25 654 021**
101	Aðalskrifstofa	208 288	243 737	362 298
103	Ríkisbókhald	111 469	167 590	242 801
104	Ríkisfjárhirsla	47 894	46 025	73 074
201	Ríkisskattstjóri	182 010	224 008	335 434
202	Skattstofan í Reykjavík	308 487	371 886	549 420
203	Skattstofa Vesturlands. Akranesi	42 277	53 645	78 083
204	Skattstofa Vestfjarða, Ísafirði	38 324	47 639	71 305
205	Skattstofa Norðurlands vestra, Siglufirði	40 719	51 605	76 804
206	Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri	71 757	96 739	145 281
207	Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum	39 031	46 064	69 425
208	Skattstofa Suðurlands, Hellu	44 409	53 594	82 391
209	Skattstofa Vestmannaeyja	21 371	22 637	34 400
211	Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði	98 251	120 593	182 392
212	Skattstofur, sameiginleg útgjöld	110 718	88 992	184 904
214	Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	30 052	37 407	68 243
251	Gjaldheimtan í Reykjavík	105 560	90 881	141 499

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
261	Tollstjórinn í Reykjavík	320 891	321 840	488 777
263	**Tollgæslan**	379 092	434 658	646 724
282	Tollamál, sameiginlegur kostnaður	19 646	14 300	19 300
381	Uppbætur á lífeyri	2 129 390	3 351 039	4 616 193
382	Eftirlaun samkvæmt launalögum	15 043	25 034	37 070
383	Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn	53 979	48 580	50 232
384	Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur		28 330	29 293
385	Eftirlaunasjóður aldraðra	—	—	725 688
402	Fasteignamat ríkisins	133 006	137 504	229 801
481	Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum	10 744	110 000	550 000
901	Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	37 427	46 890	69 651
971	Ríkisábyrgðasjóður, framlag	562 507	660 000	700 000
981	Skrifstofubygging við Grensásveg	—	135 000	40 000
989	Launa- og verðlagsmál	—	—	12 531 056
998	Kjaradómur og kjaranefnd	16 852	—	
999	Ýmislegt	1 025 008	1 088 297	2 222 482
10	**Samgönguráðuneyti**	**14 834 529**	**19 191 120**	**30 587 260**
101	Aðalskrifstofa	61 549	72 301	116 639
211	Vegagerð ríkisins	9 637 245	12 628 000	21 963 000
321	Strandferðir, framlög	615 225	890 228	1 174 725
325	Rekstrardeild ríkisskipa	50 948	64 960	99 195
331	Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa	72 910	116 221	191 580
332	Vitamál	208 031	267 184	430 953
333	Hafnarmál	2 088 039	2 373 068	2 590 660
341	Siglingamálastofnun ríkisins	139 355	177 323	290 318
342	Sjóslysanefnd	7 416	8 583	11 858
471	Flugmálastjórn	1 433 872	1 968 766	2 591 465
481	Flugbjörgunarsveitir, framlög	550	1 100	—
485	Ýmis framlög	—	—	39 253
651	Ferðamál	89 823	36 000	204 100
652	Veðurstofa Íslands	349 522	484 318	738 392
656	Landmælingar Íslands	61 385	81 068	121 122
672	Sérleyfissjóður	18 659	22 000	24 000
11	**Iðnaðarráðuneyti**	**4 420 856**	**7 394 531**	**14 323 379**
101	Aðalskrifstofa	80 109	78 710	139 600
201	Iðntæknistofnun Íslands	257 398	287 152	425 953
203	Rannsóknastofnun byggingariðn.	121 359	161 797	252 658
204	Verkstjórnarnámskeið	7 276	11 837	17 771
205	Stjórnunarnámskeið	8 000	10 882	16 221
206	Námskeið í stjórn vinnuvéla	7 722	9 671	14 270
207	Eftirmenntun í iðju og iðnaði	9 796	12 000	12 000
221	Lánasjóðir iðnaðarins	325 000	320 000	1 250 000
234	Lagmetisiðjan Siglósíld			96 000
235	Fyrirtæki og stofnanir, framlög	98 016	20 000	67 400

		Reikningur 1978 þús. kr.	Fjárlög 1979 þús. kr.	Frumvarp 1980 þús. kr.
299	Iðja og iðnaður, framlög	71 199	119 775	96 775
301	Orkustofnun	802 600	1 122 134	1 626 423
302	Rafmagnseftirlit ríkisins	142 595	145 573	244 308
321	Rafmagnsveitur ríkisins	—	—	1 000 000
332	Jarðvarmaveitur ríkisins	44 000	—	—
371	Orkusjóður	2 445 786	5 095 000	9 064 000
12	**Viðskiptaráðuneyti**	**12 681 471**	**20 067 120**	**24 841 734**
101	Aðalskrifstofa	87 434	92 858	153 673
201	Niðurgreiðslur á vöruverði	11 785 481	18 902 900	24 400 000
202	Styrkur vegna olíunotkunar til húsahitunar	693 880	910 000	
902	Verðlagsstofnun	113 176	152 184	273 546
903	Skráning hlutafélaga	—	7 678	12 515
999	Vörusýningar erlendis	1 500	1 500	2 000
13	**Hagstofa Íslands**	**122 981**	**182 473**	**265 587**
101	Aðalskrifstofa	87 336	136 884	192 164
102	Þjóðskráin	35 645	45 589	73 423
14	**Ríkisendurskoðun**	**165 797**	**220 301**	**346 737**
101	Aðalskrifstofa	165 797	220 301	346 737
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**	**6 514 706**	**7 050 669**	**16 314 196**
101	Aðalskrifstofa	68 588	90 712	159 472
181	Ríkisbifreiðir, framlög	—	17 000	25 000
182	Rafreiknar, framlög	—	—	100 000
991	Ýmis lán ríkissjóðs	6 446 118	6 942 957	16 029 724
	Samtals öll ráðuneyti (A-hluti)	**165 260 073**	**202 286 419**	**334 472 857**

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1980, sem hér er lagt fram, er byggt á meginstefnu stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar en þar segir m. a.:

„Meginverkefni ríkisstjórnarinnar er að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf, enda er það ein helsta forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Jafnframt leggur ríkisstjórnin áherslu á að efla menningarstarfsemi, auka félagslega þjónustu og jafna lífskjör. Ríkisstjórnin mun berjast gegn verðbólgunni með aðhaldsaðgerðum er varða verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingu og ríkisfjármál."

Hér á eftir verður lýst nokkrum meginþáttum í stefnu ríkisstjórnarinnar:

Í stjórnarsáttmálanum eru boðaðar eftirtaldar aðgerðir í verðlagsmálum í því skyni að draga úr verðbólgu:

1) Verðhækkunum á þeim vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, verði sett eftirgreind efri mörk ársfjórðungslega á árinu 1980: Til 1. maí skulu mörkin vera 8%, til 1. ágúst 7% og loks til 1. nóvember 5%. Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu. Um verðhækkanir af erlendum uppruna, sem ekki rúmast innan ofangreindra marka að mati verðlagsráðs, setur ríkisstjórnin sérstakar reglur. Þessar sérstöku reglur hafi ekki áhrif á gildandi ákvæði um útreikning kaupgjaldsvísitölu.
2) Verðhækkanir á búvöru fylgi sams konar reglum, enda verði niðurgreiðslur ákveðnar sem fast hlutfall af útsöluverði árin 1980 og 1981.
3) Fyrir maí/júní 1980 skulu afgreiddar sérstaklega hækkunarbeiðnir fyrirtækja og stofnana, sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að verðbreytingar slíkra aðila geti síðan fallið innan þess ramma sem framangreind mörk setja.

Í samræmi við þetta er frumvarpið miðað við það að verðhækkun frá upphafi til loka árs 1980 verði um 31% og meðalhækkun verðlags 1979—1980 verði 45—46%. Um forsendur tekna og útgjalda vísast að öðru leyti til kaflans um meginforsendur frumvarpsins hér á eftir.

Mismunur heildartekna og útgjalda frumvarpsins er tæpir 5,5 milljarðar króna. Á lánahreyfingum er áætlað útstreymi umfram innstreymi um 2,7 milljarðar króna en auk þess er talið að nettóútstreymi á viðskiptareikningum geti numið 750 m.kr. Greiðsluafgangur frumvarpsins er því rúmir 2,0 milljarðar króna. Gera verður ráð fyrir að þessi greiðsluafgangur minnki nokkuð við meðferð frumvarpsins í fjárveitinganefnd en brýnt er að frumvarpið verði þó afgreitt án greiðsluhalla.

Innifalið í útstreymi á lánahreyfingum er afborgun lána til Seðlabanka Íslands að fjárhæð 3,6 milljarðar króna auk endurgreiðslu skammtímaláns, 4,5 milljarðar. Samkvæmt lögum nr. 74/1979 var fjármálaráðherra heimilað að taka skammtímalán hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 4 500 m.kr. Lánið á að greiðast upp á fyrstu mánuðum ársins 1980.

Rétt er að geta þess að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1979 voru laun miðuð við verðlag í desember 1978 en í þessu frumvarpi hefur verið tekið mið af væntanlegri launaþróun 1980. Í þessu skyni eru ætlaðir 11,9 milljarðar króna á sérstökum fjárlagalið undir fjármálaráðuneyti.

Heildartekjur samkvæmt fjárlagafrumvarpi nema 340 milljörðum króna en það er um 101,3 milljarða króna hærri fjárhæð eða um 42% aukning frá rauntölum 1979 samkvæmt bráðabirgðauppgjöri.

Beinir skattar, þ. e. tekjuskattar og eignarskattar, eru áætlaðir 63,9 milljarðar króna eða 18,8% af heildartekjum.

Hin nýju lög um tekju- og eignarskatt koma í fyrsta sinn til framkvæmda við álagningu á árinu 1980. Í áætlun fyrir árið 1980 er reiknað með að skattstigi og skatthlutföll í hinum nýju lögum verði ákveðin þannig að lögin skili sömu heildarálagningu og gömlu lögin hefðu gert. Óbeinir skattar eru áætlaðir 270,0 milljarðar króna eða 79,4% af tekjum ríkissjóðs. Aðrar tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 6,1 milljarðar króna eða 1,8% af heildartekjum. Heildarskattbyrði vegna skattheimtu ríkissjóðs er samkvæmt framansögðu um 28,3% vergrar þjóðarframleiðslu og er þá ekki meðtalin áformuð tekjuöflun að fjárhæð 4—5000 m.kr. til að standa undir greiðslu olíustyrks. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fjáröflun og ráðstöfun fjár í þessu skyni verði ákveðin með sérstökum lögum og er þessi millifærsla ekki tekin inn í fjárlagafrumvarpið.

Um s. l. áramót var síðasta áfanga náð í tollalækkanaferlinum sem um var samið með fríverslunarsamningunum við EFTA og Efnahagsbandalagið. Almennir verndartollar á iðnaðarvörum hafa þá verið afnumdir hér á landi og lækkaðar tolltekjur af þessum sökum eru taldar munu nema um 5 milljörðum króna á þessu ári. Auk þessa er talið að tolltekjur verði mun ódrýgri tekjustofn fyrir ríkissjóð en verið hefur vegna samdráttar í innflutningi hátollavöru.

Heildarútgjöld ríkissjóðs eru alls 334,5 milljarðar króna. Af þessari fjárhæð renna um 135 milljarðar króna til samneyslu, 55,2 milljarðar króna til framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða og 144,2 milljarðar króna til neyslu- og rekstrartilfærslna.

Útgjaldahlið frumvarpsins felur í sér nokkur veigamikil stefnumarkandi atriði. Til þess að skila hallalausu frumvarpi ákvað ríkisstjórnin að draga úr lögbundnum framlögum og skilum markaðra tekna til ýmissa fjárfestingarlánasjóða. Ljóst er að verðtrygging útlána fjárfestingarlánasjóðanna hefur styrkt fjárhagslega stöðu þeirra mjög verulega. Er því minni ástæða en áður til að byggja ráðstöfunarfé sjóðanna á óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði. Með frumvarpi til laga um lántökuheimildir, ríkisábyrgðir o. fl. verða lagðar fram tillögur um lagabreytingar sem miðaðar verða við að ríkisframlög til þeirra takmarkist við þær fjárhæðir sem nefndar eru í þessu frumvarpi.

Hins vegar er ráðgert að athuga fjárþörf sjóðanna í tengslum við gerð lánsfjáráætlunar, svo að tryggt sé að þeir geti gegnt hlutverki sínu. Í þessu sambandi er rétt að benda á, að ekki er áformað á þessu ári að skylda Byggingarsjóð ríkisins að kaupa skuldabréf af Framkvæmdasjóði fyrir skyldusparnaðarfé og gengur það óskert til húsnæðismála, en á fyrra ári var gert ráð fyrir að skerða þennan tekjustofn um 2 000 m.kr. Í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er fyrirhugað að afla 1 000 m.kr. til verkamannabústaða og leiguíbúða sveitarfélaga umfram það sem ella yrði varið í þessu skyni samkvæmt nánari ákvörðun í tengslum við gerð kjarasamninga. Að öðru leyti verður kannað við gerð lánsfjáráætlunar hver fjárþörf sjóðsins er, þannig að tryggt verði að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar. Einnig er rétt að benda á að framlag til Byggingarsjóðs verkamanna er hækkað um 50 m.kr. frá því sem var í fjárlagafrumvörpum sem lögð voru fyrir 101. og 102. löggjafarþing.

Frumvarpið er miðað við upphæðir í gildandi vegáætlun. Hins vegar er áformað að endurskoða vegáætlun og verður ákvörðun tekin um heildarframlög til vegamála í tengslum við gerð lánsfjáráætlunar.

Í þessu frumvarpi felst ákveðin stefnumörkun í málefnum iðnaðarins. Gert er ráð fyrir að 850 m.kr. af innheimtu aðlögunargjaldi renni til iðnaðarins í ár auk þess sem 1 134 m.kr. af jöfnunargjaldi renna til endurgreiðslu söluskatts iðnfyrirtækja.

Framlög vegna niðurgreiðslna á vöruverði nema alls 24,4 milljörðum króna. Í þessari fjárhæð felst að ríkisstjórnin hyggst standa við ákvæði stjórnarsamkomulagsins um að hlutfall niðurgreiðslna í vöruverði haldist óbreytt frá því sem það er nú.

Til útflutningsbóta renna alls 8,4 milljarðar króna en það er sú fjárhæð sem þarf til að standa við ákvæði laga um 10% framlag ríkissjóðs vegna verðábyrgðar landbúnaðarvara.

Við undirbúning fjárlagafrumvarps var frestað að taka afstöðu til tillagna iðnaðarráðuneytisins um hækkun á framlögum til ýmissa orkuframkvæmda, þar á meðal til Rafmagnsveitna ríkisins vegna innanbæjarkerfa, til Kröfluvirkjunar vegna gufuöflunar og til Orkusjóðs vegna styrkingar dreifikerfis og jarðhitaleitar. Allt eru þetta liðir er varða fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980 og verður tekin afstaða til þeirra við undirbúning hennar í ríkisstjórn. Sama gildir um fjárframlag til annarra þátta orkumála, þar á meðal vegna hugsanlegra virkjunarframkvæmda sem nú eru á athugunarstigi.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir, að „ríkissjóður beri kostnað af félagslegum framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins og framkvæmdum, sem þeim er falið að annast". Þessi mál eru nú í sérstakri athugun, en í fjárlagafrumvarpinu er ráð fyrir því gert að greiðslum vegna félagslegra framkvæmda RARIK verði þannig hagað að veittar verði 1 000 m.kr. til að mæta greiðslum af lánum vegna félagslegra framkvæmda fyrirtækisins á fyrri árum.

Við myndun ríkisstjórnarinnar var ákveðið að hækka tekjutryggingu aldraðra og öryrkja um 5% 1. júní n.k. Er framlag til Tryggingastofnunar ríkisins aukið í þessu skyni sem nemur 400 m.kr.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er því lýst yfir að fjárveitingar til menningarmála verði auknar. Er áformað að sú aukning verði í nokkrum áföngum. Framlög til menningarmála samkvæmt þessu frumvarpi aukast um 265 m.kr. miðað við fjárlagafrumvarpið sem lagt var fram í okt. s.l.

Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna hækkar um 1 221 m.kr. miðað við fjárlagafrumvarpið sem lagt var fram í október 1979 en auk þess er lántökuheimild aukin um 500 m.kr. Er þetta stærsta breytingin í hækkunarátt á framlögum til einstakra sjóða og stofnana frá fyrri frumvörpum. Framlög ríkissjóðs til lánasjóðsins hafa vaxið hröðum skrefum undanfarin ár og voru áætluð

í fjárlögum 1977	1 000	m.kr.	og	640	m.kr.	lántaka
í fjárlögum 1978	1 408	—	og	270	—	—
í fjárlögum 1979	2 235	—	og	1 100	—	—
í fjárlagafrv. 1980 (okt. 79)	4 174	—	og	1 200	—	—
í fjárlagafrv. 1980 (des. 79)	4 674	—	og	700	—	—
í fjárlagafrv. 1980 (mars 80)	5 395	—	og	1 700	—	—

Þrátt fyrir þessar miklu hækkanir hafa framlög til lánasjóðsins verið miðuð við óbreyttar forsendur á síðari árum, þ.e. að lánveitingar svöruðu til 85% af umframfjárþörf námsmanna, og er svo enn. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er þó gert ráð fyrir að lögin um lánasjóðinn verði tekin til endurskoðunar með hliðsjón af samkomulagi sem gert var við námsmenn á s.l. vori. Það fól í sér að lánahlutfallið yrði hækkað í þremur áföngum úr 85% í 100% en endurgreiðslum til sjóðsins hraðað frá þeim námsmönnum sem hafa miklar tekjur að loknu námi.

Sú meginbreyting er gerð á afborgunarhlið frumvarpsins að stefnt er að því að draga úr afborgun til Seðlabanka um 5,0 milljarða króna.

6. gr. frumvarpsins er nokkuð breytt frá fyrri frumvörpum fyrir árið 1980, m. a. má nefna að þar er leitað heimildar til þess að lækka ríkisútgjöld um 2,0 milljarða króna á árinu 1980 ef þörf krefur. Auk þess er leitað heimildar til þess að hafna endurráðningu í stöður sem losna hjá stofnunum og fyrirtækjum og með þessum hætti reynt að auka aðhald og eftirlit með starfsmannamálum ríkisins.

Á lánahreyfingum er áætlað innstreymi að fjárhæð 9,7 milljarða króna en útstreymi er aftur á móti 12,4 milljarðar króna. Auk þess er gert ráð fyrir 750 m.kr. nettóútstreymi á viðskiptareikningum.

Lánsfjáröflun vegna A-hluta er að meginstofni til óbreytt frá frumvarpi því er lagt var fyrir 101. þing. Aukið hefur verið við lántökur um 230 m.kr. vegna sérstaks þróunarverkefnis sem allir þingflokkar stóðu að og samþykktu. Lántökur vegna B-hluta eru sömuleiðis lítillega breyttar frá fyrra frumvarpi enda mun lánsfjáröflun vegna orkuframkvæmda og annarra verkefna verða tekin til endurskoðunar við gerð lánsfjáráætlunar.

Vonir standa til að fljótlega verði hægt að leggja fram lánsfjáráætlun en gerð þeirrar áætlunar hefur af eðlilegum ástæðum dregist vegna samningar þessa frumvarps. Þegar fjárfestingar- og lánsfjáráætlun verður lögð fram á Alþingi verður jafnhliða mælt fyrir frumvarpi um erlendar lántökur, ábyrgðarheimildir o. fl. En þar mun sérstaklega verða fjallað um nauðsynlegar breytingar á lögum um hina ýmsu fjárfestingarlánasjóði í samræmi við meginstefnu þessa frumvarps.

YFIRLIT OG SAMANBURÐUR VIÐ FJÁRLÖG 1979

Meginforsendur frumvarpsins

Fjárlagafrumvarpið er fellt að ákveðnum forsendum um þróun launa, verðlags og gengis frá árinu 1979 til ársloka 1980. Í fjárlagafrumvarpi og síðar í fjárlögum fyrir árið 1979 var gert ráð fyrir 7,5% launahækkun 1. desember 1978 sem síðan reyndist 6,12%. Hækkun verðbótavísitölu hinn 1. mars var 6,9% og launatengd gjöld hækkuðu úr 5,5% í 6,5%. Samanvegnar fela þessar tölur í sér 6,5% hækkun en í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1980 er tekið mið af 7,5%, m. a. vegna afnáms vísitöluþaks. Hinn 1. apríl 1979 varð 3% grunnkaupshækkun og verðbótavísitala hækkaði um 9,22% 1. júní, 9,17% 1. sept. og 13,21% 1. des. Laun einstakra stofnana eru sett fram í frumvarpinu á desemberverðlagi 1979, þ. e. a. s. tekið er tillit til raunverulegrar launahækkunar 1. des. s.l. Áætluð launahækkun 1980, sem nemur 11,9 milljörðum króna, er færð á sérstakan lið fjármálaráðuneytis og verður dreift á stofnanir við framkvæmd fjárlaga. Þessi fjárhæð er miðuð við að á árinu 1980 verði launabreytingar í sama mæli og ráðgerðar verðlagsbreytingar samkvæmt stjórnarsáttmálanum, þ. e. 6,67 1. mars, 8,0% 1. júní, 7,0% 1. september og 5,0% 1. desember. Samkvæmt þessu hækka laun að meðaltali um 42% og innlent verðlag að meðaltali um 46,5% milli áranna 1979—1980.

Tekjuáætlun þessa frumvarps er reist á þeim þjóðhagsforsendum sem að framan eru raktar. Áætlanir um helstu stofna óbeinna skatta eru miðaðar við að velta dragist saman um 2% að raungildi frá fyrra ári. Í áætlun um aðflutningsgjöld er gert ráð fyrir 2% samdrætti almenns vöruinnflutnings og að innflutningsverð hækki um 38% í krónum en 8% í erlendri mynt. Þá er reiknað með tollalækkun í ársbyrjun 1980 samkvæmt tollskrárlögum, auk þess sem tollhlutfall er talið lækka nokkuð vegna samdráttar í innflutningi hátollavöru. Að þessu er nánar vikið í greinargerð með tekjuáætlun. Áætlanir um tekjuskatt einstaklinga eru miðaðar við að hin nýju lög um tekju- og eignarskatt, sem koma nú til framkvæmda í fyrsta skipti, skili sömu álagningu og eldri skattalög hefðu gert. Er þá við það miðað að skattvísitala hefði hækkað til jafns við skattskyldar tekjur. Í tekjuáætlun er gert ráð fyrir að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og sjúkratryggingagjald verði hvort tveggja framlengt óbreytt út árið 1980 en þessir skattar gengu úr gildi um s.l. áramót. Þá hefur verið tekið tillit til áorðinna gjaldskrárbreytinga og jafnframt reiknað með að þeir skattar sem fylgja verðlagi hækki í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins. Að öðru leyti er miðað við óbreytt lög og reglur um mikilvægustu skatta og gjöld frá því sem er í ársbyrjun 1980. Nánari grein er fyrir þessu gerð á sérstöku fylgiskjali.

Athygli skal vakin á að rekstrarliðir og tekjur B-hluta fyrirtækja, sem ekki fá rekstrarframlög úr ríkissjóði, eru á því verðlagi sem notað var við tillögugerð. Að venju verður nánar fjallað um fjármál þessara fyrirtækja af fjárveitinganefnd.

Að síðustu er rétt að geta þess að breytingar hafa verið gerðar á framsetningu frumvarpsins frá frumvarpi 1979. Í 1. gr. frumvarpsins er áætluð breyting á stöðu viðskiptareikninga sýnd sem sérstakur liður en ekki sem hluti af lánajöfnuði eins og verið hefur. Er þetta gert í samræmi við bókhaldsreglur. Ný lög um tekju- og eignarskatt tóku gildi í ársbyrjun 1979. Þar af leiðir að ákvæði um skattvísitölu er óþarft og þar með sú grein frumvarpsins. Í greinargerð frumvarpsins eru einnig gerðar minni háttar breytingar. Í greinargerðum frumvarpa undanfar-

inna ára hefur verið sérstakur kafli um ráðuneyti og málefnaflokka. Sú breyting er nú gerð að fjallað er um málefnaflokka hvers ráðuneytis næst á undan almennum athugasemdum um einstaka fjárlagaliði. Í greinargerð um lánahreyfingar er sá háttur nú á hafður að fjalla fyrst um áætlaðar lántökur ríkissjóðs og síðan um útstreymi á lánahreyfingum. Þá má nefna að framsetning á töflu 8 í töfluyfirliti er nú breytt þannig að flokkum opinberra framkvæmda er fjölgað úr þremur meginflokkum í fjóra. Sem áður er sýnd fjármögnun framkvæmda.

Gjaldahlið

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi eru 334 473 m.kr. og er hækkun um 132 187 m.kr. frá fjárlögum 1979 eða 65,3%. Af heildarhækkun útgjalda nemur hækkun markaðra tekjustofna 11 832 m.kr. eða 48,2%. Hækkun að frátöldum mörkuðum tekjustofnum verður þannig 120 356 m.kr. eða 67,7% eins og sést af eftirfarandi yfirliti.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Útgjöld á rekstrarreikningi	202 286	334 473	132 187	65,3
Þar af markaðir tekjustofnar	24 542	36 373	11 831	48,2
Útgjöld án markaðra tekjustofna	177 744	298 100	120 356	67,7

Forsendur frumvarpsins fela m. a. í sér að framlög til helstu fjárfestingarlánasjóða eru skert eins og áður er greint frá. Þessi lækkun nær einnig til sjóða sem hafa markaða tekjustofna og nemur sú lækkun 4 714 m.kr., sbr. töfluyfirlit 9 og 10. Í greinargerðinni að neðan um fjárfestingarlánasjóði er sýnd breyting á framlögum til fjárfestingarlánasjóða frá því sem ráð var fyrir gert í frumvarpi því er lagt var fyrir 101. þing. Lækkun þessi skýrist þannig að markaðir tekjustofnar byggingarsjóðs ríkisins af launaskatti lækka um 3 659 m.kr., af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum um 136 m.kr. Markaðar tekjur Vegagerðar ríkisins af bifreiðaskatti eru skertar um 518 m.kr. Ennfremur er markaður tekjustofn erfðafjársjóðs, þ. e. erfðafjárskattur, lækkaður um 373 m.kr. og stofn félagsheimilasjóðs, skemmtanaskattur, um 28 m.kr. Þá skal þess getið að hvorki er gert ráð fyrir mörkuðum tekjum til styrktarsjóðs vangefinna né framlagi þar sem hlutverk sjóðsins hefur verið fellt undir verksvið framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra, sbr. athugasemd um þann sjóð.

Yfirlit það sem fer hér á eftir sýnir skiptingu ríkisútgjalda á helstu gjaldategundir ásamt samanburði við fjárlög 1979. Á eftir töflunni fylgja skýringar á helstu orsökum útgjaldahækkunarinnar.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun	
Rekstrarliðir og rekstrartilfærslur:	m.kr.	m.kr.	m.kr.	%
Laun	53 872	95 525	41 653	77,3
Önnur rekstrargjöld	14 010	21 486	7 476	53,3
Viðhald	5 278	8 144	2 866	54,3
Vextir	6 946	16 032	9 086	130,8
Almannatryggingar	47 903	86 536	38 633	80,6
Niðurgreiðslur	18 902	24 400	5 498	29,1
Útflutningsbætur	5 337	8 400	3 063	57,4
Olíustyrkur	910	—	÷910	—
Aðrar rekstrartilfærslur	14 682	24 933	10 251	69,8
Samtals	167 840	285 456	117 616	70,1
Frá dregst: Sértekjur	4 000	6 157	2 157	53,9
Mismunur	163 840	279 299	115 459	70,5
Framkvæmdaframlög:				
Hreinar ríkisframkvæmdir	11 073	19 702	8 629	77,9
Framkv. kostaðar af fleiri aðilum	8 724	11 481	2 757	31,6
Fjárf.styrkir til sveitarfélaga	1 255	1 665	410	32,7
Fjárf.styrkir til einstaklinga	301	212	÷89	•
Framlög til fjárfestingarsjóða	11 648	15 170	3 522	30,2
Framlög til lánagreiðslna	5 445	6 944	1 499	27,5
Samtals	38 446	55 174	16 728	43,5
Heildarútgjöld í A-hluta	202 286	334 473	132 187	65,3

Laun. Laun hækka í heild um 41 653 m.kr. eða 77,3% og nema alls 95 525 m.kr. Launaáætlun fjárlaga ársins 1979 var byggð á forsendum um laun eins og þau voru talin í árslok 1978. Þar var því hvorki áætlað fyrir grunnkaupshækkunum né verðbótum á laun á árinu 1979. Laun í áætluninni fyrir 1980 eru hins vegar miðuð við ákveðinn launaferil til ársloka 1980.

Á þetta við um launalið A-hluta fjárlaga, en ekki B-hluta, eins og áður er að vikið. Framsetning launa í áætluninni er með þeim hætti að öll útgjöld vegna áætlaðra launahækkana á árinu 1980 eru sett á tiltekinn lið 09-989 undir fjármálaráðuneytinu. Þessi launaþáttur nemur alls 11 900 m.kr. og felur í sér launahækkanir á árinu 1980 eins og getið var í meginforsendum um frumvarpið.

Að frátalinni áætlaðri hækkun launa á árinu 1980 nemur launaþátturinn 83 625 m.kr. Skiptist sú upphæð á einstakar stofnanir og eru laun þeirra sett fram á því launastigi sem gilti í des./jan. s. l.

Hækkun launa frá fjárlögum 1979 til frumvarps 1980 skal nú skýrð. Laun fjárlaga 1979 námu alls 53 872 m.kr. en eru í frumvarpinu 83 625 m.kr. að frátalinni launahækkun sem bundin er við árið 1980. Hækkunin er 55,2% og eru ýmis atriði þar til skýringar. Hækkun launa frá fjárlögum 1979 til mars 1979, þ. e. þess verðlags launa sem stofnanir og ráðuneyti gerðu tillögur á, er um 7,5%. Þessi hækkun á sér nokkrar orsakir, þ. e. 6,9% hækkun verðbótavísitölu 1. mars, hækkun launatengdra gjalda úr 5,5% af öllum launum í 6,5%, og launahækkunin 1. des. 1978 reyndist 6,12% í stað 7,5% eins og áætlað var í fjárlögum, auk áhrifa afnáms vísitöluþaks á laun 1. janúar 1979. Eftirtaldar almennar launahækkanir urðu á árinu 1979: 3% grunnkaupshækkun 1. apríl fyrir launþega BSRB, 9,22% hækkun verðbótavísitölu 1. júní, 9,17% 1. september, og 13,21% hækkun 1. desember 1979. Sam-

tals má því rekja um 49,5% hækkunarinnar til taxtabreytinga. Frá síðustu fjárlögum hafa bæst við nýjar stofnanir, ný verkefni og fjölgun starfsliðs á stofnunum. Þessi þáttur skýrir um 2 150 m.kr. eða 4,0% hækkunarinnar. Í þessu tilliti vegur þyngst Vegagerð ríkisins en launaliður þeirrar stofnunar hækkar um 700 m.kr. umfram almennar taxtabreytingar og er það í samræmi við vegáætlun. Í annan stað má nefna verkefni eins og eftirlaunasjóð aldraðra 726 m.kr., nýjar stöður á ríkisspítölum 385 m.kr. og ýmsir smærri liðir um 399 m.kr., s.s. embætti ríkissáttasemjara, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, hækkun launa sendiráða vegna gengisbreytinga o. fl.

Ýmis önnur atriði hafa leitt til launahækkana, t. d. breyting á flokkaskipan heilbrigðisstétta, umtalsverð flokkahækkun kennara um mitt ár 1979 og flokkahækkanir annarra starfsmanna ríkisins auk Sóknarsamninga. Alls skýra áhrif þessara þátta um 1,6% af heildarlaunahækkuninni.

Athygli er vakin á að í fjárveitingum til ríkisspítalanna eru yfirvinnu- og álagsgreiðslum settar skorður sem fela í sér allnokkurt aðhald. Sama má segja um löggæslukostnað. Þar er stefnt að því að yfirvinna við löggæslu aukist ekki frá því sem áætlað var í fjárlögum fyrir árið 1979, en þá var stefnt að samdrætti í yfirvinnu hjá löggæslunni. Hliðstæðu máli gegnir um launakostnað við grunnskóla. Þar hefur verið dregið úr launagreiðslum, bæði með takmörkun yfirvinnu og fækkun kennslustunda í grunnskólum, og er það í samræmi við markaða stefnu fjármála- og menntamálaráðherra á árinu 1979.

Önnur rekstrargjöld. Þessi liður hækkar um 7 476 m.kr. eða 53,3%. Að frátalinni sérstakri fjárhæð alls 700 m.kr. vegna gengisbreytinga o. fl. er hækkunin um 48,4%. Ekki verður talað um eðlilega verðlagsbreytingu á þessum lið vegna mjög mismunandi verðbreytinga á rekstrargjöldum. Vegur þar þyngst mikil hækkun á orkuliðnum. Í frumvarpinu hefur verið leitast við að áætla útgjöld með hliðsjón af verðbreytingum stærstu rekstrargjaldaliða, því er algengt að rekstrargjöld hækki á bilinu 42—48% frá fjárlögum.

Viðhald. Hækkun viðhaldsliðar er 2 866 m.kr. eða 54,3%. Almenn forsenda um hækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá meðaltali 1979—1980 er hins vegar um 45%. Viðhaldsliður Vegagerðar ríkisins nemur 5 870 m.kr. eða 72% alls viðhalds og hækkar það um 2 170 m.kr. eða 58,6%. Viðhald til annarra verkefna hækkar því um 696 m.kr. eða tæp 45%. Stefna frumvarpsins í viðhaldsmálum er að auka viðhald þar sem fasteignir liggja undir skemmdum vegna skorts á viðhaldi utanhúss.

Vextir. Alls eru vaxtagreiðslur áætlaðar 16 032 m.kr. og er það 9 086 m.kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum 1979. Vextir af lánum í Seðlabanka hækka um 4 504 m.kr. en áætlað er að vextir af öðrum lánum hækki um 4 582 m.kr. Alls eru vaxtagreiðslur til Seðlabankans á árinu 1980 áætlaðar 8 000 m.kr. Að lántöku og vaxtamálum ríkissjóðs er vikið nánar síðar í greinargerðinni.

Almannatryggingar. Framlög til almannatrygginga hækka um 38 633 m.kr. eða 80,6%. Hér er reiknað með verðlagsbreytingu frá áramótum 1978/1979 til meðalverðlags 1980. Útgjöld vegna lífeyristrygginga hækka samtals um 17 831 m.kr. eða 71,5%. Aftur á móti hækka útgjöld sjúkratrygginga um 21 455 m.kr. eða 100,3% sem er umfram verðlagsbreytingar. Ýmsir þættir skýra þessa miklu hækkun sjúkratryggingarnna, svo sem mikil hækkun lyfjakostnaðar, hækkun vistgjalda, áætluð halladaggjöld o. fl. Að lokum má geta þess að iðgjöld atvinnurekenda til slysatrygginga lækka um 653 m.kr. Að öðru leyti vísast til athugasemda um einstaka liði almannatrygginga síðar í þessari greinargerð.

Niðurgreiðslur. Á þessum útgjaldalið verður 5 498 m.kr. hækkun eða 29,1% og verður liðurinn alls 24 400 m.kr. Áætluð útgjöld 1980 miðað við niðurgreiðslur um áramót 1979/80 nema 20 090 m.kr. en 3 120 m.kr. renna til þess að auka niðurgreiðslur

á árinu 1980. Að lokum er þess að geta að framlag til lífeyrissjóðs bænda nemur 1 190 m.kr. Til frekari skýringa um þennan lið vísast til almennra athugasemda með frumvarpinu.

Útflutningsbætur. Áætlaðar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir nema alls 8 400 m.kr. og hækka því um 3 063 m.kr. eða 57,4% frá fjárlögum 1979. Er þá miðað við fullnýtingu verðábyrgðar ríkissjóðs á árinu sem er 10% af framleiðsluverðmæti landbúnaðarvara samkvæmt mati Hagstofu Íslands.

Olíustyrkur. Í frumvarpi þessu er ekki áætlað fyrir útgjöldum vegna olíustyrks en sú fjárhæð nam í fjárlögum fyrir árið 1979 910 m.kr. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarp þetta mun Alþingi fjalla sérstaklega um þetta mál.

Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur. Þessi liður útgjalda hækkar um 10 251 m.kr. eða 69,8%. Til glöggvunar eru í eftirfarandi yfirliti sýndir stærstu liðir og samanburður gerður við fjárlög 1979.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Lánasjóður ísl. námsmanna	2 235	5 395	3 160	141,3
Þjóðleikhúsið	584	856	272	46,5
Aflatryggingasjóður	480	501	21	4,3
Ríkisábyrgðasjóður	660	700	40	6,0
Strandferðir, framlög	890	1 175	285	32,0
Flugmálastjórn	1 969	2 591	622	31,6
Verðjöfnunargjald af raforku	1 210	3 875	2 665	220,2
Annað	6 654	9 840	3 186	47,9
Samtals	14 682	24 933	10 251	69,8

Framkvæmdaframlög. Framlög í A-hluta hækka í heild um 16 728 m.kr. og er það 43,5% hækkun frá fjárlögum. Hækkun framlaga til hreinna ríkisframkvæmda er alls 8 629 m.kr. eða 77,9%, þar af 6 434 m.kr. vegna vegagerðar. Hækkun annarra ríkisframkvæmda er því 2 195 m.kr. Framkvæmdir kostaðar af ríki og fleiri aðilum aukast um 2 757 m.kr. eða 31,62%. Í hækkuninni vega þyngst framlög til grunnskóla og sjúkrahúsa og nemur hækkun þeirra liða 896 m.kr. en annarra liða um 1 861 m.kr. Samtals hækka því framlög til verklegra framkvæmda um 11 386 m.kr. eða 57,5%. Það er nokkru umfram hækkun byggingarvísitölu frá gerð síðustu fjárlaga og jafnframt umfram verðlagsforsendu frumvarpsins. Miðað við verðlagsforsendu frumvarpsins, þ. e. 45% hækkun verðlags milli ára 1979 og 1980, er magnaukning í verklegum framkvæmdum um 8,6% en að vegagerð frádreginni er um 6,9% magnminnkun að ræða. Á liðnum fjárfestingarstyrkir til sveitarfélaga verður 410 m.kr. hækkun eða 32,7% og er sú hækkun vegna framlaga til vegamála, þ. e. a. s. í kaupstöðum og kauptúnum. Aðrir liðir þessa flokks hækka ekki. Framlag í formi styrkja til einstaklinga og samtaka lækka um 89 m.kr. og skýrist sú lækkun í megindráttum af því að framlög til styrktarsjóðs fatlaðra og styrktarsjóðs vangefinna hafa verið felld niður en verkefni þessara sjóða falla nú undir framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra. Framlög til fjárfestingarlánasjóða hækka um 3 453 m.kr. eða 29,6%. Framlög til fjárfestingarlánasjóða í fjárlögum 1979 námu alls 11 648 m.kr. Við afgreiðslu lánsfjáráætlunar með lögum nr. 20/1979 voru jafnframt framlög til nokkurra helstu fjárfestingarlánasjóða hækkuð þannig að heildarframlag 1979 var áætlað 12 319 m.kr. Í þessu frumvarpi er framlag til sjóðanna alls 15 101 m.kr. en það er hækkun um 3 453 m.kr. eða 29,6% frá fjárlögum 1979 og 2 782 m.kr. eða 22,6% frá endanlegri afgreiðslu.

Í þessu frumvarpi nema framlög til fjárfestingarlánasjóða alls 15 170 m.kr. en það er 1 729 m.kr. lægri fjárhæð en stefnt var að í frumvarpi því er lagt var fyrir 101. þing.

Í eftirfarandi yfirliti er breyting á framlögum til fjárfestingarlánasjóða frá frumvarpi 101. þings.

	Frumvarp 101. þings m.kr.	Frumvarp m.kr.
Byggingarsjóður ríkisins	8 950,5	7 065,5
Fiskveiðasjóður	1 617,0	1 236,0
Stofnlánadeild landbúnaðarins	913,7	721,7
Byggingarsjóður verkamanna	382,5	432,5
Erfðafjársjóður	327,2	327,3
Lánasjóður sveitarfélaga	261,8	201,8
Bjargráðasjóður	158,1	125,1
Iðnlánasjóður	369,9	300,0
Iðnrekstrarsjóður	118,5	100,0
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	31,0	25,0
Ferðamálasjóður	34,0	27,0
Jarðasjóður	10,6	33,3
Aðlögunargjald	—	850,0
Aðrir sjóðir	3 724,6	3 724,6
Alls	16 899,4	15 169,8

Um skýringar við framlög til einstakra sjóða vísast til almennra athugasemda frumvarpsins hér á eftir.

Framlög til lánagreiðslna og endurlána hækka um 1 499 m.kr. eða 27,5%. Hækkunin skýrist í megindráttum af auknum fjármagnsútgjöldum vegna Kröfluvirkjunar 1 520 m.kr. og framlagi til jarðhitaleitarlána 250 m.kr. Á móti þessu er nú ekkert framlag til Orkusjóðs vegna lánveitinga til hitaveituframkvæmda en það nam 330 m.kr. í fjárlögum 1979. Fjár til þessa verkefnis er aflað með lántökum eins og fram kemur í greinargerð um lánsfjáröflun ríkissjóðs. Framlög til annarra lánagreiðslna hækka því um 59 m.kr.

Í yfirliti 7 er nánari sundurliðun á framkvæmdaframlögum.

Tekjuhlið

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1980 er gerð í Þjóðhagsstofnun og er annars vegar reist á forsendum þjóðhagsspár, sem getið er hér að framan, en hins vegar á bráðabirgðauppgjöri um tekjur ríkissjóðs á árinu 1979.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1980 eru áætlaðar samtals 340 milljarðar króna samanborið við 238,7 milljarða 1979 og 209,0 milljarða í fjárlögum ársins 1979. Samkvæmt tekjuáætluninni aukast heildartekjur ríkissjóðs um 101,3 milljarða króna eða um 42% en frá fjárlögum 1979 nemur aukningin 131 milljarði eða 63%.

	Fjárlög 1979 m.kr.	Bráðabirgða-uppgjör 1979 m.kr.	Fjárlagafrv. 1980 m.kr.
Almennar tekjur	183 603	208 872	298 870
Markaðar tekjur	25 348	29 817	41 088
Heildartekjur	208 951	238 689	339 958

Eignarskattar. Álagður eignarskattur einstaklinga nam 2 103 m.kr. á árinu 1979 og eignarskattur félaga nam 2 617 m.kr. Álagningin hefur því alls numið 4 720 m.kr. Þetta eru nokkru hærri álagningartölur en reiknað var með í tekjuáætlun fjárlaga 1979 og hið sama á við um innheimtutölur. Heildarinnheimta er nú talin hafa numið um 4 800 m.kr. að meðtöldum eignarskattsauka, sem lagður var á haustið 1978 samkvæmt lögum nr. 121/1978, en hann var að hálfu innheimtur á fyrstu tveimur mánuðum ársins 1979. Eignarskattsaukinn, sem nam 50% af álögðum eignarskatti einstaklinga 1978 og 100% af eignarskatti félaga, var einvörðungu bundinn við árið 1978. Á hinn bóginn var eignarskattur hækkaður með lögum nr. 119/1978 þannig að skatthlutfall eignarskatts einstaklinga var hækkað úr 0,8% í 1,2% af skattgjaldseign og eignarskattshlutfall félaga úr 0,8% í 1,6%, og var þessi hækkun talin koma í stað hins tímabundna eignarskattsauka. Skattfrjáls eign einstaklinga var á hinn bóginn hækkuð um 42,5% í samræmi við hækkun fasteignamats en jafnframt voru með lögum tekin upp ný ákvæði um lækkun eignarskatts hjá lífeyrisþegum og hjá tekjulágum gjaldendum. Sem fyrr segir nam álagður eignarskattur einstaklinga 2 103 m.kr. 1979, en á árinu 1978 nam álagning 898 m.kr. og álagður eignarskattsauki nam 444 m.kr. þannig að samtals námu álagðir eignarskattar einstaklinga 1 342 m.kr. á árinu 1978. Álagningin hefur því hækkað um 57% í heild en að frátöldum eignarskattsaukanum er hækkunin 134%. Gjaldendur voru um 15 800 1979 samanborið við 15 300 árið áður og fjölgaði því um 3%. Að frátalinni fjölgun gjaldenda hefur álagður eignarskattur einstaklinga því hækkað um 52%. Álagður eignarskattur félaga nam 917 m.kr. á árinu 1978, eignarskattsauki nam 912 m.kr. og samtals var álagningin 1 829 m.kr. Álagningin nam 2 617 m.kr. á árinu 1979 og hafði því hækkað um 43% frá fyrra ári, en að frátöldum eignarskattsaukanum er hækkunin 185%.

Áætlanir um innheimtu eignarskatta á árinu 1980 eru í þessu frv. óbreyttar frá fjárlagafrumvarpi því sem lagt var fram á 101. löggjafarþingi. Þessar áætlanir voru gerðar á s. l. hausti, miðaðar við eldri skattalög og þáverandi áætlanir um hækkun eignastofns. Ákvarðanir um skattfrjálsa eign hafa enn ekki verið teknar og því ekki tímabært að breyta áætlunartölum, en miða við þær enn um sinn meðan álagningarreglur hafa ekki verið fullmótaðar. Er hér gert ráð fyrir að heildarinnheimta eignarskatts einstaklinga verði 2 438 m.kr., eignarskatts félaga 3 336 m.kr. en byggingarsjóðsgjald verði 56 m.kr.

Með lögum nr. 112/1978 var ákveðið að lagður skyldi sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á árinu 1979. Í tekjuáætlun er gert ráð fyrir að ákvæði þessara laga verði framlengd óbreytt fyrir árið 1980. Álagður skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði nam 1 016 m.kr. á árinu 1979 og er innheimta þessa skatts nú áætluð hafa numið um 750 m.kr. Áætlað er að álagning þessa skatts gæti orðið um 1 500 m.kr. á árinu 1980 og innheimta 1 300 m.kr.

Tekjuskattar. Álagður tekjuskattur einstaklinga 1979, þ. e. áður en barnabætur og afsláttur til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds hefur verið dreginn frá, var 39 100 m.kr. Barnabætur voru um 8 300 m.kr., afsláttur til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds nam 1 600 m.kr. og því var nettóálagning tekjuskatts einstaklinga um 29 200 m.kr. Að meðtöldum eftirstöðvum fyrri ára, innheimtu sérstaks tekjuskatts árið 1979 skv. IV. kafla laga um kjaramál nr. 121/1978 og að frátöldum barnabótum og greiðslu upp í útsvar og sjúkratryggingagjald er áætlað að innheimtur tekjuskattur einstaklinga hafi numið um 25 500 m.kr. á árinu 1979 að meðtöldu byggingarsjóðsgjaldi. Þetta er 2 400 m.kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun. Ástæðan er einkum sú að tekjur einstaklinga jukust talsvert meira 1978 en reiknað var með við gerð fjárlaga, en jafnframt virðist ljóst að innheimtuhlutfall þinggjalda hafi hækkað um 2% á s. l. ári.

Hin nýju lög um tekju- og eignarskatt koma í fyrsta sinn til framkvæmda við álagningu á árinu 1980. Í áætlun fyrir árið 1980 er reiknað með að skattstigi og

skatthlutföll í hinum nýju lögum verði ákveðin þannig að lögin skili sömu heildarálagningu og gömlu lögin hefðu gert. Er þá reiknað með að tekjuskattur einstaklinga hækki hlutfallslega með tekjubreytingum milli áranna 1978 og 1979, þ. e. að skatturinn verði óbreyttur sem hlutfall af þeim tekjum sem hann er lagður á.

Áætlunin um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1980 er einkum reist á mati á breytingum kauptaxta og tekna á árinu 1979. Er talið að tekjur einstaklinga til skatts hafi hækkað um 48% milli áranna 1978 og 1979 að meðtalinni fjölgun framteljenda. Samkvæmt þessu er áætlað að álagður tekjuskattur einstaklinga á árinu 1980 verði um 58 000 m.kr. en um 43 500 m.kr. að frádregnum barnabótum og persónuafslætti til greiðslu útsvars og sjúkratryggingagjalds. Miðað við svipaðar forsendur um innheimtu og á árinu 1979 er innheimta tekjuskatts einstaklinga 1980 áætluð 38 200 m.kr. og hefur þá verið tekið tillit til áætlaðra eftirstöðva um s. l. áramót.

Álagt sjúkratryggingagjald 1979 var 5 250 m.kr. og er það nokkru hærri fjárhæð en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Áætlað er að innheimta gjaldsins hafi numið 4 900 m.kr. samanborið við 4 350 m.kr. á fjárlögum. Við áætlun um sjúkratryggingagjald á árinu 1980 er gert ráð fyrir að gjaldið verði óbreytt og jafnframt er miðað við sömu forsendur um tekjubreytingar milli áranna 1978 og 1979 og gert er við tekjuskattsáætlun. Samkvæmt því er talið að álagning sjúkratryggingagjalds nemi 7 800 m.kr. 1980. Miðað við svipaðar innheimtuforsendur og á árinu 1979 og að teknu tilliti til innheimtu áætlaðra eftirstöðva í árslok er innheimt sjúkratryggingagjald talið verða 7 200 m.kr. á árinu 1980.

Álagður tekjuskattur félaga nam 7 450 m.kr. á árinu 1979 en í fjárlagaáætlun var reiknað með 8 600 m.kr. álagningu. Áætlanir um tekjuskatt félaga hafa jafnan verið óráðnastar áætlana um beina skatta, einkum vegna óvissu um afkomu fyrirtækja á líðandi stund. Auk þess var fjárlagaáætlunin 1979 einkar óviss þar sem veigamiklar breytingar voru gerðar á skattlagningu fyrirtækja fyrir afgreiðslu fjárlaga og forsendur áætlunarinnar því óvenju óljósar. Innheimta tekjuskatts félaga 1979 er áætluð hafa numið 7 500 m.kr. að meðtalinni innheimtu af álögðum sérstökum skatti á tekjur og fyrningar eigna í atvinnurekstri skv. 10. gr. laga nr. 121/1978. Í áætlun fyrir árið 1980 er reiknað með að álagning tekjuskatts félaga aukist svipað og nemur áætlaðri almennri veltubreytingu milli áranna 1978 og 1979. Er hér reiknað með að álagður tekjuskattur félaga 1980 verði 10 800 m.kr. og að innheimta skattsins nemi 10 000 m.kr. að innheimtu eftirstöðva meðtalinni. Innheimt byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga og félaga er áætlað 623 m.kr. á árinu 1980.

Áhersla skal á það lögð að þær áætlanir sem hér hefur verið getið um tekju- og eignarskatta eru ekki reistar á grunni nýju skattalaganna; hér er um að ræða viðmiðunartölur gerðar á grundvelli eldri laga og í þeim felst því ekki mat á álagningarreglum hinna nýju laga.

Gjöld af innflutningi. Almennar tolltekjur ríkissjóðs urðu um 33 000 m.kr. á árinu 1979 og var það um 3 700 m.kr. meira en í fjárlagaáætlun. Sú áætlun var hins vegar miðuð við verðlag og gengi í árslok 1978 og í áætlunum, sem gerðar voru fyrir mitt ár 1979, var reiknað með um 5 700 m.kr. meiri tolltekjum en í fjárlögum. Innflutningur reyndist á hinn bóginn minni en reiknað var með fyrri hluta ársins og tollhlutfall lækkaði mun meira en búist var við.

Í áætlun fyrir árið 1980 er nú gert ráð fyrir að almennur vöruinnflutningur dragist saman um 2% að raungildi frá s. l. ári. Reiknað er með að erlent verð innflutnings annars en olíu hækki um 8% en í krónum hækki innflutningsverðið um 38% að meðaltali frá s. l. ári. Í áætlunum fyrir árið 1979 var reiknað með að heldur drægi úr kaupum hátollavöru eftir mikinn innflutning árin 1977 og 1978 en jafnframt var reiknað með lækkun tolltekna vegna tollskrárbreytingar í ársbyrjun 1979. Þannig var gert ráð fyrir að tollhlutfall almenns vöruinnflutnings annars en bíla og olíu yrði 11,2% á árinu 1979 eða 1,6% lægra en árið 1978, og var þessi áætlun

einkum byggð á reynslu fyrri ára af breytingum tolltekna í kjölfar breytinga á tollskrá. Eðli málsins samkvæmt hafa þessar áætlanir verið afar ótryggar þar sem lítið hefur verið vitað um breytingar á samsetningu innflutnings, en áætlanirnar höfðu þó gefist sæmilega fyrir árin 1977 og 1978. Tollhlutfallið 1979 reyndist hins vegar mun lægra en áætlað hafði verið eða 9,5% þannig að ætla má að hvort tveggja hafi átt sér stað, að áhrif tollalækkunarinnar í ársbyrjun 1979 hafi verið vanmetin og að mjög hafi dregið úr kaupum hátollavöru. Tollhlutfall almenns vöruinnflutnings annars en bíla og olíu hefur þannig lækkað úr 12,8% 1978 í 9,5% 1979 eða um 3,3%.

Í áætlun fyrir árið 1980 verður enn að gera ráð fyrir lækkun tollhlutfallsins, bæði vegna tollalækkunar í ársbyrjun og þar sem ætla verður að rýrnun kaupmáttar valdi samdrætti í innflutningi hátollavöru. Er reiknað með að tollhlutfallið lækki um 2% í 7,5%. Veldur það rösklega 5 000 m.kr. tekjutapi en þar af er lauslega áætlað að 4 000 m.kr. séu vegna lækkunar samkvæmt tollskrárlögum. Áætlanir um tolla af bílum eru miðaðar við innflutning 7 000 bíla á árinu 1980 og er þá höfð hliðsjón af miklum innflutningi í fyrra (7 955 bílar) og af forsendum um samdrátt innflutningsmagns, einkum á hátollavörum. Tollur af bensíni jókst mjög á s. l. ári vegna innflutningsverðhækkunar og er talinn hafa orðið um 5 800 m.kr. Í áætlun fyrir árið 1980 er reiknað með svipuðum bensíninnflutningi og á s. l. ári og að bensínverð í innflutningi verði svipað og á síðasta fjórðungi ársins 1979. Þessi verðforsenda er að sjálfsögðu afar óviss en samkvæmt þessu er bensíntollur áætlaður 8 400 m.kr. á árinu 1980.

Samkvæmt þessum forsendum eru tolltekjur ríkissjóðs áætlaðar um 39 300 m.kr. á árinu 1980 og er það um 19% aukning frá árinu 1979.

Innflutningsgjald af bensíni varð 7 264 m.kr. á árinu 1979. Bensínsala 1979 varð töluvert minni en reiknað var með í fjárlögum en bensínsalan tímabilið nóvember 1978 til október 1979, sem skiladi sér í innheimtu 1979, varð um 119,2 milljónir lítra eða 2% minni en árið áður. Í áætlun fyrir árið 1980 er reiknað með rúmum 120 milljónum lítra en í því felst tæplega 1% aukning milli áranna 1979 og 1980 en um 1% minnkun milli áranna 1978 og 1980. Gangi þessar áætlanir eftir er hér um að ræða töluverðan samdrátt í meðalbensíneyðslu bíla, en það skýrist án efa að miklum hluta af aukinni notkun og innflutningi eyðslugrannra smábíla. Þá er áætlað að bensíngjald hækki í samræmi við verðlagsforsendur frumvarpsins og er reiknað með hækkun í byrjun 2. ársfjórðungs og á miðju ári með byggingarvísitölu. Á þessum forsendum er áætlað að tekjur af bensíngjaldi verði 11 000 m.kr. á árinu 1980. Gúmmígjald er áætlað 75 m.kr. á árinu 1980.

Innflutningsgjald af bifreiðum varð 4 900 m.kr. á árinu 1979 en í fjárlagaáætlun var gert ráð fyrir 4 300 m.kr. innheimtu. Bílainnflutningur hefur verið mjög breytilegur frá ári til árs. Árin 1972—1974 voru að meðaltali fluttir inn 8 400 bílar á ári en síðan dró mjög úr bílainnflutningi. Á árinu 1975 voru fluttir inn 3 350 bílar og 2 755 bílar 1976. Sl. þrjú ár hafa bílakaup aukist mikið á ný og voru 7 558 bílar fluttir inn árið 1977, 8 600 árið 1978 og 7 955 bílar árið 1979. Í áætlun fyrir 1980 er gert ráð fyrir að inn verði fluttir 7 000 bílar og að óbreyttum reglum og með tilliti til verðbreytinga er innflutningsgjaldið talið nema 6 000 m.kr. á árinu 1980.

Af öðrum aðflutningsgjöldum má nefna að gjald af gas- og brennsluolíu er áætlað 625 m.kr. á þessu ári eða 75 m.kr. minna en 1979. Gjaldið er fast í krónutölu pr. kg gasolíu og brennsluolíu og reiknað er með að heldur dragi úr þeim olíuinnflutningi á þessu ári. Jöfnunargjald á innfluttar iðnaðarvörur og aðlögunargjald, sem tekið var upp með lögum nr. 58/1979, skiluðu 2 119 m.kr. á árinu 1979. Á árinu 1980 er áætlað að tekjur af jöfnunargjaldi og aðlögunargjaldi nemi 3 680 m.kr.

Gjöld af innflutningi á árinu 1980 eru í heild áætluð tæplega 61 000 m.kr. samanborið við 48 300 m.kr. 1979 og er það 26% aukning. Þar sem 1 134 m.kr. til

endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts o. fl. eru færðar sem frádráttarliður á móti tekjum af jöfnunargjaldi verður færsla heildartekna af innflutningi þessum mun lægri eða 59 845 m.kr.

Skattar af framleiðslu. Heildartekjur af þessum gjöldum námu 15 365 m.kr. á árinu 1979 samanborið við 13 715 m.kr. í fjárlagaáætlun. Með bráðabirgðalögum nr. 74/1979 var sérstöku vörugjaldi breytt þannig að lægri gjaldflokkur vörugjaldsins var hækkaður úr 18% í 24% en jafnframt var gjaldið fellt niður af nokkrum vöruflokkum. Þessi breyting er talin hafa skilað 1 000 m.kr. tekjuauka á árinu og í heild námu tekjur af gjaldinu 14 600 m. kr. á árinu 1979. Í áætlun fyrir árið 1980 er sérstakt vörugjald talið verða 23 740 m.kr. en þar af eru um 4 000 m.kr. vegna breytingar gjaldsins í september.

Tekjur af hinu eldra vörugjaldi námu 438 m.kr. 1979 og eru áætlaðar 435 m.kr. á árinu 1980. Er þá miðað við að gjaldskrá haldist óbreytt.

Tekjur ríkissjóðs af álgjaldi námu 329 m.kr. á árinu 1979. Í áætlun fyrir árið 1980 er miðað við 77 þús. tonna framleiðslu, lágmarksgjald $20 pr. tonn og óbreytta skiptingu gjaldsins milli viðtakenda. Samkvæmt þessu eru tekjur ríkissjóðs af álgjaldi áætlaðar 430 m.kr. á árinu 1980.

Skattar af seldri vöru og þjónustu. Í fjárlögum ársins 1979 voru heildartekjur undir þessum lið áætlaðar 97 866 m.kr. en reyndust 111 547 m.kr. eða 14% umfram fjárlagatöluna. Tekjur af söluskatti urðu 73 374 m.kr. samanborið við 61 400 m.kr. í fjárlögum. Þetta stafar annars vegar af verðlagsbreytingum umfram forsendur fjárlaga, sem miðuðust við verðlag í árslok 1978, og hins vegar af hækkun söluskatts úr 20% í 22% samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 73/1979, en sú hækkun er talin hafa skilað ríkissjóði 1 700 m.kr. á árinu 1979. Áætlunin um söluskatt 1980 ræðst af þeim forsendum um kauplag, verðlag og þjóðarútgjöld sem áður var getið. Á þessum forsendum er innheimtustofn söluskatts talinn aukast um 44—45% frá s.l. ári. Innheimtur söluskattur er áætlaður 114 000 m.kr. en þar af stafa röskar 10 000 m.kr. af hækkun skattsins í september sl. Söluskatturinn verður samkvæmt áætluninni 33½% af heildartekjum ríkissjóðs en varð um 31% heildartekna á árinu 1979. Hér er eingöngu um að ræða hlut ríkissjóðs í hinu almenna 20% sölugjaldi auk 2% söluskattsaukans sem er óskiptur. Hlutur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 8% af almenna sölugjaldinu, er ekki meðtalinn, en hann er talinn verða 8 940 m.kr. og hefur hækkun almenna sölugjaldsins úr 18% í 20% þá aukið tekjur Jöfnunarsjóðs um 900 m.kr.

Launaskattur nam 12 000 m.kr. á árinu 1979 eða 1 160 m.kr. umfram fjárlagaáætlun. Miðað við launaforsendur þessa frumvarps, sem áður er frá greint, er launaskattur áætlaður 17 300 m.kr. 1980.

Iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga eru í heild áætluð 8 334 m.kr. á árinu 1980 og er það 2 211 m.kr. eða 36% meira en í fjárlögum 1979.

Rekstrarhagnaður ÁTVR var áætlaður 18 200 m.kr. í fjárlögum ársins 1979 og var þá gert ráð fyrir nokkurri verðhækkun um mitt ár. Spár um hagnaðinn á sl. ári virðast hafa gengið allvel eftir. Á miðju ári var útsöluverð hækkað um svipað hlutfall að meðaltali og reiknað hafði verið með við samþykkt fjárlaga, en auk þess var útsöluverð hækkað í desember og tóbaksverð sérstaklega í nóvember 1979. Tekjur ríkissjóðs af sölu áfengis og tóbaks eru áætlaðar 24 000 m.kr. á árinu 1980 og er þá miðað við að útsöluverð hækki í samræmi við hækkun kauptaxta og verðlags.

Flugvallagjald var í fjárlögum ársins 1979 áætlað 770 m.kr. en reyndist lægra eða 692 m.kr. Á árinu 1980 er gjaldið áætlað 700 m.kr. og er þá miðað við óbreytta gjaldskrá.

Aðrir óbeinir skattar urðu 14 942 m.kr. á árinu 1979 samanborið við 10 624 m.kr. á fjárlögum. Munurinn stafar m. a. af verðhækkun umfram fjárlagaforsendur og meiri innheimtu stimpilgjalds en reiknað var með í fjárlögum. Mestu munar þó um að í áætlunum fyrir árið 1979 var ekki reiknað með þeirri breytingu sem orðið hefur á uppgjöri verðjöfnunargjalds eins og vikið er að hér á eftir. Í áætlun fyrir árið 1980 er miðað við áorðnar gjaldskrárhækkanir þar sem um það er að ræða. Tekjur af stimpilgjaldi, aukatekjum og þinglýsingum námu 5 015 m.kr. 1979 en eru áætlaðar 7 186 m.kr. árið 1980. Innheimta bifreiðaskatts nam 2 099 m.kr. á sl. ári en er áætluð 3 600 m.kr. 1980, en skatturinn var hækkaður í ársbyrjun 1980 í samræmi við hækkun byggingarvísitölu. Gjald á ferðalög til útlanda skilaði 1 386 m.kr. tekjum 1979 en í fjárlögum var reiknað með 1 600 m.kr. innheimtu. Á árinu 1980 er gjaldið talið skila 1 715 m.kr. en í heild eru tekjur af sölu erlends gjaldeyris áætlaðar 4 080 m.kr. Verðjöfnunargjald af raforku var í fjárlögum áætlað 1 210 m.kr. miðað við 13% gjald eins og verið hafði, en eftir hækkun gjaldsins í 19% var innheimta gjaldsins vegna raforkusölu 1979 áætluð 1 650 m.kr. Fram að þessu hefur tekjuáætlun fjárlaga aðeins sýnt hluta af áætlaðri innheimtu verðjöfnunargjalds en sá hluti gjaldsins sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa innheimt sjálfar hefur staðið utan tekjuáætlunar og tekjuyfirlits ríkisreiknings. Á árinu 1979 var hins vegar farið að færa hluta af tekjum Rafmagnsveitna ríkisins í Ríkisbókhaldi. Samkvæmt skýrslum Ríkisbókhalds hefur tekjufærsla af verðjöfnunargjaldi 1979 numið 3 121 m.kr., en þar af er hluti Rafmagnsveitna ríkisins 1 291 m.kr. og af þeirri fjárhæð voru 716 m.kr. vegna ársins 1978. Verðjöfnunargjald vegna ársins 1979 hefur þannig numið 2 400 m.kr. Í tekjuáætlun þessa frumvarps er gjaldið sýnt í heild í samræmi við breyttan uppgjörsmáta og er þannig áætlað 3 875 m.kr. á árinu 1980. Nýbyggingargjald samkvæmt lögum nr. 117/1978 var áætlað 300 m.kr. í fjárlögum 1979 en varð töluvert minna eða um 160 m.kr. Þetta gjald er áætlað 250 m.kr. á árinu 1980.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta námu 333 m.kr. 1979 eða 224 m.kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum. Á árinu 1980 eru þessar tekjur áætlaðar 835 m.kr. en þar vega tekjur af Fríhöfninni á Keflavíkurflugvelli langþyngst.

Ýmsar tekjur urðu 3 759 m.kr. á sl. ári samanborið við 2 802 m.kr. í fjárlögum og stafar munurinn af meiri innheimtu vaxta en reiknað var með í fjárlögum. Á árinu 1980 eru þessar tekjur áætlaðar um 5 258 m.kr. en þar af eru vaxtatekjur 4 600 m.kr.

Yfirlit. Hér fer á eftir yfirlit áætlaðra tekna ríkissjóðs 1980 og til samanburðar er sýnd tekjuáætlun fjárlaga 1979 og niðurstöður bráðabirgðauppgjörs tekna ríkissjóðs fyrir árið 1979. Tölur um skiptingu beinna skatta á einstaka tekjustofna á árinu 1979 eru áætlaðar. Til samanburðar er jafnframt sýnt tekjuyfirlit þess fjárlagafrumvarps sem lagt var fram á 101. löggjafarþingi.

Hlutdeild markaðra tekna í heildartekjum ríkissjóðs var um 12% í fjárlögum 1979 en reyndist heldur hærra eða 12,5%. Á árinu 1980 verður hlutfallið um 12% samkvæmt þessu frumvarpi.

Samkvæmt yfirlitinu varð hlutdeild beinna skatta í tekjum ríkissjóðs 1979 18,6% í stað 19,5% í fjárlögum ársins en hlutdeild óbeinna skatta hækkaði úr 78,9% í fjárlögum í 79,7% samkvæmt bráðabirgðauppgjöri ársins 1979. Aðrar tekjur voru 1,6% í fjárlögum en reyndust 1,7% 1979. Samkvæmt frumvarpinu verður hlutdeild beinna skatta 18,8%, hlutdeild óbeinna skatta verður 79,4% og hlutdeild annarra tekna verður 1,8%. Athygli skal vakin á að iðgjöld atvinnurekenda til almannatrygginga eru talin með óbeinum sköttum í þessu yfirliti en í framsetningu fjárlagafrumvarpa fyrri ára hafa þessi iðgjöld verið talin til beinna skatta.

Tekjuáætlun ríkissjóðs 1980
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1979	Bráðabirgða-uppgjör 1979	1980 Frumv. 101. þings	1980 Núverandi frumvarp
1. Eignarskattar[1])	**5 200**	**6 200**	**7 515**	**7 830**
2. Tekjuskattar[1])	**35 612**	**38 233**	**55 845**	**56 023**
a) Tekjuskattur einstaklinga	23 459	26 488	37 941	38 725
b) Tekjuskattur félaga	7 803	7 236	10 954	10 098
c) Sjúkratryggingagjald	4 350	4 509	6 950	7 200
3. Gjöld af innflutningi	**42 575**	**48 310**	**63 971**	**59 845**
a) Almenn aðflutningsgjöld[1])	29 414	33 087	43 216	39 346
b) Bensín- og gúmmígjald	7 590	7 340	10 807	11 075
c) Innflutningsgjald af bílum	4 300	4 915	6 500	6 000
d) Annað	1 271	2 968	3 448	3 424
4. Skattar af framleiðslu	**13 715**	**15 365**	**24 030**	**24 605**
a) Sérstakt vörugjald	13 000	14 599	23 200	23 740
b) Annað	715	766	830	865
5. Skattar af seldri vöru og þjónustu	**97 866**	**111 547**	**154 224**	**164 927**
a) Söluskattur	61 400	73 374	104 850	114 000
b) Launaskattur	10 850	12 008	16 700	17 300
c) Iðgjöld atvinnurekenda	6 123	6 763	7 974	8 334
d) ÁTVR	18 200	18 219	23 000	24 000
e) Annað	1 293	1 183	1 700	1 293
6. Aðrir óbeinir skattar	**10 624**	**14 942**	**18 902**	**20 635**
7. Arðgreiðslur úr B-hluta	**557**	**333**	**835**	**835**
8. Ýmsar tekjur	**2 802**	**3 759**	**5 008**	**5 258**
Samtals	208 951	238 689	330 330	339 958
Markaðar tekjur	25 348	29 817	38 928	41 088
Almennar tekjur	183 603	208 872	291 402	298 870
Beinir skattar	40 812	44 433	63 360	63 853
Óbeinir skattar	164 780	190 164	261 127	270 012
Aðrar tekjur	3 359	4 092	5 843	6 093

[1]) Byggingarsjóðsgjald meðtalið.

Lánahreyfingar

Í 1. gr. frumvarpsins er yfirlit yfir lánahreyfingar. Þar kemur fram að útstreymi umfram innstreymi á lánahreyfingum er 2 692 m.kr. og útstreymi á viðskiptareikningum er áætlað 750 m.kr. Þessir liðir eru jafnaðir með afgangi á rekstrarreikningi. Hér á eftir verður vikið að inn- og útstreymi lánajafnaðarins og einstökum liðum sem til hans teljast. Í skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem lögð verður fram innan tíðar, verður fjallað um lánamálin í heild.

Lánahreyfingar inn

Í 1. gr. kemur fram að heildarfjáröflun nemur 29 496 m.kr. Á eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting innlendrar og erlendrar fjáröflunar eins og hún er ráðgerð í þessu frumvarpi.

	Frumvarp 1980 M.kr.
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	8 866
÷ Innlausn spariskírteina	2 658
	6 208
Útgáfa spariskírteina	5 600
Innlend fjáröflun alls	11 808
Erlend lántaka	17 688
	29 496

Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu fyrir árið 1979 nemur innlend fjáröflun 7 918 m.kr., þar af eru 6 500 m.kr. í formi nýútgefinna spariskírteina. Samkvæmt þessu frumvarpi er innlend fjáröflun alls áætluð 11 808 m.kr., eða 3 890 m.kr. hærri fjárhæð en 1979, þrátt fyrir minni útgáfu nýrra spariskírteina. Hækkunin skýrist í megindráttum af því að innlausn eldri spariskírteinaflokka er fremur léttbær 1980. Engir nýir flokkar spariskírteina falla í gjalddaga en ávallt er um nokkra endurgreiðslu eldri flokka að ræða og er það talið nema 2 658 m.kr. Fjáröflun innanlands byggist á lögum nr. 36/1975, um happdrættislán ríkissjóðs fyrir hönd Vegasjóðs vegna framkvæmda við Norðurveg og Austurveg, svo og á heimild í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins. Heimildar til erlendrar lántöku mun samkvæmt venju leitað með sérstöku lagafrumvarpi sem lagt verður fyrir þingið með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980.

Lánahreyfingar út

Niðurstöðutala lánahreyfinga út er 12 405 m.kr. Stærsti liðurinn þar er afborganir af almennum lánum ríkissjóðs 11 851 m.kr. Þar af eru 3 600 m.kr. vegna almennra lána ríkissjóðs í Seðlabanka, 4 500 m.kr. eru endurgreiðsla bráðabirgðaláns, sem tekið var í tengslum við lausn á fjárhagsvanda ríkissjóðs 1979 og 3 751 m.kr. til annarra aðila. Aukning á eiginfjárframlagi ríkissjóðs í Landsvirkjun nemur 263 m.kr. og færist sem útstreymi á lánahreyfingum. Ennfremur er gert ráð fyrir lokagreiðslu hlutafjárframlags til Járnblendifélagsins, alls 195 m.kr. Þar með er lokið greiðslum á hlutafjárframlagi ríkissjóðs samkvæmt samningi. Þá er að nefna framlag Íslands til Iðnþróunarsjóðs Portúgals alls 96 m.kr. og er það 5. og síðasta greiðsla framlags til sjóðsins. Loks er áætlað 750 m.kr. nettóútstreymi á viðskiptareikningum vegna innheimtufjár fyrir aðra, þ. e. markaðra tekjustofna, tollalána o. fl. Heildarfjáröflun til framkvæmda og annarra þarfa skv. 1. gr. er alls 29 496 m.kr. Til A-hluta renna 9 613 m.kr. en í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979 nam fjárhæðin 4 750 m.kr., hækkunin er því 4 863 m.kr. Lánsfjárráðstöfun vegna B-hluta er alls áætluð 19 883 m.kr. en nam 12 510 m.kr. samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1979, að viðbættri viðbótarlánsfjáröflun að fjárhæð 1 530 m.kr. sem heimiluð var á miðju ári með lögum nr. 71/1979. Aukningin er 7 373 m.kr. eða 59%. Ráðstöfun fjáröflunarinnar vegna A- og B-hluta ríkissjóðs skiptist þannig í meginflokka.

	Frumvarp 1980 M.kr.
Framkvæmdir	23 884
Skuldagreiðslur	3 224
Annað, hlutafjárframlag o. fl.	2 388
Samtals	29 496

Hér fer á eftir yfirlit um skiptingu fjármagns á einstakar framkvæmdir ásamt greinargerð um hvern lið fyrir sig.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs 1980
(Í m.kr.)

	Frumvarp 1980 M.kr.
A-hluti	
Þjóðarbókhlaða	300
Vegagerð	7 800
Landshafnir	125
Hafnargerð við Grundartanga	100
Landsvirkjun, eiginfjárframlag	263
Járnblendifélagið, hlutafjárframlag	195
RARIK, vegna félagslegra framkvæmda	600
Þróunaraðstoð, Cabo Verde	230
Samtals	9 613
B-hluti	
Byggðasjóður	2 500
Lánasjóður ísl. námsmanna	1 200
Ríkisútvarpið	500
RARIK, almennar framkvæmdir	2 896
Byggðalínur	5 809
Kröfluvirkjun	750
Orkusjóður:	
vegna styrkingar dreifikerfis	800
vegna sveitarafvæðingar	415
vegna einkarafstöðva	20
vegna byggðalína	3 090
vegna hitaveitulána	500
Virkjunarrannsóknir	500
Póstur og sími:	
vegna jarðstöðvar	400
vegna vörukaupalána	469
Endurlán vegna Grundartangahafnar	34
Samtals	19 883
Lánsfjárþörf alls	29 496

A-hluti fjárlaga

Þjóðarbókhlaða. Gert er ráð fyrir 300 m.kr. lántöku til áframhaldandi byggingarframkvæmda við þjóðarbókhlöðu og er það 100 m.kr. hærri fjárhæð en var í lánsfjáráætlun 1979. Fjárveiting 1979, sem var ekki að fullu nýtt á því ári, ásamt fyrrgreindri fjárhæð eiga að tryggja eðlilegan framkvæmdahraða á árinu 1980.

Vegagerð. Heildarútgjöld til vegamála samkvæmt vegáætlun nema alls 21 957 m.kr. Fjármögnun er annars vegar lántaka alls 7 800 m.kr. og hins vegar skil markaðra tekna alls 14 157 m.kr. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda um Vegagerð ríkisins.

Landshafnir. Samtals er gert ráð fyrir 125 m.kr. lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir. Fjármagnið skiptist þannig að 100 m.kr. renna til áframhaldandi framkvæmda við landshöfnina í Keflavík — Njarðvík til að bæta viðleguaðstöðu og 25 m. kr. til hafnargerðar á Rifi á Snæfellsnesi.

Hafnargerð við Grundartanga. Framkvæmdum við Grundartangahöfn er nú að mestu lokið. Lokafrágangur við höfnina á árinu 1979 hefur farið að nokkru fram úr kostnaðaráætlun og er áformað að afla lánsfjár alls 134 m. kr. til lúkningar framkvæmda og uppgjörs skulda. Kostnaður við hafnargerðina skiptist í sömu hlutföllum og gildir um almenna hafnargerð, þ. e. 75% ríki og 25% sveitarfélög. Eftirstöðvar af kostnaðarhluta ríkissjóðs eru 100 m. kr. og hlutur sveitarfélaga 34 m. kr., sem kemur fram í yfirliti um lánsfjáröflun til B-hluta.

Landsvirkjun. Fyrirhugað er að afla 263 m. kr. lánsfjár til að inna af hendi 2. framlag af 5 til Landsvirkjunar vegna aukningar eiginfjár fyrirtækisins.

Járnblendifélagið, hlutafjárframlag. Á árinu 1979 var ákveðið að fresta greiðslu á samningsbundnu hlutafjárframlagi ríkissjóðs vegna 1979 til ársins 1980. Er nú ráðgert að afla 195 m. kr. lánsfjár til að inna af hendi lokaframlag hlutafjárins.

RARIK, vegna félagslegra framkvæmda. Í A-hluta frumvarpsins er gert ráð fyrir 1 000 m.kr. framlagi til RARIK vegna félagslegra framkvæmda. Áformað er að 600 m.kr. þessarar fjárhæðar verði fjármagnað með lántökum. Á móti kemur að dregið verður úr lántökum á vegum RARIK um 600 m.kr. frá því sem ráðgert var í frumvarpi því er lagt var fyrir 101. þing.

Þróunaraðstoð, Cabo Verde. Snemma á árinu 1980 var ákveðið að einn liður í aðstoð Íslands við eyríkið Cabo Verde væri kaup á hentugu fiskiskipi og leiðbeiningarstarf í fiskveiðum. Útgjöld vegna þessa eru alls áætluð 280 m.kr. á árinu 1980. Áformað er að ríkissjóður yfirtaki lán að upphæð 230 m.kr. vegna kaupa á skipinu.

B-hluti fjárlaga

Byggðasjóður. Ráðgerð lánsfjáröflun til Byggðasjóðs er alls 2 500 m.kr., fjárveiting til sjóðsins nemur 2 635 m.kr. og eigið fé sjóðsins 783 m.kr. Ráðstöfunarfé sjóðsins er því alls 5 918 m.kr. eða um 1,8% af heildarútgjöldum A-hluta og hefur þá framlag til sjóðsins verið lækkað eins og til annarra fjárfestingarlánasjóða.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Á árinu 1979 var LÍN veitt heimild til 1 100 m. kr. lántöku til þess að inna af hendi greiðsluskuldbindingar. Fyrirhugað er að afla 1 200 m. kr. lánsfjár á árinu 1980 til þess að sjóðurinn geti uppfyllt gildandi reglur um lánveitingar allt að 85% umframfjárþarfar lántakenda. Sjóðnum er ætlað að taka umrætt lán og annast skil vaxta og afborgana. Þar sem útlán sjóðsins hafa verið verðtryggð er gert ráð fyrir að eiginfjárstaða sjóðsins styrkist í framtíðinni

og geri sjóðnum kleift að standa undir auknum lántökum. Brýnt er að fjárhagsstaða sjóðsins verði metin, meðal annars m. t. t. skynsamlegra lántökuáforma og endurgreiðslugetu.

Ríkisútvarpið. Í lögum nr. 20/1979 um heimild til lántöku, ríkisábyrgðir o. fl. var veitt heimild til innlendrar eða erlendrar lántöku að fjárhæð 300 m.kr. til að greiða framkvæmdakostnað við dreifikerfi sjónvarps á árinu 1979. Á árinu 1980 er ráðgerð lánsfjáröflun að fjárhæð 500 m. kr. til áframhaldandi framkvæmda við uppbyggingu dreifikerfisins.

RARIK, almennar framkvæmdir. Áformaðar framkvæmdir á vegum RARIK nema alls 4 096 m.kr. og skiptast þannig í m.kr.:

	Áætlun 1979	Frumvarp 1980
Virkjanir, stofnlínur og aðveitustöðvar	1 752	2 479
Innanbæjarkerfi	600	1 100
Dísilvélar, vélar og tæki og aðstöðusköpun	225	517
Samtals	2 577	4 096

Fjármögnun framkvæmda er þríþætt. Í fyrsta lagi eru tekjur af heimtaugargjöldum áætlaðar 200 m.kr. Í öðru lagi nemur beint framlag ríkissjóðs á fjárlögum 1 000 m.kr. og í þriðja lagi nemur lántaka 2 896 m.kr.

Athugun mun fara fram á félagslegum þætti í framkvæmdum RARIK og vísast í því sambandi til greinargerðar um stofnunina undir iðnaðarráðuneyti. Auk þessa annast RARIK framkvæmdir sem fjármagnaðar eru með framlögum úr Orkusjóði, þ. e. 800 m.kr. til styrkingar dreifikerfis í sveitum og 415 m.kr. vegna sveitarafvæðingar. Nánari grein verður gerð fyrir einstökum framkvæmdaliðum í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980.

Byggðalínur. Ráðgerð er 5 809 m.kr. lántaka vegna byggðalína. Meginverkefni ársins 1980 er lokaáfangi við byggingu Vesturlínu en til þess verks renna alls 4 387 m.kr. Áformað er að orkuveitusvæði Mjólkárvirkjunar tengist aðalorkuveitusvæði landsmanna haustið 1980. Þá renna 1 350 m.kr. til hönnunar og byrjunarframkvæmda við gerð Suð-austurlínu til Hornafjarðar. Önnur byggðalínuverkefni eru 40 m.kr. til frágangs á Norðurlínu og 32 m.kr. til búnaðar vegna tengingar Austurlínu á Akureyri.

Kröfluvirkjun. Lánsfé vegna Kröfluvirkjunar er áætlað 750 m.kr. og verður fénu varið til gæslu virkjunarinnar, auk borunar einnar holu í suðurhlíðum Kröflu og nauðsynlegra tenginga. Áætlanir um orkuöflun og virkjunarframkvæmdir eru nú til ítarlegrar endurskoðunar og verður nánar um það fjallað í lánsfjáráætlun fyrir árið 1980.

Orkusjóður vegna dreifikerfis í sveitum. Til styrkingar dreifikerfis í sveitum er áformað að verja alls 800 kr. og verða framkvæmdir á vegum RARIK. Verkefni þetta er fjármagnað með lánsfé, alls 800 m.kr.

Orkusjóður vegna sveitarafvæðingar. Áætluð er 415 m. kr. lántaka vegna sveitarafvæðingar og er það 215 m. kr. hærri fjárhæð en í lánsfjáráætlun fyrir 1979. Fjárins er aflað til viðbótarframkvæmda við eldri veitur. Rafvæðingaráætlun um tengingu býla í allt að 3 km fjarlægð frá aðaldreifikerfi mun sem næst lokið. Verkefni, sem leyst verða með lánsfjáröflun ársins 1980, eru annars vegar viðbætur við eldri veitur, þ.e. tenging nýrra notenda á svæðum sem þegar eru rafvædd, og hins vegar tenging býla sem eru í sem svarar 4 km fjarlægð frá samveitu.

Orkusjóður vegna einkarafstöðva í sveitum. Raunhæf lausn raforkumála býla sem eru afskekkt er í mörgum tilfellum bygging smárra vatnsaflsstöðva eða uppsetning dísilstöðva. Orkuráð ákveður lánveitingar til einkarafstöðva og er áformuð lánsfjáröflun til þessa verkefnis **20 m. kr.**

Orkusjóður vegna byggðalína. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 aflar ríkissjóður lánsfjár vegna fjármagnskostnaðar við byggðalínur. Lántaka Orkusjóðs vegna þessa er áætluð **3 090 m. kr.**

Orkusjóður vegna hitaveitulána. Framkvæmdir vegna hita- og fjarvarmaveitna verða fjármagnaðar með ýmsum hætti eins og skýrt verður í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1980. Einn liður í þeirri fjármögnun er lánveiting úr Orkusjóði. Í því skyni er Orkusjóði ætlað lánsfjármagn til endurlána alls 500 m.kr.

Virkjunarrannsóknir. Á vegum Orkustofnunar standa nú yfir umfangsmiklar rannsóknir á virkjunarkostum landsmanna. Til þessa hafa rannsóknir á vegum Orkustofnunar verið fjármagnaðar með fjárveitingu á fjárlögum. Nú er áformað að sveigja fjármögnun þessa þáttar í þá veru, að framvegis verði litið á fjármögnun rannsókna helstu virkjunarkosta sem afturkræft fé. Stofnsett er B-hluta fyrirtækið „Virkjunarrannsóknir" og er því ætluð 500 m.kr. lántaka til ráðstöfunar að meginhluta á Austurlandi í samráði við iðnaðar- og fjármálaráðherra og Orkustofnun. Tilhögun endurgreiðslu af hálfu orkuframleiðslutækja og/eða ríkissjóðs verður ákveðin síðar.

Póstur og sími vegna jarðstöðvar o. fl. Til framhaldsframkvæmda við jarðstöð og tengd mannvirki er áformað að afla 400 m. kr. lánsfjár vegna hluta póst- og símamálastofnunarinnar í heildarframkvæmdinni, en henni mun ljúka á árinu 1980.

Póstur og sími vegna vörukaupalána. Á sama hátt og gert var í lánsfjáráætlun fyrir 1979 er áætlað fyrir vörukaupalánum Pósts og síma í tengslum við ýmsar framkvæmdir. Nú er ákveðið að afla 469 m. kr. lánsfjár í þessu tilliti.

Endurlán vegna Grundartangahafnar. Eins og fram kemur í greinargerð um lánsfjáröflun A-hluta fjárlaga lauk framkvæmdum við Grundartangahöfn á árinu 1979. Ríkissjóður annast lánsfjáröflun vegna hluta sveitarfélaga við þessa hafnargerð og eru eftirstöðvarnar **34 m. kr.**

Loks er í eftirfarandi yfirliti sýnd sundurliðun á afborgunum almennra lána ríkissjóðs ásamt samanburði við fjárlög 1979 í þús. kr.

	1979 Fjárlög	1980 Frumvarp	Mismunur
Lán hjá Seðlabanka Íslands	**5 099 270**	**8 100 000**	**3 000 730**
Lán vegna yfirdráttarskulda 1978/79 (með verðbótaauka)	—	2 400 000	2 400 000
Lán vegna yfirdráttarskulda 1977/78 o. fl. (óverðtr.)	550 000	100 000	÷450 000
Ýmis gengistryggð lán, breytt í lán með verðbótaauka 1979	4 549 270	5 600 000	1 050 730
Önnur lán	1 909 716	3 751 311	**1 841 595**
Spariskírteinalán, önnur en til vegag. (endurlán)	132 109	261 125	129 016
Önnur lán verðtryggð skv. byggingarvísitölu (kaup á Laugalækjarskóla)	—	55 025	55 025
Ýmis endurlán (erlend)	133 939	451 862	317 923
Ýmis endurlán (innlend)	—	1 484	1 484
Ríkisfyrirtæki í B-hluta	356	1 048	692
Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir)	2 784	4 731	1 947
Lánastofnanir (fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir) erlent fé	6 309	41 902	35 593
Lánastofnanir (fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir) innlent fé	14 482	4 844	÷9 638
Ýmis erlend lán	184 293	173 741	÷10 552
Ýmis innlend lán	56 848	185 159	128 311
Yfirtekin lán vegna kaupa á Baldri (innlend og erlend)	71 194	93 329	22 135
Lán vegna kaupa á Landakotsspítala	33 075	34 729	1 654
Skyldusparnaður, innheimtur með sköttum	431 271	227 403	÷203 868
Ýmis lán, ósundurliðuð	101 100	1 000 000	898 900
Lán til vegagerðar (önnur en í Seðlabanka):			
Spariskírteinalán (endurlán)	267 963	382 360	114 397
Önnur endurlán (erlend)	196 783	406 052	209 269
Innlánsstofnanir (bankar og sparisjóðir)	668	925	257
Lánastofnanir, erlent fé	248 397	403 185	154 788
Ýmis innlend lán	1 992	5 345	3 353
Lán ríkisstofnana í A-hluta	26 153	17 062	÷9 091
Samtals	7 008 986	11 851 311	4 842 325

Ráðuneyti, málefnaflokkar og einstakar stofnanir

Í þessum hluta athugasemdanna er gerð grein fyrir helstu breytingum sem átt hafa sér stað á gjaldahlið frumvarpsins frá fjárlögum 1979. Fyrst er fjallað sérstaklega um breytingar á einstökum útgjaldamálaflokkum og mörkuðum tekjustofnum innan hvers ráðuneytis. Síðan er vikið nánar að helstu breytingum á einstökum gjaldaliðum sem orðið hafa frá fjárlögum 1979. Ekki verður sérstaklega rætt um breytingar á fjárlagaliðum sem eingöngu eiga rætur að rekja til launa- og verðlagsþróunar. Gerð er grein fyrir þætti hennar framar í þessum athugasemdum.

00 Æðsta stjórn ríkisins

Útgjöld æðstu stjórnar ríkisins breytast milli ára eins og hér segir í m.kr.:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Æðsta stjórn ríkisins	1 505,7	2 232,6	726,9	48,3

401 **Hæstiréttur.** Fjárveiting hækkar um 48 019 þús. kr. og verður 112 884 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 24/1979 skulu sjö dómarar skipa hæstarétt. Dómurum fjölgar því um einn og er kostnaður vegna þess áætlaður 14 177 þús. kr. Að öðru leyti er um almennar grunnlaunahækkanir að ræða.

01 Forsætisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka forsætisráðuneytisins breytast milli ára eins og hér segir í m.kr.:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	136,7	243,4	106,7	78,0
Annað	2 609,7	2 869,6	259,9	10,0
Samtals	2 746,4	3 113,0	366,6	13,3
Þar af markaður tekjustofn	270,0	430,0	160,0	59,3

Markaður tekjustofn þessa ráðuneytis er álgjald sem rennur til Byggðasjóðs.

101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 106 668 þús. kr. og skiptist þannig: Vegna yfirstjórnar 40 282 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launa- og verðlagshækkana. Þá hækkar rekstrarkostnaður vegna stjórnarráðshúss um 2 285 þús. kr. sem er einnig vegna verðlagsbreytinga. Hækkun vegna viðhalds og rekstrar ráðherrabústaðar nemur 26 096 þús. kr. Framlag til Hrafnseyrar hækkar um 13 000 þús. kr. og verður alls 18 000 þús. kr. Að síðustu er þess að geta að framlag til öryggismálanefndar nemur alls 25 000 þús. kr. og er þar um nýjan lið að ræða. Framlag til ráðherrabústaðarins á Þingvöllum hækkar um 5 þús. kr.

171 **Byggðasjóður.** Framlag til Byggðasjóðs nemur 2 635 000 þús. kr. en auk þess er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki lán að upphæð 2 500 000 þús. kr. Þá er áætlað að eigið fé Byggðasjóðs verði 783 000 þús. kr. Verður því ráðstöfunarfé sjóðsins samtals 5 918 000 þús. kr. sem er 1,78% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Hefur þá ráðstöfunarfé Byggðasjóðs verið skert og er það í samræmi við meginforsendur frumvarpsins.

902 **Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd.** Heildarhækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 16 806 þús. kr. sem er 54,1% hækkun frá fjárlögum 1979. Skiptist hækkunin þannig milli gjaldategunda: Laun hækka um 7 446 þús. kr., önnur rekstrargjöld hækka um 2 410 þús. kr. og viðhald um 400 þús. kr. Allar eru þessar hækkanir almennar launa- og verðlagshækkanir. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 9 500 þús. kr. og er það 65,5% hækkun frá fjárlögum 1979. Sértekjur hækka um 2 950 þús. kr. en stofnkostnaður að fjárhæð 24 000 þús. kr. skiptist þannig: Til Þingvallabæjar er varið 6 000 þús. kr. til endurnýjunar á þaki og lokafrágangs vatnsveitu. Framlag til lífrannsókna í Þingvallavatni er 2 500 þús. kr. Áformað er að endurnýja bifreið þjóðgarðsvarðar og eru ætlaðar 6 000 þús. kr. í því skyni. Þá eru veittar 9 500 þús. kr. til annarra verkefna, s.s. tjaldsvæða, bílastæða og girðinga.

02 Menntamálaráðuneyti

Útgjöld hinna einstöku málefnaflokka menntamálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun m.kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	370,8	538,2	167,4	45,1
Fræðslumál	29 229,7	45 592,6	16 362,9	56,0
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	2 767,6	3 759,6	992,0	35,8
Gjöld samtals	32 368,1	49 890,4	17 522,3	54,1
Þar af markaðir tekjustofnar	316,8	487,1	170,3	53,8

Markaðir tekjustofnar, sem flokkast undir útgjöld þessa ráðuneytis, hækka sem hér segir: Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna sem fær hluta í einkaleyfisgjaldi og hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands 54,2 m.kr. Hluti af skemmtanaskatti sem rennur til sinfóníuhljómsveitarinnar og félagsheimilasjóðs hækkar um 97,1 m.kr. Miðagjald sem rennur til menningarsjóðs og hækkar um 19,0 m.kr. og að lokum er hlutur Íþróttasambands Íslands í gjaldi af seldum vindlingum og er hann óbreyttur frá fjárlögum 1979.

201 **Háskóli Íslands.** Framlag til Háskóla Íslands hækkar um 1 325 730 þús. kr. Laun og rekstrargjöld hækka samtals um 1 398 364 þús. kr., og áætlað fjármagn frá Happdrætti Háskóla Íslands og byggingarsjóði hækkar um 601 400 þús. kr. Gert er ráð fyrir nýrri stöðu prófessors í vefjafræði og að fjölga adjúnktum í læknadeild um þrjá. Kostnaðarauki, sem af þessu leiðir, nemur um 10 100 þús. kr. Veitt er fé til stöðu dósents í hjúkrunarfræði allt árið, en staðan hafði verið heimiluð frá 1. 7. 1979, útgjaldaauki vegna þessa er 3 825 þús. kr. Þá er gert ráð fyrir 4. árs kennslu við námsbraut í sjúkraþjálfun allt árið. Efnt er til hálfrar stöðu sérfræðings við Verkfræðistofnun og er fjárveiting vegna hennar 3 515 þús. kr. Hækkun rekstrargjalda frá fjárlögum 1979 nemur 216 998 þús. kr. Er það 54 000 þús. kr. hækkun umfram verðlagshækkanir og skýrist í meginatriðum af eftirfarandi þáttum: Gert er ráð fyrir leigugjöldum vegna sjúkraþjálfunar að fjárhæð 10 000 þús. kr. Vegna aukinna bóka- og tímaritakaupa Háskólabókasafns 3 400 þús. kr. Þá hækkar ferðakostnaður í rannsóknarleyfum um 13 000 þús. kr. Hækkun að fjárhæð 27 600 þús. kr. skiptist á ýmis viðfangsefni vegna samningsbundinna greiðslna, sameiginlegra rekstrarútgjalda, aukinna rannsókna og stundakennslu. Áætlað er að ráðstöfunarfé til framkvæmda, viðhalds og tækjakaupa háskólans muni nema samtals 1 235 300 þús. kr. og að því verði ráðstafað með eftirfarandi hætti:

	Þús. kr.
Nýbygging á landspítala- og háskólalóðum	985 300
Viðhald húsa og lóða	65 000
Tækjakaup deilda, námsbrauta og stjórnsýslu	120 000
Skipulagning lóðar og áætlunargerð vegna nýbyggingar á háskólalóð	15 000
Húsnæði og búnaður vegna nýrra námsleiða, breytingar á húsnæði og flutningur milli leiguhúsnæðis	18 000
Endurnýjun og viðhald húsgagna og búnaðar	22 000
Úrbætur í símamálum	10 000
Samtals	1 235 300

Í byrjun árs 1979 fjallaði fjárveitinganefnd Alþingis um byggingarmál á landspítala- og háskólalóð og kynnti sér m. a. álit samráðshóps sem menntamálaráðherra skipaði hinn 17. nóvember 1978 til að endurmeta stöðu byggingarmála á vegum Háskóla Íslands og á landspítalalóð, en álitið er dagsett 11. desember 1978.

Þeir er skipuðu fjárveitinganefnd þ. 14. mars 1979 gátu fyrir sitt leyti fallist á þau áform um framkvæmdir og fjármögnun sem fram eru sett í áliti samráðshópsins. Fjármögnunin fól í sér að til viðbótar framlagi Happdrættis Háskóla Íslands þyrfti að koma til fjárveiting úr ríkissjóði á næstu árum. Sérstaklega voru höfð í huga næstu þrjú árin, vegna ákvarðana um framkvæmdir sem verið var að taka á útmánuðum 1979. Upphæðin er 300 m.kr. á ári miðað við verðlag í október 1978.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1980 er ekki gert ráð fyrir beinni fjárveitingu til byggingarframkvæmda á vegum Háskóla Íslands. Hönnunarvinna hefur verið tímafrekari en reiknað var með og framkvæmdir dregist. Með þeim byggingarhraða, sem fyrrnefndur samráðshópur lagði til grundvallar, er fjárveiting úr ríkissjóði ekki nauðsynleg á árinu 1980. Það er því eðlilegt að áform um fjárveitingar til byggingarframkvæmda á vegum Háskóla Íslands færist til í tíma um eitt ár.

203 **Raunvísindastofnun háskólans.** Framlag til Raunvísindastofnunar verður 459 034 þús. kr. og er það 153 274 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 141 008 þús. kr. sem er eingöngu vegna eðlilegra verðlags- og grunnlaunahækkana. Viðhald hækkar um 4 790 þús. kr., og verður 16 855 þús. kr., þar af eru 9 000 þús. kr. áætlaðar til viðhalds á húsi stofnunarinnar. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 6 576 þús. kr. og verður 38 950 þús. kr. Þá eru sértekjur stofnunarinnar áætlaðar 2 100 þús. kr. sem er 900 þús. kr. lækkun frá fjárlögum 1979.

231 **Náttúrufræðistofnun Íslands.** Framlag hækkar um 31 692 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 28 592 þús. kr. sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Viðhald verður 2 000 þús. kr. og hækkar um 850 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 5 250 þús. kr. og verður 8 350 þús. kr. Skal fénu m. a. varið til kaupa á safnhirslum, sýningarborðum og þunnsneiðavél. Sértekjur eru áætlaðar 3 000 þús. kr. en ekki hefur verið áætlað fyrir sértekjum áður.

232 **Rannsóknaráð ríkisins.** Á öndverðu ári 1979 kynnti Rannsóknaráð ríkisins ráðamönnum þjóðarinnar langtímaáætlun um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Í skýrslunni kemur fram að Íslendingar verja mun minna fjármagni til rannsókna- og þróunarstarfsemi en aðrar þjóðir á svipuðu hagþróunarstigi. Af vergum þjóðartekjum verja Íslendingar 0,4—0,5% til rann-

sókna en aðrar þjóðir 1%—2,5%. Í 25. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. segir: „Til stuðnings áætlanagerðar um atvinnuvegina skal efla rannsóknarstarfsemi í þeirra þágu, með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni, eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum".

Þær stofnanir sem falla undir Rannsóknaráð ríkisins eru: Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, auk Skrifstofu rannsóknastofnana atvinnuveganna sem annast m. a. fjárreiður fyrrgreindra stofnana. Framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins átti fund með fjárveitinganefnd á s. l. vori þar sem sérstaklega var rætt starfsskipulag á grundvelli verkefna auk annarra atriða langtímaáætlunarinnar. Í því sambandi var rætt um gerð fjárlaga og hugsanlegar breytingar á vinnubrögðum sem því væru samfara að fjárveitingar miðuðust við verkefni. Var afráðið að rannsóknastofnanirnar skyldu senda fjárveitingabeiðnir sínar með hefðbundnum hætti, en auk þess vinna að því að deila beiðnunum niður á verkefni. Í júní s. l. var síðan efnt til fundar með forstöðumönnum rannsóknastofnananna, fulltrúum fagráðuneyta, formanni fjárveitinganefndar og hagsýslustjóra. Þar var gerð grein fyrir fjárveitingabeiðnum, skipt niður á verkefni, og tengslum fjárveitingabeiðna við langtímaáætlun. Beiðnirnar fólu í sér m. a. óskir um aukinn mannafla sem nam 61 stöðugildi fyrir stofnanirnar allar.

Við undirbúning fjárlaga og yfirferð fjárlaga- og hagsýslustofnunar á fjárveitingabeiðnum áðurgreindra stofnana þurfti að hafa eftirfarandi atriði í huga. Í fyrsta lagi fást fleiri stofnanir við rannsóknastarfsemi en þær stofnanir sem falla undir Rannsóknaráð ríkisins. Má þar m. a. nefna Orkustofnun og Háskóla Íslands. Í öðru lagi hefur olíukreppan valdið búsifjum og þar af leiðir að stjórnvöld hafa lagt áherslu á rannsóknir á sviði orkumála. Í þriðja lagi var lögð á það rík áhersla við samningu fjárlagafrumvarpsins að nýjum stöðum yrði ekki fjölgað. Svigrúm til að auka starfsemi rannsóknastofnana, sem tilheyra Rannsóknaráði ríkisins, er því mjög takmarkað. Sem skref í átt að því marki sem langtímaáætlunin felur í sér var leitast við að gera tvennt. Annars vegar að gefa forstöðumönnum rannsóknastofnana kost á að raða verkefnum að nýju inn í niðurskorinn fjárlagaramma og hins vegar að kanna möguleika á auknum sértekjum stofnununum til handa. Var þá haft í huga að stofnanir gætu eflst við að fá verkefni sem gæfu af sér nægar tekjur til að standa straum af kostnaði þeim samfara. Tekið var skýrt fram að starfsmenn, sem að slíkum verkefnum væru ráðnir, yrðu verkefnaráðnir, þannig að viðkomandi stofnun sæti ekki uppi með starfsmennina þegar verkefninu lyki. Við undirbúning fjárlagafrumvarps var sérhverri rannsóknarstofnun ákveðinn fjárhagslegur rammi til að starfa innan. Aftur á móti var ekki að fullu gengið frá niðurröðun verkefna nokkurra stofnana. Er þess getið í greinargerð og er vísað til fjárveitinganefndar.

Langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna mun ekki enn hafa verið staðfest af stjórnvöldum. Verði það gert væri eðlilegt að hugað yrði nánar að eftirfarandi atriðum:

a) Skilgreind yrði grunnstærð hverrar stofnunar og hún tengd langtímaáætlun. Grunnstærðin yrði þá eins konar heimanmundur frá ríkinu, en að auki yrði sjálfsaflafé stofnana þeim til eflingar. Sérstakrar athugunar þarf við þegar ríkið eða ríkisstofnanir eru aðal- eða einu kaupendur þjónustu rannsóknastofnananna. Er þar einkum átt við að gjaldskrám sé ekki misbeitt.
b) Endurskoða og samræma þarf gjaldskrár rannsóknastofnananna.
c) Skilgreina þarf nánar hvernig staðið skuli að verkefnaráðningu starfsmanna. Kemur m. a. til álita að ráðningin sé borin undir Ráðninganefnd ríkisins ef ætla má að verkefnið taki lengri tíma en eitt ár.

276 **Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna.** Framlag til sjóðsins, sem er eingöngu framlag frá Happdrætti H.Í., hækkar um 54 200 þús. kr. og verður 145 400 þús. kr. Skal fjárhæðinni varið til greiðslu vaxta og afborgana af skuldbindingum sjóðsins 32 888 þús. kr. og til frekari uppbyggingar á Keldnaholti 112 512 þús. kr.

301 **Menntaskólinn í Reykjavík.** Fjárveiting til skólans hækkar um 176 608 þús. kr. og nemur framlag ríkissjóðs þá 524 322 þús. kr. Hækkun fjárveitingarinnar skýrist af eftirfarandi: Laun hækka um 172 629 þús. kr., sem er um 12 400 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir, en það skýrist af því að gert er ráð fyrir nokkurri fjölgun nemenda við skólann. Þá hækka önnur rekstrargjöld um 3 979 þús. kr. en gjaldfærður stofnkostnaður verður 10 000 þús. kr. Er það óbreytt upphæð frá fjárlögum 1979 og er fjárveitingin ætluð til húsa- og lóðarkaupa á lóð skólans.

302 **Menntaskólinn á Akureyri.** Fjárveiting til skólans verður 458 344 þús. kr. og er það hækkun um 161 624 þús. kr. frá fjárlögum 1979. Laun hækka um 143 537 þús. kr. sem er um 11 400 þús. kr. meiri hækkun en launaforsendur gefa tilefni til. Gert er ráð fyrir fjölgun nemenda, þannig að bæta verði við tveimur bekkjardeildum, og skýrir það launahækkunina. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 087 þús. kr. sem er innan við eðlilegar verðlagshækkanir. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 8 000 þús. kr. og verður 15 000 þús. kr. sem fara á til frekari undirbúningsvinnu við íþróttahús skólans.

307 **Menntaskólinn á Egilsstöðum.** Kennsla hófst við skólann haustið 1979 í fjórum bekkjardeildum. Laun eru áætluð 66 957 þús. kr., en það eru laun skólameistara, fimm kennara, húsvarðar, fulltrúa í hálfu starfi og húsbónda á heimavist í hálfu starfi eða átta stöðugildi alls, auk þess sem áætlað er fyrir ræstingarkostnaði og öðrum launakostnaði. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 9 240 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður er áætlaður 155 000 þús. kr., þar af 140 000 þús. kr. til áframhaldandi framkvæmda við heimavist og mötuneyti, og 15 000 þús. kr. vegna kennaraíbúða. Heildarframlag til Menntaskólans á Egilsstöðum er því samtals 231 197 þús. kr.

308 **Menntaskólinn í Kópavogi.** Fjárveiting til skólans hækkar um 75 561 þús. kr. Launaliður hækkar um 82 809 þús. kr. sem er nokkuð umfram almennar launahækkanir en skýrist af fjölgun bekkjardeilda um eina. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 752 þús. kr. sem nemur almennum verðlagshækkunum. Gjaldfærður stofnkostnaður er 20 000 þús. kr., sem er 10 000 þús. kr. lægri fjárhæð en í fjárlögum 1979, og skal varið til að leysa húsnæðismál skólans.

321 **Kennaraháskóli Íslands.** Fjárveiting til skólans hækkar um 422 945 þús. kr. Laun hækka um 240 400 þús. kr. sem skýrist af almennum launahækkunum og fjölgun um eitt stöðugildi lektors. Er það til komið vegna eldri heimildar að ⅔ hlutum auk nýrrar heimildar að ⅓ hluta. Önnur rekstrargjöld hækka um 63 945 þús. kr. Skýringin felst í verðlagshækkunum og af framlagi til viðfangsefnisins námskeið réttindalausra kennara 32 000 þús. kr. Liður þessi var áður á fjárlagalið 02—791 Grunnskólar, almennt, en framlag í fjárlögum 1979 nam 11 000 þús. kr. Viðhald verður 7 900 þús. kr. sem er lækkun um 600 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 178 000 þús. kr. sem er 120 500 þús. kr. hærra framlag en í fjárlögum 1979. Þar af eru 13 000 þús. kr. til tækjakaupa en 165 000 þús. kr. til nýbyggingar við aðalbyggingu skólans. Þá hækka sértekjur um 1 300 þús. kr.

331 **Íþróttakennaraskóli Íslands.** Framlag til skólans hækkar um 80 238 þús. kr. Laun hækka um 35 577 þús. kr., þar af um 6 400 þús. kr. vegna einnar viðbótar-

stöðu kennara. Önnur hækkun umfram almennar launahækkanir er til komin vegna verulegrar fjölgunar nemenda við skólann og aukins kennslumagns því samfara. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 761 þús. kr. sem nemur almennum verðlagshækkunum. Viðhald verður 6 000 þús. kr. en var 4 000 þús. kr. í fjárlögum 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 50 000 þús. kr. en var 10 000 þús. kr. í fjárlögum 1979. Framlaginu skal varið til áframhaldandi hönnunar og byggingar íþróttahúss við skólann. Þá hækka sértekjur um 100 þús. kr. og verða 200 þús. kr.

351 **Fjölbrautaskólinn í Breiðholti.** Framlag til skólans hækkar um 222 045 þús. kr. Laun hækka um 265 592 þús. kr. sem er um 41 000 þús. kr. umfram almennar launahækkanir vegna fjölgunar nemenda við skólann. Önnur rekstrargjöld hækka um 13 253 þús. kr. og er það í samræmi við verðlagshækkanir. Viðhald er 7 000 þús. kr. en var 5 000 þús. kr. í fjárlögum 1979. Stofnkostnaður er áætlaður 141 200 þús. kr. sem er 58 800 þús. kr. lækkun frá fjárlögum 1979. 1 200 þús. kr. eru ætlaðar í ýmsan búnað, 20 000 þús. kr. til áframhaldandi hönnunar á E-álmu og 120 000 þús. kr. er endurgreiðsla ríkissjóðs vegna þeirra framkvæmda sem Reykjavíkurborg hefur annast.

352 **Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli.** Fjárveiting til skólans hækkar um 126 231 þús. kr. Laun hækka um 123 931 þús. kr. Þar af eru 10 900 þús. kr. vegna fjölgunar fastráðinna kennara um 1,84 stöðugildi en nemendum hefur fjölgað verulega við skólann. Hluti ríkissjóðs í launagreiðslum skólaritara, matráðskonu, umsjónarmanns og gangavarðar auk ræstingar, sem nemur u. þ. b. 13 850 þús. kr., er nú talið með launalið en var talið með öðrum rekstrargjöldum í fjárlögum 1979. Þetta skýrir jafnframt hækkun þess liðar um 2 300 þús. kr. eða 12,2%. Gjaldfærður stofnkostnaður er 15 000 þús. kr. sem er sama fjárveiting og 1979. Er þar um að ræða greiðslu á hluta ríkissjóðs samkvæmt samningi um nýbyggingu skólans og breytingar á eldra húsi hans.

353 **Fjölbrautaskóli Suðurnesja.** Framlag til skólans hækkar um 16 992 þús. kr. Laun hækka um 94 542 þús. kr. sem er um það bil 30 000 þús. kr. lægri upphæð en almennar launahækkanir gera ráð fyrir. Er það vegna endurskoðaðrar áætlunar um nemendafjölda sem var ofáætlaður í fjárlögum 1979. Önnur rekstrargjöld hækka um 20 450 þús. kr., þar af eru um 13 500 þús. kr. vegna vanáætlunar í fjárlögum 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður er 65 000 þús. kr. og er varið til endurgreiðslu ríkissjóðs vegna byggingar kennsluhúss skólans. Það er 2 000 þús. kr. hærra framlag en var árið 1979.

355 **Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða en skólinn tekur við hlutverki iðnskóla, vélskóla og stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum sem lagðir hafa verið niður. Heildarframlag er áætlað 89 637 þús. kr.

356 **Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki.** Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða en skólinn tekur við hlutverki iðnskóla og framhaldsdeilda grunnskóla á Sauðárkróki sem lagðir hafa verið niður. Heildarframlag er áætlað 158 095 þús. kr. Þar af laun 59 935 þús. kr., rekstrargjöld og viðhald 3 160 þús. kr. og stofnkostnaður 95 000 þús. kr.

421 **Fræðslumyndasafn.** Hækkun á þessum lið er 11 714 þús. kr. og er þar eingöngu um að ræða almennar launa- og verðlagshækkanir. Stöðuheimildir eru auknar um 0,4 stöðugildi vegna þess að staða forstöðumanns er nú setin að fullu í stað 60% undanfarið.

501 **Tækniskóli Íslands.** Framlag ríkissjóðs verður 461 213 þús. kr., og er það hækkun um 145 198 þús. kr. sem skiptist þannig á einstakar gjaldategundir. Laun hækka um 132 298 þús. kr. sem er um 9 300 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Hækkun þessi er tilkomin vegna eftirtalinna liða: Stundakennslu, prófgæslu, námsskrárgerðar og persónuuppbótar. Aðrir gjaldaliðir hækka samtals um 12 640 þús. kr. Þá lækka sértekjur um 260 þús. kr.

521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Lækkun á þessum lið, 100 603 þús. kr., skýrist fyrst og fremst af því að launaliður lækkar um 110 783 þús. kr. Laun nema vegna bóklega þáttar námsins falla niður en voru í fjárlögum 1979 áætluð nálægt 115 000 þús. kr. Einnig er um að ræða nettó fækkun stöðugilda um 4,62 sem þýðir um 22 700 þús. kr. lækkun á launum. Að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 7 285 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður er áætlað 6 600 þús. kr. Það er 3 900 þús. kr. hærri fjárhæð en fjárveitingin nam 1979. Þá eru sértekjur hækkaðar um 1 005 þús. kr.

522 **Nýi hjúkrunarskólinn.** Fjárveiting hækkar um 14 691 þús. kr. Laun hækka um 13 091 þús. kr., þar af eru 2 800 þús. kr. vegna fjölgunar stöðugilda kennara um 0,5 en önnur laun lækka á móti. Nokkur fækkun nemenda á sér stað þannig að launaliðurinn er í samræmi við tillögur skólans og hækkar um 38,3% og er það eðlilegt miðað við áætlað kennslumagn. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 600 þús. kr., sem er um 18% hækkun frá fjárlögum 1979, og er tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings árið 1978.

553 **Húsmæðrakennaraskólar.** Liðurinn hækkar um 97 412 þús. kr. Laun hækka um 79 509 þús. kr. eða sem nemur almennum launahækkunum þrátt fyrir fækkun um 1,23 stöðugildi kennara. Önnur rekstrargjöld hækka um 12 141 þús. kr. og viðhald er áætlað 37 262 þús. kr. sem er 12 262 þús. kr. hærri fjárveiting en 1979. Sértekjur eru áætlaðar 6 500 þús. kr. en ekki hefur verið áætlað fyrir sértekjum áður.

610 **Héraðsskólar, almennt.** Fjárveiting til héraðsskóla, almennt hækkar um 37 500 þús. kr. og verður fjárveitingin 254 000 þús. kr. Framlag til viðhalds héraðsskólanna hækkar um 24 000 þús. kr. og verður 72 000 þús. kr. Þá hækkar liðurinn gjaldfærður stofnkostnaður um 13 000 þús. kr. og verður 182 000 þús. kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun gera tillögu um skiptingu fjár til viðhalds og stofnkostnaðar milli einstakra héraðsskóla. Ekki er áætlað fyrir sértekjum en þær voru 500 þús. kr. í fjárlögum 1979.

700—780 **Grunnskólar, rekstur.** Heildarkostnaður við rekstur grunnskóla hækkar um 5 185 144 þús. kr. frá fjárlögum 1979 eða um 48,8%. Launaliðurinn hækkar um 4 876 185 þús. kr. Hefur þá verið tekið tillit til hækkunar launatengdra gjalda um 1% og launaflokkahækkunar kennara. Til lækkunar kemur fækkun yfirvinnustunda fastra kennara í samræmi við fyrirmæli menntamálaráðuneytisins á s. l. sumri. Er þessi sparnaður í samræmi við skerðingu kennslustunda sem var ákveðinn við afgreiðslu fjárlaga ársins 1979 og þá metinn á 150 000 þús. kr.

Vegna óvissu um hvaða áhrif þessar ráðstafanir munu hafa á starfsemi grunnskóla landsins er gert ráð fyrir fjárveitingu undir liðnum grunnskólar, almennt (02-791) 610 200 þús. kr. sem verður til skipta til einstakra fræðsluumdæma, ef þörf krefur, við endurmat á fjárþörf grunnskólanna.

Ennfremur kemur til lækkunar að tveir framhaldsskólar hafa verið stofnaðir, í Vestmannaeyjum og á Sauðárkróki, og eru nú með sérstök fjárlaganúmer. Almennt framhaldsnám þessara skóla tilheyrði grunnskólum viðkomandi umdæma í fjárlögum 1979.

Önnur rekstrargjöld hækka um 267 075 þús. kr. eða 36,7%. Er um að ræða hækkun til grunnskóla í öllum umdæmum nema í Reykjavík, þar sem þessi liður lækkar um 14 458 þús. kr. Ástæðan er sú að kostnaður við heilsugæslu er tekinn út þar sem hann er borinn uppi af almennri heilsugæslu. Yfirfærslur til sveitarfélaga — framlög til fræðsluskrifstofa — hækka verulega eða um 41 884 þús. kr. Er framlag ríkissjóðs reiknað í samræmi við ákvæði 85. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla, þ. e. að dagvinnutímakaup í meðallaunaflokki kennara (14. launafl.) verði greitt á hvern nemanda í grunnskólum umdæmisins þannig að 1,4 stundir koma á hverja fyrstu 2200 nemendur og 0,4 stundir á hvern nemanda þar umfram. Reiknað var með launum samkvæmt launatöflu í mars 1979 að viðbættum 34,47%. Við þetta framlag er síðan bætt 1 750 þús. kr. fyrir húsaleigu og ferðakostnaði í hverju umdæmi.

791 **Grunnskólar, almennt.** Fjárveiting á þessum fjárlagalið nemur samtals 878 219 þús. kr. og er það 697 734 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Áætlað er nú til nýs liðar, laun og önnur rekstrargjöld í grunnskólum 634 313 þús. kr., (sjá nánar í greinargerð 700—780 Grunnskólar, rekstur). Þar af eru laun 610 200 þús. kr. og önnur rekstrargjöld 24 113 þús. kr. Aðrar hækkanir sem orðið hafa eru sem hér segir: Laun kennara sem orlof fá 18 398 þús. kr., stjórnskipaðir prófdómarar 19 905 þús. kr., til umferðarfræðslu í skólum 2 058 þús. kr., til framkvæmdar sundskyldu í skólum 34 060 þús. kr. Þá fellur niður viðfangsefnið námskeið kennara sem ekki hafa full réttindi, en fjárveiting var 11 000 þús. kr. í fjárlögum 1979. Fjárveiting þessi færist yfir til Kennaraháskóla Íslands.

792 **Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.** Fjárveiting á þessum lið hækkar um 520 500 þús. kr. og verður 2 500 000 þús. kr. Svo sem venja hefur verið mun fjárveitinganefnd Alþingis fjalla um skiptingu þessa fjár til einstakra framkvæmda.

793 **Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn.** Liður þessi fellur niður hér en framlög eru nú á fjárlagalið 07—976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.

797 **Stofnanir afbrigðilegra barna.** Liðurinn hækkar um 160 159 þús. kr. Laun hækka um 162 188 þús. kr. Þess er að geta að fækkun á sér stað um 0,33 stöðugildi kennara við Tjaldanesheimilið. Fluttar eru á liðinn 02—700 Grunnskólar í Reykjavík eftirfarandi stöðuheimildir: 4,25 stöðugildi uppeldisfulltrúa við sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur, 2,0 kennarastöður við Barnaspítala Hringsins og 3,0 kennarastöður við sjúkrakennslu utan stofnana. Þá voru 1,5 stöðugildi kennara við Heyrnleysingjaskólann og 1,0 kennarastaða við Unglingaheimili ríkisins talin með þessum lið í síðustu fjárlögum en eru nú á viðkomandi stofnunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 35 237 þús. kr. Viðhald er áætlað 6 561 þús. kr. sem er 191 þús. kr. lægri fjárveiting en var 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður, sem var 20 134 þús. kr., fellur nú undir liðinn 07—976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra. Yfirfærslur til einstaklinga og samtaka hækka um 1 094 þús. kr. Að lokum er þess að geta að sértekjur eru áætlaðar 18 035 þús. kr. en fyrir þeim hefur ekki verið áætlað áður. Þar er um að ræða örorkubætur nemenda sem eru vistaðir á vegum Öskjuhlíðarskóla, að upphæð 15 318 þús. kr., og endurgreiðslur Reykjavíkurborgar vegna aksturs hreyfihamlaðra barna á dagheimilinu Múlaborg að upphæð 2 717 þús. kr.

799 **Heyrnleysingjaskólinn.** Liðurinn hækkar um 79 432 þús. kr. Laun hækka um 70 697 þús. kr. Þar af eru 7 801 þús. kr. vegna launa 1,5 kennara sem voru í fjárlögum 1979 á lið 02—797 Stofnanir afbrigðilegra barna. Einnig er gert ráð

fyrir 1 550 þús. kr. vegna sérkennslu nemenda sem hafa takmarkað gagn af hópkennslu. Aðrir liðir hækka alls um 8 735 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir.

801 **Vistheimilið Breiðavík.** Liður þessi fellur niður enda hefur starfsemi heimilisins verið hætt samkvæmt tillögu nefndar sem endurskoðaði rekstur þess.

802 **Vernd barna og ungmenna.** Liðurinn hækkar um 22 928 þús. kr. Rekstrarliðir hækka samtals um 5 328 þús. kr. eða sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Yfirfærslur til einstaklinga og samtaka hækka um 17 600 þús. kr. og verða 21 300 þús. kr. Þar af er nýtt viðfangsefni, meðferðarheimilið að Smáratúni í Fljótshlíð, með 17 000 þús. kr. rekstrarstyrk.

803 **Dagvistarheimili, stofnkostnaður.** Framlag hækkar um 140 040 þús. kr. og verður 500 040 þús. kr. Fjárveitinganefnd Alþingis mun fjalla um skiptingu framlags þessa til einstakra framkvæmda.

871 **Unglingaheimili ríkisins.** Liður þessi, sem er framlag til B-hluta stofnunar hækkar um 64 054 þús. kr. Launaliðurinn hækkar um 57 904 þús. kr. Eitt stöðugildi kennara er flutt af lið 02—797 Stofnanir afbrigðilegra barna. Ráðninganefnd ríkisins heimilaði 1979 ráðningu sálfræðings í 0,75 stöðugildi sem er nýtt. Þá er fyrirhuguð stofnun göngudeildar við heimilið með launalið sem nemur 5 170 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður er áætlaður 17 100 þús. kr., þar af 15 000 þús. kr. til kaupa á húsnæði fyrir göngudeild. Aðrar hækkanir eru vegna almennra launa- og verðlagshækkana.

872 **Lánasjóður íslenskra námsmanna.** Framlag hækkar um 3 160 026 þús. kr. og verður 5 394 887 þús. kr. í heild. Auk þessa framlags verður sjóðnum aflað heimildar til lántöku allt að 1 200 000 þús. kr. Geta sjóðsins til lánveitinga er alls 5 636 000 þús. kr. og styrkveitingar alls 315 000 þús. kr. og kemur þetta fram í B-hluta frumvarpsins. Fjárveiting og lántökur eru við það miðaðar að sjóðurinn geti staðið undir 85% umframfjárþörf eins og hún er metin af sjóðsstjórn og er það óbreytt frá gildandi reglu. Fjölgun lánveitinga á áætluninni er miðuð við 15% frá árinu 1979 og verðlagsbreyting milli ára miðast við 45% í samræmi við forsendur um innlent og erlent verðlag og gengisbreytingar. Ef ekki reynist unnt að standa við fyrrgreind skilyrði um lánveitingar er sá varnagli í 6. gr. frumvarpsins að heimiluð er lántaka vegna sjóðsins að upphæð 500 000 þús. kr. auk þeirra 1 200 000 þús. kr. sem fyrr er getið. Afborganir lána og vaxtagreiðslur sjóðsins hafa farið ört vaxandi á síðustu árum. Full ástæða er til þess að fram fari athugun á fjármálum sjóðsins, ekki síst m.t.t. lánsfjármögnunar sjóðsins og endurgreiðslu veittra lána.

881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Fjárveiting verður 203 350 þús. kr. og er það hækkun um 127 000 þús. kr. frá fjárlögum 1979. Skiptist hækkunin þannig á einstök viðfangsefni: Framlag til Félagsstofnunar stúdenta hækkar um 16 000 þús. kr. og verður 45 000 þús. kr. Stúdentagarðar, viðhald hækkar um 75 000 þús. kr. og verður 100 000 þús. kr. Þar af eru 50 000 þús. kr. vegna greiðslu skuldar sem er tilkomin vegna viðhalds á Gamla Garði og aðrar 50 000 þús. kr. til áframhaldandi viðhalds stúdentagarðanna. Þá er tekið upp nýtt viðfangsefni, hjónagarðar 25 000 þús. kr., en framlag þetta er ætlað til að létta á skuldabyrði vegna byggingar hjónagarða við Suðurgötu. Hinn 30. janúar 1979 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að gera tillögur um hvernig best megi tryggja rekstrargrundvöll Félagsstofnunar stúdenta í framtíðinni. Nefndin hefur skilað áliti. Við ákvörðun ofangreindra framlaga var tekið mið af áliti nefndarinnar. Þá hækkar styrkur til erlendra námsmanna í íslenskum

skólum um 3 000 þús. kr., styrkur til grænlensks stúdents um 1 000 þús. kr., styrkur til færeysks fræðimanns um 970 þús. kr., styrkur til útgáfustarfsemi 5 430 þús. kr. og aðrir liðir um 600 þús. kr.

885 **Fullorðinsfræðsla.** Framlag hækkar um 24 000 þús. kr. og nemur alls 29 200 þús. kr. Framlag til bréfaskóla hækkar um 3 000 þús. kr. og til námsflokka 1 000 þús. kr. Þá bætist við nýtt viðfangsefni, dönskukennsla í sjónvarpi 20 000 þús. kr.

931 **Náttúruverndarráð.** Fjárveiting hækkar um 4 619 þús. kr. Laun hækka um 18 869 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 750 þús. kr. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 4 000 þús. kr. og verður 25 000 þús. kr. Skiptist hann þannig á einstök verkefni: Til gerðar tjaldstæða í þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum 11 500 þús. kr., til þjóðgarðsins í Skaftafelli 4 000 þús. kr., framlag til Friðlýsingarsjóðs verður 7 000 þús. kr., merkingar og eftirlit friðlýstra svæða 1 500 þús. kr. og að lokum er 1 000 þús. kr. vegna stofnkostnaðar við yfirstjórn. Sértekjur hækka um 22 500 þús. kr. og verða þær 26 000 þús. kr. Fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé Þjóðhátíðarsjóðs rennur til Friðlýsingarsjóðs og er sú fjárhæð áætluð 21 000 þús. kr. Aðrar sértekjur eru áætlaðar 5 000 þús. kr. sem er að mestu leiga af tjaldstæðum.

972 **Ríkisútvarpið, sjónvarp.** Bein fjárveiting úr ríkissjóði nemur 45 000 þús. kr. vegna vaxta af 300 000 þús. kr. láni sem tekið var 1979. Gert er ráð fyrir að Ríkisútvarpið taki lán að upphæð 500 000 þús. kr. til að standa straum að þeim framkvæmdum er hingað til hafa verið fjármagnaðar með framlagi úr ríkissjóði. Áformað er að gera áætlun um heildarfjárfestingu Ríkisútvarpsins á næstu árum, ásamt áætlun um fjármögnun þessara framkvæmda með hugsanlegri hækkun afnotagjalda í þessu skyni og lántökum til lengri tíma.

974 **Sinfóníuhljómsveit Íslands.** Framlagið hækkar um 90 556 þús. kr. Þar af eru 20 018 þús. kr. hlutdeild ríkissjóðs vegna fjölgunar hljóðfæraleikara um tíu. Aðrar hækkanir eru í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir.

976 **Menningarsjóður.** Hækkun á þessum lið er 19 000 þús. kr. og nemur fjárveiting þá 45 000 þús. kr. sem er í samræmi við tekjuáætlun.

977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Framlagið til byggingar þjóðarbókhlöðu verður 300 000 þús. kr., sem fjármagnað verður með lántöku.

982 **Listir, framlög.** Hækkun á þessum lið er 180 984 þús. kr. og kemur þetta fram í eftirtöldum liðum sem þyngst vega: Launasjóður rithöfunda 37 171 þús. kr., Rithöfundasjóður Íslands 31 175 þús. kr., Leikfélag Reykjavíkur 11 000 þús. kr., Leikfélag Akureyrar 8 700 þús. kr., leiklistarstarfsemi 12 000 þús. kr., kvikmyndasjóður 15 000 þús. kr. og listamannalaun 17 000 þús. kr. Ný viðfangsefni eru: Ísl. dansflokkurinn 1 500 þús. kr., tónlistardagar 1 500 þús. kr., Listasafn alþýðu 4 000 þús. kr., myndhöggvarafélagið 1 000 þús. kr. og nýlistasafn 2 000 þús. kr. Aðrir liðir hækka alls um 39 938 þús. kr.

984 **Norræn samvinna.** Liður þessi hækkar um 20 698 þús. kr. Hækkun á hluta Íslands í norrænu menningarfjárlögunum nemur 22 528 þús. kr. Viðfangsefnið Norræna vatnafræðifélagið 100 þús. kr. fellur niður. Viðfangsefnið styrkur handa rithöfundi til dvalar á Norðurlöndum, sbr. lög nr. 28/1967, 100 þús. kr. féll niður í fjárlögum 1979 en kemur inn að nýju. Framlag Íslands til byggingar norræns húss í Þórshöfn 1 830 þús. kr. fellur niður sem sjálfstæður liður en er talinn með í framlagi Íslands til norrænu menningarfjárlaganna. Önnur framlög eru óbreytt.

985 **Félagsheimilasjóður.** Hlutur sjóðsins af áætluðum skemmtanaskatti að frádreginni skerðingu er 251 100 þús. kr. Er það 84 600 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979.

986 **Íþróttasjóður.** Fjárveiting á þessum lið nemur samtals 447 640 þús. kr. og er það hækkun um 100 000 þús. kr. frá fjárlögum 1979. Fjárveitinganefnd Alþingis mun gera tillögu um skiptingu fjárveitingarinnar milli einstakra framkvæmda svo sem verið hefur.

989 **Ýmis íþróttamál.** Framlag nemur alls 143 000 þús. kr. og hækkar það um 43 150 þús. kr. frá fjárlögum 1979. Þar af hækkar framlag til Íþróttasambands Íslands um 36 000 þús. kr., íþróttamál fatlaðra 3 000 þús. kr., til ólympíunefndar 3 000 þús. kr. og aðrir liðir um 1 150 þús. kr.

999 **Ýmislegt.** Liður þessi hækkar um 49 682 þús. kr. og skýrist þannig að niður fellur 300 þús. kr. framlag til minnisvarða um Jón Eiríksson en í fjárlögum 1979 var um lokaframlag að ræða. Viðfangsefnið forseti FIDE hækkar um 5 000 þús. kr. Liðurinn brúðuleikhús hækkar um 600 þús. kr. Nýtt viðfangsefni er tekið upp, stórmeistarar í skák 9 382 þús. kr., en hér er átt við laun tveggja stórmeistara sem fengu áður greitt af liðnum Grunnskólar, almennt. Þá er reiknað með 35 000 þús. kr. framlagi til nýs viðfangsefnis, Safnastofnunar Austurlands vegna Skriðuklausturs, en gert er ráð fyrir að Rannsóknastofnun landbúnaðarins haldi Skriðuklaustri ásamt byggingum til afnota fyrir rekstur tilraunastöðvar í landbúnaði. Framlagið er ætlað til að hefja byggingu safnhúss. Önnur framlög eru óbreytt frá fjárlögum.

03 Utanríkisráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka utanríkisráðuneytis breytast sem hér segir í m.kr.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	349,9	550,4	200,5	57,3
Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	486,2	704,1	217,9	44,8
Sendiráðin	829,0	1 280,8	451,8	54,5
Alþjóðastofnanir	523,2	1 052,9	529,7	101,2
Samtals	2 188,3	3 588,2	1 399,9	64,0

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til einstakra málefnaflokka.

101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður eykst um 181 729 þús. kr., þar af vegna starfrækslu aðalskrifstofu ráðuneytisins 144 139 þús. kr. Laun á aðalskrifstofu hækka um 84 664 þús. kr., þar af 6 357 þús. kr. vegna flutnings á einni stöðu frá sendiráðinu í London til aðalskrifstofu ráðuneytisins en samsvarandi lækkun á launum á sér stað við sendiráðið í London. Að öðru leyti er um almennar grunnlaunahækkanir að ræða að fjárhæð 78 307 þús. kr. Önnur rekstrargjöld á aðalskrifstofu hækka um 57 875 þús. kr. og er það 54,9% hækkun frá fjárlögum 1979. Hækkun umfram almennar verðlagshækkanir á rót sína að rekja til þess að heimiluð hefur verið aukning á húsnæði ráðuneytisins og nemur kostnaður vegna þess 10 800 þús. kr. Viðhald og stofnkostnaður hækkar samtals um 1 600 þús. kr. Framlög til einstakra verkefna breytast sem hér segir: Kostnaður vegna samninga við erlend ríki hækkar um 1 900 þús. kr. og verður 3 000 þús. kr., kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum eykst um 16 300 þús. kr. og verður

52 600 þús. kr., framlag til kjörræðismanna hækkar um 1 000 þús. kr. og verður 4 300 þús. kr., til upplýsinga- og kynningarstarfsemi er varið 22 200 þús. kr. og nemur hækkunin 5 040 þús. kr., til kaupa á kvikmyndum er varið 3 000 þús. kr. og er það hækkun um 2 000 þús. kr., hækkun vegna markaðsmála nemur 4 650 þús. kr. og verður framlagið þá 21 700 þús. kr. Þá er tekið inn eitt nýtt viðfangsefni sem er vegna sameiginlegrar menningarkynningar Norðurlanda í Bandaríkjunum. Áformað er að umrædd kynning fari fram árið 1982 og nemur framlag vegna þessa verkefnis 6 700 þús. kr.

102 **Varnarmáladeild.** Heildargjöld varnarmáladeildar hækka um 18 792 þús. kr. Hækkun launa nemur 13 233 þús. kr. og önnur rekstrargjöld hækka um 5 359 þús. kr. Nemur hækkun þessi 51,5% frá fjárlögum ársins 1979. Heimiluð var aukning á húsnæði varnarmáladeildar, m. a. til þess að unnt yrði að skapa nýskipaðri öryggismálanefnd viðunandi starfsaðstöðu. Skýrist hækkun á rekstrargjöldum, sem er umfram almennar verðlagshækkanir, af þessari húsnæðisaukningu. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 200 þús. kr. og verður 600 þús. kr.

301—311 **Sendiráðin.** Framlag vegna starfrækslu sendiráða Íslands erlendis hækkar samtals um 451 832 þús. kr. og skiptist hækkun þessi þannig niður á einstakar gjaldategundir: Launaliður hækkar um 299 786 þús. kr., heimilað hefur verið hálft stöðugildi við sendiráðið í Stokkhólmi og nemur hækkun vegna þess 3 249 þús. kr., að öðru leyti stafar launahækkunin af gengisbreytingum íslensku krónunnar. Aðrir rekstrarliðir sendiráðanna hækka samtals um 152 046 þús. kr. og er sú hækkun nær eingöngu gengisáhrif. Á fjárlagaliðinn Sendiráð, almennt eru færðar 39 313 þús. kr. vegna ýmissa óvissuþátta sem teknir verða til sérstakrar athugunar á þessu ári.

399 **Ýmis utanríkismál.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 391 700 þús. kr. og skýrist hækkunin af eftirfarandi þáttum: Aðstoð Íslands við þróunarlöndin hækkar um 344 000 þús. kr., þar af eru 280 000 þús. kr. vegna fiskveiðiverkefnis á Cabo Verde eyjum. Önnur hækkun sem verður á þessu viðfangsefni samtals 64 000 þús. kr. er vegna annarra samningsbundinna verkefna. Framlag til Lögbergs-Heimskringlu hækkar um 2 100 þús. kr. og verður 3 600 þús. kr. Þá færist framlag til háskóla Sameinuðu þjóðanna af fjárlagalið 03—401 Alþjóðastofnanir á Ýmis utanríkismál og nemur hækkun vegna þessa 45 600 þús. kr. en samsvarandi lækkun á sér stað á fjárlagalið 03—401.

401 **Alþjóðastofnanir.** Hækkun framlaga til alþjóðastofnana nemur samtals 137 981 þús. kr. og verður framlagið þá 579 175 þús. kr. Hækkun vegna gengisbreytinga íslensku krónunnar gagnvart bandaríkjadollar nemur 140 401 þús. kr., hækkun vegna breyttrar skiptingar á kostnaðarhlutdeild aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna nemur 30 780 þús. kr. og kemur þessi hækkun fram á viðfangsefninu 0101 Sameinuðu þjóðirnar og 0105 Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO. Þá færist framlag til háskóla Sameinuðu þjóðanna á fjárlagaliðinn Ýmis utanríkismál en fjárveiting til þessa verkefnis var 33 200 þús. kr. í fjárlögum ársins 1979.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka landbúnaðarráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m. kr.:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M. kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	134,4	245,7	111,3	82,8
Búnaðarmál	10 057,7	15 280,0	5 222,3	51,9
Skólar	444,6	614,7	170,1	38,3
Samtals	10 636,7	16 140,4	5 503,7	51,7
Þar af markaður tekjustofn	19,4	19,4	—	—

Markaður tekjustofn, sem telst til landbúnaðarráðuneytisins, er hluti gjalds af seldum vindlingum sem rennur til Landgræðslusjóðs. Gjaldið er óbreytt frá fjárlögum 1979.

Til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokka skulu nú helstu fjárlagaliðir ræddir nánar.

101 **Aðalskrifstofa.** Hækkun á framlagi til aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur samtals 51 417 þús. kr. eða 62,7%. Laun hækka um 40 665 þús. kr., þar af er sérstök fjárveiting 10 154 þús. kr. vegna skipulagsmála í landbúnaði samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 10 752 þús. kr. í samræmi við verðlagsforsendur.

171 **Jarðeignir ríkisins.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 37 350 þús. kr. og verður 79 000 þús. kr. Er það 89,7% hækkun frá fjárlögum 1979.

172 **Jarðasjóður.** Framlag til Jarðasjóðs er hækkað um 22 500 þús. kr. og verður 33 300 þús. kr. Hækkun þessi á rót sína að rekja til þess að sjóðnum hefur reynst erfitt að standa við skuldbindingar sínar og er með þessu framlagi reynt að ráða bót þar á.

201 **Búnaðarfélag Íslands.** Framlag til Búnaðarfélags Íslands hækkar um 178 430 þús. kr. og nemur samtals 471 840 þús. kr. Fjárveitingar eru til þriggja nýrra verkefna. Það eru forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum sem stofnað er til með lögum nr. 32/1979 og nemur fjárveiting 43 449 þús. kr. Þá er veitt til starfs hrossaútflutningsráðunauts 1 894 þús. kr. og framlag ríkissjóðs til varahlutaþjónustu landbúnaðarins nemur kr. 1 319 þús. kr. Að öðru leyti er um almennar launa- og verðlagsbreytingar að ræða.

205 **Veiðistjóri.** Hækkun á framlagi nemur 22 249 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 4 096 þús. kr. og er hér um eðlilegar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 085 þús. kr. sem er innan eðlilegra verðlagshækkana. Þá hækkar liðurinn Til sveitarfélaga um 16 068 þús. kr. og er það 67,1% hækkun frá fjárlögum 1979, en liður þessi hefur verið vanáætlaður að undanförnu og er ætlunin að leiðrétta það hér með.

206 **Rannsóknastofnun landbúnaðarins.** Framlag til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hækkar um 216 046 þús. kr. og nemur samtals 693 012 þús. kr., þar af hækkar launaliður um 100 586 þús. kr. vegna eðlilegra launahækkana. Rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 71 603 þús. kr. Af þeirri fjárhæð er hækkun vegna landgræðsluáætlunar 8 513 þús. kr. sem er greiðsla á verðbótum vegna síðasta hluta þjóðargjafarinnar. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um

1 610 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 17 000 þús. kr. og verða 30 000 þús. kr. Framlög til tilraunastöðvanna hækka samtals um 59 247 þús. kr. Þau verða 181 626 þús. kr. og skiptast sem hér segir:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Breyting
Hestur	25 163	41 834	16 671
Reykhólar	12 998	20 323	7 325
Möðruvellir	39 243	51 503	12 260
Skriðuklaustur	28 513	42 400	13 887
Sámsstaðir	16 462	25 566	9 104
Samtals	122 379	181 626	59 247

Af fjárveitingunni til Hestsbúsins fara 5 200 þús. kr. til tækjakaupa en 36 634 þús. kr. er rekstrarfjárveiting. Á Reykhólum eru 3 000 þús. kr. af fjárveitingunni til tækjakaupa en 17 323 þús. kr. er rekstrarfjárveiting. Fjárveiting til tilraunastöðvarinnar á Möðruvöllum er 51 503 þús. kr., þar af eru 17 000 þús. kr. til áframhaldandi framkvæmda við tilraunafjós, 541 þús. kr. til tækjakaupa og 33 962 þús. kr. rekstrarfjárveiting. Af framlagi til Skriðuklausturs fara 5 750 þús. kr. til tækjakaupa en 36 650 þús. kr. er rekstrarfjárveiting. Framlag til tilraunastöðvarinnar á Sámsstöðum skiptist þannig að 6 700 þús. kr. eru til tækjakaupa en 18 866 þús. kr. er rekstrarfjárveiting.

231 **Skógrækt ríkisins.** Framlag til Skógræktar ríkisins hækkar samtals um 119 178 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 78 150 þús. kr., eingöngu vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 18 300 þús. kr. og verða 59 000 þús. kr., þar af er sérstök fjárveiting 1 000 þús. kr. sem er til að safna borsýnum úr trjám og mæla árhringi. Viðhald hækkar um 11 800 þús. kr. og verður 39 500 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 30 928 þús. kr. og verður 181 137 þús. kr. Þar af er greiðsla verðbóta vegna landgræðsluáætlunar 145 137 þús. kr. Framlag til einstaklinga og samtaka hækkar um 4 000 þús. kr. og verður 13 000 þús. kr. Þá eru sértekjur hækkaðar um 24 000 þús. kr.

235 **Landgræðsla ríkisins.** Framlag hækkar um 149 939 þús. kr., þar af hækka laun og önnur rekstrargjöld samtals um 72 011 þús. kr. sem er eingöngu vegna eðlilegra launa- og verðlagsbreytinga. Viðhald hækkar um 14 600 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 87 328 þús. kr., þar af hækkar landgræðsluáætlun um 97 328 þús. kr. sem er vegna greiðslu verðbóta. Sértekjur stofnunarinnar eru hækkaðar um 24 000 þús. kr.

241 **Landnám ríkisins.** Framlag til Landnáms ríkisins hækkar samtals um 10 314 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 15 754 þús. kr. sem er eingöngu vegna umsaminna launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 3 460 þús. kr. sem er vegna almennra verðlagsbreytinga. Viðhald verður 250 þús. kr. Yfirfærsla til B-hluta 25 000 þús. kr. fellur niður en í fjárlögum 1979 voru veittar 10 000 þús. kr. til Fóðuriðjunnar í Ólafsdal og 15 000 þús. kr. til Grænfóðurverksmiðjunnar í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu. Þá verður framlag til einstaklinga og samtaka 20 000 þús. kr. og skiptist þannig: Vegna Hólsfjallaáætlunar 17 000 þús. kr., vegna Kleppjárnsreykja 2 000 þús. kr. og vegna Möðrudals 1 000 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 4 150 þús. kr.

247 **Yfirdýralæknir.** Framlag til embættis yfirdýralæknis hækkar um 104 711 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 69 426 þús. kr. Þar af eru 3 362 þús. kr. vegna dýralæknis í Strandaumdæmi, en Strandaumdæmi hefur hingað til verið gegnt frá dýralæknisembættinu í Húnavatnssýslu. Að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 181 þús. kr. vegna almennra verðbreytinga. Þá hækkar viðhaldsliður um 7 000 þús. kr. og verður 14 000 þús. kr. en ætlunin er að efla viðhald dýralæknisbústaða á næsta ári. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 22 000 þús. kr. og verður 52 000 þús. kr. sem ætlað er til síðasta áfanga byggingar á dýralæknisbústað á Þórshöfn og byggingar dýralæknisbústaðar á Barðaströnd. Gert er ráð fyrir 12 000 þús. kr. fjárveitingu vegna fyrirhugaðra kaupa á húsnæði fyrir héraðsdýralækninn á Breiðdalsvík. Þá hækkar yfirfærsla til einstaklinga og samtaka um 2 104 þús. kr.

271 **Landgræðslusjóður.** Framlag til sjóðsins er óbreytt frá fjárlögum 1979 19 380 þús. kr. Er hér um að ræða hluta vindlingagjalds sem rennur í sjóðinn.

286 **Landbúnaður, framlög.** Hækkun á þessum lið nemur 10 950 þús. kr. og er hækkunin öll vegna Veðdeildar Búnaðarbankans, en með lögum nr. 34/1979 er kveðið á um að árlegt framlag ríkissjóðs skuli vera 25 000 þús. kr. Framlag þetta er skert um 15% og verður 21 250 þús. kr. Önnur framlög eru óbreytt.

287 **Stofnlánadeild landbúnaðarins.** Framlagið til stofnlánadeildarinnar sem er lögbundið hækkar um 78 200 þús. kr. og verður 721 700 þús. kr. Hefur þá átt sér stað skerðing á framlaginu til stofnlánadeildarinnar er nemur 353 300 þús. kr.

288 **Jarðræktarframlög.** Heildarfjárveiting á þessum fjárlagalið hækkar um 922 672 þús. kr., þar af hækka laun um 46 039 þús. kr. sem er vegna launa héraðsráðunauta. Önnur rekstrargjöld hækka um 6 633 þús. kr. Framlag til jarðræktarframlaga hækkar um 870 000 þús. kr. og verður 1 860 000 þús. kr. Bráðabirgðaákvæði laga nr. 43/1979 er á þá leið að í fjárlögum 1980—1985 skuli ætla til framkvæmda skv. 10. gr. jarðræktarlaga fjárhæð sem nemur meðaltali slíkra framlaga árin 1978 og 1979. Á þá fjárhæð skal árlega greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda. Áætlun um framlag ríkissjóðs 1980 er byggð á meðalframlagi ríkissjóðs til jarðræktar á árunum 1978 og 1979. Til framreiknings á verðlagi 1978—79 er notuð vísitala jarða- og húsabóta frá Hagstofu Íslands sem hækkar að meðaltali um 50—51%. Samkvæmt áætlun sömu stofnunar má vænta hækkunar á vísitölu jarða og húsabóta að meðaltali um 43—44% á árinu 1979—1980 og er það hlutfall lagt til grundvallar útreikningunum.

289 **Framræsla.** Framlög vegna framræslu hækka um 125 000 þús. kr. og verða 385 000 þús. kr. Þar af er flýtigreiðsla 65 000 þús. kr.

290 **Útflutningsbætur.** Áætlaðar uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir vegna framleiðsluársins 1979/80 nema alls 8 400 000 þús. kr. og hækka um 3 063 000 þús. kr. eða 57.4% frá fjárlögum 1979. Er þá miðað við fullnýtingu verðábyrgðar ríkissjóðs á árinu sem er 10% af framleiðsluverðmæti landbúnaðarvara samkvæmt mati Hagstofu Íslands.

291 **Búfjárrækt skv. lögum nr. 31/1973.** Framlag vegna búfjárræktar hækkar um 86 659 þús. kr. og verður 274 960 þús. kr. Hækkun launa um 39 799 þús. kr. er eingöngu tilkomin vegna almennra launabreytinga. Framlög til hinna einstöku búgreina hækka samtals um 46 860 þús. kr. og verða 153 400 þús. kr.

501 **Bændaskólinn Hvanneyri.** Hækkun á framlagi til Bændaskólans á Hvanneyri nemur samtals 89 111 þús. kr. og skiptist hækkunin þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 76 026 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launabreytinga. Önnur rekstrargjöld hækka um 36 240 þús. kr. vegna almennra verðlagshækkana. Viðhaldsliður hækkar um 6 460 þús. kr. og verður 23 460 þús. kr. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 6 500 þús. kr. og verður 60 000 þús. kr. Skiptist stofnkostnaðurinn sem hér segir: Áætlað er að verja 52 000 þús. kr. til húsbyggingarframkvæmda og 8 000 þús. kr. vegna lóða og lagna. Þá hækka sértekjur skólans um 23 115 þús. kr. og verða 100 815 þús. kr.

502 **Bændaskólinn Hólum.** Hækkun á framlagi til Bændaskólans á Hólum nemur samtals 28 919 þús. kr. og verður framlagið þá 122 603 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á sérstakar gjaldategundir: Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 33 069 þús. kr. sem eru eingöngu almennar launa- og verðlagshækkanir. Þá hækkar viðhald um 4 200 þús. kr. og verður 17 000 þús. kr. Viðhaldsliðurinn skiptist á eftirfarandi hátt: Til viðhalds á skólahúsi, kennarabústöðum I og II, starfsmannahúsi og skólastjórahúsi er áætlað að verja 12 000 þús. kr., til viðhalds á útihúsum eru áætlaðar 2 000 þús. kr., þá eru 2 000 þús. kr. áformaðar til viðhalds vatnsveitu og 1 000 þús. kr. til viðhalds á vélaverkstæði skólans. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 650 þús. kr. og verður 19 000 þús. kr., þar af eru 17 000 þús. kr. til lúkningar á 1. áfanga hesthúss á staðnum og 2 000 þús. kr. til véla- og verkfærakaupa. Sértekjur skólans eru hækkaðar um 9 000 þús. kr. Nauðsynlegt er að tekin verði afstaða til hvort og þá hvernig áformað er að endurreisa Hólastað.

503 **Garðyrkjuskóli ríkisins.** Framlag ríkissjóðs til Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum hækkar samtals um 52 081 þús. kr. og verður 169 100 þús. kr. Skiptist hækkun þessi þannig á einstaka gjaldaliði: Laun hækka um 37 103 þús. kr. og verða 102 919 þús. kr., þar af eru 2 973 þús. kr. vegna ráðningar á sérfræðingi í ljóstækni- og lífeðlisfræði plantna til kennslustarfa en hann er að hálfu leyti starfsmaður RALA. Að öðru leyti er um eðlilegar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 11 135 þús. kr. og verða 38 268 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Þá hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 14 630 þús. kr. og verður 50 000 þús. kr. Af stofnkostnaðinum eru ætlaðar 48 100 þús. kr. til að ljúka heimavist III og 1 900 þús. kr. til frágangs á anddyri. Þá eru sértekjur skólans hækkaðar um 10 787 þús. kr. og verða 22 087 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára sem hér segir í m. kr.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	108,4	190,4	82,0	75,6
Útvegsmál	4 336,7	5 360,8	1 024,1	23,6
Annað	151,8	226,8	75,0	49,4
	4 596,9	5 778,0	1 181,1	25,7
Þar af markaðir tekjustofnar	215,0	135,0	+80,0	

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis eru hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum sem lækkar um 80,0 m.kr. frá fjárlögum ársins 1979. Skipting milli viðtakenda er þessi: Byggingarsjóður hafrannsóknaskips fær 121,5 m.kr. og er það

hækkun um 5,1 m.kr., til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins renna 13,5 m.kr. og er það lækkun um 1,1 m.kr. frá fjárlögum 1979. Hluti af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum sem runnið hefur til framleiðslueftirlits sjávarafurða fellur nú niður en framleiðslueftirlitið fékk 83,9 m.kr. af gjaldinu í fjárlögum ársins 1979. Helstu fjárlagaliðir skulu nú skýrðir nánar til skýringar á breytingum á framlögum til einstakra málefnaflokka.

101 **Aðalskrifstofa.** Heildarhækkun á aðalskrifstofu ráðuneytisins nemur 81 984 þús. kr. og er það 75,6% hækkun frá fjárlögum ársins 1979. Hækkun á launalið er 66 646 þús. kr. og skýrist af eftirfarandi: Heimiluð hefur verið staða ritara og nemur kostnaður vegna þess 3 708 þús. kr. Í fjárlögum 1979 var launaliður ráðuneytisins varðandi nefndakostnað og aðkeypta vinnu verulega vanáætlaður og er það nú lagfært með 10 000 þús. kr. hækkun. Að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða. Þá eru rekstrargjöld hækkuð um 15 838 þús. kr., viðhald um 2 000 þús. kr., en gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 2 500 þús. kr.

202 **Hafrannsóknastofnun.** Fjárveiting til Hafrannsóknastofnunar hækkar um 527 818 þús. kr. eða 41,7% frá fjárlögum ársins 1979 og skiptist hækkun þessi þannig: Laun hækka um 168 588 þús. kr., önnur rekstrargjöld hækka um 263 250 þús. kr., sem er um 76,8% hækkun frá fjárlögum 1979, en hækkun þessi skýrist af miklum verðhækkunum sem orðið hafa á olíu á síðustu mánuðum. Að öðru leyti er um eðlilegar verðlagshækkanir á öðrum rekstrargjöldum að ræða. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 68 980 þús. kr. Þá er ekki áætlað fyrir sértekjum en þær námu 27 000 þús. kr. í fjárlögum 1979. Fjárveiting til úthalds rannsóknaskipsins Hafþórs er felld niður en í fjárlögum ársins 1979 var fjárveitingin sem hér segir: Laun námu 148 031 þús. kr., önnur rekstrargjöld voru 54 499 þús. kr. og viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður námu samtals 20 000 þús. kr. Þá voru sértekjur áætlaðar 25 500 þús. kr. Samtals var því fjárveiting til úthalds skipsins 197 030 þús. kr. Fjárveiting til Hafþórs er nú samtals 50 000 þús. kr. Þar af eru 30 000 þús. kr. vegna togvindu skipsins og 20 000 þús. kr. til að halda uppi nauðsynlegri gæslu í skipinu þar til ákvörðun verður tekin um nýtingu þess. Á móti þessari útgjaldalækkun er fjárveiting til annarrar rannsóknarstarfsemi Hafrannsóknastofnunar aukin um 110 000 þús. kr. Til bráðabirgða er fjárveiting þessi færð til gjalda hjá aðalskrifstofu stofnunarinnar en síðar mun endanleg ráðstöfun fjárins verða ákveðin í samráði við hlutaðeigandi aðila.

203 **Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.** Heildarfjárveiting til rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins verður 322 070 þús. kr. og er það 91 974 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Skiptist hækkun þessi þannig milli gjaldategunda: Laun hækka um 84 951 þús. kr., þar af eru 4 171 þús. kr. vegna verkefnaráðningar en að öðru leyti er um eðlilegar launahækkanir að ræða. Aðrar hækkanir á framlagi til stofnunarinnar, samtals 7 023 þús. kr., eru í samræmi við almennar verðlagshækkanir.

274 **Aflatryggingarsjóður.** Mótframlag ríkissjóðs til almennu deildar sjóðsins hækkar um 21 050 þús. kr. og verður 501 350 þús. kr. Við ákvörðun á mótframlagi ríkissjóðs er miðað við lög nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5/1976. Samkvæmt lögum nr. 2/1980 yrði framlag ríkissjóðs til aflatryggingarsjóðs 808 400 þús. kr. Framlag þetta er skert um 307 050 þús. kr.

275 **Fiskveiðasjóður.** Framlag til Fiskveiðasjóðs hækkar um 39 500 þús. kr. og verður 1 236 000 þús. kr. Er þá miðað við lög nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5/1976. Framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs skv. lögum nr. 2/1980 hefur verið skert um 340 000 þús. kr.

299 **Ýmislegt á sviði sjávarútvegs.** Framlag hækkar um 41 664 þús. kr. og skiptist þannig milli einstakra viðfangsefna: Tekin eru inn tvö ný viðfangsefni, vinnu- og rekstrarhagræðing í fiskvinnslufyrirtækjum 10 000 þús. kr. og til mörkunar fiskveiðistefnu 30 000 þús. kr. Fellt er niður framlag til tveggja verkefna, verðuppbætur á línufisk 40 000 þús. kr. og fiskvinnsluvélanámskeið 2 500 þús. kr. Eftirtalin framlög hækka frá fjárlögum 1979: Framlag til sjóvinnunámskeiða hækkar um 2 000 þús. kr., til skólabáta 5 500 þús. kr. og eftirlit með hvalvinnslustöðvum 144 þús. kr., til að tryggja útgerðarfyrirtækjum viðgerðarþjónustu á fiskleitartækjum 300 þús. kr. og veiðieftirlit 36 320 þús. kr. Framlag til vátryggingasjóðs fiskiskipa lækkar um 100 þús. kr. og verður 68 000 þús. kr. Hér er um að ræða lokagreiðslu á halla vátryggingasjóðs fiskiskipa eftir eldra kerfi samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá árinu 1976. Þessum greiðslum átti að ljúka á árinu 1979 en því var breytt í meðförum Alþingis við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1979.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Málefnaflokkar dómsmálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í m.kr.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	148,5	228,7	80,2	54,0
Dómgæsla, lögr.mál o. fl.	10 077,8	14 166,4	4 088,6	40,6
Þjóðkirkjan	909,2	1 353,5	444,3	48,9
Samtals	11 135,5	15 748,6	4 613,1	41,4

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokka.

101 **Aðalskrifstofa.** Fjárveiting hækkar um 68 598 þús. kr. Laun hækka um 57 370 þús. kr., þar af eru 7 445 þús. kr. vegna launa lausráðins starfsmanns er hafi það verkefni að vinna að auknu aðhaldi og bættu skipulagi við sýslumanns- og bæjarfógetaembættin. Þetta verkefni er flutt af liðnum 06-211 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta. Aðrar hækkanir launa, 49 925 þús. kr., eru vegna almennra launahækkana. Aðrir gjaldaliðir hækka um 11 228 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir.

202 **Ríkissaksóknari.** Framlag til þessa fjárlagaliðar hækkar samtals um 40 572 þús. kr. og verður fjárveitingin þá 128 183 þús. kr. Athugað hefur verið hvort ekki sé ástæða til að tölvuvæða sakaskrána. Mál þetta þarfnast nánari athugunar og er gert ráð fyrir framlagi til þessa verkefnis á fjárlagaliðnum Rafreiknar, framlög (15-182).

204 **Borgarfógetaembætti.** Liðurinn hækkar um 85 420 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 25 121 þús. kr. og er það 15 000 þús. kr. umfram verðlagshækkanir. Umframfjárhæðin er ætluð til endurskipulagningar á þinglýsingarbókum til einföldunar og bættrar þjónustu. Aðrar hækkanir 60 299 þús. kr. eru vegna almennra launa- og verðlagshækkana.

206 **Lögreglustjórinn í Reykjavík.** Fjárveiting hækkar um 1 147 122 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 1 022 439 þús. kr. eða sem nemur almennum verðlags- og grunnlaunahækkunum. Viðhald verður 123 509 þús. kr. sem er 32 231 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Gjaldfærður stofnkostn-

aður hækkar um 54 170 þús. kr. og verður 89 820 þús. kr. sem skiptist í meginatriðum á eftirtalin verkefni: Vegna áframhaldandi undirbúnings framkvæmda við lögreglustöð í Breiðholti 20 000 þús. kr., til kaupa á bifreiðum og bifhjólum fyrir lögreglustjóraembættið 45 000 þús. kr., til kaupa á bifreið fyrir útlendingaeftirlitið 6 000 þús. kr., ýmis áhöld fyrir yfirstjórn 6 100 þús. kr. og 10 000 þús. kr. eru til kaupa á ýmsum öðrum búnaði. Sértekjur lækka um 38 282 þús. kr. en þær reyndust ofáætlaðar í fjárlögum 1979.

207 **Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík.** Fjárveiting fellur niður enda var um lokaframlag að ræða í fjárlögum 1979.

208 **Rannsóknarlögregla ríkisins.** Liðurinn hækkar um 219 447 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 194 947 þús. kr. eða sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Viðhald verður 6 200 þús. kr. sem er 2 000 þús. kr. hækkun. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 24 500 þús. kr. og verður 34 500 þús. kr. Er það vegna 20 000 þús. kr. lokagreiðslu fyrir framkvæmdir að Auðbrekku 61 í Kópavogi, endurnýjunar á einni bifreið 6 000 þús. kr. og ýmiss skrifstofubúnaðar 8 500 þús. kr. Sértekjur eru áætlaðar 2 000 þús. kr. og er það vegna sölu einnar bifreiðar og skrifstofuvéla.

211—237 **Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.** Heildarhækkun framlaga er 1 485 436 þús. kr. frá fjárlögum 1979. Laun hækka alls um 1 231 626 þús. kr. Breytingar á starfsmannahaldi eru eftirfarandi: Aukning um hálft stöðugildi lögreglumanns á Suðureyri. Sú staða skal vera samnýtt með stöðum við bæjarfógetaembættið á Ísafirði. Ráðninganefnd hefur heimilað aukningu um hálft stöðugildi sakaskrárritara á Akureyri. Fjölgað er um eitt stöðugildi rannsóknarlögreglumanns í Keflavík er starfi einkum við rannsókn fíkniefnamála. Eins og segir í athugasemdum við aðalskrifstofu ráðuneytisins eru laun á lið 06-211 Embætti sýslumanna og bæjarfógeta flutt á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Með tilliti til þessa hækka laun sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld hækka um 211 485 þús. kr. og verða 710 328 þús. kr. og er það í samræmi við almennar verðlagshækkanir. Viðhald verður 67 866 þús. kr. sem er 20 408 þús. kr. hærri fjárveiting en 1979. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 202 078 þús. kr. sem er 40 286 þús. kr. hærra framlag en var 1979. Helstu framkvæmdaframlög eru: 30 000 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar og sýsluskrifstofu í Borgarnesi, 15 000 þús. kr. vegna lögreglustöðvar á Bolungarvík, 12 000 þús. kr. til kaupa á húsnæði á Hólmavík, 2 000 þús. kr. til endurbóta á skrifstofu í Ólafsfirði, 8 000 þús. kr. til endurbóta á húsnæði löggæslu á Seyðisfirði, 5 000 þús. kr. til athugunar á húsnæði fyrir löggæslu á Hvolsvelli, 3 000 þús. kr. til breytinga á fangahúsi í Vestmannaeyjum, en framlag til þessa í fjárlögum 1979 var ekki notað, 70 000 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar í Keflavík, einnig 8 000 þús. kr. til að fullgera innréttingar í skrifstofu embættisins. Þá eru ýmsir smærri stofnkostnaðarliðir samtals 49 078 þús. kr. Sértekjur hækka um 18 369 þús. kr. og verða alls 48 069 þús. kr.

241 **Hegningarhús.** Fjárveiting hækkar um 41 250 þús. kr. og verður 116 317 þús. kr. Laun hækka um 32 525 þús. kr. sem er um 5 100 þús. kr. meira heldur en almennar launahækkanir gefa tilefni til. Stafar hækkun þessi af því að launaliður var vanmetinn í fjárlögum 1979 og er það nú lagfært. Aðrar hækkanir nema samtals 8 725 þús. kr. sem er í samræmi við almennar verðlagshækkanir.

242 **Vinnuhælið Litla-Hrauni.** Framlag hækkar um 135 319 þús. kr. Laun og önnur rekstrargjöld hækka um 128 319 þús. kr. eða sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum. Viðhald verður 10 500 þús. kr. sem er 5 500 þús. kr. hærra framlag en var árið 1979. Áætlað er að verja 7 000 þús. kr. til viðhalds hús-

eigna og 3 500 þús. kr. til viðhalds framleiðsluvéla og bifreiðar. Gjaldfærður stofnkostnaður verður 11 000 þús. kr. sem er 9 000 þús. kr. hærri fjárveiting en var 1979. Skal verja 8 000 þús. kr. til að girða lóð vinnuhælisins og 3 000 þús. kr. vegna ýmiss búnaðar. Sértekjur hækka um 7 500 þús. kr. og verða 42 000 þús. kr. sem er vegna seldra framleiðsluvara.

243 **Vinnuhælið Kvíabryggju.** Framlag hækkar um 34 871 þús. kr. og skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 29 704 þús. kr. sem er nokkru meira en almennar launahækkanir gefa tilefni til en við ákvörðun launaliðar hefur verið tekið mið af rauntölum ársins 1978. Rekstrargjöld hækka um 6 117 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Þá hækkar viðhald um 400 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 750 þús. kr. Sértekjur hækka um 2 100 þús. kr. frá fjárlögum 1979.

251 **Landhelgisgæslan.** Fjárveiting hækkar um 317 688 þús. kr. og verður samtals 2 913 558 þús. kr. Launaliður hækkar um 203 950 þús. kr., og er það 18,1% hækkun frá fjárlögum ársins 1979. Önnur rekstrargjöld hækka um 401 306 þús. kr. Þá hækkar viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður samtals um 63 122 þús. kr. Framlag til Landhelgissjóðs lækkar aftur á móti um 350 690 þús. kr. Skýringin á þessu lækkaða framlagi til Landhelgissjóðs er sú að gert er ráð fyrir að önnur flugvél stofnunarinnar og Árvakur verði seld og nemi söluandvirðið samtals 395 000 þús. kr. sem renni í Landhelgissjóð til greiðslu á afborgunum og vöxtum sjóðsins. Framlag vegna Árvakurs í fjárlögum 1979 nam samtals 111 454 þús. kr. en áframhaldandi rekstur skipsins hefði kostað um 160 000 þús. kr. á þessu ári. Þá lækka laun í fluggæslu um 100 316 þús. kr. en það eru áætluð laun 8 starfsmanna fluggæslunnar. Nauðsynlegt er að gangskör verði gerð að því að athuga hagræðingu á viðhalds- og viðgerðaþjónustu flugvéla í eigu opinberra stofnana.

252 **Bifreiðaeftirlit ríkisins.** Liðurinn hækkar um 122 076 þús. kr. Laun og rekstrargjöld hækka um 201 277 þús. kr. og er það í samræmi við almennar launa- og verðlagshækkanir. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður eru 7 440 þús. kr. hærri en var í fjárlögum 1979. Þá hækka sértekjur um 86 641 þús. kr. og er það í samræmi við endurskoðaða tekjuáætlun fyrir stofnunina. Öll starfsemi Bifreiðaeftirlits ríkisins er nú til gagngerðrar endurskoðunar. Á haustmánuðum kom fram álit nefndar sem dómsmálaráðherra skipaði í þessu skyni og ríkir því óvissa um hvert umfang starfseminnar verður á árinu 1980.

261 **Öryggiseftirlit ríkisins.** Stofnunin hefur tekjur af öryggiseftirlitsgjaldi sem standa á undir rekstri stofnunarinnar. Hækkun gjalda og tekna nemur 58 940 þús. kr. Þess er að geta að ráðninganefnd heimilaði 1978 fjölgun um eitt stöðugildi öryggisskoðunarmanns, en staðan féll niður í fjárlögum 1979. Annars hækka einstakir liðir sem nemur almennum launa- og verðlagshækkunum.

281 **Dómsmál, ýmis kostnaður.** Hækkun á þessum lið er 62 888 þús. kr. Tekið er upp eitt nýtt viðfangsefni, útgáfa lagasafns 4 171 þús. kr. Hækkanir á öðrum liðum eru sem hér segir: Málskostnaður 20 991 þús. kr., meðdómsmenn 16 264 þús. kr., setu- og varadómarar 4 687 þús. kr., matsnefnd eignarnámsbóta 5 920 þús. kr. Aðrir liðir hækka samtals um 10 855 þús. kr.

282 **Ýmis löggæslukostnaður.** Framlag hækkar um 74 800 þús. kr., þar af lögreglubifreiðir um 54 000 þús. kr. Aðrar hækkanir 20 800 þús. kr. eru vegna almennra launa- og verðlagshækkana.

283 **Fangamál, ýmis kostnaður.** Liðurinn hækkar um 27 428 þús. kr. Laun hækka um 2 338 þús. kr. eða sem nemur almennum launahækkunum. Önnur rekstrargjöld lækka um 14 910 þús. kr. vegna minni sjúkrakostnaðar refsifanga, þ. e. vistun geðsjúkra fanga á hælum á Norðurlöndum. Gjaldfærður stofnkostnaður er 40 000 þús. kr. hærri en var í fjárlögum 1979 og verður 140 000 þús. kr. sem varið verður til byggingar gæsluvarðhaldsfangelsis á Tunguhálsi og einangrunarálmu á Litla-Hrauni. Yfirfærsla til félagssamtakanna Verndar er óbreytt 4 600 þús. kr.

301 **Þjóðkirkjan.** Framlag til þjóðkirkjunnar verður 1 270 891 þús. kr. og er það 418 028 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1979. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun og önnur rekstrargjöld hækka samtals um 354 328 þús. kr. og er þessi hækkun eingöngu vegna almennra launa- og verðlagshækkana. Þá hækkar viðhaldsliður um 41 100 þús. kr. og verður 92 700 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 17 050 þús. kr. og verður 55 950 þús. kr. Yfirfærslur til einstaklinga og samtaka hækka um 3 550 þús. kr. og verða 30 850 þús. kr. og sértekjur lækka um 2 000 þús. kr. Helstu hækkanir á einstökum viðfangsefnum eru sem hér segir: Yfirstjórn þjóðkirkjunnar hækkar um 16 480 þús. kr. sem er eingöngu eðlilegar launa- og verðlagshækkanir. Æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar hækkar um 9 813 þús. kr. Liðurinn Prestar og prófastar hækkar samtals um 309 584 þús. kr. sem er eingöngu vegna launahækkana. Viðhald embættisbústaða hækkar um 40 000 þús. kr. og verður 90 000 þús. kr. en fyrirhugað er að efla viðhald á embættisbústöðum presta. Þá hækkar liðurinn Byggingar á prestsetrum um 16 000 þús. kr. og verður 46 000 þús. kr. Önnur viðfangsefni hækka samtals um 26 151 þús. kr.

371 **Kirkjubyggingasjóður.** Framlag til Kirkjubyggingasjóðs nemur 22 500 þús. kr. og er það 9 000 þús. kr. hærra framlag en á árinu 1979.

373 **Kristnisjóður.** Hér er um lögbundið framlag ríkissjóðs að ræða samkvæmt ákvæðum 20. gr. laga nr. 35/1970. Framlag hækkar um 17 250 þús. kr. og verður 60 000 þús. kr.

07 Félagsmálaráðuneyti

Útgjöld málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins breytast milli ára eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti í m.kr.:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	67,3	119,5	52,2	77,6
Húsnæðismál	6 440,7	7 498,0	1 057,3	16,4
Önnur félagsmál	1 232,9	2 759,2	1 526,3	123,8
Gjöld samtals	7 740,9	10 376,7	2 635,8	34,1
Þar af markaðir tekjustofnar	6 408,1	7 590,3	1 182,2	18,4

Markaðir tekjustofnar þessa ráðuneytis hækka frá fjárlögum sem hér segir: Tekjustofnar er renna til Húsnæðismálastofnunar ríkisins hækka samtals um 925,7 m.kr., skipulagsgjald hækkar um 73,2 m.kr., erfðafjársjóður hækkar um 183,3 m.kr. Þá er gjald af seldum vindlingum, er rennur til Slysavarnafélags Íslands, óbreytt frá fjárlögum 1979. Verður nú vikið að helstu fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlags til málefnaflokka félagsmálaráðuneytisins.

101 **Aðalskrifstofa.** Útgjöld skrifstofunnar nema alls 119 475 þús. kr. og er það 52 201 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979. Laun hækka um 43 918 þús. kr., þar af 7 380 þús. kr. vegna fjölgunar um einn deildarstjóra er sinni málefnum þroskaheftra, sbr. lög nr. 47/1979, svo og vinnumálum sbr. IX. kafla laga nr. 13/1979. Staða aðstoðarmanns félagsmálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra var talin að öllu leyti hjá félagsmálaráðuneytinu í fjárlögum 1979 en er nú talin að hálfu hjá hvoru ráðuneyti um sig. Aðrar hækkanir launa, 36 538 þús. kr., eru vegna almennra launahækkana starfsmanna og hækkun þóknana nefnda á vegum ráðuneytisins. Önnur rekstrargjöld hækka um 7 583 þús. kr. eða sem nemur almennum verðlagshækkunum. Viðhald hækkar um 200 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 500 þús. kr.

271 **Húsnæðismálastofnun ríkisins.** Hækkun framlaga til stofnunarinnar nemur samtals 924 800 þús. kr. eða 15% frá fjárlögum 1979. Við afgreiðslu laga nr. 20/1979 um heimild til lántöku, ábyrgðir o. fl. hækkuðu áætlaðar tekjur stofnunarinnar vegna áætlaðrar hækkunar á mörkuðum tekjustofnum. Hækkun framlaga í þessu frumvarpi frá áætlaðri ráðstöfun til stofnunarinnar 1979 er 405 900 þús. kr. Tekjustofnar stofnunarinnar eru skertir sem nemur fjárhæðum sem fram koma í eftirfarandi yfirliti:

	Áætlun markaðra stofna þús. kr.	Skerðing þús. kr.	Framlag 1980 þús. kr.
Framlag skv. lögum nr. 30/1970	75 000	11 250	63 750
Heilsuspillandi húsnæði	18 000	2 700	15 300
Launaskattur	9 886 000	3 659 450	6 226 550
Byggingarsjóðsgjald	885 000	125 100	759 900
Samtals	10 864 000	3 798 500	7 065 500

Viðfangsefnið Byggingarþjónusta Arkitektafélags Íslands, sem veittar voru 3 000 þús. kr. í fjárlögum, er nú fellt niður. Fjárveitingin er nú færð á sérstakt viðfangsefni undir iðju og iðnaði hjá iðnaðarráðuneytinu.

272 **Byggingarsjóður verkamanna.** Fjárveiting til sjóðsins hækkar um 135 500 þús. kr. og verður 432 500 þús. kr. Hefur þá framlag til sjóðsins verið skert um 67 500 þús. kr.

301 **Skipulagsstjóri ríkisins.** Hækkun útgjalda nemur 77 912 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlagsbreytinga en eins og áður eru útgjöld embættisins áætluð jöfn lögbundnum framlögum. Samkvæmt lögum nr. 42/1974 er skylt að greiða árlega úr ríkissjóði til framkvæmda skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Auk þess rennur til embættisins skipulagsgjald sem er markaður tekjustofn.

302 **Ríkissáttasemjari.** Í fjárlögum 1979 var embætti ríkissáttasemjara fært í fyrsta sinn sem sérstök stofnun. Starfsemi stofnunarinnar hefur nú færst í fastara form en var við gerð síðustu fjárlaga og skal nú gerð grein fyrir fjárveitingum til stofnunarinnar. Alls hækkar fjárveitingin um 86 125 þús. kr. frá fjárlögum og verður 98 232 þús. kr. Laun eru alls 57 732 þús. kr. og er þá miðað við laun þriggja fastráðinna starfsmanna, þ. e. ríkissáttasemjara, aðalfulltrúa og skrifstofustjóra. Launaútgjöld vegna fastra starfsmanna eru alls um 31 087 þús. kr. Aðrar launagreiðslur vegna yfirvinnu, sáttanefndastarfa o. fl. eru áætlaðar alls 26 645 þús. kr. Önnur rekstrargjöld eru áætluð 15 000 þús. kr. og stofnkostnaður 25 500 þús. kr. Stofnkostnaðarframlaginu mun í aðalatriðum varið til tækja- og húsgagnakaupa fyrir skrifstofu embættisins.

371 **Lánasjóður sveitarfélaga.** Framlag hækkar um 49 713 þús. kr. og nemur fjárveitingin þá 201 813 þús. kr. Hefur framlagið þá verið skert um 106 500 þús. kr. Samkvæmt lögum skal árlegt framlag ríkissjóðs eigi vera lægra en 2½% af tekjum jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sama ár.

372 **Landakaup kaupstaða og kauptúna.** Lög nr. 35/1973 kveða á um að lágmarksframlag ríkissjóðs til landakaupa kaupstaða og kauptúna á árunum 1974—83 skuli vera 10 000 þús. kr. árlega. Frá því lög um þetta efni voru samþykkt hefur verðgildi framlagsins rýrnað mjög mikið og er eins og nú stendur tæplega til þess fallið að veita kaupstöðum og kauptúnum umtalsverðan stuðning. Ástæða er því til að taka afstöðu til þess hvort afnema skuli þetta framlag eða auka það í þeim mæli að gagn verði að. Í þessu frumvarpi eru veittar 2 000 þús. kr. til þessa verkefnis.

399 **Vatnsveitur.** Framlag til vatnsveitna er alls 85 000 þús. kr. og er það 20 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1979.

971 **Erfðafjársjóður.** Framlag til sjóðsins hækkar um 183 300 þús. kr. og verður alls 327 300 þús. kr. Hefur framlagið þá verið skert um fjárhæð sem nemur 372 700 þús. kr. en samkvæmt tekjuáætlun er gert ráð fyrir að erfðafjárskattur muni nema 700 000 þús. kr. árið 1980.

972 **Bjargráðasjóður.** Framlag ríkissjóðs hækkar um 41 362 þús. kr. og verður alls 125 062 þús. kr. Hefur framlagið þá verið skert um fjárhæð sem nemur 61 500 þús. kr. Framlagið er lögbundið og er annars vegar 50 kr. á hvern íbúa landsins og hins vegar 0,35% af söluvörum landbúnaðarins. Framlag sveitarfélaga til sjóðsins nemur jafnhárri upphæð.

976 **Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.** Með lögum nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta var stofnaður Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins. Tekjur sjóðsins eru m. a. árlegt framlag ríkissjóðs, a. m. k. 1 000 000 þús. kr., og skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni. Framlag ríkissjóðs samkvæmt frumvarpinu er 1 020 000 þús. kr. og hefur þá verið tekið tillit til áætlaðrar verðlagshækkunar á árinu 1980 og 15% skerðingar. Hlutverk sjóðsins er að fjármagna ýmsar framkvæmdir til styrktar á aðstöðu og búnaði stofnana er sinna málefnum öryrkja og þroskaheftra. Frumvarp þetta miðast því við það að nokkur framlög falli niður sem hafa verið færð undir félagsmálaráðuneyti og menntamálaráðuneyti, þ. e. til Styrktarsjóðs fatlaðra 07-974, til Styrktarsjóðs vangefinna 07-975, til byggingar skóla fyrir þroskahömluð börn 02-793, byggingarstyrkur til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra 07-999 og stofnkostnaður á liðnum Stofnanir afbrigðilegra barna 02-797.

981 **Vinnumál.** Þessi liður hækkar um 147 521 þús. kr. og skýrist hækkunin þannig: Framlag til Félagsdóms hækkar um 2 521 þús. kr., framlag til stuðnings við samtök vinnumarkaðarins vegna hagræðingarstarfsemi hækkar um 22 400 þús. kr., bygging orlofsheimila verkalýðssamtakanna hækkar um 32 000 þús. kr. Framlag til Alþýðusambands Íslands vegna Menningar- og fræðslusambands alþýðu hækkar um 10 000 þús. kr. Framlag til hagdeilda Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaga, BSRB og BHM hækkar um 13 000 þús. kr. Framlag til iðnnemasambands hækkar um 300 þús. kr. og ríkisábyrgð á launum hækkar um 30 000 þús. kr. Framlag til Alþýðusambands Íslands vegna norræna verkalýðsskólans í Genf hækkar

um 900 þús. kr. Þá hækkar framlag til ASÍ vegna orlofsmála um 3 000 þús. kr. Tekin eru inn þrjú ný viðfangsefni og eru framlög til þeirra sem hér segir: Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum 14 000 þús. kr., Félagsmálaskóli alþýðu 40 000 þús. kr. og Fræðslumál BSRB, BHM og samtaka sjómanna 9 400 þús. kr. Eitt viðfangsefni fellur niður en það framlag rann til Félagsmálaskóla alþýðu, BSRB og fræðslumála sjómanna og var fjárveitingin 30 000 þús. kr.

999 **Ýmis framlög.** Framlög á þessum lið hækka um 57 205 þús. kr. og eru nokkrir liðir þar til skýringar. Meðlög skv. 21., 22. og 23. gr. framfærslulaga hækka um 7 500 þús. kr. og meðlög samkvæmt lögum nr. 87/1947 hækka um 79 000 þús. kr. Tekið er inn eitt nýtt viðfangsefni, alþjóðaár fatlaðra og er framlagið ákveðið 20 000 þús. kr. Eftirtalin atriði eru til lækkunar: Framlög til Slysavarnafélags Íslands vegna tilkynningarskyldu fiskiskipa 24 615 þús. kr. færast yfir á ýmis framlög samgönguráðuneytisins. Framlag til Neytendasamtakanna 1 500 þús. kr. færist á aðalskrifstofu viðskiptaráðuneytis. Framlag til umbúðasmiðju vegna fatlaðra 80 þús. kr. fellur niður, einnig framlag til Styrktarfélags vangefinna vegna norræns móts á Íslandi 1979 600 þús. kr. og framlag vegna tjóns af náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu 12 000 þús. kr. Að síðustu fellur byggingarstyrkur Landssambands fatlaðra niður á þessum lið 10 500 þús. kr., enda fellur verkefnið undir verksvið Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra eins og áður sagði. Aðrir liðir eru óbreyttir.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka þessa ráðuneytis breytast milli ára eins og eftirfarandi yfirlit sýnir:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	118,4	201,6	83,2	70,2
Tryggingamál	51 007,3	90 789,6	39 782,3	78,0
Heilbrigðismál	15 815,7	24 047,0	8 231,3	52,0
Annað	155,8	233,8	78,0	50,1
Gjöld samtals	67 097,2	115 272,0	48 174,8	71,8
Þar af markaðir tekjustofnar	6 174,2	8 395,4	2 221,2	36,0

Markaðir tekjustofnar sem teljast til þessa ráðuneytis eru atvinnurekendaiðgjöld til lífeyristrygginga er hækka um 2 481,0 m.kr., slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, lækka um 653,6 m.kr., iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, hækkar um 383,3 m.kr. og hluti gæsluvistarsjóðs af hagnaði ÁTVR, hækkar um 2,5 m.kr. Hluti Krabbameinsfélagsins í vindlingagjaldi verður óbreyttur. Sérlyfjagjald hækkar um 7,0 m.kr. en gjald af eyðublöðum heillaskeyta er óbreytt. Aftur á móti verða tekjur af samúðarskeytum Landssímans, er renna til Minningarsjóðs Landspítalans, 18,0 m.kr. og hækka um 1,0 m.kr. Helstu fjárlagaliðir skulu nú ræddir nánar til skýringar á hækkunum framlaga til einstakra málefnaflokka:

101 **Aðalskrifstofa.** Útgjöld eru alls 201 630 þús. kr. og er það hækkun um 83 221 þús. kr. eða 70,2% frá fjárlögum. Launaútgjöld aukast um 52 964 þús. kr., að hluta vegna launa lausráðins skrifstofumanns 3 504 þús. kr. og að hluta vegna hækkunar á ýmsum launum í samræmi við reikningstölur auk almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 19 757 þús. kr. vegna verðlagsbreytinga, viðhald hækkar um 250 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um

11 000 þús. kr. og verður alls 12 000 þús. kr. Sértekjur hækka um 750 þús. kr. Ráðgert er að flytja þann hluta skrifstofu ráðuneytisins sem er á Skólavörðustíg 46 að Laugavegi 116. Kostnaður við innréttingar og nauðsynlegar breytingar áætlast 10 000 þús. kr. Til endurnýjunar véla- og húsbúnaðar í aðalskrifstofu ráðuneytisins í Arnarhvoli eru áætlaðar 2 000 þús. kr.

271 **Tryggingastofnun ríkisins.** Framlög á þessum lið renna til slysa-, lífeyris- og sjúkratrygginga. Í eftirfarandi yfirliti eru niðurstöður allra tryggingaþátta dregnar saman og hækkunin frá fjárlögum 1979 sýnd:

Almannatryggingar 1979 og 1980
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun
Slysatryggingar	1 584	931	+653
Lífeyristryggingar	24 924	42 755	17 831
(þar af atvinnurekendur)	(3 504)	(5 985)	(2 481)
Sjúkratryggingar	21 395	42 850	21 455
Samtals	47 903	86 536	38 633
Hlutur ríkissjóðs	42 815	79 620	36 805
Hlutur atvinnurekenda	5 088	6 916	1 828

Framlög til almannatrygginga hækka samkvæmt yfirlitinu um 38 633 m.kr. eða 80,6% og koma af þeirri fjárhæð 1 828 m.kr. í hlut atvinnurekenda og 36 805 m.kr. í hlut ríkissjóðs. Verðlagshækkun þessa liðar spannar frá áramótum 1978/79 til miðs árs 1980. Útgjöld slysatrygginga eru borin af atvinnurekendum með greiðslu iðgjalda, sbr. 36. gr. almannatryggingalaga, sem eru miðuð við áætlun um bótagreiðslur, varasjóðstillag og rekstrarkostnað slysatrygginga ár hvert. Iðgjald af launþegum er ákveðið með reglugerð fyrir eitt ár í senn og er reiknað sem hundraðshluti af greiddum launum ársins áður en bótagreiðslur verða til. Þegar iðgjaldið er ákvarðað, en 1979 var það 0,352% af launum ársins 1978, skal taka tillit til tekjuafgangs eða halla næsta reikningsárs á undan. Meginástæða þess að áætluð iðgjöld slysatrygginga 1980 lækka um 653 m.kr. er að búist er við færri bótagreiðslum svo og að ráðgert er að varasjóður slysatrygginganna standi undir hluta væntanlegra bótagreiðslna. Heildarhækkun kostnaðar við lífeyristryggingar er 17 831 m.kr. eða 71,5% frá fjárlögum 1979. Þar af koma 15 350 m.kr. í hlut ríkissjóðs og 2 481 m.kr. í hlut atvinnurekenda. Kostnaður við lífeyristryggingar samkvæmt fjárlögum 1979 og frumvarpi 1980 er sýndur í eftirfarandi yfirliti:

Lífeyristryggingar 1979 og 1980
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun
Elli- og örorkulífeyrir	12 670	22 180	9 510
Tekjutrygging	5 975	10 635	4 660
Uppbót á lífeyri	1 140	1 800	660
Heimilisuppbót	652	1 325	673
Örorkustyrkur	1 026	1 800	774
Barnalífeyrir	968	1 450	482
Mæðralaun	777	1 135	358
Ekkju- og makabætur	880	1 460	580
Bætur alls	24 088	41 785	17 697
Kostnaður	346	550	204
Til varasjóðs	490	420	÷70
Gjöld alls	24 924	42 755	17 831
Hlutur ríkissjóðs	21 420	36 770	15 350
Hlutur atvinnurekenda	3 504	5 985	2 481

Ástæður útgjaldabreytinga vegna lífeyristrygginga, auk fjölgunar bótaþega í hverjum bótaflokki, eru í höfuðdráttum tvær. Í fyrsta lagi hafa orðið bótahækkanir frá samþykkt síðustu fjárlaga en bótahækkanir fylgja hækkun launataxta ASÍ. Bótahækkanir sem fram gengu á árinu 1979 eru 6,9% 1. mars, 11,4% 1. júní, 3% 1. júlí, 9,17% 1. sept. og 13,21% 1. des. Á árinu 1980 eru bótahækkanir miðaðar við forsendur frumvarpsins um þróun launamála. Auk þessara hækkana er gengið út frá því að tekjutrygging hækki um 5% frá miðju ári 1980 og veldur það um 400 m.kr. aukaútgjöldum. Á það ber að líta að einstakir bótaflokkar hækka mismikið. Þessu veldur að útgjaldaáætlunin fyrir 1980 er byggð á öðrum forsendum en tíðkast hefur til þessa, þ. e. a. s. mið er m. a. tekið af raunverulegum útgjöldum í einstökum bótaflokkum á árinu 1979. Athygli er vakin á, að tillag til varasjóðs lífeyristrygginganna lækkar um 70 m.kr. frá fjárlögum en samkvæmt 21. gr. almannatryggingalaga má gera ráð fyrir tillagi til varasjóðs allt að 2% af áætluðum útgjöldum. Ástæða þess að einungis er gert ráð fyrir að varasjóðstillagið verði 1% af áætluðum útgjöldum er að frumvarp þetta byggir á þeirri forsendu að lög og reglur um greiðslur barnsmeðlaga verði endurskoðaðar fyrir afgreiðslu fjárlaga. Sá háttur er nú á, að Tryggingastofnun ríkisins leggur út fyrir barnsmeðlögum en fær þau síðan endurgreidd af Innheimtustofnun sveitarfélaga eftir því hver innheimtan er hverju sinni. Í árslok 1979 námu skuldir sveitarfélaga vegna þessa um 2 600 m.kr. og lætur nærri að allir varasjóðir lífeyristrygginganna hafa verið bundnir í þessu verkefni. Í þessu frumvarpi er sú stefna mörkuð, að á árinu 1980 leggi Tryggingastofnun ríkisins út fyrir meðlögum eins og verið hefur og Innheimtustofnun sveitarfélaga skili mánaðarlega innheimtufé til stofnunarinnar. Jafnframt verði ákvæðum breytt þannig að í lok hvers þriggja mánaða tímabils geri Jöfnunarsjóður sveitarfélaga upp óinnheimt meðlög tímabilsins. Um skuld sveitarfélaga eins og hún er í lok 1979 verði samið sérstaklega. Tilhögun sem þessi dregur mjög úr þörfinni fyrir að Tryggingastofnunin haldi umtalsverða varasjóði. Verði ekki fallist á breytingu sem þessa er óhjákvæmilegt að vaxtareikna útistandandi skuldir sveitarfélaga við stofnunina. Loks er þess að geta varðandi lífeyristryggingar að framlag atvinnurekenda er nú reiknað sem hundraðshluti af greiddum launum hliðstætt og gildir um iðgjald

atvinnurekenda til slysatrygginga. Á árinu 1979 nam hlutfall þetta 2,0% en það er ákveðið með reglugerð fyrir eitt ár í senn.

Framlög ríkissjóðs til sjúkratrygginga á árinu 1980 nema alls 42 850 m.kr. Hækkun einstakra liða frá fjárlögum er eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti:

Sjúkratryggingar 1979 og 1980
(Í millj. kr.)

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun
Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum ..	16 925	31 240	14 315
Læknishjálp	1 355	3 570	2 215
Lyf	2 470	5 945	3 475
Dagpeningar	1 062	1 575	513
Tannlækningar	790	1 820	1 030
Ýmis sjúkrakostnaður	1 340	3 480	2 140
Skrifstofukostnaður	380	550	170
Til varasjóðs	120	230	110
Samtals	24 442	48 410	23 968
Útgjaldahluti ríkissjóðs	21 395	42 850	21 455

Af heildarútgjöldum vegna sjúkratrygginga nemur framlag ríkissjóðs um 88,5% og hlutur sveitarfélaga um 11,5%. Hækkun framlags ríkissjóðs frá fjárlögum er 21 455 m.kr. eða um 100,3%. Um hækkanir einstakra liða sjúkratrygginga er þetta að segja: Vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum eru alls áætluð 31 240 m.kr. og er það hækkun um 14 315 m.kr. frá fjárlögum ársins 1979. Hækkunin skýrist þannig í megindráttum: Taxtar rekstrargjalda hækkuðu um 11,7% 1. mars 1979 og síðan aftur 1. ágúst um 13,4%. Auk þess kom til sérstök leiðrétting vegna dráttar á ákvörðun um ný daggjöld 1. júní. Þá hækkuðu daggjöld um 10,8% 1. sept. og um 13,2% 1. des. Á árinu 1980 er við það miðað að rekstrargjöld sjúkrahúsanna hækki í hátt við launa- og verðlagsbreytingar. Að svo komnu máli liggur ekki fyrir hver rekstrarafkoma sjúkrahúsanna varð á árinu 1979. Áætlað er fyrir 800 m.kr. í halladaggjöld en sú fjárhæð jafngildir því að rekstrarhalli sjúkrahúsanna 1979 hafi orðið 3—5% af heildarveltu. Þess ber að geta að úr daggjöldum fyrir árið 1980 hafa verið felldar 1 200 m.kr. vegna laga nr. 57/1978, en þar er gert ráð fyrir að viðhald sjúkrahúsa greiðist að jöfnu af ríki og sveitarfélögum og að til þess komi bein fjárveiting í fjárlögum. Sú fjárveiting verður 600 m.kr. og er færð á lið 08-391. Verði þátttaka ríkissjóðs í viðhaldi greidd sem hluti af vistgjöldum með 85% þátttöku ber nauðsyn til að breyta lögum þar að lútandi og afla tekna til þessa verkefnis. Útgjöld vegna læknishjálpar aukast um 2 215 m.kr., vegna lyfja um 3 475 m.kr. og vegna tannlækninga um 1 030 m.kr. Hækkun þessara liða er á bilinu 110-160% sem er verulega umfram verðlagshækkanir. Skýringin er margþætt. Í fyrsta lagi má nefna að gjaldskrárbreyting vegna þátttöku sjúklinga í lyfjakostnaði og læknishjálp tók ekki gildi fyrr en í apríl 1979 en fjárlög 1979 miðuðust við að hún kæmi til framkvæmda við áramót. Útgjaldatölur einstakra mánaða 1979 benda jafnframt til þess að útgjöld sjúkrasamlaga vegna lyfja- og læknishjálpar hafi ekki dregist saman eins og búist var við í kjölfar hækkunar á þátttöku sjúklinga í kostnaði. Í öðru lagi voru útgjaldatölur fjárlaga 1979 á verðlagi um áramót 1978/1979 en frumvarpstölur eru á verðlagi 1980 og er það verðlag miðað við forsendur um hækkun innlends og erlends verðlags. Í þriðja lagi má nefna að áætlunartölur ársins 1980 eru fundnar með hliðsjón af raun-

verulegum greiðslum á árinu 1979. Að lokum er þess að geta að áætlunin er við það miðuð að þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði og kostnaði vegna sérfræðiþjónustu aukist hlutfallslega eins og útgjöld sjúkrasamlaga vegna þessa. Um aðra liði áætlunarinnar er ekki að fjölyrða en þeir liðir hækka yfirleitt í samræmi við hækkun verðlags, líklega magnaukningu og reynslu síðustu mánaða.

273 **Atvinnuleysistryggingasjóður.** Heildarframlag til sjóðsins hækkar um 1 149 900 þús. kr. eða 37,0%, þar af nemur atvinnuleysistryggingagjald atvinnurekenda 383 300 þús. kr. sem færist jafnframt á tekjuhlið frumvarpsins. Mótframlag ríkissjóðs, sem er tvöfalt framlag atvinnurekenda, hækkar því um 766 600 þús. kr.

310 **Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar.** Í fjárlögum 1978 og 1979 hefur verið nokkur fjárhæð á þessum lið sem fjárveitinganefnd hefur síðan ráðstafað. Í fjárlögum 1979 nam þessi fjárhæð 210 000 þús. kr.. Nú eru áætlaðar 347 605 þús. kr. á þessum lið og er það hækkun um 137 605 þús. kr. eða 65,5%. Hækkun umfram það sem telja má eðlilega launahækkun er m. a. vegna óvissu um meðferð á starfsmannafjölda á ríkisspítölum, sem nánar er vikið að síðar, og vegna óvissu um nauðsynlega fjölgun starfsfólks á nýjum heilsugæslustöðvum.

319 **Matvælarannsóknir ríkisins.** Framlag hækkar um 34 198 þús. kr. eða 67,6% og nemur alls 84 734 þús. kr. Laun hækka um 20 913 þús. kr., þar af um 10 200 þús. kr. vegna tveggja stöðugilda sem verður ráðstafað í samráði við fjárveitinganefnd. Að öðru leyti er um eðlilegar launahækkanir að ræða. Rekstrargjöld hækka um 8 435 þús. kr., viðhald um 300 þús. kr. og stofnkostnaður um 5 000 þús. kr. Nemur hann alls 16 000 þús. kr. og er ráðstafað til tækjakaupa. Að lokum hækka sértekjur stofnunarinnar um 450 þús. kr.

324 **Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.** Í fjárlögum 1979 var framlag til þessarar stofnunar 20 000 þús. kr. og fært á lið 08-399 Ýmis heilbrigðismál. Nú fær stofnunin sjálfstætt fjárlaganúmer en til hennar var stofnað með lögum nr. 74/1978. Fjárveiting til stofnunarinnar á árinu 1980 nemur alls 81 906 þús. kr. og skiptist þannig: Laun 71 007 þús. kr. og er þá miðað við 11,5 stöður á föstum launum, 10 000 þús. kr. til rekstrargjalda og 10 000 þús. kr. til stofnkostnaðar sem renna mun til tækjakaupa. Þá er hluti sveitarfélaga, sem er 10% af rekstrargjöldum, áætlaður 9 101 þús. kr.

302, 311, 312, 371—377. **Ríkisspítalar.** Í fjárlögum 1979 var stefnt að sérstökum aðgerðum til lækkunar útgjalda við ríkisspítalakerfið. Sérstök athugun var gerð á starfsmannahaldi spítalanna og tengdra stofnana, auk þess sem mat var lagt á þátt afleysinga, yfirvinnu og álagsgreiðslna í heildarlaunakostnaði hlutaðeigandi stofnana. Í samræmi við markaða stefnu í fjárlögum 1979 hefur stjórn ríkisspítalanna beitt sér fyrir ýmsum sparnaðaraðgerðum, svo sem lækkun yfirvinnu lækna o. fl. Athuganir á miðju ári 1979 benda engu að síður til þess að ekki hafi tekist að halda starfsemi stofnana innan þeirra marka, sem sett voru með fjárlögum. Sýnist því full þörf á að tilhögun á ráðningu starfsfólks til ríkisspítalanna verði tekin til endurskoðunar. Í greinargerð með frumvarpi til fjárlaga 1979 var sérstakt yfirlit um stöðuheimildir á einstökum stofnunum ríkisspítalanna. Heimilaðar stöður hafa breyst nokkuð frá þeim tíma, m. a. vegna ákvörðunar fjárveitinganefndar varðandi árið 1979 og vegna nýrra staða sem ráðgert er að bæta við á árinu 1980. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur fjöldi heimilaðra staða samkvæmt frumvarpi 1979, fjárlögum 1979 og frumvarpi 1980.

	Frumvarp 1979	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980
Skrifstofa ríkisspítalanna	38,5	38,5	38,5
Rannsóknastofa háskólans	54,7	54,7	54,7
Blóðbankinn	18,7	18,7	18,7
Landspítalinn	735,5	765,0	815,5
Kvennadeild Landspítalans	110,5	110,5	110,5
Kleppsspítali	295,7	295,7	295,7
Vífilsstaðaspítali	108,0	115,9	115,9
Kristneshæli	40,9	40,9	40,9
Kópavogshæli	144,2	170,2	170,2
Vistheimilið Gunnarsholti	10,0	10,0	10,0
Samtals	1 556,7	1 620,1	1 670,6

Stöðufjölgun varð á Landspítala, Vífilsstaðaspítala og Kópavogshæli. Fjárveitinganefnd heimilaði 29,5 stöður á Landspítala í tengslum við afgreiðslu fjárlaga, þ. e. 16,5 stöður vegna Hátúnsdeildar og 13,0 stöður vegna geðdeildar. Þá heimilaði nefndin einnig 9 stöður á Kópavogshæli. Auk þess hefur fjármálaráðherra fallist á að 17 nemastöður á Kópavogshæli verði gerðar að föstum stöðum en sú formbreyting hafði engan viðbótarkostnað í för með sér. Þá er að geta þess að fjölgun um 7,9 stöður á Vífilsstaðaspítala er leiðrétting sem hefur verið fallist á. Frumvarp 1980 miðast við að stöðum á Landspítala fjölgi um 50,5, þar af eru 4,5 stöður vegna geisladeildar, 6,0 stöður vegna Hátúnsdeildar og 40,0 stöður vegna geðdeildar. Í tillögum heilbrigðisráðuneytisins um fjárveitingu vegna starfsemi geðdeildar er beðið um 82 stöður til þess að koma af stað starfrækslu á tveim sjúkradeildum og tveim göngudeildum geðdeildarinnar. Fjárveiting til 40,0 staða miðast við að sömu starfsemi verði komið á fót en mannafli, sem þarf til viðbótar, verði fenginn með skipulagsbreytingu á starfsemi Kleppsspítala og þeim stofnunum og deildum sem þeim spítala tilheyra. Í eftirfarandi yfirliti er sýndur launakostnaður við ríkisspítalana og samanburður gerður við fjárlög 1979. (Frá frumvarpi því sem lagt var fram á 101. þingi er ekki önnur breyting gerð en laun eru hækkuð til verðlags miðað við áramót 1979/80).

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Skrifstofa ríkisspítalanna	187,3	261,5	74,2	39,6
Rannsóknastofa háskólans	336,2	486,1	149,9	44,6
Blóðbankinn	100,7	144,7	44,0	43,7
Landspítalinn	4 014,3[1]	6 519,1[2]	2 504,8	62,4
Kvennadeild Landsspítalans	660,0	958,0	298,0	45,1
Kleppsspítali	1 498,2	2 268,9	770,7	51,4
Vífilsstaðaspítali	491,7	785,6	293,9	59,7
Kristneshæli	220,7	346,4	125,7	56,9
Kópavogshæli	624,5[1]	1 024,2	399,7	64,0
Vistheimilið Gunnarsholti	65,7	91,8	26,1	39,7
Samtals	8 199,3	12 886,3	4 687,0	57,2

[1]) Launatölur eru hækkaðar frá prentuðum fjárlögum í samræmi við ákvörðun fjárveitinganefndar, þ. e. Landspítali 108,6 m.kr. og Kópavogshæli 31,1 m.kr.

[2]) Þar af 46,5 m.kr. vegna geisladeildar, 43,6 m.kr. vegna Hátúnsdeildar og 295,0 m.kr. vegna geðdeildar.

Launaliður hækkar því alls um 4 687,0 m.kr. eða 57,2%. Að viðbótarstarfsemi frátalinni, alls 385,1 m.kr., hækkar launaliðurinn um 4 301,9 m.kr. eða 52,5%. Launaliðurinn hækkar samkvæmt þessu, miðað við sama starfsmagn og í fjárlögum 1979, nokkru meira en taxtabreyting gefur tilefni til. Þessi hækkun skýrist í aðalatriðum af áætlun um yfirvinnu- og álagsgreiðslur, þó svo að taka verði tillit til þess að hækkun launa er allbreytileg eftir stofnunum. Í fjárlögum 1979 var við það miðað að launaútgjöld spítalanna vegna afleysinga, veikinda o. fl. væru um 17% af föstum launum. Þetta hlutfall er óbreytt 1980. Áætluð útgjöld vegna yfirvinnu og álagsgreiðslna eru reiknuð á hliðstæðan hátt og er hlutfall yfirvinnu 16% og álagsgreiðslna 14% í frumvarpi 1980. Í fjárlögum 1979 nam hlutfall yfirvinnu 13—14% af föstum launum og álagsgreiðslur 11—12%. Í frumvarpinu er því komið nokkuð til móts við þá skoðun heilbrigðisráðuneytisins að fjárveitingar vegna yfirvinnu og álagsgreiðslna 1979 hafi verið óraunhæfar. Á hitt ber jafnframt að líta að bráðabirgðareikningstölur fyrir árið 1979 benda til þess að yfirvinna verði um 19% af föstum launum.

Rekstrargjöld ríkisspítalanna aukast alls um 2 220,8 m.kr. eða 69,0% og verða alls 5 437,4 m.kr. Þar af er rekstrargjaldaaukning vegna nýrrar starfsemi 183,0 m.kr., þ. e. 18,0 m.kr. vegna geisladeildar, 20,0 m.kr. vegna Hátúnsdeildar og 145,0 m.kr. vegna geðdeildar. Rekstrargjöld hækka frá fjárlögum 1979 í umtalsverðum mæli umfram forsendur um hækkun þessa liðar. Skýrist þetta í aðalatriðum af tvennu. Í fyrsta lagi er staðreynd að ýmis sjúkrahúsakostnaður, svo sem lyfjakostnaður, hefur hækkað mjög mikið á síðasta ári. Kemur þetta m. a. fram í reikningum Tryggingastofnunar og í gögnum daggjaldanefndar. Í öðru lagi er áætlun um rekstrargjöld samræmd við áætlun um sértekjur stofnana en það var ekki gert í fjárlögum 1979. Áætlun um rekstrargjöld svo og sértekjur er byggð á rauntölum fyrstu sjö mánuði ársins 1979. Að teknu tilliti til þessa verður hækkun rekstrargjalda 55,2% eins og eftirfarandi yfirlit sýnir. Bæði rekstrargjöld og sértekjur í fjárlagafrumvarpi 1980 eru á áætluðu verðlagi ársins 1980.

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Rekstrargjöld	3 216,6	5 437,4	2 220,8	69,0
÷ Sértekjur	685,1	1 508,2	823,1	120,1
Mismunur	2 531,5	3 929,2	1 397,7	55,2[1])

[1]) Þ. e. 48,0% að frádreginni nýrri starfsemi.

Í eftirfarandi yfirliti eru framlög til viðhalds og stofnkostnaðar sýnd í samandregnu formi og samanburður gerður við fjárlög 1979 (í m.kr.).

	Fjárlög 1979		Frumvarp 1980	
	Viðhald	Stofnkostnaður	Viðhald	Stofnkostnaður
Skrifstofa ríkisspítalanna	4,5	—	7,0	—
Rannsóknastofa háskólans	15,6	—	21,0	5,0
Blóðbankinn	15,0	5,0	10,0	5,0
Landspítalinn	300,0	629,2	360,0	793,7
Kvennadeild Landspítala	22,0	35,0	31,5	43,0
Kleppsspítali	46,0	—	100,0	49,0
Vífilsstaðaspítali	27,0	—	30,0	—
Kristneshæli	18,0	2,0	30,0	10,0
Kópavogshæli	17,4	—	60,0	5,0
Vistheimilið Gunnarsholti	17,5	—	20,0	—
Samtals	483,0	671,2	669,5	910,7

Framlag til viðhalds hækkar um 186,5 m.kr. eða 38,6% og er óþarft að fjölyrða um þennan lið, en sérstök áhersla er lögð á að fram fari nauðsynlegt viðhald á fasteignum og búnaði á Kleppsspítala og Kópavogshæli.

Framlög vegna stofnkostnaðar á ríkisspítölum hækka um 239,5 m.kr. eða 35,7% og verða samtals 910,7 m.kr. Skiptast þau þannig á einstök sjúkrahús og verkþætti (í m.kr.):

Rannsóknastofa háskólans, tækjakaup		5,0
Blóðbankinn, tækjakaup		5,0
Landspítali:		793,7
Geðdeild	70,0	
Göngudeild, Hátúni	6,0	
Símstöð	26,0	
Sjúkramóttaka og tengigangar	100,0	
Færsla deilda	160,0	
Tækjakaup	140,0	
Sumargjöf	35,0	
Stjórn og eftirlit	40,0	
Endurbygging fæðingardeildar	70,0	
	647,0	
Ýmis tækjakaup	146,7	
Kvennadeild Landspítalans, tækjakaup		43,0
Kleppsspítali, bygging lyftuhúss og uppsetning lyftu		49,0
Kristneshæli, hitaveita		10,0
Kópavogshæli, eldvarnarkerfi		5,0
Samtals		910,7

Þvottahús ríkisspítalanna er gjarnan talið með ríkisspítalakerfinu þó þar sé um B-hluta stofnun að ræða. Frumvarpið miðast við að starfsmannafjöldi stofnunarinnar verði óbreyttur en að sótthreinsunardeild færist frá Landspítalanum í húsakynni þvottahússins. Til þessa verkefnis eru ætlaðar 25 000 þús. kr. í fjárfestingu. Tekjur stofnunarinnar af seldri vöru og þjónustu hafa til þessa staðið undir útgjöldum og er í frumvarpinu miðað við að stofnanir endurgreiði fjármálaráðuneytinu skuld vegna launagreiðslna 1978, sem færð er á viðskiptareikning, alls 192 000 þús. kr.

Stofnkostnaður ríkisspítala er tilgreindur í þessu frumvarpi með sama hætti og sömu fjárhæðum og í frumvarpi því, sem var lagt fyrir 101. löggjafarþing. Fjárfestingaráform ríkisspítalanna eru nú til athugunar hjá fjárveitinganefnd.

378 **Læknishéraðasjóður.** Framlag til sjóðsins nemur alls 30 000 þús. kr. og hækkar því um 7 500 þús. kr.

380 **Námslán læknastúdenta.** Framlag til þessa verkefnis er ákveðið með heimildargrein í lögum og með reglugerð. Frumvarpið miðar við að þetta framlag falli niður að öllu leyti en það var 2 000 þús. kr. í fjárlögum 1979.

381 **Til sjúkrahúsa og læknisbústaða.** Heildarhækkun framlaga til þessa liðar nemur 732 829 þús. kr. og verður samtals 3 164 312 þús. kr. Hækkunin skýrist þannig: Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða 355 000 þús. kr., styrkur til heilsuverndarstöðva 62 829 þús. kr. og vegna viðhalds sjúkrahúsa 300 000 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 57/1978 fellur viðhald bygginga og tækja úr daggjöldum en til að standa straum af þessu koma að hluta beinar fjárveit-

ingar úr ríkissjóði. Um þetta atriði vísast til frekari skýringa undir lið 08-271. Þá hækkar byggingarstyrkur til St. Franciskusarreglunnar í Stykkishólmi um 15 000 þús. kr. og nemur alls 20 000 þús. kr. Til að reisa sjúkrahús og læknisbústaði renna alls 2 200 000 þús. kr. og verður áætlun um ráðstöfun fjárins lögð fyrir fjárveitinganefnd.

391 **Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar.** Framlag hækkar um 459 194 þús. kr. eða 58,8% og skýrist þannig: Laun hækka um 406 094 þús. kr. frá fjárlagatölum 1979. Fjárveitinganefnd ákvað að ráðstafa á árinu 1979 70 300 þús. kr. af lið 08-310 Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar til fjölgunar á stöðum lækna og hjúkrunarfólks á heilsugæslustöðvum. Frumvarp þetta miðast við fjárveitingu til 130 staða, þ. e. 71 læknis, 47 hjúkrunarfræðinga og 12 ljósmæðra, og er þá ekki gert ráð fyrir fjölgun frá veittum heimildum 1979. Rekstrargjöld hækka um 12 100 þús. kr., viðhald um 30 000 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 11 000 þús. kr. Með lögum nr. 57/1978 er ákveðið að viðhald heilsugæslustöðva skiptist jafnt á milli ríkis og sveitarfélaga. Til þessa verkefnis er nú varið 30 000 þús. kr.

399 **Ýmis heilbrigðismál.** Þessi liður hækkar alls um 62 209 þús. kr. eða 14,3%, þar af 5 000 þús. kr. vegna útgáfu lyfjaverðskrár og 5 000 þús. kr. vegna athugunar á útbreiðslu atvinnusjúkdóma en hvort tveggja eru ný viðfangsefni. Niður falla starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar 2 500 þús. kr., framlag til lyfjasölusjóðs 20 000 þús. kr. og framlag til heyrnar- og talmeinastöðvar 20 000 þús. kr. Þá hækkar framlag til Hjartaverndar um 5 000 þús. kr. og kostnaður vegna laga um farsótt og sóttvarnir 17 150 þús. kr. Helstu hækkunarliðir eru: Skólar heilbrigðisstétta 28 237 þús. kr., ljósmæðralaun 26 258 þús. kr., til tóbaksvarna 7 000 þús. kr., Minningarsjóður Landspítalans 8 400 þús. kr., lyfjanefnd 9 014 þús. kr., lyfjaeftirlit 6 659 þús. kr. og aðrir liðir um 31 291 þús. kr.

471 **Gæsluvistarsjóður, framlag.** Framlag hækkar um 37 100 þús. kr. eða 65,2% og er öll hækkunin á viðfangsefninu gæsluvistarsjóður. Aðrir liðir eru óbreyttir.

09 Fjármálaráðuneyti

Útgjöld helstu málefnaflokka fjármálaráðuneytisins breytast milli ára sem hér segir í m.kr.:

	Fjárlög 1979	Frumvarp 1980	Hækkun M.kr.	Hækkun %
Yfirstjórn	457,4	678,2	220,8	48,3
Toll- og skattheimta	2 076,4	3 174,4	1 098,0	52,9
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	3 453,0	5 458,5	2 005,5	58,1
Annað	2 177,7	16 342,9	14 165,2	—
Samtals	8 164,5	25 654,0	17 489,5	214,2
Þar af markaður tekjustofn	60,0	200,0	140,0	233,3

Markaður tekjustofn fjármálaráðuneytisins er áhættugjald vegna ríkisábyrgða sem rennur til ríkisábyrgðasjóðs.

Verður nú vikið að einstökum fjárlagaliðum til skýringar á hækkun framlaga til málefnaflokka.

104 **Ríkisfjárhirsla.** Samtals nemur hækkun á framlagi 27 049 þús. kr. og verður 73 074 þús. kr. Laun hækka um 23 487 þús. kr. sem er 5 040 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Tala fastra starfsmanna er óbreytt en hækkun þessi

verður á ýmsum öðrum launum og er þá tekið mið af reikningstölum sl. árs. Hækkun á öðrum rekstrargjöldum, viðhaldi og gjaldfærðum stofnkostnaði nemur samtals 3 562 þús. kr. og er það í samræmi við eðlilegar verðlagshækkanir.

206 **Skattstofa Norðurlands eystra, Akureyri.** Fjárveiting hækkar um 48 542 þús. kr. og verður 145 281 þús. kr. Laun hækka um 43 298 þús. kr. sem er 1 180 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Tala fastra starfsmanna er óbreytt eða 14. Hækkun þessi verður á ýmsum öðrum launum og er þá tekið tillit til reikningsniðurstöðu síðustu ára við ákvörðun launaliðar. Önnur rekstrargjöld hækka um 4 974 þús. kr. og er hækkunin eingöngu vegna almennra verðlagsbreytinga. Þá hækkar viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður samtals um 570 þús. kr. Sértekjur stofnunarinnar eru hækkaðar um 300 þús. kr.

207 **Skattstofa Austurlands, Egilsstöðum.** Framlag hækkar um 23 361 þús. kr. og verður 69 425 þús. kr. Laun hækka um 20 852 þús. kr. og verða 59 789 þús. kr. sem er um 1 210 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Tala fastra starfsmanna er óbreytt, en hækkun þessi á sér stað á ýmsum öðrum launum og er þá tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings við ákvörðun launaliðar. Önnur rekstrargjöld hækka um 2 709 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra verðlagshækkana. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður lækka samtals um 20 þús. kr. Þá eru sértekjur hækkaðar um 180 þús. kr.

208 **Skattstofa Suðurlands, Hellu.** Fjárveiting hækkar um 28 797 þús. kr. og verður 82 391 þús. kr. Laun hækka um 25 902 þús. kr. sem er eingöngu vegna almennra launahækkana. Þá hækka önnur rekstrargjöld um 2 805 þús. kr. og verða 7 580 þús. kr. Er það nokkuð umfram eðlilegar verðlagshækkanir en við ákvörðun rekstrargjalda hefur verið tekið mið af niðurstöðu ríkisreiknings fyrir árið 1978. Viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka samtals um 330 þús. kr. Þá eru sértekjur hækkaðar um 240 þús. kr.

211 **Skattstofa Reykjaness, Hafnarfirði.** Fjárveiting hækkar um 61 799 þús. kr. og verður 182 392 þús. kr., þar af hækkar launaliður um 58 995 þús. kr. eða 3 100 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Hækkun þessi á rót sína að rekja til þess að ráðningarnefnd hefur heimilað fjölgun um einn starfsmann frá fjárlögum 1979. Aðrar hækkanir eru samtals 2 804 þús. kr. sem er einvörðungu vegna almennra verðlagshækkana.

212 **Skattstofur, sameiginleg útgjöld.** Hækkun á þessum fjárlagalið nemur samtals 95 912 þús. kr. og verður framlag því 184 904 þús. kr. Laun eru samtals 13 904 þús. kr. sem er vegna tveggja starfsmanna sem heimilaðir voru á sl. ári til að vinna að framkvæmd hinna nýju skattalaga. Önnur rekstrargjöld verða 171 000 þús. kr. sem er 90 040 þús. kr. hækkun frá fjárlögum ársins 1979. Ljóst er að framkvæmd hinna nýju skattalaga og efling skatteftirlits mun hafa verulegan kostnaðarauka í för með sér. Þar sem erfitt er að meta hvernig viðbótarkostnaður þessi muni snerta hverja skattstofu fyrir sig er þessi væntanlegi kostnaðarauki áætlaður í einu lagi á þessum fjárlagalið.

214 **Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd.** Framlag hækkar samtals um 30 836 þús. kr. og verður 68 243 þús. kr. Hækkunin skiptist þannig á einstakar gjaldategundir: Laun hækka um 24 602 þús. kr. sem er 7 930 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Í stað þess að seta í ríkisskattanefnd sé aukastarf sex manna er gert ráð fyrir að nefndin verði skipuð mönnum er hafi nefndarstörfin að aðalstarfi en skipun fastra aðalmanna í nefndina verði felld niður. Laun hækka vegna þessa nýja fyrirkomulags um 22 051 þús. kr. en á móti kemur að felld eru niður laun fastra aðalmanna í ríkisskattanefnd og nemur sú lækkun 17 830 þús. kr. Þá hefur verið heimiluð lausráðning í hálfa stöðu skrifstofumanns og

nemur hækkun vegna þess 3 708 þús. kr., að öðru leyti er um almennar launahækkanir að ræða. Önnur rekstrargjöld og viðhald hækka samtals um 2 364 þús. kr. sem er einvörðungu vegna almennra launahækkana. Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 3 870 þús. kr. til kaupa á skrifstofuáhöldum.

261 **Tollstjórinn í Reykjavík.** Framlag hækkar um 166 937 þús. kr., þar af hækkar launaliður um 159 761 þús. kr. sem er um 8 650 þús. kr. umfram almennar launahækkanir. Hækkun þessi á rót sína að rekja til þess að í fjárlögum 1979 voru laun vanáætluð sem svarar launum 1½ stöðu skrifstofumanns. Aðrir gjaldaliðir hækka samtals um 42 728 þús. kr. vegna almennra verðlagshækkana. Þá eru sértekjur stofnunarinnar hækkaðar um 35 552 þús. kr.

263 **Tollgæslan.** Fjárveiting hækkar um 212 066 þús. kr., þar af hækka laun um 213 099 þús. kr. sem er um 14 900 þús. kr. umfram eðlilegar launahækkanir. Í fjárlögum 1979 féllu niður tvö stöðugildi og er nú gert ráð fyrir launum vegna þeirra. Er þá áætlað fyrir 78,67 stöðugildum. Aðrir gjaldaliðir hækka í samræmi við almennar verðlagsbreytingar. Sértekjur stofnunarinnar hækka um 19 216 þús. kr.

381 **Uppbætur á lífeyri.** Liður þessi hækkar um 1 265 154 þús. kr. og verður 4 616 193 þús. kr. sem er vegna greiðslu á lífeyri.

385 **Eftirlaunasjóður aldraðra.** Með lögum nr. 97/1979 var stofnaður eftirlaunasjóður aldraðra. Til þessa sjóðs renna nú 725 688 þús. kr. og er það 40% hlutur ríkissjóðs og 30% hlutur atvinnuleysistryggingasjóðs sem ríkissjóður mun bera fyrst um sinn. Í þessu frumvarpi eru framlög sem greiða ber samkvæmt ofannefndum lögum veitt á tveim liðum, þ. e. liðnum 09-385 Eftirlaunasjóður aldraðra og liðnum 09-999 undir viðfangsefninu eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum samkvæmt lögum nr. 63/1971. Sýnist eðlilegt að liðir þessir séu færðir saman á næsta ári.

402 **Fasteignamat ríkisins.** Framlag hækkar um 92 297 þús. kr. og verður 229 801 þús. kr. Laun hækka um 74 758 þús. kr. eingöngu vegna almennra launahækkana. Önnur rekstrargjöld hækka um 50 139 þús. kr., sem er 25 300 þús. kr. umfram eðlilegar verðlagshækkanir, og við þau er tekið mið af reikningstölum 1978. Viðhald hækkar um 500 þús. kr. en stofnkostnaður um 6 900 þús. kr. og verður 8 000 þús. kr. Þá hækka sértekjur stofnunarinnar um 40 000 þús. kr.

Tilraunastöðin Skriðuklaustri .....
Tryggingastofnun ríkisins, lífeyristryggingar .....
Tryggingastofnun ríkisins, sjúkratryggingar .....
Tryggingastofnun ríkisins, slysatryggingar .....

Umferðarmiðstöðin .....
Unglingaheimili ríkisins .....

Vegagerð ríkisins, áhaldahús .....
Virkjunarrannsóknir .....
Vitamálastjórn, áhaldahús .....
Vísindasjóður .....

Ýmsar fasteignir ríkissjóðs .....

Þjóðleikhúsið .....

Nd. 194. Breytingartillaga [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá Steinþóri Gestssyni og Friðrik Sophussyni.

Við 14. gr. 2. mgr. orðist svo:

Undanþeginn aðstöðugjaldi er sá hluti rekstrarkostnaðar, sem er umfram heildartekjur, svo og rekstrarkostnaður sem leiðir af ákvæði síðari málsgr. 1. töluliðs A-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978 og 59. gr. sömu laga.

Ed. 195. Frumvarp til laga [117. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

1. gr.

2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	kr.	300 000
Með tveim börnum	—	750 000
Með þrem börnum eða fleiri	—	1 200 000

2. gr.

16. gr. orðist svo:

Greiða skal einstæðri móður óskerta dagpeninga samkvæmt 33. gr. (er verður 34. gr.) í 90 daga eftir barnsburð, enda njóti hún ekki orlofsfjár vegna barnsfæðingar.

3. gr.

Við 1. mgr. 17. gr. bætist:

Sömu bætur skal greiða einstæðri móður eftir barnsfæðingu.

4. gr.

Við 2. mgr. 17. gr. bætist:

Sömu bætur skal greiða einstæðri móður eftir barnsburð, ef hún hefur á framfæri sínu annað barn undir 17 ára aldri.

5. gr.

Ný grein komi, er verði 18. gr., og orðist svo:

Þegar niður falla bætur samkvæmt 17. gr., er tryggingaráði heimilt að greiða einstæðri móður allt að fullum lífeyri einstaklings samkvæmt 11. gr. ásamt tekjutryggingu samkvæmt 19. gr. (er verður 20. gr.).

Tryggingaráð getur ákveðið, að kona í hjúskap eða í sambúð geti fengið sömu greiðslur og einstæð móðir samkvæmt 15. gr., 16. gr., 17. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, ef tekjur hjónanna eða sambúðarfólksins fari ekki fram úr ákveðnu marki og að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafi konan alið mörg börn með stuttu millibili og skammt er liðið frá síðasta barnsburði.

2. Eigi konan við að búa bágar heimilisástæður vegna ómegðar eða alvarlegs heilsuleysis annarra á heimilinu.
3. Vegna annarra ástæðna, sem eru sambærilegar við ofangreindar ástæður.

6. gr.

Í stað „ekkjubætur“ í stafliðum a, b og c í 2. mgr. 51. gr. (er verður 52. gr.) komi: bætur.

7. gr.

Niður falli orðin „fjárhag og“ í 1. mgr. 73. gr. (er verður 74. gr.).

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var flutt á 100. löggjafarþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Það er nú endurflutt með þeirri einu breytingu, að upphæð mæðralauna skv. 1. gr. er hækkuð til samræmis við hækkað verðlag. Þegar frumvarp þetta var áður flutt fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

Frumvarp þetta felur í sér félagslegar ráðstafanir, sem er ætlað að bæta úr þeim félagslegu ástæðum, sem nú geta samkvæmt lögum heimilað fóstureyðingu. Lagt er til, að þetta sé gert með breytingum á lögum um almannatryggingar. Hér er um að ræða verulega aukna aðstoð við einstæðar mæður og heimildarákvæði um slíkt hið sama til hjálpar konum í hjúskap eða í sambúð, sem eru hjálparþurfi.

Frumvarpið hefur í för með sér eftirfarandi meginbreytingar á lögum um almannatryggingar:

1. Mæðralaun eru hækkuð mikið frá því sem nú er. Sú hækkun er mun meiri með einu barni og tveim börnum en með þrem börnum eða fleiri.
2. Einstæðum mæðrum eru tryggðar barnsburðarbætur. Skulu þær fá dagpeninga jafnháa slysadagpeningum almannatrygginga í 90 daga eftir barnsburð, enda njóti þær ekki með öðrum hætti orlofsfjár vegna barnsburðar.
3. Tekin er upp ný bótagreiðsla til einstæðra mæðra vegna þeirrar röskunar á stöðu og högum, sem barnsburður veldur þeim. Bætur þessar skulu vera jafnar að upphæð og ekkjulífeyrir almannatrygginga. Réttur til þessara bóta er í sex mánuði eftir barnsfæðingu. Hafi hin einstæða móðir annað barn á framfæri sínu undir 17 ára aldri, á hún rétt á þessum bótum í 12 mánuði til viðbótar.
4. Þegar bætur skv. 3. tl. falla niður, er tryggingaráði veitt heimild til að greiða einstæðri móður lífeyri, er nemi að upphæð sem svarar allt að fullum ellilífeyri einstaklings samkvæmt 11. gr. ásamt tekjutryggingu samkvæmt 19. gr. (er verður 20. gr.).
5. Heimild er veitt tryggingaráði til að geta ákveðið, að aðstoð, sem einstæðum mæðrum er veitt samkvæmt framansögðu, geti verið látin í té konum í hjúskap eða í sambúð, ef um er að ræða fjárhagserfiðleika og aðrar bágar félagslegar ástæður, sem samkvæmt núgildandi lögum geta heimilað fóstureyðingu.

Frumvarp þetta er flutt á þeirri forsendu, að fóstureyðing leysi ekki félagslegan vanda, heldur þvert á móti. Þjóðfélag, sem leyfi fóstureyðingu af félagslegum ástæðum, líti fram hjá hinum raunverulega vanda, sætti sig við óleyst vandamál. Félagslegur vandi verði ekki leystur nema með félagslegum ráðstöfunum. Frumvarp þetta miðar að því að svo verði gert.

Sþ. **196. Tillaga til þingsályktunar** [118. mál]

um eftirgjöf á ársfjórðungsgjaldi fyrir venjulegan síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum.

Flm.: Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að samgönguráðherra feli Póst- og símamálastofnuninni að framkvæma reglugerð nr. 426/1978 um eftirgjöf á afnotagjaldi síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum á þann veg, að íbúar allra sérbyggðra íbúða fyrir aldraða og öryrkja njóti umræddrar niðurfellingar afnotagjalda enda uppfylli þeir skilyrði reglugerðarinnar að öðru leyti.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög beitt sér fyrir byggingu íbúðarhúsa fyrir aldrað fólk. Einnig rekur Sjálfsbjörg slíka byggingu fyrir öryrkja. Með íbúð er þá átt við eitt eða fleiri herbergi ásamt eldhúsi, þar sem íbúar annast sig að verulegu leyti sjálfir. Í Reykjavík eru nú fjögur hús, sem í eru eingöngu íbúðir ætlaðar öldruðum. Í húsi Sjálfsbjargar og þremur húsanna fyrir aldraða hafa íbúarnir notið niðurfellingar afnotagjalds af síma, en nú hefur komið í ljós, að íbúar hins fjórða njóta ekki þessara hlunninda. Þetta hús er að Dalbraut 27, og eru þar bæði einstaklingsíbúðir og hjónaíbúðir. Ástæðan mun vera sú, að nokkru meiri þjónusta er í þessu húsi en hinum, en benda má á að íbúarnir greiða líka hærri húsaleigu þess vegna, eða 20 000 kr. hærri leigu á mánuði.

Í öllum þessum húsum er auðvitað almenningssími til afnota fyrir íbúana. Sími er hins vegar svo mikilvægt tæki hinum öldruðu til að vera í sambandi við ættingja og vini, að almenningssími dugar þar ekki til. Þess vegna leggja hinir öldruðu mikla áherslu á að halda síma sínum þó að þeir flytjist í hús þar sem þeir búa við ákveðið öryggi, en flestir nutu þeir þessara hlunninda áður. Þeir, sem einungis njóta tekjutryggingar til viðbótar ellilífeyri — og það er skilyrði fyrir niðurfellingu — og búa að Dalbraut 27, eiga erfitt með að greiða símagjöld sín.

Í reglugerð nr. 426/1978 er ekkert sem segir að þessi réttur skuli framkvæmdur á þennan veg. Þar segir einungis í 3. gr.:

„Skilyrði til að ársfjórðungsgjald megi fella niður eru:

a) Að viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegi njóti óskertrar uppbótar á elli- eða örorkulífeyri (tekjutrygging), samkv. 19. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar.
b) Að umsækjandi búi einn í íbúð, eða sé hann í hjónabandi eða öðru sambýli, þá uppfylli hver einstaklingur kröfur reglugerðar þessarar. Umsækjandi telst þó uppfylla skilyrði þessarar greinar, enda þótt fólk undir tvítugsaldri dveljist á heimilinu.
c) Að ekki sé annar sími í íbúðinni."

Ekki hefur verið talið eðlilegt að sjúklingar á stofnunum fengju greitt fastagjald af síma í sjúkrastofum, enda teljast herbergi á sjúkrastofnunum og elliheimilum ekki til íbúða. En í íbúðarbyggingum fyrir aldraða er skilyrðislaust um íbúðir að ræða og því ástæðulaust að mismuna íbúum eins og nú er gert.

Ed. 197. Frumvarp til laga [111. mál]

um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

(Eftir 2. umr. í Ed. 10. mars.)

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán allt að 3 000 m.kr. sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hyggst taka á árinu 1980. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi allt að 3 000 m.kr. í erlendri mynt og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta, verðbóta og annars kostnaðar. Lánstími og kjör öll á láninu skulu samþykkt af ríkisstjórn áður en frá lántöku er gengið.

Með sama hætti er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast lán er tekin kunna að verða til framlengingar láni skv. 1. mgr.

2. gr.

Verði heimild til greiðslu útflutningsbóta skv. 12. gr. laga nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl., eigi fullnýtt, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til lækkunar láns skv. 1. gr. upphæð þá sem á vantar til þess að hámarki útflutningsbóta verði náð. Þó skal Byggðasjóður greiða á næstu 3—5 árum allt að helmingi lánsins. Að öðru leyti annast ríkissjóður afborganir, vexti og kostnað allan af láni þessu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 198. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum nr. 100 31. desember 1974 um Hitaveitu Suðurnesja.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 1. gr. laganna komi ný málsgrein, sem hljóðar svo:
Ennfremur að reisa og reka raforkuver eftir því sem hagkvæmt þykir.

2. gr.

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, 13. gr., sem hljóðar svo:

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að stækka raforkuver sitt í Svartsengi um allt að 6 MW og reisa og reka flutningslínur til þess að tengja orkuverið við orkuflutningskerfi Suðurnesja.

Ríkisstjórninni er heimilt að takast á hendur ábyrgð á lánum, er Hitaveita Suðurnesja tekur í þessu skyni, allt að kr. 1000 millj. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar skal fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt.

Röð annarra greina breytist samkvæmt þessu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um Hitaveitu Suðurnesja voru samþykkt haustið 1974. Var mönnum þá eigi ljóst hve hagkvæmt væri að vinna raforku í fyrirhugaðri varmaskiptistöð við Svartsengi, jafnframt upphitun vatns fyrir hitaveituna og var því eigi gert ráð fyrir heimild til raforkuvinnslu í lögunum. Við hönnun varmaskiptistöðvarinnar kom fljótlega í ljós, að mjög hagkvæmt væri að setja upp allt að 2 MW gufuhverfil til eigin raforkunota í orkuveri I, sem er fyrri áfangi hennar, 50 MW að varmaafli. Jafnframt kom í ljós að þegar hitaveitan væri fullbyggð yrði rafaflsþörf hennar til eigin nota allt að 1.8 MW. Hitaveita Suðurnesja sótti um leyfi til uppsetningar og reksturs á tveimur 1 MW gufuhverflum til raforkuvinnslu í stöðinni við Svartsengi. Ekki var þörf lagaheimildar til virkjunar af þessari stærð og veitti iðnaðarráðherra virkjunarleyfi með bréfi dagsettu 11. janúar 1977. Fyrri vélasamstæðan var tekin í notkun í apríl 1978, en sú síðari réttu ári síðar. Reynslan af rekstri þessara véla hefur gefið góða raun. Raforkuvinnsla árið 1978 varð um 1.5 GWh og um 6.7 GWh árið 1979. Orka þessi var fyrst og fremst notuð til eigin þarfa orkuversins árið 1978, en árið 1979 var allt að helmingi orkumagnsins veitt til raforkukerfis Rafmagnsveitna ríkisins. Kostnaðarlega er hér um hagkvæmar virkjanir að ræða og allmiklu ódýrari á hvert uppsett MW en mögulegt er að fá í vatnsaflsvirkjunum. Ástæðan fyrir þessum lága virkjunarkostnaði er sú, að ekki er þörf á fleiri borholum og safnæðum frá þeim en þarfir hitaveitunnar krefjast. Stafar þetta af því, að áður en gufan, sem úr borholunum kemur, er notuð til hitaveitu, er hægt að láta hana knýja gufuhverfil til vinnslu raforku og nýta þannig háþrýstihluta gufunnar.

Nú er unnið að byggingu annars áfanga varmaskiptistöðvarinnar við Svartsengi, sem nefndur er Orkuver II og sem áætlað er að verði 100 MW að varmaafli.

Þessi áfangi skapar möguleika á rekstri allt að 6 MW gufuhverfils til raforkuvinnslu á sama hátt og lýst var hér að framan. Með ofangreinda möguleika í huga og þarfir sveitarfélaganna á Suðurnesjum fyrir raforku, samþykkti stjórn Hitaveitu Suðurnesja að leita eftir frekari heimildum til raforkuvinnslu í orkuverinu við Svartsengi.

Með bréfi Hitaveitu Suðurnesja, dags. 5. febrúar 1979, til iðnaðarráðherra var óskað eftir heimild til allt að 30 MW raforkuvirkjunar, en þó var aðeins gert ráð fyrir 6 MW í fyrsta áfanga. Áætlanir gerðu ráð fyrir því, að 6 MW vélasamstæðan yrði tekin í notkun síðara hluta ársins 1981 eða 1982.

Tímasetningin miðaðist við, að Rafmagnsveitur ríkisins gætu frestað lögn 132 KV raflínu til Suðurnesja um 4 til 5 ár, sem að öðrum kosti hefði þurft að takast í notkun haustið 1981. Kostnaður við fyrrnefnda háspennulínu til Suðurnesja var áætlaður kr. 1725 millj. á verðlagi í júní 1979.

Frestun á byggingu háspennulínunnar um 4—5 ár og e. t. v. lengur er því verulegt fjárhagsatriði fyrir Rarik og réttlætir, ein sér, mikla fjárfestingu vegna raforkuvinnslu í Orkuveri II við Svartsengi. Auk ofannefnds atriðis mæltu ýmis önnur rök með því, að raforkuvinnsla væri aukin í Orkuveri II, svo sem verulega minnkuð flutningstöp frá því sem nú er og aukið öryggi við það, að fá orkuverið í næsta nágrenni við raforkumarkaðinn á Suðurnesjum.

Iðnaðarráðuneytið sendi ofannefnt erindi Hitaveitu Suðurnesja til umsagnar Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar með bréfum, dags. 12. og 13. febr. 1979. Í bréfi Landsvirkjunar til iðnaðarráðuneytisins, dags. 27. sept. 1979, telur Landsvirkjun, að með hliðsjón af hinum erfiða vatnsbúskap, sem upp væri kominn, ætti 6 MW stöð að geta komið að miklu gagni á tímabilinu nóvember 1980 til maí 1981.

Mælir Landsvirkjun fyrir sitt leyti með því, að ráðist verði í byggingu 6 MW stöðvarinnar nú þegar, en telur þó nauðsynlegt, að samningar takist samtímis milli Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja um reksturinn.

Með bréfi Landsvirkjunar, dags. 12. okt. 1979, er enn ítrekuð jákvæð afstaða Landsvirkjunar til 6 MW rafstöðvarinnar í Orkuveri II við Svartsengi, sem komin væri í rekstur haustið 1980.

Jafnframt voru iðnaðarráðuneytinu send drög að orkukaupasamningi til 15 ára milli Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja, sem dags. voru 9. okt. 1979 og sem höfðu þá verið rædd af samningsaðilum í meginatriðum.

Vegna tilmæla Landsvirkjunar um, að vélasamstæðan yrði tekin í notkun haustið 1980, samþykkti stjórn Hitaveitu Suðurnesja að fengnum meðmælum ríkisstjórnarinnar að hefja tæknilegan undirbúning verksins og vinna að því að raforkuvinnsla geti hafist næsta haust.

Verði virkjunin tekin í notkun í nóvember 1980, má gera ráð fyrir, að orkuframleiðslan gæti orðið um 30 GWh fram á vorið 1981. Verði eigi af þessum framkvæmdum getur til þess komið að framleiða þurfi þessa raforku með dísilvélum og næmi erlendur kostnaður við það rúmum 1000 m.kr., miðað við núgildandi verðlag á olíu. Heildarkostnaður við 6 MW vélasamstæðuna er áætlaður kr. 1000 millj. á verðlagi í jan. 1980. Augljóst er því, að hér er um að ræða verulega hagkvæma framkvæmd frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. laga um Hitaveitu Suðurnesja er tekið fram, að tilgangur hitaveitunnar sé að virkja jarðhita og reisa varmaskiptistöðvar og önnur mannvirki í sambandi við hitaveitu.

Eins og þegar er fram komið í athugasemdum hér að framan var upphaflega ekki gert ráð fyrir raforkuvinnslu. Síðar kom í ljós eins og rakið hefur verið, að hún er hagkvæm. Leyfi ráðherra fékkst fyrir 2 MW virkjun, sem reist hefur verið og er starfrækt með góðum árangri.

Greinilegt er, að hagkvæmt er að auka raforkuvinnsluna um 6 MW í sambandi við 2. áfanga orkuversins og því nauðsynlegt að breyta 1. gr. laganna og gera ráð fyrir raforkuvinnslu.

Um 2. gr.

Lagaheimild þarf til þess að reisa og reka orkuver sem er stærra en 2 MW.

Þá er og nauðsynlegt, að ákveðið verði í lögunum, að aðflutningsgjöld og söluskattur verði felld niður af efni, tækjum og vélum til virkjunarinnar svo sem venja er um virkjanir.

Um 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 199. Breytingartillaga [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

Á undan 1. gr. frv. komi ný grein sem orðist svo:

Við a-lið 9. gr. laganna bætist:

Aukaframlag úr ríkissjóði sem nemur 4% af söluskatti þeim sem innheimtur er í ríkissjóð á árinu 1980 skv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, sem renni til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. b-lið 8. gr.

Nd. 200. Breytingartillaga [45. mál]

við brtt. á þskj. 190 [Tekjustofnar sveitarfélaga].

Frá félagsmálanefnd.

Við 5. tölulið. Liðurinn orðist svo:
Við 14. gr.

1. 2. málsliður 1. mgr. orðist svo:
   Til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi telst gjaldfærsla skv. 53. gr. laga nr. 40/1978, en frá honum dregst tekjufærsla skv. sömu grein.
2. 2. mgr. orðist svo:
   Undanþeginn aðstöðugjaldi er rekstrarkostnaður samkv. 2. mgr. 1. tl. 31. gr. laga nr. 40/1978, enn fremur sá hluti rekstrarkostnaðar sem umfram er heildartekjur, og telst tekjufærsla skv. 53. gr. laga nr. 40/1978 þá ekki til heildartekna.

Sþ. 201. Þingsályktun [66. mál]

um aðild Íslands að Genfarbókuninni 1979.

(Afgreidd frá Sþ. 11. mars.)

Samhljóða þskj. 99.

Nd. 202. Breytingartillögur [111. mál]

við frv. til l. um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Frá Sighvati Björgvinssyni.

1. 2. gr. falli niður og 3. gr. verði 2. gr.
2. Orðin „og greiðsluheimildir“ falli niður úr fyrirsögn frumvarpsins.

Nd. 203. Frumvarp til laga [120. mál]

um breyting á lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Matthías Bjarnason, Magnús H. Magnússon.

1. gr.

Aftan við fyrstu málsgrein 1. gr. laganna komi ný málsgrein sem orðist svo:
Lög þessi gilda ekki um tannsmíði, enda falli úr gildi reglugerð nr. 92/1974, um tannsmíði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mjög mikil óvissa hefur lengi ríkt um réttarstöðu tannsmiða og nám þeirra almennt.

Í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971, er fjallað um heilbrigðistækna, og í greinargerð með því frv., sem lagt var fyrir 91. löggjafarþing 1970, kemur fram að ráð er fyrir því gert að tannsmiðir falli undir það samheiti. Þetta var gert án vitundar eða vilja tannsmiða sjálfra, enda hefur löngum verið álitið að tannsmíði teldist iðngrein. Má benda á í því sambandi að samkvæmt skilgreiningu Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (I. L. O.) teljast tannsmiðir ekki til heilbrigðisstétta, heldur til þeirra iðnaðarmanna sem fást við fínsmíðar.

Með reglugerð nr. 323/1972 gerir menntamálaráðherra tannsmíði að löggiltri iðngrein. Var það gert með stoð í iðnfræðslulögum, nr. 48/1966, og samkvæmt ósk tannsmiða og í samræmi við það sem gerist í nágrannalöndunum, þar sem tannsmíði er viðurkennd sem iðngrein.

Hins vegar setur heilbrigðisráðherra reglugerð um tannsmíði nr. 92/1974, með stoð í lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, og kemur þar fram að hann ætlar sér að veita starfsréttindi til handa tannsmiðum. Þar kemur einnig fram að óheimilt er að ráða til tannsmíðastarfa aðra en þá sem heilbrigðisráðherra hefur veitt starfsréttindi.

Óvissan um réttarstöðu tannsmiða lýsir sér svo enn í því, að með reglugerð um iðnfræðslu, nr. 268/1974, ítrekar menntamálaráðherra enn að tannsmíði teljist löggilt iðngrein.

Málið hefur í reynd þróast á þann hátt, að Tannlæknafélag Íslands hefur lagt allt kapp á að tannsmiðir fylli hóp tæknimenntaðra heilbrigðisstétta — þvert ofan í óskir tannsmiða sjálfra, sem vilja fá nám sitt og starfsréttindi viðurkennd sem iðngrein og að með nám þeirra skuli farið í samræmi við lög og reglugerðir um iðnfræðslu. Er það í samræmi við það sem gerist m. a. hjá flestum nágrannaþjóðum okkar.

Virðist því staðan enn í dag vera þannig, að óvissa ríki um hvort túlka beri að tannsmiðir falli undir lögin um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971, eða að tannsmíði sé löggilt iðngrein, sbr. reglugerð um iðnfræðslu, nr. 268/1974 og iðnfræðslulög, nr. 48/1966.

Eins og fram hefur komið er það einungis í athugasemdum við frv. til laga um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, sem fram kemur að tannsmiðir falli undir samheitið heilbrigðistæknar, og í reglugerð um tannsmíði, nr. 92/1974, gefinni út með stoð í þeim lögum. Því er frv. þetta flutt til að létta af þessu óvissuástandi um réttarstöðu tannsmiða og að tekin séu af öll tvímæli um að tannsmíði teljist iðngrein. Er það, eins og fram hefur komið, í samræmi við eindregna ósk tannsmiða sjálfra og nám og réttarstöðu tannsmiða t. a. m. annars staðar á Norðurlöndum. Samþykkt þessa frv. ætti að tryggja vilja löggjafans til að viðurkenna tannsmíði sem löggilta iðngrein — og staðfestingu á reglugerð um iðnfræðslu, nr. 268/1974, en að ekki séu í gildi tvær reglugerðir, sem endurspegli þá óvissu sem ríkir um réttarstöðu tannsmiða. Hafi menntamálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið ekki getað útkljáð þessi mál sín í milli ber löggjafanum að grípa inn í þannig að réttarstaða og nám tannsmiða sé tryggt. Enda má ætla að þegar tannsmíði var gerð að löggiltri iðngrein 1972 hafi verið ætlað að koma fastri skipan á nám tannsmiða og tryggja þeim sem besta menntun. Á vegum Iðnfræðsluráðs og í samvinnu við fræðslunefnd tannsmiða er um þessar mundir unnið að námsskrá fyrir tannsmíði, en svo sem kunnugt er hefur allan þann tíma, sem tannlæknar hafa séð um menntun tannsmiða, heldur lítið farið fyrir að föst skipan væri á námi tannsmiða.

Hérlendis hafa aldrei verið í gildi sérlög um tannsmíði. Menntun tannsmiða hefur lengst af verið með þeim hætti að tannlæknar taka menn í nám, og hefur námstími verið 3 ár — en skólavistin ekki lengri en um það bil einn mánuður á ári (kvöldskóli). Styðjast þessir kennsluhættir ekki við lagaákvæði og þó tannlæknar

hafi um árabil tekið nema í tannsmíði hafa þeir ekki með því áunnið sér rétt til að taka tannsmíðanema, enda felst ekki í tannlækningaleyfinu sem slíku réttur til að kenna tannsmíðanemum. Verður því að telja að hér sé á engan hátt verið að ganga á rétt tannlækna, heldur er með frv. þessu einungis verið að færa nám og réttarstöðu tannsmiða í það horf, að þeir öðlist menntun sína í samræmi við lög um iðnfræðslu, og öðlist starfsréttindi og reki starfsemi sína samkvæmt iðnfræðslulögum.

Verði ekki höggvið á hnútinn í þessum efnum er hætt við að til verði tvenns konar tannsmíðanám í landinu: annars vegar tannsmiðir, sem hljóta menntun sína í verknámsskólum samkvæmt skipulagðri námsskrá um tannsmíði, og hins vegar þeir, sem sækja ófullkomið nám til tannlækna sem að áliti flestra tannsmiða rís alls ekki undir þeim kröfum sem verður að gera til tannsmíðanáms.

Sþ. 204. Fyrirspurn [121. mál]

til landbúnaðarráðherra um greiðslur úr ríkissjóði vegna Búnaðarþings.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

1. Hversu mikið var greitt úr ríkissjóði vegna nýafstaðins Búnaðarþings?
2. Hver voru:
   a) laun þingfulltrúa,
   b) annar kostnaður?

Nd. 205. Frumvarp til laga [122. mál]

um breyting á lögum nr. 62 31. maí 1979, um landflutningasjóð.

Frá samgöngunefnd.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. tl. 4. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gjald þetta skal lagt á allan rekstur vöruflutningabifreiða, á sama stofn og aðstöðugjald er lagt á skv. V. kafla laga nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, í fyrsta sinn árið 1980 af tekjum ársins 1979.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um landflutningasjóð voru samþykkt á Alþingi 23. maí 1979. Alþingi samþykkti frumvarpið til laganna óbreytt eins og það var lagt fram af samgöngunefnd efri deildar sem mál nr. 314, þingskjal 779. Alþingi hafði áður fjallað um frumvörp svipaðs efnis, þ. e. um stofnlánasjóð vörubifreiða á flutningaleiðum, í fyrsta skipti á 97. löggjafarþingi 1975—1976, er samgöngunefnd efri deildar lagði fram frumvarp til laga um stofnlánasjóð vörubifreiða á flutningaleiðum, 275. mál, þingskjal 644, og á 100. löggjafarþingi 1978, er samgönguráðherra lagði fram frumvarp til laga um landflutningasjóð í efri deild, 161. mál, þingskjal 294. Efnislega fjalla bæði ofannefnd frumvörp og frumvarpið til laga um landflutningasjóð um sama efni, þ. e. að koma á fót stofnlánasjóði til kaupa á vöruflutningabifreiðum. Þau mistök urðu við síðasta frumvarpið, að ekki kom fram hver gjaldstofninn væri

er leggja ætti 1% gjald á. Ofangreint frumvarp er nánast samhljóða 2. mgr. 3. liðar 1. tl. 4. gr. frumvarps til laga um landflutningasjóð eins og það var lagt fyrir á 100. löggjafarþingi 1978.

Lögin um landflutningasjóð gera ráð fyrir stofnlánum til kaupa á vöruflutningabifreiðum og lánum til bygginga sem eru í beinum tengslum við flutningastarfsemina, þ. e. vöruafgreiðslu. Gjaldstofninn skv. 1. gr. frumvarpsins er því aðstöðugjaldsstofn vegna rekstrar bifreiðanna sjálfra og þeirra vöruafgreiðslna sem tengjast þeim.

Nd. 206. Breytingartillaga [45. mál]

við brtt. á þskj. 199 [Tekjustofnar sveitarfélaga].

Frá Pétri Sigurðssyni.

Aftan við tillöguna komi svo hljóðandi varatillaga: Í stað „4%“ komi: 2%.

Nd. 207. Frumvarp til laga [123. mál]

um breyting á lögum nr. 23 19. júní 1922, um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má að farist hafi af slysum.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Tryggvi Gunnarsson.

1. gr.

Í stað „liðnir eru 6 mánuðir“ í 1. gr. laganna komi: liðinn er einn mánuður.

2. gr.

Í stað „liðnir eru að minnsta kosti 6 mánuðir“ í 2. gr. laganna komi: liðinn er að minnsta kosti einn mánuður.

3. gr.

Í stað „6 mánuði“ í 3. gr. laganna komi: einn mánuð.

4. gr.

Ný grein, sem verður 4. gr. laganna, orðist svo:

Nú hverfur maður hér í landi án þess að vitað sé að hann hafi komist í lífsháska eða lent í þeim hættum, er ætla má að honum hafi grandað, og má þá fá úrskurð um, að hann skuli talinn látinn, ef ekkert hefur til hans spurst í þrjá mánuði.

5. gr.

Ný grein, sem verður 5. gr. laganna, orðist svo:

Nú hverfur maður af skipi eða flugfari í erlendri höfn eða á ferðalagi erlendis, og má þá fá úrskurð um að hann skuli talinn látinn, ef ekkert hefur til hans spurst í þrjá mánuði.

6. gr.

Töluröð annarra lagagreina breytist í samræmi við lög þessi.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Mál þetta var flutt á 99. löggjafarþinginu, en varð þá eigi útrætt.

Með frv. þá fylgdi grg. sem hófst með þessum orðum:

„Á þeim fimmtíu og sex árum, sem liðin eru síðan lög þessi voru samþykkt á Alþingi, hafa tækniframfarir verið slíkar að ævintýri er líkast.

Á því sviði hefur þróun vél- og öryggisbúnaðar skipa í engu verið eftirbátur annarrar þróunar. Á sviði fjarskipta hefur hver tæknibyltingin rekið aðra og framfarir á fáum sviðum orðið jafnörar og í fjarskiptabúnaði.

Þegar lög þessi voru samþykkt voru hin smærri vélbúnu fiskiskip með litlar vélar og treystu menn enn á og nýttu seglbúnað þeirra.

Fjarskiptabúnaður var aðeins til í fáum hinna stærri skipa, hann var ófullkominn, stuttdrægur og bilaði oft. Sú var einnig raunin um búnað þennan á landi, sem notaður var í viðskiptum milli héraða og landa.

Ekki var óalgengt að vélbilanir yrðu í hafi nær og fjær, skip festust í ís dögum og jafnvel vikum saman, strönduðu og fórust, og útilokað var að koma frá sér upplýsingum um dvalarstað, um aðstæður eða afdrif áhafnar, nema seint og um síðir.

Hið sama gilti um ferðalög á landi. Menn lögðu upp ríðandi eða gangandi, í hópum eða einir sér. Þótt skýrt væri frá áætlunarstað gátu vikur eða mánuðir liðið þar til fréttir bárust af, hvort viðkomandi aðilar hefðu náð áfangastað. Átti þetta sérstaklega við, ef um langa vegu var farið, um fjallvegi, í önnur og fjarlæg héruð, þegar vetur fór í hönd og veður gerðust válynd ....."

Nánar í framsögu.

Nd. 208. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að ríkissjóður ábyrgist allt að 3 000 millj. kr. lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins, jafnframt því sem ríkissjóður annist afborganir, vexti og kostnað allan af láni þessu, að því leyti sem aðrir bjóðast ekki til að taka á sig greiðslu, er álíta verður harla ólíklegan kost. Þannig er um það að ræða, að ríkissjóður lýsi því yfir fyrir fram og afli sér lagaheimildar til þess að standa undir greiðslu á láni, sem aðili úti í bæ tekur með ríkisábyrgð.

Þessi aðferð á sér tæpast fordæmi og brýtur að líkindum í bága við lög nr. 52/1966 um ríkisreikninga eða verður a. m. k. að teljast mjög vafasöm í því sambandi, auk þess sem hér er farið inn á stórvarasama braut.

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins um að Byggðasjóður greiði allt að helmingi lánsins breytir hér engu um, enda getur Byggðasjóður reyndar samkvæmt því valið að greiða ekkert af láninu, þar eð engin neðri mörk eru tilgreind á greiðslu af hans hálfu.

Frumvarpið, eins og það er á þskj. 197, má því ekki standa óbreytt.

Sú aðferð er hins vegar að ýmsu leyti rétt, að Framleiðsluráð landbúnaðarins geti tekið lán til að standa straum af sveiflum í landbúnaðarframleiðslu. Þá er á hinn bóginn sjálfsagt að Framleiðsluráð standi skil á afborgunum og vöxtum af því láni eins og aðrir lántakendur gera. Af þessum sökum er rétt að fella niður 2. gr. frumvarpsins og breyta jafnframt lögunum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, þannig að það geti tekið lán af þessu tagi og risið undir þeim.

Nú er ljóst að sú offramleiðsla, sem ríkt hefur í landbúnaði, hefur leitt til öngþveitis og ófarnaðar. Þess vegna er nauðsynlegt að breyta þegar um stefnu í þess-

um efnum og miða framleiðslu við innanlandsþarfir, en hætta útflutningi á óarðbærum landbúnaðarafurðum. Þjóðin verður ekki skattpínd öllu lengur til þess að standa undir niðurgreiðslu á mat ofan í útlendinga, og bændur hafa ekki geð í sér til að gerast eilífir og sívaxandi ölmusumenn skattborgaranna og stefna þannig málum sínum í stórhættu. Fjárhagslega fyrirgreiðslu nú til úrlausnar á stundarvanda á því að tengja nýrri stefnumörkun í landbúnaðarmálum, þjóðinni til heilla og lífskjarabóta, jafnframt því að tryggja frambúðaröryggi og sjálfstæði bænda. Útgjöld á líðandi stund eiga því að vera aðgöngumiði að framtíðinni, en ekki skilyrðislaus ávísanaútskrift á skattþegnana, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Af þessum sökum er nauðsynlegt að því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, verði breytt með tilliti til heillavænlegrar frambúðarstefnu.

Alþýðuflokkurinn hefur um alllangt árabil talað fyrir stefnubreytingu í þessum efnum og varað við því í hvert óefni væri komið. Nýverið hefur þessi stefnumörkun m. a. birst í tillögum flokksins um **niðurtalningu útflutningsbóta,** sbr. tillögur í stjórnarmyndunartilraunum formanns flokksins, Benedikts Gröndals. Sú braut mun gæfusamleg fyrir bændur þessa lands og þjóðina í heild.

Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir allt að 3 000 millj. kr. lánafyrirgreiðslu. Í svonefndri harðindanefnd mælti meiri hluti nefndarinnar með því, að ⅔ hlutum svokallaðs útflutningsvanda, sem hér um ræðir, yrði mætt með opinberri aðstoð af þessu tagi, en minni hlutinn vildi mæta honum að ⅓ hluta. Eðlilegt má telja að fara hér bil beggja og mæta vandanum, sem nú er áætlaður 3.5 milljarðar króna, að hálfu eða með 1 750 millj. króna. Deiling byrðanna er auðvitað eðlileg og má í því sambandi benda á að sjómenn og útgerðarmenn láta sér lynda skerðingu á afla sínum og aflatekjum á líðandi stund frá því sem þeir bæru úr býtum, ef engar aflatakmarkanir væru fyrir hendi, í því skyni að tryggja framtíðarhag sinn og afkomuöryggi. Hið sama á auðvitað að gilda um aðrar stéttir þ. á m. bændur.

Til þess að greiða úr því að lántaka á vegum Framleiðsluráðsins geti verið með eðlilegum hætti og stangist á engan hátt á við lögin í landinu, jafnframt því að tryggja stefnubreytingu í stjórn landbúnaðarmála og skynsamlega dreifingu byrða af stundarvanda, leggur minni hluti nefndarinnar fram breytingartillögur á sérstöku þingskjali við fyrirliggjandi frumvarp.

Tillögur þessar fela í sér að í stað 2. gr. frumvarpsins komi breyting á framleiðsluráðslögunum, sem nái þessum markmiðum. Meginatriði breytinganna á framleiðsluráðslögunum eru þessi:

1. Í stað ákvæða í gildandi lögum um hámark útflutningsbóta komi ákvæði um að ríkissjóður greiði Framleiðsluráði landbúnaðarins tilteknar fjárhæðir næstu 4 árin í formi framleiðslu- og framfarastyrks, sem miðist við 10% heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar fyrstu tvö árin, en lækki síðan um eitt prósentustig á ári næstu tvö árin þar á eftir.
2. Þessum framleiðslu- og framfarastyrk skal Framleiðsluráðið verja til eftirfarandi atriða:
   a) útflutningsbóta skv. einstökum reglum, sbr. 3;
   b) til þess að standa undir lánum sem ráðið kann að taka til afkomujöfnunar, sbr. fyrirliggjandi frumvarp;
   c) til þess að greiða fyrir því að bændur, sem þess æskja, geti hætt búskap;
   d) til þess að styrkja nýjar arðvænlegar búgreinar, svo sem ylrækt, garðrækt, fiskeldi og loðdýrarækt.
3. Við ákvörðun útflutningsbóta skal gilda eftirfarandi:
   a) Hámark heildarupphæðar í þessu skyni sé 9% af heildarframleiðsluverðmæti næstu tvö árin, en þar á eftir 8% og síðan 7% af heildarframleiðslu af sauðfjár- og nautgripaafurðum.
   b) Útflutningsbætur fari aldrei fram úr 100% af útflutningsverði af hverri einstakri sölu.

Með þessum hætti verður Framleiðsluráðið sjálfstæður stjórnunaraðili innan þeirra marka, sem lögin setja, og fær svigrúm til að ryðja braut nýrri stefnumörkun, jafnframt því að geta staðið undir greiðslum af lánum eins og fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir.

Þá er í breytingartillögunum gert ráð fyrir að stundarvanda verði að hálfu mætt af bændum, en að hálfu með lánsfyrirgreiðslu. Samkvæmt því er lántökuábyrgðin miðuð við 1 750 millj. kr., en sá umframframleiðsluvandi, sem hér um ræðir, er talinn nema 3.5 milljörðum kr. fram yfir gildandi útflutningsbótahámark.

Íslenskur landbúnaður er í ógöngum. Öngþveiti birtist í því, að íslenskir bændur slíta sér út fyrir aldur fram við að framleiða vörur, sem ekki eru seljanlegar nema til komi stórkostleg skattlagning fólksins í landinu til að greiða meðlag með útflutningi þeirra. Í heild er afleiðing landbúnaðarstefnunnar: útslitnir bændur, ofnýtt gróðurlendi, skattpíndur almúgi og þjóðhagsleg lífskjaraskerðing.

Þrátt fyrir mikla umræðu um þennan vanda er sífellt troðin sama taktfasta, venjubundna hringrásin, og fyrirliggjandi frumvarp er enn eitt skrefið í hringrás vanans og uppgjafarinnar, þar sem raunhæfum aðgerðum er skotið á frest, en stundleg friðþæging keypt á kostnað skattborgaranna.

Í þeim breytingartillögum, sem minni hlutinn leggur hér fram, er lagt til að þessi vítahringur vitleysunnar verði rofinn, bændur fái sjálfstæði um ákvörðun sinna mála innan stefnumarkandi ramma og skattborgurunum verði tryggt, að þeim sé ekki ætlað að standa undir óarðbærri framleiðslu til frambúðar. Útgjöld núna, miðað við skynsamlega dreifingu byrðanna milli bænda og fólksins í landinu, eru skoðuð sem aðgangseyrir að frambúðarstefnu á skynsamlegum grunni.

Minni hlutinn leggur því til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem birtast á þingskjali 209.

Alþingi, 17. mars 1980.

Karvel Pálmason.

Nd. 209. Breytingartillögur [111. mál]

við frv. til laga um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (KP).

1. Í 1. gr. komi: 1 750 m.kr. — í stað „3 000 m.kr.“
2. 2. gr. frv. orðist svo:

12. gr. laga nr. 101 frá 8. des. 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl., orðist svo:

Óheimilt er að bæta upp söluverð landbúnaðarvara á erlendum markaði með því að hækka söluverð þeirra innanlands.

Til þess að treysta afkomu bænda og stuðla að framförum í landbúnaði í samræmi við þjóðhagsleg markmið og markaðsaðstæður skal ríkissjóður leggja Framleiðsluráði landbúnaðarins til fé á hverju ári næstu 4 ár sem reiknast með eftirgreindum hætti, sbr. næstu mgr., og sé ráðstafað af Framleiðsluráði landbúnaðarins eins og segir í 4. mgr. þessarar greinar.

Ríkissjóður skal greiða Framleiðsluráði landbúnaðarins framleiðslu- og framfarastyrk á næstu 4 árum, sem hér segir:

Fyrir framleiðsluárin 1979—80 og 1980—81: 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslu viðkomandi verðlagsár.

Fyrir framleiðsluárið 1981—82: 9% af heildarverðmæti sauðfjárafurða og 9% af heildarverðmæti nautgripaafurða.

Fyrir framleiðsluárið 1982—83: 8% af heildarverðmæti sauðfjárafurða og 8% af heildarverðmæti nautgripaafurða.

Með heildarverðmæti er átt við það verð, sem framleiðendur fá fyrir afurðir sínar. Hagstofa Íslands reiknar fjárhæð þá, er ber að greiða Framleiðsluráðinu vegna ákvæða 2. mgr. þessarar greinar.

Framleiðsluráð landbúnaðarins getur ráðstafað þessum framleiðslu- og framfarastyrk til eftirgreindra verkefna:

a) til þess að greiða útflutningsbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir skv. því sem segir í næstu mgr.;
b) til þess að standa undir lánum til afkomujöfnunar, sem ráðið kann að taka;
c) til þess að greiða fyrir því að bændur geti hætt búskap;
d) til þess að styrkja nýjar arðvænlegar búgreinar, svo sem í ylrækt, garðrækt, fiskeldi og loðdýrarækt.

Við ákvörðun útflutningsbóta, sbr. staflið a í næstu málsgrein hér á undan, skal gilda eftirfarandi:

a) Heildarupphæð þeirra má ekki nema meiru en 9/10 hlutum af framleiðslu- og framfarastyrkjum á framleiðsluárunum 1979—80 og 1980—81, 8/9 hlutum á framleiðsluárinu 1981—82 og 7/8 hlutum á framleiðsluárinu 1982—83.
b) Útflutningsbætur ákveðast sem hlutfall af útflutningsverði og mega aldrei fara yfir 100% af útflutningsverði í hverri einstakri sölu.

Ríkisendurskoðun skal annast eftirlit með ráðstöfun Framleiðsluráðs landbúnaðarins á fjárframlögum úr ríkissjóði samkvæmt lögum þessum.

3. Við fyrirsögn frumvarpsins bætist:
og um breyting á lögum nr. 101 8. des. 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., með síðari breytingum.

Ed. 210. Frumvarp til laga [124. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Egill Jónsson.

1. gr.

3. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Vöruflutningar, þar með talinn flutningskostnaður innanlands með vöruflutningabifreiðum, skipum eða flugvélum, sem reiknaður er inn í endanlegt kostnaðarverð vöru. Enn fremur fólksflutningar almennra leigubifreiða á bifreiðastöðvum, eftir því sem ráðherra ákveður nánar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Verslun á Íslandi hefur átt erfitt uppdráttar ekki síður en aðrar íslenskar atvinnugreinar á undanförnum árum óðaverðbólgu og ringulreiðar í efnahagslífi þjóðarinnar. Alvarlegar gloppur í tollalöggjöf, úreltar álagningarreglur í innflutningsverslun, sem beinlínis hvetja til óhagkvæmra innkaupa og hærra verðlags, stórhækkaðir vextir af rekstrarlánum, síaukin skattheimta ríkissjóðs í formi söluskatts og ýmissa sérskatta á verslunina, stöðugar kaupgjaldshækkanir, — allt þetta hefur þrengt mjög kosti verslunarinnar sem atvinnugreinar.

En það er ekki síður hagur hins almenna neytanda í landinu að verslunin sé rekin á heilbrigðum grundvelli, sem tryggi honum sem lægst vöruverð hverju sinni

og hagkvæmni í viðskiptum. Smásöluverslunin hefur hér sérstöku og mikilvægu hlutverki að gegna hvar sem er á landinu, en þessi grein verslunarinnar hefur hvað helst átt í vök að verjast — og þá ekki hvað síst úti í strjálbýlinu, þar sem ótal kostnaðarliðir bætast við og hækka vöruverð til neytandans.

Innflutningsverslun landsmanna fer að yfirgnæfandi meiri hluta um Reykjavík. Vörudreifingin til hinna ýmsu staða á landinu, ýmist með skipum, bifreiðum eða jafnvel í flugi, hefur að sjálfsögðu verulegan kostnað í för með sér og kemur óhjákvæmilega fram í hærra vöruverði á hinum ýmsu stöðum úti um land — því hærra sem fjarlægðin er meiri frá Reykjavík.

Með þessu frumvarpi er gerð tilraun til að aflétta einum hinna mörgu kostnaðarauka, sem strjálbýlisverslunin á við að búa, þ. e. með niðurfellingu söluskatts á flutningsgjald. Lögum samkvæmt leggst söluskatturinn, sem í dag er 22%, á síðasta stig sölu eða viðskipta, þ. e. sölu til neytandans. Ef tekin er sem dæmi vara, sem send er sjóleiðis frá Reykjavík til verslunarstaðar úti á landi, verður söluskattsstofninn þessi: heildsöluverð vörunnar að viðbættu vátryggingargjaldi, vörugjaldi, útskipunargjaldi, uppskipunargjaldi í heimahöfn og heimakstri, flutningsgjaldi, smásöluálagningu. Ofan á alla þessa kostnaðarliði leggst svo 22% söluskattur og þar með er fundið hið endanlega kaupverð neytandans.

Það liggur í augum uppi, að sjálft flutningsgjaldið hefur ærin áhrif til hækkunar vöruverðsins og það er engan veginn réttlætanlegt, að skattheimta ríkisins seilist eftir hagnaði af þessum viðauka við almennan framfærslukostnað þess hluta landsmanna, sem háður er aðdráttum lífsnauðsynja um langa vegu. Hér er um að ræða gróflega mismunun og ójöfnuð, sem hart er við að una og það því fremur sem þessi ójöfnuður hefur orðið æ tilfinnanlegri með stöðugt hækkandi söluskatti á undanförnum árum.

Þetta er ekki nýtt mál. Verðjöfnun vöruflutninga hefur mörg undanfarin ár verið til umræðu á Alþingi. Sérstök milliþinganefnd var á sínum tíma skipuð til að fjalla um málið, og skilaði hún árið 1976 ítarlegri greinargerð og tillögum. Þar var m. a. lagt til að fallið yrði frá hugmynd, sem mjög hafði verið á döfinni, um stofnun sérstaks verðjöfnunarsjóðs til verðjöfnunar allra vöruflutninga. Hins vegar benti nefndin á ýmsar aðrar leiðir, t. d. að aðstöðumunur vegna mismunandi framfærslukostnaðar yrði jafnaður í gegnum skattkerfið og einnig með sérstökum styrkveitingum til að tryggja viðunandi verslunarþjónustu í dreifbýli, eins og tíðkast hjá nágrönnum okkar í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Sú aðferð, sem þetta frumvarp felur í sér, þ. e. niðurfelling söluskatts á flutningsgjald, virðist þó í senn eðlilegri og geðfelldari, þótt hún hrökkvi að vísu skammt.

Á það má benda sérstaklega í þessu sambandi, að það fólk, sem hér á hlut að máli að því er varðar hið skattlagða flutningsgjald, er um leið — flest af því — sama fólkið sem nú er að sligast undan húshitunarkostnaði eftir hinar geipilegu hækkanir á olíuverði. Væntanlega munu aðgerðir stjórnvalda á næstunni létta að nokkru þá byrði. En hvað sem því líður og enda þótt þetta frumvarp, ef að lögum yrði, mundi þýða einhvern tekjumissi fyrir ríkissjóð, þá mundi það um leið aflétta því áberandi ranglæti, sem felst í skattheimtu þeirri sem hér er lagt til að felld verði niður.

Nd. 211. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt. Minni hlutinn skilar séráliti.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Alþingi, 17. mars 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.
	Tryggvi Gunnarsson.	

Nd. 212. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. mars.)

1. gr.

21. grein laganna orðist svo:

Þeir menn, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar af tekjum sínum til sveitarfélags eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum.

2. gr.

22. grein laganna orðist svo:

Hver maður, útsvarsskyldur samkvæmt lögum þessum, skal greiða útsvar í einu sveitarfélagi og fellur það óskipt til þess.

Þeir menn, sem um ræðir í 1. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 40/1978, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuárinu.

Þeir menn, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 40/1978, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags, þar sem þeir öfluðu mestra tekna sinna á tekjuárinu.

3. gr.

23. grein laganna orðist svo:

Útsvar skal leggja á tekjur þær sem skattskyldar eru samkvæmt II. kafla laga nr. 40/1978.

Frá tekjum þessum skal draga frádrátt samkvæmt A-lið, 1. tl. B-liðar, 3. tl. C-liðar 1. mgr. og 3. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum.

Frá útsvarsskyldum tekjum manna, sem stafa af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 40/1978, skal draga gjöld þau sem talin eru í 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978, eftir því sem við getur átt.

Enn fremur skal draga frá útsvarsskyldum tekjum elli- og örorkulífeyri samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum.

Þá skal lækka stofn til útsvars um sömu fjárhæð og skattstjóri veitir til lækkunar á tekjuskattsstofni samkvæmt 66. gr. laga nr. 40/1978.

Við ákvörðun stofns til útsvars samkvæmt þessari grein gilda reglur 62.—65. gr. laga nr. 40/1978, eftir því sem við getur átt.

4. gr.

24. grein laganna orðist svo:

Skattstjórar annast álagningu útsvars.

Ákvæði VIII.—XIV. kafla laga nr. 40/1978 gilda um útsvar, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

5. gr.

25. grein laganna orðist svo:

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum næstliðins almanaksárs, sem þó má ekki hærri vera en 11% af útsvarsstofni, og skal sami hundraðshluti lagður á alla menn í hverju sveitarfélagi.

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. laga nr. 40/1978, skal vera 3% af útsvarsstofni og skal barn ekki njóta lækkunar skv. 26. gr., sbr. þó 7.—9. mgr. þeirrar greinar.

Við samningu fjárhagsáætlunar fyrir næsta almanaksár ákveður sveitarstjórn, hver hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á því ári, og tilkynnir skattstjóra um ákvörðun sína, eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

Nú hrökkva útsvör samkvæmt 1. mgr. ekki fyrir áætluðum útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka þau um 10% að fengnu samþykki ráðherra.

6. gr.

26. grein laganna orðist svo:

Hjá þeim mönnum, sem um ræðir í 2. mgr. 22. gr. og heimilisfastir hafa verið hér á landi allt tekjuárið, skal við álagningu lækka útsvarið um 35 000 kr.

Fyrir hvert barn innan 16 ára á tekjuárinu, sem var heimilisfast hjá framfæranda hér á landi allt það ár, skal lækka útsvar hans um 7 000 kr. Þegar um fleiri en þrjú börn er að ræða, skal útsvar framfæranda lækkað að auki um 7 000 kr. fyrir hvert barn umfram þrjú.

Lækkun útsvars vegna barna skal skipt á milli framfærenda eftir reglum 4. og 5. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1978.

Þegar um hjón er að ræða og lækkun skv. 1.—3. mgr. nemur samtals hærri fjárhæð hjá öðru þeirra en álagt útsvar þess, þá skal sá hluti lækkunar, sem umfram er, bætast við lækkun hjá hinu.

Hjá mönnum, sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 22. gr. og dveljast hér á landi hluta úr ári, skulu ofangreindar fjárhæðir miðast við hlutfallslegan dvalartíma þeirra og barna þeirra hér á landi. Dvalartíma skal telja í heilum mánuðum og telst brot úr mánuði sem heill mánuður.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til þeirra manna sem um ræðir í 2.—8. tl. 3. gr. laga nr. 40/1978.

Fella skal niður útsvar sem nemur 10 000 kr. eða lægri fjárhæð.

Ofangreindar fjárhæðir skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 121. gr. laga nr. 40/1978 með síðari breytingum.

Útsvar skal lagt á í heilum þúsundum króna, þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. skal sleppt.

7. gr.

27. grein laganna orðist svo:

Að lokinni álagningu útsvara getur sveitarstjórn tekið ákvörðun um umsókn manna um lækkun álagðra útsvara, þegar svo stendur á sem greinir í 1. mgr. 66. gr. laga nr. 40/1978, fari þeir fram á frekari lækkun en skattstjóri veitti. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum. Skattstjóri skal veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum viðkomandi manna svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til skattstjóra og viðkomandi manns.

Þeim, sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

8. gr.

28. grein laganna orðist svo:

Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattumdæmi sínu þegar hann hefur lokið álagningu útsvara. Skrá þessa skal hann senda viðkomandi sveitarstjórn.

9. gr.

29. grein laganna orðist svo:

Sveitarstjórn annast innheimtu útsvara.

Sveitarstjórn er heimilt að gera samning við fjármálaráðherra og forráðamenn annarra stofnana um að innheimta skuli í einu lagi öll gjöld sem greiða ber þessum aðilum. Má fela gjaldheimtuna sveitarfélagi, innheimtumanni ríkissjóðs eða sérstakri innheimtustofnun. Allar heimildir og skyldur sveitarfélaga, innheimtumanns ríkissjóðs og stofnana vegna gjaldheimtu skulu færast til þess aðila sem tekur gjaldheimtuna að sér.

Útsvar skal greitt á tíu gjalddögum á ári hverju. Eru gjalddagar hinn fyrsti dagur hvers mánaðar, nema mánuðina janúar og júlí. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða að útsvar skuli greiðast á einum eða tveimur gjalddögum, 15. júlí og 15. október.

Þar til álagning útsvara liggur fyrir, skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga upp í útsvar fjárhæð, sem nema skal ákveðnum hundraðshluta af því útsvari, sem honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðast fyrir hvert ár í samræmi við þá reglugerð sem fjármálaráðherra setur um innheimtu tekju- og eignarskatts.

Álagt útsvar að frádregnu því, sem greiða ber fyrir álagningu skv. 4. mgr. þessarar greinar, skal greiða með jöfnum afborgunum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

Vangreiðsla að hluta veldur því að útsvar gjaldandans fellur í gjalddaga 15 dögum eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Séu skattar gjaldanda hækkaðir eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera full skil á útsvari sínu fyrir brottför af landinu.

Áfrýjun útsvarsákvörðunar eða deila um útsvarsskyldu frestar hvorki eindaga útsvars né leysir gjaldanda undan álögum, sem beitt er vegna vangreiðslu þess. Ef útsvar er lækkað eða fellt niður eftir úrskurði eða dómi, skal endurgreiðsla þegar fara fram.

10. gr.

30. grein laganna orðist svo:

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 40/1978, skulu senda ótilkvaddir viðkomandi sveitarstjórn skrá um þá launþega sem þar eiga að greiða útsvar. Eru launagreiðendur skyldir að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar útsvari þeirra. Skulu í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfsskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi fé, er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 43. gr. frá þeim degi sem skila bar fénu til sveitarstjórnar.

Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

11. gr.

31. grein laganna orðist svo:

Gjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til launagreiðanda, getur krafið viðkomandi sveitarstjórn um það sem ofgreitt kann að vera, og skiptir ekki máli hvort launagreiðandi hefur staðið skil á fénu eða ekki.

Sveitarstjórn getur ekki krafið gjaldanda um útsvar er launagreiðandi hefur haldið eftir af launum gjaldandans, þó að launagreiðandinn hafi ekki staðið skil á fénu til sveitarstjórnar.

12. gr.

32. grein laganna orðist svo:

Hjón, sbr. 63. gr. laga nr. 40/1978, bera óskipta ábyrgð á greiðslu útsvars sem á þau er lagt, og getur sveitarstjórn gengið að hvoru hjóna um sig til greiðslu þess. Rétt er því hjóna, er útsvarsgreiðslur annast, að krefjast endurgreiðslu af hinu hjóna á þeim hluta útsvars er það hefur greitt umfram það sem að réttum hlutföllum kemur í þess hlut miðað við tekjur hvors hjóna.

Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á útsvarsgreiðslum þeirra. Erfingjar í dánarbúi, sem skipt er einkaskiptum, bera óskipta ábyrgð á útsvarsgreiðslum hins látna.

Þeir, sem hafa í þjónustu sinni erlenda ríkisborgara eða ríkisfangslausa menn, er fengið hafa landvistar- eða dvalarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, bera ábyrgð á útsvarsgreiðslum þeirra. Þeir, sem greiða aðilum, sem ekki eru heimilisfastir hér á landi, gjald fyrir leigu eða afnot af lausafé, einkaleyfi, framleiðslurétti eða sérþekkingu, arð af hlutafé eða endurgjald fyrir starfsemi eða þjónustu eða aðrar greiðslur sem um er rætt í 3. gr. laga nr. 40/1978, bera ábyrgð á útsvari viðtakenda vegna þessara greiðslna.

Gera má lögtak hjá þeim, sem ábyrgð ber á útsvari, til tryggingar því útsvari er hann ber ábyrgð á samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Með ábyrgð samkvæmt þessari grein er átt við sjálfskuldarábyrgð.

Sveitarstjórn er heimilt að krefjast þess að aðilar, sem um ræðir í 3. gr. laga nr. 40/1978, setji tryggingu fyrir væntanlegu útsvari sínu svo og fyrir útsvarsgreiðslum annarra aðila sem þeir eru ábyrgir fyrir.

13. gr.

36. grein laganna orðist svo:

Sveitarstjórnum er heimilt að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá þeim aðilum, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

Undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu eru eftirtaldir aðilar:

1. Þeir sem um ræðir í 1.—4. tl. 4. gr. laga nr. 40/1978 um tekjuskatt og eignarskatt. Varðandi sveitarfélög tekur undanþága þessi einungis til þeirrar starfsemi sem þau eða fyrirtæki þeirra stunda í eigin umdæmi. Heimilt er að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir sem um ræðir í c-lið 10. greinar með síðari breytingum.
2. Félög, sjóðir og stofnanir er um ræðir í 5. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 40/1978, að því marki sem þau reka ekki atvinnu.
3. Olíufélög, sem greiða landsútsvar.
4. Íslenskir kirkjusjóðir.

Eftirtalin starfsemi er undanþegin aðstöðugjaldi:

Rekstur skóla, barnaheimila, sjúkrahúsa, elliheimila, orkuvera til almenningsþarfa, sláturhúsa, mjólkurbúa, banka og innlánsstofnana.

14. gr.

37. grein laganna orðist svo:

Aðstöðugjaldsstofn skal vera rekstrarkostnaður sá sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978. Til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi telst gjaldfærsla skv. 53. gr. laga nr. 40/1978, en frá honum dregst tekjufærsla skv. sömu grein.

Undanþeginn aðstöðugjaldi er rekstrarkostnaður samkv. 2. mgr. 1. tl. 31. gr. laga nr. 40/1978, enn fremur sá hluti rekstrarkostnaðar sem umfram er heildartekjur, og telst tekjufærsla skv. 53. gr. laga nr. 40/1978 þá ekki til heildartekna.

Hafi aðili með höndum fjölþættan atvinnurekstur, sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, skal telja verðmæti, sem þannig eru flutt, til heildartekna hjá þeim þætti rekstrarins, er af hendi lætur, en aðstöðugjaldsskylds rekstrarkostnaðar hjá þeim þætti sem á móti tekur.

Aðstöðugjaldsskyldir aðilar skulu skila skattstjóra sérstakri greinargerð um aðstöðugjaldsskyldan rekstrarkostnað í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Greinargerð þessari skal skila með skattframtali framtalsskyldra aðila samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en þeir, sem undanþegnir eru þeirri framtalsskyldu, skulu fyrir 31. maí ár hvert skila greinargerð þessari ásamt ársreikningi til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

15. gr.

39. grein laganna orðist svo:

Um álagningu og innheimtu aðstöðugjalds gilda ákvæði 24., 28., 29., 32., 33. og 43. greinar eftir því sem við á.

Aðstöðugjald skal álagt í heilum þúsundum króna þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. skal sleppt.

16. gr.

40. grein laganna orðist svo:

Heimilt er að innheimta aðstöðugjald hjá aðila sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili eða hefur aðalatvinnurekstur sinn ef:

a. hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun, hefur þar með höndum húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar.
b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

Í þeirri greinargerð, sem aðstöðugjaldsskyldum aðila ber að gera skv. 4. mgr. 37. gr., skal koma fram hvað af rekstrarkostnaði hans tilheyri þeirri starfsemi sem hann rekur í öðrum sveitarfélögum. Skattstjóri skal senda upplýsingar um aðstöðugjaldsstofn til skattstjóra í því umdæmi, þar sem viðkomandi starfsemi fer fram.

17. gr.

2. mgr. 41. greinar laganna orðist svo:

Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 31. mars ár hvert.

18. gr.

42. grein laganna orðist svo:

Telji skattstjóri ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu og gjaldflokka ganga lengra en heimilað er eða brjóta á einhvern hátt í bága við lög eða reglugerð um aðstöðugjald, skal hann leita úrskurðar félagsmálaráðherra og fresta álagningu að því leyti, uns úrskurður er fenginn.

Félagsmálaráðherra skal kveða upp úrskurðinn svo fljótt sem auðið er og senda hann viðkomandi skattstjóra og sveitarstjórn án tafar.

19. gr.

43. grein laganna orðist svo:

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarfélagi dráttarvexti af því sem gjaldfallið er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Nú verður ljóst, þegar álagningu sveitarsjóðsgjalda lýkur eða við endurákvörðun þeirra, að gjaldandi hefur greitt meira en endanlegu álögðu gjaldi nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem fé var í vörslu sveitarfélags. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

20. gr.

Í 46. grein laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur skv. 1. mgr. og maður, sem útsvarsskyldur er hér á landi samkvæmt 22. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki útsvar af tekjum sínum sem útsvarsskyldar eru hér á landi, og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn manns eða ábendingu skattstjóra, að lækka útsvar hans hér á landi með hliðsjón af þessum útsvarsgreiðslum hans.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu útsvars og aðstöðugjalds á árinu 1980 vegna tekna og gjalda á árinu 1979.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra inn í meginmál laga nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, ásamt síðari breytingum og gefa út lögin svo breytt.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Við ákvörðun stofna til útsvars og aðstöðugjalds skulu ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum gilda eftir því sem við á.

II.

Við álagningu útsvars á árinu 1980 vegna tekna á árinu 1979 skal við ákvörðun gjaldstofns til útsvars draga frádrátt skv. 2. og 4. tl. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 40/1978. Enn fremur skulu vaxtatekjur og verðbætur manna á árinu 1979 af verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs vera frádráttarbærar að fullu frá tekjum við álagningu útsvars á árinu 1980.

III.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara skulu lög nr. 1/1980 gilda eftir því sem við á um greiðslu útsvara á fyrri hluta ársins 1980.

IV.

Hvarvetna þar sem í lögum þessum er vísað til laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er vísað til þeirra laga með síðari breytingum eftir því sem við getur átt. Verði síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum nr. 40/1978, felldar inn í meginmál þeirra og útgefin ný lög, skal við framkvæmd á 2. mgr. 21. gr. laga þessara breyta vísunum til laga nr. 40/1978 til samræmis við það.

Nd. 213. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 16. maí 1974, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Nefndin hefur haft málið til athugunar og fengið umsagnir aðila um það. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingu, sem flutt verður á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. mars 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir, form.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, frsm.
Guðrún Helgadóttir.	Guðm. G. Þórarinsson.	Matthías Bjarnason.
	Jósef H. Þorgeirsson.	

Nd. 214. Breytingartillaga [80. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 16. maí 1974, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frá heilbrigðis- og tryggingaNefnd.

Á undan 1. gr. (sem verður 2. gr.) komi ný grein sem orðist svo:

Við 14. gr. laganna bætist nýtt ákvæði sem verði 5. málsgr. og orðist svo:

Nú lætur sjóðsfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða sambýliskona hefur sannanlega annast heimili hans um árabil, þó ekki skemur en 5 ár fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýlismanni lífeyri í samræmi við ákvæði 3. og 4. málsgr.

Sþ. 215. Fyrirspurn [125. mál]

til samgönguráðherra um símamál í Kjalarnes- og Kjósarhreppum.

Frá Salome Þorkelsdóttur.

1. Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til að bæta símaþjónustu í Kjalarneshreppi og hvenær má vænta úrbóta?
2. Eru fyrirhugaðar á næstunni breytingar á símaþjónustu í Kjósarhreppi?

Nd. 216. Breytingartillaga [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá Magnúsi H. Magnússyni.

Við 5. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, er verði 5. mgr. og orðist svo:

Þegar heimild skv. 4. mgr. þessarar greinar er notuð, breytast fjárhæðir í 6. gr. þannig, að í stað 35 000 kr. í 1. mgr. komi 50 000 kr. og í stað 7 000 kr. í 2. mgr. komi 10 000 kr. í báðum tilvikum.

Sþ. **217. Tillaga til þingsályktunar** [126. mál]

um bætta skipan launa- og kjaramála.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Pétur Sigurðsson, Páll Pétursson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa samstarfsnefnd eftir tilnefningu frá aðilum vinnumarkaðarins, er falið skuli að athuga og gera tillögur um breytta og bætta skipan íslenskra launa- og kjaramála.

Meginmarkmið og verkefni slíkrar athugunar skulu vera:

1. Að gera tillögur um, hvernig einfalda megi og samræma uppbyggingu launakerfa í landinu með því m. a. að afnema eða draga úr álögum á kaup og aukagreiðslur en fella þessa þætti inn í taxtakaup.
2. Að endurskoða kauptaxta hinna ýmsu starfsstétta með hliðsjón af raunverulegu lágmarkskaupi. Í kjarasamningum verði í auknum mæli miðað við greidd laun, en ekki taxtakaupið eitt.
3. Að endurskoða reglur um ákvæðisvinnu, uppmælingartaxta og bónusgreiðslur.
4. Við gerð kjarasamninga verði viðfangsefni sérviðræðna afmörkuð betur en nú tíðkast, þannig að árangur þeirra liggi sem gleggst fyrir áður en aðalsamninganefndir hefja samningaviðræður.
5. Að efla almennar kjararannsóknir og í því sambandi að endurskoða starfssvið og starfshætti Kjararannsóknarnefndar.
6. Að gera tillögur um, á grundvelli fyrirliggjandi vitneskju og gagna, hvernig stuðla megi að aukinni innbyrðis samvinnu og samráði helstu heildarsamtaka launþega og koma á markvissri umræðu og fræðslu á þeim vettvangi um ástand efnahagsmála hverju sinni og um grundvallaratriði atvinnu- og efnahagslífs þjóðarinnar.
7. Sú upplýsinga- og fræðslustarfsemi, er felst í 6. lið, haldist í hendur við traust og skipulegt samráð ríkisvaldsins við aðila vinnumarkaðarins.

Samstarfsnefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila álitsgerð og tillögum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er þess freistað, að Alþingi hlutist til um að gerð verði ákveðin tilraun til að ráða bót á ríkjandi vandræðaástandi í skipan íslenskra launa- og kjaramála. Öllum er ljóst, að hér er annars vegar eitt stærsta og um leið viðkvæmasta vandamál í íslensku þjóðfélagi í dag. Ekki þarf að kvarta yfir því, að þessi mál hafi ekki fengið þá umræðu sem þau eiga skilið. Sannleikurinn er þvert á móti sá, að á sama tíma og almenningur í landinu hefur verið ofmettaður af endalausum rökræðum og þjarki um kaup og kjör hafa þessi mál öll þróast til verri vegar og virðast nú, illu heilli, komin í algera blindgötu.

Það, sem við þurfum nú, eru því ekki fleiri orð, heldur markvissar ákvarðanir og aðgerðir í jákvæðum sáttaanda með velferð þjóðarheildarinnar fyrir augum — án þess að gleyma neinum. Það er þannig ekki til lítils ætlast af samstarfsnefnd þeirri, sem hér er gerð tillaga um, og varðar öllu að vel takist til um skipan hennar. Það er með ráði gert, að tiltaka ekki nánar en gert er í tillögunni um það, hvernig hún skuli skipuð. Eðlilegt er og sjálfsagt að leitað sé til aðila vinnumarkaðarins um tilnefningu nefndarmanna. Það er hins vegar skoðun flutningsmanna, að nefndin eigi að vera fámenn, 3—5 menn með staðgóða þekkingu og reynslu á sviði verkalýðs- og kjaramála án þess þó að tilheyra hinum innsta hring í forustusveit launþega og vinnuveitenda, sem alfarið bera hita og þunga samningamálanna. Nefndin

ætti þannig að vera eins hlutlaus og unnt er, skipuð hæfum og velviljuðum mönnum, sem njóta almenns trausts og eru líklegir til að meta málin af yfirsýn og óhlutdrægni.

Fyrstu tveir töluliðir tillögunnar fjalla um atriði sem fullyrða má að séu nú eitt hið brýnasta markmið og verkefni sem leysa þarf, þ. e. einföldun og samræming í uppbyggingu launakerfa í landinu og aðlögun kauptaxta að raunverulegu lágmarkskaupi. — Í dag eru greidd laun á Íslandi eftir sex — sjö hundruð mismunandi launatöxtum. Innan eins fyrirtækis, Flugleiða hf., eru notaðir um það bil 500 taxtar, hjá Sláturfélagi Suðurlands tæplega 350, hjá Slippstöðinni á Akureyri 85 kauptaxtar. Hér til viðbótar koma svo auðvitað sérstakir taxtar fyrir eftir- og næturvinnu. Er hægt að ímynda sér, að störf innan þessara fyrirtækja séu í eðli sínu svo margbreytileg eða svo misjafnlega mikilvæg fyrir viðgang þeirra, að slík aðgreining í launum geti átt nokkurn rétt á sér eða samrýmist heilbrigðri skynsemi? — Auðvitað ekki, — og það sem verra er, á allra vitorði er sú staðreynd, að allur þessi aragrúi af mismunandi kauptöxtum er síður en svo í réttlætisins þágu, heldur nánast markleysa ein, þar sem óteljandi álögur og aukagreiðslur skekkja kauptaxtann og skæla í allar áttir, svo að hin raunverulega kaupgreiðsla er meira og minna á huldu þegar upp er staðið.

Þarna er fólgið eitt alvarlegasta meinið, hinn versti þrándur í götu fyrir skynsamlegri og réttlátri framkvæmd íslenskra launa- og kjaramála. Hinn almenni launþegi veit ekki lengur sitt rjúkandi ráð, hefur vart nokkur tök á því að fylgjast með og skilja, hvernig launin, sem hann fær fyrir vinnu sína, eru til komin. Fyrir hann er það í senn neikvætt og niðurlægjandi og til þess fallið að skapa tortryggni og spennu milli starfsstétta — og jafnvel á milli fólks sem vinnur hlið við hlið á sama vinnustað.

Hér þarf að ganga beint til verks, hreinsa til, skýra línurnar, fækka vistarverum í völundarhúsi kjaramálanna og umfram allt lýsa þær betur upp, svo að ratljóst verði hverjum þeim sem skyggnast vill þar um gættir og átta sig á því, sem fram fer í því húsi — og hvernig það fer fram. Það væri öllum aðilum jafnt í hag: launamanninum, þeim, sem greiðir honum launin, og hinum, sem fer með hið vandasama hlutverk samningamannsins í umboði samningsaðila. Það mundi bæta andrúmsloftið í samningaviðræðum og draga úr, ef ekki binda endi á baktjaldamakkið og laumuspilið sem einkennt hefur í allt of ríkum mæli öll vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Það ætti jafnframt að tryggja aukið jafnvægi á launamarkaðnum, meiri frið um kaup og kjör og skiptingu hinnar svokölluðu „þjóðarköku".

Þriðji og fjórði liður tillögunnar tengjast beint og óbeint tveimur þeim fyrstu. Hin svokölluðu „hvetjandi launakerfi" hafa rutt sér mjög til rúms hérlendis á síðari árum. Mun óhætt að segja, að sú þróun sé æskileg, og víst væri það best, að hver fengi borgað eftir því sem hann hefur til unnið. Þó eru hér ýmsir agnúar á og vafalaust eiga þessi launakerfi: bónusgreiðslur, uppmælingataxtar og önnur ákvæðisvinna, sinn þátt í því, hve umsamdir launataxtar eru í mörgum tilvikum lítt til marks um hið raunverulega kaup eða ráðstöfunarfé sem launþeginn fær í hendur. Full þörf er á að endurskoða gildandi reglur í þessum efnum, sem í reynd munu mjög svo margbreytilegar. Þannig munu margir vera þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að setja þarna eitthvert hámark eða þak, sem þá tengist einnig spurningunni um eftir- og næturvinnu, er segja má að sé nú orðið landlægur ávani — eða óvani á íslenskum vinnumarkaði. Þetta er ekki eingöngu spurning um peninga, heldur jafnframt og ef til vill öllu fremur um vinnuvernd og um leið fjölskylduvernd. Tvímælalaust verður að stefna að því, allra hluta vegna, að draga svo sem unnt er úr eftirvinnunni, en borga hins vegar betur fyrir dagvinnu.

Þessi síðastnefndu atriði, undir 3. og 4. lið, munu að jafnaði meðal viðfangsefna sérviðræðna við gerð kjarasamninga, sem taka oft lengri tíma en góðu hófi gegnir. Jafnframt verður ætíð sú raunin á, að einstakir þrýstihópar ná í gegnum sérkröfur sínar launa- og kjarabótum, sem skekkja hið almenna launamat, er niðurstöður aðalsamningsins byggðust á. Afleiðingin er gamalkunn og síendurtekin: launalægsta

fólkið, almennir verkamenn, iðnverkafólk, Sóknarkonur verða að láta sér lynda, að aðgangsharðir sérkröfuhópar fái drjúga kaupauka eftir ýmsum krókaleiðum ofan á aðalsamninginn, sem gengið var frá áður. Í kjarasamningunum 1977 námu sérkröfur hjá sumum sérgreinasamböndunum á annað hundrað prósentum. Hér þarf því nauðsynlega að söðla um þannig að aðalsamningurinn geti tekið mið af niðurstöðum sérviðræðna. Eins og málum er háttað nú er alveg ljóst, að það er hin mismunandi samsetning launanna, sem skiptir sköpum í kjarasamningum, og tómt mál að tala um launajafnvægi eða launajöfnun á meðan ekki er horfið frá þeim vinnubrögðum, er tíðkast hafa við gerð kjarasamninga. Að sjálfstögðu vegur hér einnig þungt á metunum hið meingallaða vísitölukerfi, sem reynst hefur mikill vandræðavaldur í þeirri óðaverðbólgu, sem við eigum við að búa.

Í 5. lið tillögunnar er lagt til, að almennar kjararannsóknir verði efldar og í því sambandi endurskoðað starfssvið og starfshættir Kjararannsóknarnefndar. Til nefndarinnar var stofnað fyrir 15 árum með aðild fulltrúa frá ASÍ, Vinnuveitendasambandinu og Vinnumálasambandinu. Kjararannsóknarnefndin hefur tvímælalaust gegnt mikilvægu hlutverki, m. a. með söfnun upplýsinga um kaup og kjör innan ASÍ. En auðsætt er, að færa verður út starfssvið hennar þannig að það nái til alls vinnumarkaðarins, verði þar almennur vettvangur rannsókna og upplýsinga um ástand launa- og kjaramála í landinu. Það virðist t. d. kjörið verkefni fyrir allsherjar kjararannsóknarnefnd að kanna og upplýsa þau atriði, sem sérstaklega er fjallað um í þessari tillögu: samsetningu launa, vægi kauptaxta, álagsgreiðslur, launahlutföll á vinnumarkaðnum, svo nokkuð sé nefnt. Væri starfssvið nefndarinnar fært út með þessum hætti, kæmi um leið til endurskoðun á fjármögnun hennar, en nú er starfsemi hennar kostuð af Atvinnuleysistryggingasjóði.

Um markmið það, sem felst í 6. lið tillögunnar, verður naumast deilt, þótt hægara muni sagt en gert að koma því í framkvæmd. Reynslan fram að þessu af ráðum og nefndum, er stofnað hefur verið til í þessum tilgangi, er því miður ekki uppörvandi. Þar mun þó mikið hafa verið talað, en minna orðið um athafnir og framtak á þessu sviði. En aðalatriðið er, að eftir einhverjum leiðum takist að virkja áhuga og löngun hins vinnandi manns, hvar í stétt sem hann stendur, til að fylgjast með og fræðast um eigin stöðu í síbreytilegu samfélagi, auka þekkingu sína og skilning á högum annarra og á þjóðfélaginu, sem við lifum í og er sameign okkar allra. Enginn vafi er á að slík starfsemi mundi, ef vel tækist til um framkvæmd hennar, verka til góðs og hugsanlega draga nokkuð úr þeim óheillavænlega metingi og spennu milli starfshópa, sem sjúklegt verðbólguástand hefur magnað ár frá ári.

Í sambandi við 7. og síðasta tölulið tillögunnar ber þess að geta, að 27. sept. s. l. var gefin út reglugerð samkvæmt efnahagslögum Ólafs Jóhannessonar frá 10. apríl 1979 um samráð stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins. Þar er gert ráð fyrir 20 manna samráðsnefnd, er skipuð skal fulltrúum allra helstu samtaka launþega og vinnuveitenda. Ekki mun þó enn hafa orðið af skipun þessarar nefndar og ekki sýnist, í ljósi fyrri reynslu, vera ástæða til bjartsýni um árangur af störfum svo fjölmennrar nefndar, þótt góður vilji væri fyrir hendi.

Í málefnasamningi núverandi ríkisstjórnar er því lýst yfir, að hún sé „fyrir sitt leyti reiðubúin til þess að stuðla að einföldun launakerfisins í landinu með því að beita sér fyrir samstarfi helstu samtaka launafólks um stefnumótun í launamálum". Þetta ákvæði stjórnarsáttmálans hefði að skaðlausu mátt vera ákveðnara, en vissulega felur það í sér vísbendingu um góðan vilja, sem er í sjálfu sér mikils virði og mun væntanlega verka til stuðnings því máli, sem hér er flutt.

Þessi tillaga er fram borin í trausti þess, að á Alþingi sé fyrir hendi skilningur á aðkallandi nauðsyn þess, að komið verði fram raunhæfum umbótum í meðferð launa- og kjaramála, sem tryggi aukið jafnvægi, meiri frið — meira réttlæti til handa öllu vinnandi fólki í landinu. Flutningsmenn hennar telja, að samþykkt hennar og framkvæmd mundi marka heillavænleg spor í þá átt.

Sþ. **218. Breytingartillögur** [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá fjárveitinganefnd.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 00 201 0107 Hús Jóns Sigurðssonar.	
	Fyrir „18 500“ kemur	26 500
2.	Við 4. gr. 02 231 Náttúrufræðistofnun Íslands 0 Sértekjur. Liðurinn fellur niður.	
3.	Við 4. gr. 02 303 Menntaskólinn á Laugarvatni 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „8 000“ kemur	12 000
4.	Við 4. gr. 02 322 Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „8 400“ kemur	12 000
5.	Við 4. gr. 02 351 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „141 200“ kemur	200 000
6.	Við 4. gr. 02 354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „32 000“ kemur	40 000
7.	Við 4. gr. 02 355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „2 500“ kemur	10 000
8.	Við 4. gr. 02 Nýr liður:	
	357 Framhaldsskóli á Selfossi:	
	6 Gjaldfærður stofnkostnaður 5 000	
	Gjöld samtals	5 000
9.	Við 4. gr. 02 516 Iðnskólar 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	
	Iðnskólar (02 516).	
	1. Reykjavík 70 000	
	2. Hafnarfjörður 4 000	
	3. Ísafjörður 4 000	
	4. Akureyri 45 000	
	5. Neskaupstaður 5 000	
		128 000
10.	Við 4. gr. 02 553 Hússtjórnarskólar 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „37 262“ kemur	47 262
11.	Við 4. gr. 02 563 Tónlistarfræðsla. Nýr liður:	
	0111 Tónlistarskólar, stofnkostnaðarstyrkir	8 500
12.	Við 4. gr. 02 563 0111.	

Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Tónlistarfræðsla (02 563 94).		Þús. kr.
1. Söngskólinn í Reykjavík	3 000	
2. Akureyri	2 000	
3. Breiðdalsvík	500	
4. Seyðisfjörður	500	
5. Eskifjörður/Reyðarfjörður	500	
6. Garðabær	500	
7. Gerðahreppur	500	
8. Selfoss	500	
9. Hellissandur	500	
		8 500

13. Við 4. gr. 02 610 Héraðsskólar 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Héraðsskólar (02 610).		
1. Reykholt	20 000	
2. Núpur	20 000	
3. Reykjanes	6 000	
4. Reykir	46 000	
5. Laugar	28 000	
6. Eiðar	50 000	
7. Skógar	6 000	
8. Laugarvatn	6 000	
		182 000

14. Við 4. gr. 02 621 Skálholtsskóli 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „4 000“ kemur 7 000

15. Við 4. gr. 02 797 Stofnanir afbrigðilegra barna 20 Laun.
Fyrir „563 104“ kemur 564 604

16. Við 4. gr. 02 803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður.
a. Fyrir „500 040“ kemur 550 040
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Dagvistarheimili (02 803).	
1. Akranes	8 000
2. Hellissandur	7 000
3. Grundarfjörður	10 000
4. Patreksfjörður	8 000
5. Suðureyri	8 000
6. Bolungarvík	10 000
7. Hnífsdalur	8 000
8. Ísafjörður	30 000
9. Blönduós	19 000
10. Sauðárkrókur	18 000
11. Ólafsfjörður	19 000
12. Akureyri, Hlíðarlundur	15 000
13. Akureyri, Glerárþorp	15 000
14. Húsavík	40 000
15. Neskaupstaður	4 400
16. Egilsstaðir	10 000
17. Höfn í Hornafirði	24 000
18. Kirkjubæjarhreppur	600
19. Þorlákshöfn	14 000
20. Njarðvík	19 000

			Þús. kr.
21.	Gerðahreppur	10 000	
22.	Kópavogur, Snæland	19 000	
23.	Kópavogur, Hábraut	8 000	
	Reykjavík:		
24.	Suðurhólar	32 000	
25.	Völvufell	18 000	
26.	Hálsasel	20 000	
27.	Auðarstræti 3	3 650	
28.	Hagamelur	30 000	
29.	Iðufell	20 000	
30.	Arnarbakki/Fálkabakki	20 000	
31.	Ægissíða	10 000	
32.	Blöndubakki	8 000	
33.	Tungusel	2 000	
34.	Dyngjuborg	2 000	
35.	Hönnunarkostnaður	10 390	
			500 040
	Ný verk:		
1.	Akranes D	1 000	
2.	Súðavík L	1 000	
3.	Hólmavík	1 000	
4.	Hvammstangi D—L	4 100	
5.	Dalvík	6 000	
6.	Þórshöfn	4 000	
7.	Fáskrúðsfjörður	2 150	
8.	Selfoss	2 000	
9.	Eyrarbakki	5 000	
10.	Keflavík	7 000	
11.	Hafnarfjörður SKD	4 150	
12.	Hafnarfjörður	1 000	
13.	Kópavogur	2 600	
14.	Sandgerði L	4 000	
15.	Reykjavík, Hraunberg D—L	1 000	
16.	Reykjavík, Austurbæjarsk.	4 000	
			50 000
			550 040
17.	Við 4. gr. 02 881 0108 Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi. Fyrir „600“ kemur		1 000
18.	Við 4. gr. 02 885. Nýr liður: 0105 Félagsmálanámskeið		2 000
19.	Við 4. gr. 02 902 Þjóðminjasafn 6 Gjaldfærður stofnkostnaður. Fyrir „21 000“ kemur		24 000
20.	Við 4. gr. 02 902 Þjóðminjasafn 92 Til sveitarfélaga. Fyrir „20 450“ kemur		38 000
21.	Við 4. gr. 02 906 Listasafn Einars Jónssonar 20 Laun. Fyrir „5 993“ kemur		8 993
22.	Við 4. gr. 02 931 Náttúruverndarráð 0 Sértekjur. Fyrir „26 000“ kemur		5 000
23.	Við 4. gr. 02 976 Menningarsjóður, framlag. Fyrir „45 000“ kemur		50 000
24.	Við 4. gr. 02 982 0104 Bandalag ísl. leikfélaga. Fyrir „3 700“ kemur		4 500

		Þús. kr.
25.	Við 4. gr. 02 982. Nýr liður:	
	0105 Önnur leiklistarstarfsemi og leiklistarráð	10 000
26.	Við 4. gr. 02 982 0404 Myndlistarskólar, styrkir.	
	Fyrir „6 500“ kemur	11 500
27.	Við 4. gr. 02 984 0103 Norræna félagið.	
	Fyrir „1 000“ kemur	2 000
28.	Við 4. gr. 02 986 Íþróttasjóður:	
	a. Við 0103 Rekstrarstyrkir o. fl.	
	Fyrir „25 000“ kemur	35 000
	b. Við 0104 Bygging íþróttamannvirkja.	
	Fyrir „422 640“ kemur	497 640
	c. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	

Til byggingar íþróttamannvirkja (02 986 0104).

a. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1973:

1.	Reykjavík, II. áf. sundl. Vesturbæjar	50	
2.	Glímufélagið Ármann, Rvík, íþróttahús	14 110	
3.	Knattspyrnufélag Reykjavíkur, íþróttahús	2 376	
4.	Ísafjörður, gras- og malarvöllur	9 400	
5.	Ólafsfjörður, malarvöllur	397	
6.	Íþróttafél. Þór, Akureyri, malarvöllur	648	
7.	Húsavík, grasvöllur	2 464	
8.	Vestmannaeyjar, stækkun grasvallar	100	
9.	Umf. Þróttur, Vatnsleysuströnd, malarvöllur ..	1 690	
10.	Borgarnes, malarvöllur	411	
11.	Ums. Borgarfj., Varmalandi, íþróttasvæði	519	
12.	Eyrarsveit, Snæfellsnesi, malarvöllur	1 000	
13.	Stykkishólmur, Snæf., malarvöllur	3 351	
14.	Patreksfjörður, V-Barð., malarvöllur	3 400	
15.	Þingeyri, V-Ís., malarvöllur	2 644	
16.	Höfðahr. (Skagastr.), A-Hún., malarvöllur	795	
17.	Egilsstaðir, S-Múl., malarvöllur	8 800	
18.	Hvammshr. (Vík í Mýrdal), malarvöllur	1 000	
19.	Selfoss, íþróttasvæði	8 983	
			62 138

b. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1974:

1.	Knattspyrnufélagið Haukar, Hafnarfirði, íþróttahús	196
2.	Golfkl. Keilir, Hafnarfirði, völlur og hús	72
3.	Tennis- og badmintonfél. Rvíkur, íþróttahús ..	12 411
4.	Knattspyrnufél. Víkingur, Rvík, skíðaskáli	1 289
5.	Ungtemplarafélagið Hrönn, Rvík, skíðaskáli ..	861
6.	Knattspyrnufél. Víkingur, Rvík, grasvöllur ..	552
7.	Knattspyrnufél. Fram, Rvík, grasvöllur	2 600
8.	Reykjavík, vélfryst skautasvell	30
9.	Akranes, hlaupabraut	4 586
10.	Golfkl. Leynir, Akranesi, völlur	3 669
11.	Sauðárkrókur, framkv. við íþróttavöll	684
12.	Golfkl. Siglufjarðar, golfvöllur og hús	2 332
13.	Skíðafél. Siglufjarðar, Skíðaborg, stökkbraut ..	3 600
14.	Íþróttabandal. Siglufj., íþróttamannv. að Hóli	6 200

		Þús. kr.	
15.	Ólafsfjörður, golfvöllur	440	
16.	Akureyri, skíðastökkbraut	1 440	
17.	Knattspyrnufél. Akureyrar, malarvöllur	895	
18.	Húsavík, skíðatogbraut	1 900	
19.	Neskaupstaður, malarvöllur	3 507	
20.	Njarðvíkurkaupstaður, malarvöllur	654	
21.	Umf. Íslendingur, Andakílshr., Borgarf.	68	
22.	Hvammstangahreppur, V.-Hún., malarvöllur	1 957	
23.	Umf. Geislinn, Aðaldalshr., malarvöllur	355	
24.	Reykjahr., S.-Þing., grasvöllur	192	
25.	Skútustaðahreppur, S.-Þing., malarvöllur	1 189	
26.	Umf. Bjarmi, Hálshreppi, S.-Þing., völlur	868	
27.	Umf. Borgarfjarðar, N.-Múl., grasvöllur	5 755	
28.	Eskifjörður, malarvöllur	2 193	
29.	Umf. Máni, Nesjahr., A.-Skaft., malarvöllur	973	
30.	Hafnarhr., A.-Skaft., malarvöllur	1 500	
31.	Hveragerði, böð við sundlaug	465	
			63 433
c.	Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1975:		
1.	Golfkl. Suðurnesja, Keflavík, golfvöllur	1 142	
2.	Seltjarnarnes, íþróttavöllur	50	
3.	Fimleikafélag Hafnarfjarðar, grasvöllur	8 000	
4.	Garðabær, tæki, íþróttav. og flutningur sundlaugar	897	
5.	Knattsp.fél. Víkingur, Reykjavík, íþróttavöllur í Fossvogi	6 000	
6.	Íþróttafél. Rvíkur, Breiðholt, II. áf., grasvöllur, hlaupabraut og malarvöllur	10 050	
7.	Íþróttafél. Rvíkur, skíðal. (H)	4 300	
8.	Knattspyrnufél. Þróttur, Rvík, vallarhús og grasv.	10 089	
9.	Ólafsvíkurhreppur, grasvöllur	4 500	
10.	Stykkishólmur, sundlaug, II. áf.	2 700	
11.	Golfklúbbur Borgarness, golfvöllur	3 000	
12.	Héraðsheimili og íþróttahús að Varmalandi, Mýras., baðstofa	507	
13.	Íþróttafélagið Grettir, Flateyri, skíðalyfta	90	
14.	Siglufjörður, malarvöllur og vallarhús	4 700	
15.	Skíðafélag Siglufj., Skíðaborg, skíðalyfta (3)	3 400	
16.	Skíðafélag Fljótamanna, Holts- og Haganeshr., skíðamannvirki	50	
17.	Raufarhafnarhreppur, íþróttavöllur	50	
18.	Héraðssamb. S.-Þing., Laugum, stækkun héraðsvallar	8 000	
19.	Golfklúbbur Húsavíkur, golfvöllur	1 450	
20.	Skútustaðahreppur, vallarhús og sundlaug	4 606	
21.	Þórshöfn, N.-Þing, íþróttavöllur	3 500	
22.	Golfkl. Hafnarhrepps, A.-Skaft., golfvöllur og tæki	850	
23.	Búðakauptún, S.-Múl., völlur	3 000	
24.	Umf. Skeiðamanna, búningsklefar við völl	4 100	
25.	Ölfushreppur, íþróttavöllur í Þorlákshöfn	714	
26.	Selfoss, stækkun vallarhúss	2 500	
			88 245

Þús. kr.

d. Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1976:

		Þús. kr.
1.	Grindavík, grasvöllur	50
2.	Mosfellshr. Kjósarsýslu, setlaug	540
3.	Fimleikafél. Hafnarfj., áhorfendasvæði, handknattleiks- og körfuknattleiksvöllur	8 000
4.	Kópavogur, endurbætur á sundl. v/hitaveitu og setlaug	1 845
5.	Kópav., II. áf. áhorfendasvæðis ásamt búningsklefum, böðum og girðingu	9 600
6.	Breiðablik, Kópavogi, skíðalyfta	480
7.	Hafnarfjörður, setlaugar	1 222
8.	Reykjavík, laugarhús við Sundl. Rvíkur	30 000
9.	Rvík, Laugardalsv., III. áf., gerviefni á hlaupabr., gras á eystri völl og búningsherb.	19 000
10.	Rvík, Árbæjarvöllur, II. áf., grasvöllur	50
11.	Rvík, Bláfjöll, II. áf., lýsing í brekkur, skíðal., snjótroðari og þjónustuhús	11 400
12.	Knattsp.fél. Rvíkur, lyftuskáli og lýsing í brekkur	1 900
13.	Glímufél. Ármann (skíðad.), skíðalyfta	9 200
14.	Knattsp.fél. Víkingur, Rvík, skíðalyfta, lyftuhús, lýsing í brekkur og snjógrindur	5 000
15.	Golfkl. Rvíkur, lokaframkv. við golfv. og golfskála	2 700
16.	Knattsp.fél. Valur, Rvík, II. áf. grasvallar	5 500
17.	Knattsp.fél. Rvíkur, stækkun vallarsvæðis	8 700
18.	Íþróttafél. Rvíkur, endurb. skíðask. í Hamragili	1 015
19.	Akranes, endurb. á Bjarnalaug	2 550
20.	Staðarsveit, Snæf., íþróttavöllur	673
21.	Laxárdalshr., Dalasýslu, sundlaug	596
22.	Umf. Dagrenning, Lundarreykjadal, framhaldsframkvæmd við sundlaug	310
23.	Súðavíkurhr., N.-Ís., malarvöllur	220
24.	Suðureyrarhr., V.-Ís., skíðalyfta	1 262
25.	Íþróttabandalag Ísafjarðar, skíðamannvirki	3 000
26.	Ísafjörður, endurbætur á sundh. og íþróttahúsi	50
27.	Bolungarvík, skíðalyfta	1 654
28.	Bolungarvík, hlutdeild í sundlaug	5 560
29.	Höfðahr. (Skagaströnd), A.-Hún., skíðalyfta	814
30.	Umf. Tindastóll, Sauðárkróki, skíðalyfta	980
31.	Seyluhreppur, Skag., íþróttavöllur	2 000
32.	Hofsóshreppur, Skag., íþróttavöllur	2 200
33.	Íþróttabandalag Siglufjarðar, skíðalyfta (III)	3 500
34.	Reykjahreppur, S.-Þing., sundlaug	1 500
35.	Ólafsfjörður, skíðamannvirki	1 650
36.	Akureyri, lýsing í skíðabrekkur	2 700
37.	Akureyri, áhaldahús í Hlíðarfjalli	2 400
38.	Golfklúbbur Akureyrar, golfvöllur	770
39.	Golfklúbbur Akureyrar, golfskáli	1 600
40.	Knattspyrnufélag Akureyrar, girðing	257
41.	Íþróttafélagið Þór, Akureyri, grasvöllur	2 400
42.	Dalvík, stækkun búningsh. við íþróttahús	50
43.	Dalvík, skíðalyfta	1 950

		Þús. kr.	
44.	Seyðisfjörður, baðstofa	163	
45.	Seyðisfjörður, endurbætur á sundh. og tækjum	2 700	
46.	Reyðarfjörður, S.-Múl., malarvöllur	780	
47.	Íþróttafél. Þróttur, Neskaupst., skíðalyfta	607	
48.	Búlandshreppur, S.-Múl., sundlaug	1 000	
49.	Golfkl. Selfoss, golfvöllur	50	
50.	Selfoss, útilaug við sundhöll	4 000	
			166 148
e.	Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1977:		
1.	Umf. Breiðablik, Kóp., skíðaskáli	280	
2.	Íþróttafélagið Gerpla, Kóp., fimleikatæki	355	
3.	Umf. Keflavíkur, Keflavík, æfingahús	920	
4.	Hafnarfjörður, hitakerfi í sundhöll	830	
5.	Njarðvíkurbær, þrekþjálfunartæki	10	
6.	Reykjavík, skíðalyfta í Bláfjöllum	13 450	
7.	Knattspyrnufél. Fram, Rvík, skíðaskáli	159	
8.	Glímufél. Ármann, Rvík, fimleikatæki	267	
9.	Íþróttafél. Fylkir, Rvík, fimleikatæki	103	
10.	Knattspyrnufélag Rvíkur, snjótroðari	600	
11.	Ungtemplarafél. Hrönn, Rvík, lýsing í brekkur	920	
12.	Héraðssamb. V.-Ís., héraðsíþróttavöllur að Núpi	650	
13.	Íþróttabandal. Ísafj., skíðatroðari	470	
14.	Sauðárkrókur, hlutdeild í laugarhúsi	435	
15.	Umf. Saurbæjarhr., Eyjaf., og bindindisfél. Dalbúinn, s. st., vallarhús	330	
16.	Akureyri, skíðalyfta í Hlíðarfjalli (Hjallabr.)	7 360	
17.	Umf. Vísir, Hlíðarhr., N.-Múl., íþróttavöllur	297	
18.	Umf. Hróar, Tunguhreppi, N.-Múl., íþróttavöllur	160	
19.	Biskupstungnahreppur, hlutdeild í sundlaug	1 300	
20.	Skeiðahreppur, Árn., hlutdeild í sundlaug	1 300	
			30 196
f.	Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1978:		
1.	Siglingaklúbburinn Vogur, Garðabæ, bátanaust	1 500	
2.	Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi, bátanaust	190	
3.	Gerðahr., Gull., I. áf. íþróttahúss og sundlaugar	645	
4.	Íþróttafélag Reykjavíkur, fimleikatæki	250	
5.	Knattspyrnufélagið Fram, Rvík, skíðalyfta	1 350	
6.	Siglingaklúbburinn Brokey, bátabryggja	200	
7.	Knattspyrnufélag Rvíkur, skíðadeild, skíðalyfta	1 600	
8.	Íþróttafélag Rvíkur, skíðadeild, skíðalyfta	1 350	
9.	Reykjavík, stór íþróttatæki	1 275	
10.	Íþróttafélag fatlaðra, íþróttavöllur	1 100	
11.	Knattspyrnufél. Valur, lokaframkv. við skíðaskála	200	
12.	Umf. Haukar, Leirár- og Melasv., íþróttavöllur	250	
13.	Akranes, íþróttahús	2 000	
14.	Tálknafjörður, íþróttavöllur	1 100	
15.	Umf. Djúpverji, N.-Ís., íþróttavöllur	240	
16.	Umf. Önundur, Mosvallahreppi, V.-Ís., völlur	300	
17.	Lýtingsstaðahreppur, Skagafirði, sundlaug	1 100	
18.	Akureyri, skautasvell, girðing og skáli	430	
19.	Akureyri, stökkbraut í Hlíðarfjalli	2 200	

		Þús. kr.	
20.	Knattspyrnufélag Akureyrar, grasvöllur	2 600	
21.	Íþróttafélag Ólafsfjarðar, skíðalyfta	2 150	
22.	Íþróttafélagið Þór, Akureyri, vallarhús	4 300	
23.	Umf. Bjarmi, Hálshreppi, S.-Þing., vallarhús	1 075	
24.	Neskaupstaður, hreinsi- og hitunartæki í sundlaug og girðing	700	
25.	Íþróttafélagið Huginn, Seyðisfirði, skíðalyfta	500	
26.	Búðahreppur, S.-Múl., skíðalyfta	500	
27.	Búðahr., S.-Múl., baðst. og endurbætur á sundlaug	530	
28.	Neskaupstaður, Eskifjörður og Reyðarfjörður, skíðamiðstöð í Oddsskarði	3 225	
29.	Umf. Sindri, Hafnarhr., A.-Skaft., skíðalyfta	220	
30.	Golfklúbbur Vestmannaeyja, golfvöllur	800	
31.	Umf. Gnúpverja, Árn., íþróttavöllur	1 220	
			35 100
g.	Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1979:		
1.	Knattspyrnufél. Reykjavíkur, lyftingatæki	150	
2.	Reykjavík, stór íþróttatæki	600	
3.	Hafnarfjörður, íþróttavöllur Hvaleyrarholti	3 225	
4.	Garðabær, hlutd. í kostnaði við laugahús umfr. skólahluta	350	
5.	Keflavík, setlaugar við sundlaug	830	
6.	Akranes, lúkning grasvallar	840	
7.	Staðarsv., Snæf., sundlaug og setlaug	1 075	
8.	Patrekshr., V.-Barð., endurbætur á sundlaug	2 150	
9.	Ísafjörður, vallarhús	1 720	
10.	Kaldrananeshr., Strand., sundl. og búningskl., hlutdeild umfr. skólahluta	2 150	
11.	Íþróttafél. Reynir, Hnífsdal, íþróttatæki	230	
12.	Golfkl. Sauðárkróks, golfvöllur	1 830	
13.	Siglufjörður, setlaug við sundhöll	215	
14.	Akureyri, troðari (2) í Hlíðarfjalli	2 585	
15.	Grímsey, sundlaug	2 440	
16.	Seyðisfjörður, snjótroðari	1 075	
17.	Breiðdalshreppur, sundlaug	350	
18.	Neskaupstaður, íþróttahúsgólf	825	
19.	Ölfushr., Árn., v/Þorlákshöfn, sundlaug	3 100	
			25 740
h.	Ný íþróttamannvirki:		
1.	Keflavík, grasvöllur (æfingasvæði)	300	
2.	Garðabær, íþróttavöllur	300	
3.	Siglingaklúbburinn Vogur, Garðabæ, bátar	100	
4.	Hafnarfjörður, álma við íþróttahús	200	
5.	Íþróttabandalag Reykjavíkur, íþróttabúðir	200	
6.	Knattspyrnufélagið Valur, handknattleiksvöllur	200	
7.	Knattspyrnufélagið Víkingur, skíðalyfta við Hengil	200	
8.	Reykjavíkurborg, áhorfendasvæði, færanleg	200	
9.	Reykjavíkurborg, stór íþróttatæki og tækjabúnaður	100	
10.	Íþróttafélag Reykjavíkur, skíðalyfta	200	
11.	Knattspyrnufélagið Fram, skíðalyfta	200	

		Þús. kr.	
12.	Reykjavíkurborg, setlaug (2) og breyt. á Sundh. Rvíkur	300	
13.	Umf. Vísir Hvalfjarðarstrandarhreppi, íþróttavöllur	100	
14.	Borgarnes, vallarhús	300	
15.	Umf. Álftanes- og Hraunhrepps, Mýr., íþróttavöllur	100	
16.	Golfklúbbur Ísafjarðar, golfvöllur og vallarhús	200	
17.	Bolungarvík, grasvöllur og vallarhús	300	
18.	Suðurfjarða-, Tálknafjarðar- og Patrekshreppur, I. áf. skíðamiðstöðvar á Hálfdáni	400	
19.	Umf. Grettir, Ytri-Torfustaðahreppi, endurbyggð sundl.	400	
20.	Siglufjörður, lokaframkvæmdir við sundhöll	200	
21.	Blönduós, A.-Hún., búnings- og baðklefar	400	
22.	Skíðafélag Dalvíkur, Dalvík, troðari og lýsing	200	
23.	Akureyri, hlaupabraut	200	
24.	Húsavík, II. áfangi við grasvöll	200	
25.	Vopnafjarðarhreppur, N.-Múl., íþróttavöllur	100	
26.	Vopnafjarðarhreppur, N.-Múl., skíðalyfta	100	
27.	Ungm.- og íþróttasamb. Austurlands, héraðsv. að Eiðum	300	
28.	Seyðisfjörður, íþróttavöllur	200	
29.	Fljótshlíðarhreppur, Rang., íþróttavöllur	100	
30.	Selfoss, stækkun búnings- og baðkl. við sundhöll Selfoss	340	
			6 640
i.	Íþróttamannvirki að hluta til skólamannvirki:		
1.	Miðneshreppur, íþróttahús í Sandgerði	1 300	
2.	Keflavík, íþróttahús	1 300	
3.	Garðabær	1 500	
4.	Kópavogur	1 000	
5.	Seltjarnarnes, sundlaug	1 000	
6.	Mosfellshreppur, íþróttahús	1 500	
7.	Borgarnes, íþróttahús og yfirbyggð sundlaug	1 500	
8.	Grundarfjörður, sundlaug og íþróttahús	1 400	
9.	Hvammstangahreppur, sundlaug, búningsklefar og böð	1 000	
10.	Akureyri, íþróttahús	1 000	
11.	Hrafnagilshr. o. fl., íþróttahús við Hrafnagilsskóla	1 500	
12.	Húsavík, íþróttahús	1 000	
13.	Raufarhafnarhreppur, I. áf., sundlaug og íþróttahús	1 000	
14.	Egilsstaðahreppur, íþróttahús	1 000	
15.	Hafnarhreppur, íþróttahús	1 000	
16.	Neskaupstaður, stækkun íþróttahúss	500	
17.	Vestmannaeyjar, íþróttahús og yfirbyggð sundlaug	1 500	
			20 000

			Þús. kr.
29.	Við 4. gr. 02 987. Liðurinn orðist svo:		
	Viðeyjarstofa og Nesstofa, endurbætur:		
	6 Gjaldfærður stofnkostnaður	8 000	
	Gjöld samtals		8 000
30.	Við 4. gr. 02 988 0102 Æskulýðsráð ríkisins.		
	Fyrir „7 500“ kemur		10 500
31.	Við 4. gr. 02 988 0103 Æskulýðssamband Íslands.		
	Fyrir „1 500“ kemur		2 500
32.	Við 4. gr. 02 988 0104 Ungmennafélag Íslands.		
	Fyrir „27 000“ kemur		37 800
33.	Við 4. gr. 02 988 0105 Bandalag ísl. skáta.		
	Fyrir „6 000“ kemur		8 400
34.	Við 4. gr. 02 988 0106 Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns.		
	Fyrir „1 500“ kemur		2 100
35.	Við 4. gr. 02 988 0107 Bandalag ísl. farfugla.		
	Fyrir „200“ kemur		280
36.	Við 4. gr. 02 988 0115 Íslenskir ungtemplarar.		
	Fyrir „2 200“ kemur		3 080
37.	Við 4. gr. 02 988 0117 Liðurinn orðast svo:		
	0117 Landssamband KFUM og KFUK		2 100
38.	Við 4. gr. 02 988 0118 KFUM, starfsemi í Vatnaskógi.		
	Fyrir „900“ kemur		1 260
39.	Við 4. gr. 02 988 0119 KFUK, starfsemi í Vindáshlíð.		
	Fyrir „750“ kemur		1 050
40.	Við 4. gr. 02 999 0106 Reykholtsstaður.		
	Fyrir „2 000“ kemur		4 000
41.	Við 4. gr. 02 999 0107 Sædýrasafnið í Hafnarfirði.		
	Fyrir „5 000“ kemur		6 000
42.	Við 4. gr. 02 999 0108 Geysir í Haukadal, umbætur.		
	Fyrir „150“ kemur		500
43.	Við 4. gr. 02 999 0111 Viðhald gamla rjómabúsins á Baugsstöðum.		
	Fyrir „75“ kemur		150
44.	Við 4. gr. 02 999 0112 Hús Guðmundar Böðvarssonar.		
	Fyrir „400“ kemur		800
45.	Við 4. gr. 02 999 0113. Liðurinn orðast svo:		
	0113 Minnisvarði um Ara fróða að Staðarstað		1 500
46.	Við 4. gr. 02 999 0116 Safnahús á Blönduósi.		
	Fyrir „500“ kemur		750
47.	Við 4. gr. 02 999 0117 Safnahús á Sauðárkróki.		
	Fyrir „500“ kemur		750
48.	Við 4. gr. 02 999 0118 Safnahús á Húsavík.		
	Fyrir „500“ kemur		750
49.	Við 4. gr. 02 999 0119 Héraðsskjalasafn á Egilsstöðum, stofnkostnaður.		
	Fyrir „500“ kemur		750
50.	Við 4. gr. 02 999 0123 Safnahús í Borgarnesi.		
	Fyrir „200“ kemur		750
51.	Við 4. gr. 02 999 0205 Skáksamband Íslands.		
	Fyrir „1 800“ kemur		3 000
52.	Við 4. gr. 02 999 0206 Alþjóðaskákmót, styrkur.		
	Fyrir „750“ kemur		1 500
53	Við 4. gr. 02 999 0207 Bandalag ísl. skáta, hjálparsveitir.		
	Fyrir „3 000“ kemur		5 000

		Þús. kr.
54.	Við 4. gr. 02 999 0208 Dýraverndunarfélag Íslands.	
	Fyrir „200“ kemur	300
55.	Við 4. gr. 02 999 0213 Kvenfélagasamband Íslands.	
	Fyrir „5 000“ kemur	7 000
56.	Við 4. gr. 02 999 0218 Hagsmunasamtök einstæðra foreldra.	
	Fyrir „300“ kemur	800
57.	Við 4. gr. 02 999 0222 Landakotsskóli, rekstrarstyrkur.	
	Fyrir „3 750“ kemur	5 250
58.	Við 4. gr. 02 999 0223 Hlíðardalsskóli, rekstrarstyrkur.	
	Fyrir „4 800“ kemur	6 800
59.	Við 4. gr. 02 999 0225 Liðurinn orðast svo:	
	0225 Nemendaskipti	500
60.	Við 4. gr. 02 999 0313 Forseti FIDE.	
	Fyrir „8 000“ kemur	19 200
61.	Við 4. gr. 02 999. Nýr liður:	
	0315 Hljóðbókasafn	4 000
62.	Við 4. gr. 02 999. Nýr liður:	
	0316 Cornell-háskólinn í Bandaríkjunum	1 500
63.	Við 4. gr. 03 101 Utanríkisráðuneyti 0101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „380 656“ kemur	384 656
64.	Við 4. gr. 04 201 0110 Alifugla- og svínarækt.	
	Fyrir „6 164“ kemur	8 164
65.	Við 4. gr. 04 206 06 Ylrækt og garðrækt.	
	Fyrir „7 450“ kemur	9 450
66.	Við 4. gr. 04 241 Landnám ríkisins. Nýr liður:	
	0112 Grænfóðurverksmiðjur	40 000
67.	Við 4. gr. 04 243 Sauðfjárveikivarnir 4 Viðhald.	
	Fyrir „26 000“ kemur	34 000
68.	Við 4. gr. 04 271 Landgræðslusjóður, framlag.	
	Fyrir „19 380“ kemur	27 180
69.	Við 4. gr. 04 286 0103 Fyrirhleðslur.	
	a. Fyrir „53 000“ kemur	78 000
	b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	
	Fyrirhleðslur (04 286 0103).	
	a. Til fyrirhleðslna:	
	1. Klifandi og Hafursá **1 000**	
	2. Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará 3 500	
	3. Þverá og Markarfljót **14 000**	
	4. Markarfljót við Seljaland **1 000**	
	5. Jökulsá í Lóni **1 000**	
		20 500
	b. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að:	
	1. Aurá hjá Núpstað **500**	
	2. Laxá hjá Kálfafelli **1 000**	
	3. Eldvatn hjá Hnausum **300**	
	4. Kúðafljót **2 000**	
	5. Skálm hjá Skálmarbæ **200**	
	6. Hafursá og Klifandi (vatnafélag) **4 000**	
	7. Ár undir Eyjafjöllum **2 000**	
	8. Þjórsá í Skeiðahreppi **2 000**	
	9. Stóra-Laxá **500**	
	10. Hvítá við Fjall **500**	
	11. Sandá við Svínárnes **500**	

		Þús. kr.
12. Kaldakvísl hjá Laxnesi	300	
13. Bugða hjá Káranesi	300	
14. Norðurá í Norðurárdal	2 500	
15. Stóra-Langadalsá	500	
16. Hörðudalsá	1 200	
17. Tungná í Miðdölum	300	
18. Miðá	100	
19. Hvalsá	200	
20. Hundadalsá	100	
21. Laxá	200	
22. Gufudalsá	600	
23. Múlaá, Laugarbólsdal	1 100	
24. Víðidalsá	1 500	
25. Giljá	700	
26. Blanda	800	
27. Laxá hjá Þorbjargarstöðum	400	
28. Svartá	600	
29. Norðurá hjá Egilsá	500	
30. Mælifellsá hjá Nautabúi	500	
31. Hörgá	2 500	
32. Eyjafjarðará	2 000	
33. Nípá	200	
34. Jökulsá í Fljótsdal	5 000	
35. Sléttuá í Reyðarfirði	2 000	
36. Dalsá í Fáskrúðsfirði	2 500	
37. Laxá í Nesjum	2 000	
38. Hoffellsá	500	
39. Hornafjarðarfljót	6 200	
		48 800
c. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að, viðhald skiptist af matsnefndum:		
1. Suðurlandskjördæmi	1 700	
2. Reykjaneskjördæmi	800	
3. Vesturlandskjördæmi	500	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	1 200	
5. Norðurlandskjördæmi eystra	1 500	
6. Austurlandskjördæmi	3 000	
		8 700
		78 000
70. Við 4. gr. 04 286 0104 Landþurrkun.		
a. Fyrir „3 800“ kemur		8 800
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
1. Araós, Öxarfirði	600	
2. Út-Hjaltastaðaþinghá	400	
3. Leiðvallarhreppur	400	
4. Dyrhólaós	6 000	
5. Holtsós	500	
6. Austur-Landeyjar	250	
7. Vestur-Landeyjar	250	
8. Djúpárhreppur	400	
		8 800

		Þús. kr.
71.	Við 4. gr. 04 299 0111 Gróðurvernd í Búðahrauni.	
	Fyrir „20“ kemur	100
72.	Við 4. gr. 04 299 0115 Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöð.	
	Fyrir „3 000“ kemur	6 000
73.	Við 4. gr. 04 299 0117 Landvernd, félagssamtök.	
	Fyrir „1 200“ kemur	1 700
74.	Við 4. gr. 04 299. Nýr liður:	
	0119 Ár trésins	3 000
75.	Við 4. gr. 05 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins 0 Sértekjur.	
	Fyrir „46 000“ kemur	30 000
76.	Við 4. gr. 05 203 20 Rannsóknastofa í Vestmannaeyjum.	
	Fyrir „11 152“ kemur	12 952
77.	Við 4. gr. 05 215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða.	
	a. Við 20 Laun.	
	Fyrir „523 062“ kemur	529 562
	b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „126 543“ kemur	128 043
78.	Við 4. gr. 05 901 Skrifstofa Rannsóknastofnana atvinnuveganna 0101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „80 520“ kemur	83 520
79.	Við 4. gr. 05 901 03 Keldnaholt.	
	Fyrir „97 790“ kemur	109 790
80.	Við 4. gr. 06 230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði 0101 Yfirstjórn.	
	Fyrir „39 067“ kemur	41 467
81.	Við 4. gr. 06 242 Vinnuhælið Litla-Hrauni 20 Laun.	
	Fyrir „297 383“ kemur	312 583
82.	Við 4. gr. 06 254 Sjómælingar Íslands 2 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „31 513“ kemur	34 513
83.	Við 4. gr. 06 301 Þjóðkirkjan.	
	a. Við 0112 Sumarbúðir.	
	Fyrir „2 000“ kemur	3 000
	b. Við 0136 Hjálparstofnun kirkjunnar.	
	Fyrir „1 000“ kemur	1 150
	c. Við 0141 Dómprófastsembættið í Reykjavík.	
	Fyrir „1 500“ kemur	1 800
	d. Nýr liður:	
	0202 Tónskóli þjóðkirkjunnar	3 000
	e. Við 0302 Byggingar á prestsetrum.	
	Fyrir „46 000“ kemur	52 000
	f. 0306 Liðurinn orðast svo:	
	0306 Bændakirkja, Bjarnarhöfn	2 000
84	Við 4. gr. 07 101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
	Fyrir „1 000“ kemur	13 000
85.	Við 4. gr. 07 271 0103 Heilsuspillandi húsnæði.	
	Fyrir „15 300“ kemur	50 300
86.	Við 4. gr. 07 372 Landakaup kaupstaða og kauptúna.	
	Fyrir „2 000“ kemur	10 000
87	Við 4. gr. 07 399 Vatnsveitur.	
	Fyrir „85 000“ kemur	105 000
88.	Við 4. gr. 07 976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra.	
	Fyrir „1 020 000“ kemur	1 060 000
89.	Við 4. gr. 07 981 Vinnumál. Nýr liður:	
	0120 Þátttaka í starfi ILO	2 000

Þús. kr.

90. Við 4. gr. 07 999 0102 Barnaheimili og hæli.
Fyrir „630“ kemur 800
91. Við 4. gr. 07 999 0104 Heyrnarhjálp, félag.
Fyrir „1 500“ kemur 2 100
92. Við 4. gr. 07 999 0105 Geðverndarfélag Íslands.
Fyrir „200“ kemur 300
93. Við 4. gr. 07 999 0107 Mæðrastyrksnefndir.
Fyrir „500“ kemur 700
94. Við 4. gr. 07 999 0108 Rauði kross Íslands.
Fyrir „650“ kemur 900
95. Við 4. gr. 07 999 0110 SÍBS.
Fyrir „1 500“ kemur 2 100
96. Við 4. gr. 07 999 0111 Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra.
Fyrir „700“ kemur 1 000
97. Við 4. gr. 07 999 0113 Slysavarnafélag Íslands.
Fyrir „35 000“ kemur 50 000
98. Við 4. gr. 07 999 0114 Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.
Fyrir „10 500“ kemur 14 700
99. Við 4. gr. 07 999 0122 Leigjendasamtökin.
Fyrir „200“ kemur 500
100. Við 4. gr. 07 999 0123 Sjómannastofur.
Fyrir „4 000“ kemur 5 600
101. Við 4. gr. 07 999 0125 Öryrkjabandalag Íslands
Fyrir „2 200“ kemur 3 000
102. Við 4. gr. 07 999 0126 Ferlinefnd fatlaðra.
Fyrir „500“ kemur 700
103. Við 4. gr. 07 999 0127 Blindrafélagið.
Fyrir „4 000“ kemur 5 600
104. Við 4. gr. 07 999 0129 Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra.
Fyrir „400“ kemur 500
105. Við 4. gr. 07 999 0131 Geðverndarfélag Íslands, byggingarstyrkur.
Fyrir „2 500“ kemur 3 500
106. Við 4. gr. 07 999 0135 Þroskahjálp, landssamtök.
Fyrir „1 500“ kemur 2 100
107. Við 4. gr. 07 999 0137 Foreldrasamtök barna með sérþarfir.
Fyrir „500“ kemur 700
108. Við 4. gr. 07 999 0138 Liðurinn orðast svo:
0138 N.L.F.Í. 5 000
109. Við 4. gr. 07 999 0139 Blindravinafélagið.
Fyrir „500“ kemur 800
110. Við 4. gr. 07 999 0142 Íslensk réttarvernd.
Fyrir „500“ kemur 700
111. Við 4. gr. 07 999. Nýr liður:
0146 Aðstoð við þroskahefta 20 000
112. Við 4. gr. 08 319 Matvælarannsóknir ríkisins.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „42 172“ kemur 57 172
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „27 262“ kemur 37 262
113. Við 4. gr. 08 322 Heilbrigðiseftirlit ríkisins.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „46 481“ kemur 51 518
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „14 280“ kemur 29 243

Þús. kr.

114. Við 4. gr. 08 324 Heyrnar- og talmeinastöð 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „10 000“ kemur 20 000

115. Við 4. gr. 08 371 Landspítalinn 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Fyrir „793 700“ kemur 993 700

116. Við 4. gr. 08 371 Landspítalinn 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.
Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Landspítali, fjárfestingar (08 371 6).

1. Geðdeild, þar með talin taugadeild	250 000
2. Göngudeild, Hátún	6 000
3. Símstöð	26 000
4. Sjúkramóttaka, tengingar og færsla deilda	180 000
5. Tækjakaup	140 000
6. Sumargjöf	35 000
7. Endurbygging fæðingardeildar	70 000
8. K-bygging, undirbúningur	100 000
9. Stjórnun, eftirlit o. fl.	40 000
10. Ýmis tækjakaup	146 700
	993 700

117. Við 4. gr. 08 381 0311 DAS — Hrafnista, Hafnarfirði.
Fyrir „50 000“ kemur 75 000

118. Við 4. gr. 08 381. Nýr liður:
0312 Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi 15 000

119. Við 4. gr. 08 399 0108 Hjartavernd.
Fyrir „40 000“ kemur 50 000

120. Við 4. gr. 08 399 0109 Krabbameinsfélag Íslands.
Fyrir „37 500“ kemur 60 000

121. Við 4. gr. 08 399 0110 Kostnaður samkvæmt farsótta- og sóttvarnarlögum og lögum um ónæmisaðgerðir.
Fyrir „7 580“ kemur 32 580

122. Við 4. gr. 08 399 0127 Sjúkraflug.
Fyrir „12 000“ kemur 19 000

123. Við 4. gr. 08 399. Nýr liður:
0142 Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar 3 000

124. Við 4. gr. 08 399 0148 Rannsóknir á útbreiðslu atvinnusjúkdóma.
Fyrir „5 000“ kemur 7 000

125. Við 4. gr. 08 471 0103 Bláa bandið.
Fyrir „1 200“ kemur 1 700

126. Við 4. gr. 08 471 0104 Vernd, félagssamtök.
Fyrir „500“ kemur 1 000

127. Við 4. gr. 08 471 0105 Samtök áhugamanna um áfengisbölið.
Fyrir „6 000“ kemur 8 000

128. Við 4. gr. 08 481 0105 Stórstúka Íslands.
Fyrir „4 500“ kemur 6 300

129. Við 4. gr. 09 381 Uppbætur á lífeyri.
Fyrir „4 616 193“ kemur 4 621 193

130. Við 4. gr. 09 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn.
a. Fyrir „50 232“ kemur 62 100

b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn og aðrir starfsmenn (09 383).

		Þús. kr.
0088—5894	Adolf J. E. Petersen	300
0046—4414	Aðalheiður Níelsdóttir	300
0047—5653	Aðalheiður Pálsdóttir	300
0057—9335	Aðalsteinn Baldvinsson	300
0064—4676	Aðalsteinn Hallsson	300
0287—9093	Andrés Eyjólfsson	450
0333—2438	Anna Guðmundsdóttir	300
0457—0707	Arnbjörg Eiríksdóttir	300
0468—7345	Arndís Eiríksdóttir	300
0473—1859	Arndís Kristjánsdóttir	300
0904—9924	Axel Thorsteinsson	450
0136—8753	Ágúst Kvaran	450
1139—6935	Ágúst Ólafsson	300
0534—5529	Árni Sigurðsson	300
0917—4567	Baldur Guðmundsson	300
1987—1934	Benedikt Gíslason	450
1052—1556	Bergsveinn Jónsson	300
1082—2351	Bergþóra Sigurðardóttir	300
1182—6520	Bjarney Guðjónsdóttir	300
1209—7549	Bjarni Ó. Frímannsson	300
1210—6874	Bjarni Gíslason	300
1219—7640	Bjarni Jónasson	300
1231—1265	Bjarni Sigurðsson	300
1268—0937	Björg Jónsdóttir	300
1268—1011	Björg Jónsdóttir	300
1270—6464	Björg Magnúsdóttir	300
1352—4661	Björn Stefánsson	300
1356—4868	Björn Vigfússon	300
1470—5805	Brynjólfur Bjarnason	650
1498—1136	Böðvar Pálsson	300
1562—8197	Daníel Eggertsson	300
1598—6395	Dýrfinna Oddfreðsdóttir	300
1601—0731	Dýrleif Friðriksdóttir	300
1711—3607	Eggert Konráðsson	300
1833—6111	Einar Steindórsson	300
1964—0574	Elín Jóhannesdóttir	300
2028—7144	Elísabet Friðriksdóttir	300
2032—3558	Elísabet Halldórsdóttir	300
2121—6240	Emilía Jónasdóttir	300
2134—1681	Engel Lund	300
1772—0201	Eyjólfur Hallfreðsson	400
1779—6178	Eyjólfur J. Stefánsson	300
2325—2902	Finnbogi Lárusson	300
2405—9111	Friðbjörg Jónsdóttir	300
2473—5354	Friðrik Þorvaldsson	400
2679—7128	Gísli Kristjánsson	300
2685—8143	Gísli Sigurðsson	300
2756—7681	Grímur Grímsson	300
2813—4169	Guðbjörg Hannesdóttir	300
2820—3470	Guðbjörg Kristinsdóttir	300
2810—5568	Guðbjörg Guðmundsdóttir	300

		Þús. kr.
2897—2016	Guðfríður Jóhannesdóttir	300
2917—5993	Guðjón Hermannsson	300
2920—7828	Guðjón Jónsson	300
2990—6351	Guðlaugur Oddsson	300
3041—7143	Guðmundur Árnason	300
3069—9750	Guðmundur Gíslason Hagalín	400
3064—9893	Guðmundur Guðjónsson	300
3096—3776	Guðmundur Ólafsson	300
3117—7235	Guðmundur Þorbergsson	300
3118—1194	Guðmundur Þórðarson	300
3178—1310	Guðný Sveinsdóttir	300
3189—6959	Guðríður Einarsdóttir	300
3231—9130	Guðrún Davíðsdóttir	300
3235—0100	Guðrún Eiríksdóttir	300
3247—7208	Guðrún Guðmundsdóttir	300
3275—5046	Guðrún Kristjánsdóttir	300
3299—1211	Guðrún Sigurgeirsdóttir	300
3312—1318	Guðrún Valdimarsdóttir	300
3338—4416	Gunnar Ásgrímsson	300
3400—6091	Gunnar Þorsteinsson	300
3418—5484	Gunnhildur Sigurðardóttir	300
3472—5136	Gústaf Gíslason	300
3581—3403	Halldór Gunnlaugsson	300
3612—1564	Halldóra Bjarnadóttir	450
3723—6551	Hannes Hreinsson	300
3782—2477	Haraldur Kristjánsson	300
3536—7217	Hálfdán Björnsson	300
3892—5350	Helga Björnsdóttir	300
3958—3925	Helgi Eleesarsson	300
3986—5769	Helgi Tryggvason	300
4024—3038	Herdís Guðmundsdóttir	300
4029—7073	Herdís Jónsdóttir	300
4064—4652	Hermína Sigurgeirsdóttir	300
4103—0569	Hildur Jónsdóttir	300
4143—6433	Hinrik Guðmundsson	300
4165—8568	Hjálmfríður Bergsveinsdóttir	300
4225—5054	Hjörtur Ögmundsson	300
4489—7709	Höskuldur Einarsson	300
4653—8382	Inga Nielsen Beck	300
4598—6608	Ingibjörg Einarsdóttir	300
4619—9359	Ingibjörg Jónsdóttir	300
4624—1363	Ingibjörg Kristmundsdóttir	300
4640—5528	Ingibjörg Stefánsdóttir	300
4716—0820	Ingólfur Árnason	300
4722—3636	Ingólfur Gíslason	800
4792—4634	Ingveldur Magnúsdóttir	300
4910—9814	Jens Eyjólfsson	300
4969—8364	Jóhann Gunnarsson	300
4983—2184	Jóhann J. E. Kúld	300
4988—1746	Jóhann Pétursson, Svarfdælingur	450
5071—1994	Jóhannes Bogason	300
5112—8761	Jón Benónýsson	300
5154—3696	Jón Jónasson	300
5160—2528	Jón Kjerúlf	300

		Þús. kr.
5184—4416	Jón Sigurgeirsson	400
5247—1168	Jónas Bjarnason	300
5308—4427	Jónína Gunnarsdóttir	300
5366—3654	Jósep Kristjánsson	300
5410—5126	Júlíus Jónsson	300
5410—5185	Júlíus Jónsson	300
5479—0589	Karl Árnason	300
5495—8218	Karl Indriðason	300
5624—6568	Klara Guðmundsdóttir	300
5735—7886	Kristín Einarsdóttir	300
5756—2064	Kristín Ingileifsdóttir	400
5761—2037	Kristín Jósefsdóttir	300
5765—0257	Kristín Kristjánsdóttir	300
5774—8311	Kristín Pálmadóttir	300
5787—6107	Kristín Teitsdóttir	300
5791—6265	Kristín Vigfúsdóttir	300
5904—4214	Kristjana V. Hannesdóttir	300
5837—6027	Kristján Albertsson	400
5848—3443	Kristján Einarsson	300
5930—3473	Kristlaug Tryggvadóttir	300
5942—5064	Kristmundur Kr. Meldal	300
6174—7168	Lovísa Magnea Ólafsdóttir	300
6086—5388	Lýður Jónsson	300
6203—6818	Magdalena Guðlaugsdóttir	300
6255—0228	Magnús Gestsson	300
6256—6213	Magnús V. Guðbrandsson	300
6265—6069	Magnús Ingimundarson	300
6357—3302	Margrét Gissurardóttir	300
6357—0168	Margrét Gísladóttir	300
6359—1610	Margrét Guðmundsdóttir	300
6372—6648	Margrét Jóhannsdóttir	300
6463—3805	María Markan	400
6555—9382	Matthildur Hannesdóttir	300
6645—8520	Njáll Friðbjörnsson	300
6694—4263	Oddur Búason	300
6819—8255	Ólafía Egilsdóttir	300
6745—6548	Ólafur Bjarnason	300
6746—5490	Ólafur Björnsson	300
6776—0719	Ólafur Magnússon	300
6793—9816	Ólafur Tryggvason	400
6919—0081	Óscar Clausen	400
7033—9927	Páll Vilhjálmsson	300
7470—6282	Salvör Jörundsdóttir	300
7100—1288	Pétur Jónsson	300
7156—8156	Ragnar Benediktsson	300
7195—3475	Ragnheiður Böðvarsdóttir	300
7394—6298	Rósamunda Jónsdóttir	300
7425—8336	Runólfur Guðmundsson	300
7503—3036	Sesselja Jónsdóttir	300
7552—9570	Sighvatur Davíðsson	300
7570—7428	Sigmundur Gestsson	300
7584—1787	Signý Gunnarsdóttir	300
7604—0352	Sigríður Böðvarsdóttir	300
7608—1352	Sigríður Einarsdóttir	400

		Þús. kr.	
7618—9021	Sigríður Guðjónsdóttir	300	
7637—2632	Sigríður Jónsdóttir	300	
7645—8669	Sigríður Magnúsdóttir	300	
7659—3493	Sigríður Sigfinnsdóttir	300	
7678—5058	Sigríður Þórðardóttir	300	
7728—7477	Sigrún Sigurjónsdóttir	300	
7774—2573	Sigurbjörg Guðmundsdóttir	300	
7818—1605	Sigurborg Hallbjarnardóttir	300	
7852—0116	Sigurður Erlendsson	300	
7857—7959	Sigurður Greipsson	450	
7877—8369	Sigurður Jónsson	300	
7883—5745	Sigurður Lárusson	300	
7904—3699	Sigurður Stefánsson	300	
7952—3488	Sigurjón Einarsson	300	
7970—0886	Sigurjón Sigurbjörnsson	300	
8068—4118	Sigurveig Ólafsdóttir	300	
8183—5551	Skúli Skúlason frá Odda	450	
8227—9393	Snæbjörn J. Thoroddsen	300	
8474—2864	Steinunn Guðmundsdóttir	300	
8509—7660	Steinþór Þórðarson	300	
8530—7428	Sturla Jónsson	300	
8849—4059	Sölvi Ásgeirsson	300	
8857—4230	Sörli Hjálmarsson	300	
9041—1292	Valborg Emilsdóttir	300	
9160—8332	Valves Kárason	300	
9194—0922	Vigdís Andrésdóttir	300	
9440—6919	Þorbjörg Einarsdóttir	300	
9443—9973	Þorbjörg Guðmundsdóttir	300	
9663—0417	Þorkell Kristjánsson	300	
9694—1412	Þorleifur Jónsson	400	
9746—0388	Þorsteinn Jónasson	300	
9376—7071	Þóra Guðmundsdóttir	300	
9505—1642	Þórður Auðunsson	300	
9505—5168	Þórður Benediktsson	450	
9783—1041	Þórunn Ingvarsdóttir	300	
9860—4820	Þuríður Guðjónsdóttir	300	
9861—1959	Þuríður Guðnadóttir	300	
			62 100

131. Við 4. gr. 09 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur.

a. Fyrir „29 293“ kemur 36 250

b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

0310—8023	Anna Ármannsdóttir	300
0344—1458	Anna G. Ingólfsdóttir	300
0370—0321	Anna Sigfúsdóttir	300
0379—4458	Anna Þuríður Sæmundardóttir	300
0579—0069	Arnþrúður Daníelsdóttir	300
0157—5880	Ágústa M. Hafberg	300
0162—3648	Ágústa Jónsdóttir	400
0168—2717	Ágústa Sigurðardóttir	300
0552—8887	Árný Stígsdóttir	300
0714—8143	Áslaug Gunnlaugsdóttir	300
0767—4236	Ásta Halldórsdóttir	300
0779—2026	Ásta Ólafsdóttir	300

		Þús. kr.
0813—7129	Ástríður Eggertsdóttir	300
1387—8218	Borghildur Thorarensen	400
1437—5864	Bryndís Þórarinsdóttir	300
1523—7456	Dagbjört Guðjónsdóttir	300
1949—7364	Elín Einarsdóttir	400
1955—0834	Elín Guðjónsdóttir	300
1961—7122	Elín Indriðadótir	300
1968—7481	Elín Lárusdóttir	400
1999—9513	Elínborg Bogadóttir	300
2037—5884	Elísabet Jónsdóttir	300
2038—3712	Elísabet Kemp	300
1701—6911	Eufemía Ólafsdóttir	500
2357—0130	Fjóla Sigmundsdóttir	500
2393—6755	Fríða Hlíðdal	650
2960—9314	Guðlaug Jósefsdóttir	300
3159—0612	Guðný Halldórsdóttir	300
3174—6817	Guðný Sigurðardóttir	300
3180—8006	Guðný Vigfúsdóttir	300
3307—2368	Guðrún Sveinsdóttir	300
3615—2028	Halldóra Eiríksdóttir	300
3642—6365	Halldóra Þórðardóttir	300
3898—9995	Helga Friðbjarnardóttir	300
3933—5905	Helga Sigurðardóttir	300
4185—9318	Hjaltlína Guðjónsdóttir	300
4243—1672	Hlíf Magnúsdóttir	300
4281—8372	Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	300
4384—7627	Hróðný Einarsdóttir	500
4413—8298	Hulda Þ. Björnæs	400
4415—4277	Hulda Daviðsdóttir	300
4514—4097	Indíana Sturludóttir	300
4598—4435	Ingibjörg Eyjólfsdóttir	400
4619—9022	Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	400
4621—8558	Ingibjörg Karlsdóttir	450
4750—2330	Ingunn Hlíðar	300
4792—8478	Ingveldur Ólafsdóttir	300
4948—9137	Jófríður Guðmundsdóttir	300
5060—6228	Jóhanna Vigfúsdóttir	300
5273—7915	Jónasína E. Hallgrímsdóttir	300
5297—0938	Jónína Ásmundsdóttir	300
5306—8812	Jónína Gissurardóttir	300
5317—3837	Jónína Kristjánsdóttir	300
5346—0682	Jórunn Guðjónsdóttir	300
5452—9406	Karen Louise Jónsson	300
5563—5498	Katrín Ingibergsdóttir	300
5751—2458	Kristín Helgadóttir	300
5775—0340	Kristín Pálsdóttir	300
5780—5765	Kristín Sigurðardóttir	300
5910—1382	Kristjana Káradóttir	300
5982—8401	Lára Bjarnadóttir	300
6002—0418	Lára Svansdóttir	300
6004—1296	Lára M. Vigfúsdóttir	400
6040—7355	Laufey Karlsdóttir	300
6072—1181	Lelia Stefánsson	450
6090—9288	Lilja H. Arndal	400

		Þús. kr.	
6105—3042	Lilja Jörundsdóttir	300	
6107—8649	Lilja Magnúsdóttir	300	
6114—5486	Lilja Steinsen	600	
6083—9204	Lydia Pálsdóttir	450	
6200—8946	Magdalena Ásgeirsdóttir	300	
6226—6368	Magnea Magnúsdóttir	300	
6340—5418	Margrét Árnadóttir	300	
6346—7545	Margrét Björnsdóttir	300	
6351—1374	Margrét Eyjólfsdóttir	300	
6373—4012	Margrét Jónasdóttir	450	
6373—9219	Margrét Jónsdóttir	300	
6568—5035	Melitta Urbancic	300	
6598—2218	Nanna Guðmundsdóttir	300	
6598—2269	Nanna Guðmundsdóttir	300	
6720—9532	Ólafía Finnbogadóttir	300	
6859—4138	Ólöf Bjarnadóttir	300	
6982—6261	Pálína Jóhannsdóttir	300	
7210—4897	Ragnheiður Konráðsdóttir	300	
7271—7066	Rannveig Gunnarsdóttir	300	
7373—7869	Rósa Guðnadóttir	300	
7436—3121	Rut Hermanns Hansen	300	
7592—3678	Sigríður Árnadóttir	600	
7592—3457	Sigríður Árnadóttir	300	
7601—9088	Sigríður Björnsdóttir	300	
7616—4916	Sigríður Gísladóttir	300	
7620—0807	Sigríður Guðmundsdóttir	300	
7642—5906	Sigríður Kristjánsdóttir	300	
7676—6827	Sigríður Vilhjálmsdóttir	300	
7733—3118	Sigrún Thorarensen	500	
7995—7380	Sigurlaug Þ. Johnson	300	
8187—8528	Skúlína Guðmundsdóttir	300	
8256—3113	Soffía Touvina	500	
8469—5157	Steinunn P. Eyjólfsson	300	
8494—3088	Steinunn Tómasdóttir	300	
8511—1744	Steinþóra Einarsdóttir	300	
8720—5886	Sveindís Hansdóttir	300	
8876—5958	Theodóra Hávarðardóttir	400	
8923—4034	Tove Engilberts	500	
9116—8766	Valgerður Helgadóttir	300	
9451—8334	Þorbjörg Leifs	300	
9394—2566	Þóra Vigfúsdóttir	400	
9784—8068	Þórunn Jónsdóttir	300	
			36 250

Þús. kr.

132. Við 4. gr. 10 211 Vegagerð 94 Til einstaklinga og samtaka.
Fyrir „6 000“ kemur 8 500

133. Við 4. gr. 10 331 Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa. Nýr liður:
91 Til fyrirtækja í B-hluta 40 000

134. Við 4. gr. 10 333 0104 Ferjubryggjur.
Fyrir „40 000“ kemur 43 000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Ferjubryggjur (10 333 0104).

1. Arngerðareyri	3 500	
2. Gemlufall	8 000	
3. Hvítanes	25 000	
4. Reykjanes	2 500	
5. Djúpavík	1 000	
6. Hjallanes	3 000	
		43 000

135. Við 4. gr. 10 333 0108 Sjóvarnargarðar.
a. Fyrir „60 000“ kemur 53 000
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Sjóvarnargarðar (10 333 0108).

1. Álftanes	4 000	
2. Bolungarvík	5 000	
3. Eyrarbakki og Stokkseyri	5 000	
4. Flateyri	3 000	
5. Gerðar	4 000	
6. Grótta	3 000	
7. Hvaleyri, Hafnarfirði	4 000	
8. Húsavík	7 000	
9. Miðneshreppur	3 000	
10. Reykjanesskagi, rannsóknir	4 000	
11. Sauðárkrókur	5 000	
12. Vogar	3 000	
13. Saurbær á Kjalarnesi	3 000	
		53 000

136. Við 4. gr. 10 471 Flugmálastjórn.
Fyrir „2 591 465“ kemur 2 594 465

137. Við 4. gr. 10 485 0102 Flugbjörgunarsveitir.
Fyrir „1 100“ kemur 2 000

138. Við 4. gr. 10 652 0112 Hafísrannsóknir.
Fyrir „9 514“ kemur 11 914

139. Við 4. gr. 11 299 0119 Orkusparnaður.
Fyrir „30 000“ kemur 40 000

140. Við 4. gr. 11 299 0121 Liðurinn orðast svo:
0121 Byggingaþjónustan 8 500

141. Við 4. gr. 12 902 Verðlagsstofnun.
a. Við 20 Laun.
Fyrir „215 645“ kemur 240 407
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
Fyrir „48 661“ kemur 53 899

Ed. **219. Frumvarp til laga** [127. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febrúar 1980 um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

3. tl. C-liðs 30. gr. laganna, sbr. e- og f-lið 14. gr. laga nr. 7/1980, orðist svo:

Námsfrádrátt hjá mönnum 16 ára og eldri er nema skal 500 000 kr. enda sé nám stundað í a. m. k. sex mánuði á tekjuárinu. Sé nám stundað skemur en í sex mánuði lækkar frádrátturinn hlutfallslega. Sé nám stundað erlendis skal framangreindur frádráttur vera tvöfalt hærri.

2. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 3 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 20%, af næstu 3 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 35% en af tekjuskattsstofni yfir 6 000 000 kr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð sem þannig fæst telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. skal vera 7% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

3. gr.

68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr. skal vera 440 000 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða sjúkratryggingargjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur sem enn er óráðstafað fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. og skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða sjúkratryggingargjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar sem þá verður enn óráðstafað fellur niður.

4. gr.

1. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 130 000 kr. með fyrsta barni en 200 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri

en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 50 000 kr. hærri. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ætíð vera 250 000 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

5. gr.

Í stað „25%“ í 1. málslið 1. mgr. 2. tl. 71. gr. komi: 35%.
Í stað „15%“ í 2. mgr. 2. tl. 71. gr. komi: 20%.

6. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 65% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

7. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 15 000 000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns sem umfram er greiðist 1,2%.

8. gr.

84. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr., skal vera 1,2% af eignarskattsstofni.

9. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 2. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1981.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1980 vegna tekna ársins 1979 og eigna í lok þess árs.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt var lagt fyrir Alþingi á árinu 1978 fylgdi því frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Sem alkunna er náði tekjuskattsfrumvarpið fram að ganga og varð að lögum nr. 40/1978 en staðgreiðslufrumvarpið dagaði uppi í meðförum þingsins. Skattstigar og aðrir þættir álagningarkerfis laga nr. 40/1978 voru engu að síður samþykktir óbreyttir frá frumvarpinu, en þeir voru sniðnir að staðgreiðslu opinberra gjalda. Af þessum sökum og vegna verðbólguþróunar að undanförnu er óhjákvæmilegt að endurskoða þetta álagningarkerfi.

Í frumvarpi því til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er var til meðferðar á Alþingi fyrr í vetur var ekki fjallað um álagningarkerfi laga nr. 40/1978. Við meðferð þingsins var bætt inn í það frumvarp ákvæðum um hámark einstakra frádráttarliða en að öðru leyti fela lög nr. 7/1980 ekki í sér ákvæði um breytingar á upphaflegum tölum eða hlutföllum laga nr. 40/1978.

Frumvarp þetta tekur nær einungis til fjárhæða og hlutfalla í álagningarkerfi laga nr. 40/1978 en breytir að litlu leyti grundvallaratriðum kerfisins. Þannig eru t. d. áfram þrjú skatthlutföll í skattstiga einstaklinga í frumvarpi þessu. Áfram er reiknað með nær óbreyttum reglum um millifærslu ónýtts persónuafsláttar milli hjóna, svo og því, að ónýttur persónuafsláttur skuli nýtast til greiðslu sjúkratryggingargjalds og útsvars, og að greiða beri hærri barnabætur með börnum undir skólaskyldualdri en með öðrum börnum. Einnig er haldið þeirri reglu að veita einstæðum foreldrum skattalétti í formi hækkaðra barnabóta, en fyrirkomulagi þessu er þó að nokkru breytt frá lögum nr. 40/1978, og hefur þessi breyting í för með sér aukna ívilnun til einstæðra foreldra.

Skattstigi tekjuskatts einstaklinga er sem hér segir samkvæmt tillögum þessum: Af fyrstu 3 m.kr. tekjuskattsstofni greiðist 20%, af næstu 3 m.kr. af tekjuskattsstofni 35%, en 50% af því sem umfram er 6 m.kr. tekjuskattsstofn. Skattafsláttur frá reiknuðum skatti verður 440 þús. kr. Sami skattstigi og skattafsláttur gildir fyrir einhleyping og fyrir hvort hjóna.

Munur milli hæsta og lægsta skatthlutfalls er hér meiri en lög nr. 40/1978 gefa tilefni til. Afleiðing þessa er að aukinn hvati skapast til að hjón afli bæði tekna. Hafi t. d. annar maki tekjur yfir 6 m.kr. markinu en hinn engar þyrfti samkvæmt þessum tillögum að gjalda 50% af tekjum í skatt hjá því hjóna, sem tekjur hefði umfram fyrrnefndar 6 m.kr., en einungis 20% af fyrstu tekjum þess sem áður var tekjulaust.

Barnabætur eru samkvæmt tillögunum 130 þús. kr. með fyrsta barni en 200 þús. kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum yngri en 7 ára skulu vera 50 þús. kr. hærri. Einstæð foreldri skulu ætíð njóta hæstu barnabóta eða 250 þús. kr. með hverju barni. Barnabætur þessar eru ívið hærri en beinn framreikningur á tölum laga nr. 40/1978 gefur tilefni til. Breyting er hér gerð á sérstökum barnabótum til einstæðra foreldra frá ákvæðum laga nr. 40/1978, en þar var mælt fyrir um að barnabætur með börnum einstæðra foreldra skyldu vera 40% hærri en barnabætur með öðrum börnum. Ákvæði laga nr. 40/1978 ollu mikilli röskun á skattbyrði einstæðra foreldra innbyrðis, þótt skattbyrði hópsins í heild breyttist ekki mjög mikið og þá heldur til lækkunar. Það fyrirkomulag, sem hér er lagt til, dregur úr þessari röskun.

Talnalegur samanburður á því álagningarkerfi, sem hér er gerð tillaga um, við þau skattalög sem síðast var beitt við álagningu er torveldur, enda er álagningargrunnur laga nr. 40/1978 með síðari breytingum mjög frábrugðinn þeim er áður gilti. Engu að síður hefur á vegum fjármálaráðuneytisins verið reynt að framkvæma slíkan samanburð. Tekið var úrtak úr framtölum ársins 1979, þ. e. a. s. framtölum vegna tekna ársins 1978, og var nánast 20. hvert framtal í því úrtaki. Allar fjárhæðir í úrtaksframtölunum voru skráðar á tölvutækt form. Þessar fjárhæðir voru síðan hækkaðar um 45% en það hlutfall er talið samsvara meðalhækkun tekna framteljenda milli áranna 1978 og 1979. Þá var reynt að áætla álagningargrunn þann sem lög nr. 40/1978 miðast við, út frá þeim upplýsingum sem fram koma í framangreindum framtölum. Þessi áætlun getur að sjálfsögðu ekki orðið nákvæm og verður því að taka eftirfarandi samanburð með fyrirvara um nokkra skekkju. Sérstaklega er rétt að benda á að þær breytingar sem verða á tekjuuppgjöri vegna atvinnurekstrar frá ákvæðum laga nr. 68/1971 skapa veruleg vandkvæði í þessum samanburði varðandi þá einstaklinga er atvinnurekstur stunda, og ekki hefur verið unnt að taka nema að litlu leyti tillit til þessara breytinga við samanburð. Eftir að grunnurinn hafði þannig verið áætlaður var reiknaður skattur fyrir alla framteljendur í úrtakinu, annars vegar eftir ákvæðum þeim sem giltu við álagningu skatta á árinu 1979 með þeim breytingum sem leiddi af 45% hækkun skattvísitölu, og hins vegar eftir álagningarkerfi laga nr. 40/1978 sbr. lög nr. 7/1980 með þeim breytingum sem felast í frumvarpi þessu og miðað við að þau frumvörp er nú liggja fyrir Alþingi og varða útsvör og sjúkratryggingargjald verði að lögum. Varð-

andi útsvarið er við það miðað að samþykkt verði heimild til 10% hækkunar þess og giskað er á að það leiði til 11,6% meðalútsvars á landinu. Samkvæmt þessum útreikningum hefur frumvarp þetta, ef að lögum verður, m. a. eftirfarandi áhrif:

1. Samkvæmt tölvuútreikningum verða álagðir skattar að frádregnum barnabótum og afslætti sem nýtist til greiðslu sjúkratryggingargjalds og útsvars nálægt 45 milljörðum króna. Í fjárlagafrumvarpi því sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að skattstofn þessi skili ríkissjóði 38,7 milljörðum króna í innheimtar tekjur að meðtöldu byggingarsjóðsgjaldi af skattinum. Miðað við reynslu fyrri ára af innheimtu tekjuskatts og með hliðsjón af eftirstöðvum frá fyrri árum ætti ofangreind álagningarfjárhæð að gefa ívið meiri innheimtan skatt en gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Framangreindir erfiðleikar við áætlun skattstofns nýju laganna gera það hins vegar að verkum að rétt þykir að fara varlega í sakirnar varðandi áætlun um álagða skatta. Einnig er rétt að reikna með heldur lakari innheimtuárangri í ár vegna byrjunarörðugleika við breytt innheimtufyrirkomulag. Þetta varúðarsjónarmið við áætlun tekna af lögum nr. 40/1978 skekkir þann samanburð við eldri lög sem hér fer á eftir, nýju lögunum (þ. m. t. ákvæði frumvarps þessa) í óhag.
2. Enda þótt heildarskattbyrði standi skv. framansögðu því sem næst í stað verður nokkur tilfærsla milli einstakra hópa skattgreiðenda. Þannig lækka skattar einhleypinga að jafnaði um nálægt 12% en heildarskattgreiðslur hjóna hækka á hinn bóginn um nær 9%. Skattar lækka almennt hjá tekjulægri hluta gjaldenda en hækka að sama skapi hjá hinum tekjuhærri (sbr. töflu 1).
3. Sé hjónum skipt í flokka eftir tekjuöflun eiginkonu er skattalækkun hjá þeim hjónum þar sem eiginkonan aflar engra tekna. Hjá hjónum þar sem eiginkonan aflar tekna allt að 2 milljónum króna er skattbreytingin svipuð og hjá meðaltali hjóna, en hjá þeim hjónum þar sem eiginkonan aflar meiri tekna en nemur 2 milljónum kr. verður hækkunin nokkuð yfir meðallagi, enda er þar að jafnaði um tekjuhæstu hjónin að ræða.
4. Hjá um það bil 10% gjaldenda breytast skattar til hækkunar um meira en sem nemur 3% af brúttótekjum en hjá jafnstórum hópi verður jafnmikil skattalækkun. Veruleg breyting á skattbyrði verður því einungis hjá 20% gjaldenda (sbr. töflu 2).
5. Sé miðað við að almennur frádráttur sé 10% af tekjum (sem er lágmarksfrádráttur) verða skattfrelsismörk einhleypings í tekjuskatti (þ. e. a. s. hámark tekna sem ekki þarf að greiða af tekjuskatt til ríkissjóðs) 2 444 þús. kr., en sé miðað við að frádráttur sé 15% af tekjum verða mörkin 2 588 þús. kr. Vegna sérsköttunar hjóna er ekki auðvelt að tala um skattfrelsismörk þeirra sameiginlega, en hafi t. d. annað hjóna aflað allra teknanna verða barnlaus hjón skattlaus séu tekjur þeirra undir 4 470 þús. kr. (og er þá miðað við 15% frádrátt frá tekjum). Skattfrelsismörk hjóna með 2 börn (annað yngra en 7 ára), þar sem annað hjóna aflar allra teknanna og frádráttur er 15% af tekjum, verða 5 735 þús. kr. og skattfrelsismörk sömu hjóna verða 7 248 þús. kr. ef þau skipta tekjuöfluninni jafnt á milli sín.

Miðað við hækkun fasteignamats og hlutdeild fasteigna í heildareign einstaklinga samkvæmt fyrrgreindu úrtaki skattframtala má búast við að hækkun eignarskattsstofns milli ára verði nálægt 58%. Þá er einnig ljóst að breytt skattlagning hjóna samkvæmt lögum nr. 40/1978 hefur óhjákvæmilega veruleg áhrif við álagningu eignarskatts. Samkvæmt lögunum skal eignarskattsstofni hjóna skipt til helminga milli þeirra og skal hvort um sig skattlagt af sínum hluta sem einhleypingur væri, en samkvæmt eldri lögum var eignarskattur lagður sameiginlega á hjón og var skattfrjáls eign þeirra þá einungis 50% hærri en skattfrjáls eign einhleypings. Af þessari breytingu leiðir að hjón í heild hljóta að bera minni hluta af heildareignarskatti, sem álagður verður, en hlutur einhleypinga vex að sama skapi. Í frumvarpi

þessu er lagt til að skattfrjáls eign hvers einstaklings verði 15 m.kr. Upphæð þessi er við það miðuð að eignarskattur einstaklinga skili í ríkissjóð 50% hærri fjárhæð en nam tekjum af þessum skatti á síðastliðnu ári. Eignarskattshlutfall verður 1,2% eins og var við álagningu á síðasta ári. Samkvæmt þessu nemur skattfrjáls eign hjóna í sameiningu 30 m.kr. og er það nokkur hækkun umfram hækkun eignarskattsstofns milli ára. Skattfrjáls eign einhleypings verður hins vegar 15 m.kr. og er hækkun á þeirri eign nokkru minni en nemur almennum hækkunum eignarskattsstofns milli ára.

Lagt er til að tekjuskattshlutfall lögaðila verði óbreytt frá því sem var við álagningu 1979, sbr. lög nr. 119/1978. Um það hversu mikill tekjuskattur atvinnurekstrarins verði í heild er mjög erfitt að spá vegna þess hve miklar grundvallarbreytingar verða nú á ákvæðum um tekjuskattsstofn í rekstri. Hér er ekki hægt að styðjast við sambærilegt úrtak við áætlanir um heildartekjur ríkissjóðs eða skattbyrði tiltekinna gjaldendahópa og gert er varðandi einstaklinga utan rekstrar. Til þess þarf fjölmargar upplýsingar sem ekki eru nú í höndum skattyfirvalda. Skatthlutfallið 65% er sambærilegt hæsta jaðarskatti í skattstiga einstaklinga eftir að tillit hefur verið tekið til heimildar lögaðila til að leggja 25% af tekjum í varasjóð. Þar sem sambærilegur rekstur getur ýmist verið í hendi félags eða einstaklings verður að teljast æskilegt að slíks samræmis sé gætt við ákvörðun á þessum skatthlutföllum.

Þá er lagt til að eignarskattur lögaðila verði 1,2% af eign en þetta hlutfall var 1,6% árið 1979, sbr. lög nr. 119/1978. Meginástæða þess að eignarskattshlutfall lögaðila var í sínum tíma ákveðið hærra en eignarskattshlutfall einstaklinga var að eignarskattur lögaðila var frádráttarbær við álagningu tekjuskatts. Sú heimild hefur verið afnumin og því þykir rétt að samræma hlutfallið. Einnig er óæskilegt að hlutfallið sé mismunandi, meðal annars vegna þess að eignir eru millifæranlegar milli manna og lögaðila, t. d. með útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Þrátt fyrir þessa lækkun hlutfallsins er líklegt að nokkur hækkun verði á álögðum eignarskatti lögaðila þar sem búast má við allverulegum hækkunum á skattstofni vegna endurmats.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að nokkur breyting verði gerð á námsfrádrætti eftir 16 ára aldur. Í fyrsta lagi felst í þessari breytingu að frádrátturinn verður ekki lengur tengdur launatekjum þess er námið stundar. Af þessari breytingu leiðir að frádrátturinn nýtist maka tekjulauss námsmanns en samkvæmt ákvæðum laga nr. 40/1978 nýttist námsfrádráttur ekki maka tekjulauss námsmanns. Í öðru lagi er lagt til að námsfrádráttur þeirra er nám stunda erlendis verði hærri en námsfrádráttur annarra. Helgast þetta af því að kostnaður við nám erlendis er almennt meiri en við nám innanlands og því meiri þörf á skattaívilnun. Í þessu sambandi er rétt að benda á að námskostnaður til frádráttar samkvæmt eldri skattalögum var að mati ríkisskattstjóra mun meiri vegna náms erlendis en innanlands. Í þriðja lagi er lagt til að námsfrádráttur verði almennt hækkaður nokkuð umfram þá hækkun sem varð með lögum nr. 7/1980.

Um 2. gr.

Hér eru gerðar tillögur um tekjuskattsstiga einstaklinga. Vísast um hann til almennra athugasemda hér að framan. Í 2. mgr. er lagt til að tekjuskattshlutfall af launatekjum barna hækki úr 5% í 7%.

Um 3. gr.

Í þessari grein er lagt til að persónuafsláttur verði 440 þús. kr. fyrir hvern mann. Jafnframt er lagt til að ónýttur persónuafsláttur gangi til greiðslu sjúkratryggingargjalds en það er í samræmi við meðferð hans við síðustu álagningu. Þá er lagt til að ákvæði um greiðslu sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds með ónýttum persónuafslætti verði felld niður enda byggðist framkvæmd þeirra á staðgreiðslukerfi. Að öðru leyti vísast til almennra athugasemda.

Um 4. gr.

Hér eru gerðar tillögur um fjárhæð barnabóta. Eins og um getur í almennum athugasemdum er lagt til að einstæð foreldri njóti ávallt hámarksbóta í stað þess að njóta 40% umframbóta með hverju barni.

Um 5. gr.

Hér er lögð til hliðstæð hækkun á tekjuskattshlutfalli ýmissa aðila, er bera hér takmarkaða skattskyldu, og gert er ráð fyrir að eigi sér stað hjá öðrum gjaldendum.

Um 6. gr.

Lagt er til að tekjuskattshlutfall lögaðila verði 65% eins og var við álagningu árið 1979.

Um 7. og 8. gr.

Um þessar greinar vísast til almennra athugasemda.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er að breyta ákvæðinu um árlega skattvísitölu til samræmis við frumvarp þetta.

Um 10. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

TAFLA 1

Brúttótekjur þús. kr.	Fjöldi framteljenda (hjón talin sem einn framteljandi)	Meðalbreyting skatta Þús. kr.
Hjón:		
0— 2 000	530	+8
2 000— 4 000	3 810	+41
4 000— 6 000	9 320	+27
6 000— 8 000	12 340	+60
8 000—10 000	9 880	+111
10 000—	9 420	+151
Hjón alls	45 300	+63
Einhleypingar:		
0— 2 000	25 400	+3
2 000— 4 000	25 670	+16
4 000— 6 000	10 730	+43
6 000— 8 000	2 350	+126
8 000—10 000	850	+217
10 000—	400	+130
Einhleypingar alls	65 400	+23

TAFLA 2.

Hundraðshluti framteljenda þar sem skattbyrði eykst um 3% eða meira eða lækkar um 3% eða meira af brúttótekjum

	Fjöldi allra framteljenda (hjón talin sem einn framteljandi)	Heildarfjöldi þar sem skattbyrði breytist: ÷3%	+3%
Hjón án barna	16 700	14%	13%
Hjón með 1 barn	10 500	4%	20%
Hjón með 2 börn eða fleiri	18 100	8%	11%
Hjón, tekjur eiginkonu undir 1 m.kr.	20 200	18%	7%
Hjón, tekjur eiginkonu yfir 1 m.kr.	25 100	2%	19%
Hjón alls	45 300	9%	14%
Einhleypingar	65 400	9%	4%
Einstæð foreldri	6 300	26%	26%
Allir framteljendur	117 000	10%	9%

Nd. 220. Framhaldsnefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 30. des. 1978, sbr. lög nr. 70 31. des. 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur orðið sammála um frumvarpið með breytingartillögum sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Nefndin kvaddi á sinn fund Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóra og kom hann með tillögur, sem nefndin taldi til bóta.

Alþingi, 24. mars 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir, form.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir, frsm.
Matthías Bjarnason.	Pétur Sigurðsson.	Jósef H. Þorgeirsson.
	Guðm. G. Þórarinsson.	

Nd. 221. Breytingartillögur [49. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 30. des. 1978, sbr. lög nr. 70 31. des. 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. a-liður 2. tl. 1. gr. orðist svo:
   a. bótum skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971 með síðari breytingum öðrum en elli- og örorkulífeyri.
2. b- og c-liðir 2. tl. 1. gr. falli niður.

3. d-liður (er verði b-liður) 2. tl. 1. gr. orðist svo:
650 000 kr. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972, með síðari breytingum, hjá þeim mönnum sem orðnir eru 67 ára fyrir 1. janúar 1980 eða nutu örorkulífeyris á árinu 1979.
4. 2. málsliður 2. mgr. 3. tl. 1. gr. orðist svo:
Gjald, sem ekki nær 4 000 kr., skal fellt niður við álagningu.
5. Á 5. tl. 1. gr. verði gerð svofelld breyting:
Í stað orðanna „sem um ræðir í 1.—4. tl. þessa ákvæðis“ komi: sem um ræðir í þessari grein.
6. 2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1980 vegna tekna ársins 1979.

Nd. 222. Frumvarp til laga [80. mál]

um breyting á lögum nr. 49 16. maí 1974, um Lífeyrissjóð sjómanna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. mars.)

1. gr.

Við 14. gr. laganna bætist nýtt ákvæði sem verði 5. málsgr. og orðist svo:

Nú lætur sjóðsfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða sambýliskona hefur sannanlega annast heimili hans um árabil, þó ekki skemur en 5 ár fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi maka lífeyri svo sem um ekkju væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýlismanni lífeyri í samræmi við ákvæði 3. og 4. málsgr.

2. gr.

Aftan við bráðabirgðaákvæði laganna komi tvær nýjar málsgreinar, er orðist svo:

Árin 1980—1984 skulu elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum breytast ársfjórðungslega þannig, að lífeyrir miðist við grundvallarlaun samkvæmt 2. málsgr. 11. gr. eins og þau eru 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert. Frá 1 janúar 1985 að telja skulu uppbætur á lífeyrisgreiðslur ákveðnar í samræmi við ákvæði 16 gr.

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka ákvörðun um aðild hans að samstarfssamningi lífeyrissjóða, sem nefndur er í 24. gr. laga nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra.

3. gr.

Lög þessi gilda frá 1. janúar 1980.

Sþ. 223. Fyrirspurn [128. mál]

til iðnaðarráðherra um staðarval næstu stórvirkjunar.

Frá Lárusi Jónssyni.

Hefur næstu stórvirkjun „utan eldvirkra svæða“ í raun verið valinn staður með orðalagi í greinargerð fjárlagafrumvarps um að 500 millj. kr., sem ráðstafa á til virkjunarrannsókna, skuli varið „að meginhluta á Austurlandi“?

Hversu langt eru rannsóknir á veg komnar varðandi Blönduvirkjun?

Nd. 224. Breytingartillögur [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

1. Við 3. gr. 4. mgr. komi viðbót:
   Svo og skal draga frá útsvarsskyldum tekjum starfslaun, sem greidd eru vegna starfa erlendis í þjónustu hins íslenska ríkis við sendiráð Íslands og fastanefndir Íslands hjá alþjóðastofnunum.
2. Við 14. gr. 1. málsl. 1. mgr. Í stað orðanna „í þessu sambandi telst gjaldfærsla“ komi: í þessu sambandi telst þó ekki gjaldfærsla.
3. Við 14. gr. Við 2. mgr. bætist tveir nýir málsl. er orðist svo:
   Jafnframt skal álagning aðstöðugjalds og landsútsvars, er henni hefur verið bætt við rekstrarkostnað þannig reiknaðan, sbr. og 1. mgr. þessarar greinar, eigi mynda rekstrartap. Fjárhæð aðstöðugjalds og landsútsvars má því að hámarki nema þeirri fjárhæð, sem heildartekjur án tekjufærslu skv. 53. gr. laga nr. 40/1978 eru umfram rekstrarkostnað skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Nd. 225. Lög [111. mál]

um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

(Afgreidd frá Nd. 24. mars.)

Samhljóða þskj. 197.

Sþ. 226. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]

um könnun á nýtingu ríkisjarða í þágu aldraðra.

Flm.: Helgi Seljan, Stefán Jónsson, Skúli Alexandersson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara könnun á þeim möguleika að nýta ríkisjarðir í nánd þéttbýlisstaða með góða heilsugæsluaðstöðu sem dvalarheimili fyrir aldraða eða festa kaup á jörðum í þessu skyni.

Dvalarheimilin yrðu byggð upp sem smáar einingar, þar sem búandfólk, sem flytja þarf af bújörðum sínum vegna aldurs eða heilsubrests, gæti haft smábúskap, sameiginlega eða út af fyrir sig undir ákveðinni yfirstjórn og með vissri aðstoð.

Reynt yrði að tengja slík heimili svo sem kostur væri við smáiðnað í sveitum einnig.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 100. löggjafarþingi, en varð þá eigi útrædd. Henni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

Aðstaða aldraðra í þjóðfélaginu til að njóta ævikvöldsins sem best hefur verið mjög til umræðu á undanförnum árum. Þjóðfélagsþróunin hefur orðið þess valdandi, að í raun blasir við æ meiri einangrun þessa fólks, ef ekkert er að gert. Eitt veigamesta atriðið í velferð aldraðra á elliárum þeirra er öruggt athvarf og aðstæður til að starfa svo lengi sem frekast er kostur.

Athugun á atvinnumálum aldraðra var samþykkt í formi þingsályktunar fyrir nokkrum árum, en fyrsti flm. þeirrar tillögu þá var Svava Jakobsdóttir. Hægt mun þar miða, því miður, og er þó ærin þörf sem eftir kallar. Fólk með skerta starfsorku hefur engu síðri þörf fyrir að veita henni útrás og öðlast þannig aukna lífsfyllingu en þeir sem við fulla starfsorku búa.

Sé grannt skoðað um aðstæður allar er þörfin sennilega enn meiri m. a. í ljósi þess, að þetta fólk vill mörgum öðrum fremur leggja sitt af mörkum, vera hlutgengari þjóðfélagsþegnar með virkni sinni í atvinnulífinu.

Eitt með því alvarlegra, sem blasir við okkur varðandi allt of margt fólk, er sú mikla og snögga lífsvenjubreyting og oft algera röskun sem á högum þess verður við það t. d. að flytjast inn á elliheimili. Þessi þingsályktun beinist að könnun á því, hvernig e. t. v. sé unnt að taka að hluta á þessu vandamáli hjá því fólki, sem verður að þola hér mest umskipti og röskun á öllum högum sínum, þ. e. aldrað fólk í sveitum. Sem betur fer á mikill hluti þess kost á athvarfi heima hjá sér allt til hins síðasta, en hins vegar munu þó dæmin fleiri, ekki síst vegna þeirrar miklu fólksfækkunar sem í sveitum hefur orðið og síður en svo sér nú fyrir endann á.

Ríkið á margar ágætar jarðir um land allt, sumar vel hýstar og vel setnar, aðrar annað hvort, enn aðrar eyðijarðir eða því sem næst. Okkur flm. þykir fullkomin ástæða til að kanna möguleika á nýtingu einhverra þessara jarða í því skyni að koma upp litlum dvalarheimilum fyrir aldrað fólk, sem kysi að hafa smábúskap áfram eða stunda einhverja aðra iðju, sem væri þá tengd landbúnaði á einhvern hátt, svo sem fullvinnslu á landbúnaðarafurðum. Við teljum einnig mjög koma til álita kaup á jörðum, er losnuðu úr ábúð og ekki yrðu betur til annars nýttar.

Við flm. erum þess fullvissir að þessa könnun eigi að gera sem besta því hér gæti þetta aldraða fólk búið við svipaðar aðstæður og lífsstarf þess hefur við miðast, með að sjálfsögðu þeirri aðstoð sem nauðsynleg kann að reynast, bæði varðandi vissa yfirstjórn (ráðsmann eða forstöðumann), nauðsynlega aðstoð varðandi vélanotkun og ef með þarf einhverja heimilishjálp. Smáar einingar væru hér eðlilegastar, en þó yrði stærð þeirra að fara eftir hagkvæmni varðandi nýtingu jarðar og ekki síður fjárhagslegri hagkvæmni.

Hugmyndin að þessari tillögu er m. a. komin frá þeim, sem hér ættu gerst að vita, þ. e. frá sveitafólki, sem orðið hefur að fara á dvalarheimili í þéttbýli þvert gegn innsta vilja sínum, aðeins af því að ekki var um annað að ræða, — sveitafólki, sem ekki gat rekið sjálfstæðan, erfiðan búskap lengur, en hafði alla orku og krafta til þess að hafa smábúskap með höndum, fólki, sem situr nú að mestu auðum höndum, en vildi gjarnan leggja hönd á plóginn að einhverri verðmætasköpun í þjóðfélaginu og þá eðlilega helst þeirri sem tengist lífsstarfi þess um langan aldur. Þessi sjónarmið eru hér sett fram í tillöguformi eins og þau komu frá þeim aðilum, sem vöktu fyrst máls á þessu.

Sú stefna, að dvalarheimili eða íbúðir fyrir aldraða eigi að vera smáar einingar, á nú góðu heilli almennu fylgi að fagna, og sú tilhögun, sem hér er lagt til að könnuð verði, er hið besta í samræmi við þá meginstefnu.

Flm. gera sér ljósa ýmsa annmarka hér á og vilja því ítarlega könnun á þessu máli sem fyrsta skref. Þeir vita um þá augljósu einangrunarhættu, sem af slíku fyrirkomulagi stafar, einangrun frá öðrum aldurshópum, sem er mikið vandamál margs aldraðs fólks. En sú einangrun mæðir sannarlega ekki síður á fólki í þéttbýlinu og eflaust mest og verst hér á suðvesturhorninu, á hinum fjölmennu stofnunum, sem þar er að finna. Hins vegar koma möguleikarnir til eðlilegs starfs hér mjög á móti og útilokað er að einangrunin verði svo alger sem hún oft vill verða í mesta þéttbýlinu.

Við leggjum mikla áherslu á að heimili þessi verði í nánd þeirra staða sem hafa góða heilsugæsluaðstöðu, en þeim þéttbýlisstöðum fer nú ört fjölgandi. Hér er um sjálfsagt öryggisatriði að ræða, sem taka verður mið af í könnuninni.

Að lokum vilja flm. benda á að ekki síður koma öryrkjar hér til greina, þó tillaga um forkönnun málsins feli það aðeins óbeint í sér.

Alþýðubandalagsmenn fengu samþykkta á s. l. vori tillögu um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum. Því telja flm. þessarar tillögu rétt, að í könnun og hugsanlegri framkvæmd þessa máls verði einnig hugað að þessum smáiðnaði og þátttöku aldraðs fólks þar svo sem frekast er kostur.

Könnunin mun að sjálfsögðu leiða í ljós kostnað af tilhögun sem þessari, en flm. telja að hann muni síst verða meiri en almennt er um heimili af þessu tagi, og hugsanlegur aukakostnaður mun skila sér til baka, bæði fjárhagslega beint og ekki síður í aukinni lífshamingju þess fólks, sem við eigum samfélagslega skuld að gjalda.

Nánar í framsögu.

Sþ. 227. Tillaga til þingsályktunar [130. mál]

um nýtingu kolmunna og vinnslustöð á Austurlandi.

Flm.: Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefjast nú þegar handa um nýtingu kolmunna til veiða og vinnslu. Skal í því sambandi komið á fót vinnslustöð á Austurlandi (Reyðarfirði) til vinnslu kolmunnaafurða með frystingu og þurrkun í huga.

Greinargerð.

Í sambandi við tillöguflutning þennan hefur flm. stuðst við skrif Magna Kristjánssonar um þessi mál sérstaklega, svo og álitsgerð og athuganir Sigurjóns Arasonar hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

Nauðsyn þess, að hér sé við brugðið af fullri einurð og skipulega, er ótvíræð. Hvað snertir sérstaklega þá vinnslustöð, sem tillagan lýtur að, þá þarf hún að vera sem næst veiðisvæðinu. Veiðitíminn er skammur og því þarf hér að vera um að ræða stóra hráefnisgeymslu, því mikill hluti slíkrar stöðvar yrði að geta verið frysti- og kæligeymsla fyrir ársvinnsluna, en jafnframt yrði um afurðageymslu að ræða. Útbúnaður þarf að vera til flökunar og annað tilheyrandi frystiþættinum og sama er að segja um búnað til þurrkunar og herslu, en eins og markaðsmál standa í dag verður að leggja aðaláherslu á þurrkunina.

Kolmunninn er að vísu afbragðsfiskur til frystingar, en þar þarf átak í markaðsmálum til að koma, þannig að á því sviði verði um verulega nýtingu að ræða.

Ekki þarf að rökstyðja, hve sjálfsagt er að reisa slíka vinnslustöð á Austfjörðum, og álit þeirra, sem hér um hafa mest fjallað, er það, að þar sé Reyðarfjörður í fremstu röð. Gagnvart ríkisvaldinu, frumkvæði þess og aðstoð hlýtur það að teljast mjög jákvætt að fiskimjölsvinnsla á Reyðarfirði er í höndum Síldarverksmiðja ríkisins.

Svo vikið sé fyrst að nýtingu fiskstofna og fiskiskipa, þá er ljóst að hér er um mikinn ónýttan auð að ræða, einn fárra þátta í okkar sjávarfangsöflun, þar sem aukning er beinlínis sjálfsögð. Einnig er ljóst, að skip úr hinum almenna flota okkar hljóta að koma hér inn í myndina, kolmunnaveiðar hlytu að verða góð búbót fyrir marga sem hlíta þurfa veiðitakmörkunum varðandi sókn í aðra fiskstofna.

Með hinni nýju verðjöfnunardeild í aflatryggingasjóði ætti að vera kleift að greiða verulegar verðbætur á kolmunnann með beinni ákvörðun ráðherra þar um. Ekki síst er þetta sjálfsagt, þegar verðbætur eru í dag greiddar á fisktegundir, sem taldar eru í hættu vegna ofveiði, svo sem gildir um ufsa og karfa.

Í ágætri grein Magna Kristjánssonar, sem hér verður vitnað til, kemur hann inn á mörg umhugsunarverð atriði. Hann segir m. a.:

„Umræða um ofnýtingu fiskstofna er fyrirferðarmikil. Samfara þeirri umræðu er stundum bent á að til eru vannýttir fiskstofnar. Það síðarnefnda fær ekki umfjöllun sem skyldi. Þvargað er fram og aftur um ofnýttu stofnana. Lengra nær umræðan oftast ekki og að sjálfsögðu fæst engin niðurstaða. Margir segja líka, að fiskiskipaflotinn sé allt of stór, og vilja selja bróðurpart flotans eða leggja honum. Þessi floti er nú einu sinni í höndum landsmanna og raunhæfari leið til úrbóta er að finna honum verkefni við hæfi. Kolmunnann ber oft á góma þegar um vannýtta fiskstofna er rætt. Í þessari grein mun ég fjalla um þann ágæta fisk og þá möguleika sem við höfum í dag til að veiða hann.

Kolmunninn er flökkufiskur og ferðast ótrúlega víða í ætisleit. Útbreiðsla hans spannar N.-Atlantshaf frá Biskayaflóa til Grænlands og allt til Svalbarða. Fiskurinn er smávaxinn, svo sem ámóta og síld. Hann þykir góður til matar þó nýting hans til manneldis sé enn skammt á veg komin, því miður. Margar þjóðir keppast nú við ýmiss konar vinnslutilraunir á kolmunna, og ljóst er að nýting til manneldis mun vaxa mjög hratt á næstu árum. Nú fer mestallur kolmunnaafli til bræðslu. Fæst úr honum mjög gott og mikið mjöl, en fiskurinn er tiltölulega magur (1—9%) og lýsi úr honum er ekki mikið. Minnst lýsi er í honum um og eftir hrygningu, en á haustin er hann feitastur. Á sumrin og haustin, þegar hann er best veiðanlegur hér við land, er fitan 3—8% og gott hráefni til manneldis. Talið er að kolmunninn verði 10—14 ára gamall og kynþroska líklega 3ja ára. Langstærstu hrygningarstöðvarnar, sem vitað er um, eru SV og V frá Írlandi á svokölluðum Porcupinebanka og svo vestur af St. Kildu. Þar hrygnir hann í mars og apríl. Sterkur grunur leikur á að hann hrygni einnig SV frá Íslandi og jafnvel víðar, en á því vita vísindamenn ekki sönnur enn sem komið er. Stofnstærð er áætluð 10—12 millj. tonna og árlegt veiðiþol a. m. k. 1.5 millj. tonna.“

Síðar segir Magni:

„Langbest veiðivon er, að því er menn nú best vita, á hrygningarstöðvunum. Einnig við Færeyjar og svo í íslenskri fiskveiðilögsögu úti fyrir Austfjörðum og á Dohrnbanka. Það, sem gerir hlut okkar betri en ella, er sú staðreynd, að þegar kolmunninn heldur sig hér við land er hann í besta hugsanlegu ástandi, hvort sem er til manneldis eða mjölvinnslu.“

Þá víkur Magni að þessu áhugamáli sínu, hvernig um of hefur verið talað fyrir daufum eyrum, og tilgreinir rök fyrir nauðsyn aðgerða:

„1. Innan tveggja ára verður með einhverjum hætti kvótaskiptur sá afli sem hver þjóð fær að veiða af þessum stofni. Þá hlýtur að verða tekið verulegt tillit til þess aflamagns sem hver einstök þjóð, sem að væntanlegu samkomulagi um aflaskiptingu stendur, hefur veitt, þegar að samningum kemur.

2. Ástand ýmissa annarra fiskstofna við landið er þess eðlis, að brýna nauðsyn ber til að nýta alla þá möguleika sem felast í vannýttum stofnum.

3. Afkoma þjóðarbúsins út á við leyfir ekki að tækifæri til aukinnar gjaldeyrisöflunar séu látin ónotuð. Hvað þetta snertir eru möguleikarnir ótvíræðir. Rétt er að benda á í þessu sambandi, að afurðir úr 100 þús. tn. af kolmunna eru ca. 3—4 milljarða kr. virði miðað við bræðsluaflann og mun meiri ef hluti aflans færi til manneldis svo sem sjálfsagt væri.

4. Nokkur hluti fiskiskipaflota okkar er verkefnalaus þann tíma ársins sem helst er von kolmunnaafla hér á heimamiðum.

Fleiri rök mætti nefna, svo sem atvinnusjónarmið á löndunarhöfnum, afkomu fiskimjölsverksmiðjanna o. fl., o. fl.“

Síðan víkur hann að spurningunni: Eigum við skip? — og segir:

„Ég hef slegið því föstu, að sterk hagsmunaleg rök hnígi að því, að við aukum kolmunnaaflann mjög hratt á næstu 1—2 árum. Spurningin er: Höfum við aðstöðu

og búnað til þess? Í mínum huga er svarið jákvætt. Ef hefðbundin viðmiðun er notuð eigum við innan við 10 eiginleg kolmunnaskip. En miðað við þróun síðustu ára og miðað við þá staðreynd, að væntanlegar veiðar hér við land eiga sér stað við góðar veðurfarslegar aðstæður (sumar og framan af hausti), tel ég að stór hluti loðnuveiðiflotans sé fær um að sinna þessum veiðum með flotvörpu af nýjustu gerð, og þá á ég við, að skipin noti hvert sína vörpu (ekki tvílembingstroll). ....

Við lauslega athugun sýnist mér að um það bil 30 loðnuveiðiskip hafi 1000 hestafla vélar eða stærri og þar með möguleika að draga flotvörpu við sæmileg veðurskilyrði. Auk þess eru a. m. k. 3 skuttogarar sérlega hentugir til kolmunnaveiða."

Lok greinarinnar eru þessi, en hún var rituð í ársbyrjun 1979:

„Eins og áður segir veiddust hér við land aðeins 35 þúsund lestir á s. l. ári af kolmunna. Setjum því markið hátt og veiðum í ár yfir 100 þús. lestir og 200 þús. lestir næsta ár. Þetta er framkvæmanlegt og mundi, eins og ég hef bent á, styrkja stöðuna þegar að kvótaskiptingu kemur, og ekki má gleyma blessuðum ríkiskassanum. Þar hlýtur að vera pláss fyrir þann gjaldeyrisauka sem af þessu hlytist. En til að þetta megi takast verður að hefjast handa. „Sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær." "

Þá vík ég til Sigurjóns Arasonar, en á aðalfundi Rannsóknaráðs ríkisins flutti hann um daginn hið athyglisverðasta erindi um kolmunnann og verður hér nokkuð til þess vitnað:

Um stærð og veiði segir Sigurjón:

„Stærð hrygningarstofnsins í Atlantshafi er talin vera um 10 milljónir lesta. Árleg veiði úr stofninum getur numið a. m. k. 1.5 milljónum lesta, og hlutur okkar Íslendinga gæti orðið a. m. k. 200 þúsund lestir, ef rétt er að staðið.

Á síðasta ári veiddust alls rúmlega 1.2 milljónir lesta af kolmunna og þar af veiddu Sovétmenn um 760 þús. lestir í Norðausturdjúpi rétt utan við íslensku 200 mílna mörkin."

Þá víkur hann að kolmunnarannsóknum sumarið 1979 og verður nánari grein gerð fyrir þeim í framsögu, en þessar tilraunir fóru fram í júlí og ágúst á nótaskipinu Óla Óskars RE og í þurrkhúsi Sæbergs hf. á Eskifirði. Um vinnslutilraunirnar segir Sigurjón svo orðrétt:

„Vinnslutilraunirnar voru framkvæmdar á Eskifirði og var kolmunninn eingöngu unninn í skreið og var verkunin miðuð við tvo markaði, þ. e. gæludýrafóður og til manneldis í Nígeríu. Báðir þessir markaðir vilja kaupa kolmunnaskreið hvort sem hún er slægð eða óslægð, en óslægða skreiðin má ekki vera of feit. Þess vegna gerðum við athuganir á hve lengi væri hægt að þurrka kolmunnann vegna átu og fitu. Kolmunni var þurrkaður í maí og mældist fitan um 2% og hafði það engin áhrif á skreiðargæðin. Í júlílok var fitan komin í 3.5% og virtust mörkin vera þar."

Svo aðeins sé á því stærsta stiklað í þessari greinargerð, þá segir svo í skýrslu Sigurjóns um samanburð á flaka-, marnings- og skreiðarvinnslu:

„Söluverð og framleiðslukostnaður (BK) fyrir þessar þrjár kolmunnaafurðir, marning, flök og skreið, eru fundin með mælingum og útreikningum, og súlurit á mynd 12 sýnir þessar niðurstöður. Mynd 12 svo og þrjú önnur fylgirit eru meðfylgjandi greinargerðinni.

Kostnaðartölur úr flaka- og marningsvinnslunni eru fengnar úr færeyskum tilraunum og eru aðlagaðar íslenskum aðstæðum. Af súluritinu sést að af þessum þremur kolmunnaafurðum er skreiðarvinnslan hagkvæmust.

Mismunur á söluverði og framleiðslukostnaði fer til að greiða hráefniskaup og fastan kostnað, en þessi mismunur er meira en tvöfalt hærri fyrir skreiðarvinnsluna en fyrir flaka- og marningsvinnsluna."

Í niðurlagi skýrslu Sigurjóns segir hann:

„Kolmunnaveiðar við Ísland eiga að geta aukist verulega og raunhæft væri að stefna að a. m. k. 200 þúsund tonna veiði árlega. Fyrstu árin þyrfti að gera ráð

fyrir blönduðum veiðiskap, þ. e. landa hluta kolmunnans úr hverri veiðiferð til bræðslu og hinn hlutinn færi í vinnslu til manneldis, vegna þess að í landi er ekki til næg aðstaða til vinnslu á neyslufiski og eins hitt, að markaðir fyrir kolmunna til neyslu eru óvissir. Þurrkun kolmunnans getur farið fram á sama hátt og þurrkun annars smáfisks og skapast þá samfelldara hráefnisframboð. Einnig þarf að vera nægilega stór markaður fyrir þessa vöru. Töluverður markaður virðist vera á Norðurlöndum og víðar fyrir þurrkaðan smáfisk í gæludýrafóður og stór markaður er fyrir smáfiskskreið til manneldis í Nígeríu. Eins og áður er nefnt er framleiðsla á kolmunnaskreið sú vinnsla sem skilar mestum arði.

Fiskverkendur og neytendur hafa ekki enn þá viðurkennt kolmunnann sem nýja tegund, heldur er sífellt reynt að framleiða úr honum afurðir, sem eru sambærilegar við þá fiskrétti sem nú þegar þekkjast á markaðnum. Kolmunninn hentar ekki vel í þessa fiskrétti og þar af leiðandi er markaðsverð kolmunnaafurða um 70% lægra en fyrir sambærilegar þorskafurðir.

Engin tæknileg vandkvæði eru á því að veiða og vinna kolmunnann í afurðir til manneldis. Málið snýst því raunverulega um það verð, sem framleiðendur geta borgað fyrir hráefnið. Verðið er mjög háð markaðsverði fullunninnar vöru, sem þarf að vera það hátt, að ekki verði tap á rekstrinum."

Til frekari áherslu er hér sett fram ákveðin hugmynd um nýtingu og verðmætasköpun:

„Ef við setjum okkur það markmið að veiða 200 þús. tonn af kolmunna hvert ár og segjum að við höfum sölusamning upp á 5 000 tonn af kolmunnaskreið til Nígeríu, skilaverð 1 000 kr. á kg skreið. Nýtingin á þessum 200 þús. tonnum verður þá 25 000 tonn í skreiðarverkun og 175 000 tonn í fiskmjölsvinnslu. Nýtingin í mjölvinnslunni er 18.5% og skilaverð á kolmunnamjöli er 180 kr/kg. Söluverðmæti kolmunnaafurðanna er þá:

Kolmunnaskreið	5 000 millj.
Kolmunnamjöl	5 800 —
Heildarskilaverðmæti	10 800 millj.

Stærsti kostnaðarliðurinn við þessa verðmætasköpun er olíunotkunin bæði fyrir veiðiflotann og fiskmjölsvinnsluna. Áætlaður olíukostnaður er:

Veiðiflotinn	1 500 millj.
Fiskmjölsvinnslan	1 700 —
Heildarkostnaður	3 200 millj.

Verðmætasköpunin við kolmunnaveiðarnar verður þá 7 600 millj. og er þá olíukostnaðurinn 25—30% af söluverðmæti kolmunnaafurða."

Vissulega mætti um margt vitna ítarlegar og betur í greinargerð Sigurjóns Arasonar, en þrjú fylgirit frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fylgja hér með greinargerðinni. I. Áætlaður framleiðslukostnaður við skreiðarvinnslu með frekari skýringum. Miðað er við hitaveitu, en á fylgiriti II sést samanburður orkukostnaðar við hitun lofts fyrir þurrkun, sem eðlilegt er að komi inn í myndina, þó ekki skipti höfuðmáli, svo sem vikið verður að í framsögu. Á fylgiriti III má sjá vinnslurás fyrir þurrkun kolmunna, og á fylgiriti IV er að finna framleiddar kolmunnaafurðir, sem fyrr er að vikið. Fyrir þessum fylgiritum verður einnig gerð nánari grein í framsögu.

Vinnslustöð með fullkomnum búnaði er brýn nauðsyn. Eðli málsins samkvæmt á að koma stöðinni á fót á Austurlandi, og Reyðarfjörður er sennilega kjörnasti staðurinn til að reisa vinnslustöðina á.

Um hina miklu möguleika á frekari veiði og aukinni verðmætasköpun verður frekar rætt í framsögu, en ljóst er að hér er um milljarða að ræða, sem unnt er að sækja í sjávardjúp. Þann auð á að nýta sem best og á sem hagkvæmastan hátt.

Hér er um brýnt þjóðhagslegt atriði að ræða, jafnt frá sjónarmiði fiskveiða og vinnslumöguleika. Að einhverri slíkri skipan mála, sem þessi tillaga lýtur að, þarf að vinna af fullri einurð og gera allt sem unnt er til að nýta þessa auðlind sem best. Því er tillögu um þetta hreyft á Alþingi.

Fylgirit I.

Áætlaður framleiðslukostnaður við skreiðarvinnslu (250 tonn/skreið/ár).

Skilaverð pr. kg af þurrfiski ..... (CIF 1.45 £, 1 £: 830 kr.).			850 kr./kg þ.f.
— Breytilegur kostnaður			
Heitt vatn	15	kr./kg þ.f.	
Rafmagn	32		
Vinnulaun	175		
Umbúðir	14		
Annað	30		
	256	kr./kg þ.f.	256
Flutningskostnaður			
15 kr./kg hráefni × 5	75		
	75		75
Birgðakostnaður			
r:12% (850 × ½ × ½ × 0.12)	25		
	25		25
— Fastur kostnaður			
Afskriftir húsnæðis			
(10^8 × 0.05) : 5 000 000 : 250	20		
Afskriftir tækjabúnaðar			
(75.10^6 × 0.15) : 11 250 000 : 250	45		
	65		65
Heildarkostnaður			421 kr./kg þ.f.
Mismunur á skilaverði og kostnaði ..	429	kr./kg þ.f.	


Gert 15. okt. 1979. SA.

Ef reiknað er með 20% hagnaði af skilaverði, þá verður eftir upp í hráefni 251 kr./kg skreið. Nýtingin er um 18.6% eða 5.5 tonn hráefni í hvert tonn skreið. Hráefnisverð getur orðið 45.6 kr./kg slægður kolm.

Í sumar var borgað 12 kr./kg kolm. Segjum að verðið sé nú 15 kr./kg. Launin fyrir að slægja verða (45—15) × 0.8 : 24 kr./kg. Ein Jutland Mark III hefur afköst 56 fisk/mín. eða 56 × 60 × 0.20 ×0.8 : 540 kg slægður kolm./klst. Tímakaup og útseld vélavinna verður 540 × 24 : 12 960 kr. pr. unninn tíma.

Fylgirit II.

Orkukostnaður við hitun lofts fyrir þurrkun á kolmunnaskreið.




Mynd 11:

Orkukostnaður: 4. janúar 1980
Einingarverð.
1 tonn heitt vatn 1.19 kr. Reykjavík
1 l. húshitunarolía 155,25 kr.
1 kWh. 43,53 kr. Ra. Reyk.
1 kWh. 23,74 kr. Rarik 370 kW notkun í 250 daga.

Orkukostnaður per. kg skreið 4. jan. 1980.
Hitaveita 0.1 × 119 = 12 kr/kg.
Olíukynding 0.66 × 155,25 = 102 kr/kg.
Rafmagn Ra. Reyk. 6.25 × 43.53 = 272 kr/kg.
Rafmagn: Rarik 6.25 × 23.74 = 148 kr/kg.

Fylgrit III.




Mynd 10.
Vinnslurás fyrir þurrkun kolmunna ásamt nýtingartölum eftir hvert þrep.

s = slægður fiskur,
ó = óslægður fiskur.

Fylgirit IV.

Mynd 12: **Framleiddar kolmunnaafurðir; unnið úr íslenskum og færeyskum upplýsingum. Nóv. 1979**



** Mismunur á söluverði og framleiðsluverði til að greiða hráefniskaup og fastan kostnað

** Hér er hráefnisverð ekki tekið með í mat á breytilegum kostnaði

Sþ. 228. Nefndarálit [116. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur að undanförnu starfað við næsta óvenjulegar aðstæður. Aðeins eru liðnar um það bil tvær vikur síðan nefndin fékk fjárlagafrumvarp fyrir árið 1980 formlega til meðferðar.

Nefndin hefur þó setið að störfum og haldið samtals 56 fundi frá því að þing kom saman í byrjun árs. Á haustdögum, áður en þing kom saman, ræddi þáverandi fjárveitinganefnd við fulltrúa tæplega 60 sveitarfélaga. Sparaði þetta nefndinni mikla vinnu nú, er svo óvenjulega skammur tími er til stefnu til afgreiðslu fjárlaga, enda fjórðungur fjárlagaársins þegar liðinn.

Að venju flytur nefndin allmargar breytingartillögur við einstaka liði frumvarpsins. Að þeim standa allir nefndarmenn, nema hvað þrír fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, þeir Lárus Jónsson, Friðrik Sophusson og Guðmundur Karlsson, hafa ekki tekið afstöðu til þeirra breytingartillagna um tilfærslur milli einstakra liða, sem tilgreindar eru á þingskjali 229. Þær tillögur flytja undirritaðir nefndarmenn, og horfa þær til þess að auka nokkuð fjármagn til einstakra framkvæmdaliða, svo sem byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Enda þótt hækkun þeirra liða fylgi nokkurn veginn verðhækkunum milli ára, fer því þó víðs fjarri að unnt hafi verið að fullnægja þeim óskum sem fyrir liggja um auknar fjárveitingar. Einn nefndarmanna, Eiður Guðnason, flytur sérstakar breytingartillögur við frumvarpið sem eru prentaðar á þingskjali 230 og gerð er sérstök grein fyrir í fylgiskjali með þessu nefndaráliti.

Jafnframt er birt sem fylgiskjal yfirlit yfir lækkun fjárveitinga í fjárlögum ársins 1979 skv. heimild í 6. gr. fjárlaga 1979.

Nú við 2. umræðu fjárlaga hefur fjárveitinganefnd gert tillögur um skiptingu fjármagns til allra framkvæmdaliða að undanskildum flugmálum og nokkrum smærri liðum. Þá bíður og umfjöllun B-hluta fyrirtækja og 6. greinar frumvarpsins þriðju umræðu.

Verður nú gerð nánari grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar:

00 Æðsta stjórn ríkisins.

201 Hús Jóns Sigurðssonar: Liðurinn hækki um 8 000 þús. kr. og verði 26 500 þús. kr. vegna lagfæringa á húsinu.

02 Menntamálaráðuneyti.

231 Náttúrufræðistofnun Íslands: Liðurinn „sértekjur 3 000 þús. kr.“ er felldur niður, enda selur stofnunin enga þjónustu.

303 Menntaskólinn á Laugarvatni: Gjaldfærður stofnkostnaðar hækki um 4 000 þús. kr. og verði 12 000 þús. kr.

322 Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 3 600 þús. kr. og verði 12 000 þús. kr.

351 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 58 800 þús. kr. og verði 200 000 þús. kr.

354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 8 000 þús. kr. og verði 40 000 þús. kr.

355 Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 7 500 þús. kr. og verði 10 000 þús. kr.

357 Framhaldsskóli á Selfossi: Hér er um nýjan fjárlagalið að ræða með stofnkostnaðarframlagi 5 000 þús. kr.

553 Húsmæðraskólar: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 10 000 þús. kr. vegna Húsmæðraskólans á Laugarvatni.

563 Tónlistarfræðsla: Liðurinn hækki um 8 500 þús. kr. sem er stofnkostnaðarframlag til einstakra skóla, sbr. sérstakt yfirlit í breytingartillögum nefndarinnar. Ekki var áætlað fyrir þessum lið í fjárlagafrumvarpi.

621 Skálholtsskóli: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 3 000 þús. kr. og verði 7 000 þús. kr.

792 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra: Liðurinn hækki um 287 000 þús. kr. og verði 2 778 000 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í sundurliðun í breytingartillögum nefndarinnar.

797 Stofnanir afbrigðilegra barna: Laun hækki um 1 500 þús. kr. vegna launa sérfræðings í hálfu stöðugildi hálft árið 1980 við Öskjuhlíðarskóla og í Kjarvalshúsi.

803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður: Liðurinn hækki um 50 000 þús. kr. og verði 550 040 þús. kr. Skipting á einstakar framkvæmdir er sýnd í breytingartillögum nefndarinnar.

881 Náms- og fræðimenn, framlög: Liðurinn Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi hækki um 400 þús. kr. og verði 1 000 þús. kr. — Liðnum Styrkir til útgáfustarfa mun skipt af fjárveitinganefnd.

885 Fullorðinsfræðsla: Nýr liður, félagsmálanámskeið 2 000 þús. kr.

902 Þjóðminjasafn Íslands: Liðurinn til sveitarfélaga hækki um 17 550 þús. kr. og verði 38 000 þús. kr. Lið þessum hefur verið skipt af nefndinni í samráði við þjóðminjavörð. Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 3 000 þús. kr. vegna endurbóta á safnhúsinu og verði 24 000 þús. kr. alls.

906 Listasafn Einars Jónssonar: Laun hækka um 3 000 þús. kr. vegna ráðningar listfræðings að safninu.

931 Náttúruverndarráð: Sértekjur lækka um 21 000 þús. kr. og verða 5 000 þús. kr.

976 Menningarsjóður, framlag: Framlag til Menningarsjóðs í B-hluta hækki um 5 000 þús. kr. og verði 50 000 þús. kr. Hér er tekið mið af útgáfukostnaði Kortabókar Íslands.

982 Listir, framlög: Liðurinn hækki samtals um 15 800 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Bandalag íslenskra leikfélaga 800 þús. kr. Nýtt viðfangsefni: Önnur leiklistarstarfsemi og leiklistarráð 10 000 þús. kr. Myndlistarskólar, styrkir 5 000 þús. kr.

984 Norræn samvinna: Liðurinn Norræna félagið hækki um 1 000 þús. kr. og verði 2 000 þús. kr.

986 Íþróttasjóður: Rekstrarstyrkir o. fl. hækki um 10 000 þús. kr. — Bygging íþróttamannvirkja hækki um 75 000 þús. kr. og verði 497 640 þús. kr. Sundurliðun er í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar.

987 Viðeyjarstofa, endurbætur: Heiti liðarins breytist og verði Viðeyjarstofa og Nesstofa, endurbætur, liðurinn hækki um 3 000 þús. kr. vegna Nesstofu og nemi í heild 8 000 þús. kr.

988 Æskulýðsmál: Liðurinn hækki alls um 20 020 þús. kr. sem skiptist sem hér segir: Æskulýðsráð ríkisins hækki um 3 000 þús. kr. Æskulýðssamband Íslands hækki um 1 000 þús. kr. Ungmennafélag Íslands hækki um 10 800 þús. kr. Bandalag íslenskra skáta hækki um 2 400 þús. kr. Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns hækki um 600 þús. kr. Bandalag ísl. farfugla hækki um 80 þús. kr. Íslenskir ungtemplarar hækki um 880 þús. kr. Nafnbreyting verði á viðfangsefni 0117 og verði: Landssamband KFUM og KFUK 2 100 þús. kr., sem er 600 þús. kr. hækkun á liðnum með fyrra heiti. KFUM, starfsemi í Vatnaskógi hækki um 360 þús. kr. KFUK, starfsemi í Vindáshlíð hækki um 300 þús. kr.

999 Ýmislegt. Liðurinn hækki alls um 33 990 þús. kr. Þar af um 4 000 þús. kr. vegna nýs liðar: Hljóðbókasafn, og um 1 500 þús. kr. vegna nýs liðar: Cornellháskólinn í Bandaríkjunum, til íslenskukennslu. Liðurinn 0225 breytir um nafn og verður Nemendaskipti 500 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um aðrar hækkanir. Viðfangsefnið Ýmis framlög eru styrkir sem fjárveitinganefnd og menntamálaráðuneyti veita til einstaklinga og samtaka.

03 Utanríkisráðuneyti.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa: Laun hækki um 4 000 þús. kr. vegna launa sérfræðings við rannsóknir á landgrunninu norður af Íslandi.

04 Landbúnaðarráðuneyti.

201 Búnaðarfélag Íslands: Laun hækki um 2 000 þús. kr. vegna launa ráðunautar í hálfu stöðugildi hálft árið 1980 við alifugla- og svínarækt.

206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Laun hækki um 2 000 þús. kr. vegna launa rannsóknamanns í hálfu stöðugildi hálft árið 1980 við ylrækt og garðrækt.

241 Landnám ríkisins: Framlag til fyrirtækja í B-hluta, þ. e. grænfóðurverksmiðja, 40 000 þús. kr. verði tekið upp sem nýr liður.

243 Sauðfjárveikivarnir: Viðhald hækki um 8 000 þús. kr. vegna viðgerða á sauðfjárveikivarnagirðingum.

271 Landgræðslusjóður: Framlag hækki um 7 800 þús. kr.

286 Landbúnaður, framlög: Liðurinn Fyrirhleðslur hækki um 25 000 þús. kr. og liðurinn Landþurrkun hækki um 5 000 þús. kr. Liðirnir skiptast eins og sýnt er í sérstökum yfirlitum í breytingartillögum.

299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi: Liðurinn Gróðurvernd í Búðahrauni hækki um 80 þús. kr. og verði 100 þús. kr. Liðurinn Búnaðarsamband Suðurlands, tilraunastöð, hækki um 3 000 þús. kr. og verði 6 000 þús. kr. Liðurinn Landvernd, félagssamtök hækki um 500 þús. kr. og verði 1 700 þús. kr. Nefndin leggur til að veitt verði framlag til nýs liðar: Ár trésins 3 000 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneyti.

203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins: Sértekjur lækki um 16 000 þús. kr. og verði 30 000 þús. kr. Hér er um leiðréttingu að ræða. Önnur rekstrargjöld hækki um 1 800 þús. kr. vegna húsaleigu fyrir rannsóknastofu í Vestmannaeyjum, sem ekki hefur verið áætlað fyrir áður.

215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða: Laun hækki um 6 500 þús. kr. vegna launa sérfræðings um lagmeti. Önnur rekstrargjöld hækki um 1 500 þús. kr.

901 Skrifstofa Rannsóknastofnana atvinnuveganna: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 15 000 þús. kr., þar af 3 000 þús. kr. vegna kaupa á ljósritunarvél hjá yfirstjórn og 12 000 þús. kr. vegna kaupa á fólks- og vöruflutningabifreið hjá samrekstri á Keldnaholti.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði: Laun hækki um 2 400 þús. kr. hjá yfirstjórn vegna ráðningar löglærðs fulltrúa við embættið á miðju ári.

242 Vinnuhælið Litla-Hrauni: Laun hækki um 15 200 þús. kr. vegna fjölgunar á fangavörðum um fjögur stöðugildi á árinu vegna tilkomu einangrunardeildar við stofnunina.

254 Siómælingar Íslands: Önnur rekstrargjöld hækki um 3 000 þús. kr. vegna prentunar á fiskikortum.

301 Þjóðkirkjan: Liðurinn Sumarbúðir hækki um 1 000 þús. kr. Liðurinn Hjálparstofnun kirkjunnar hækki um 150 þús. kr. Liðurinn Dómprófastsembættið í

Reykjavík hækki um 300 þús. kr. vegna skrifstofukostnaðar. Nýr liður: 0202 Tónskóli þjóðkirkjunnar 3 000 þús. kr. Liðurinn Byggingar á prestssetrum hækki um 6 000 þús. kr. Heiti viðfangsefnis 0306 er breytt, en þar er um leiðréttingu að ræða.

07 Félagsmálaráðuneyti.

0101 Aðalskrifstofa: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 12 000 þús. kr. Er þar um stofnbúnað á skrifstofu að ræða.

271 Húsnæðismálastofnun ríkisins: Liðurinn Heilsuspillandi húsnæði hækki um 35 000 þús. kr. og verði 50 300 þús. kr.

372 Landakaup kaupstaða og kauptúna: Liðurinn hækki um 8 000 þús. kr., verði 10 000 þús. kr. og verði í samræmi við lög nr. 35/1973.

399 Vatnsveitur: Liðurinn hækki um 20 000 þús. kr. og verði 105 000 þús. kr.

976 Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra: Liðurinn hækki um 40 000 þús. kr. og verði 1 060 000 þús. kr.

981 Vinnumál: Upp verði tekið nýtt viðfangsefni: Þátttaka í starfi ILO 2 000 þús. kr.

999 Ýmis framlög: Liðurinn hækki alls um 50 350 þús. kr. Upp verði tekið nýtt viðfangsefni: Aðstoð við þroskahefta 20 000 þús. kr. Vísað er til breytingartillagna nefndarinnar um einstakar hækkanir á framlögum.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

319 Matvælarannsóknir ríkisins: Laun hækki um 15 000 þús. kr. vegna fjölgunar um tvö og hálft stöðugildi við stofnunina. Önnur rekstrargjöld hækki um 10 000 þús. kr. vegna aukningar á húsnæði.

322 Heilbrigðiseftirlit ríkisins: Laun hækki um 5 037 þús. kr. vegna fjölgunar um einn ritara. Önnur rekstrargjöld hækki um 14 963 þús. kr.

324 Heyrnar- og talmeinastöð Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 10 000 þús. kr. vegna kaupa á stofnbúnaði fyrir stofnunina í nýju húsnæði.

371 Landspítalinn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 200 000 þús. kr. og verði 993 700 þús. kr. Skipting á einstaka liði er sýnd í breytingartillögum nefndarinnar.

381 Sjúkrahús og læknisbústaðir: Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa hækki um 880 000 þús. kr. og verði 3 080 000 þús. kr. og skiptist eins og sýnt er í sérstöku yfirliti í breytingartillögum nefndarinnar. DAS — Hrafnista, Hafnarfirði hækki um 25 000 þús. kr. Upp verði tekinn nýr liður: Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi 15 000 þús. kr.

399 Ýmis heilbrigðismál: Liðurinn hækki alls um 69 500 þús. kr. Hjartavernd hækki um 10 000 þús. kr. Krabbameinsfélag Íslands hækki um 22 500 þús. kr. Kostnaður skv. farsótta- og sóttvarnarlögum og lögum um ónæmisaðgerðir hækki um 25 000 þús. kr. Sjúkraflug hækki um 7 000 þús. kr. og verði 19 000 þús. kr. Lið þessum verður skipt af fjárveitinganefnd. Nýr liður: Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar læknis 3 000 þús. kr. Liður þessi var í fjárlögum 1979, en féll niður við gerð fjárlagafrumvarps 1980. Rannsóknir á útbreiðslu atvinnusjúkdóma hækki um 2 000 þús. kr. og er þar hugsað sérstaklega til rannsókna á heymæði.

471 Gæsluvistarsjóður, framlag: Bláa bandið hækki um 500 þús. kr. Vernd, félagssamtök hækki um 500 þús. kr. Samtök áhugamanna um áfengisbölið hækki um 2 000 þús. kr.

481 Bindindisstarfsemi: Stórstúka Íslands hækki um 1 800 þús. kr.

09 Fjármálaráðuneyti.

381 Uppbætur á lífeyri: Liðurinn hækki um 5 000 þús. kr.

383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn: Liðurinn hækki um 11 868 þús. kr.

384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur: Liðurinn hækki um 6 957 þús. kr.

10 Samgönguráðuneyti.

211 Vegagerð ríkisins: Liðurinn Til einstaklinga og samtaka hækki um 2 500 þús. kr. og verði 8 500 þús. kr. Lið þessum skiptir fjárveitinganefnd til aðila sem stuðla að byggð og gistingu í dreifbýli.

331 Vita- og hafnarmál, aðalskrifstofa: Nýr liður verði tekinn upp: Til fyrirtækja í B-hluta 40 000 þús. kr. Hér er um að ræða áhaldahús Vitamálastjórnar og endurbætur og úrbætur á aðstöðu fyrir starfsfólk.

333 Hafnarmál: Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækki um 275 700 þús. kr. Ferjubryggjur hækki um 3 000 þús. kr. Sjóvarnargarðar lækki um 7 000 þús. kr. Sérstök yfirlit í breytingartillögum nefndarinnar sýna skiptingu á þessum liðum.

471 Flugmálastjórn: Liðurinn hækki um 3 000 þús. kr. Hér er um að ræða framlög til áhugamannafélaga á sviði flugmála. Nefndin mælir með því, að Flugsögufélag Íslands fái 2 000 þús. kr. af þessum lið.

485 Ýmis framlög: Flugbjörgunarsveitir hækki um 900 þús. kr.

652 Veðurstofa Íslands: Liðurinn Hafísrannsóknir hækki um 2 400 þús. kr. vegna ráðningar hafísrannsóknamanns í tveimur þriðju stöðugildis á miðju ári.

11 Iðnaðarráðuneyti.

299 Iðja og iðnaður, framlög: Liðurinn Orkusparnaður hækki um 10 000 þús. kr. og verði 40 000 þús. kr. Nefndin ætlast til að 7 000 þús. kr. verði varið til rannsókna og tilrauna á nýtingu vindorku til húshitunar í Grímsey og 3 000 þús. kr. verði varið til rannsókna á framleiðslu eldsneytis úr innlendum orkulindum. Liður 0121 hækki um 2 500 þús. kr. og verði 8 500 þús. kr. Jafnframt breytist heiti liðarins og verði Byggingaþjónustan.

12 Viðskiptaráðuneyti.

902 Verðlagsstofnun: Laun hækki um 24 762 þús. kr. vegna fjölgunar starfsmanna um þrjú og hálft stöðugildi auk hækkunar annarra launa. Önnur rekstrargjöld hækki um 5 238 þús. kr.

Alþingi, 25. mars 1980.

Eiður Guðnason, form., frsm., með fyrirvara.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Geir Gunnarsson.	Friðjón Þórðarson.	Guðmundur Bjarnason.

Fylgiskjal A.

Lækkun fjárveitinga í fjárlögum ársins 1979.

Menntamálaráðuneyti.

		þús. kr.	þús. kr.
02-319	Menntaskólar, almennt		19.0
02-351	Fjölbrautask. í Breiðholti		10.0
02-516	Iðnskólar, almennt		
	Reykjavík	10.0	
	Ísafjörður	3.0	
	Akureyri	5.0	
	Neskaupstaður	4.0	
	Vestmannaeyjar	2.0	
	Hafnarfjörður	4.0	
	Akranes	2.1	
			30.1

				Þús. kr.
02-553	Húsmæðrakennaraskólar:			
	Blönduós	0.388		
	Langamýri	0.095		
	Akureyri	1.067		
	Laugar	0.957		
			2 507	
02-562	Leiklistarskólinn		1.5	
02-563	Tónlistarfræðsla, byggingarstyrkur		5.7	
02-581	Verslunarskólar		5.0	
02-582	Stýrimannask. í Vestmannaeyjum		1.0	
02-792	Byggingar grunnskóla		50.0	
02-793	Bygging skóla fyrir þroskaheft börn		5.2	
	Menntamálaráðuneyti, samtals			130.0
	Utanríkisráðuneyti.			
03-401-0134	Alþjóðaframfarastofnunin			20.0
	Sjávarútvegsráðuneyti.			
05-299-0110	Verðuppbætur á línufisk		30.0	
05-202-3003	Hafþór		35.0	
	Sjávarútvegsráðuneyti, samtals			65.0
	Dómsmálaráðuneyti.			
06-283	Fangamál, ýmis kostnaður			10.0
	Heilbrigðisráðuneyti			
08-371	Landspítalinn, stofnkostnaður			40.0
08-381-0301	Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar			
	Ólafsvík	9.1		
	Patreksfjörður	10.9		
	Ísafjörður	10.0		
	Hvammstangi	10.0		
	Blönduós	10.0		
	Dalvík	20.0		
	Neskaupstaður	20.0		
	Selfoss	20.0		
	Keflavík	10.0	120.0	
	Heilbrigðisráðuneyti, samtals			160.0
	Fjármálaráðuneyti.			
	Óviss útgjöld			80.0
	Samgönguráðuneyti.			
	Ferðamálaráð		20.0	
10-333-0103	Hafnamál		10.0	
	Samgönguráðuneyti, samtals			30.0
	Iðnaðarráðuneyti.			
	Námskeið í stjórn vinnuvéla			5.0
	Samtals lækkun:			500.0

Fylgiskjal B.

Yfirlit yfir breytingar á fjárlagafrumvarpi 1980 skv. tillögum Eiðs Guðnasonar.

Sparnaður og tekjuöflun:	Frv. ríkisstj. þús. kr.	Breyting þús. kr.
Byggðasjóður (÷20%)	2 635 000	527 000
Lánasj. ísl. námsmanna (lækkun)	5 394 887	2 120 000
Jarðrækt (÷20%)	1 860 000	372 000
Framræsla (÷20%)	385 000	77 000
Útflutningsbætur (÷10%)	8 400 000	840 000
Hólaskóli (lækkun)	122 603	100 000
Niðurgreiðslur (lækkun)	24 400 000	3 400 000
Útgjöld skv. sérstökum heimildarlögum og öðrum lögum (lækkun)	550 000	300 000
Óviss útgjöld fjármálaráðuneytis (lækkun)	810 000	500 000
1% sparnaður í launum og öðrum rekstrargjöldum hins opinbera	117 011 000	1 130 000
Hækkun á hagnaði ÁTVR til samræmis við launahækkanir	24 000 000	2 000 000
Hækkun á tekjuskatti félaga	10 000 000	850 000
		12 246 000
Tekjuskattslækkun og útgjöld vegna olíustyrks og húsnæðismála:		
Til lækkunar á tekjuskatti einstaklinga	38 200 000	7 200 000
Til jöfnunar á húshitunarkostnaði	0	4 000 000
Til félagslegra aðgerða í húsnæðismálum	0	1 000 000
		12 000 000
Til lækkunar á skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands kr. Greiðsluafgangur lækki sem þeirri upphæð nemur.	1 700 000	

Athugasemdir.

Tillögur fulltrúa Alþýðuflokksins til breytinga á fjárlagafrumvarpi ársins 1980 miðast við að tekjuskattur einstaklinga lækki um 7.2 milljarða til samræmis við fyrri tillögur Alþýðuflokks. Til jöfnunar á upphitunarkostnaði komi 4 milljarðar, en ekki er gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til þess verkefnis í fyrirliggjandi frumvarpi. Þá skal einum milljarði króna varið til félagslegra aðgerða á sviði húsnæðis- og dagvistarmála.

Til að mæta þessum útgjöldum, án þess að til nýrrar skattlagningar á einstaklinga komi, er miðað við, að framlög til Byggðasjóðs, jarðræktar og framræslu skerðist til samræmis við lækkun framlaga til fjárfestingarsjóða. Niðurgreiðslur og útflutningsbætur lækki til samræmis við það, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnar Alþýðuflokksins, og framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækki milli ára aðeins sem nemur þeim verðlagsbreytingum, er ráð er fyrir gert í fjárlagafrumvarpi (46.5%). Útgjöld vegna Hólaskóla eru lækkuð þar sem þar fer nú

engin kennsla fram. Þá eru óviss útgjöld fjármálaráðuneytis og útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum lækkuð nokkuð.

Hagnaður ÁTVR er hækkaður til jafns við ráðgerðar launahækkanir fjárlagafrumvarps. Tekjuskattur félaga er hækkaður til samræmis við áætlun fjárlagafrumvarps Alþýðuflokks, og gert er ráð fyrir sparnaði í launum og rekstrargjöldum ríkisins er nemi 1% eða 1 130 milljónum króna.

Eiður Guðnason.

Sþ. 229. Breytingartillögur [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

		Þús. kr.
1.	Við 1. gr. Lánahreyfingar.	
	a. Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa.	
	Fyrir „5 600 000“ kemur	6 400 000
	b. Ráðstafað til A-hluta.	
	Fyrir „9 613 000“ kemur	10 413 000
2.	Við 3. gr. Tekjur 0850 Áhættugjald vegna ríkisábyrgða.	
	Fyrir „200 000“ kemur	300 000
3.	Við 4. gr. 08 273 Atvinnuleysistryggingasjóður.	
	Fyrir „4 254 000“ kemur	3 654 000
4.	Við 4. gr. 09 999 0141 Óviss útgjöld.	
	Fyrir „810 000“ kemur	610 000
5.	Við 4. gr. 15 991 Ýmis lán ríkissjóðs 27 Vextir.	
	Fyrir „16 029 724“ kemur	15 879 724

Sþ. 230. Breytingartillögur [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá Eiði Guðnasyni.

		Þús. kr.
1.	Við 1. gr. Lánahreyfingar út: Seðlabanki Íslands.	
	Fyrir „3 600 000“ kemur	5 300 000
2.	Við 3. gr. Tekjur.	
	a. Við 0120 Tekjuskattur einstaklinga.	
	Fyrir „38 200 000“ kemur	31 000 000
	b. Við 0130 Tekjuskattur félaga.	
	Fyrir „10 000 000“ kemur	10 850 000
	c. Við 0510 Rekstrarhagnaður ÁTVR.	
	Fyrir „24 000 000“ kemur	26 000 000
3.	Við 4. gr. 01 171 Byggðasjóður.	
	Fyrir „2 635 000“ kemur	2 108 000
4.	Við 4. gr. 02 872 Lánasjóður ísl. námsmanna.	
	Fyrir „5 394 887“ kemur	3 274 887
5.	Við 4. gr. 04 288 Jarðræktarframlög 93 Til fyrirtækja og atvinnuvega.	
	Fyrir „1 860 000“ kemur	1 488 000

	Þús. kr.
6. Við 4. gr. 04 289 Framræsla.	
Fyrir „385 000“ kemur	308 000
7. Við 4. gr. 04 290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.	
Fyrir „8 400 000“ kemur	7 560 000
8. Við 4. gr. 04 502 Bændaskólinn Hólum.	
Fyrir „122 603“ kemur	22 603
9. Við 4. gr. 07 271. Nýr liður:	
0106 Til félagslegra aðgerða í húsnæðismálum	1 000 000
10. Við 4. gr. 09 481 Útgjöld samkv. sérstökum lögum og heimildarlögum.	
Fyrir „550 000“ kemur	250 000
11. Við 4. gr. 09 989 Vegna launa- og verðlagsmála.	
a. Laun.	
Fyrir „11 900 156“ kemur	10 984 856
b. Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „630 900“ kemur	416 200
12. Við 4. gr. 09 999 0141 Óviss útgjöld.	
Fyrir „810 000“ kemur	310 000
13. Við 4. gr. 12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði.	
Fyrir „24 400 000“ kemur	21 000 000
14. Við 4. gr. 12. Nýr liður:	
202 Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar	4 000 000

Ed. 231. Frumvarp til laga [131. mál]

um breyting á lögum nr. 8 27. febrúar 1976 um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. desember 1978.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Flugvallagjald skal vera 8 800 kr. fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa. Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald en fyrir yngri farþega skal ekkert gjald greiða. Um ferðir til Færeyja og Grænlands gilda þó ákvæði 3. gr.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Flugfélög, sem annast flutning farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, skulu greiða í ríkissjóð gjald er nemi 650 kr. á hvern farþega er ferðast á þeim leiðum og eldri eru en 12 ára. Fyrir farþega á aldrinum 2—12 ára skal greiða hálft gjald. Fyrir farþega yngri en tveggja ára skal ekkert gjald greiða. Einungis skal greitt eitt gjald þó millilent sé milli brottfararstaðar og ákvörðunarstaðar vegna flugáætlunar enda vari viðdvöl ekki lengur en sex klukkustundir. Heimilt er að hækka verð farmiða sem gjaldinu nemur. Sé sú heimild notuð skal sú hækkun ósérgreind í verði miðans.

Flugvallagjald skv. 2. gr. og skv. þessari grein skal vera grunntaxti. Ráðherra er heimilt að hækka gjaldið allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93 31. desember 1975. Grunntaxti flugvallagjalds er miðaður við vísitölu 1. janúar 1980, þ. e. 398 stig.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1980.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Flugvallagjald hefur frá 1. maí 1975 verið lagt á þá sem ferðast með loftförum og hefur gjaldið frá upphafi verið mishátt eftir því hvort um var að ræða ferðalög innanlands eða milli landa. Gjaldið var upphaflega, samkvæmt lögum nr. 11/1975, 2 500 kr. fyrir millilandafarþega en 350 kr. fyrir farþega í innanlandsflugi. Þann 1. mars 1976 lækkaði gjaldið með lögum nr. 8/1976 í 1 500 kr. fyrir farþega í millilandaflugi og í 200 kr. fyrir innanlandsfarþega. Með lögum nr. 77/1977 var heimilað að innheimta flugvallagjald í millilandaflugi með 100% álagi á árinu 1978. Var þessi heimild notuð og var því flugvallagjaldið á árinu 1978 3 000 kr. í millilandaflugi en áfram 200 kr. í innanlandsflugi. Með lögum nr. 110/1978, sem nú gilda um þetta efni, var gjaldið síðan hækkað í 5 500 kr. fyrir farþega í millilandaflugi en 400 kr. fyrir farþega í innanlandsflugi.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gjaldið hækki til samræmis við almenna verðlagsþróun frá 1. janúar 1979 eða um nærfellt 60%. Samkvæmt því yrði gjaldið 8 800 kr. fyrir farþega í millilandaflugi en 650 kr. fyrir farþega í innanlandsflugi.

Á árinu 1979 urðu tekjur af gjaldinu allnokkru minni en áætlað hafði verið eða einungis 692 milljónir kr. af þeim 770 milljónum kr. sem gert hafði verið ráð fyrir í fjárlögum. Í ljósi þessarar þróunar og með hliðsjón af því að 3 mánuðir verða liðnir af árinu þegar hækkun sú sem lögð er til með frumvarpi þessu öðlast gildi, má ætla að tekjur ríkissjóðs af gjaldinu verði nálægt 1 050 milljónir kr. á árinu 1980 og þar af yrði tekjuauki af tillögu þessari um 350 milljónir króna. Samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 110/1978 skal tekjum af flugvallagjaldi frá 1. janúar 1980 varið til eflingar flugmála.

Með 2. mgr. 2. gr. frumvarps þessa er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til að hækka flugvallagjald til samræmis við verðlagsbreytingar. Er lagt til að sú heimild verði bundin við hækkun byggingarvísitölu og er það í samræmi við sambærilegt ákvæði í lögum um fjáröflun til vegagerðar. Með þessu móti ætti ekki að þurfa að koma til árlegrar endurskoðunar gjaldsins af hálfu Alþingis til þess eins að halda raungildi þess óbreyttu.

Sþ. **232. Breytingartillögur** [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá fjárveitinganefnd.

Þús. kr.

1. Við 4. gr. 02 792 Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra.
   a. Fyrir „2 500 000“ kemur 2 778 000
   b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Framlög til byggingar grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra (02 762).

1.	Hólabrekkuskóli, 1. og 2. áfangi	150 000
2.	Ölduselsskóli, 1. áfangi	27 000
3.	Seljaskóli, 1. áfangi	225 000
4.	Seljaskóli, 2. áfangi, íþróttahús	20 000
5.	Hvassaleitisskóli, 3. áfangi	20 000
6.	Hlíðaskóli, 4. áfangi.....	40 000
7.	Kvennaskólinn	35 000
8.	Voga- og Langholtsskóli	4 000
9.	Ýmsir skólar, lóðir o. fl.	10 000
10.	Kópavogur, íþróttahús	40 000
11.	Snælandsskóli	60 000
12.	Engidalsskóli	50 000
13.	Lækjarskóli	35 000
14.	Víðistaðaskóli, 4. áfangi	40 000
15.	Seltjarnarnes, sundlaug	6 000
16.	Garðaskóli, 1. og 2. áfangi	75 000
17.	Keflavík, íþróttahús	70 000
18.	Grindavík, íþróttahús	30 000
19.	Njarðvík, íþróttahús	8 000
20.	Bessastaðahreppur, skóli	5 000
21.	Mosfellshreppur, skóli	45 000
22.	Sandgerði, íþróttahús	35 000
23.	Vatnsleysustrandarhreppur, skóli	20 000
24.	Vatnsleysustrandarhreppur, endurb. íbúðar	2 000
25.	Fræðsluskrifstofa Vesturlands	3 000
26.	Akranes, lóðir o. fl.	4 000
27.	Akranes, Grundarskóli	80 000
28.	Andakílshreppur, skóli	4 000
29.	Kjeppjárnsreykir	15 000
30.	Varmaland, íþróttahús	15 000
31.	Varmaland, skóli	4 000
32.	Borgarnes, íþróttahús	25 000
33.	Borgarnes, skóli	5 000
24.	Laugargerði, íþróttahús	2 000
35.	Hellissandur, skóli	55 000
36.	Ólafsvík, skóli	61 000
37.	Grundarfjörður, íþróttahús	10 000
38.	Stykkishólmur, skóli	65 000

		Þús. kr.
39.	Laugar, íbúðir	5 000
40.	Bolungarvík, íþróttahús	20 000
41.	Bolungarvík, endurb. íbúðar	2 000
42.	Reykhólar, 2. áfangi	20 000
43.	Geiradalshreppur	2 000
44.	Flateyjarhreppur	5 000
45.	Gufudalshreppur, kennslust.	5 000
46.	Barðastrandarhreppur	6 000
47.	Patreksfjörður, skóli	20 000
48.	Patreksfjörður, endurb. íbúðar	2 000
49.	Tálknafjörður, íþróttahús	2 000
50.	Þingeyri, skóli	20 000
51.	Mýrahreppur, skóli	6 000
52.	Flateyri, íþróttahús og sundlaug	40 000
53.	Suðureyri, skóli	20 000
54.	Hólmavík, skóli	22 000
55.	Fells- og Óspakseyrarhreppur	5 000
56.	Drangsnes, endurb. skóla	2 000
57.	Sauðárkrókur, skóli	30 000
58.	Sauðárkrókur, heimavist	8 000
59.	Sauðárkrókur, íþróttahús	5 000
60.	Staðarhreppur, íbúð	8 000
61.	Laugarbakkaskóli, 3. áfangi	20 000
62.	Hvammstangi	14 000
63.	Þverárhreppur, skóli	5 000
64.	Blönduós, lóð og búningskl.	4 000
65.	Húnavallaskóli	25 000
66.	Skagaströnd, skóli	30 000
67.	Varmahlíð, 1.—3. áfangi	7 000
68.	Lýtingsstaðahreppur, íbúð	1 000
69.	Hólahreppur, skóli	4 000
70.	Hofsós, 1.—3. áfangi	2 000
71.	Haganeshreppur, íbúð	10 000
72.	Glerárskóli, 3. áfangi	20 000
73.	Lundarskóli, 2. áfangi	10 000
74.	Akureyri, íþróttahús	75 000
75.	Húsavík, íþróttahús	9 000
76.	Ólafsfjörður, lóðir o. fl.	3 000
77.	Dalvík, skóli	50 000
78.	Hrísey, íþróttahús	5 000
79.	Þelamörk	20 000
80.	Hrafnagil, 1. og 2. áfangi	15 000
81.	Hrafnagil, 3. áfangi	40 000
82.	Grenivík, skóli	25 000
83.	**Stórutjarnir**	5 000
84.	Bárðdælahreppur, mötuneyti	2 000
85.	Skútustaðahreppur, sundlaug	10 000
86.	Hafralækur, íbúð	2 000
87.	Lundur, 1. áfangi	10 000
88.	Kópasker, skóli	25 000
89.	Raufarhöfn, íþróttahús	15 000
90.	Svalbarðshreppur, íbúð	2 000
91.	Þórshöfn, skóli	10 000
92.	Þórshöfn, búningsklefar	2 000

		Þús. kr.	
93.	Fræðsluskrifstofa Austurlands	4 000	
94.	Seyðisfjörður, íþróttahús	5 000	
95.	Neskaupstaður, barnaskóli	3 000	
96.	Neskaupstaður, gagnfræðaskóli	40 000	
97.	Eskifjörður, skóli	10 000	
98.	Vopnafjörður, Torfast.	2 000	
99.	Vopnafjörður, íþróttahús	12 000	
100.	Skeggjastaðahreppur	5 000	
101.	Hlíðarhreppur, skóli	20 000	
102.	Jökuldalshreppur, íþróttahús	8 000	
103.	Egilsstaðir, íþróttahús	18 000	
104.	Eiðahreppur, endurb.	2 000	
105.	Mjóifjörður	4 000	
106.	Reyðarfjörður, íþróttahús	42 000	
107.	Búðahreppur, skóli	20 000	
108.	Stöðvarfjörður, sundlaug	3 000	
109.	Breiðdalshreppur, skóli	15 000	
110.	Geithellnahreppur, skóli	15 000	
111.	Nesjahreppur, 3. áfangi	4 000	
112.	Höfn í Hornafirði	40 000	
113.	Mýrahreppur, íbúð	5 000	
114.	Fræðsluskrifstofa Suðurlands	3 000	
115.	Vestmannaeyjar, íþróttahús	50 000	
116.	Vestmannaeyjar, nýr skóli	5 000	
117.	Selfoss, gagnfræðaskóli	45 000	
118.	Selfoss, verknámshús	35 000	
119.	Selfoss, barnaskóli	10 000	
120.	Kirkjubæjarhreppur, sundlaug	2 000	
121.	Vík í Mýrdal, skóli	2 000	
122.	V.-Eyjafjallahreppur, íþróttahús	5 000	
123.	A.-Landeyjahreppur	5 000	
124.	V.-Landeyjahreppur	7 000	
125.	Fljótshlíðarhreppur	10 000	
126.	Hvolhreppur, skóli	35 000	
127.	Hvolhreppur, bókasafn	5 000	
128.	Rangárvallahreppur, sundlaug	10 000	
129.	Laugaland, stækkun skóla	5 000	
130.	Eyrarbakki, skóli	13 000	
131.	Villingaholtshreppur, endurb.	2 000	
132.	Hraungerðishreppur, jarðborun	3 000	
133.	Gnúpverjahreppur, lausar stofur	5 000	
134.	Hrunamannahreppur, íbúðir o. fl.	1 000	
135.	Biskupstungnahreppur, íbúð	2 000	
136.	Laugardalshreppur, lóð	2 000	
137.	Þorlákshöfn, skóli	15 000	
138.	Orkusparandi aðgerðir	40 000	
139.	Stofnkostnaður eldri skóla	40 000	
			2 766 000

Til undirbúnings framkvæmdum við skólabyggingar:		Þús. kr.
1. Ölduselsskóli, 2. áf.	300	
2. Hólabrekkuskóli, 3. áf.	300	
3. Kópavogur, Digranesskóli	300	
4. Hafnarfjörður, Öldutúnsskóli	300	
5. Hafnarfjörður, sundlaug	300	
6. Gerðahreppur, íþróttahús	300	
7. Vatnsleysustrandarhreppur, sundlaug	300	
8. Kleppjárnsreykir, sundlaug	300	
9. Lýsuhóll, sundlaug	300	
10. Búðardalur, 2. áf. skóla	300	
11. Laugar, íþróttahús	300	
12. Ísafjörður, íþróttahús	300	
13. Bíldudalur, íþróttahús	300	
14. Súðavík, skóli	300	
15. Flateyri, endurb. skóla	300	
16. Árneshreppur, skóli	300	
17. Siglufjörður, íþróttahús	300	
18. Laugarbakkaskóli, íþróttahús	300	
19. Blönduós, íþróttahús	300	
20. Hofsós, íþróttahús	300	
21. Hvammstangi, skóli	300	
22. Akureyri, Lundarskóli, 3. áf.	300	
23. Ólafsfjörður, íþróttahús	300	
24. Grímsey, íbúð	300	
25. Svarfaðardalur, sundskáli	300	
26. Þelamerkurskóli, íþróttahús	300	
27. Lundur, Öxarfirði, 2. áf.	300	
28. Seyðisfjörður, skóli	300	
29. Hlíðarhreppur, 2. áf.	300	
30. Hallormsstaður, íþróttahús	300	
31. Eiðahreppur, skóli	300	
32. Hofshreppur, skóli	300	
33. Kirkjubæjarhreppur, skóli	300	
34. Hvammshreppur, íbúð	300	
35. Djúpárhreppur, íþróttaaðstaða	300	
36. Hraungerðishreppur, skóli, 2. áf.	300	
37. Hveragerði, skóli	300	
38. Ölfushreppur, sundlaug	300	
39. Stokkseyri, íþróttaaðstaða	300	
40. Biskupstungur, skóli	300	
		12 000
		2 778 000

2. Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa.
   a. Fyrir „2 200 000“ kemur 3 080 000
   b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 381 0301).

a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Reykjavík, Borgarspítali, B-álma	420 000	
2. Reykjavík, Grensásdeild, endurhæfingarsundlaug	100 000	

		Þús. kr.
3. Reykjavík, Arnarholt	30 000	
4. Akranes, sjúkrahús	40 000	
5. Ólafsvík, H 2	15 000	
6. Stykkishólmur, H 2	30 000	
7. Búðardalur, H 2	5 000	
8. Patreksfjörður, H 2	50 000	
9. Bolungarvík, H 1	10 000	
10. Ísafjörður, sjúkrahús	190 000	
11. Hólmavík, H 1, undirbúningur	10 000	
12. Hvammstangi, H 2 og endurbætur	27 000	
13. Blönduós, H 2	6 000	
14. Sauðárkrókur, sjúkrahús	87 000	
15. Ólafsfjörður, H 1	90 000	
16. Dalvík, H 2	90 000	
17. Akureyri, sjúkrahús	678 000	
18. Húsavík, sjúkrahús	10 000	
19. Vopnafjörður, H 1	15 000	
20. Seyðisfjörður, H 1	65 000	
21. Neskaupstaður, sjúkrahús	225 000	
22. Fáskrúðsfjörður, H 1	50 000	
23. Kirkjubæjarklaustur, H 1	10 000	
24. Vík, H 1	10 000	
25. Hvolsvöllur, H 1	30 000	
26. Hella, H 1	25 000	
27. Selfoss, sjúkrahús	225 000	
28. Keflavík, sjúkrahús	260 000	
29. Hafnarfjörður, Sólvangur, endurbætur og undirbún., H 2	20 000	
30. Kópavogur, H 2	110 000	
31. Seltjarnarnes, H 2	40 000	
		2 973 000
b. Heilsugæslustöðvar og læknamóttökur í leiguhúsnæði. Styrkur vegna breytinga á húsnæði eða tækjakaupa:		
1. Akureyri	5 000	
2. Hafnarfjörður	5 000	
3. Álafoss	5 000	
4. Ósundurliðað	5 000	
		20 000
c. Læknisbústaðir:		
1. Búðardalur	20 000	
2. Þingeyri	7 000	
3. Siglufjörður	25 000	
4. Húsavík	5 000	
5. Vík í Mýrdal	20 000	
6. Höfn í Hornafirði	10 000	
		87 000
		3 080 000

		Þús. kr.
3. Við 4. gr. 10 333 0103 Hafnarmannvirki og lendingarbætur.		
a. Fyrir „1 920 000“ kemur		2 195 700
b. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 0103).		
1. Akranes	74 600	
2. Arnarstapi	3 500	
3. Ólafsvík	103 500	
4. Grundarfjörður	34 800	
5. Stykkishólmur	121 600	
6. Patreksfjörður	32 500	
7. Bíldudalur	18 800	
8. Þingeyri	22 500	
9. Flateyri	4 700	
10. Suðureyri	91 500	
11. Bolungarvík	74 600	
12. Ísafjörður	65 500	
13. Súðavík	65 800	
14. Norðurfjörður	16 200	
15. Hólmavík	3 100	
16. Hvammstangi	13 000	
17. Blönduós	31 500	
18. Sauðárkrókur	72 000	
19. Hofsós	29 200	
20. Siglufjörður	77 300	
21. Ólafsfjörður	47 000	
22. Dalvík	61 300	
23. Árskógsströnd	21 500	
24. Hauganes	16 400	
25. Hjalteyri	15 000	
26. Akureyri	108 500	
27. Grenivík	86 800	
28. Húsavík	51 300	
29. Kópasker	34 800	
30. Raufarhöfn	44 000	
31. Þórshöfn	21 100	
32. Bakkafjörður	40 300	
33. Vopnafjörður	29 300	
34. Borgarfjörður	7 900	
35. Seyðisfjörður	91 200	
36. Neskaupstaður	7 700	
37. Eskifjörður	60 000	
38. Reyðarfjörður	2 000	
39. Fáskrúðsfjörður	21 300	
40. Hornafjörður	98 000	
41. Dyrhólaey/Dyrhólaós	7 500	
42. Vestmannaeyjar	67 500	
43. Eyrarbakki	8 800	
44. Grindavík	22 300	
45. Sandgerði	135 500	
46. Garður	15 000	
47. Hafnarfjörður	117 500	
		2 195 700

Sþ. **233. Nefndarálit** [116. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd klofnaði um afgreiðslu málsins. Nefndin flytur þó sameiginlegar tillögur á þskj. 218 og 232 með fyrirvara af hálfu minni hlutans, þar sem hann áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Þegar vinstri stjórnin kom til valda 1978 lagði hún fyrir Alþingi um haustið fyrsta fjárlagafrumvarp sitt. Með því frumvarpi var stefnt að stórauknum ríkisumsvifum, einkum voru rekstrar- og millifærsluútgjöld ríkissjóðs aukin. Skattar voru hækkaðir gífurlega og ríkisbáknið þanið út.

Framlög til framkvæmda og til atvinnuvegasjóða voru skorin niður, ekki til þess að lækka skatta og ríkisútgjöld heldur til þess að skapa aukið svigrúm til enn þá meiri hækkunar rekstrar- og millifærsluútgjalda ríkissjóðs. Þetta reyndist auk heldur frumvarp að mestu verðbólgufjárlögum í sögu landsins síðustu áratugina. Framfærsluvísitalan hækkaði hvorki meira né minna frá ársbyrjun til ársloka en um 61%.

Þegar þetta fyrsta fjárlagafrumvarp vinstri stjórnarinnar var til umræðu á Alþingi áttu sæti í fjárveitinganefnd af hálfu Sjálfstæðisflokksins Lárus Jónsson, Pálmi Jónsson og Ellert B. Schram. Í nefndaráliti þeirra komu fram eftirfarandi gagnrýnisatriði um það, sem þeir töldu að væri einkennandi fyrir fjárlagafrumvarpið og fjárlagaafgreiðsluna:

„1. Hlutfall útgjalda ríkissjóðs miðað við þjóðarframleiðslu stóreykst.
2. Fjármagnstilfærslur, einkum í formi niðurgreiðslna, eru margfalt meiri en nokkru sinni fyrr.
3. Skattheimta eykst gífurlega.
4 Verklegar framkvæmdir eru skornar niður.
5. Ríkisbáknið bólgnar enn og frumvarpið gerir ráð fyrir fjölmörgum nýjum stöðum hjá ríkinu.
6. Tekjuhalli er fyrirsjáanlegur nema með nýjum skattaálögum."

Og síðast sagði: „Ljóst er að frumvarp þetta er verðbólgufrumvarp".

Fyrsta fjárlagafrumvarp núverandi ríkisstjórnar ber sömu megineinkenni. Því miður er gengið mörgum skrefum lengra í átt til aukinnar útþenslu ríkisumsvifa með sömu vinstri úrræðunum. Teflt er á enn tæpara vað um að ríkissjóður verði rekinn með halla og þetta verði frv. að nýjum verðbólgufjárlögum.

Þessi skýra og afdráttarlausa gagnrýni þeirra þremenninga, sem þá áttu sæti í fjárveitinganefnd af hálfu Sjálfstæðisflokksins, á ekki síður við um fyrsta fjárlagafrumvarp núverandi ríkisstjórnar. Í fyrsta lagi á þessi gagnrýni við nú vegna þess, að þetta frumvarp gengur lengra í þá átt, sem gagnrýnin beindist að, en frumvarp vinstri stjórnarinnar fyrir 1979. Í öðru lagi má benda á að þessi gagnrýni reyndist á rökum byggð. Fjárlagafrumvarp vinstri stjórnarinnar fyrir árið 1979 var sannarlega verðbólguhvetjandi. Ríkissjóður var rekinn með halla og reyndist staða hans við Seðlabankann um s. l. áramót 13—14 milljörðum króna verri en fjárl. gerðu ráð fyrir skv. nýútkominni skýrslu ríkisendurskoðunar. Þessi hallarekstur varð þrátt fyrir verulegar nýjar skattaálögur á árinu 1979, sem fjárlög gerðu ekki ráð fyrir.

Með þessu fjárlagafrumvarpi hefur núverandi ríkisstjórn ákveðið að viðhalda öllum skattaálögum vinstri stjórnarinnar og þyngja enn stórlega skattbyrði þjóðarinnar. Ákveðið er að söluskattshækkun og vörugjaldshækkun, sem komu til framkvæmda seint á árinu 1979 og gáfu ríkissjóði 2.7 milljarða kr. í tekjur á því ári, gildi allt árið 1980, og samkvæmt tekjuáætlun frumvarpsins nema þessir skattar 18 milljörðum króna á yfirstandandi ári. Skattaukningin af þessu einu er um 15 milljarðar króna. Þessu til viðbótar er í frumvarpinu boðað að lagður verði á nýr orkuskattur, sem talinn er gefa 4—5 milljarða kr. í ríkissjóð og leggja jafnmikla skattbyrði á þjóðina. Þá er ákveðið að heimila 10% hækkun útsvara á þessu ári. Samkvæmt frumvarpi, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi um skattstiga o. fl., er gert ráð fyrir að tekjuskattar á þessu ári verði ívið þyngri en fram kemur í tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins. Þar er þó áætlað, að tekju- og eignarskattar verði jafnþungir og vinstri stjórnin ákvað haustið 1979, eftir að hún lagði á afturvirka skatta.

Þróun beinnar skattheimtu sést ef bornar eru saman tvær tölur. Árið 1977 voru álagðir skattar af brúttótekjum á greiðsluári 10.6%. Þjóðhagsstofnun áætlar, að þessir skattar verði 14.2% af tekjum ársins í ár, ef hækkun útsvars verður heimiluð, og er þá einungis miðað við þá upphæð tekju- og eignarskatta sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir. Hækki þeir meira, eins og stefnt er að í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um skattstiga, nálgast skattahækkunin á þessu sviði að vera 4% af vergum tekjum framteljenda. Hér er einvörðungu átt við beina skatta, þ. e. a. s. eignarskatt, útsvar, almannatryggingagjald, sjúkrasamlagsgjald, sjúkratryggingagjald og fasteignaskatta. Skv. áætlun þjóðhagsstofnunar eru brúttótekjur framteljenda á árinu 1980 samtals 800 milljarðar króna. Skattbyrði þjóðarinnar af beinum sköttum er því yfir 30 milljörðum meiri í ár en verið hefði með greiðslu sama hlutfalls af tekjum og 1977.

Mikla athygli vekur, að halda á áfram sömu skattlagningu á bensín og verið hefur, en það þýðir að skattar á bensín verða þrefaldaðir í krónutölu frá 1978 og koma þeir skattar í viðbót við hækkanir á bensínverði vegna orkukreppunnar. Á árinu 1978 námu innheimtir skattar af bensínsölu 9 milljörðum 71 millj. kr. Í frumvarpi þessu til fjárlaga fyrir árið 1980 eru þessir skattar áætlaðir 29 milljarðar samkvæmt upplýsingum Þjóðhagsstofnunar. Þar er nálega um þreföldun að ræða. Byggingarvísitalan hefur hækkað frá miðju ári 1978 og fram á mitt ár 1980 samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar um 108%. Þetta merkir að innheimtir skattar á bensín umfram almennar verðlagshækkanir mældar á mælikvarða byggingarvísitölu muni nema 10 milljörðum kr. á árinu 1980. Á sama tíma hafa vegaframkvæmdir í landinu verið skornar niður og enn er stefnt að niðurskurði á þessu sviði samkv. fjárlagafrumvarpinu.

Skattahækkun, sem orðið hefur frá haustinu 1978 vegna aðgerða vinstri stjórnarinnar og núverandi ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, leggur 36—37 milljarða kr. aukna skattbyrði á þjóðina á þessu ári samkv. tekjuáætlun frumvarpsins fram yfir það sem orðið hefði með hliðstæðri skattheimtu og var fyrir skattahækkanirnar haustið 1978. Þessi aukaskattreikningur þessara tveggja ríkisstjórna til þjóðarinnar sundurliðast þannig:

	Millj. kr.	Millj. kr.
1. Hækkaðir eignarskattar vegna breytinga 1978	3 560	
2. Hækkaðir tekjuskattar vegna sama	4 740	
÷ lækkun sjúkratryggingagjalds	2 000	6 300
3. Hækkun söluskatts, 2 prósentusig		10 300
4. Hækkun vörugjalds (6)		7 715
5. Gjald á ferðalög til útlanda		1 700
6. Nýbyggingargjald		250
7. Skattur á verslunarhúsnæði		1 700
8. Aðlögunargjald		1 840
9. Hækkun á verðjöfnunargjaldi af raforku		1 220
10. Hækkun skatta af bensíni umfram verðlagshækkanir		10 100
11. Orkuskattur, áætl. skv. áætlun í frv.		5 000
12. Markaðar tekjur teknar í ríkissjóð		4 714
		50 839
Frá dregst:		
Niðurfelling söluskatts af matvörum		9 500
Tollalækkun, m. a. vegna aðildar að EFTA		5 000
		36 339

Aukaskattreikningur þessi skal nú skýrður stuttlega, en við gerð hans hefur verið stuðst við upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun.

Haustið 1978 lagði vinstri stjórnin á afturvirka tekju- og eignarskatta. Þessir skattaukar hafa haldist í einu eða öðru formi og er í frumvarpinu gert ráð fyrir að svo verði enn. Þeir leggja nettó 6.3 milljarða kr. aukna skattbyrði á þjóðina í ár. Hækkun söluskattsins og vörugjaldsins nema rúmlega 18 milljörðum kr. Í fjárlagafrumvarpi koma þær tölur fram, sem hér eru greindar, að því er varðar gjald á ferðalög til útlanda, nýbyggingargjald, skatt á verslunarhúsnæði, aðlögunargjald og hækkun á verðjöfnunargjaldi af raforku, en alla þessa nýju skatta lagði vinstri stjórnin á. Fram hefur komið fyrr í þessu nál., hvernig aukaskattur af bensíni er reiknaður.

Markaðar tekjur á þessum skattreikningi eru taldar vera 4.7 milljarðar kr. Hér er um að ræða tekjur sem ganga eiga til ýmissa sjóða, en eru nú teknar í ríkissjóð. Þessi sérstæða „fjáröflunarleið“ var fundin upp í tíð vinstri stjórnarinnar. Skattar, sem renna eiga til húsnæðislána, eins og launaskattur og erfðafjárskattur, sem ráðstafa á samkv. lögum til framkvæmda fyrir öryrkja, eru teknir að hluta í ríkissjóð. Eftirfarandi markaðar tekjur eru skertar:

	Skerðing millj. kr.
1. Byggingarsjóður ríkisins: Launaskattur o. fl.	3 795.0
2. Skemmtanaskattur	27.9
3. Erfðafjárskattur	372.7
4. Bifreiðaskattur	518.0
Millj. kr.	4 714.6

Hér er einungis um þá skerðingu tekjustofna að ræða, sem viðurkennd er í frumvarpinu. Í raun ætti að bæta við þessa tölu ýmsum öðrum tekjustofnum sem skertir hafa verið. Á yfirstandandi ári er áætlað, að tolltekjur af innfluttum sjónvarpstækjum nemi 1 milljarði kr. Upphaflega var gert ráð fyrir því, að hluti af þeim tekjum færi til þess að byggja upp dreifikerfi sjónvarps og lagfæra móttökuskilyrði

fyrir sjónvarp og útvarp. Ekkert af þessum tekjum er ætlað til þessara verkefna skv. frv. Úr frumvarpinu eru einnig felld framlög úr ríkissjóði, sem voru tekin af svokölluðu 1% olíugjaldi, þ. e. a. s. olíustyrkur, framlög til að hraða hitaveitufram-kvæmdum og til þess að styrkja dreifikerfi í sveitum. Samtals er þarna um fjárhæð að ræða sem nemur 2.9 milljörðum kr.

Furðu vekur sú stefna sem felst í því að taka þessa tekjustofna og skerða þá og láta þá renna til almennra rekstrarútgjalda og millifærsluútgjalda ríkissjóðs, án þess að heildarathugun hafi farið fram á þörf fyrir þessa mörkuðu tekjustofna til þeirra verkefna sem lög mæla fyrir um.

Miklu lengra er gengið í frumvarpi Ragnars Arnalds í skerðingu markaðra tekna heldur en gert var í frumvarpi Tómasar Árnasonar. Launaskattur og skattar, sem eiga að ganga í Byggingarsjóð ríkisins, eru skertir miklu meira en þar var gert ráð fyrir. Á sama tíma er ætlun ríkisstjórnarinnar að Byggingarsjóður ríkisins, sem lánar húsnæðislán, taki að sér ný verkefni og láni til dvalarheimila aldraðra og dagvistarstofnana. Skemmtanaskattur, sem á að ganga til félagsheimila úti um land, er skertur. Erfðafjárskattur er skertur svo harkalega, að ríflega helmingur af skatt-inum er tekinn í ríkissjóð, en þessi skattur er ætlaður til þess að byggja m. a. endur-hæfingarstöðvar fyrir öryrkja. Þá er einkar athyglisvert, að bifreiðaskattur er skertur um hvorki meira né minna en 518 milljónir kr., en bifreiðaskattur á eins og kunnugt er að ganga til Vegasjóðs. Þá er beint framlag ríkissjóðs til Vegasjóðs fellt alveg niður, en það var á árinu 1978 um 1 500 milljónir króna. Í þessu frumvarpi Ragnars Arnalds fjármálaráðherra skortir 6½ milljarð kr. á að hægt sé að framkvæma þá vegáætlun, sem Ragnar Arnalds, fyrrv. samgönguráðherra, lagði fyrir Alþingi aðeins fyrir einu ári og fékk samþykkta.

Rauði þráðurinn í þessu fjárlagafrumvarpi er stóraukin rekstrar- og millifærslu-útgjöld ríkissjóðs. Til þessarar vinstri útþenslustefnu í ríkisfjármálum má rekja, að rekstrar- og millifærsluútgjöld ríkissjóðs í frumvarpinu eru 40—50 milljörðum kr. hærri en verið hefði, ef svipaðri stefnu væri fylgt og gert var með fjárlagafrum-varpinu 1978. Þessi útþensla rekstrar- og millifærsluútgjalda um 45—50 milljarða hefur valdið:

1. Hallarekstri á ríkissjóði og vaxandi verðbólgu.
2. Skattahækkun ár frá ári og oft á ári.
3. Skerðingu markaðra tekjustofna og upptöku þeirra til almennra þarfa ríkissjóðs.
4. Niðurskurði á framlögum til sjóða atvinnuveganna.
5. Niðurskurði á raungildi framlaga ríkissjóðs til verklegra framkvæmda í höfnum, skólum, sjúkrahúsum, vegagerð o. s. frv.

Öllu þessu er fórnað. Ráðstöfunarfé heimilanna er skert vegna aukinnar skatt-heimtu. Dregið er úr ráðstöfunarfé sjóða sem sinna eiga félagslegum viðfangsefnum. Ráðstöfunarfé ríkissjóðs sjálfs til þess að ráðast í ýmsar framkvæmdir er skert. Og síðast en ekki síst er ráðstöfunarfé sjóða atvinnuveganna minnkað í stórum stíl miðað við það, sem lög segja fyrir um, og þau framlög, sem áður hafa verið lögð úr ríkissjóði af skattatekjum til þess að styðja þessa atvinnuvegasjóði.

Skerðing á framlögum ríkissjóðs til ýmissa sjóða, miðað við gildandi lög og venjur fyrri ára, er sem hér segir:

		Skerðing millj. kr.
1.	Fiskveiðasjóður	666.5
2.	Stofnlánadeild landbúnaðarins	353.3
3.	Aflatryggingasjóður	307.0
4.	Byggingarsjóður verkamanna	67.5
5.	Lánasjóður sveitarfélaga	106.2
6.	Bjargráðasjóður miðað við frumvarp, sem er í Alþingi	191.9
7.	Ferðamálasjóður	13.0
8.	Félagsheimilasjóður	24.3
9.	Veðdeild Landsbankans	3.7
10.	Hafnarbótasjóður	40.3
11.	Framkvæmdasjóður öryrkja samkv. frumvarpinu	445.0
12.	Styrktarsjóður vangefinna, framlag í fyrra	150.0
13.	Byggðasjóður	3 382.0
	Samtals	5 750.7

Það skal tekið fram, að í tillögum fjárveitinganefndar er ögn dregið úr skerðingu Framkvæmdasjóðs öryrkja, og enn fremur, að hér er um tölu að ræða í skerðingu hjá Byggðasjóði sem fundin er þannig að ráðstöfunarfé sjóðsins á að vera samkvæmt lögum 2% af niðurstöðutölum fjárlagafrumvarps.

Athyglisvert er, að ein afleiðing gegndarlausrar útþenslu rekstrar- og millifærsluútgjalda ríkissjóðs er að framlög til fjárfestinga og þar með verklegra framkvæmda hafa í æ ríkara mæli orðið afgangsstærð. Samkv. fjárlögum 1977 voru fjárfestingaframlög 23.4% af fjárlögum. Skv. þessu frv. eru þau 16.5%.

Það er athyglisvert, að í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar úir og grúir af loforðum, sem verða munu til þess að auka enn á rekstrar- og millifærsluútgjöld ríkissjóðs, þ. e. a. s. til þess að þenja út ríkisbáknið þegar fram í sækir. Þrátt fyrir allar hækkanir í þessu frumvarpi á rekstrar- og millifærsluútgjöldum ríkissjóðs vekur það athygli, að mjög fá af þessum loforðum verða efnd á þessu ári. Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar segir orðrétt:

„Á árunum 1980 og 1981 verði tryggðir 5—7 milljarðar kr., sem renni m. a. til eftirtalinna verkefna:

1. Til byggingar verkamannabústaða, íbúða á vegum sveitarfélaga og byggingarsamvinnufélaga.
2. Til byggingar hjúkrunar- og dvalarheimila aldraðra.
3. Til byggingar dagvistarheimila."

Ekkert af þessum loforðum er efnt í fjárlagafrumvarpinu fyrir 1980. Þvert á móti eru skornir niður sjóðir sem sérstaklega eiga að sinna framangreindum verkefnum. Þá segir enn í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar:

„Frá 1. júní 1980 hækki tekjutrygging aldraðra og öryrkja umfram verðbætur og sömuleiðis frá 1. júní 1981."

Heita má að þetta sé það eina sem sinnt er í þessu fjárlagafrumvarpi að nokkru leyti, því inn í útgjöld lífeyristrygginga í frumvarpinu eru teknar 400 milljónir króna til þess að efna þetta loforð.

Auk þess fela einungis í sér 400 milljónir kr. í útgjöld vegna „félagsmálapakka" sem nema á 5—7 milljörðum kr. á tveimur árum, er þetta frumvarp athyglisvert fyrir launþega vegna þeirrar launastefnu, sem þar kemur fram. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þær lögþvinganir, sem beita á til þess að halda niðri verðlagi, nái einnig til launa. Þannig er gert ráð fyrir að verðbólguvísitala hækki um 8% 1. júní, 7% 1. september og 5% 1. desember. Með þessu er viðurkennt, að lögþvingun verðlagsins leiði til þess í raun að lögþvinga kaupgjald, þar sem þessar launaforsendur eru beinlínis byggðar á ákvæðum í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar um verðlagsmál. Gengið er út frá því, að engar grunnkaupshækkanir verði á árinu, þrátt fyrir að allir kjarasamningar í

landinu séu lausir og ríkisstjórnin standi í viðræðum við ríkisstarfsmenn um launahækkanir. Aftur á móti er beinlínis gert ráð fyrir kjaraskerðingu í forsendum frumvarpsins. Þar er áætlað, að verðlag hækki að meðaltali milli áranna 1979 og 1980 um 46.5%, en kaup hækki einungis um 42%, þ. e. a. s. verðlagsbætur á laun. Þetta þýðir 3—4% kaupmáttarskerðingu.

Þetta fjárlagafrumvarp mun reynast frumvarp að verðbólgufjárlögum ekki síður en frumvarpið fyrir 1979. Í fjárlagafrumvarpi, sem Tómas Árnason lagði fyrir Alþingi í haust, var gert ráð fyrir að raunverulegur greiðsluafgangur yrði 8.6 milljarðar kr. og var ætlunin að sú upphæð yrði greidd í Seðlabankann sem afborgun af yfirdráttarskuld þar, sem nú er orðin nálægt 30 milljörðum kr. Þetta var talið höfuðatriði fjárlagastefnunnar. Í þessu frumvarpi er einvörðungu gert ráð fyrir að greiða 3.6 milljarða kr. í Seðlabankann, 5 milljörðunum hefur verið ráðstafað í útþenslu ríkisbáknsins og er greiðsluafgangurinn á pappírnum samkvæmt frumvarpinu því 3.6 milljarðar. Þessi ráðstöfun ein út af fyrir sig mundi gera ríkisfjármálin að bitlausu vopni gegn verðbólgu, þótt frumvarpið væri raunsætt að öðru leyti, og er því óafsakanleg við þær aðstæður, sem við búum nú við í efnahagsmálum þjóðarinnar.

Það er fjöldamargt í þessu frumvarpi, sem er vanáætlað í útgjöldum og sumum útgjöldum er beinlínis sleppt. Þá er tekjuáætlunin mjög teygð að ýmsu leyti, t. d. er gert ráð fyrir í forsendum tekjuáætlunarinnar að hækka áfengi og tóbak á ákveðnum dögum á árinu 1980.

Sem dæmi um hversu útgjaldahlið frumvarpsins er óraunsæ má minna á, að víða í greinargerðinni er sagt að frestað sé að taka á málum þar til lánsfjáráætlun verður gerð. Þar má m. a. minna á ýmis útgjöld til orkumála og vegamála. Í frumvarpið vantar upphæðir til þess að greiða útgjöld vegna stjórnarfrumvarpa, sem þegar liggja fyrir Alþingi um fæðingarorlof og Bjargráðasjóð, svo að dæmi séu nefnd. Gert er ráð fyrir, að frumvarpið um fæðingarorlof kosti ríkissjóð 1 milljarð kr. á árinu ef samþykkt verður. Menntamálaráðuneytið álítur, að í frv. vanti 1 550 milljónir kr. til rekstrarkostnaðar ýmissa skóla, og stjórn ríkisspítalanna telur að 700—800 milljónir kr. skorti á útgjaldaáætlun frumvarpsins til rekstrar ríkisspítalanna á árinu.

Þessu til viðbótar ákvað ríkisstjórnin fyrir skömmu að hækka útgjöld frá frumvarpinu til ýmissa framkvæmda um 1 850 milljónir kr. og jafnframt að auka spariskírteinaútgáfu um 800 milljónir kr., lækka óviss útgjöld um 200 milljónir og aðra fjárlagaliði um 850 milljónir kr. Allt er þetta á sömu bókina lært og eykur þenslu í ríkisfjármálunum. Því er ljóst að ríkissjóður mun verða rekinn á árinu 1980 með miklum greiðsluhalla og verka þannig sem olía á eld verðbólgunnar.

Hér að framan höfum við lýst öfugþróun þeirri, sem átt hefur sér stað í ríkisfjármálunum undanfarin ár. Við höfum rifjað upp fyrri gagnrýni sjálfstæðismanna í fjárveitinganefnd á fjárlagafrumvarp vinstri stjórnarinnar og sýnt fram á, hvernig heildarskattbyrðin hefur vaxið jafnt og þétt. Við höfum bent á það, hvernig markaðir tekjustofnar eru teknir til almennra nota. Þrátt fyrir allar þessar auknu tekjur er fjárlagafrumvarpið langt frá því að vera raunhæft, ef ríkisstjórnin ætlar sér að standa við yfirlýsingar sínar og loforð. Það eina, sem eftir stendur, er sú staðreynd að fjárlögin eru verðbólguhvetjandi og stefna aðallega að því að þenja út ríkisbáknið.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárveitinganefnd flytja ekki einstakar tillögur til breytinga á frumvarpinu til lækkunar, enda kæmi þá ekki annað til greina en grundvallarstefnubreyting. Frumvarpið gengur þvert á stefnumið Sjálfstæðisflokksins í veigamiklum atriðum og er því allri ábyrgð á gerð fjárlaga lýst á hendur ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar.

Við vörum eindregið við þeim vinnubrögðum, sem nú hafa verið tekin upp og lýsa sér í því, að veigamiklir útgjaldaliðir eru afgreiddir utan fjárlaganna. Eitt af meginmarkmiðum fjárlaganna er einmitt að hafa á einum stað yfirsýn yfir öll svið ríkisfjármálanna. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárveitinganefnd telja því, að útgjöld vegna jöfnunar kyndingarkostnaðar eigi heima í fjárlögum. Við lýsum því jafnframt yfir, að við erum tilbúnir til að vinna ásamt meiri hlutanum að niður-

skurði útgjalda til að geta staðið straum af kostnaðinum vegna olíustyrks til fólks á olíukyndingarsvæðunum.

Eins og áður hefur komið fram í okkar máli, teljum við undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárveitinganefnd, að ekki verði lengur við unað að reka ríkissjóð með gegndarlausum halla og skuldasöfnun. Beita verður ríkisfjármálunum markvisst í þeim nauðsynlegu aðgerðum, sem verður að gera til hjöðnunar verðbólgu í landinu. Viljum við í því sambandi leggja áherslu á eftirfarandi aðgerðir í fjármálum ríkisins.

Í fyrsta lagi að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs með því að tryggja umtalsverðan greiðsluafgang á fjárlögum.

Í öðru lagi, að skuldir ríkissjóðs hjá Seðlabankanum verði greiddar að fullu á næstu þremur árum.

Í þriðja lagi verði unnið markvisst að því að lækka rekstrar- og tilfærslugjöld ríkissjóðs. Í því sambandi er vakin athygli m. a. á eftirtöldum atriðum:

a) Stefnt verði að sveigjanlegri og tímabundnari ráðningarsamningum opinberra starfsmanna til að draga úr fjölgun þeirra og heildarlaunakostnaði.
b) Yfirstjórn sjúkrahúsa verði endurskipulögð og daggjaldakerfið lagt niður í núverandi mynd. Könnuð verði breytt verkaskipting sjúkrasamlaga og Tryggingastofnunar ríkisins. Einnig verði athugað, hvort núverandi stefna í uppbyggingu heilsugæslustöðva leiði til óþarflega dýrs rekstrar þeirra.
c) Gerð verði úttekt á rekstrarútgjöldum og stofnframkvæmdum Háskóla Íslands og heildarúttekt á mannafla og útgjöldum í menntakerfinu.
d) Gerð verði könnun á fækkun sendiráða.
e) Útgerð skipa í eigu ríkisins verði endurskipulögð.
f) Ríkisstofnanir, sem annast þjónustu, selji þjónustu sína á kostnaðarverði nema í undantekningartilvikum.
g) Endurskoðað verði niðurgreiðslukerfi á búvörum.

Í fjórða lagi verði allt hagsýslustarf hjá ríkinu eflt til muna. Í því sambandi verði kannað hvaða leiðum skal beita til að gera hagsýslustörf virkari.

Í fimmta lagi, Alþingi verði sköpuð skilyrði til að hafa eftirlit með fjármálum ríkisins á þann veg að færa ríkisendurskoðun til Alþingis, og fjárveitinganefnd starfi meir að undirbúningi fjárlagafrv. og eftirliti með framkvæmd fjárlaga.

Þær aðgerðir í ríkisfjármálum, sem bent er á hér að framan, eru aðgerðir sem fyrst og fremst ber að gera til að endurreisa ríkisfjármálin og stöðva þátt þeirra í aukinni verðbólgu í landinu.

Á undanförnum árum hefur einkum tvennt sett svip sinn á ríkisfjármálin: annars vegar aukning þeirra sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, ásamt sífelldum hallarekstri ríkissjóðs, og hins vegar að ekki hefur tekist að beita ríkisfjármálunum sem hagstjórnartæki við lausn verðbólguvandans. Því teljum við nauðsynlegt að gagnger endurskipulagning verði gerð á ríkisfjármálum í því skyni:

— Að minnka ríkisumsvif.
— Að beita ríkisfjármálum sem hagstjórnartæki.
— Að ná hámarksnýtingu þess fjármagns, sem veitt er á fjárlögum.
— Að losa um skuldbindandi útgjaldaáákvæði.
— Að draga skörp skil milli verka- og tekjuskiptingar ríkis og sveitarfélaga.
— Að þjónustuhlutverk ríkisins verði afmarkað.
— Að þjónustustofnanir ríkisins verði reknar hallalausar.
— Að efla fjármálastjórn ríkisins.

Ríkisfjármálin eru einn veikasti hlekkurinn í þeim samræmdu aðgerðum, sem nauðsynlegt er að beita til að vinna bug á verðbólgunni. Meðan enginn skilningur er á því, er ekki við því að búast að vel gangi í þeirri baráttu. Þar er þörf á gerbreyttri stefnu.

Alþingi, 25. mars 1980.

Lárus Jónsson, frsm. Guðm. Karlsson. Friðrik Sophusson.

Sþ. 234. Breytingartillaga [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá Albert Guðmundssyni.

		Þús. kr.
	Við 4. gr. 02 989 Ýmis íþróttamál.	
a.	Við 94 Til einstaklinga og samtaka.	
	Fyrir „143 000“ kemur	167 000
b.	Við 0102 Íþróttasamband Íslands.	
	Fyrir „126 000“ kemur	150 000

Sþ. 235. Fyrirspurn [132. mál]

til samgönguráðherra um símamál.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hver er ástæða þess, að enn hefur ekki verið ráðin bót á lélegri virkni sjálfvirka símans á Snæfellsnesi — þrátt fyrir þær framkvæmdir við símann, sem unnið var að á s. l. ári? Hvenær er lagfæringa von?
2. Hvenær er áætlað að sjálfvirkur sími komi á bæi í Eyrarsveit og Helgafellssveit?
3. Hver er áætlun um lagningu sjálfvirks síma um sveitir á Vesturlandi? Eru uppi áform um að koma á næturþjónustu í þeim símstöðvum, sem annast þjónustu við sveitirnar, þar til sjálfvirkur sími leysir slíka þjónustu af hólmi?
4. Hver er ástæðan fyrir því, að ekki er einn og sami gjaldflokkur fyrir símtöl milli eftirtalinna staða:
   a) Stykkishólms, Grundarfjarðar, Ólafsvíkur og Hellissands,
   b) Hvalfjarðar, Akraness, Borgarness og Hvanneyrar?
5. Eru fyrirhugaðar á næstunni breytingar á gjaldskrá landsímans til jöfnunar símakostnaðar?

Sþ. 236. Breytingartillögur [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá Lárusi Jónssyni, Friðrik Sophussyni og Guðmundi Karlssyni.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 11 221 0104 Aðlögunargjald.	
	Fyrir „850 000“ kemur	640 000
2.	Við 4. gr. 11 235. Nýr liður:	
	0103 Sérstakt iðnþróunarátak í samráði við samtök iðnaðarins	1 200 000

Sþ. 237. Breytingartillögur [116. mál]

við brtt. á þskj. 218 og 232 [Fjárlög].

	Þús. kr.
I. Frá *Matthíasi Bjarnasyni, Sighvati Björgvinssyni, Þorv. Garðari Kristjánssyni, Karvel Pálmasyni* og *Sigurlaugu Bjarnadóttur.*	
1. Við brtt. 232, 2.b.a. — Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl.	
a. Nýir liðir á eftir 8. tölulið:	
1. Flateyri, endurbætur og áhaldakaup	10 000
2. Bolungarvík. endurbætur á sjúkraskýli	8 000
b. Við 10. tölulið. Ísafjörður, sjúkrahús.	
Fyrir „190 000“ kemur	300 000
c. Við 11. tölulið. Hólmavík.	
Fyrir „10 000“ kemur	30 000
Orðið „undirbúningur“ fellur niður.	
II. Frá *Pétri Sigurðssyni, Guðmundi J. Guðmundssyni, Jóhönnu Sigurðardóttur* og *Albert Guðmundssyni.*	
Við brtt. 218,127. — Við 4. gr. 08 471 0105 Samtök áhugamanna um áfengisbölið.	
Fyrir „8 000“ kemur	10 000

Ed. 238. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1976, um skipulag ferðamála.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson.

1. gr.

Við 4. gr. laganna bætist sem ellefti liður: Stéttarsamband bænda.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1980.

Greinargerð.

Fyrsta grein laga um skipulag ferðamála frá 1976 hljóðar svo: „Tilgangur laga þessara er að stuðla að þróun ferðamála og skipulagningu ferðaþjónustu fyrir íslenskt og erlent ferðafólk sem mikilvægs þáttar í íslensku atvinnu- og félagslífi, bæði með hliðsjón af þjóðhagslegri hagkvæmni og umhverfisvernd.“ Eins og fyrsta grein laganna frá 1976 hljóðar, þarf enginn að efast um tilgang laganna. Í öðrum kafla þeirra, þriðju grein, er gert ráð fyrir því, að Ferðamálaráð Íslands fari með stjórn ferðamála undir yfirstjórn samgönguráðuneytisins. Í fjórðu grein laganna eru talin upp hin ýmsu samtök og fyrirtæki, sem tengd eru ferðamálum og tilnefna hvert um sig einn aðila í Ferðamálaráð, samtals tíu. Ráðherra skipar þrjá til viðbótar án tilnefningar. Sú lagabreyting, sem hér er lögð til, gerir ráð fyrir, að einn fulltrúi bætist við samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Enginn vafi leikur á því, að ferðamannaþjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein hér á landi síðustu ár. Gjaldeyristekjur hafa aukist verulega samhliða aukinni

landkynningu svo og tekjur af þeirri þjónustu, sem innt er af hendi við innlenda ferðamenn. En hvort tveggja tengist að sjálfsögðu hinni ýmsu starfsemi, sem lög um ferðamál ná ekki til. Hagsmunir íslenskra bænda eru samofnir ferðamálum í landinu. Bændur eru víða landeigendur áningarstaða ferðafólks og hafa oft og tíðum hagsmuna að gæta í sambandi við veiði í ám og vötnum. Bændur sjálfir og fulltrúar þeirra hafa iðulega verið talsmenn umhverfis- og náttúruverndar, en eins og kunnugt er hefur Ferðamálaráð m. a. það hlutverk á hendi, að þróun ferðamála verði samhliða náttúru- og umhverfisvernd.

Sala landbúnaðarafurða er mikilvægur þáttur í ferðamannaþjónustunni. Það er brýnt hagsmunamál bænda, að landbúnaðarafurða sé neytt í vaxandi mæli í landinu sjálfu. Neysla erlendra gesta á þeim afurðum jafngildir í raun útflutningi, en án þess að til útflutningsbóta komi. Ferðamannaverslun fer sífellt vaxandi víða um land, m. a. þar sem verslanamiðstöðvar eru í höndum samvinnufélaga. Í sumum þéttbýliskjörnum má líkja verslun ferðamanna við jólaös. Alkunna er, að bændur hafa um árabil verið í tengslum við hótelrekstur og má í því sambandi minna á Hótel Sögu og Hótel KEA á Akureyri. Ýmis dæmi fleiri mætti rekja, sem bera vitni rekstraraðild bænda að þjónustu við ferðamenn.

Að lokum skal þess getið, að nýlega voru stofnuð Landssamtök ferðamannabænda. Á einum stað í samþykktum félagsins segir svo: „Tilgangi sínum hyggjast samtökin ná með því að stuðla að góðri samvinnu milli bænda og þéttbýlisbúa varðandi aðstöðu fyrir fólk til byggingar eða afnota sumarbústaða og greiða fyrir því, að allir hafi aðgang að landinu til útivistar.“ Bændur eiga meginhluta landsins og er því góð samvinna milli þeirra og þéttbýlisbúa forsenda þess, að unnt sé að tryggja öllum landsmönnum og þeim, sem sækja landið heim, aðgang að landinu með þeim hætti, að sem flestir geti vel við unað.

Samkvæmt þeim atriðum, sem bent hefur verið á í þessari stuttu greinargerð, telur flutningsmaður eðlilegt að bændur fái aðild að Ferðamálaráði og verði þar með virkir þátttakendur í mótun þeirrar heildarstefnu, sem fylgja þarf í ferðamálum. Því er lagt til að Stéttarsamband bænda tilnefni einn fulltrúa í Ferðamálaráð.

Sþ. 239. Breytingartillögur [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980 og við brtt. á þskj. 232.

	Þús. kr.
I. Frá *Jósef H. Þorgeirssyni.*	
Við brtt. 232,1 b. 27. Akranes, Grundarskóli. Við 4. gr. 02 792 Framlög til byggingar grunnskóla.	
Fyrir „80 000“ kemur	120 000
II. Frá *Steinþóri Gestssyni* og *Sverri Hermannssyni.*	
1. Við 4. gr. 02 872 Lánasjóður ísl. námsmanna.	
Fyrir „5 394 887“ kemur	3 894 887
2. Við 4. gr. 09 989 Vegna launa- og verðlagsmála 20 Laun.	
Fyrir „11 900 156“ kemur	10 300 156
3. Við 4. gr. 09 999 0141 Óviss útgjöld.	
Fyrir „810 000“ kemur	410 000
4. Vð 4. gr. 10 211 Vegagerð ríkisins 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „10 031 000“ kemur	13 531 000

III. Frá *Pétri Sigurðssyni* og *Sverri Hermannssyni.* Þús. kr.

Við 4. gr. 11 371 Orkusjóður.

a. Við 0107 Kröfluvirkjun.
Fyrir „3 900 000“ kemur 3 880 000

b. Nýr liður:
01 08 Til athugunar á hagkvæmni rafknúinna samgöngutækja .. 20 000

Sþ. 240. Tillaga til þingsályktunar [134. mál]

um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur.

Flm.: Helgi Seljan, Salome Þorkelsdóttir, Davíð Aðalsteinsson, Karl Steinar Guðnason, Stefán Jónsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Helgason, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka nú þegar til algerrar endurskoðunar öll geðheilbrigðismál hér á landi með tilliti til þess að byggt verði upp nýtt skipulag þessara mála.

Í þessu skyni skipi viðkomandi ráðherra nefnd til undirbúnings málinu þar sem m. a. aðstandendur geðsjúkra eigi fulla aðild.

Nefndin skili áliti fyrir árslok 1980. Brýnustu viðfangsefni, sem vinna þarf að ýmist samhliða nefndarstarfinu og í nefndinni sjálfri, eru þessi:

1) Veitt verði fé til lúkningar Geðdeildar Landspítalans á næstu tveimur árum og sá hluti hennar, sem tilbúinn er, tekinn í notkun nú þegar. Fjármagni verði veitt til ráðningar starfsfólks, svo deildin geti sinnt verkefni sínu að fullu.
2) Að aðstaða til skyndihjálpar og neyðarþjónustu verði bætt.
3) Fullkomnari göngudeildarþjónustu verði komið á.
4) Fjölgað verði vernduðum heimilum fyrir geðsjúka.
5) Sérstök áhersla verði lögð á aðstöðu fyrir unglinga með geðræn vandamál (12—16 ára), svo sem lög kveða á um.
6) Í stað fangelsisvistar geðsjúklinga komi viðeigandi umönnun á sjúkrastofnunum.
7) Reglur um sjálfræðissviptingu verði teknar til rækilegrar endurskoðunar.
8) Atvinnumál geðsjúkra verði í heild tekin til athugunar, m. a. með tilliti til verndaðra vinnustaða, nauðsynlegustu iðjuþjálfunar, endurhæfingar, þ. m. t. símenntunar og ráðgjafaraðstoðar til að komast út í atvinnulífið á ný.
   Kannaðir verði allir möguleikar hins opinbera svo og atvinnurekenda til lausnar þessa vanda.
9) Kannað verði hvort stofna skuli embætti deildarstjóra við heilbrigðisráðuneytið, sem fjalli sérstaklega um stýringu og skipulag geðheilbrigðismála. Sér til ráðuneytis hefði deildarstjórinn sérstaka stjórnarnefnd þar sem viðkomandi hagsmunaaðilar ættu fulla aðild.
10) Stóraukin verði almenn fræðsla um vandamál geðsjúklinga og aðstandenda þeirra svo og um eðli geðrænna sjúkdóma. Ráðgjafarþjónusta verði sem allra best tryggð.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt af þingmönnum allra flokka í samráði við stjórn Geðhjálpar, félags geðsjúklinga, aðstandenda og velunnara.

Meginuppistaða greinargerðarinnar og rök fyrir tillögunni eru sett fram af stjórn Geðhjálpar, og kunna flutningsmenn því fólki þakkir fyrir það starf.

Mjög er brýnt að gaumgæfa geðheilbrigðismál hér á landi. Í 1. gr. heilbrigðislaga frá 6. maí 1978 er kveðið svo á:

„Allir landsmenn skulu eiga kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu, sem á hverjum tíma eru tök á að veita, til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði.“

Vissulega er margt vel gert og við stöndum vel að vígi á ýmsum sviðum, en miður annars staðar, og svo er um geðheilbrigðismál. Ef til vill er það vegna þeirrar hulu sem hvílir yfir geðsjúkdómum sökum lítillar umræðu og fræðslu um þessa sjúkdóma almennt, og þar af leiðandi er það ekki rætt, að geðsjúkdómar hrjái fólk, nema þá í flimtingum og glensi manna á meðal, því miður.

Geðrænir sjúkdómar eru þó ein algengasta fötlun sem um getur.

Samkvæmt rannsókn, er gerð hefur verið, þurfa 20% af íbúum hins vestræna heims að leita geðlæknis einhvern tíma á ævinni. Það þýðir að fimmtungur íslensku þjóðarinnar þarf einhvern tíma að leita geðlæknisaðstoðar. Þau vandamál, sem upp koma, eru mismikil og krefjast mismunandi meðferðar. En að hverju á svo þessi hópur að hverfa? Ágætri þjónustu á ýmsum sviðum, en því miður allt of fáum meðferðarplássum og umtalsverðum erfiðleikum þess vegna. Til að fá fullkomna þjónustu samkvæmt staðli heilbrigðismálaráðuneytisins eiga Íslendingar að hafa 4.8 „pláss“ (sjúkrarúm) á hverja 1000 íbúa fyrir fólk með geðræn vandamál, en í raun eru þau 1.9 á hverja 1000 íbúa á því herrans ári 1980.

Tillaga þessi er í raun og veru tvíþætt. Hún gerir ráð fyrir skipun nefndar sem hafi það að markmiði að taka öll geðheilbrigðismál til endurskipulagningar og þar sem leyst yrði úr ýmsum vandamálum til frambúðar. Hins vegar er bent á ýmis atriði sem knýja þannig á um úrbætur að á þeim er rétt að vekja sérstaka athygli og fá fram úrbætur svo fljótt sem mögulegt er, helst áður en Alþingi afgreiddi lagafrumvarp þessa efnis.

Skipan í nefnd til endurskoðunar geðheilbrigðismála er mjög nauðsynleg með tilliti til framtíðarstefnu og hagræðingar fyrir alla er hlut eiga að máli. Gildi þess, að aðstandendur eigi fulltrúa í nefndinni, er mikið. Aðstandendur eru þeir sem bera hita og þunga þess að koma sínum nánasta undir læknishendur og sjá hlutina frá öðru sjónarhorni en þeir sem starfa inni á geðdeildum undir stöðugu álagi, er sífellt rúmleysi, mikil neyð og mjög veikir sjúklingar skapa.

Óþarft ætti að vera að tíunda nauðsyn þess að koma Geðdeild Landspítalans í gagnið, en þó skulu hér raktar nokkrar höfuðröksemdir fyrir þeirri nauðsyn.

1.1. Þörfin á opnun sjúkrarúmanna á Geðdeild Landspítalans er mjög brýn. Kleppsspítalinn getur nú aðeins sinnt neyðarþjónustu, þ. e. tekið við þeim sjúklingum sem veikastir eru.

1.2. Á Kleppsspítala er mjög erfitt að hafa skipulagt biðlistakerfi vegna þessa. Það er ekki hægt að anna fleirum en þeim sem þurfa sjúkrahúsvist strax — bráðatilfellum.

1.3. Þar af leiðir að þeir sjúklingar, sem geta verið á heimilum með hjálp og fyrir tilstilli aðstandenda sinna, eru látnir bíða, uns þeim hefur elnað svo að þeir eru fársjúkir og krefjast bráðainnlagnar, og fá ekki þá þjónustu sem þeim ber samkv. heilbrigðislögum.

1.4. Tilfinningalegt álag aðstandenda er mjög mikið undir þeim kringumstæðum að sjá sinn nánasta veikjast meir og meir og hverfa frá raunveruleikanum, en geta lítið að gert sökum aðstöðuleysis.

1.5. Tilkoma Geðdeildarinnar mundi létta til muna þá fordóma sem sérlega aldrað fólk hefur gagnvart því að leita aðstoðar á geðdeild sem ber nafnið „Kleppur“.

1.6. Léttara og auðveldara yrði að efla samvinnu sérfræðinga í geðlæknisfræðum og öðrum greinum læknisfræði við að flytja geðdeildina í nágrenni háskólaspítala — stórs spítala. Talið er samkv. könnun að þriðjungur sjúklinga, er liggja á lyflæknisdeildum, hafi tilfinningaleg eða geðræn vandamál sem sjúkdómsvald.

1.7. Tilkoma Geðdeildar Landspítalans mundi auka og bæta mjög þjónustu við líkamlega sjúka geðsjúklinga, t. d. varðandi nýtingu á rannsóknaraðstöðu. — Í dag eru sjúklingar sendir í fylgd starfsmanns á kostnað ríkisins í leigubifreiðum á önnur sjúkrahús til rannsókna eða aðgerða sem ekki er hægt að veita á Kleppsspítala.

1.8. Það mundi e. t. v. létta innlögn líkamlega sjúkra geðsjúklinga á önnur sjúkrahús og bæta þannig til muna hjúkrunaraðstöðu þeim til handa. En hjúkrunaraðstaða líkamlega sjúkra er erfið á Kleppsspítalanum, þó að sjálfsögðu sé allt gert sem mögulegt er, þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

1.9. Opnun geðdeildar mundi tryggja það að sjúklingar yrðu ekki útskrifaðir of fljótt af geðdeildum, eins og nú vill því miður brenna við, vegna þess að nú er ástand þannig, að einungis er hægt að sinna mjög veikum og margir bíða veikir utan sjúkrahúsa. Þeir, sem eru útskrifaðir rétt þegar sjúkdómsástandið er í rénun, eru ekki í stakk búnir til að takast á við kaldan „hvunndagsheiminn“. Nú liggja menn oft skemur en þyrfti á geðdeild til þess að hægt sé að rýma fyrir öðrum fársjúkum. Þetta eykur til muna líkur á að bati verði ekki verulega varanlegur og innlagnir og legudagar á geðsjúkrahúsi fleiri en vera þyrfti ef aðstaða væri til að veita lengri legutíma og betri hugsanlega þjónustu strax í upphafi.

1.10. Fangageymslur gista að jafnaði 3 geðsjúkir einstaklingar á nóttu hverri allan ársins hring, sem eru að bíða eftir „plássi“ á geðdeild eða vegna þess að sökum sjúkdóms síns geta þeir ekki verið heima hjá sér, en fá ekki „pláss“ á sjúkrahúsi (uppl. Bjarki Elíasson).

Samkvæmt öllum kenningum nú á dögum er manneskjan andleg, líkamleg og félagsleg heild, sem ekki er hægt að skilja að, ef mesta möguleg velliðan á að nást.

Þá skal víkja að nokkrum hinum einstöku atriðum sem tillagan lýtur sérstaklega að, án þess að um tæmandi rökstuðning verði að ræða.

2.1. Neyðarþjónusta er ekki sem skyldi, t. d. er hvergi staður til að leita aðstoðar sérfróðra utan venjulegs vinnutíma og ekki er hægt að kalla út sérfróðan mann til aðstoðar á heimilum utan dagvinnutíma.

2.2. Mjög er erfitt að leggja sjúkling inn á Kleppsspítala vegna löggjafar um innlagnir, sjálfræðissviptingu, en hún gerir einnig réttarstöðu sjúklings lélega, svo sem síðar verður vikið að.

2.3. Kleppsspítalinn er eina geðsjúkrahúsið sem ber lagaleg skylda til að taka við veiku fólki hvaðan sem er og hvenær sem er, sjálfræðissviptu og í fylgd lögreglu. Geðsjúkir munu vera eini sjúklingahópurinn er þarf að fara í lögreglufylgd inn á sjúkrahús til meðferðar.

2.4. Bæjarvaktarlæknar eiga oft í erfiðleikum með að sinna útköllum vegna geðsjúklinga, bæði vegna anna og eins þess, að sökum rúmleysis á geðdeildum er afar lítið sem þeir geta gert, utan það að leysa bráðan skammtímavanda.

2.5. Heimilislæknar eru einnig illa í stakk búnir til að geta greint og aðstoðað þá er til þeirra leita með geðræn vandamál. Þó hafa þeir reynt að koma sér upp fræðsluaðstöðu, umræðuhópum með sérfræðingum sér til aðstoðar, en vegna skorts á sérfræðikunnáttu og ráðgjöf verða vandamál, sem borin eru upp hjá heimilislæknum, að skyndilegum stórvanda, sem krefst bráðainnlagnar strax.

2.6. Neyðarþjónusta ætti að verða til í tengslum við göngudeild.

3.1. Æskilegt væri að göngudeild væri opin allan sólarhringinn. Nú er opin göngudeild á Kleppsspítalanum til kl. 19.00 og á Geðdeild Landspítalans til kl. 16.30 virka daga. En sjúklingar og þeirra nánustu þurfa að sjálfsögðu oft á hjálp að halda á kvöldin, nóttunni og helga daga.

3.2. Á göngudeild er nú rekin þjónusta fyrir þá sem hafa legið inni á Kleppsspítala, en án eftirlits með hverjum einstökum, þannig að þangað leita aðeins þeir sem vilja.

3.3. Það er ekki til starfslið til að hringja út þá sjúklinga, sem ekki mæta, né heldur mannafli til að fara á heimilin og fylgjast með þeim sjúklingum er ekki sækja göngudeild, en það er oft fyrsta einkenni þess hjá mörgum sjúklingum, að þeim sé að elna sóttin.

4.1. Til eru vernduð heimili og hafa þau gefist vel, en þeim þarf að fjölga í formi „áningarstaða" milli heimilis og geðdeildar, þannig að sjúklingar aðlagist betur hinu daglega lífi á vernduðum stað.

4.2. Einnig er þörf á fleiri heimilum fyrir þá er geta ekki verið einir eða búið hjá fjölskyldu sinni, en geta unnið úti og séð um rekstur sameiginlegs heimilis undir eftirliti.

4.3. Einnig er brýn þörf á að leysa vanda geðsjúkra útigöngumanna með gistiaðstöðu og matargjöf til þeirra er hvergi eiga höfði sínu að halla.

5.1. Innlagningarþjónusta fyrir unglinga á aldrinum 12—16 ára með geðræn vandamál á háu stigi er mjög af skornum skammti, og eru þeir afskiptur hópur. Það er ef til vill vegna þess að aukin sérhæfni samfélagsins og auknar skyldur unglinganna virðast minnka réttindi þeirra. Þeim finnst þeir útundan og það eykur á þunglyndi þeirra og erfiðleika í félagslegri aðlögun.

5.2. Ráðgjöf þeim til handa er mjög dreifð og þörfin á fleiri meðferðarheimilum og unglingageðdeild er alltaf að aukast.

5.3. Útideildin vinnur merkt starf fyrir unglinga sem eiga í erfiðleikum. Því ætti að styðja hana og efla það starf er hún leggur af mörkum.

6.1. Stefna verður að því, að geðsjúklingar, er sæta fangelsisvist, séu vistaðir við þau skilyrði, er draga úr sjúkdómseinkennum þeirra, og farið sé að lögum í því efni. Frelsisskerðing er skref sem tekið er til öryggis vegna samborgaranna, en lokamarkið verður að vera að gera fangann að nýtum samborgara, ef mögulegt er.

7.1. Réttur sjúklings er skertur við sjálfræðissviptingu, og erfiðleikar aðstandenda, tilfinningalegir og félagslegir, eru miklir.

7.2. Því hlýtur að teljast sjálfsagt að taka reglurnar til algerrar endurskoðunar í því skyni að finna þeim betra og manneskjulegra form. Í því efni er rétt að líta til reynslu annarra þjóða, þó engin alhliða alhæfing dugi í þeim efnum.

8.1. Atvinnumál geðsjúkra eru í ólestri vegna þeirra erfiðleika sem eru á því að fá atvinnu fyllilega við þeirra hæfi er sjúkir eru.

8.2. Vöntun er á vernduðum vinnustöðum, þar sem skipulögð iðnþjálfun fer fram.

8.3. Flestir þeir geðsjúklingar, er leita fyrir sér um vinnu, eru á umtalsverðum lyfjaskömmtum. Þess vegna vekja þeir athygli samstarfsmanna sinna. Þeir taka oft að sér störf er krefjast hraða og skarprar hugsunar, sem þeir vegna sjúkdóms síns geta illa valdið, og gefast því upp. Það brýtur niður sjálfsvirðingu einstaklings svo að honum finnst hann ævinlega fara halloka.

8.4. Einn verndaður vinnustaður er rekinn fyrir geðsjúklinga. Er það Bergiðjan í tengslum við Kleppsspítalann. Þar fer fram iðjuþjálfun að einhverju leyti. Þó er mikill fjöldi sjúklinga sem ekki getur nýtt sér þessa aðstöðu vegna þess að fjölda starfsmanna þarf að takmarka við stærð iðnaðarhúsnæðisins.

8.5. Iðjuþjálfun er dálítil á geðsjúkrahúsum, en eftir útskrift eru flestar bjargir bannaðar. Þó eru fyrirtæki hér í borg sem hafa sýnt þessu máli mikinn skilning og verið mjög til aðstoðar.

8.6. Stór hluti geðsjúklinga hefur einhverja starfsmenntun eða þjálfun, og þyrfti að kanna möguleika á að nýta hana, en það hefur ekki verið gert svo vitað sé.

8.7. Einnig þyrfti að kanna hug stéttarfélaganna til að taka atvinnumál geðsjúkra til endurskoðunar.

8.8. Auka þarf möguleika geðsjúklinga til símenntunar og fullorðinsfræðslu.

9.1. Æskileg væri stofnun embættis við heilbrigðisráðuneytið. Embættismanni þessum væri ætlað að sjá til þess, að mannréttindi séu ekki brotin á geðsjúklingum og þeir njóti þess sem þeim ber samkv. lögum, að vera til aðstoðar og leiðbeiningar aðstandendum, að sjá um fræðslu allra þeirra er um er að ræða: geðsjúkra, aðstandenda, starfsliðs geðsjúkrahúsa, almennings. Hann ætti einnig að vera oddamaður í ráði, skipuðu af öllum hagsmunaaðilum, sem sé til eftirlits, samræmingar og mats á því sem verið er að gera í geðheilbrigðismálum.

10.1. Komið verði á fót markvissri aðstandendafræðslu í formi námskeiða, svo sem fræðslunámskeið SÁÁ fyrir fjölskyldur.

10.2. Mjög er brýnt að auka alla fræðslu um geðsjúkdóma meðal almennings og einnig að auka þessa fræðslu til muna í framhaldsskólum, þannig að geðsjúkdómum sé gert þar jafnhátt undir höfði og öðrum kvillum, sem þar er getið.

Opnun Geðdeildarinnar er það mál sem brýnast er að leysa. Í húsi Geðdeildar Landspítalans er nú göngudeild þar sem koma mætti upp aukinni göngudeildarþjónustu og neyðarþjónustu. Einnig mundi það leysa mikinn hluta þess brýna vanda, er skortur sjúkrarúma skapar, og auka mjög möguleika á lausn annarra brýnna vandamála er hér eru talin.

En á það verður aldrei lögð of þung áhersla, að þessi mál öll séu rædd opinskátt og af fullri reisn, svo sem þeim ber.

Tillaga þessi gæti verið tímabært innlegg í þá umræðu svo og áhersluatriði fyrir stórauknar framkvæmdir á þessu málasviði.

Sþ. **241. Frumvarp til fjárlaga** [116. mál]

fyrir árið 1980.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 27. mars.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.
Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur:		
Beinir skattar	63 853 000	
Óbeinir skattar	269 811 500	
Aðrar tekjur	6 093 200	339 757 700
Gjöld:		
Samneysla	141 153 931	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	144 499 616	
÷ Sértekjur stofnana	6 116 671	
Rekstrarliðir samtals	279 536 876	
Stofnkostnaður, fjárfesting	20 141 096	
Fjármagnstilfærslur	36 465 250	336 143 222
Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld		3 614 478
Lánahreyfingar		
Lánahreyfingar inn:		
Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa	6 400 000	
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	8 866 000	
Erlend lán	17 688 000	
Fjáröflun alls	32 954 000	
÷ Ráðstafað til innlausnar spariskírteina	2 658 000	
Fjáröflun til A- og B-hluta	30 296 000	
÷ Ráðstafað til B-hluta skv. lánsfjáráætlun	19 883 000	
Ráðstafað til A-hluta	10 413 000	
Afborganir af veittum lánum í A-hluta	100 000	10 513 000
Lánahreyfingar út:		
Eiginfjárframlag í Landsvirkjun	263 000	
Hlutafé í Járnblendifélaginu	195 000	
Iðnþróunarsjóður Portúgals, framlag	96 000	
Afborganir af teknum lánum til A-hluta:		
Seðlabanki Íslands	3 600 000	
Seðlabanki Íslands, vegna laga nr. 74/1979	4 500 000	
Aðrir	3 751 311	12 405 311
Lánajöfnuður, útgreiðslur umfram innborganir		1 892 311
Viðskiptareikningar		
Útstreymi umfram innstreymi		750 000
Greiðslujöfnuður, greiðsluafgangur		972 167

2. gr.

Árið 1980 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**			2 240 607
01	**Forsætisráðuneyti**			3 112 959
	101	Yfirstjórn	243 393	
	102—902	Annað	2 869 566	
02	**Menntamálaráðuneyti**			50 542 085
	101	Yfirstjórn	538 222	
	201—885	Fræðslumál	46 035 932	
	901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	3 967 931	
03	**Utanríkisráðuneyti**			3 592 196
	101—102	Yfirstjórn	554 401	
	201	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	704 108	
	301—313	Sendiráð	1 280 812	
	399—401	Alþjóðastofnanir	1 052 875	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**			16 236 807
	101—172	Yfirstjórn	245 681	
	201—299	Búnaðarmál	15 376 459	
	501—503	Skólar	614 667	
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**			5 818 831
	101	Yfirstjórn	190 397	
	201—299	Útvegsmál	5 386 643	
	901	Annað	241 791	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**			15 779 676
	101—102	Yfirstjórn	228 766	
	201—284	Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	14 186 969	
	301—373	Þjóðkirkjan	1 363 941	
07	**Félagsmálaráðuneyti**			10 544 057
	101	Yfirstjórn	131 475	
	271—272	Húsnæðismál	7 533 000	
	301—999	Önnur félagsmál	2 879 582	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**			115 906 265
	101	Yfirstjórn	201 630	
	271—273	Tryggingamál	90 189 600	
	301—399	Heilbrigðismál	25 276 442	
	471—502	Annað	238 593	
		Flutt		223 773 483

3. gr.

Árið 1980 er ætlast til að tekjur ríkissjóðs verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

r e i k n i n g u r

T e k j u r :

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Skattar		
	Beinir skattar		
	Eignarskattar		**7 830 000**
	Eignarskattar:		
0 0100	Eignarskattur einstaklinga	2 438 000	
0 0103	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga	24 000	
0 0110	Eignarskattur félaga	3 336 000	
0 0113	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga	32 000	
0 0117	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	1 300 000	
0 0140	Erfðafjárskattur	700 000	
	Tekjuskattar		**56 023 000**
	Tekjuskattar:		
0 0120	Tekjuskattur einstaklinga	38 200 000	
0 0123	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga	525 000	
0 0124	Sjúkratryggingagjald	7 200 000	
0 0130	Tekjuskattur félaga	10 000 000	
0 0133	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga	98 000	
	Óbeinir skattar		
	Gjöld af innflutningi		**59 845 000**
	Aðflutningsgjöld:		
0 0210	Aðflutningsgjöld 41 200 000		
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .. 2 060 000		
		39 140 000	
0 0240	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	83 000	
0 0252	Byggingarsjóðsgjald af innflutningi	206 000	
	Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald:		
0 0260	Innflutningsgjald af bensíni	11 000 000	
0 0270	Gúmmígjald	75 000	
	Innflutningsgjald af bifreiðum:		
0 0280	Innflutningsgjald af bifreiðum	6 000 000	
	Gjald af gas- og brennsluolíu:		
0 0220	Gjald af gas- og brennsluolíu	625 000	
0 0230	**Jöfnunargjald** 1 840 000		
	Þar af til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts 1 134 000		
		706 000	
0 0231	Aðlögunargjald	1 840 000	
	Hagnaður af sölu varnarliðseigna:		
0 0290	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	170 000	
	Flutt		**123 698 000**

Gjöld:

			Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
		Flutt		223 773 483
09	**Fjármálaráðuneyti**			254 477 846
	101—104	Yfirstjórn	678 173	
	201—282	Toll- og skattheimta	3 174 382	
	381—385	Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	5 482 301	
	402—999	Annað	16 142 990	
10	**Samgönguráðuneyti**			30 907 760
	101	Yfirstjórn	116 639	
	211	Vegamál	21 965 500	
	321—672	Önnur samgöngumál	8 825 621	
11	**Iðnaðarráðuneyti**			14 335 879
	101	Yfirstjórn	139 600	
	201—299	Iðnaðarmál	2 261 548	
	301—371	Orkumál	11 934 731	
12	**Viðskiptaráðuneyti**			24 871 734
	101	Yfirstjórn	153 673	
	201	Niðurgreiðslur	24 400 000	
	202—999	Annað	318 061	
13	**Hagstofa Íslands**			265 587
14	**Ríkisendurskoðun**			346 737
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**			16 164 196
	101—182	Yfirstjórn	284 472	
	991	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	15 879 724	

Flutt	336 143 222

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		123 698 000
	Skattar af framleiðslu		**24 605 000**
	Vörugjald:		
0 0611	Vörugjald	435 000	
0 0600	Álgjald	430 000	
0 0641	Sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu	3 040 000	
0 0642	Sérstakt vörugjald af innfluttum vörum	20 700 000	
	Skattar af seldri vöru og þjónustu		**164 627 000**
	Söluskattur:		
0 0300	Söluskattur 122 940 000		
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 8 940 000		
		114 000 000	
	Skemmtanaskattar:		
0 0621	Miðagjald til Menningarsjóðs	45 000	
0 0622	Skemmtanaskattur	310 000	
	Skattar af launagreiðslum:		
0 0400	Launaskattur	17 300 000	
0 0410	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	5 985 000	
0 0420	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	930 600	
0 0430	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	1 118 000	
	Rekstrarhagnaður ÁTVR:		
0 0510	Rekstrarhagnaður ÁTVR	24 000 000	
0 0530	Gjald af seldum vindlingum	68 000	
0 0540	Gjald af einkasöluvörum	11 000	
	Flugvallagjald:		
0 0681	Flugvallagjald	700 000	
	Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:		
0 0892	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	135 000	
	Aðrir skattar:		
0 0672	Sérleyfisgjald	24 000	
0 0671	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	400	
	Aðrir óbeinir skattar		**20 734 500**
	Aukatekjur og stimpilgjald:		
0 0800	Stimpilgjald	6 000 000	
0 0810	Aukatekjur	1 000 000	
0 0820	Þinglýsingar	186 000	
	Flutt		333 664 500

Gjöld:

	Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
Flutt		336 143 222

Gjöld samtals		336 143 222
Tekjur umfram gjöld		3 614 478
Samtals		339 757 700

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		333 664 500
	Ýmsir skattar af bifreiðum:		
0 0720	Bifreiðaskattur	3 600 000	
0 0750	Skráningargjald bifreiða	470 000	
0 0740	Skoðunargjald bifreiða	270 000	
	Ýmsir skattar af skipum:		
0 0831	Lestagjald	2 500	
0 0833	Vitagjald	18 000	
0 0832	Skipaskoðunargjald	15 000	
	Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
0 0841	Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna	1 650 000	
0 0842	Leyfisgjald	715 000	
0 0843	Gjald á ferðalög til útlanda	1 715 000	
	Aðrir óbeinir skattar:		
0 0884	Verðjöfnunargjald	3 875 000	
0 0850	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	300 000	
0 0891	Skipulagsgjald	198 200	
0 0881	Rafmagnseftirlitsgjald	244 300	
0 0860	Einkaleyfisgjald frá Happdrætti H. Í.	145 400	
0 0871	Prófgjald bifreiðarstjóra	40 000	
0 0872	Prófgjald iðnnema	25 000	
0 0895	Sérlyfjagjald	15 000	
0 0891	Hvalveiðigjald	100	
0 0898	Nýbyggingagjald	250 000	
	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-hluta		**835 500**
	Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
0 1010	Afgjöld ríkisjarða	8 000	
0 1030	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	203 800	
0 1020	Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	623 700	
	Ýmsar tekjur		**5 257 700**
	Vextir og arður af hlutabréfum:		
0 2010	Vextir	4 600 000	
0 2020	Arður af hlutabréfum	30 000	
	Ýmsar tekjur:		
0 6991	Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta	9 500	
0 2030	Sameignir ríkisins	50 000	
0 1901	Yfirverð líknarfrímerkja	200	
0 1902	Samúðarskeyti Landssímans	18 000	
0 1911	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	450 000	
0 1990	Ýmsar óvissar tekjur	100 000	
	Tekjur samtals		339 757 700

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

		Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Embætti forseta Íslands:**		
20	Laun	63 943	
2	Önnur rekstrargjöld	20 678	
4	Viðhald	5 964	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	396	
	Gjöld samtals		90 981
201	**Alþingi:**		
20	Laun	1 285 199	
2	Önnur rekstrargjöld	529 035	
90	Yfirfærslur:		
94	Til einstaklinga og samtaka	45 700	
	Gjöld samtals		1 859 934
	Viðfangsefni:		
0102	Þingfararkaup alþingismanna	790 967	
0103	Skrifstofu- og alþingiskostnaður	792 992	
0104	Rekstrarkostnaður fasteigna	64 522	
0105	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	121 000	
0106	Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	6 953	
0107	Hús Jóns Sigurðssonar	26 500	
0108	Þingmannasamtök NATO	4 000	
0109	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	45 700	
0110	Þingmannafundir Evrópuráðsins	7 300	
	Gjöld samtals	1 859 934	
301	**Ríkisstjórn:**		
20	Laun	157 853	
2	Önnur rekstrargjöld	18 955	
	Gjöld samtals		176 808
401	**Hæstiréttur:**		
20	Laun	112 884	
	Gjöld samtals		112 884
	Samtals		2 240 607

01 Forsætisráðuneyti

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa:**			
	20	Laun	98 091	
	2	Önnur rekstrargjöld	59 995	
	4	Viðhald	29 550	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	625	
	90	**Yfirfærslur:**		
	94	Til einstaklinga og samtaka	55 132	
		Gjöld samtals		243 393
		Viðfangsefni:		
	0101	Yfirstjórn	119 296	
	0102	Stjórnarráðshús	9 925	
	0103	Fálkaorðan	1 000	
	0105	Framlag til Kanadasjóðs	60	
	0106	Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, viðhald	25 000	
	0107	Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, rekstur	8 040	
	0109	Ráðherrabústaður á Þingvöllum	1 000	
	0110	Til Hrafnseyrar	18 000	
	0111	Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	31 000	
	0112	Öryggismálanefnd	25 000	
	0113	Gjöf Jóns Sigurðssonar	5 072	
		Gjöld samtals	243 393	
102	**Þjóðhagsstofnun:**			
	20	Laun	184 214	
	2	Önnur rekstrargjöld	48 050	
	4	Viðhald	700	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	800	
		Gjöld samtals	233 764	
	0	Sértekjur	116 882	
		Mismunur		116 882
171	**Byggðasjóður, framlag:**			
	90	**Yfirfærslur:**		
19.	Biskupstungnahreppur, hlutdeild í sundlaug	1 300	
20.	Skeiðahreppur, Árn., hlutdeild í sundlaug	1 300	
			30 196
f.	Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1978:		
1.	Siglingaklúbburinn Vogur, Garðabæ, bátanaust	1 500	
2.	Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi, bátanaust	190	
3.	Gerðahr., Gull., I. áf. íþróttahúss og sundlaugar	645	
4.	Íþróttafélag Reykjavíkur, fimleikatæki	250	
5.	Knattspyrnufélagið Fram, Rvík, skíðalyfta	1 350	
6.	Siglingaklúbburinn Brokey, bátabryggja	200	
7.	Knattspyrnufélag Rvíkur, skíðadeild, skíðalyfta	1 600	
8.	Íþróttafélag Rvíkur, skíðadeild, skíðalyfta	1 350	
9.	Reykjavík, stór íþróttatæki	1 275	
10.	Íþróttafélag fatlaðra, íþróttavöllur	1 100	
11.	Knattspyrnufél. Valur, lokaframkv. við skíðaskála	200	
12.	Umf. Haukar, Leirár- og Melasv., íþróttavöllur	250	
13.	Akranes, íþróttahús	2 000	
14.	Tálknafjörður, íþróttavöllur	1 100	
15.	Umf. Djúpverji, N.-Ís., íþróttavöllur	240	
16.	Umf. Önundur, Mosvallahreppi, V.-Ís., völlur	300	
17.	Lýtingsstaðahreppur, Skagafirði, sundlaug	1 100	
18.	Akureyri, skautasvell, girðing og skáli	430	
19.	Akureyri, stökkbraut í Hlíðarfjalli	2 200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
20.	Knattspyrnufélag Akureyrar, grasvöllur	2 600	
21.	Íþróttafélag Ólafsfjarðar, skíðalyfta	2 150	
22.	Íþróttafélagið Þór, Akureyri, vallarhús	4 300	
23.	Umf. Bjarmi, Hálshreppi, S-Þing., vallarhús	1 075	
24.	Neskaupstaður, hreinsi- og hitunartæki í sundlaug og girðing	700	
25.	Íþróttafélagið Huginn, Seyðisfirði, skíðalyfta	500	
26.	Búðahreppur, S.-Múl., skíðalyfta	500	
27.	Búðahr., S.-Múl., baðst. og endurbætur á sundlaug	530	
28.	Neskaupstaður, Eskifjörður og Reyðarfjörður, skíðamiðstöð í Oddsskarði	3 225	
29.	Umf. Sindri, Hafnarhr., A.-Skaft., skíðalyfta	220	
30.	Golfklúbbur Vestmannaeyja, golfvöllur	800	
31.	Umf. Gnúpverja, Árn., íþróttavöllur	1 220	
			35 100
g.	Íþróttamannvirki samþykkt í fjárlögum 1979:		
1.	Knattspyrnufél. Reykjavíkur, lyftingatæki	150	
2.	Reykjavík, stór íþróttatæki	600	
3.	Hafnarfjörður, íþróttavöllur Hvaleyrarholti	3 225	
4.	Garðabær, hlutd. í kostnaði við laugahús umfr. skólahluta	350	
5.	Keflavík, setlaugar við sundlaug	830	
6.	Akranes, lúkning grasvallar	840	
7.	Staðarsv., Snæf., sundlaug og setlaug	1 075	
8.	Patrekshr., V.-Barð., endurbætur á sundlaug	2 150	
9.	Ísafjörður, vallarhús	1 720	
10.	Kaldrananeshr., Strand., sundl. og búningskl., hlutdeild umfr. skólahluta	2 150	
11.	Íþróttafél. Reynir, Hnífsdal, íþróttatæki	230	
12.	Golfkl. Sauðárkróks, golfvöllur	1 830	
13.	Siglufjörður, setlaug við sundhöll	215	
14.	Akureyri, troðari (2) í Hlíðarfjalli	2 585	
15.	Grímsey, sundlaug	2 440	
16.	Seyðisfjörður, snjótroðari	1 075	
17.	Breiðdalshreppur, sundlaug	350	
18.	Neskaupstaður, íþróttahúsgólf	825	
19.	Ölfushr., Árn., v/Þorlákshöfn, sundlaug	3 100	
			25 740
h.	Ný íþróttamannvirki:		
1.	Keflavík, grasvöllur (æfingasvæði)	300	
2.	Garðabær, íþróttavöllur	300	
3.	Siglingaklúbburinn Vogur, Garðabæ, bátar	100	
4.	Hafnarfjörður, álma við íþróttahús	200	
5.	Íþróttabandalag Reykjavíkur, íþróttabúðir	200	
6.	Knattspyrnufélagið Valur, handknattleiksvöllur	200	
7.	Knattspyrnufélagið Víkingur, skíðalyfta við Hengil	200	
8.	Reykjavíkurborg, áhorfendasvæði, færanleg	200	
9.	Reykjavíkurborg, stór íþróttatæki og tækjabúnaður	100	
10.	Íþróttafélag Reykjavíkur, skíðalyfta	200	
11.	Knattspyrnufélagið Fram, skíðalyfta	200	

		Þús. kr.	Þús. kr.
12.	Reykjavíkurborg, setlaug (2) og breyt. á Sundh. Rvíkur	300	
13.	Umf. Vísir, Hvalfjarðarstrandarhreppi, íþróttavöllur	100	
14.	Borgarnes, vallarhús	300	
15.	Umf. Álftanes- og Hraunhrepps, Mýr., íþróttavöllur	100	
16.	Golfklúbbur Ísafjarðar, golfvöllur og vallarhús	200	
17.	Bolungarvík, grasvöllur og vallarhús	300	
18.	Suðurfjarða-, Tálknafjarðar- og Patrekshreppur, I. áf. skíðamiðstöðvar á Hálfdáni	400	
19.	Umf. Grettir, Ytri-Torfustaðahreppi, endurbyggð sundl.	400	
20.	Siglufjörður, lokaframkvæmdir við sundhöll	200	
21.	Blönduós, A.-Hún., búnings- og baðklefar	400	
22.	Skíðafélag Dalvíkur, Dalvík, troðari og lýsing	200	
23.	Akureyri, hlaupabraut	200	
24.	Húsavík, II. áfangi við grasvöll	200	
25.	Vopnafjarðarhreppur, N.-Múl., íþróttavöllur	100	
26.	Vopnafjarðarhreppur, N.-Múl., skíðalyfta	100	
27.	Ungm.- og íþróttasamb. Austurlands, héraðsv. að Eiðum	300	
28.	Seyðisfjörður, íþróttavöllur	200	
29.	Fljótshlíðarhreppur, Rang., íþróttavöllur	100	
30.	Selfoss, stækkun búnings- og baðkl. við sundhöll Selfoss	340	
			6 640
i.	Íþróttamannvirki að hluta til skólamannvirki:		
1.	Miðneshreppur, íþróttahús í Sandgerði	1 300	
2.	Keflavík, íþróttahús	1 300	
3.	Garðabær	1 500	
4.	Kópavogur	1 000	
5.	Seltjarnarnes, sundlaug	1 000	
6.	Mosfellshreppur, íþróttahús	1 500	
7.	Borgarnes, íþróttahús og yfirbyggð sundlaug	1 500	
8.	Grundarfjörður, sundlaug og íþróttahús	1 400	
9.	Hvammstangahreppur, sundlaug, búningsklefar og böð	1 000	
10.	Akureyri, íþróttahús	1 000	
11.	Hrafnagilshr. o. fl., íþróttahús við Hrafnagilsskóla	1 500	
12.	Húsavík, íþróttahús	1 000	
13.	Raufarhafnarhreppur, I. áf., sundlaug og íþróttahús	1 000	
14.	Egilsstaðahreppur, íþróttahús	1 000	
15.	Hafnarhreppur, íþróttahús	1 000	
16.	Neskaupstaður, stækkun íþróttahúss	500	
17.	Vestmannaeyjar, íþróttahús og yfirbyggð sundlaug	1 500	
			20 000
			497 640

	Þús. kr.	Þús. kr.
7. **Fyrirhleðslur (04 286 0103).**		
a. Til fyrirhleðslna:		
1. Klifandi og Hafursá	1 000	
2. Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará	3 500	
3. Þverá og Markarfljót	14 000	
4. Markarfljót við Seljaland	1 000	
5. Jökulsá í Lóni	1 000	
		20 500
b. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að:		
1. Aurá hjá Núpstað	500	
2. Laxá hjá Kálfafelli	1 000	
3. Eldvatn hjá Hnausum	300	
4. Kúðafljót	2 000	
5. Skálm hjá Skálmarbæ	200	
6. Hafursá og Klifandi (vatnafélag)	4 000	
7. Ár undir Eyjafjöllum	2 000	
8. Þjórsá í Skeiðahreppi	2 000	
9. Stóra-Laxá	500	
10. Hvítá við Fjall	500	
11. Sandá við Svínárnes	500	
12. Kaldakvísl hjá Laxnesi	300	
13. Bugða hjá Káranesi	300	
14. Norðurá í Norðurárdal	2 500	
15. Stóra-Langadalsá	500	
16. Hörðudalsá	1 200	
17. Tungná í Miðdölum	300	
18. Miðá	100	
19. Hvalsá	200	
20. Hundadalsá	100	
21. Laxá	200	
22. Gufudalsá	600	
23. Múlaá, Laugarbólsdal	1 100	
24. Víðidalsá	1 500	
25. Giljá	700	
26. Blanda	800	
27. Laxá hjá Þorbjargarstöðum	400	
28. Svartá	600	
29. Norðurá hjá Egilsá	500	
30. Mælifellsá hjá Nautabúi	500	
31. Hörgá	2 500	
32. Eyjafjarðará	2 000	
33. Nípá	200	
34. Jökulsá í Fljótsdal	5 000	
35. Sléttuá í Reyðarfirði	2 000	
36. Dalsá í Fáskrúðsfirði	2 500	
37. Laxá í Nesjum	2 000	
38. Hoffellsá	500	
39. Hornafjarðarfljót	6 200	
		48 800

	Þús. kr.	Þús. kr.
c. Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að, viðhald skiptist af matsnefndum:		
1. Suðurlandskjördæmi	1 700	
2. Reykjaneskjördæmi	800	
3. Vesturlandskjördæmi	500	
4. Norðurlandskjördæmi vestra	1 200	
5. Norðurlandskjördæmi eystra	1 500	
6. Austurlandskjördæmi	3 000	
		8 700
		78 000
8. Landþurrkun (04 286 0104).		
1. Araós, Öxafirði	600	
2. Út-Hjaltastaðaþinghá	400	
3. Leiðvallarhreppur	400	
4. Dyrhólaós	6 000	
5. Holtsós	500	
6. Austur-Landeyjar	250	
7. Vestur-Landeyjar	250	
8. Djúpárhreppur	400	
		8 800
9. Landspítali, fjárfestingar (08 371 6).		
1. Geðdeild, þar með talin taugadeild	250 000	
2. Göngudeild, Hátún	6 000	
3. Símstöð	26 000	
4. Sjúkramóttaka, tengingar og færsla deilda	180 000	
5. Tækjakaup	140 000	
6. Sumargjöf	35 000	
7. Endurbygging fæðingardeildar	70 000	
8. K-bygging, undirbúningur	100 000	
9. Stjórnun, eftirlit o. fl.	40 000	
10. Ýmis tækjakaup	146 700	
		993 700
10. Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa (08 381 031).		
a. Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar:		
1. Reykjavík, Borgarspítali, B-álma	420 000	
2. Reykjavík, Grensásdeild, endurhæfingarsundlaug	100 000	
3. Reykjavík, Arnarholt	30 000	
4. Akranes, sjúkrahús	40 000	
5. Ólafsvík, H 2	15 000	
6. Stykkishólmur, H 2	30 000	
7. Búðardalur, H 2	5 000	
8. Patreksfjörður, H 2	50 000	
9. Bolungarvík, H 1	10 000	
10. Ísafjörður, sjúkrahús	190 000	
11. Hólmavík, H 1, undirbúningur	10 000	
12. Hvammstangi, H 2 og endurbætur	27 000	
13. Blönduós, H 2	6 000	
14. Sauðárkrókur, sjúkrahús	87 000	

	Þús. kr.	Þús. kr.
15. Ólafsfjörður, H 1	90 000	
16. Dalvík, H 2	90 000	
17. Akureyri, sjúkrahús	678 000	
18. Húsavík, sjúkrahús	10 000	
19. Vopnafjörður, H 1	15 000	
20. Seyðisfjörður, H 1	65 000	
21. Neskaupstaður, sjúkrahús	225 000	
22. Fáskrúðsfjörður, H 1	50 000	
23. Kirkjubæjarklaustur, H 1	10 000	
24. Vík, H 1	10 000	
25. Hvolsvöllur, H 1	30 000	
26. Hella, H 1	25 000	
27. Selfoss, sjúkrahús	225 000	
28. Keflavík, sjúkrahús	260 000	
29. Hafnarfjörður, Sólvangur, endurbætur og undirbún., H 2	20 000	
30. Kópavogur, H 2	110 000	
31. Seltjarnarnes, H 2	40 000	
		2 973 000
b. Heilsugæslustöðvar og læknamóttökur í leiguhúsnæði. Styrkur vegna breytinga á húsnæði eða tækjakaupa:		
1. Akureyri	5 000	
2. Hafnarfjörður	5 000	
3. Álafoss	5 000	
4. Ósundurliðað	5 000	
		20 000
c. Læknisbústaðir:		
1. Búðardalur	20 000	
2. Þingeyri	7 000	
3. Siglufjörður	25 000	
4. Húsavík	5 000	
5. Vík í Mýrdal	20 000	
6. Höfn í Hornafirði	10 000	
		87 000
		3 080 000

11. Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn og aðrir starfsmenn (09 383).		Þús. kr.
0088—5894	Adolf J. E. Petersen	300
0046—4414	Aðalheiður Nielsdóttir	300
0047—5653	Aðalheiður Pálsdóttir	300
0057—9335	Aðalsteinn Baldvinsson	300
0064—4676	Aðalsteinn Hallsson	300
0287—9093	Andrés Eyjólfsson	450
0333—2438	Anna Guðmundsdóttir	300
0457—0707	Arnbjörg Eiríksdóttir	300
0468—7345	Arndís Eiríksdóttir	300
0473—1859	Arndís Kristjánsdóttir	300
0904—9924	Axel Thorsteinsson	450
0136—8753	Ágúst Kvaran	450
1139—6935	Ágúst Ólafsson	300
0534—5529	Árni Sigurðsson	300

		Þús. kr.
0917—4567	Baldur Guðmundsson	300
1987—1934	Benedikt Gíslason	450
1052—1556	Bergsveinn Jónsson	300
1082—2351	Bergþóra Sigurðardóttir	300
1182—6520	Bjarney Guðjónsdóttir	300
1209—7549	Bjarni Ó. Frímannsson	300
1210—6874	Bjarni Gíslason	300
1219—7640	Bjarni Jónasson	300
1231—1265	Bjarni Sigurðsson	300
1268—0937	Björg Jónsdóttir	300
1268—1011	Björg Jónsdóttir	300
1270—6464	Björg Magnúsdóttir	300
1352—4661	Björn Stefánsson	300
1356—4868	Björn Vigfússon	300
1470—5805	Brynjólfur Bjarnason	650
1498—1136	Böðvar Pálsson	300
1562—8197	Daniel Eggertsson	300
1598—6395	Dýrfinna Oddfreðsdóttir	300
1601—0731	Dýrleif Friðriksdóttir	300
1711—3607	Eggert Konráðsson	300
1833—6111	Einar Steindórsson	300
1964—0574	Elín Jóhannesdóttir	300
2028—7144	Elísabet Friðriksdóttir	300
2032—3558	Elísabet Halldórsdóttir	300
2121—6240	Emilía Jónasdóttir	300
2134—1681	Engel Lund	300
1772—0201	Eyjólfur Hallfreðsson	400
1779—6178	Eyjólfur J. Stefánsson	300
2325—2902	Finnbogi Lárusson	300
2405—9111	Friðbjörg Jónsdóttir	300
2473—5354	Friðrik Þorvaldsson	400
2679—7128	Gísli Kristjánsson	300
2685—8143	Gísli Sigurðsson	300
2756—7681	Grímur Grímsson	300
2813—4169	Guðbjörg Hannesdóttir	300
2820—3470	Guðbjörg Kristinsdóttir	300
2810—5568	Guðbjörg Guðmundsdóttir	300
2897—2016	Guðfríður Jóhannesdóttir	300
2917—5993	Guðjón Hermannsson	300
2920—7828	Guðjón Jónsson	300
2990—6351	Guðlaugur Oddsson	300
3041—7143	Guðmundur Árnason	300
3069—9750	Guðmundur Gíslason Hagalín	400
3064—9893	Guðmundur Guðjónsson	300
3096—3776	Guðmundur Ólafsson	300
3117—7235	Guðmundur Þorbergsson	300
3118—1194	Guðmundur Þórðarson	300
3178—1310	Guðný Sveinsdóttir	300
3189—6959	Guðríður Einarsdóttir	300
3231—9130	Guðrún Daviðsdóttir	300
3235—0100	Guðrún Eiríksdóttir	300
3247—7208	Guðrún Guðmundsdóttir	300
3275—5046	Guðrún Kristjánsdóttir	300
3299—1211	Guðrún Sigurgeirsdóttir	300

		Þús. kr.
3312—1318	Guðrún Valdimarsdóttir	300
3338—4416	Gunnar Ásgrímsson	300
3400—6091	Gunnar Þorsteinsson	300
3418—5484	Gunnhildur Sigurðardóttir	300
3472—5136	Gústaf Gíslason	300
3581—3403	Halldór Gunnlaugsson	300
3612—1564	Halldóra Bjarnadóttir	450
3723—6551	Hannes Hreinsson	300
3782—2477	Haraldur Kristjánsson	300
3536—7217	Hálfdán Björnsson	300
3892—5350	Helga Björnsdóttir	300
3958—3925	Helgi Elcesarsson	300
3986—5769	Helgi Tryggvason	300
4024—3038	Herdís Guðmundsdóttir	300
4029—7073	Herdís Jónsdóttir	300
4064—4652	Hermína Sigurgeirsdóttir	300
4103—0569	Hildur Jónsdóttir	300
4143—6433	Hinrik Guðmundsson	300
4165—8568	Hjálmfríður Bergsveinsdóttir	300
4235—5054	Hjörtur Ögmundsson	300
4489—7709	Höskuldur Einarsson	300
4653—8382	Inga Nielsen Beck	300
4528—6608	Ingibjörg Einarsdóttir	300
4619—9359	Ingibjörg Jónsdóttir	300
4624—1363	Ingibjörg Kristmundsdóttir	300
4640—5528	Ingibjörg Stefánsdóttir	300
4716—0820	Ingólfur Árnason	300
4722—3636	Ingólfur Gíslason	800
4792—4634	Ingveldur Magnúsdóttir	300
4910—9814	Jens Eyjólfsson	300
4969—8364	Jóhann Gunnarsson	300
4983—2184	Jóhann J. E. Kúld	300
4988—1746	Jóhann Pétursson, Svarfdælingur	450
5071—1994	Jóhannes Bogason	300
5112—8761	Jón Benónýsson	300
5154—3696	Jón Jónasson	300
5160—2528	Jón Kjerúlf	300
5184—4416	Jón Sigurgeirsson	400
5247—1168	Jónas Bjarnason	300
5308—4427	Jónína Gunnarsdóttir	300
5366—3664	Jósep Kristjánsson	300
5410—5126	Júlíus Jónsson	300
5410—5185	Júlíus Jónsson	300
5479—0589	Karl Árnason	300
5495—8218	Karl Indriðason	300
5624—6568	Klara Guðmundsdóttir	300
5735—7886	Kristín Einarsdóttir	300
5756—2064	Kristín Ingileifsdóttir	400
5761—2037	Kristín Jósefsdóttir	300
5765—0257	Kristín Kristjánsdóttir	300
5774—8311	Kristín Pálmadóttir	300
5787—6107	Kristín Teitsdóttir	300
5791—6265	Kristín Vigfúsdóttir	300
5904—4214	Kristjana V. Hannesdóttir	300

		Þús. kr.
5837—6027	Kristján Albertsson	400
5848—3443	Kristján Einarsson	300
5930—3473	Kristlaug Tryggvadóttir	300
5942—5064	Kristmundur Kr. Meldal	300
6174—7168	Lovísa Magnea Ólafsdóttir	300
6086—5388	Lýður Jónsson	300
6203—6818	Magdalena Guðlaugsdóttir	300
6255—0228	Magnús Gestsson	300
6256—6213	Magnús V. Guðbrandsson	300
6265—6069	Magnús Ingimundarson	300
6357—3302	Margrét Gissurardóttir	300
6357—0168	Margrét Gísladóttir	300
6359—1610	Margrét Guðmundsdóttir	300
6372—6648	Margrét Jóhannsdóttir	300
6463—3805	María Markan	400
6555—9382	Matthildur Hannesdóttir	300
6645—8520	Njáll Friðbjörnsson	300
6694—4263	Oddur Búason	300
6819—8255	Ólafía Egilsdóttir	300
6745—6548	Ólafur Bjarnason	300
6746—5490	Ólafur Björnsson	300
6776—0719	Ólafur Magnússon	300
6793—9816	Ólafur Tryggvason	400
6919—0081	Óscar Clausen	400
7033—9927	Páll Vilhjálmsson	300
7470—6282	Salvör Jörundsdóttir	300
7100—1288	Pétur Jónsson	300
7156—8156	Ragnar Benediktsson	300
7195—3475	Ragnheiður Böðvarsdóttir	300
7394—6298	Rósamunda Jónsdóttir	300
7425—8336	Runólfur Guðmundsson	300
7503—3036	Sesselja Jónsdóttir	300
7552—9570	Sighvatur Davíðsson	300
7570—7428	Sigmundur Gestsson	300
7584—1787	Signý Gunnarsdóttir	300
7604—0352	Sigríður Böðvarsdóttir	300
7608—1352	Sigríður Einarsdóttir	400
7618—9021	Sigríður Guðjónsdóttir	300
7637—2632	Sigríður Jónsdóttir	300
7645—8669	Sigríður Magnúsdóttir	300
7659—3493	Sigríður Sigfinnsdóttir	300
7678—5058	Sigríður Þórðardóttir	300
7728—7477	Sigrún Sigurjónsdóttir	300
7774—2573	Sigurbjörg Guðmundsdóttir	300
7818—1605	Sigurborg Hallbjarnardóttir	300
7852—0116	Sigurður Erlendsson	300
7857—7959	Sigurður Greipsson	450
7877—8369	Sigurður Jónsson	300
7883—5745	Sigurður Lárusson	300
7904—3699	Sigurður Stefánsson	300
7952—3488	Sigurjón Einarsson	300
7970—0886	Sigurjón Sigurbjörnsson	300
8068—4118	Sigurveig Ólafsdóttir	300
8183—5551	Skúli Skúlason frá Odda	450

		Þús. kr.	
8227—9393	Snæbjörn J. Thoroddsen	300	
8474—2864	Steinunn Guðmundsdóttir	300	
8509—7660	Steinþór Þórðarson	300	
8530—7428	Sturla Jónsson	300	
8849—4059	Sölvi Ásgeirsson	300	
8857—4230	Sörli Hjálmarsson	300	
9041—1292	Valborg Emilsdóttir	300	
9160—8332	Valves Kárason	300	
9194—0922	Vigdís Andrésdóttir	300	
9440—6919	Þorbjörg Einarsdóttir	300	
9443—9973	Þorbjörg Guðmundsdóttir	300	
9663—0417	Þorkell Kristjánsson	300	
9694—1412	Þorleifur Jónsson	400	
9746—0388	Þorsteinn Jónasson	300	
9376—7071	Þóra Guðmundsdóttir	300	
9505—1642	Þórður Auðunsson	300	
9505—5168	Þórður Benediktsson	450	
9783—1041	Þórunn Ingvarsdóttir	300	
9860—4820	Þuríður Guðjónsdóttir	300	
9861—1959	Þuríður Guðnadóttir	300	
			62 100

12. **Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur (09 384).**

0310—8023	Anna Ármannsdóttir	300	
0344—1458	Anna G. Ingólfsdóttir	300	
0370—0321	Anna Sigfúsdóttir	300	
0379—4458	Anna Þuríður Sæmundardóttir	300	
0579—0069	Arnþrúður Danielsdóttir	300	
0157—5880	Ágústa M. Hafberg	300	
0162—3648	Ágústa Jónsdóttir	400	
0168—2717	Ágústa Sigurðardóttir	300	
0552—8887	Árný Stígsdóttir	300	
0714—8143	Áslaug Gunnlaugsdóttir	300	
0767—4236	Ásta Halldórsdóttir	300	
0779—2026	Ásta Ólafsdóttir	300	
0813—7129	Ástríður Eggertsdóttir	300	
1387—8218	Borghildur Thorarensen	400	
1437—5864	Bryndís Þórarinsdóttir	300	
1523—7456	Dagbjört Guðjónsdóttir	300	
1949—7364	Elín Einarsdóttir	400	
1955—0834	Elín Guðjónsdóttir	300	
1961—7122	Elín Indriðadóttir	300	
1968—7481	Elín Lárusdóttir	400	
1999—9513	Elínborg Bogadóttir	300	
2037—5884	Elísabet Jónsdóttir	300	
2038—3712	Elísabet Kemp	300	
1701—6911	Eufemía Ólafsdóttir	500	
2357—0130	Fjóla Sigmundsdóttir	500	
2393—6755	Fríða Hlíðdal	650	
2960—9314	Guðlaug Jósefsdóttir	300	
3159—0612	Guðný Halldórsdóttir	300	
3174—6817	Guðný Sigurðardóttir	300	
3180—8006	Guðný Vigfúsdóttir	300	
3307—2368	Guðrún Sveinsdóttir	300	

		Þús. kr.
3615—2028	Halldóra Eiríksdóttir	300
3642—6365	Halldóra Þórðardóttir	300
3898—9995	Helga Friðbjarnardóttir	300
3933—5905	Helga Sigurðardóttir	300
4185—9318	Hjaltlína Guðjónsdóttir	300
4243—1672	Hlíf Magnúsdóttir	300
4281—8372	Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	300
4384—7627	Hróðný Einarsdóttir	500
4413—8298	Hulda Þ. Björnæs	400
4415—4277	Hulda Daviðsdóttir	300
4514—4097	Indíana Sturludóttir	300
4598—4435	Ingibjörg Eyjólfsdóttir	400
4619—9022	Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	400
4621—8558	Ingibjörg Karlsdóttir	450
4750—2330	Ingunn Hlíðar	300
4792—8478	Ingveldur Ólafsdóttir	300
4948—9137	Jófríður Guðmundsdóttir	300
5060—6228	Jóhanna Vigfúsdóttir	300
5273—7915	Jónasína E. Hallgrímsdóttir	300
5297—0938	Jónína Ásmundsdóttir	300
5306—8812	Jónína Gissurardóttir	300
5317—3837	Jónína Kristjánsdóttir	300
5346—0682	Jórunn Guðjónsdóttir	300
5452—9406	Karen Louise Jónsson	300
5563—5498	Katrín Ingibergsdóttir	300
5751—2458	Kristín Helgadóttir	300
5775—0340	Kristín Pálsdóttir	300
5780—5765	Kristín Sigurðardóttir	300
5910—1382	Kristjana Káradóttir	300
5982—8401	Lára Bjarnadóttir	300
6002—0418	Lára Svansdóttir	300
6004—1296	Lára M. Vigfúsdóttir	400
6040—7355	Laufey Karlsdóttir	300
6072—1181	Lelia Stefánsson	450
6090—9288	Lilja H. Arndal	400
6105—3042	Lilja Jörundsdóttir	300
6107—8649	Lilja Magnúsdóttir	300
6114—5486	Lilja Steinsen	600
6083—9204	Lydia Pálsdóttir	450
6200—8946	Magdalena Ásgeirsdóttir	300
6226—6368	Magnea Magnúsdóttir	300
6340—5418	Margrét Árnadóttir	300
6346—7545	Margrét Björnsdóttir	300
6351—1374	Margrét Eyjólfsdóttir	300
6373—4012	Margrét Jónasdóttir	450
6373—9219	Margrét Jónsdóttir	300
6568—5035	Melitta Urbancic	300
6598—2218	Nanna Guðmundsdóttir	300
6598—2269	Nanna Guðmundsdóttir	300
6720—9532	Ólafía Finnbogadóttir	300
6859—4138	Ólöf Bjarnadóttir	300
6982—6261	Pálína Jóhannsdóttir	300
7210—4897	Ragnheiður Konráðsdóttir	300

		Þús. kr.	
7271—7066	Rannveig Gunnarsdóttir	300	
7373—7869	Rósa Guðnadóttir	300	
7436—3121	Rut Hermanns Hansen	300	
7592—3678	Sigríður Árnadóttir	600	
7592—3457	Sigríður Árnadóttir	300	
7601—9088	Sigríður Björnsdóttir	300	
7616—4916	Sigríður Gísladóttir	300	
7620—0807	Sigríður Guðmundsdóttir	300	
7642—5906	Sigríður Kristjánsdóttir	300	
7676—6827	Sigríður Vilhjálmsdóttir	300	
7733—3118	Sigrún Thorarensen	500	
7995—7380	Sigurlaug P. Johnson	300	
8187—8528	Skúlína Guðmundsdóttir	300	
8256—3113	Soffía Touvina	500	
8469—5157	Steinunn P. Eyjólfsson	300	
8494—3088	Steinunn Tómasdóttir	300	
8511—1744	Steinþóra Einarsdóttir	300	
8720—5886	Sveindís Hansdóttir	300	
8876—5958	Theodóra Hávarðardóttir	400	
8923—4034	Tove Engilberts	500	
9116—8766	Valgerður Helgadóttir	300	
9451—8334	Þorbjörg Leifs	300	
9394—2566	Þóra Vigfúsdóttir	400	
9784—8068	Þórunn Jónsdóttir	300	
			36 250

13. **Hafnarmannvirki og lendingarbætur (10 333 0103).**	Þús. kr.	Þús. kr.
1. Akranes	74 600	
2. Arnarstapi	3 500	
3. Ólafsvík	103 500	
4. Grundarfjörður	34 800	
5. Stykkishólmur	121 600	
6. Patreksfjörður	32 500	
7. Bíldudalur	18 800	
8. Þingeyri	22 500	
9. Flateyri	4 700	
10. Suðureyri	91 500	
11. Bolungarvík	74 600	
12. Ísafjörður	65 500	
13. Súðavík	65 800	
14. Norðurfjörður	16 200	
15. Hólmavík	3 100	
16. Hvammstangi	13 000	
17. Blönduós	31 500	
18. Sauðárkrókur	72 000	
19. Hofsós	29 200	
20. Siglufjörður	77 300	
21. Ólafsfjörður	47 000	
22. Dalvík	61 300	
23. Árskógsströnd	21 500	
24. Hauganes	16 400	
25. Hjalteyri	15 000	

		Þús. kr.	Þús. kr.
26.	Akureyri	108 500	
27.	Grenivík	86 800	
28.	Húsavík	51 300	
29.	Kópasker	34 800	
30.	Raufarhöfn	44 000	
31.	Þórshöfn	21 100	
32.	Bakkafjörður	40 300	
33.	Vopnafjörður	29 300	
34.	Borgarfjörður	7 900	
35.	Seyðisfjörður	91 200	
36.	Neskaupsstaður	7 700	
37.	Eskifjörður	60 000	
38.	Reyðarfjörður	2 000	
39.	Fáskrúðsfjörður	21 300	
40.	Hornafjörður	98 000	
41.	Dyrhólaey/Dyrhólaós	7 500	
42.	Vestmannaeyjar	67 500	
43.	Eyrarbakki	8 800	
44.	Grindavík	22 300	
45.	Sandgerði	135 500	
46.	Garður	15 000	
47.	Hafnarfjörður	117 500	
			2 195 700
14.	**Ferjubryggjur (10 333 0104).**		
1.	Arngerðareyri	3 500	
2.	Gemlufall	8 000	
3.	Hvítanes	25 000	
4.	Reykjanes	2 500	
5.	Djúpavík	1 000	
6.	Hjallanes	3 000	
			43 000
15.	**Sjóvarnargarðar (10 333 0108).**		
1.	Álftanes	4 000	
2.	Bolungarvík	5 000	
3.	Eyrarbakki og Stokkseyri	5 000	
4.	Flateyri	3 000	
5.	Gerðar	4 000	
6.	Grótta	3 000	
7.	Hvaleyri, Hafnarfirði	4 000	
8.	Húsavík	7 000	
9.	Miðneshreppur	3 000	
10.	Reykjanesskagi, rannsóknir	4 000	
11.	Sauðárkrókur	5 000	
12.	Vogar	3 000	
13.	Saurbær á Kjalarnesi	3 000	
			53 000

Sþ. 242. Breytingartillögur [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Matthíasi Bjarnasyni, Sverri Hermannssyni, Agli Jónssyni, Steinþór Gestssyni, Pétri Sigurðssyni, Salome Þorkelsdóttur, Jósef H. Þorgeirssyni, Halldóri Blöndal og Sigurlaugu Bjarnadóttur.

		Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 11 371 Orkusjóður.	
	Fyrir „9 064 000“ kemur	14 064 000
	Viðfangsefni breytist þannig:	
	Nýr liður bætist við:	
	Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar	5 000 000
2.	Við 4. gr. 12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði.	
	Fyrir „24 400 000“ kemur	19 400 000
3.	Við 5. gr. 31 371 Orkusjóður.	
	a. Við 371 90 bætist nýr gjaldaliður:	
	Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar	5 000 000
	b. Við 371 012 Framlög ríkissjóðs.	
	Fyrir „9 064 000“ kemur	14 064 000

Sþ. 243. Breytingartillögur [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

		Þús. kr.
I.	Frá *Albert Guðmundssyni.*	
	Við 4. gr. 02 989 0102 Íþróttasamband Íslands.	
	Fyrir „126 000“ kemur	150 000
II.	Frá *Jóhönnu Sigurðardóttur, Salome Þorkelsdóttur, Magnúsi H. Magnússyni* og *Karvel Pálmasyni.*	
	Við 4. gr. 07. Nýir liðir:	
	a. 974 Styrktarsjóður fatlaðra	14 000
	b. 975 Styrktarsjóður vangefinna	210 000
	c. 999 0132 Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, byggingarstyrkur	15 000
III.	Frá *Magnúsi H. Magnússyni.*	
	Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl.	
	Nýr liður á eftir 27. tölulið í sundurliðun:	
	Vestmannaeyjar, sjúkrahús	50 000
IV.	Frá *Albert Guðmundssyni.*	
	Við 4. gr. 08 481 0105 Stórstúka Íslands.	
	Fyrir „6 300“ kemur	10 000
V.	Frá *Jóhönnu Sigurðardóttur, Salome Þorkelsdóttur, Magnúsi H. Magnússyni* og *Karvel Pálmasyni.*	
	Við 4. gr. 09 989 Vegna launa- og verðlagsmála 20 Laun.	
	Fyrir „11 900 155“ kemur	11 661 156
VI.	Frá *Albert Guðmundssyni.*	
	Við 4. gr. 09 999 0103 Til blaðanna.	
	Fyrir „100 000“ kemur	76 000

VII. Frá *Magnúsi H. Magnússyni.* Þús. kr.
Við 4. gr. 09 999 0141 Óviss útgjöld.
Fyrir „610 000“ kemur 560 000

VIII. Frá *Lárusi Jónssyni, Friðrik Sophussyni* og *Guðmundi Karlssyni.*
1. Við 4. gr. 11 221 0104 Aðlögunargjald.
Fyrir „850 000“ kemur 640 000
2. Við 4. gr. 11 235. Nýr liður:
0103 Sérstakt iðnþróunarátak í samráði við samtök iðnaðarins 1 200 000

IX. Frá *Pétri Sigurðssyni.*
Við 6. gr. Við 4.6 bætist: og til byggingar dvalar- og hjúkrunarheimila aldraðra.

Ed. 244. Nefndarálit [45. mál]

um frv. til l. um breyt á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt. Nefndarmennirnir Guðmundur Karlsson, Karl Steinar Guðnason, Salome Þorkelsdóttir og Þorvaldur Garðar Kristjánsson hafa þann fyrirvara á meðmælum sínum, að samþykkt verði breytingartillaga frá þeim um að felld verði niður úr frumvarpinu heimild sveitarstjórna til að hækka útsvör um 10%.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 31. mars 1980.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. — Karl Steinar Guðnason, fundaskr. — Guðm. Bjarnason.
Salome Þorkelsdóttir. — Guðm. Karlsson. — Stefán Guðmundsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Ed. 245. Breytingartillaga [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Guðmundi Karlssyni og Salome Þorkelsdóttur.

Við 14. gr. 1. mgr. orðist svo:

Aðstöðugjaldsstofn skal vera rekstrarkostnaður sá, sem um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 40/1978. Til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi telst þó ekki gjaldfærsla skv. 53. gr. laga nr. 40/1978 og frá rekstrarkostnaði skal draga tekjufærslu skv. sömu grein.

Ed. 246. Breytingartillögur [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Karli Steinari Guðnasyni, Guðmundi Karlssyni og Salome Þorkelsdóttur.

1. Við 5. gr. 4. mgr. falli niður.
2. Við 9. gr. 6. mgr. falli niður.

Ed. 247. Breytingartillaga [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Salome Þorkelsdóttur og Guðmundi Karlssyni.

Á undan 1. gr. frv. komi ný grein, sem orðist svo:
Við a-lið 9. gr. laganna bætist:
Aukaframlag úr ríkissjóði, sem nemur 2% af söluskatti þeim, sem innheimtur er í ríkissjóð á árinu 1980 skv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, og renni til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. b-lið 8. gr.

Sþ. 248. Nefndarálit [116. mál]

um framlög til flóabáta, fólks- og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Að venju hefur samvinnunefnd samgöngumála farið yfir og fjallað um þau erindi, er Alþingi hafa borist um stuðning við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á tilteknum svæðum, t. d. í Ísafjarðardjúpi, á Breiðafirði og Faxaflóa og til og frá Vestmannaeyjum, einnig á afmörkuðum svæðum norðan- og austanlands, svo sem í Eyjafirði, til og frá Grímsey og í Mjóafirði.

Nefndin hefur einnig fjallað um erindi, sem borist hafa vegna vetrarflutninga á landi. Þau fjalla einkum um snjóbifreiðar og snjómokstur, þar sem byggðarlög eiga erfitt með að standa straum af kostnaði er þeim er gert að bera. Þetta á aðallega við um snjóþung héruð og tengist framar öðru læknisþjónustu.

Nefndin er sammála um það, að þótt viðkomandi aðilum sé þörf á stuðningi þurfi engu að síður að gera sérstaka úttekt á ákveðnum þáttum þessara mála svo afgreiðslur fjárveitinga verði ekki sjálfvirkar frá ári til árs. Bent hefur verið á það, að greinargerðir þyrftu að fylgja öllum umsóknum, svo ljóst yrði hvernig fjármunum er varið. Eins og nú háttar eru umsóknir aðeins nokkrar línur á blaði, skeyti eða tilmæli til þingmanna. Þetta á þó ekki við um umsóknir flóabáta, sem yfirleitt eru vel grundvallaðar.

Þá telur nefndin fulla ástæðu til þess að vekja athygli Alþingis og ríkisstjórnar á því alvarlega ástandi, sem nú ríkir um rekstur sumra flóabátanna. Mjög verulegur rekstrarhalli er á útgerð nokkurra þeirra, enda hefur allur tilkostnaður hækkað mikið. Sem dæmi má nefna, að olía hefur hækkað úr 49 kr. hver lítri í

mars 1979 í 155 kr. 25 aura í september 1979, og staðið í stað síðan, eða rúmlega þrefaldast. Hækkun rekstrarkostnaðar er yfirleitt rösklega 50 af hundraði.

Þess ber og að geta, að útgerðir sumra flóabátanna heyja nú harða baráttu til að greiða niður skuldir og ekki er fyrirsjáanlegt að þar vinnist sigur. T. d. má geta þess, að skuld Herjólfs við Ríkisábyrgðasjóð nam 1 185 milljónum króna í lok ársins 1979 og samkvæmt upplýsingum sjóðsins er áætlað, að 900 til 1000 milljónir króna falli á skipið á þessu ári. Um síðustu áramót námu skuldir Akraborgar við Ríkisábyrgðasjóð 521.6 milljónum króna, og er áætlað, að á þessu ári falli á fyrirtækið 76 milljónir króna að óbreyttu gengi. — Vandi þessara skipa og þeirra, er búa við svipaðar aðstæður, verður ekki leystur nema með sérstöku átaki ríkisvaldsins.

Nefndinni bárust rösklega 40 erindi um stuðning. Þeir Halldór S. Kristjánsson deildarstjóri í samgönguráðuneytinu og Guðmundur Einarsson forstjóri Skipaútgerðar ríkisins komu á nokkra fundi nefndarinnar og veittu henni drjúgar upplýsingar og miðluðu af þekkingu, er kom að góðu gagni. Nefndin færir þeim þakkir fyrir störfin.

Ef litið er á einstaka þætti í störfum nefndarinnar, eru þessir helstir: Mestum hluta fjármagnsins var skipt á milli flóabátanna, eða samtals 628.5 millj. króna. Til landflutninga fóru samtals 59.6 millj. króna. Sérstakega var litið til þeirra báta, er þjóna eyjabúum, þ. e. Vestmannaeyjum og Hrísey, og hækkun varð á framlagi svo unnt reyndist að fjölga ferðum til Grimseyjar. Að öðru leyti var beitt ákveðinni hundraðshlutaaðferð og tekið tillit til þeirra, er við mesta erfiðleika búa.

Akraborg.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti yfir reksturinn 1979 varð halli án afskrifta 148.9 millj. kr. en þar með eru taldir vextir og bankakostnaður að fjárhæð 180 millj. kr. Eins og fram hefur komið í nefndarálitinu skuldar Akraborg Ríkisábyrgðasjóði talsverða fjárhæð. Á síðasta ári var ríkisframlag til skipsins 45 millj. kr. Fyrirtækið hefur sent umsókn um 60% gjaldskrárhækkun, en sú umsókn hefur ekki verið afgreidd frá gjaldskrárnefnd. Í því sambandi er rétt að minna á tillögu flóabátanefndar, þar sem hún telur að „unnt sé og eðlilegt að rekstri Akraborgar verði hagað þannig, að ekki þurfi að koma til framlag úr ríkissjóði.“ Telur nefndin, að þessu markmiði mætti m. a. ná með því, „að útgerð Akraborgar verði gefnar nokkuð frjálsar hendur með verðlagningu, þannig að hægt verði, með breytingum far- og farmgjalda, að finna þá taxta, sem gefa hámarksgróða“. Það liggur í augum uppi, að ef þessi stefna nær ekki fram að ganga verður afleiðingin annaðhvort rekstrarstöðvun eða aukið ríkisframlag.

Baldur.

Rekstraraðili gerir ráð fyrir að launagjöld hækki á milli áranna 1979 og 1980 um 49%. Hætt er við að þessi hækkun sé full lítil. Heildarhækkun gjalda nemur um 54.8 af hundraði, eða úr 117.3 millj. kr. 1979 í 181.6 millj. kr. 1980. Árið 1979 nam ríkisframlag til rekstrar bátsins 70 millj. kr. og auk þess fékk hann 15 millj. kr. til að greiða halla fyrri ára. Haustið 1978 var gerð tillaga um að fækka í áhöfn Baldurs um tvo menn, en aðeins náðist samkomulag um fækkun á einum. Gera má ráð fyrir að rekstur bátsins hefði orðið hallalaus 1979, ef þessar tillögur hefðu náð fram að ganga. Fróðir menn telja, að fimm menn í áhöfn nægi auðveldlega til að halda bátnum í rekstri. Þá er nauðsynlegt, að sem fyrst verði hafin athugun á endurnýjun bátsins með aukna hagkvæmni á þjónustu við farsvæði hans í huga.

Drangur.

Samkvæmt rekstrarreikningi bátsins til 25. nóvember 1979 skilar reksturinn hagnaði er nemur, að frádreginni olíuskuld og vanfærðum afskriftum, um 1.3 millj. kr. Ef reikningur ársins 1978 er borinn saman við áætlun 1980, hækka gjöldin um rúmlega 100%, eða um 53.3% að meðaltali á ári. — Framkvæmdastjóri tekur

fram í bréfi sínu til nefndarinnar, að nauðsyn sé á auknu viðhaldi vegna aldurs bátsins. Full þörf er á því að hefja athugun á smíði nýs báts í staðinn fyrir núverandi bát með aukna hagkvæmni í þjónustu í huga.

Fagranes.

Á rekstraryfirliti bátsins eru gjöld hækkuð frá 1979 úr 35% í 50%. Tekjur eru hækkaðar um 40% og eru líkur á því að sú tala náist, ef flutningar dragast ekki saman. Reksturinn skilaði hagnaði á síðasta ári um 4.6 millj. kr., en þess ber þó að geta, að fjármagnsþörf vegna halla undanfarinna ára nemur 24.6 milljónum króna. Bent skal á nauðsyn þess, að gagnger athugun verði gerð á þjónustuhlutverki bátsins og hugsanlegri endurnýjun hans.

Herjólfur.

Heildargjöld Herjólfs hækka frá áætlun 1979 um 253 millj. kr. eða tæplega 51%. Tekjur hækka samkvæmt áætlun um 197.3 millj. kr. eða um 55%. Í þessari tekjuáætlun er gert ráð fyrir 61.8% hækkun fargjalda og 31% hækkun farmgjalda. Jafnframt er gert ráð fyrir aukningu á flutningum. — Nauðsynlegt er að benda á, að meira en helmingur kostnaðar við rekstur skipsins er launakostnaður. Á skipinu er 16 manna áhöfn. Til samanburðar má geta þess, að á m/s Smyrli eru 17 manns í vetrarsiglingum hans, en Smyrill er um 2500 brúttórúmlestir, um 1500 lestum stærri en Herjólfur. Af þessu má ljóst vera, að fækkun í áhöfn skipsins er nauðsynleg. — Í nefndarálitinu hér að framan er greint frá skuldum Herjólfs við Ríkisábyrgðasjóð, en sjóðurinn hefur á undanförnum árum gert kröfu í ríkisframlag skipsins, en ráðuneytið hefur hingað til synjað þeirri kröfu. — Nefndin telur, að Alþingi og ríkisstjórn verði að taka ákvörðun um hvernig gera eigi upp áfallnar skuldir skipsins við sjóðinn og hvernig standa eigi að greiðslu afborgana og vaxta á næstu árum.

Hríseyjarferjan.

Á síðasta ári eignuðust Hríseyingar nýja og glæsilega ferju, sem leysti af hólmi alls ófullnægjandi bát. Mikill stofn- og rekstrarkostnaður fylgir þessu nýja skipi, sem er „þjóðvegur" Hríseyinga og eina samgönguleiðin á milli lands og eyjar. Framkvæmdasjóður lánaði 201 millj. kr. til smíði ferjunnar, og verða greiðslur afborgana og vaxta mjög þungar á næstu árum miðað við núgildandi vexti, 33½%. Á þessu ári er greiðslubyrðin 42 millj., 1981 84 millj., 1982 77 millj., og 1983 71 millj. Lánið á að greiðast upp árið 1990.

Málefni annarra flóabáta verða ekki tíunduð hér, en þeir eru Mjóafjarðarbátur, Langeyjarnesbátur, Mýrabátur og Dýrafjarðarbátur.

Full samstaða náðist í nefndinni um tillögur hennar. — Nefndin setur að sjálfsögðu það skilyrði fyrir fjárhagsaðstoð samkvæmt tillögum, að rekstri verði hagað svo, að landsbyggðir njóti svo sem til er ætlast og í samráði við samgönguráðuneytið. Samkvæmt greinargerð þeirri, er nefndarálitið greinir, leggur samvinnunefnd samgöngumála til að á fjárlagaárinu 1980 verði veittar samtals 688.1 millj. kr., sem skiptast svo sem lagt er til á þingskjali 249.

Alþingi, 31. mars 1980.

Jón Helgason, form. Ed.-nefndar.	Árni Gunnarsson, form. Nd.-nefndar, frsm.	Egill Jónsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Skúli Alexandersson, fundaskr. Nd.-nefndar.	Guðmundur Karlsson.	Friðjón Þórðarson.
Steinþór Gestsson.	Lárus Jónsson.	Halldór Blöndal.
Stefán Guðmundsson.	Stefán Valgeirsson.	Alexander Stefánsson.
	Stefán Jónsson.	Eiður Guðnason.

Sþ. **249. Breytingartillaga** [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

		Þús. kr.
	Við 4. gr. 10 321 0103 Flóabátar og vöruflutningar.	
a.	Fyrir „438 600“ kemur	688 100
b.	Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:	
	Flóabátar og vöruflutningar (10 321 0103).	
	a. Flutningar á landi:	
	1.1 Til vetrarflutninga í Breiðavíkurhreppi	400
	1.2 Vetrarflutningar í Dalahéraði	800
	2.1 Til vetrarsamgangna í Árneshreppi	800
	2.2 Snjóbifreið í A.-Barðastrandarsýslu	500
	2.3 Til vetrarflutninga í V.-Barðastrandarsýslu	1 500
	2.4 Snjóbifreið um Botnsheiði	800
	2.5 Snjóbifreið á Hólmavík	700
	2.6 Vetrarsamgöngur í Auðkúluhreppi, V.-Ísaf.	500
	2.7 Snjóbifreið í Önundarfirði	400
	2.8 Mjólkurflutningar í Súgandafirði	300
	2.9 Sandsheiði	500
	2.10 Mjólkurflutningar í Önundarfirði og Dýrafirði	4 000
	3.1 Grímsey, vegna vetrarsamgangna og flugs	3 000
	3.2 Til snjóbifreiða í Dalvíkurlæknishéraði	400
	3.3 Svarfaðardalshreppur, vegna vetrarsamgangna	700
	3.4 Snjóbifreiðar á Akureyri, rekstur	500
	Stofnstyrkur	300
	3.5 Flugbjörgunarsveitin, Akureyri	700
	3.6 Snjóbifreið í Hálshreppi, S.-Þingeyjarsýslu, rekstur	700
	3.7 Snjóbifreið í Fjallahreppi, stofnstyrkur	2 500
	3.8 Snjóbifreið í A.-Húnavatnssýslu	300
	3.9 Snjóbifreið í Skagafirði	700
	4.1 Snjóbifreið í Vopnafirði	600
	4.2 Snjóbifreið í Þórshafnarhreppi	400
	4.3 Snjóbifreið Axarfjörður-Kópasker	800
	5.1 Snjóbifreið á Fjarðarheiði, rekstur	7 000
	Stofnstyrkur	4 000
	5.2 Snjóbifreið á Fagradal, rekstur	1 100
	Stofnstyrkur	700
	5.3 Snjóbifreið á Oddsskarði, rekstur	6 000
	Stofnstyrkur	2 000
	5.4 Snjóbifreið á Fljótsdalshéraði, stofnstyrkur	300
	5.5 Snjóbifreið á Borgarfirði eystra	1 300
	5.6 Snjóbifreið í Stöðvarfirði, Egilsstaðaflugvöllur	900
	5.7 Vetrarflutningar Djúpivogur-Hornafjörður, rekstur	1 000
	Stofnstyrkur	3 000
	5.8 Póst- og vöruflutningar á Jökuldal, rekstur	500
	Stofnstyrkur	2 000
	5.9 Svínafell í Nesjum	500
	5.10 Til vöruflutninga á Suðurlandi	6 500
		59 600

b. Flóabátar:			Þús. kr.
1. Baldur, til rekstrar	108 500		
Vegna halla fyrri ára	10 000		
		118 500	
2. Herjólfur, til rekstrar	133 300		
Vegna halla fyrri ára	68 000		
		201 300	
3. Fagranes, til rekstrar	85 250		
Vegna halla fyrri ára	11 950		
		97 200	
4. Drangur, til rekstrar		72 700	
5. Akraborg, til rekstrar og skuldagreiðslu		69 700	
6. Mjóafjarðarbátur, til rekstrar	9 300		
Stofnstyrkur	10 000		
		19 300	
7. Hríseyjarferja, til rekstrar	16 200		
Stofnstyrkur	32 000		
		48 200	
8. Langeyjarnesbátur, til rekstrar		900	
9. Mýrabátur, til rekstrar		100	
10. Dýrafjarðarbátur, til rekstrar		600	
			628 500
			688 100

Ed. 250. Breytingartillaga [45. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Á undan 1. gr. frv. komi ný grein sem orðist svo:

Við a-lið 9. gr. laganna bætist:

Aukaframlag úr ríkissjóði sem nemur 4% af söluskatti þeim sem innheimtur er í ríkissjóð á árinu 1980 skv. lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, sem renni til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. b-lið 8. gr.

Nd. 251. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Matthías Á. Mathiesen, Sverrir Hermannsson og Guðmundur J. Guðmundsson.

Alþingi, 31. mars 1980.

Halldór Ásgrímsson, form.
Ingólfur Guðnason, fundaskr.
Albert Guðmundsson.
Karvel Pálmason, með fyrirvara.

Nd. **252. Frumvarp til laga** [135. mál]

um orkujöfnunargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

Leggja skal 2% orkujöfnunargjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum taka til. Gjaldið rennur óskipt til ríkissjóðs.

2. gr.

Ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum og ákvæði reglugerða settra samkvæmt þeim lögum skulu gilda að fullu um álagningu, innheimtu og aðra framkvæmd orkujöfnunargjalds.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi frá og með 8. apríl 1980.

Ákvæði til bráðabirgða

I

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattsskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar orkujöfnunargjaldi, nema sannað sé að gjaldið hafi verið talið með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II

Nú hefur innflytjandi áður en lög þessi ganga í gildi afhent skjöl til tollmeðferðar sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað og skal þá ekki innheimt orkujöfnunargjald af henni við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir 15. apríl 1980.

III

Af vörum söluskattsskyldum við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 8. apríl 1980 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða orkujöfnunargjald, nema því aðeins að fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. júní 1980.

IV

Vegna aprílmánaðar 1980 skulu framteljendur skila tveimur söluskattsskýrslum, annarri vegna söluskattsskyldrar starfsemi frá 1. degi mánaðarins til og með 7. apríl en hinni vegna sölu- og orkugjaldsskyldrar starfsemi frá og með 8. apríl og til loka mánaðarins. Skattyfirvöld geta krafist hvers konar upplýsinga af söluskattsskyldum aðilum um skiptingu viðskipta milli þessara tveggja tímabila, þar á meðal upplýsinga um dreifingu viðskipta eftir árstíma á þessu og fyrri árum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sú geysilega hækkun olíuverðs sem átt hefur sér stað á undanförnum árum hefur víða valdið vanda og skapað mikla fjárhagserfiðleika. Við Íslendingar höfum brugðist við þessum vanda með átaki í orkumálum, m. a. með aukinni notkun innlendra orkugjafa til húshitunar. Þrátt fyrir það sem hefur áunnist í þessum efnum er enn alllangt í land með að allir landsmenn geti notað innlenda orku til húshitunar, og meðan svo er ber nauðsyn til að jafna þann aðstöðumun er af þessu leiðir.

Megintilgangur frumvarps þessa er að afla ríkissjóði fjár til að standa straum af kostnaði við greiðslu olíustyrks til húshitunar og til að styrkja orkusparandi aðgerðir. Skattur samkvæmt lögum þessum rennur óskiptur í ríkissjóð. Af þeim um 7 000 milljónum kr. sem ætla má að hann skili á árinu 1980 munu um 4 500 milljónir kr. ganga til framangreindra verkefna. Á árinu 1980 er gert ráð fyrir verulegum framlögum til Rafmagnsveitna ríkisins og til annarra verkefna á sviði orkumála. Hafa þessi útgjöld ásamt öðru átt þátt í að veikja stöðu ríkissjóðs verulega. Þykir ekki óeðlilegt að það sem eftir stendur af gjaldinu renni í ríkissjóð til að styrkja stöðu hans til mótvægis við fyrrgreind framlög til orkumála.

Nd. 253. Breytingartillaga [135. mál]

við frv. til laga um orkujöfnunargjald.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Við fyrirsögn. Fyrirsögnin orðist svo:
Frumvarp til laga um breyting á lögum um söluskatt, nr. 10/1969, með áorðnum breytingum.

Nd. 254. Frumvarp til laga [136. mál]

um breyting á lögum nr. 3 1. febrúar 1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

1. gr. orðist svo:
Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald, er nemi 2.5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olíugjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá 1. mars 1980 til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til þess að greiða fyrir ákvörðun fiskverðs frá 1. mars 1980. Meginefni frumvarpsins er að lækka olíugjald fiskiskipa utan skipta úr 5% í 2.5%. Með þessum hætti er fiskvinnslunni auðveldað að standa straum af nokkurri fiskverðshækkun til sjómanna án þess að hráefniskostnaður hennar aukist að sama skapi. Þegar olíugjaldið var ákveðið 5% í janúar síðast liðnum með lögum nr. 3/1980, var talin veruleg hætta á hækkun olíuverðs til fiskiskipa frá því verði, sem ákveðið var í desember 1980. Í athugasemdum með lagafrumvarpinu um þetta efni var gjaldið ákveðið 5% meðal annars með tilliti til hættu á olíuverðshækkun á bilinu 5—10%. Nú hafa mál hins vegar skipast svo, að skráð gasolíuverð á Rotter-

dammarkaði hefur að undanförnu verið á bilinu $ 295—300 f.o.b. hvert tonn en viðmiðunarverð var tæplega $ 329, þegar gasolíuverðið var ákveðið kr. 155.25 hver lítri í desember 1979. Viðmiðun markaðsverðs á svartolíu var rúmlega $ 180 hvert tonn, þegar svartolíuverðið kr. 108 500 pr. tonn var ákveðið, en hefur að undanförnu verið rétt innan við $ 145 í Rotterdam. Verð á Bandaríkjadollar hefur aftur á móti hækkað verulega í íslenskum krónum frá desember 1979 og enn eru nokkrar birgðir af olíu í landinu á hærra verði, en þó virðast um þessar mundir frekar líkur til lækkunar olíuverðs en hækkunar á næstu mánuðum. Af þessum sökum og til þess að auðvelda samkomulag um nýtt fiskverð er hér lagt til í 1. gr. að olíugjaldið lækki í 2.5% eins og það var upphaflega ákveðið á Alþingi í mars 1979. Í 2. gr. er kveðið á um gildistíma, þannig að hið nýja olíugjald taki gildi samtímis nýju fiskverði, þ. e. frá 1. mars 1980.

Nú liggur fyrir að meirihluti er í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins fyrir 4% hækkun fiskverðs til skipta frá 1. mars, ef olíugjaldið lækkar í 2.5% eins og hér er lagt til. Fulltrúar fiskkaupenda vilja samþykkja þessa niðurstöðu og fulltrúi sjómanna leggst ekki gegn henni. Með þessum hætti hækkar heildarverð á fiski frá sjónarmiði fiskkaupenda um 1.7%, hlutur útvegsmanna hækkar um 0.6% en hlutur sjómanna í fiskverðinu um 4% eins og fyrr sagði. Þótt hlutur útvegsins hækki þannig minna en sjómanna er hagur fiskveiðiflotans viðunandi miðað við þessi skilyrði og aflabrögð 1979 eins og meðfylgjandi yfirlit sýnir.

Áætlað rekstraryfirlit fiskveiða m.v. verðlag í mars 1980 miðað við áætlað aflamagn ársins 1979 og miðað við 2.5% olíugjald.

M.kr.

	Bátar án loðnu 21-220 brl.	Minni skuttogarar	Stærri skuttogarar	Samtals
Tekjur alls	**49 755**	**55 855**	**16 660**	**122 270**
1. Seldur afli hérlendis	41 677	46 541	11 722	99 940
(þ. a. olíugjald)	(918)	(1 013)	(248)	(2 179)
2. Seldur afli erlendis	5 339	7 029	4 033	16 401
3. Aðrar tekjur	2 739	2 285	905	5 929
(þ. a. úr Aflatrygg.sj.)	(1 191)			
Gjöld alls	**49 838**	**57 189**	**16 445**	**123 472**
1. Aflahlutir	17 476	17 611	3 275	38 362
2. Laun og tengd gjöld	4 099	2 246	2 419	8 764
3. Olíur	6 872	11 216	3 193	21 281
4. Veiðarfæri	4 249	3 420	753	8 422
5. Annar breytil. kostn.	6 030	6 748	3 253	16 031
Breytil. kostn. alls	**38 726**	**41 241**	**12 893**	**92 860**
Framl. til fasts kostn.	**11 029**	**14 614**	**3 767**	**29 410**
Framlag til fasts kostn. sem hlutfall af tekjum				
6. Viðhald	4 054	4 579	1 170	9 803
7. Endurmetnar afskriftir	4 313	6 402	1 197	11 912
8. Vextir	2 745	4 967	1 185	8 897
Hreinn hagnaður	**÷83**	**÷1 334**	**215**	**÷1 202**
Brúttóhagnaður	**4 230**	**5 068**	**1 412**	**10 710**
H/A · 100	**÷0.2%**	**÷2.4%**	**1.3%**	**÷1.0%**

Athugasemd: Miðað er við 4% fiskverðshækkun og 2.5% olíugjald. Tekið er tillit til óbeinna hækkana vegna gengis- og launabreytinga að undanförnu.

Nd. **255. Frumvarp til laga** [137. mál]

um breyting á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason, Steinþór Gestsson, Eggert Haukdal, Ólafur G. Einarsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Á eftir fyrri málslið fyrri mgr. 3. gr. laga nr. 80 frá 1938 komi nýr málsliður:

Skylt er að viðhafa hlutfallskosningu innan stéttarfélaga með 300 félagsmenn eða fleiri til stjórnar og trúnaðarstarfa, við kosningu fulltrúa til landssambandsþinga og þinga heildarsamtaka, ef 1/5 hluti félagsmanna krefst þess. Við kjör stjórna á landssambandsþingum og á þingum heildarsamtaka skal viðhafa hlutfallskosningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 100. löggjafarþinginu, en varð eigi útrætt. Eftirfarandi greinargerð fylgdi þá með frumvarpinu:

Sú lýðræðiskrafa hefur lengi verið uppi, að hlutfallskosningar verði teknar upp í stéttarfélögum. Hafa frumvörp í þá átt verið borin fram á Alþingi. Nú nýlega hefur þessi krafa verið ítrekuð. Á fundi verkalýðsráðs Sjálfstæðisflokksins, sem haldinn var að Hellu á Rangárvöllum 14. og 15. október 1978, var gerð eftirfarandi samþykkt:

„Ráðstefnan felur stjórn verkalýðsráðs að hefja nú þegar undirbúning að gerð lagafrumvarps um hlutfallskosningar við stjórnar- og fulltrúakjör í launþegasamtökunum. Stóraukið vald samtaka þessara og beiting þess á sviði efnahags- og atvinnumála þjóðarinnar gerir þá kröfu til Alþingis, að það setji slík lög. Slík löggjöf mun draga úr hættu á því, að valdi samtakanna sé misbeitt í pólitískum tilgangi, og tryggja eftirlit og gagnrýni lýðræðislega kjörins minni hluta."

Á fundinum var samþykkt að óska eftir því við þingflokk Sjálfstæðisflokksins að taka mál þetta til flutnings á Alþingi. Nokkru síðar var haldinn sameiginlegur fundur verkalýðsráðs og þingflokks um þetta mál og önnur, sem rædd voru á Hellufundinum.

Í febrúar 1979 sendi þingflokkur og miðstjórn Sjálfstæðisflokksins frá sér ítarlega stefnuyfirlýsingu um efnahagsmál o. fl. og ber hún heitið „Endurreisn í anda frjálshyggju". Í áttunda kafla þessarar stefnuyfirlýsingar er fjallað um kjaramál og skyld atriði. Þar er því lýst yfir, að Sjálfstæðisflokkurinn skuli stuðla að því „að koma á hlutfallskosningum í stéttarfélögum".

Með þessu frv. er lagt til, að innan stéttarfélaga með 300 félagsmenn eða fleiri geti fimmti hluti félagsmanna krafist þess, að hlutfallskosning sé viðhöfð til stjórnar og annarra trúnaðarstarfa og við kosningu fulltrúa til landssambandsþinga og þinga heildarsamtaka. Á þingum slíkra heildarsamtaka skal kjósa stjórnir með hlutfallskosningu.

Hlutfallskosningar eru einn þáttur lýðræðis. Þær miða að því að tryggja rétt minni hluta. Hér á landi er hlutfallsfyrirkomulagið viðhaft við kosningar til Alþingis og til sveitarstjórna, en einnig til dæmis við kosningar til Búnaðarþings.

Nd. 256. Breytingartillaga [109. mál]

við brtt. á þskj. 182 [Tollskrá o. fl.].

Frá Karvel Pálmasyni.

Í stað orðsins „verðlagsþróunar“ komi: þróunar framfærsluvísitölu.

Ed. 257. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 115 30. des. 1978, sbr. lög nr. 70 31. des. 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 31. mars.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 115/1978 orðist svo:

1. Á árinu 1980 skulu skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1980, þó að frádregnum:
   a. bótum skv. II. og IV. kafla laga nr. 67/1971, með síðari breytingum, öðrum en elli- og örorkulífeyri;
   b. 650 000 kr. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkvæmt 4. mgr. 23. gr. laga nr. 8/1972, með síðari breytingum, hjá þeim mönnum sem orðnir eru 67 ára fyrir 1. janúar 1980 eða nutu örorkulífeyris á árinu 1979.
3. Skal gjaldið vera 1.5% af fyrstu 4 500 000 af gjaldstofni, en 2% af því sem umfram er hjá hverjum gjaldanda.
   Sjúkratryggingagjaldið skal á lagt í heilum hundruðum króna. Gjald, sem ekki nær 4 000 kr., skal fellt niður við álagningu.
4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í þessari grein, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1980 vegna tekna ársins 1979.

Ed. 258. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 31. maí 1979, um landflutningasjóð.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur athugað málið og leggur til að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 31. mars 1980.

Jón Helgason, form., frsm. — Egill Jónsson, fundaskr. — Lárus Jónsson.

Guðm. Karlsson. — Stefán Guðmundsson. — Stefán Jónsson. — Eiður Guðnason.

Sþ. 259. Nefndarálit [11. mál]

um till. til þál. um útibú frá Veiðimálastofnun.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar óbreyttrar.

Alþingi, 31. mars 1980.

Karvel Pálmason, form. Friðrik Sophusson, fundaskr., með fyrirvara. Egill Jónsson, frsm.
Halldór Ásgrímsson. Stefán Jónsson.

Sþ. 260. Fyrirspurn [138. mál]

til sjávarútvegsráðherra um tilraunaveiðar með dragnót.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hefur sjávarútvegsráðherra gert ráðstafanir til áframhaldandi tilraunaveiða með dragnót í Faxaflóa og víðar á árinu 1980 og til hagkvæmnirannsókna þeirra vegna?

Ed. 261. Lög [45. mál]

um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 31. mars.)

Samhljóða þskj. 212.

Sþ. 262. Breytingartillögur [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá fjárveitinganefnd.

	Þús. kr.
1. Við 3. gr. 0530 Gjald af seldum vindlingum.	
Fyrir „68 000“ kemur	136 000
2. Við 3. gr. 0671 Gjald af eyðublöðum heillaskeyta.	
Fyrir „400“ kemur	2 000
3. Við 4. gr. 02 989 0102 Íþróttasamband Íslands.	
Fyrir „126 000“ kemur	140 620
4. Við 4. gr. 02 999 0209 Fuglaverndarfélag Íslands.	
Fyrir „150“ kemur	250
5. Við 4. gr. 04 271 Landgræðslusjóður.	
Fyrir „27 180“ kemur	46 560
6. Við 4. gr. 04 299 0109 Æðarræktarfélag Íslands.	
Fyrir „150“ kemur	200
7. Við 4. gr. 04 299. Nýr liður:	
0116 Laxastigi í Laxá, Suður-Þingeyjarsýslu	45 000
8. Við 4. gr. 06 301 0136 Hjálparstofnun kirkjunnar.	
Fyrir „1 150“ kemur	2 000

		Þús. kr.
9.	Við 4. gr. 07 981 Vinnumál.	
	a. Við 0119 Fræðslumál BSRB, BHM og samtaka sjómanna. Liðurinn fellur niður.	
	b. Nýr liður:	
	0122 Fræðslumál BSRB	10 000
	0123 Fræðslumál BHM	2 000
	0124 Fræðslumál annarra samtaka launafólks	3 000
10.	Við 4. gr. 07 0113 Slysavarnafélag Íslands.	
	Fyrir „50 000“ kemur	64 620
11.	Við 4. gr. 07 999. Nýr liður:	
	0132 Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, byggingarstyrkur	15 000
12.	Við 4. gr. 08 310 Ríkisspítalar og heilsugæslustöðvar.	
	Fyrir „347 605“ kemur	367 605
13.	Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl. Sundurliðun a.	
	a. 1. töluliður orðast svo:	
	1. a. Reykjavík, Borgarspítali, B-álma	300 000
	1. b. Reykjavík, Borgarspítali, G-álma	120 000
	b. 11. töluliður orðast svo:	
	11. Hólmavík, H 1	10 000
14.	Við 4. gr. 08 381. Nýr liður:	
	0312 Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi	22 000
15.	Við 4. gr. 08 399 0109 Krabbameinsfélag Íslands.	
	Fyrir „60 000“ kemur	79 380
16.	Við 4. gr. 08 471 0105 Samtök áhugamanna um áfengisbölið.	
	Fyrir „8 000“ kemur	10 000
17.	Við 4. gr. 08 481 0102 Áfengisvarnir.	
	Fyrir „30 924“ kemur	33 924
18.	Við 4. gr. 09 383 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, embættismenn.	
	a. Fyrir „62 100“ kemur	63 300
	b. Í sundurliðun bætast í stafrófsröð:	
	0669—8174 Ásgeir Jónsson	300
	5855—2399 Kristján Guðmundsson	300
	7025—6673 Páll Scheving	300
	7844—6676 Sigurður Björnsson	300
19.	Við 4. gr. 09 384 Styrktarfé og ýmis eftirlaun, ekkjur.	
	a. Fyrir „36 250“ kemur	37 150
	b. Í sundurliðun bætast í stafrófsröð:	
	3912—9272 Helga Ingimundardóttir	300
	4263—3860 Hólmfríður S. Björnsdóttir	300
	8574—6685 Svanbjörg Einarsdóttir	300
20.	Við 4. gr. 10 342 Sjóslysanefnd 2 Önnur rekstrargjöld.	
	Fyrir „3 225“ kemur	4 225
21.	Við 4. gr. 11 299 0103 Heimilisiðnaðarfélag Íslands.	
	Fyrir „125“ kemur	500
22.	Við 4. gr. 11 371 Orkusjóður. Nýr liður:	
	0111 Hólsfjallabæir	15 000
23.	Við 6. gr.	
	a. Við 1.5. Liðurinn orðast svo:	
	1.5 Að leyfa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða af hverjum seldum vindlingapakka: a) 1 kr. 34 aura til Landgræðslusjóðs, b) 66 aura til Landgræðslu ríkisins.	
	b. Við 1.6. Liðurinn orðast svo:	
	1.6 Að leyfa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi Íslands 2 kr. af hverjum seldum vindlingapakka.	

c. Við 1.7. Liðurinn orðast svo:
1.7 Að leyfa Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins að greiða 3 kr. af hverjum seldum vindlingapakka til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og skiptist gjaldið til þeirra að jöfnu.

d. Við 1.8. Liðurinn orðast svo:
1.8 Að ákveða að 10 kr. af tekjum Landsímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

e. Nýr liður:
1.12 Að bæta tjón á vatnsveitu í Kelduneshreppi af völdum jarðskjálfta sem varð árið 1976, í samræmi við reglur um bætur vegna hliðstæðra tjóna.

f. Við 2.1. Liðurinn orðast svo:
2.1 Að gefa út fyrir hönd ríkissjóðs til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð allt að 2 800 m.kr.

g. Við 3.2. Liðurinn orðast svo:
3.2 Að ábyrgjast lán vegna Hríseyjarferju. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi allt að 103 m.kr. í eldri mynt, og tekur ábyrgð jafnt til greiðslna afborgana, vaxta, verðbóta og annars kostnaðar.

h. Nýr liður:
3.6 Að ábyrgjast með einfaldri ábyrgð lán er Akureyrarbær kynni að taka til byggingar tengiálmu við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

i. Við 4.11. Liðurinn orðast svo:
4.11 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af rafbíl ásamt fylgihlutum fyrir Háskóla Íslands. Einnig að fella niður eða endurgreiða þungaskatt af bílnum fyrir árin 1979 og 1980.

j. Við 4.13. Liðurinn orðast svo:
4.13 Að endurgreiða söluskatt af orgeli fyrir: a) söfnuð aðventista á Selfossi, b) söfnuð Lundarkirkju, c) söfnuð Stóra-Laugardalskirkju.

k. Nýir liðir:
5.25 Að selja prestssetursbústaðina í Vestmannaeyjum, nr. 2 við Sóleyjargötu og nr. 51 við Heiðarveg, og verja andvirði þeirra til að kaupa eða leigja nýjan prestssetursbústað.
5.26 Að selja hlut ríkissjóðs í húsnæði Iðnskólans á Selfossi, nr. 1 við Sigtún.
5.27 Að festa kaup á húsnæði fyrir Fjölbrautaskóla Suðurnesja ásamt öðrum rekstrarðilum skólans og taka til þess nauðsynleg lán.
5.28 Að selja hluta ríkissjóðs í gamla barnaskólahúsinu á Borðeyri.
5.29 Að festa kaup á húsnæði fyrir Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði og taka til þess nauðsynleg lán.
5.30 Að hafa makaskipti á hluta ríkissjóðs í húseigninni Ketilsbraut 20 á Húsavík og samsvarandi eignarhluta í íbúðinni á annarri hæð að Garðarsbraut 39 á sama stað.
5.31 Að selja Reykjavíkurborg um 20 ha. af landi Póst- og símamálastofnunar í Gufunesi vegna Kirkjugarða Reykjavíkur.
5.32 Að selja eignarhluta ríkissjóðs í húseigninni nr. 30 við Heimagötu í Vestmannaeyjum.
5.33 Að festa kaup á húsnæði á 2. og 3. hæð húseignarinnar nr. 118 við Laugaveg.
5.34 Að heimila Síldarverksmiðjum ríkisins að hafa makaskipti á hluta af starfsmannahúsi Síldarverksmiðja ríkisins að Reyðarfirði og annarri húseign á sama stað, enda takist samningar þar um.
5.35 Að festa kaup á fasteigninni Lyngás 7—9 í Garðakaupstað til skólahalds.
5.36 Að festa kaup á húsnæði í stjórnsýslumiðstöð á Dalvík fyrir bæjarfógetaembættið.
5.37 Að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis að kaupa handa Landshöfn Keflavík—Njarðvík viðlegukant í eigu Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur hf. enda náist samningar um kaupverð og greiðsluskilmála.

6.8 **Að taka lán allt að 50 m.kr. til endurbóta á húsnæði Námsgagnastofnunar að Laugavegi 166, enda verði húseignir Ríkisútgáfu námsbóka að Brautarholti 6 og Tjarnargötu 10 í Reykjavík seldar, sbr. lið 5.5.**

6.9 **Að taka lán til kaupa á húsnæði fyrir bæjarfógetaembættið í Vestmannaeyjum.**

7.5 **Að gera í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis samning við Reykjavíkurborg um skuldir ríkissjóðs vegna framkvæmda í heilbrigðismálum.**

Sþ. 263. Breytingartillögur [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

			Þús. kr.
1.	Við 4. gr. 08 273 Atvinnuleysistryggingasjóður.		
	Fyrir „3 654 000“ kemur		3 354 000
2.	Við 4. gr. 10 211 Vegagerð ríkisins.		
	a. Við 20 Laun.		
	Fyrir „3 100 000“ kemur		3 700 000
	b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.		
	fyrir „300 000“ kemur		400 000
	c. Við 4 Viðhald.		
	Fyrir „5 870 000“ kemur		7 650 000
	d. Við 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.		
	Fyrir „10 031 000“ kemur		9 320 000
	e. Við 92 Til sveitarfélaga.		
	Fyrir „2 456 000“ kemur		2 705 000
	f. Aftan við liðinn bætist:		
	Viðfangsefni:		
	0201 Stjórn og undirbúningur	1 325 000	
	0223 Viðhald	8 910 000	
	0203 Til nýrra framkvæmda	10 586 000	
	0204 Til fjallvega o. fl.	176 000	
	0206 Til sýsluvegasjóða	870 000	
	0207 Til þéttbýlisvega	1 835 000	
	0208 Til véla- og áhaldahúsa	200 000	
	0209 Til tilrauna	73 000	
	0211 Til að greiða fyrir vetrarsamgöngum	8 500	
	Gjöld samtals	23 983 500	
3.	Við 4. gr. 10 321 0102 Skipaútgerð ríkisins.		
	Fyrir „736 125“ kemur		1 015 380
4.	Við 4. gr. 10 471 Flugmálastjórn.		
	Fyrir „2 594 465“ kemur		2 744 465
5.	Við 5. gr. 22 971 Ríkisútvarpið, hljóðvarp.		
	a. Við 20 Laun.		
	Fyrir „812 330“ kemur		1 179 328
	b. Við 28 Afskriftir.		
	Fyrir „358 000“ kemur		325 000
	c. Við 90 Yfirfærslur.		
	Fyrir „217 214“ kemur		245 067
	d. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.		
	Fyrir „2 172 141“ kemur		2 450 672

	Þús. kr.
e. Við 019 Aðrar tekjur.	
Fyrir „15 000“ kemur	60 000
f. Við 983 Fjárfestingar.	
Fyrir „300 000“ kemur	325 000
g. Við 984 Annað.	
Liðurinn fellur niður.	
h. Við 994 Afskriftir.	
Fyrir „358 000“ kemur	325 000
i. Við 995 Ráðstöfun eigin fjár.	
Liðurinn fellur niður.	
6. Við 5. gr. 22 972 Ríkisútvarpið, sjónvarp.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „1 031 167“ kemur	1 526 127
b. Við 28 Afskriftir.	
Fyrir „650 000“ kemur	500 000
c. Við 90 Yfirfærslur.	
Fyrir „315 833“ kemur	339 308
d. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.	
Fyrir „3 158 330“ kemur	3 393 080
e. Við 019 Aðrar tekjur.	
Fyrir „12 000“ kemur	112 000
f. Við 984 Annað.	
Liðurinn fellur niður.	
g. Við 992 Tekin lán.	
Fyrir „500 000“ kemur	300 000
h. Við 994 Afskriftir.	
Fyrir „650 000“ kemur	500 000
i. Við 995 Ráðstöfun eigin fjár.	
Liðurinn fellur niður.	
7. Við 5. gr. 27 972 Bjargráðasjóður Íslands.	
a. 982 Veitt lán.	
Fyrir „310 789“ kemur	1 810 789
b. Nýr liður:	
992 Tekin lán	1 500 000
8. Við 5. gr. 30 101 Póstur og sími.	
a. Við 20 Laun.	
Fyrir „8 852 625“ kemur	14 044 414
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.	
Fyrir „5 596 217“ kemur	7 000 000
c. Við 4 Viðhald.	
Fyrir „424 800“ kemur	484 800
d. Við 27 Vextir.	
Fyrir „1 907 672“ kemur	2 006 000
e. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.	
Fyrir „18 769 622“ kemur	25 574 214
f. Við 019 Aðrar tekjur.	
Fyrir „530 692“ kemur	600 000
g. Við 981 Afborgun lána.	
Fyrir „939 000“ kemur	900 000
h. Við 983. Liðurinn orðast svo:	
Fjárfestingar, almennar	3 359 000
— vegna jarðstöðvar	400 000
i. Við 992. Liðurinn orðast svo:	
992 Tekin lán, vegna vörukaupa	469 000
— vegna jarðstöðvar	400 000

		Þús. kr.
j. Nýr liður:		
995 Ráðstöfun eigin fjár		120 000
k. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Almenn fjárfesting Pósts og síma 1980 (30 101 983).		
1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
a. Stækkanir á eldri stöðvum	410 000	
b. Karlssontalning	100 000	
		510 000
2. Línukerfi fyrir símnotendur:		
a. Í bæjum og kauptúnum	450 000	
b. Í sveitum	501 000	
		951 000
3. Landssímasambönd:		
a. Jarðsímaleiðir	135 000	
b. Fjölsímar	631 000	
c. Radíóleiðir	287 000	
		1 053 000
4. Hús		588 000
5. Sjálfsalar		30 000
6. Bifreiðar og vinnuvélar		90 000
7. Radíóstöðvar		130 000
8. Búnaður á póstgíróstofu vegna tölvuvinnslu		7 000
		3 359 000
Fjárfesting 1980, sundurliðun:		
1. Sjálfvirkar símstöðvar:		
a. Stækkanir á eldri stöðvum:		
1. Breiðholt/Kópavogur ARF	200 000	
2. Borgarnes	10 000	
3. Siglufjörður	10 000	
4. Dalvík	27 000	
5. Neskaupstaður	26 000	
6. Bólstaðarhlíð	10 000	
7. Kópasker	8 000	
8. Borgarfjörður	8 000	
9. Akureyri	58 000	
10. Ferjaldabúnaður fyrir stöðvarnar sem stækkaðar verða með efni frá Selfossi og Brúarlandi	41 000	
11. Telexstöð	12 000	
		410 000
b. Karlssontalning á 91-svæðinu		100 000
		510 000
2. Línukerfi fyrir símnotendur:		
a. Í bæjum og kauptúnum:		
1. Reykjavík	225 000	
2. Brúarland	15 000	
3. Reykjanes	30 000	
4. Vesturland	20 000	
5. Vestfirðir	22 000	
6. Norðurland vestra	15 000	
7. Norðurland eystra	62 000	
8. Austurland	24 000	
9. Suðurland	22 000	
10. Vestmannaeyjar	15 000	
		450 000

		Þús. kr.
b. Í sveitum:		
1. Leirár- og Melasveit, Borg	68 000	
2. Hreppar, Árn.	36 000	
3. Grímsnes — Grafningur, Árn.	38 000	
4. Rangárvellir, efri hluti, Rang.	26 000	
5. Fljótshlíð, Rang.	21 000	
6. Öræfi, A.-Skaft.	14 000	
7. Vopnafjörður — Bakkafjörður, N.-Múl.	21 000	
8. Aðaldælahreppur, S.-Þing.	24 000	
9. Hrafnagils- og Öngulsstaðahreppur, Eyjafirði	40 000	
10. Svarfaðardalur, Eyjaf.	50 000	
11. Svínavatnshreppur—Blöndudalur, A.-Hún.	21 000	
12. Vatnsdalur, A.-Hún.	21 000	
13. Borðeyri, Strand.	20 000	
14. Drangsnes, Strand.	15 000	
15. Þingeyrarhr., V.-Ísaf.	7 000	
16. Hvammssveit, Dal.	28 000	
17. Kaldakinn, S.-Þing.	21 000	
18. Ófyrirséð	30 000	
		501 000
		951 000
3. Landssímasambönd:		
a. Jarðsímaleiðir:		
1. Vopnafjörður — Bakkafjörður	49 000	
2. Háöxl — Fagurhólsmýri	16 000	
3. Búðardalur	15 000	
4. Minniborg — Sog	25 000	
5. Hrafnagil	20 000	
6. Ófyrirséð	10 000	
		135 000
b. Fjölsímar:		
1. Reykjavík — Stykkishólmur — Ísafjörður	70 800	
2. Sveitafjölsímar	113 000	
3. Háöxl — Höfn — Fagurhólsmýri	57 000	
4. Tónritsímar	55 000	
5. Búðardalur — Stykkishólmur	44 000	
6. Hólmavík — Drangsnes	49 400	
7. Akranes — Borgarnes	24 400	
8. Reykjavík — Akureyri	49 400	
9. Egilsstaðir — Bakkafjörður — Vopnafjörður	113 000	
10. Ýmis ófyrirséður búnaður	55 000	
		631 000
c. Radíóleiðir:		
1. Stykkishólmur — Patreksfjörður	67 000	
2. Norðurlandsörbylgja	99 000	
3. Viðarfjall — Bakkafjörður	46 000	
4. Stykkishólmur — Búðardalur	48 000	
5. Gaumkerfi	27 000	
		287 000
		1 053 000

		Þús. kr.
4. Hús:		
a. Múlastöð C	90 000	
b. Múlastöð D, E	208 000	
c. Póstafgreiðsla í Mjóddinni	10 000	
d. Kópavogur	10 000	
e. Varmahlíð	20 000	
f. Húsavík	30 000	
g. Hvolsvöllur	25 000	
h. Sandgerði	27 000	
i. Tálknafjörður	48 000	
Tækjahús:		
k. Viðarfjall — Bakkafjörður	15 000	
l. Stykkishólmur — Patreksfjörður	30 000	
m. Búðardalur — Stykkishólmur	15 000	
n. Hólmavík — Drangsnes	15 000	
o. Ófyrirséð	45 000	
		588 000
9. Við 5. gr. 30 321 Skipaútgerð ríkisins.		
a. Við 20 Laun.		
Fyrir „835 128“ kemur		958 572
b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.		
Fyrir „498 224“ kemur		1 067 449
c. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.		
Fyrir „740 977“ kemur		1 129 291
d. Við 983 Fjárfestingar.		
Fyrir „31 000“ kemur		231 000
e. Nýr liður:		
992 Tekin lán		200 000
10. Við 5. gr. 30 471 Flugmálastjórn.		
a. Við 983 Fjárfestingar.		
Fyrir „900 000“ kemur		1 450 000
b. Nýr liður:		
992 Tekin lán		400 000
c. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:		
Fjárfestingar í flugmálum (30 471 983).		
1. Reykjavík	189 500	
2. Sandskeið	10 500	
3. Rif	96 200	
4. Ísafjörður	81 000	
5. Patreksfjörður	28 900	
6. Suðureyri	30 800	
7. Bíldudalur	55 000	
8. Hólmavík	19 900	
9. Gjögur	34 300	
10. Þingeyri	300	
11. Flateyri	5 100	
12. Sauðárkrókur	104 300	
13. Siglufjörður	21 500	
14. Blönduós	23 300	
15. Akureyri	185 200	
16. Húsavík	18 200	
17. Raufarhöfn	22 000	
18. Grímsey	17 700	

Þús. kr.

19.	Kópasker	33 000	
20.	Ólafsfjörður	3 000	
21.	Egilsstaðir	35 900	
22.	Hornafjörður	78 600	
23.	Vopnafjörður	22 100	
24.	Norðfjörður	32 400	
25.	Borgarfjörður eystra	29 700	
26.	Bakkafjörður	26 300	
27.	Fagurhólsmýri	300	
28.	Vestmannaeyjar	125 000	
29.	Sjúkraflugvellir o. fl.	60 000	
30.	Almenn verkefni	60 000	
			1 450 000

11. Við 5. gr. 31 314 Kröfluvirkjun.
    a. Við 983 Fjárfestingar.
       Fyrir „750 000“ kemur 1 750 000
    b. Við 992 Tekin lán.
       Fyrir „750 000“ kemur 1 750 000
12. Við 5. gr. 31 315 Byggðalínur.
    a. Við 983 Fjárfestingar.
       Fyrir „5 809 000“ kemur 5 579 000
    b. Við 992 Tekin lán.
       Fyrir „5 809 000“ kemur 5 579 000
13. Við 5. gr. 31 321 Rafmagnsveitur ríkisins.
    a. Við 20 Laun.
       Fyrir „1 210 000“ kemur 2 040 000
    b. Við 2 Önnur rekstrargjöld.
       Fyrir „1 880 000“ kemur 3 460 000
    c. Við 23 Hráefni og vörur til endursölu.
       Fyrir „5 140 000“ kemur 5 500 000
    d. Við 27 Vextir.
       Fyrir „1 160 000“ kemur 1 700 000
    e. Við 28 Afskriftir.
       Fyrir „1 460 000“ kemur 2 300 000
    f. Við 04 Seldar vörur og þjónusta.
       Fyrir „7 750 000“ kemur 11 900 000
    g. Við 981 Afborgun lána.
       Fyrir „1 460 000“ kemur 3 300 000
    h. Við 983 Liðurinn orðast svo:
       Fjárfestingar, almennar 4 926 000
       — dreifikerfi í sveitum 1 086 000
    i. Við 992 Tekin lán.
       Fyrir „2 896 000“ kemur 4 726 000
    j. Við 994 Afskriftir.
       Fyrir „1 460 000“ kemur 2 300 000
    k. Við 996 Annað, Orkusjóður.
       Fyrir „1 235 000“ kemur 1 086 000
    l. **Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:**
       Almennar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins 1980 (31 321 983).

a.	**Virkjanir:**		
1.	**Gönguskarðsá**	10 000	
2.	**Lagarfoss**	20 000	
3.	Smyrlabjargaá	10 000	
			40 000

		Þús. kr.
b. Stofnlínur:		
1. Vopnafjarðarlína	705 000	
2. Pétursey—Vík	44 000	
3. Þorlákshafnarlína	10 000	
4. Ólafsvík—Grundarfjörður	26 000	
5. Laxá—Kópasker	98 000	
6. Seyðisfjarðarlína	8 000	
7. Grímsá—Eyvindará	20 000	
8. Hvolsvöllur—Hella, Hella—Selfoss, Selfoss—Ljósafoss, spennuhækkun á Suðurlandi	10 000	
9. Laxárvatnsvirkjun—Blönduós	25 000	
10. Hauganes—Grenivík	326 000	
		1 272 000
c. Aðveitustöðvar:		
1. Brúarland	3 000	
2. Stuðlar, Reyðarfirði	11 000	
3. Neskaupstaður	107 000	
4. Hvolsvöllur	10 000	
5. Vík í Mýrdal	60 000	
6. Hella, Selfoss, spennuhækkun á Suðurlandi	61 000	
7. Grindavík	15 000	
8. Saurbær	20 000	
9. Þéttavirki, Reykjanes	2 000	
10. Skagaströnd	13 000	
11. Akureyri	15 000	
12. Dalvík	417 000	
13. Ólafsfjörður	50 000	
14. Kópasker, þéttavirki	34 000	
15. Vopnafjörður	323 000	
16. Lagarfoss	87 000	
17. Eyvindará	15 000	
18. Eskifjörður	24 000	
		1 267 000
d. Innanbæjarkerfi		1 830 000
e. Dísilstöðvar:		
1. Höfn í Hornafirði	91 000	
2. Kirkjubæjarklaustur	81 000	
3. Þórshöfn	30 000	
4. Grímsey	15 000	
		217 000
f. Vélar og tæki		200 000
g. Aðstöðuskipun		100 000
		4 926 000
Fjáröflun:		
a. Heimtaugargjald	200 000	
b. Lántökur samkvæmt lánsfjáráætlun	4 726 000	
		4 926 000

		Þús. kr.
14.	Við 5. gr. 31. Nýr liður:	
	369 **Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar:**	
	983 Fjárfestingar	455 000
	996 Annað, Orkusjóður	455 000
15.	Við 5. gr. 31 371 Orkusjóður.	
	a. Við 90 Yfirfærslur. Liðurinn orðast svo:	
	90 Yfirfærslur, til Rarik	4 186 000
	90 Yfirfærslur, til Orkubús Vestfjarða	775 000
	90 Yfirfærslur, sveitarafvæðing og einkarafstöðvar	455 000
	b. Við 982 Veitt lán.	
	Fyrir „1 100 000“ kemur	1 250 000
	c. Við 992 Tekin lán.	
	Fyrir „4 825 000“ kemur	5 281 000
	d. Við 995 Ráðstöfun eigin fjár.	
	Fyrir „÷1 332 000“ kemur	÷1 638 000

Ed. 264. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 16. maí 1974, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur haft málið til athugunar. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu, sem neðri deild gerði.

Alþingi, 31. mars 1980.

Davíð Aðalsteinsson, form.	**Karl Steinar Guðnason, fundaskr.**	**Salome Þorkelsdóttir, frsm.**
Jón Helgason.	**Helgi Seljan.**	**Lárus Jónsson.**
	Gunnar Thoroddsen.	

Ed. 265. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 30. des. 1978, sbr. lög nr. 70 31. des. 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Heilbrigðis- og trygginganefnd hefur orðið sammála um frumvarpið eins og það er komið frá neðri deild.

Alþingi, 31. mars 1980.

Helgi Seljan, form., frsm.	**Karl Steinar Guðnason, fundaskr.**	**Davíð Aðalsteinsson.**
Jón Helgason.	**Lárus Jónsson.**	**Salome Þorkelsdóttir.**
	Gunnar Thoroddsen.	

Sþ. **266. Framhaldsnefndarálit** [116. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Ástæðan fyrir því, að undirritaðir nefndarmenn í fjárveitinganefnd bregða á það óvenjulega ráð að leggja fram nefndarálit við 3. umræðu fjárlaga, mótast af því sérstaka ástandi, sem nú ríkir í störfum Alþingis.

Samkvæmt IV. kafla laga nr. 13 frá 1979 (sem kölluð hafa verið Ólafslög) er skylt að leggja fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun með fjárlagafrumvarpinu. Í lögunum er jafnframt nákvæmlega lýst, hvaða atriði skuli koma fram í lánsfjáráætluninni.

Undirritaðir fjárveitinganefndarmenn töldu ótækt að afgreiða fjárlög án þess að fá greinargóðar upplýsingar um lánsfjáráætlun yfirstandandi árs. Af þessu tilefni lýsti fjármálaráðherra því yfir, að fyrir 3. umræðu fjárlaga mundi lánsfjáráætlun vegna A- og B-hluta fjárlaga verða lögð fram. Var því jafnframt heitið, að það skyldi gert í síðasta lagi að morgni 31. mars, enda ætlunin að 3. umræða færi fram 1. apríl. Á þessu varð sá dráttur, að svo ófullkomin lánsfjáráætlun kom ekki í hendur nefndarmanna fyrr en síðdegis í dag, 31. mars, þannig að komið var í veg fyrir eðlilegar umræður í þingflokkunum og gagngera skoðun fjárveitinganefndar á breyttum forsendum, sem hljótast af lánsfjáráætluninni. Ljóst er, að mikil hækkun er á milli ára eins og sést á eftirfarandi töflu:

Hækkun á lántöku ríkissjóðs vegna A- og B-hluta fjárlaga

Tegund lána	1979 skv. fjárlögum	1980 skv. lánsfjáráætlun	Hækkun milli ára
Erlendar lántökur	5 648	21 360	278.2%
Innlendar lántökur	5 074	15 137	198.3%
Samtals lántökur	10 722	36 497	240.4%

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir verulegum niðurskurði á framlögum til fjárfestingarlánasjóða, en lánsfjáráætlun vegna A- og B-hluta fjárlaga nær ekki til fjármögnunar þeirra. Aðrir veigamiklir þættir falla ekki heldur undir A- og B-hluta fjárlaga, en þarf engu að síður að gera skil í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

Með tilvísun til fyrra nefndarálits okkar við 2. umræðu fjárlaga, þar sem bent var á ýmsa útgjaldaþætti, sem sleppt væri í frv. til fjárlaga, en væntanlega væri ætlunin að gera skil í lánsfjáráætlun, þá er óviðunandi að afgreiða fjárlög án þess að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun liggi fyrir eins og lög mæla fyrir um.

Í dag gerðist það til viðbótar, að tvö mál komu fram á Alþingi, en þau hafa bæði veruleg áhrif á fjárlög. Annars vegar lýsti ríkisstjórnin því yfir, að gengissig yrði hraðara en gert er ráð fyrir í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Hins vegar er lagt fram frumvarp til laga um hækkun söluskatts um tvö prósentustig til að afla tekna í ríkissjóð.

Varðandi söluskattshækkunina er ljóst, að tekjur, sem þannig fást, eiga heima innan fjárlaga eins og reyndar fjármálaráðherra hefur óskað eftir. Á sama hátt hlýtur fjárveitinganefnd einnig að þurfa að fjalla um útgjöldin, sem stofnað er til undir því yfirskini að jafna húshitunarkostnað í landinu, en fara á aðra útgjaldaliði.

Á fundi fjárveitinganefndar í kvöld létum við undirritaðir nefndarmenn bóka eftirfarandi:

„Við undirritaðir nefndarmenn fjárveitinganefndar mótmælum þeim vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar að veita ekki fjárveitinganefnd Alþingis upplýsingar um fyrirhugaða lánsfjáráætlun fyrir 1980 í heild fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Um mánaðamót mars/apríl er fráleitt að svo mikilvægir þættir lánsfjáráætlunar sem raun ber vitni liggi ekki fyrir við fjárlagaafgreiðslu, sem er svo seint á ferð.

Í lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., segir svo: „Ríkisstjórnin skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir eitt ár í senn og skulu þær fylgja fjárlagafrumvarpinu."

Auk framangreindra athugasemda er því um skýlaust lagabrot að ræða, þegar einungis er lögð fram nú lánsfjáráætlun að því er varðar A- og B-hluta fjárlaganna."

Af þessum ástæðum og öðrum teljum við undirritaðir ekki koma til greina, að fjárlagafrumvarpið sé afgreitt með óhóflegum hraða, og mótmælum þeim óeðlilega þrýstingi ríkisstjórnarinnar, sem birtist í því, að þessum málum verði þröngvað í gegnum þingið á síðustu dægrum fyrir páskahlé. Alþingi á ekki að vera afgreiðslustofnun ríkisstjórnarinnar, sem dregið hefur til síðasta dags að gefa þinginu upplýsingar. Alþingi er því misboðið með vinnubrögðum á borð við þessi.

Að öðru leyti vísum við til nefndarálits okkar, sem við lögðum fram við 2. umræðu málsins.

Alþingi, 31. mars 1980.

Lárus Jónsson, frsm. Friðrik Sophusson. Guðm. Karlsson.

Sþ. 267. Breytingartillaga [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá Ólafi Ragnari Grímssyni, Páli Péturssyni, Sighvati Björgvinssyni og Ólafi G. Einarssyni.

Við 6. gr. bætist nýr liður:

5.38 Að kaupa dagblöð fyrir stofnanir ríkisins, allt að 250 eintök af hverju blaði, umfram það sem veitt er til blaðanna í 4. gr. fjárlaga.

Sþ. 268. Breytingartillögur [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá Geir Gunnarssyni, Þórarni Sigurjónssyni, Friðjóni Þórðarsyni, Alexander Stefánssyni og Guðmundi Bjarnasyni.

			Þús. kr.
1.	Við 3. gr. Nýr liður:		
	0310 Orkujöfnunargjald		6 000 000
2.	Við 3. gr. 0681 Flugvallagjald.		
	Fyrir „700 000" kemur		1 050 000
3.	Við 4. gr. 09 999 0141 Óviss útgjöld.		
	Fyrir „610 000" kemur		1 110 000
4.	Við 4. gr. 12. Nýr liður:		
	202 Styrkur vegna olíunotkunar til húsahitunar.		
	90 Yfirfærslur:		
	94 Til einstaklinga og samtaka	4 000 000	
	Gjöld samtals		4 000 000

Ed. 269. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til laga um breyt. á l. nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin fjallaði um frumvarpið og var sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 1. apríl 1980.

Egill Jónsson, form., frsm.	Helgi Seljan, fundaskr.	Jón Helgason.	Eiður Guðnason.
Davíð Aðalsteinsson.	Þorv. Garðar Kristjánsson.	Sigurlaug Bjarnadóttir.	

Sþ. 270. Breytingartillögur [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 6. gr. Nýr liður:
   3.7 Að breyta kröfum ríkissjóðs á hendur Olíumöl hf. í hlutafé að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis.
2. Við 6. gr.
   1. Töluliður 5.2 (Fornihvammur) fellur niður.
   2. Töluliður 5.4 (húseignir í Vík) fellur niður.
   3. Töluliður 5.6 (Keilufell 16) fellur niður.

Sþ. 271. Breytingartillögur [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

	Þús. kr.
I. Frá *Kjartani Jóhannssyni* og *Karvel Pálmasyni.*	
Við 4. gr. 01 171 Byggðasjóður. Nýr liður:	
94 Til einstaklinga og samtaka	4 000 000
Viðfangsefni:	
Til jöfnunar upphitunarkostnaðar íbúðarhúsnæðis	4 000 000
II. Frá *Árna Gunnarssyni.*	
Við 4. gr. 02 907 Listasafn Íslands 6 Gjaldfærður stofnkostnaður.	
Fyrir „75 000“ kemur	80 000
III. Frá *Kjartani Jóhannssyni* og *Karvel Pálmasyni.*	
1. Við 4. gr. 04 290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.	
Fyrir „8 400 000“ kemur	7 800 000
2. Við 4. gr. 07 271 Húsnæðismálastofnun ríkisins.	
Fyrir „7 100 500“ kemur	7 600 500
Viðfangsefni. Nýr liður:	
0106 Sérstök lánveiting til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði	500 000

Þús. kr.

IV. Frá *Sighvati Björgvinssyni, Karvel Pálmasyni, Kjartani Jóhannssyni, Matthíasi Bjarnasyni* og *Sverri Hermannssyni.*

Við 4. gr. 07 981 Vinnumál.

a. Við 94 Til einstaklinga og samtaka.
Fyrir „313 700“ kemur 333 700

b. Við viðfangsefni. Nýr liður:
0200 Stofnframlag til sjómannastofa 20 000

V. Frá *Kjartani Jóhannssyni* og *Karvel Pálmasyni.*

1. Við 4. gr. 09 989 Vegna launa- og verðlagsmála 20 Laun.
Fyrir „11 900 156“ kemur 11 400 156
2. Við 4. gr. 09 999 0141 Óviss útgjöld.
Fyrir „610 000“ kemur 210 000
3. Við 4. gr. 12 201 Niðurgreiðslur á vöruverði.
Fyrir „24 400 000“ kemur 21 400 000

Sþ. 272. Nefndarálit [13. mál]

um till. til þál. um byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að mæla með samþykkt hennar með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. málsgrein orðist svo:
Áætlunin verði höfð til hliðsjónar við fjárveitingar og aðgerðir af opinberri hálfu í þágu byggðarlagsins.

Alþingi, 31. mars 1980.

Karvel Pálmason, form. — Friðrik Sophusson, fundaskr., með fyrirvara. — Halldór Ásgrímsson, frsm.
Gunnar Thoroddsen. — Stefán Jónsson. — Egill Jónsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.

Sþ. 273. Nefndarálit [14. mál]

um till. til þál. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að mæla með samþykkt hennar með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað orðsins „nákvæmar“ í 1. málsgr. komi: ítarlegar.
2. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:

Í könnunum þessum skal m. a. hafa hliðsjón af því að upplýsa eftirtalda þætti:

Alþingi, 31. mars 1980.

Karvel Pálmason, form., frsm. | Friðrik Sophusson, fundaskr. | Gunnar Thoroddsen.
Egill Jónsson. | Stefán Jónsson. | Ólafur Þ. Þórðarson.
Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 274. Breytingartillögur [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Þús. kr.

I. Frá *Vilmundi Gylfasyni* og *Birgi Ísl. Gunnarssyni.*
Við 4. gr. 00 201 Alþingi.
1. Við 0103 Skrifstofu- og alþingiskostnaður.
Fyrir „792 992“ kemur 777 992
2. Nýr liður:
0118 Til beins útvarps frá Alþingi 15 000

II. Frá *Matthiasi Bjarnasyni, Sighvati Björgvinssyni, Þorv. Garðari Kristjánssyni, Karvel Pálmasyni* og *Sigurlaugu Bjarnadóttur.*
Við 4. gr. 08 381 0301 Bygging sjúkrahúsa o. fl. Sundurliðun a. 11. Hólmavík.
Fyrir „10 000“ kemur 30 000
Orðið „undirbúningur“ fellur niður.

Nd. 275. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til laga um orkujöfnunargjald.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Á fund nefndarinnar komu fulltrúar frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Alþýðusambandi Íslands. Einnig kom starfsmaður Þjóðhagsstofnunar og veitti upplýsingar.

Með tilliti til þeirra upplýsinga, er fram komu og frekari grein verður gerð fyrir í framsögu, þykir undirrituðum nefndarmönnum rétt að lækka umrætt gjald úr 2% í 1½%.

Alþingi, 1. apríl 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. | Ingólfur Guðnason, fundaskr. | Guðm. J. Guðmundsson.

Nd. 276. Breytingartillaga [135. mál]

við frv. til laga um orkujöfnunargjald.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í stað „2%“ í 1. gr. komi: 1½%.

Sþ. 277. Breytingartillaga [116. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá Ingólfi Guðnasyni, Vilmundi Gylfasyni, Karli Steinari Guðnasyni, Sigurlaugu Bjarnadóttur, Guðrúnu Helgadóttur, Ólafi Ragnari Grímssyni, Halldóri Blöndal (með fyrirvara), Davíð Aðalsteinssyni, Birgi Ísl. Gunnarssyni, Þorv. Garðari Kristjánssyni, Jóni Helgasyni, Salome Þorkelsdóttur, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Ólafi G. Einarssyni.

Við 4. gr. 02 982 0601 Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis. Sundurliðun kemur í sérstöku yfirliti á þessa leið:

Heiðurslaun listamanna skv. ákvörðun Alþingis (02 982 0601).

		Þús. kr.	
1.	Ásmundur Sveinsson	1 500	
2.	Finnur Jónsson	1 500	
3.	Guðmundur Daníelsson	1 500	
4.	Guðmundur G. Hagalín	1 500	
5.	Halldór Laxness	1 500	
6.	Indriði G. Þorsteinsson	1 500	
7.	Kristmann Guðmundsson	1 500	
8.	María Markan	1 500	
9.	Snorri Hjartarson	1 500	
10.	Tómas Guðmundsson	1 500	
11.	Valur Gíslason	1 500	
12.	Þorvaldur Skúlason	1 500	
			18 000

Nd. 278. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og kvaddi til fundar Jón Sigurðsson forstjóra Þjóðhagsstofnunar og Ingólf Ingólfsson.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni. Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 254.

Alþingi, 1. apríl 1980.

Garðar Sigurðsson, form.	Karvel Pálmason, fundaskr., með fyrirvara.	Páll Pétursson, frsm.
	Halldór Ásgrímsson.	

Nd. **279. Nefndarálit** [135. mál]

um frv. til laga um orkujöfnunargjald.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur haft frv. þetta til athugunar, að vísu mjög skamman tíma. Á fundi nefndarinnar komu fulltrúar ASÍ og BSRB og kynntu nefndinni samþykktir samtaka sinna, sem eru prentaðar sem fylgiskjöl. Auk þess bárust erindi frá Verslunarráði Íslands og Vinnuveitendasambandinu, sem einnig eru birt sem fylgiskjöl.

Hin geysimikla olíuverðshækkun og afleiðing hennar fyrir um það bil fjórðung landsmanna er höfð að yfirskyni fyrir þeirri viðbótarskattheimtu ríkisstjórnarinnar, sem felst í frumvarpi til laga um orkujöfnunargjald og ætlað er að verði 2% viðbótarsöluskattur.

Tekjuauki ríkissjóðs vegna hækkunar á olíu og bensíni á s. l. ári nam milljörðum króna og því eðlilegast að þeim tekjuauka væri varið til þess að auka þann olíustyrk, sem greiddur var og réttmætur þótti.

Þessu er ekki að heilsa, þvert á móti. Þær fjárhæðir, sem úr ríkissjóði voru greiddar, eru felldar niður í fjárlagafrv. og þeim fjárhæðum ráðstafað til að auka rekstrargjöld ríkissjóðs. Ástand það, sem skapast hefur, á að nota til þess að koma fram nýrri skattheimtu til að standa undir olíustyrk, og í leiðinni er ætlunin að afla viðbótartekna í ríkissjóð til greiðslna á öðrum útgjöldum, þ. á m. félagsmálapökkum þeim, sem boðaðir hafa verið.

Undirritaðir nefndarmenn gera sér mjög vel grein fyrir þeim aðstöðumun, sem er hjá landsmönnum eftir því, hvort þeir hafa aðgang að innlendum orkugjöfum eða ekki.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa flutt breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið, sem tryggja eiga greiðslu olíustyrkja að fjárhæð 5 milljarðar króna, eða 25% hærri fjárhæð en ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir. Eru þær tillögur á þá leið, að ekki þarf að koma til nýrrar skattlagningar.

Það er skoðun undirritaðra, að hluta af tekjum ríkissjóðs af innfluttum orkugjöfum beri að nýta til jöfnunar á orkuverði, í stað þess að koma á nýrri skattlagningu, sem verður til að hækka enn útgjöld ríkissjóðs og með því auka þann mikla vanda sem við er að glíma í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar. Við erum því andvígir þessu frumvarpi.

Alþingi, 1. apríl 1980.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Albert Guðmundsson. Sverrir Hermannsson.

Fylgiskjal I.

1. apríl 1980

Á fundi viðræðunefndar Alþýðusambands Íslands í dag var fjallað um þær auknu álögur sem boðaðar eru í formi útsvarshækkunar, hækkunar tekjuskatts og söluskatts. Alþýðusambandið minnir á að þetta gerist á sama tíma og kaupmáttur launa minnkar stöðugt. Aðgerðir stjórnvalda nú hljóta að auka dýrtíðina og rýra almenna kaupgetu. Aðgerðirnar eru þannig síst til þess fallnar að greiða fyrir kjarasamningum og mótmælir viðræðunefndin þeim því harðlega.

Fylgiskjal II.

1. apríl 1980.

Stjórn B.S.R.B. mótmælir þeim starfsaðferðum ríkisstjórnarinnar við undirbúning efnahagsráðstafana að hafa ekki samráð við samtök launafólks um heildarstefnu í þessum málum. Í lögum er gert ráð fyrir samráði við samtök launafólks og slík samráð eru einnig boðuð í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. En engin samráð hafa verið höfð við launþegasamtökin.

Þær nýju stórfelldu álögur á almenning, sem þegar hafa verið samþykktar á Alþingi eða fyrirhugaðar eru samkvæmt stjórnarfrumvörpum, þ. á m. um orkujöfnunargjald, eru olía á verðbólgueldinn, sem enn hlýtur að magnast við gengislækkanir, sem sífellt eru framkvæmdar.

Því mótmælir stjórn B.S.R.B. eindregið þessum nýju álögum.

Fylgiskjal III.

Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Nd. Alþingis.
Hr. Halldór Ásgrímsson, form. 1. apríl 1980.

Í morgun barst skrifstofu Verslunarráðs Íslands beiðni um álit Verslunarráðs Íslands á frumvarpi til laga um orkujöfnunargjald (135. mál.). Var umsagnar óskað fyrir hádegi. Með svo stuttum fyrirvara getur hvorki stjórn né framkvæmdastjórn Verslunarráðsins afgreitt skriflega umsögn um þetta mál, en Verslunarráðið vill engu að síður koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Niðurgreiðsla orkukostnaðar.

Frumvarpið virðist bera með sér, að skattheimta til ríkissjóðs sé megintilgangur þess. Mjög ónákvæmar upplýsingar eru í frumvarpinu um ráðstöfun tekna til greiðslu olíustyrks og til orkumála, og enn meiri ónákvæmni virðist gæta um áætlun umframtekna til ríkissjóðs. Er ráðgert að ríkissjóður afli um sjö milljarða vegna söluskattshækkunarinnar, en 8 milljarðar eru nær lagi fyrir þetta ár. Eitt söluskattsstig virðist því nægja til orkumála. Margt mælir þó gegn niðurgreiðslu orkuverðs:

1. Niðurgreiðsla orkuverðs leiðir til orkusóunar í stað orkusparnaðar, því að dregið er úr hagkvæmni sparnaðar, svo sem að stilla kynditæki og að draga úr óhóflegri og ónauðsynlegri upphitun.
2. Niðurgreiðsla dregur úr áhuga og ávinningi sveitarfélaga til að koma upp kyndistöðvum og að raforka (umframorka) t. d. að næturlagi sé notuð til upphitunar. Einnig verða hitaveituframkvæmdir einstaklinga og sveitarfélaga ekki eins hagkvæmar og annars.
3. Þær fjölskyldur, sem njóta olíustyrks, hafa tilhneigingu til að verða stærri en þær sem njóta hitaveitu, enda er misnotkun alltaf boðið heim með slíkum aðgerðum.

Niðurgreiðsla orkuverðs er því þjóðhagslega óhagkvæm aðgerð, sem gerir annars e. t. v. tímabundinn orkuvanda varanlegri.

Hækkun söluskatts.

Varðandi hækkun söluskatts úr 22% í 24% er rétt að benda á eftirfarandi:

1. Þótt hækkun söluskatts sé gefið sérstakt heiti, sem gefur til kynna tímabundinn skatt, er skattheimtan ráðgerð til frambúðar, enda vandinn, sem leysa á, gerður varanlegur.
2. Á örfáum mánuðum hefur söluskattur þá hækkað um 20%, úr 20% í 24%. Fyrir þá hækkun, sem varð í september s. l., var skatturinn þó orðinn óæskilega hár.

Er sennilegt að söluskattur innheimtist nú verr en áður, enda er það beinn hvati til skattsvika að ákveða söluskatt ⅓ vöruverðs.

3. Tímasetning gildistöku veldur mjög aukinni vinnu fyrir söluskattsgreiðendur, og sennilegt er, að mörg fyrirtæki verði að taka þessa hækkun skattsins að töluverðu leyti á sig, þar sem endurverðmerking vörubirgða svarar ekki kostnaði auk þess sem starfsfólk er vart fáanlegt til slíkrar vinnu á þessum tíma.
4. Hækkun söluskattsins hlýtur að kippa enn frekar en verið hefur fótunum undan ýmissi atvinnustarfsemi, svo sem minni háttar prentun, fjölritun, viðhaldi o. þ. h., sem sjálfstæð fyrirtæki verða að selja með söluskatti, en það leiðir til þess, að fyrirtæki og einstaklingar kaupa ekki þessa þjónustu, heldur inna hana sjálf af hendi.
5. Loks má nefna, að löngu er nauðsynlegt orðið að breyta innheimtu söluskatts, þegar um afborgunar- og lánsviðskipti er að ræða, og miða söluskattsskylduna við móttöku greiðslu í stað afhendingar. Í lánsviðskiptum við ríkissjóð er þessi framkvæmd einstakt óréttlæti, þegar ríkissjóður dregur greiðslu reikninga mánuðum saman og neitar greiðslu dráttarvaxta, en beitir hörðustu aðgerðum við eigin innheimtu.

Hér að framan hefur verið sýnt fram á að niðurgreiðsla orkukostnaðar er þjóðhagslega óhagkvæm og fjármögnunarleiðin ámælisverð. Að lokum er rétt að undirstrika, að þessi skatthækkun til viðbótar, öðrum þeim skattahækkunum, sem nú eru ráðgerðar, auðveldar ekki gerð nýrra kjarasamninga, sérstaklega þar sem sú verðlagshækkun, sem söluskattshækkunin veldur, verður að mestu óbætt í launum hjá stærstum hluta launþega.

Með virðingu,

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Árni Árnason, framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal IV.

Reykjavík, 1. apríl 1980.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS.

Til fjárhags- og viðskiptanefnda Alþingis,
Alþingishúsinu,
Reykjavík.

Athugasemdir Vinnuveitendasambands Íslands vegna frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og frv. til laga um orkujöfnunargjald:

Samkvæmt frv. til l. um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og nýsamþykktum lögum um hækkun útsvars yrði hæsti jaðarskattur einstaklinga um 65%. Vinnuveitendasambandið telur að svo hátt hlutfall kunni að hafa þær afleiðingar að úr atvinnuþátttöku dragi til tjóns fyrir atvinnulífið og þjóðina í heild.

Varðandi tekjuskatt lögaðila vill Vinnuveitendasambandið minna á að í vetur voru samþykktar á Alþingi grundvallarbreytingar á ákvæðum um tekjuskattsstofn í rekstri. Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir að tekjuskattshlutfall verði óbreytt frá álagningu 1979, og telur Vinnuveitendasambandið sýnt að álögur á atvinnulífið muni því stóraukast. Á sama tíma er stefnt að því að þrengja verulega að fyrirtækjum á öðrum sviðum í þeim tilgangi að draga úr verðbólgu. Vinnuveitendasamband Íslands telur að eins og nú háttar geti atvinnulífið ekki tekið á sig auknar byrðar að þessu leyti.

Þrátt fyrir lækkun eignarskattshlutfalls lögaðila er ljóst að eignarskattur mun stórhækka vegna ákvæða um endurmat í nýsamþykktum skattalögum. Auk þess er eignarskattur ekki lengur frádráttarbær við álagningu tekjuskatts skv. frumvarpinu.

Í heild mun frumvarpið, ef að lögum verður, leggja verulega auknar byrðar á atvinnulífið nú, þegar síst skyldi, og varar Vinnuveitendasambandið við afleiðingum af því.

Að því er varðar frv. til l. um orkujöfnunargjald, sem felur í sér 9% hækkun söluskatts, vill Vinnuveitendasambandið taka fram, að með því er beinlínis verið að magna verðbólguna. Jafnframt mun þessi aðgerð auka kostnað atvinnufyrirtækja og þrengja kost þeirra. Augljóst má vera að sérhvert skref í þá veru getur haft alvarlegar afleiðingar við núverandi aðstæður.

Sérstök ástæða er til þess að brýna fyrir Alþingi að allar þessar skattahækkunarráðstafanir geta valdið miklum erfiðleikum við þá endurnýjun kjarasamninga sem nú stendur fyrir dyrum. Að því hefur verið stefnt, að nýir kjarasamningar leiddu ekki til aukinnar verðbólgu. Skattahækkanirnar ganga því þvert á ríkjandi stefnu í launamálum og eru í algjörri mótsögn við þau markmið sem sett hafa verið í þeim efnum. Verðbólguáhrif þessara ráðstafana gætu af þeim sökum orðið miklu meiri en þegar má sjá fyrir. Í ljósi þessara aðstæðna mótmælir Vinnuveitendasambandið þessum ráðstöfunum harðlega.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Pálsson.

Nd. 280. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til laga um orkujöfnunargjald.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frv. þetta á tveimur fundum og fengið til fundar við sig fulltrúa Þjóðhagsstofnunar, A.S.Í. og B.S.R.B., og er afstaða þeirra tveggja síðartöldu prentuð sem fylgiskjal hér með og undir það tekið.

Efni frv. er hækkun söluskatts um 2%, eða úr 22% í 24%, og er hluta þeirra tekna, sem þessi skattheimta mun skila, ætlað að renna til greiðslu olíustyrks til jöfnunar á upphitunarkostnaði.

Gert er ráð fyrir að tekjuöflun þessi muni skila ríkissjóði 8000—9000 millj. kr. á yfirstandandi ári, en aðeins 4000 millj. kr. verði varið til jöfnunar upphitunarkostnaðar. Það, sem umfram þá upphæð er, gerir frv. ráð fyrir að renni í ríkissjóð. Hér er því um að ræða að hæstv. ríkisstjórn ætlar samkvæmt frv. að afla um helmingi meiri tekna en frv. gerir ráð fyrir að notaðar verði til jöfnunar þess gífurlega mismunar, sem landsmenn búa við varðandi upphitunarkostnað.

Hér á því að nota það neyðarástand, sem ríkir á olíusvæðum svonefndum, til stóraukinnar skattheimtu, sem renna á í ríkissjóðshítina.

Alþýðuflokkurinn hefur marglýst því yfir, að þeim gífurlegu byrðum, sem á íbúum olíusvæðanna hvíla, beri af þeim að létta. Alþýðuflokkurinn lítur svo á að sá gífurlegi aðstöðumunur, sem við blasir milli landsmanna vegna upphitunarkostnaðarins, sé eitt mesta ranglæti sem nú er við að glíma í íslensku þjóðlífi, mál sem beri að leysa með fjárframlagi úr sameiginlegum sjóði landsmanna.

Í samræmi við þessa skoðun Alþýðuflokksins hefur þingflokkur hans borið fram bæði við 2. og 3. umræðu fjárlaga tillögur til að jafna þennan mun án þess að til nýrrar skattheimtu á landsmenn komi. Vísast í því sambandi til prentaðs fylgiskjals með þessu nefndaráliti.

Við 2. umræðu fjárlaga var þessi tillaga Alþýðuflokksins felld hér á Alþingi af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar. Við 3. umræðu fjárlaga er þess enn freistað af hálfu Alþýðuflokksins að fá samstöðu um lausn þessa sjálfsagða réttlætismáls, án

þess að til stórkostlegrar nýrrar skattheimtu á landsmenn komi. Fari svo mót von Alþýðuflokksins við atkvæðagreiðslu við 3. umræðu fjárlaga, að stjórnarliðar hafni þeirri sjálfsögðu og eðlilegu leið til lausnar þessum vanda, sem Alþýðuflokkurinn telur að fara eigi, er ljóst, að meiri hluti hér á Alþingi ber ekki fyrir brjósti hag þeirra, sem í þessu máli bera þyngstar byrðar, heldur séu stjórnarliðar með þessu frv. að nota sér það neyðarástand, sem hjá íbúum olíusvæðanna ríkir, til beinnar skattheimtu fyrir ríkissjóð.

Alþýðuflokkurinn hafnar alfarið að taka þátt í þeim leik stjórnarliða hér á Alþingi.

Með hliðsjón af framansögðu og í ljósi þeirrar stórauknu skattheimtu á landsmenn, sem núverandi ríkisstjórn hefur þegar staðið að framkvæmd á, leggur undirritaður til að frv. þetta um stórhækkun söluskatts að tilefnislausu verði fellt, en fé til verðjöfnunar á kyndingarkostnaði fengið eftir þeirri leið, sem Alþýðuflokkurinn hefur lagt til að farin verði til lausnar þeim vanda, sem ríkisstjórnin hefur að yfirvarpi við flutning þessa frv.

Alþingi, 1. apríl 1980.

Karvel Pálmason.

Fylgiskjal A.

1. apríl 1980

Ályktun A. S. Í.

Á fundi viðræðunefndar Alþýðusambands Íslands í dag var fjallað um þær auknu álögur sem boðaðar eru í formi útsvarshækkunar, hækkunar tekjuskatts og söluskatts. Alþýðusambandið minnir á að þetta gerist á sama tíma og kaupmáttur launa minnkar stöðugt. Aðgerðir stjórnvalda nú hljóta að auka dýrtíðina og rýra almenna kaupgetu. Aðgerðirnar eru þannig síst til þess fallnar að greiða fyrir kjarasamningum og mótmælir viðræðunefndin þeim því harðlega.

Fylgiskjal B.

1. apríl 1980.

Ályktun B. S. R. B.

Stjórn B.S.R.B. mótmælir þeim starfsaðferðum ríkisstjórnarinnar við undirbúning efnahagsráðstafana að hafa ekki samráð við samtök launafólks um heildarstefnu í þessum málum. Í lögum er gert ráð fyrir samráði við samtök launafólks og slík samráð eru einnig boðuð í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. En engin samráð hafa verið höfð við launþegasamtökin.

Þær nýju stórfelldu álögur á almenning, sem þegar hafa verið samþykktar á Alþingi eða fyrirhugaðar eru samkvæmt stjórnarfrumvörpum, þ. á m. um orkujöfnunargjald, eru olía á verðbólgueldinn, sem enn hlýtur að magnast við gengislækkanir, sem sífellt eru framkvæmdar.

Því mótmælir stjórn B.S.R.B. eindregið þessum nýju álögum.

Fylgiskjal C.

Yfirlit yfir breytingar á fjárlagafrumvarpi 1980 skv. tillögum Eiðs Guðnasonar.

Sparnaður og tekjuöflun:	Frv. ríkisstj. þús. kr.	Breyting þús. kr.
Byggðasjóður (÷20%)	2 635 000	527 000
Lánasj. ísl. námsmanna (lækkun)	5 394 887	2 120 000
Jarðrækt (÷20%)	1 860 000	372 000
Framræsla (÷20%)	385 000	77 000
Útflutningsbætur (÷10%)	8 400 000	840 000
Háskóli (lækkun)	122 603	100 000
Niðurgreiðslur (lækkun)	24 400 000	3 400 000
Útgjöld skv. sérstökum heimildarlögum og öðrum lögum (lækkun)	550 000	300 000
Óviss útgjöld fjármálaráðuneytis (lækkun)	810 000	500 000
1% sparnaður í launum og öðrum rekstrargjöldum hins opinbera	117 011 000	1 130 000
Hækkun á hagnaði ÁTVR til samræmis við launahækkanir	24 000 000	2 000 000
Hækkun á tekjuskatti félaga	10 000 000	850 000
		12 246 000

Tekjuskattslækkun og útgjöld vegna olíustyrks og húsnæðismála:

	Frv. ríkisstj. Þús. kr.	Breyting Þús. kr.
Til lækkunar á tekjuskatti einstaklinga	38 200 000	7 200 000
Til jöfnunar á hitunarkostnaði	0	4 000 000
Til félagslegra aðgerða í húsnæðismálum	0	1 000 000
		12 000 000
Til lækkunar á skuld ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands kr. Greiðsluafgangur lækki sem þeirri upphæð nemur.	1 700 000	

Athugasemdir.

Tillögur fulltrúa Alþýðuflokksins til breytinga á fjárlagafrumvarpi ársins 1980 miðast við að tekjuskattur einstaklinga lækki um 7.2 milljarða til samræmis við fyrri tillögur Alþýðuflokks. Til jöfnunar á upphitunarkostnaði komi 4 milljarðar, en ekki er gert ráð fyrir neinni fjárveitingu til þess verkefnis í fyrirliggjandi frumvarpi. Þá skal einum milljarði króna varið til félagslegra aðgerða á sviði húsnæðis- og dagvistarmála.

Til að mæta þessum útgjöldum, án þess að til nýrrar skattlagningar á einstaklinga komi, er miðað við, að framlög til Byggðasjóðs, jarðræktar og framræslu skerðist til samræmis við lækkun framlaga til fjárfestingarsjóða. Niðurgreiðslur og útflutningsbætur lækki til samræmis við það, sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnar Alþýðuflokksins, og framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna hækki milli ára aðeins sem nemur þeim verðlagsbreytingum, er ráð er fyrir gert í fjárlagafrumvarpi (46.5%). Útgjöld vegna Háskóla eru lækkuð þar sem þar fer nú engin kennsla fram. Þá eru óviss útgjöld fjármálaráðuneytis og útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum lækkuð nokkuð.

Hagnaður ÁTVR er hækkaður til jafns við ráðgerðar launahækkanir fjárlagafrumvarps. Tekjuskattur félaga er hækkaður til samræmis við áætlun fjárlagafrumvarps Alþýðuflokks, og gert er ráð fyrir sparnaði í launum og rekstrargjöldum ríkisins er nemi 1% eða 1 130 milljónum króna.

Eiður Guðnason.

Fylgiskjal D.

Tillögur Alþýðuflokksins við þriðju umræðu fjárlaga.

Efnislegt yfirlit.

	Þús. kr.
Til jöfnunar upphitunarkostnaðar íbúðarhúsnæðis (nýr liður)	4 000 000
Sérstök lánveiting til orkusparandi breytinga á íbúðarhúsnæði (nýr liður)	500 000
Sparnaður:	
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir lækki um	600 000
Sparnaður í launum og öðrum rekstrargjöldum ríkisins (ca ½%)	500 000
Niðurgreiðslur á vöruverði lækki um	3 000 000
Óviss útgjöld (fjármálaráðuneyti) lækki um	400 000

Nd. 281. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 1. febr. 1980, um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur haft mjög lítinn tíma til þess að fjalla um þetta frumvarp.

Frv. var lagt fram síðla dags í gær og tekið til 1. umræðu seint í gærkvöld. Að kröfu okkar voru boðaðir á fund nefndarinnar oddamaður yfirnefndar Verðlagsráðs sjávarútvegsins, Jón Sigurðsson forstjóri Þjóðhagsstofnunar, og Ingólfur Ingólfsson fulltrúi sjómanna í Verðlagsráðinu, og svöruðu þeir allmörgum fyrirspurnum nefndarmanna.

Fulltrúi sjómanna sagði, að sjávarútvegsráðherra hefði ekkert samráð haft við sjómannasamtökin allan þann tíma sem stóð á því að fiskverð yrði ákveðið. Í máli hans kom fram, að krafa sjómannasamtakanna var, að fiskverð hækkaði um 6.67%, eins og uppbætur á laun frá 1. mars s. l. til almennra launþega í landinu. Þegar séð var að ekki reyndist unnt að ná fram þessari eðlilegu hækkun á fiskverði til sjómanna, tók fulltrúi þeirra þá afstöðu að sitja hjá við afgreiðslu á tillögu oddamanns yfirnefndar um 4% hækkun fiskverðs til þess að eiga ekki á hættu að afgreiðsla málsins drægist lengur en þegar var orðið. Hann var skiljanlega mjög óánægður með hve skammt var komið til móts við kröfur sjómanna frá hendi ríkisstjórnarinnar. Fulltrúi sjómanna tók jafnframt fram, að hann gerði ekki kröfu um lækkun olíugjalds umfram það sem gert var samkomulag um í janúarmánuði milli allra aðila, sem um fiskverð fjalla, og stjórnvalda, sem Alþingi lögfesti með samhljóða atkv. þingmanna 23. jan. s. l. Í þeim lögum er gert ráð fyrir að fiskkaupendur greiði útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olíugjald er nemi 5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Þessi lög tóku þegar gildi, og ákvæði þeirra skulu taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka ársins 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmnna komi sér saman um önnur hlutaskipti. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að lækka olíugjald úr 5% í 2½%, og jafnframt eru í frv. þau furðulegu ákvæði að 2½% olíugjald

skuli taka gildi frá 1. mars 1980 til loka ársins 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti. Með öðrum orðum á þetta frumvarp, ef að lögum verður, að ógilda ákvæði gildandi laga frá og með 1. mars, og er ólíklegt að slík ákvæði um afturvirkni fái staðist.

Við teljum að ekkert réttlæti það að svíkja þau fyrirheit, sem um var samið um olíugjald í byrjun þessa árs, nema samningar náist um slíkar breytingar. Olíuverð á gasolíu er kr. 155.25 á lítra, það sama og í desember s. l.

Með þessu frv. er verið að kippa grundvellinum undan rekstri útgerðar, sem við teljum vítavert og verða til þess að stórauka vanda sem ríkisstjórnin kemur til með að standa frammi fyrir þegar ákvörðun þarf að taka um nýtt fiskverð fyrir 1. júní n. k.

Vandi fiskvinnslunnar er mikill og vanhugsaðar fullyrðingar m. a. forsætisráðherra um stöðu fiskvinnslunnar hafa tafið úrbætur í þessum efnum. Með verðbólguaðgerðum ríkisstjórnarinnar stefnir hún til gengisfellingar, sem raunar er að nokkru hafin.

Við sjálfstæðismenn teljum nauðsynlegt að lækka kostnað við rekstur fiskvinnslu sem og annarra atvinnugreina og gera útflutningsatvinnuvegum okkar fært að standast samkeppni keppinauta okkar á erlendum mörkuðum.

Við teljum því óeðlilegt að gera, eins og nú standa sakir, breytingar á gildandi olíugjaldi og leggjum til að frv. verði fellt.

Alþingi, 1. apríl 1980.

Matthías Bjarnason, frsm. Pétur Sigurðsson. Halldór Blöndal.

Ed. 282. Lög [122. mál]

um breyting á lögum nr. 62 31. maí 1979, um landflutningasjóð.

(Afgr. frá Ed. 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 205.

Ed. 283. Lög [80. mál]

um breyting á lögum nr. 49 16. maí 1974, um Lífeyrissjóð sjómanna.

(Afgr. frá Ed. 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 222.

Ed. 284. Lög [49. mál]

um breyting á lögum nr. 115 30. des. 1978, sbr. lög nr. 70 31. des. 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. des. 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgr. frá Ed. 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 257.

Sþ. 285. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um almenna stefnumörkun í menningarmálum.

Flm.: Helgi Seljan, Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir gerð almennrar stefnumörkunar í menningarmálum í því skyni að jafnt atvinnu- sem áhugamennska í þessum efnum hafi við ákveðnari viðmiðun að styðjast frá hálfu ríkisvaldsins, ekki síst varðandi einstök menningarleg átök, viss forgangsverkefni, sem útundan hafa orðið, og aukna tryggingu fyrir eðlilegum, skipulegum fjárhagsstuðningi við alhliða menningarstarfsemi. Í því efni þarf að kanna sem best allar mögulegar leiðir, beinar sem óbeinar, til aðstoðar áhugafélögum á hinum ýmsu sviðum listsköpunar. Sömuleiðis hvernig best megi auka stuðning hins opinbera við íslenska menningarstarfsemi með beinum fjárframlögum, niðurfellingu ýmissa tolla og skatta og með öðrum örvandi áhrifum.

Greinargerð.

Á 100. löggjafarþingi spurði fyrri flm. þessarar þingsályktunartillögu þáv. menntamálaráðherra, Ragnar Arnalds, á fundi sameinaðs þings, hvort vænta mætti af hálfu stjórnvalda ákveðinnar stefnumörkunar í menningarmálum, svo sem víðast gildir í nálægum löndum. Málinu var jákvætt tekið, það vakti athygli og talsverðar umræður, en í svari ráðherra kom ekki fram neitt ákveðið loforð í þessum efnum.

Í málefnasamningi núv. ríkisstjórnar er margt jákvætt að finna varðandi aukinn stuðning við menningarmál án þess að um beina stefnumörkun í heild sé að ræða. Því vilja flm. nú koma beint inn á þessi mál með flutningi þáltill. um stefnumörkun.

Það er ljóst, að nágrannaþjóðir okkar hafa ekki að ástæðulausu markað ákveðna rammastefnu í menningarmálum.

Fyrir fjárveitingavaldið er þar um vissa nauðsyn að ræða, svo ekki ráði þar handahóf um of, svo sem viljað hefur við brenna. Ákveðinn ramma er þar áreiðanlega hollt að hafa. Fyrir hina ýmsu menningaraðila er þetta þó enn brýnna, enda hafa þeir aðilar mjög knúið á um þessa skipan mála í nálægum löndum.

Til að gera frekari rökstuðning enn ljósari frá báðum hliðum hafa flm. fengið Helgu Hjörvar framkvæmdastjóra Bandalags ísl. leikfélaga sem forsvarsaðila áhugafólks og Njörð P. Njarðvík lektor sem forsvarsaðila atvinnufólks til að leggja meginefnið til í þessa greinargerð. Njörður hefur sérstaklega kannað fjárhagshliðina séð frá ýmsum sjónarhornum okkar gróskumiklu menningarstarfsemi.

Helga Hjörvar segir svo — aðeins það helsta tekið, en annað tíundað í framsögu:

Íslensk menning er hornsteinn íslensks þjóðfélags, það sem gerir okkur þessar rúmlega 200 þúsund sálir að sérstakri þjóð, magnar okkur til öflugri átaka en værum við íbúar sæmilega stórs bæjar í milljónaþjóðfélagi. Þess vegna hlýtur að verða að búa vel að íslenskri menningu og það ekki síður nauðsynlegt en að gera áætlanir um atvinnuuppbyggingu og virkjunarframkvæmdir, svo eitthvað sé nefnt. En á þessu sviði hefur skort stefnumörkun, nema þá stefnumörkun sem felst í fjárveitingum til hinna ýmsu þátta menningarlífsins, og er þá hætt við að ýmsir þrýstihópar ráði í reynd meiru um stefnumótunina en æskilegt er.

Þar sem ýmsir virðast álíta að með stefnumörkun sé átt við pólitíska einstefnu eða einhverjar tilteknar stefnur í listum, er ástæða til að taka fram að hér er um að ræða heildarstefnumörkun, þar sem hugsanlega sé áhersla lögð á einhver forgangsverkefni hverju sinni. Má í því sambandi minna á að nú á síðustu árum hefur farið fram endurskoðun á menningarmálastefnu hinna ýmsu Norðurlanda, og einnig má í því sambandi nefna alheimsráðstefnu UNESCO í Tokyo 1972: „Um alla ævina að mennta sig", IULA (International Union of Local Authorities) ráðstefnu í Louisiana 1973 um tómstundir og menningu: „The Age of Culture", og ráðstefnu menntamálaráðherra Evrópuráðsins í Osló 1976 um: „Hina nýju menningarstefnu".

Hinar jákvæðu viðræður á þessum ráðstefnum hafa nú þegar sett spor sín í löggjöf meðlimaríkjanna og menningarpólitík. Það má nefna hluti eins og það: Að vinna gegn miðstýringu. Að frumkvæði komi frá fólkinu sjálfu á hverjum stað. Að vinna gegn útþynningu á listum. Að tryggja rétt einstaklingsins eða minnihlutahópa til að tjá sig. Að stefna í menningarmálum almennt skuli taka mið af menningarsjónarmiðum. Að allir þurfi á sem fjölbreytilegastan hátt að taka þátt í menningarlífinu í gegnum ný félagsleg og menningarleg sjónarmið.

Í þessu sambandi þarf að huga að eðlilegri tengingu við erlenda menningarstrauma og hnýta enn betur menningartengsl við Norðurlönd og önnur lönd. Ísland hefur þá sérstöðu, að þar er enn lifandi þátttaka fólks, einkanlega úti á landi, í listrænu sköpunarstarfi, og vekur leiklistarstarfsemi áhugaleikfélaganna þar athygli vegna þeirrar grósku sem þar ríkir, en einnig má benda á starfsemi kóra og nú á tímum einnig vaxandi starfsemi áhugamyndlistarmanna. Í mörgum löndum hefur fyrst þurft að vekja upp þessa starfsemi, áður en hægt var að fara að skipuleggja hana og veita til hennar fjármagni. Einnig verður ósjálfrátt hugsað til uppbyggingar tónmenntunar í landinu og hvaða árangri sú stefna hefur skilað í aukinni tónlistariðkun eða neyslu. Ekki má gleyma því, að með stefnumörkun á þessu sviði er líklegt að þeir fjármunir, er til þessara verkefna er varið, muni nýtast mun betur en nú er.

Hér lýkur tilvitnun í rökstuðning Helgu Hjörvar, en aðeins á það lögð áhersla, að lifandi þátttaka fólks í menningarviðleitni og menningarsköpun er ekki aðeins ein besta leiðin til lífsfyllingar hvers einstaklings, heldur um leið ein öruggasta leiðin til varðveislu íslenskrar menningarhefðar almennt

Njörður P. Njarðvík segir svo orðrétt um fjárframlögin til menningarmála og einstaka þætti þar. Um prósentutölur má að sjálfsögðu deila og hafa flm. þar um vissan fyrirvara.

„Að undanförnu hefur allmikið verið rætt um hversu lítill stuðningur íslenska ríkisins við menningarstarfsemi væri í raun og veru. Af þeim sökum ber að fagna ákvæðum í stjórnarsáttmálanum þar sem rætt er um að „efla menningarstarfsemi" og að „auknar verði á kjörtímabilinu fjárveitingar til menningarmála". Í fyrsta fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er hækkun þessara liða þó mjög óveruleg. Ef borið er saman fjárlagafrumvarp Tómasar Árnasonar og núverandi ríkisstjórnar kemur til dæmis í ljós að framlög til lista og listtúlkunar hækka að visu um 279 744 000 kr., en miðað við heildarútgjöld ríkisins er hækkunin úr 0.46% í liðlega 0.52% eða aðeins um 0.06%. Við þetta bætist að oft er aukin fjárveiting í raun engin hækkun, heldur gerir einungis að halda í horfinu. Þannig er t. d. um Launasjóð rithöfunda sem hækkar í fjárlögum í ár í kr. 114 473 000 úr kr. 77 302 000 í fyrra. Þetta sýnist vera allnokkur hækkun, en nemur í raun 290 mánaðarlaunum bæði árin. Raunveruleg aukning er því engin. Svipuðu máli gegnir um allflesta liði fjárlagafrumvarpsins er heyra undir menningarmál. Þegar best lætur gera þeir ekki

meira en rétt halda í við verðbólguþróunina, en í flestum tilvikum sígur æ meir á ógæfuhlið. Í þessum efnum dugir ekki að horfa aðeins á fjárlög liðins árs, heldur verður einnig að hafa í huga að vinna þarf upp margra ára vanrækslu, þar sem mjög hefur tíðkast að láta fjárstuðning við menningarmál standa óbreyttan að krónutölu þrátt fyrir gífurlega verðbólgu. Sem dæmi af þessu tagi má nefna að fjárstyrkur ríkisins til Listahátíðar hefur verið óbreyttur að krónutölu allt frá árinu 1974, 3.3 millj. kr., en ætti samkvæmt núgildandi verðlagi að vera meira en 20 milljónir. Í þessum málaflokki er ekki um svo háar fjárhæðir að ræða, að íslenska ríkinu ætti að vera vorkunnarlaust að gera myndarlegt átak.

Þótt í fjárlögum sé nú gert ráð fyrir 1 746 milljónum til lista og listtúlkunar, þá er vitað mál að í raun er styrkur ríkisins alls enginn. Það skýrist af því að tekjur ríkisins vegna söluskatts af bókum íslenskra rithöfunda og þýðenda og tollar og skattar af efnum og tækjum til listsköpunar námu í fyrra trúlega sömu fjárhæð og stendur þannig ríkið í raun og veru í beinni fjárhagslegri skuld við listamenn. Slíkt ástand getur ekki verið réttlætanlegt, og þess vegna ber brýna nauðsyn til að endurskoða tollskrá og söluskattslög með það fyrir augum að auðvelda mönnum listsköpun fjárhagslega og stuðla um leið að lægra verði á bókum og öðru því er til listneyslu telst.

Í sambandi við menningarmál verður ekki hjá því komist að víkja sérstaklega að fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins. Vegna þess að afnotagjöld hafa áhrif á vísitölu hefur lengi verið staðið gegn því, að þau hækkuðu til jafns við almennt verðlag í landinu, svo að afkomu Ríkisútvarpsins hefur farið síhrakandi. Auk þess hefur verið komið í veg fyrir að Ríkisútvarpið nyti þeirra tolltekna af innfluttum sjónvarpstækjum sem gert hefur verið ráð fyrir. Allt þetta hefur orðið til þess að koma í veg fyrir að Ríkisútvarpið næði að þróast með eðlilegum hætti. Það hefur meira að segja verið hindrað að hafist væri handa um byggingu nýs útvarpshúss, þótt samþykktir lægju fyrir. Þetta er þeim mun alvarlegra sem Ríkisútvarpið er eini fjölmiðill landsins sem nær til landsmanna allra, alla daga vikunnar árið um kring. Það er mesti fréttamiðill Íslendinga, stærsti hljómleikasalur, mikilvirkasta leikhúsið, og þannig mætti lengja telja. Því verður nú að gera þá kröfu að fjársvelti sé létt af Ríkisútvarpinu og því leyft að njóta sín og sýna hvað raunverulega í því býr sem menningartæki fyrir landsmenn alla og þá ekki síst fyrir landsbyggðarfólk.

Svo minnst sé á landsbyggðina, þá sker það í augu í fjárlagafrumvarpinu að af þeim 1 746 milljónum, sem ætlaðar eru til lista og listtúlkunar, fara nær 1 100 milljónir til tveggja stofnana í Reykjavík, Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þetta er ekki nefnt af því að þessar stofnanir séu ofhaldnar eða gegni ekki vel sínu hlutverki. Á því er enginn efi. En það sýnir hversu aðrir liðir verða litlir.

Ef við viljum að byggð haldist um allt landið, þá er aðstaða til menningarlífs að sjálfsögðu snar þáttur, engu síður en það er ein af forsendum fyrir tilvist þjóðarinnar í heild. Hins vegar er nauðsynlegt að fylgja eftir því átaki sem gert hefur verið í félagsheimilamálum. Það þarf að efla starfsemi þessara húsa enn betur en gert hefur verið. Í því sambandi er rétt að minna á að samtök listamanna hafa um skeið barist fyrir að sett yrði á stofn einhvers konar listdreifingarmiðstöð sem hefði það hlutverk að gefa fólki um land allt kost á því að njóta listar og annarrar menningarstarfsemi í heimabyggð sinni í mun ríkara mæli en nú er gerlegt. Jafnframt mundi slík starfsemi veita listamönnum aukna atvinnu og um leið gera þeim kleift að koma list sinni á framfæri víðar og á fjölbreyttari hátt en áður hefur tíðkast.

Það er í stuttu máli skoðun mín að gerbreyta þurfi afstöðu ríkisvaldsins til menningarstarfsemi. Íslensk menning er eitt lífakkeri þessarar þjóðar sem brýnt er að efla stórlega frá því sem nú er gert. Menningarverðmæti verða ekki alltaf vegin

og metin á fjárhagsgrundvelli. En þau eru jafnan talinn mælikvarði um andlega reisn hverrar þjóðar. Við Íslendingar höfum löngum miklast af því að vera menningarþjóð, og það viljum við vera. Íslensk menning má ekki verða minningin ein. Hún þarf að vera síung, og til þess að svo megi verða þarf að hlúa vel að henni. Í raun og veru höfum við ekki efni á öðru sem þjóð en snúa við blaðinu og hefja íslenska menningu til vegs með myndarlegum stuðningi í stað þess að gera hana að hornreku í fjárlögum okkar eins og nú hefur verið of lengi."

Við þessi lokaorð Njarðar er í raun engu að bæta, enda verða málinu í heild gerð nánari skil í framsögu og þar m. a. getið þess helsta sem frændþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa gert í þessum efnum.

Ed. 286. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málsliður er verði 2. málsliður og orðist svo:

Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður af sparifé, sem frádráttarbær er frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt til að taka af tvímæli um að skattfrjálsar vaxtatekjur (í merkingu 8. gr. skattalaga) af sparifé skerði ekki fjárhæð tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega. Með hinum nýju tekjuskattslögum er framtalsskylda tekna af sparifé aukin án þess að um sé að ræða verulega breytingu á eldri ákvæðum um skattfrelsi þeirra. Óljós ákvæði í lögum hafa valdið óvissu um hvort breyting þessi hefði áhrif á tekjutryggingu, en af gildandi lögum verður reyndar helst ráðið að vaxtatekjur geti einmitt skert tekjutryggingu. Hér eru tekin af tvímæli um þetta efni og skýrt tekið fram, að tekjutrygging skerðist ekki af vaxtatekjum.

Ed. **287. Frumvarp til laga** [141. mál]

um breyting á lögum nr. 11 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason.

1. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, 12. gr., sem hljóði svo:

Þegar fasteign er tekin eignarnámi skal miða fjárhæð eignarnámsbóta við þá notkun, sem fasteign er í, þegar beiðni um eignarnámsmat hefur borist matsnefnd, sbr. 4. gr.

Til grundvallar eignarnámsbótum skal leggja söluverðmæti fasteignar og við mat á því skal hafa söluverðmæti hliðstæðra fasteigna í viðkomandi landsfjórðungi eða landshluta. Verði því ekki við komið eða notagildi fasteignar fyrir eignarnámsþola nemur meiru, skal miða eignarnámsbætur við það.

Að öðru leyti skal gæta eftirfarandi meginsjónarmiða við mat á bótum vegna eignarnáms fasteigna:

1. Við bótaákvörðun skal taka tillit til breytinga á notkun eignar sem eðlilegt er að reikna með eftir aðstæðum á staðnum, en með hliðsjón af þeirri starfsemi eða þeim tilgangi, sem notkun eignarinnar hefur verið tengd.
2. Ekki skal taka tillit til möguleika á verðhækkun eignar í framtíðinni.
3. Ekki skal heldur taka tillit til þess, hversu mikið eignarnemi hefði vegna hinna sérstöku þarfa sinna verið reiðubúinn til að greiða fyrir eignina, ef eignarnámsheimild hefði ekki verið fyrir hendi.
4. Ekki skal meta verðbreytingar, sem leiðir af tilgangi eða markmiði eignarnámstökunnar, né heldur af framkvæmdum eða starfsemi, hvorki þegar gerðum né fyrirhuguðum, sem eru í tengslum við eignarnámstökuna.

2. gr.

12. til 19. gr. laganna verði 13. til 20. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þessa dagana er bújörðin Fífuhvammur í Kópavogi auglýst til sölu og yfirlýst af hálfu eigenda að hæfilegt verð að þeirra dómi sé um 1 milljarður króna. Jafnframt er upplýst að fasteignamat sé um 885 millj. kr. Í Dagblaðinu var sagt frá því nýlega sem frétt, að hugsanlega mundi Reykjavíkurborg gera tilboð í eignina.

Engum dettur í hug að svo blómlegt búskaparlag sé í Fífuhvammi eða að landeigandi hafi hýst jörðina svo vel, að hún sé 800—1000 milljóna króna virði. Hliðstæð jörð með húsum í Stafholtstungum, Skútustaðahreppi eða á Barðaströndinni fengist fyrir lítið brot af þessu verði. Skýringin á þessum verðmismun liggur ekki í framtaki eða atorku ábúandans. Hún liggur í því, að fyrir framtak fjölda annars fólks og atorku hefur risið þéttbýli í Kópavogi og nærtækt land fyrir frekari þróun þéttbýlisins þar er m. a. í landi Fífuhvamms. Hliðstæða sögu um okurverð á landi má finna víðs vegar um landið, t. d. á Eskifirði og í Keflavík, svo dæmi séu nefnd. Þéttbýlissveitarfélögin standa þannig frammi fyrir því að eðlilegur viðgangur þeirra og vöxtur sé kyrktur með afarkjörum á nærtæku landi, og stendur þá verðlagning

landsins ekki í neinu samhengi við afrakstur þess til verandi nota, heldur hugsanlegt verðmæti til lóðaúthlutunar.

Þær reglur, sem í gildi hafa verið við ákvörðun eignarnámsbóta og fasteignamats, hafa rennt stoðum undir þetta óréttlæti og komið ýmsum sveitarfélögum í óbærilega aðstöðu, þar sem þær grundvallast á svonefndu markaðsverði. Landeigandi skákar þannig í því skjóli þeirrar aðferðar sem beitt er við eignarnámsmat fyrir opinbera tilstuðlan. Með þessu móti geta fjársterkir aðilar ráðið byggðaþróun. Og skv. þeim hugmyndum, sem kynntar eru í tilvitnaðri frétt Dagblaðsins hér að framan, gætu fjársterk sveitarfélög keypt upp land í umdæmi fjárvana sveitarfélaga. Spyrja má, hvort þessi háttur geti leitt til þess, að Hafnarfjarðarbær stundi lóðabrask á Siglufirði, Húsavík á Reyðarfirði og Akureyri á Selfossi, úr því að hugleitt er að Reykjavík kaupi land í Kópavogskaupstað.

Hér er vitaskuld fetuð röng braut. Allir sanngjarnir menn vilja auðvitað að við eignarnám sé hverjum og einum umbunað fyrir það sem frá honum er tekið. En sú umbun á að fara fram úr þeim afrakstri sem hann hefði haft af eign sinni til þeirra nota, sem hún er í.

Nú vill svo til, að með því að breyta aðferðum við ákvörðun eignarnámsbóta má einmitt tryggja framgang þessarar stefnu, afnema það óréttlæti, sem nú viðgengst, og jafnframt koma þéttbýlissveitarfélögum úr þeirri úlfakreppu sem þau eru í nú. Ef eignarnámsbætur eru miðaðar við þá notkun, sem eignin er í þegar beiðni um eignarnámsmat hefur borist, en ekki metnar verðbreytingar, sem rekja má til tilgangs eignarnámstökunnar, er mörkuð ný braut í þessum efnum. Tilgangur þessa frumvarps er að tryggja framgang þeirrar stefnu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er samhljóða frumvarpi, sem Bragi Sigurjónsson, Ágúst Einarsson, Bragi Nielsson og Karl Steinar Guðnason fluttu á 100. löggjafarþingi. Í greinargerð með því segir svo:

„Í áliti nefndar þeirrar, sem undirbjó lög nr. 11 6. apríl 1973, er að því vikið að nefndin hygðist semja sérstakt frumvarp til laga um fjárhæð bóta vegna eignarnáms fasteigna eða sameina slíkt frumvarp því frumvarpi til laga sem nefndin samdi. Af því hefur ekki orðið og er ætlunin að bæta úr því með þessu frumvarpi.

Í áðurgreindu nefndaráliti voru talin ýmis vandkvæði á því að taka í lög ákvæði um fjárhæð eignarnámsbóta. Stafi það m. a. af því, að ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar um „fullt verð“ setji slíkri löggjöf vissar óhagganlegar skorður. Þá sé ákvörðun eignarnámsbóta margþætt og flókið viðfangsefni, sem naumast verði settar tæmandi reglur um, eða a. m. k. ekki reglur, sem leiði sjálfkrafa til afdráttarlausrar niðurstöðu. Því virðist varla annað og meira koma til greina en að lögfesta vissar meginreglur um fjárhæð eignarnámsbóta. Með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er lagt til að svo verði gert varðandi ákvörðun eignarnámsbóta þegar fasteign er tekin eignarnámi.

Við framkvæmd eignarnáms hér á landi hefur lengi gætt misræmis varðandi túlkun ákvæðis 67. gr. stjórnarskrárinnar um „fullt verð“. Í lögum nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms, voru ákvæði þess efnis, að verð eignar skyldi miðast við gangverð, sem eignin hefði í kaupum og sölum. Í núgildandi lögum, nr. 11/1973, er hins vegar enga slíka viðmiðunarreglu að finna.

Gamla reglan þótti orka tvímælis og var túlkun ákvæða um eignarnámsbætur á ýmsan veg í úrskurðum dómkvaddra matsmanna og er svo enn.

Eitt umdeildasta atriðið í sambandi við eignarnámsbætur er það, hvort taka skuli tillit til fyrirhugaðra nota lands, eftir að eignarnám hefur farið fram og eftir að eignarnemi hefur með skipulagi og síðar framkvæmdum breytt möguleikum til nýtingar þess. Margir eru þeirrar skoðunar, að eðlilegast sé að miða eignarnámsbætur við þá raunverulegu eða eðlilegu nýtingu, sem eigandi hefur af landinu þegar til eignarnáms kemur.

Á móti þessu eru borin fram þau rök, að eigandi fasteignar, sem verður að þola eignarnám, verði lakar settur en nágranni hans, sem eigi land utan þess svæðis, en njóti hagræðis, t. d. af lagningu hraðbrautar, í hækkun verðs á landi sínu. Skattfrelsi ávinnings af slíkri verðhækkun lands, sem ekki stafar af aðgerðum eiganda, hefur styrkt þessa skoðun, en það er skoðun flutningsmanna frumvarps þessa, að lögfesta beri verðaukaskatt, sem skattleggi ávinninginn í þessu tilviki til ríkissjóðs. Flutningsmenn telja ekki rétt, að eigandi lands njóti ávinnings vegna framkvæmda, sem ætlunin er að ráðast í, eftir að land hans hefur verið tekið eignarnámi, eða ávinnings vegna framkvæmda opinberra aðila í nágrenni við hann, án þess að hann hafi átt þar nokkurn hlut að máli.

Bent hefur verið á dæmi um óeðlilega niðurstöðu matsmanna við mat á verðmæti lands, t. d. í sambandi við þarfir sveitarfélaga, vegna nauðsynlegrar vegagerðar, orkuvinnslu o. s. frv.

Sveitarfélögin hafa m. a. talið á sig hallað í ýmsum tilvikum með úrskurðum matsmanna á eignarnámsbótum. Má um það atriði vísa til niðurlags greinargerðar, sem núverandi formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Jón G. Tómasson, samdi að tilhlutan sambandsins og send var með tillögum þess til stjórnarskrárnefndar Alþingis hinn 29. janúar 1975.

Um 1. gr.

Hér er að finna meginreglur um ákvörðun eignarnámsbóta þegar fasteign er tekin eignarnámi og meginsjónarmið varðandi mat á eignarnámsbótunum, en almennt er viðurkennt að lögfesting slíkra viðmiðunarreglna með almennum lögum brjóti ekki í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Ákvæði greinarinnar eru sniðin eftir sams konar ákvæðum norskra laga frá 26. janúar 1973 um bætur vegna eignarnáms fasteigna. Ákvæði 105. gr. norsku stjórnarskrárinnar eru hliðstæð ákvæðum 67. gr. íslensku stjórnarskrárinnar.

Þess skal getið, að Hæstiréttur Noregs hefur skorið úr því, að áðurnefnd lagaákvæði fari ekki í bága við ákvæði norsku stjórnarskrárinnar.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki athugasemda.

Um 3. gr.

Vel kemur til álita að hafa ákveðinn gildistökufrest í lögum.“

Sþ. **288. Fjárlög** [116. mál]

fyrir árið 1980.

(Afgreidd frá Sþ. 2. apríl.)

A-HLUTI
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana

1. gr.
Greiðsluyfirlit ríkissjóðs

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur:		
Beinir skattar	63 853 000	
Óbeinir skattar	276 231 100	
Aðrar tekjur	6 093 200	346 177 300
Gjöld:		
Samneysla	143 660 031	
Neyslu- og rekstrartilfærslur	149 285 966	
÷ Sértekjur stofnana	6 116 671	
Rekstrarliðir samtals	286 829 326	
Stofnkostnaður, fjárfesting	19 475 096	
Fjármagnstilfærslur	36 935 630	343 240 052
Rekstrarjöfnuður, tekjur umfram gjöld		2 937 248
Lánahreyfingar		
Lánahreyfingar inn:		
Innlend útgáfa verðbréfa og happdrættisskuldabréfa	6 400 000	
Önnur innlend fjáröflun	2 000 000	
Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé	9 637 000	
Erlend lán	21 360 000	
Fjáröflun alls	39 397 000	
÷ Ráðstafað til innlausnar spariskírteina	2 900 000	
Fjáröflun til A- og B-hluta	36 497 000	
÷ Ráðstafað til B-hluta skv. lánsfjáráætlun	24 839 000	
Ráðstafað til A-hluta	11 658 000	
Afborganir af veittum lánum í A-hluta	100 000	11 758 000
Lánahreyfingar út:		
Eiginfjárframlag í Landsvirkjun	263 000	
Hlutafé í Járnblendifélaginu	195 000	
Iðnþróunarsjóður Portúgals, framlag	96 000	
Afborganir af teknum lánum til A-hluta:		
Seðlabanki Íslands	3 600 000	
Seðlabanki Íslands, vegna laga nr. 74/1979	4 500 000	
Aðrir	3 751 311	12 405 311
Lánajöfnuður, útgreiðslur umfram innborganir		647 311
Viðskiptareikningar		
Útstreymi umfram innstreymi		750 000
Greiðslujöfnuður, greiðsluafgangur		1 539 937

2. gr.

Árið 1980 eru veittar til gjalda fjárhæðir sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi í þessari grein, sbr. sundurliðun í 4. gr.

Rekstrar-

Gjöld:

			Þús. kr.	Þús. kr.
00	**Æðsta stjórn ríkisins**			**2 240 607**
01	**Forsætisráðuneyti**			**3 112 959**
	101	Yfirstjórn	243 393	
	102—902	Annað	2 869 566	
02	**Menntamálaráðuneyti**			**50 556 805**
	101	Yfirstjórn	538 222	
	201—885	Fræðslumál	46 035 932	
	901—999	Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	3 982 651	
03	**Utanríkisráðuneyti**			**3 592 196**
	101—102	Yfirstjórn	554 401	
	201	Löggæsla á Keflavíkurflugvelli	704 108	
	301—313	Sendiráð	1 280 812	
	399—401	Alþjóðastofnanir	1 052 875	
04	**Landbúnaðarráðuneyti**			**16 301 237**
	101—172	Yfirstjórn	245 681	
	201—299	Búnaðarmál	15 440 889	
	501—503	Skólar	614 667	
05	**Sjávarútvegsráðuneyti**			**5 818 831**
	101	Yfirstjórn	190 397	
	201—299	Útvegsmál	5 386 643	
	901	Annað	241 791	
06	**Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**			**15 780 526**
	101—102	Yfirstjórn	228 766	
	201—284	Dómgæsla, lögreglumál o. fl.	14 186 969	
	301—373	Þjóðkirkjan	1 364 791	
07	**Félagsmálaráðuneyti**			**10 579 277**
	101	Yfirstjórn	131 475	
	271—272	Húsnæðismál	7 533 000	
	301—999	Önnur félagsmál	2 914 802	
08	**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**			**115 672 645**
	101	Yfirstjórn	201 630	
	271—273	Tryggingamál	89 889 600	
	301—399	Heilbrigðismál	25 337 822	
	471—502	Annað	243 593	
		Flutt		**223 655 083**

3. gr.

Árið 1980 er ætlast til að tekjur ríkissjóðs verði þær sem tilgreindar eru á rekstrarreikningi skv. þessari grein.

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Skattar		
	Beinir skattar		
	Eignarskattar		7 830 000
	Eignarskattar:		
0 0100	Eignarskattur einstaklinga	2 438 000	
0 0103	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti einstaklinga	24 000	
0 0110	Eignarskattur félaga	3 336 000	
0 0113	Byggingarsjóðsgjald af eignarskatti félaga	32 000	
0 0117	Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	1 300 000	
0 0140	Erfðafjárskattur	700 000	
	Tekjuskattar		56 023 000
	Tekjuskattar:		
0 0120	Tekjuskattur einstaklinga	38 200 000	
0 0123	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti einstaklinga	525 000	
0 0124	Sjúkratryggingagjald	7 200 000	
0 0130	Tekjuskattur félaga	10 000 000	
0 0133	Byggingarsjóðsgjald af tekjuskatti félaga	98 000	
	Óbeinir skattar		
	Gjöld af innflutningi		59 845 000
	Aðflutningsgjöld:		
0 0210	Aðflutningsgjöld 41 200 000		
	Þar af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .. 2 060 000		
		39 140 000	
0 0240	Byggingariðnaðarsjóðsgjald	83 000	
0 0252	Byggingarsjóðsgjald af innflutningi	206 000	
	Innflutningsgjald af bensíni og gúmmígjald:		
0 0260	Innflutningsgjald af bensíni	11 000 000	
0 0270	Gúmmígjald	75 000	
	Innflutningsgjald af bifreiðum:		
0 0280	Innflutningsgjald af bifreiðum	6 000 000	
	Gjald af gas- og brennsluoliu:		
0 0220	Gjald af gas- og brennsluoliu	625 000	
0 0230	Jöfnunargjald 1 840 000		
	Þar af til endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts 1 134 000		
		706 000	
0 0231	Aðlögunargjald	1 840 000	
	Hagnaður af sölu varnarliðseigna:		
0 0290	Hagnaður af sölu varnarliðseigna	170 000	
	Flutt		123 698 000

Gjöld:

			Þús. kr.	Rekstrar- Þús. kr.
		Flutt		**223 655 083**
09	**Fjármálaráðuneyti**			**25 979 946**
	101—104	Yfirstjórn	678 173	
	201—282	Toll- og skattheimta	3 174 382	
	381—385	Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	5 484 401	
	402—999	Annað	16 642 990	
10	**Samgönguráðuneyti**			**33 605 515**
	101	Yfirstjórn	116 639	
	211	Vegamál	23 983 500	
	321—672	Önnur samgöngumál	9 505 376	
11	**Iðnaðarráðuneyti**			**14 351 254**
	101	Yfirstjórn	139 600	
	201—299	Iðnaðarmál	2 261 923	
	301—371	Orkumál	11 949 731	
12	**Viðskiptaráðuneyti**			**28 871 734**
	101	Yfirstjórn	153 673	
	201	Niðurgreiðslur	24 400 000	
	202—999	Annað	4 318 061	
13	**Hagstofa Íslands**			**265 587**
14	**Ríkisendurskoðun**			**346 737**
15	**Fjárlaga- og hagsýslustofnun**			**16 164 196**
	101—182	Yfirstjórn	284 472	
	991	Ýmis lán ríkissjóðs, vextir	15 879 724	
		Flutt		**343 240 052**

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		123 698 000
	Skattar af framleiðslu		24 605 000
	Vörugjald:		
0 0611	Vörugjald	435 000	
0 0600	Álgjald	430 000	
0 0641	Sérstakt vörugjald af innlendri framleiðslu	3 040 000	
0 0642	Sérstakt vörugjald af innfluttum vörum	20 700 000	
	Skattar af seldri vöru og þjónustu		171 046 600
	Söluskattur:		
0 0300	Söluskattur 122 940 000		
	Til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 8 940 000		
		114 000 000	
0 0310	Orkujöfnunargjald	6 000 000	
	Skemmtanaskattar:		
0 0621	Miðagjald til Menningarsjóðs	45 000	
0 0622	Skemmtanaskattur	310 000	
	Skattar af launagreiðslum:		
0 0400	Launaskattur	17 300 000	
0 0410	Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	5 985 000	
0 0420	Slysatryggingaiðgjöld atvinnurekenda, áhættuiðgjald af trillubátum og áhættuiðgjald af búvélum	930 600	
0 0430	Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs	1 118 000	
	Rekstrarhagnaður ÁTVR:		
0 0510	Rekstrarhagnaður ÁTVR	24 000 000	
0 0530	Gjald af seldum vindlingum	136 000	
0 0540	Gjald af einkasöluvörum	11 000	
	Flugvallagjald:		
0 0681	Flugvallagjald	1 050 000	
	Gjöld af útfluttum sjávarafurðum:		
0 0892	Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	135 000	
	Aðrir skattar:		
0 0672	Sérleyfisgjald	24 000	
0 0671	Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	2 000	
	Aðrir óbeinir skattar		20 734 500
	Aukatekjur og stimpilgjald:		
0 0800	Stimpilgjald	6 000 000	
0 0810	Aukatekjur	1 000 000	
0 0820	Þinglýsingar	186 000	
	Flutt		340 084 100

Rekstrar-

Gjöld:

	Þús. kr.	Þús. kr.
Flutt		343 240 052

Gjöld samtals	343 240 052
Tekjur umfram gjöld	2 937 248
Samtals	346 177 300

reikningur

Tekjur:

		Þús. kr.	Þús. kr.
	Flutt		**340 084 100**
	Ýmsir skattar af bifreiðum:		
0 0720	Bifreiðaskattur	3 600 000	
0 0750	Skráningargjald bifreiða	470 000	
0 0740	Skoðunargjald bifreiða	270 000	
	Ýmsir skattar af skipum:		
0 0831	Lestagjald	2 500	
0 0833	Vitagjald	18 000	
0 0832	Skipaskoðunargjald	15 000	
	Tekjur af sölu erlends gjaldeyris:		
0 0841	Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna	1 650 000	
0 0842	Leyfisgjald	715 000	
0 0843	Gjald á ferðalög til útlanda	1 715 000	
	Aðrir óbeinir skattar:		
0 0884	Verðjöfnunargjald	3 875 000	
0 0850	Áhættugjald vegna ríkisábyrgða	300 000	
0 0891	Skipulagsgjald	198 200	
0 0881	Rafmagnseftirlitsgjald	244 300	
0 0860	Einkaleyfisgjald frá Happdrætti H. Í.	145 400	
0 0871	Prófgjald bifreiðarstjóra	40 000	
0 0872	Prófgjald iðnnema	25 000	
0 0895	Sérlyfjagjald	15 000	
0 0891	Hvalveiðigjald	100	
0 0898	Nýbyggingagjald	250 000	
	Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign fluttar úr B-hluta		**835 500**
	Arðgreiðslur frá B-hluta stofnunum:		
0 1010	Afgjöld ríkisjarða	8 000	
0 1030	Keflavíkurflugvöllur, flugmálastjórn	203 800	
0 1020	Fríhöfn, Keflavíkurflugvelli	623 700	
	Ýmsar tekjur		**5 257 700**
	Vextir og arður af hlutabréfum:		
0 2010	Vextir	4 600 000	
0 2020	Arður af hlutabréfum	30 000	
	Ýmsar tekjur:		
0 6991	Greiðsla Tryggingastofnunar ríkisins fyrir þjónustu sýslumanna og bæjarfógeta	9 500	
0 2030	Sameignir ríkisins	50 000	
0 1901	Yfirverð líknarfrímerkja	200	
0 1902	Samúðarskeyti Landssímans	18 000	
0 1911	Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	450 000	
0 1990	Ýmsar óvissar tekjur	100 000	
	Tekjur samtals		**346 177 300**

4. gr.

00 Æðsta stjórn ríkisins

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Embætti forseta Íslands:**			
	20	Laun	63 943	
	2	Önnur rekstrargjöld	20 678	
	4	Viðhald	5 964	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	396	
		Gjöld samtals		90 981
201	**Alþingi:**			
	20	Laun	1 285 199	
	2	Önnur rekstrargjöld	529 035	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	45 700	
		Gjöld samtals		1 859 934
	Viðfangsefni:			
	0102	Þingfararkaup alþingismanna	790 967	
	0103	Skrifstofu- og alþingiskostnaður	792 992	
	0104	Rekstrarkostnaður fasteigna	64 522	
	0105	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	121 000	
	0106	Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings	6 953	
	0107	Hús Jóns Sigurðssonar	26 500	
	0108	Þingmannasamtök NATO	4 000	
	0109	Sérfræðileg aðstoð fyrir þingflokka	45 700	
	0110	Þingmannafundir Evrópuráðsins	7 300	
		Gjöld samtals	1 859 934	
301	**Ríkisstjórn:**			
	20	Laun	157 853	
	2	Önnur rekstrargjöld	18 955	
		Gjöld samtals		176 808
401	**Hæstiréttur:**			
	20	Laun	112 884	
		Gjöld samtals		112 884
		Samtals		2 240 607

01 Forsætisráðuneyti

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa:**			
	20	Laun	98 091	
	2	Önnur rekstrargjöld	59 995	
	4	Viðhald	29 550	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	625	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	55 132	
		Gjöld samtals		243 393
	Viðfangsefni:			
	0101	Yfirstjórn	119 296	
	0102	Stjórnarráðshús	9 925	
	0103	Fálkaorðan	1 000	
	0105	Framlag til Kanadasjóðs	60	
	0106	Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, viðhald	25 000	
	0107	Ráðherrabústaður við Tjarnargötu, rekstur	8 040	
	0109	Ráðherrabústaður á Þingvöllum	1 000	
	0110	Til Hrafnseyrar	18 000	
	0111	Skrifstofa ráðherranefndar Norðurlandaráðs	31 000	
	0112	Öryggismálanefnd	25 000	
	0113	Gjöf Jóns Sigurðssonar	5 072	
		Gjöld samtals	243 393	
102	**Þjóðhagsstofnun:**			
	20	Laun	184 214	
	2	Önnur rekstrargjöld	48 050	
	4	Viðhald	700	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	800	
		Gjöld samtals	233 764	
	0	Sértekjur	116 882	
		Mismunur		116 882
171	**Byggðasjóður, framlag:**			
	90	Yfirfærslur:		
	91	Til fyrirtækja í B-hluta	2 635 000	
		Gjöld samtals		2 635 000

			Þús. kr.	Þús. kr.
901	**Húsameistari ríkisins:**			
	20	Laun	141 213	
	2	Önnur rekstrargjöld	16 535	
	4	Viðhald	1 200	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 870	
		Gjöld samtals	162 818	
	0	Sértekjur	93 000	
		Mismunur		69 818
	Viðfangsefni:			
	0101	Yfirstjórn	39 336	
	0102	Teiknistofa	105 751	
	0103	Byggingareftirlit	17 731	
		Gjöld samtals	162 818	
902	**Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd:**			
	20	Laun	18 316	
	2	Önnur rekstrargjöld	10 000	
	4	Viðhald	4 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	24 000	
		Gjöld samtals	56 316	
	0	Sértekjur	8 450	
		Mismunur		47 866
		Samtals		3 112 959

02 Menntamálaráðuneyti

			Þús. kr.	Þús. kr.
101	**Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa:**			
	20	Laun	367 222	
	2	Önnur rekstrargjöld	165 600	
	4	Viðhald	2 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 400	
		Gjöld samtals		538 222
201	**Háskóli Íslands:**			
	20	Laun	3 285 427	
	2	Önnur rekstrargjöld	623 050	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 235 300	
		Gjöld samtals	5 143 777	
	0	Sértekjur	1 419 913	
		Mismunur		3 723 864
	Viðfangsefni:			
	0101	Yfirstjórn	235 718	
	0102	Guðfræðideild	67 184	
	0103	Læknadeild	716 659	
	0104	Tannlæknadeild	157 820	
	0105	Lyfjafræði lyfsala	47 471	
	0106	Lagadeild	103 873	
	0107	Viðskiptadeild	139 498	
	0108	Heimspekideild	428 245	
	0109	Verkfræðideild	998 009	
	0110	Háskólabókasafn	118 749	
	0111	Íþróttakennsla	31 096	
	0112	Rekstur fasteigna	351 500	
	0113	Sameiginleg útgjöld	199 507	
	0114	Félagsvísindadeild	163 202	
	0115	Byggingaframkvæmdir og tækjakaup	1 235 300	
	0116	Mannfræðistofnun	17 324	
	0120	Reiknistofnun	132 622	
		Gjöld samtals	5 143 777	
202	**Tilraunastöð háskólans á Keldum:**			
	20	Laun	180 937	
	2	Önnur rekstrargjöld	138 215	
	4	Viðhald	6 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	15 000	
		Gjöld samtals	340 152	
	0	Sértekjur	173 808	
		Mismunur		166 344

			Þús. kr.	Þús. kr.
203	**Raunvísindastofnun háskólans:**			
	20	Laun	327 770	
	2	Önnur rekstrargjöld	77 559	
	4	Viðhald	16 855	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	38 950	
		Gjöld samtals	461 134	
	0	Sértekjur	2 100	
		Mismunur		459 034
	Viðfangsefni:			
	0101	Yfirstjórn	48 615	
	02	Eðlisfræðistofa	76 313	
	03	Efnafræðistofa	82 008	
	04	Jarðvísindastofa, jarðfræðideild	55 340	
	05	— jarðeðlisfræðideild	54 463	
	06	— háloftadeild	28 583	
	07	Reiknifræðistofa	31 595	
	08	Rekstur fasteigna	47 076	
	09	Stærðfræðistofa	37 141	
		Gjöld samtals	461 134	
205	**Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi:**			
	20	Laun	107 738	
	2	Önnur rekstrargjöld	20 807	
	4	Viðhald	1 400	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	30 000	
		Gjöld samtals	159 945	
	0	Sértekjur	5 590	
		Mismunur		154 355
206	**Orðabók háskólans:**			
	20	Laun	51 539	
	2	Önnur rekstrargjöld	2 273	
		Gjöld samtals		53 812
231	**Náttúrufræðistofnun Íslands:**			
	20	Laun	70 586	
	2	Önnur rekstrargjöld	17 981	
	4	Viðhald	2 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	8 350	
		Gjöld samtals		98 917

			Þús. kr.	Þús. kr.
232	**Rannsóknaráð ríkisins:**			
	20	Laun	49 766	
	2	Önnur rekstrargjöld	46 440	
	4	Viðhald	750	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	6 300	
		Gjöld samtals	103 256	
	0	Sértekjur	4 400	
		Mismunur		98 856
		Viðfangsefni:		
	0101	Yfirstjórn	66 913	
	0103	Þátttökugjald í Nordforsk	4 620	
	0106	Til nýrra rannsóknarverkefna	15 000	
	0107	Upplýsingaþjónusta	16 723	
		Gjöld samtals	103 256	
276	**Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna:**			
	90	Yfirfærslur:		
	91	Til fyrirtækja í B-hluta	145 400	
		Gjöld samtals		145 400
301	**Menntaskólinn í Reykjavík:**			
	20	Laun	489 692	
	2	Önnur rekstrargjöld	24 630	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	10 000	
		Gjöld samtals		524 322
302	**Menntaskólinn á Akureyri:**			
	20	Laun	404 316	
	2	Önnur rekstrargjöld	39 028	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	15 000	
		Gjöld samtals		458 344
303	**Menntaskólinn á Laugarvatni:**			
	20	Laun	124 488	
	2	Önnur rekstrargjöld	21 500	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	12 000	
		Gjöld samtals	157 988	
	0	Sértekjur	4 100	
		Mismunur		153 888
304	**Menntaskólinn við Hamrahlíð:**			
	20	Laun	668 005	
	2	Önnur rekstrargjöld	37 740	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	13 000	
		Gjöld samtals	718 745	
	0	Sértekjur	15 400	
		Mismunur		703 345

			Þús. kr.	Þús. kr.
305	**Menntaskólinn við Sund:**			
	20	Laun	494 828	
	2	Önnur rekstrargjöld	29 550	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	135 000	
		Gjöld samtals	659 378	
	0	Sértekjur	2 500	
		Mismunur		656 878
306	**Menntaskólinn á Ísafirði:**			
	20	Laun	140 431	
	2	Önnur rekstrargjöld	32 921	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	210 000	
		Gjöld samtals	383 352	
	0	Sértekjur	2 151	
		Mismunur		381 201
307	**Menntaskólinn á Egilsstöðum:**			
	20	Laun	66 957	
	2	Önnur rekstrargjöld	9 240	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	155 000	
		Gjöld samtals		231 197
308	**Menntaskólinn í Kópavogi:**			
	20	Laun	201 261	
	2	Önnur rekstrargjöld	8 685	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	20 000	
		Gjöld samtals		229 946
319	**Menntaskólar, almennt:**			
	20	Laun	127 543	
	4	Viðhald	77 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	26 000	
	90	**Yfirfærslur:**		
	94	Til einstaklinga og samtaka	21 847	
		Gjöld samtals		252 390
321	**Kennaraháskóli Íslands:**			
	20	Laun	594 976	
	2	Önnur rekstrargjöld	138 700	
	4	Viðhald	7 900	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	178 000	
		Gjöld samtals	919 576	
	0	Sértekjur	4 500	
		Mismunur		915 076

			Þús. kr.	Þús. kr.
322	**Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskólans:**			
	20	Laun	280 205	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	12 000	
		Gjöld samtals	292 205	
	0	Sértekjur	69 600	
		Mismunur		222 605
331	**Íþróttakennaraskóli Íslands:**			
	20	Laun	75 883	
	2	Önnur rekstrargjöld	7 838	
	4	Viðhald	6 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	50 000	
		Gjöld samtals	139 721	
	0	Sértekjur	200	
		Mismunur		139 521
336	**Hússtjórnarkennaraskóli Íslands:**			
	20	Laun	22 785	
	2	Önnur rekstrargjöld	2 444	
	4	Viðhald	1 658	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	800	
		Gjöld samtals		27 687
351	**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti:**			
	20	Laun	717 402	
	2	Önnur rekstrargjöld	47 563	
	4	Viðhald	7 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	200 000	
		Gjöld samtals		971 965
352	**Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli:**			
	20	Laun	300 542	
	2	Önnur rekstrargjöld	21 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	15 000	
		Gjöld samtals		336 542
353	**Fjölbrautaskóli Suðurnesja:**			
	20	Laun	350 049	
	2	Önnur rekstrargjöld	35 850	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	65 000	
		Gjöld samtals		450 899
354	**Fjölbrautaskólinn á Akranesi:**			
	20	Laun	255 786	
	2	Önnur rekstrargjöld	18 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	40 000	
		Gjöld samtals		313 786

			Þús. kr.	Þús. kr.
355	**Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum:**			
	20	Laun	79 137	
	2	Önnur rekstrargjöld	5 000	
	4	Viðhald	3 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	10 000	
		Gjöld samtals		97 137
356	**Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki:**			
	20	Laun	59 935	
	2	Önnur rekstrargjöld	2 560	
	4	Viðhald	600	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	95 000	
		Gjöld samtals		158 095
357	**Framhaldsskóli á Selfossi:**			
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 000	
		Gjöld samtals		5 000
421	**Fræðslumyndasafn ríkisins:**			
	20	Laun	24 961	
	2	Önnur rekstrargjöld	16 380	
	4	Viðhald	320	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	1 100	
		Gjöld samtals	42 761	
	0	Sértekjur	750	
		Mismunur		42 011
422	**Ríkisútgáfa námsbóka:**			
	20	Laun	76 526	
	2	Önnur rekstrargjöld	293 140	
	4	Viðhald	3 100	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	4 050	
		Gjöld samtals	376 816	
	0	Sértekjur	16 500	
		Mismunur		360 316
		Viðfangsefni:		
	0102	Skrifstofa	93 496	
	0103	Bókaútgáfa	283 320	
		Gjöld samtals	376 816	
423	**Endurskoðun námsefnis á grunnskóla- og framhaldsskólastigi:**			
	20	Laun	228 139	
	2	Önnur rekstrargjöld	17 547	
		Gjöld samtals		245 686

			Þús. kr.	Þús. kr.
431	**Iðnfræðsluráð:**			
	20	Laun	104 657	
	2	Önnur rekstrargjöld	16 823	
	4	Viðhald	690	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	1 059	
		Gjöld samtals		123 229
501	**Tækniskóli Íslands:**			
	20	Laun	375 753	
	2	Önnur rekstrargjöld	62 500	
	4	Viðhald	2 200	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	23 000	
		Gjöld samtals	463 453	
	0	Sértekjur	2 240	
		Mismunur		461 213
506	**Vélskóli Íslands:**			
	20	Laun	260 582	
	2	Önnur rekstrargjöld	16 000	
	4	Viðhald	3 200	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	30 000	
		Gjöld samtals		309 782
507	**Stýrimannaskólinn í Reykjavík:**			
	20	Laun	144 798	
	2	Önnur rekstrargjöld	7 450	
	4	Viðhald	800	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	16 000	
		Gjöld samtals		169 048
514	**Iðnskólinn í Reykjavík:**			
	20	Laun	929 812	
	2	Önnur rekstrargjöld	5 464	
		Gjöld samtals		935 276
515	**Iðnskólar utan Reykjavíkur:**			
	20	Laun	511 356	
	2	Önnur rekstrargjöld	16 630	
		Gjöld samtals		527 986
516	**Iðnskólar, almennt:**			
	4	Viðhald	21 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður[1])	128 000	
		Gjöld samtals		149 000

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 1.

			Þús. kr.	Þús. kr.
517	**Hótel- og veitingaskóli Íslands:**			
	20	Laun	40 961	
	2	Önnur rekstrargjöld	26 691	
	4	Viðhald	3 900	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 175	
		Gjöld samtals	76 727	
	0	Sértekjur	5 000	
		Mismunur		71 727
518	**Fiskvinnsluskólinn:**			
	20	Laun	50 750	
	2	Önnur rekstrargjöld	23 522	
	4	Viðhald	1 500	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 500	
		Gjöld samtals	79 272	
	0	Sértekjur	17 500	
		Mismunur		61 772
521	**Hjúkrunarskóli Íslands:**			
	20	Laun	171 660	
	2	Önnur rekstrargjöld	23 800	
	4	Viðhald	3 600	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	3 000	
		Gjöld samtals	202 060	
	0	Sértekjur	11 500	
		Mismunur		190 560
522	**Nýi hjúkrunarskólinn:**			
	20	Laun	43 512	
	2	Önnur rekstrargjöld	10 510	
	4	Viðhald	100	
		Gjöld samtals		54 122
523	**Fósturskóli Íslands:**			
	20	Laun	94 911	
	2	Önnur rekstrargjöld	7 050	
	4	Viðhald	600	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 450	
		Gjöld samtals	108 011	
	0	Sértekjur	340	
		Mismunur		107 671

			Þús. kr.	Þús. kr.
553	**Hússtjórnarskólar:**			
	20	Laun	238 332	
	2	Önnur rekstrargjöld	40 301	
	4	Viðhald	10 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	37 262	
		Gjöld samtals	325 895	
	0	Sértekjur	6 500	
		Mismunur		319 395
561	**Myndlista- og handíðaskólinn:**			
	20	Laun	166 521	
	2	Önnur rekstrargjöld	28 153	
	4	Viðhald	2 500	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	6 100	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	2 000	
		Gjöld samtals	205 274	
	0	Sértekjur	81 582	
		Mismunur		123 692
562	**Leiklistarskóli Íslands:**			
	20	Laun	70 423	
	2	Önnur rekstrargjöld	17 000	
	4	Viðhald	393	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	5 500	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	220	
		Gjöld samtals	93 536	
	0	Sértekjur	1 297	
		Mismunur		92 239
563	**Tónlistarfræðsla:**			
	20	Laun	652 600	
	2	Önnur rekstrargjöld	1 465	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	2 850	
	90	Yfirfærslur:		
	94	Til einstaklinga og samtaka	8 500	
		Gjöld samtals		665 415
	Viðfangsefni:			
	0101	Tónlistarskólar, stofnkostnaðarstyrkir[1])	8 500	
	0102	Tónlistarskólinn í Reykjavík	89 432	
	0103	Aðrir tónlistarskólar	515 513	
	0104	Tónmenntaskóli Reykjavíkur	49 120	
	0106	Tónlistarskólinn í Reykjavík og Tónmenntaskóli Reykjavíkur, byggingarstyrkur	2 850	
		Gjöld samtals	665 415	

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 2.

		Þús. kr.	Þús. kr.
571	**Sjómannaskólahúsið:**		
20	Laun	69 137	
2	Önnur rekstrargjöld	35 000	
4	Viðhald	32 000	
6	Gjaldfærður stofnkostnaður	6 000	
	Gjöld samtals		142 137
581	**Verslunarskólar:**		
20	Laun	481 335	
2	Önnur rekstrargjöld	103 063	
	Gjöld samtals		584 398
	Viðfangsefni:		
0101	Verslunarskóli Íslands	434 627	
0102	Samvinnuskólinn	149 771	
	Gjöld samtals	584 398	
601	**Héraðsskólinn Reykholti:**		
20	Laun	85 677	
2	Önnur rekstrargjöld	10 885	
	Gjöld samtals	96 562	
0	Sértekjur	2 000	
	Mismunur		94 562
602	**Héraðsskólinn Núpi:**		
20	Laun	74 487	
2	Önnur rekstrargjöld	27 870	
	Gjöld samtals		102 357
603	**Héraðsskólinn Reykjanesi:**		
20	Laun	50 611	
2	Önnur rekstrargjöld	12 340	
	Gjöld samtals	62 951	
0	Sértekjur	1 250	
	Mismunur		61 701
604	**Héraðsskólinn Reykjum:**		
20	Laun	84 382	
2	Önnur rekstrargjöld	10 450	
	Gjöld samtals	94 832	
0	Sértekjur	1 000	
	Mismunur		93 832

			Þús. kr.	Þús. kr.
605	**Alþýðuskólinn Eiðum:**			
	20	Laun	86 384	
	2	Önnur rekstrargjöld	25 984	
		Gjöld samtals	112 368	
	0	Sértekjur	2 800	
		Mismunur		109 568
606	**Héraðsskólinn Skógum:**			
	20	Laun	75 495	
	2	Önnur rekstrargjöld	18 966	
		Gjöld samtals	94 461	
	0	Sértekjur	2 000	
		Mismunur		92 461
607	**Héraðsskólinn Laugarvatni:**			
	20	Laun	71 983	
	2	Önnur rekstrargjöld	10 850	
		Gjöld samtals		82 833
609	**Héraðsskólinn Laugum:**			
	20	Laun	91 519	
	2	Önnur rekstrargjöld	12 220	
		Gjöld samtals	103 739	
	0	Sértekjur	800	
		Mismunur		102 939
610	**Héraðsskólar, almennt:**			
	4	Viðhald	72 000	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður[1]	182 000	
		Gjöld samtals		254 000
621	**Skálholtsskóli:**			
	20	Laun	28 501	
	2	Önnur rekstrargjöld	5 130	
	4	Viðhald	500	
	6	Gjaldfærður stofnkostnaður	7 000	
		Gjöld samtals	41 131	
	0	Sértekjur	172	
		Mismunur		40 959
679	**Sameiginlegur kostnaður við skólana á Laugarvatni:**			
	90	Yfirfærslur:		
	91	Til fyrirtækja í B-hluta	3 500	
		Gjöld samtals		3 500

1) Sjá sundurliðun í sérstöku yfirliti 3.

			Þús. kr.	Þús. kr.
700	**Grunnskólar, Reykjavík:**			
	20	Laun	4 423 516	
	2	Önnur rekstrargjöld	86 803	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	18 314	
		Gjöld samtals		4 528 633
710	**Grunnskólar, Reykjanesi:**			
	20	Laun	3 036 020	
	2	Önnur rekstrargjöld	171 403	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	16 514	
		Gjöld samtals		3 223 937
730	**Grunnskólar, Vesturlandi:**			
	20	Laun	1 147 470	
	2	Önnur rekstrargjöld	124 450	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	9 464	
		Gjöld samtals		1 281 384
740	**Grunnskólar, Vestfjörðum:**			
	20	Laun	836 112	
	2	Önnur rekstrargjöld	51 160	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	7 690	
		Gjöld samtals		894 962
750	**Grunnskólar, Norðurlandi vestra:**			
	20	Laun	877 691	
	2	Önnur rekstrargjöld	123 650	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	7 902	
		Gjöld samtals		1 009 243
760	**Grunnskólar, Norðurlandi eystra:**			
	20	Laun	1 940 896	
	2	Önnur rekstrargjöld	135 849	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	11 479	
		Gjöld samtals		2 088 224
770	**Grunnskólar, Austurlandi:**			
	20	Laun	1 029 300	
	2	Önnur rekstrargjöld	88 324	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	9 125	
		Gjöld samtals		1 126 749

			Þús. kr.	Þús. kr.
780	**Grunnskólar, Suðurlandi:**			
	20	Laun	1 442 014	
	2	Önnur rekstrargjöld	212 329	
	90	Yfirfærslur:		
	92	Til sveitarfélaga	10 295	
		Gjöld samtals		1 664 638
H.f. Njörður hefur fullnægt þessum skilyrðum og gjaldeyrisleyfi hefur verið veitt fyrir þeim mismun, sem greiða þarf. Hins vegar stendur það í vegi fyrir kaupunum, að í lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum, eru í 26. gr. c, ákvæði um að siglingamálastjóri megi því aðeins mæla með innflutningi skips, að

það sé eigi eldra en 12 ára, nema sérstakar ástæður mæli með því, sem hér eru ekki fyrir hendi.

Vegna þessa fortakslausa ákvæðis laganna er þetta frumvarp nú lagt fram, en mb. Hamravík er smíðuð árið 1963.

Umsögn siglingamálastjóra fylgir frumvarpi þessu.

Fylgiskjal

Samgönguráðherra
Steingrímur Hermannsson
c/o Samgönguráðuneytið
Arnarhvoli
101 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 29. febr. 1980.

Varðandi: Endurinnflutning á M/s Hamravík, KE-75, sem seld var til Noregs.

Útgerðarfélagið Njörður h/f., Sandgerði, hefur með bréfi dags. í dag 29. febr. 1980 farið fram á að M/s Hamravík, KE-75, verði skráð á skipaskrá, og hefur samtímis lagt fram kaupsamning, sem útgerðarfélagið Njörður h.f. hefur gert við Flekkefjord Slipp og Maskinfabrik um kaup á M/s Hamravík og sölu á M/s Blika, ÞH-50. Þá fylgdi og bréfinu ljósrit af bréfi sjávarútvegsráðherra til viðskiptaráðuneytisins dagsett 20.2 1980 og gjaldeyrisleyfi frá 15.10. 1979.

M/s Hamravík, KE-75, var strikuð út af skipaskrá 10. desember 1979 vegna sölu til Noregs. Skipið hefur þó ekki farið úr landi og liggur ennþá í Keflavíkurhöfn. Útstrikunarvottorðs hefur ekki verið krafist af neinum aðila, og skipið því ekki verið skráð erlendis ennþá, þótt hinsvegar sé skjalfest, að skipið er nú erlend eign. Í lögum um eftirlit með skipum (nr. 52/1970) segir m. a. um innflutning á skipum, (26. gr. C.) að því aðeins má siglingamálastjóri mæla með innflutningi skips .... að það sé eigi eldra en 12 ára, en M/s Hamravík er smíðuð árið 1963. Öll önnur skilyrði varðandi innflutning skipsins eru uppfyllt, að því er varðar lögin um eftirlit með skipum, og siglingamálastjóri getur því að öðru leyti fallist á endur-innflutning þessa skips.

Samkvæmt 27. gr. laganna getur ráðherra sá, er fer með siglingamál, veitt undanþágu frá ákvæðum laganna að því er varðar skip, „sem eru sérstakrar gerðar, úr sérstöku efni eða með sérstökum vélabúnaði, svo og skipum sem gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi.“ Hér er um að ræða venjulega gerð íslensks fiskiskips, og því mun varla hægt að veita undanþágu til innflutnings samkvæmt 27. gr. laganna um eftirlit með skipum.

Áður hafa verið sett sérlög um innflutning á skipum, sem hafa verið eldri en 12 ára, og sýnist mér það vera fær leið hér, ef ráðherra vill greiða fyrir lausn þessa máls.

Hinsvegar tel ég mér ekki fært að skrá skipið aftur sem íslenskt skip, fyrr en ráðherra hefur tekið afstöðu til málsins og ákveðið hvernig leysa skuli.

Með vinsemd og virðingu,

Hjálmar R. Bárðarson.

Ed. 308. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frv. og skilar þremur álitum. Við, sem skipum 1. minni hluta nefndarinnar, flytjum á sérstöku þingskjali breytingartillögur við 2., 3. og 4. gr. frv. Þær fela í sér nýjan skattstiga, þar sem m. a. er ákveðið að 50% greiðsla komi ekki fyrr en við 7 000 000 kr. markið; einnig er persónuafsláttur hækkaður í 525 000 kr. og barnabætur hækkaðar í 150 000 kr. með fyrsta barni og 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Í tillögunum er kveðið á um að fyrir börn yngri en 7 ára skuli barnabætur vera 65 000 kr. hærri og barnabætur með börnum einstæðra foreldra skuli þó ætíð vera 280 000 kr. með hverju barni.

Þessar breytingartillögur gera ráð fyrir að ríkissjóður taki meiri áhættu vegna skattkerfisbreytingarinnar en áður hafði verið reiknað með. Þær fela í sér um 1.5 milljarða kr. lækkun tekjuskattsins miðað við fyrri forsendur. Sú lækkun kemur einkum til góða hjónum með tvö börn eða fleiri; hjónum sem njóta innan við 2 000 000 kr. tekna eiginkonu; öðrum hjónum með lægri miðlungstekjur og ýmsum tekjuhópum einstaklinga. Allir þessir tekjuhópar munu samkvæmt grundvelli tillögugerðarinnar greiða lægri tekjuskatt en á síðasta ári.

Í frv. ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir að ríkissjóður tæki minni áhættu vegna skattkerfisbreytingarinnar. Einnig kom í ljós skekkja í tæknilega reiknilíkaninu sem lagt var til grundvallar upphaflegum tillögum. Hafði sú skekkja verið í líkaninu frá áramótum, en hefur nú verið leiðrétt. Tillögur okkar taka mið af þessari leiðréttingu, jafnframt því sem við leggjum til að áhætta ríkissjóðs verði aukin með fyrrgreindri lækkun tekjuskattsins.

Á fundum nefndarinnar voru lögð fram gögn frá dr. Þorkatli Helgasyni um óvissumörk álagningaráætlunarinnar, sem eru nú óvenjumikil vegna skattkerfisbreytingarinnar, og einnig endurskoðuð áætlun Þjóðhagsstofnunar um tekjubreytingar milli áranna 1978 og 1979. Niðurstaða dr. Þorkels Helgasonar er að óvissumörk álagningarinnar nú séu a. m. k. plús eða mínus 2 milljarðar kr. og geti jafnvel numið enn hærri upphæð. Þótt Þjóðhagsstofnun telji í nýrri spá, dags. 10. 4. 1980, að tekjuhækkun milli ára geti orðið 1—2% hærri en gert er ráð fyrir í frv. — „meðalhækkun á framteljanda á öllu landinu 46—47%“ samkv. greinargerð Þjóðhagsstofnunar — þá er sú hækkun innan fyrrgreindra óvissumarka. Hækkun tekna um 1% milli ára jafngildir um 1 milljarði fyrir ríkissjóð. Þótt tekjuhækkun verði í hærri mörkum endurskoðaðrar áætlunar Þjóðhagsstofnunar er ljóst að tekjuskattur til ríkissjóðs gæti samt sem áður orðið minni en nú er gert ráð fyrir ef óvissan reynist ríkissjóði óhagstæð. Tekjutap ríkissjóðs gæti jafnvel numið 1—2 milljörðum kr. Verði óvissan hins vegar ríkissjóði hagstæð yrði um tekjuaukningu að ræða. Á þessu stigi er ógerlegt að fullyrða hvort heldur verði.

Þessi mikla óvissa er óhjákvæmileg afleiðing þeirrar skattkerfisbreytingar sem var lögleidd á fyrri hluta ársins 1978 af þáverandi ríkisstjórn. Þar eð við teljum nauðsynlegt að Alþingi geri sér skýra grein fyrir þessari óvissu birtum við hér greinargerð dr. Þorkels Helgasonar sem lögð var fram í nefndinni. Þar segir:

„1. Fyrir hvert 1 prósent, sem meðaltekjur milli áranna 1978 og 1979 víkja frá áætlaðri 45% hækkun, breytist heildarálagning um allt að 1 milljarði kr.

2. Í útreikningunum er reynt að taka tillit til „reiknaðra launa“ í atvinnurekstri. Samkvæmt framtölum 1979 framreiknuðum til 1980 eru hreinar tekjur af atvinnurekstri einstaklinga um 63.5 milljarðar kr. áður en reiknuð laun eru ákvörðuð. Þau eru í útreikningunum metin á 40 milljarða kr. Eftir verða samt hreinar atvinnurekstrartekjur að upphæð 28 millj. kr. Vegna þessara tilfærslna hækkar

því álagningargrunnurinn um 4.5 (= 63.5 — (40 + 28)) milljarða kr. Á móti kemur, að reiknuðu launin skapa stofn, sem reikna má 10% fasta frádráttinn af. Sé giskað á, að fasti frádrátturinn lækki álagningargrunn að meðaltali um 3%, þýðir það að áðurnefnd hækkun álagningargrunns um 4 milljarða kr. skerðist aftur um því sem næst 1.2 millj. kr. Niðurstaðan er þá sú, að reiknuðu launin hækka álagningargrunninn um tæpa 3 milljarða kr., sem þýðir u. þ. b. 1 milljarð kr. í tekjur fyrir ríkissjóð. En vel má vera að þessi tekjuauki vegna reiknuðu launanna reynist blekking. Því má benda á óvissuþátt í þessu sambandi að upphæð t. d. 1 milljarð kr.

3. Eins og að ofan segir væru hreinar tekjur af atvinnurekstri við álagningu 1979 upphækkaðar um 45% alls um 63.5 millj. kr. Vegna stórbreytinga á fyrningarreglum og fleiri þáttum telja margir að varlega megi treysta því, að atvinnurekstrartekjur hækki til jafns við aðra verðþróun. Hækki t. d. atvinnurekstrartekjurnar einungis um 40% í stað 45%, þá skerðir það álagningargrunninn um rúma 2 milljarða kr. Að vísu kynnu ákvæðin um reiknuðu launin að draga nokkuð úr slíkri hækkun álagningargrunnsins, en alla vega þyddi hún þó skell fyrir ríkissjóð upp á 500 millj. kr.
4. Miðað við framtölin frá 1979 eftir 45% upphækkun, er heildarupphæð vaxtagjalda um 26 milljarðar kr. Nú hefur meðalvaxtafótur hækkað milli áranna 1978 og 1979. Þessi hækkun er mjög mismunandi eftir lánaflokkum og í sumum tilvikum hefur hann lækkað (t. d. í vísitölutryggðum lánum, þar sem ekki er lengur leyfður frádráttur vegna ógjaldfallinna vísitölubóta). Sem dæmi má taka vaxtaaukalán, sem mjög algeng eru hjá skuldugum húsbyggjendum og húskaupendum. Meðalvextir þessara lána á árinu 1978 voru nálægt 33%, en um 36% 1979. Sé þetta einkennandi, þannig að meðalvextir hafi hækkað um 1/10, þá skerðir það álagningargrunninn um 2½ milljarð kr. Á móti kann að koma, að aukning lána hafi ekki verið í fullu samræmi við verðbólguna, en hæglega má þó gera ráð fyrir óvissu upp á 500 milljónir kr. fyrir ríkissjóð vegna þessa vaxtamáls.
5. Meðal óvissuþátta, sem gætu leitt til tekjuauka fyrir ríkissjóð, má nefna ákvæði um lágmark á húsaleigutekjum og samsvarandi ákvæði vegna húsnæðishlunninda. Þessir tveir tekjupóstar eru í reikningsgrunninum upp á rúma 3 milljarða kr. Þá er námsfrádráttur í útreikningum talinn nema alls nær 9 milljörðum kr., en var 1979 um 8.5 milljarðar kr. (eftir 45% hækkun). Inni í síðarnefndu tölunni er þó einnig frádráttur vegna „afskrifta“ á námskostnaði, en sá hluti er óþekktur. Alla vega er þó ljóst, að í útreikningum er miðað við allnokkra aukningu námsfrádráttar, sem kann að koma öðruvísi út.

Ég hef að ofan tilgreint nokkur dæmi um óvissuþætti. Vonandi verka ekki allir þessir óvissuþættir í sömu átt. Sumir þeirra eru þó tengdir. Má t. d. benda á dæmi 3 og 4. Hafi heildarvaxtagreiðslur aukist umfram 45% gæti það bæði komið fram í verri afkomu atvinnurekstrar og auknum frádrætti einstaklinga á vaxtagjöldum.

Ég hef í fyrri greinargerð til háttvirtra þingnefnda giskað á, að heildaróvissa í mati á tekjum ríkissjóðs af tekjuskatti einstaklinga sé allt að 2 milljörðum kr. til eða frá, að því tilskildu að áætlun um meðaltekjubreytingu reynist rétt. **Í ljósi ofangreindra dæma mætti ætla að heildaróvissa geti verið mun meiri.** Talan 2 milljarðar í þessu sambandi grundvallast því einkum á þeirri óskhyggju að óvissuþættirnir vegi hver annan upp að einhverju leyti, en leggist ekki allir á sömu hliðina.“

Í samræmi við framangreinda afstöðu leggjum við undirritaðir til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem við flytjum tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 14. apríl 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 309. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:
   Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 3 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 25%, af næstu 4 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 35%, en af tekjuskattsstofni yfir 7 000 000 kr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.
2. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins orðist svo:
   Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 525 000 kr.
3. 4. gr. frumvarpsins orðist svo:
   Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 150 000 kr. með fyrsta barni, en 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 65 000 kr. hærri. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ætíð vera 280 000 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

Ed. 310. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og skilar þremur álitum. Við undirritaðir leggjum til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson.

Nd. 311. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. desember 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974, lög nr. 3 1977 og lög nr. 64 1977, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Í stað „20 ára“ í 1. mgr. 2. gr. laganna komi: 16 ára.

3. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er stjórn sjóðsins að taka í tölu sjóðfélaga launþega í landbúnaði.

2. gr.

24. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 3/1977, orðist svo:

Árin 1976—1982 skal lífeyrir samkvæmt II kafla hvert ár miðast við grundvallarlaun undanfarandi 5 almanaksára. Síðan er ráðherra heimilt að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins að ákveða fyrir eitt ár í senn greiðslu uppbótar á lífeyri samkvæmt II kafla, sem þegar hefur verið úrskurðaður. Miðast heimild þessi við byrjun hvers almanaksárs, í fyrsta sinn við ársbyrjun 1983.

Árin 1980—1982 skal lífeyrir samkvæmt I kafla miðast við sömu grundvallarlaun og lífeyrir samkvæmt II kafla, sbr. 1. mgr.

3. gr.

Aftan við 27. gr. laganna (ákvæði til bráðabirgða), sbr. 8. og 9. gr. laga nr. 3/1977, bætist ný málsgrein er verði 4. mgr. og orðist svo:

Árin 1980—1982 skulu lífeyrisgreiðslur þær, sem nefndar eru í 3. mgr., hækka með sama hætti og árin 1978—1979. Útgjöld vegna hinnar sérstöku uppbótar, sem greidd er lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt II kafla laganna, skulu þau þrjú ár borin í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 3/1977 voru sett ákvæði um sérstaka uppbót á lífeyrisgreiðslur úr Lífeyrissjóði bænda árin 1976 og 1977 til samræmis við samkomulag Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda í febrúar 1976 og breytingu á lögum nr. 63/1971 um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum. Ráðstafanir þessar voru síðan framlengdar til ársloka 1979 með nýju samkomulagi launþega og vinnuveitenda í júní 1977, og með lögum nr. 64/1977 var sams konar framlenging uppbótargreiðslna Lífeyrissjóðs bænda lögfest.

Með lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra hafa ofangreindar uppbótargreiðslur, sem um var samið 1976 og 1977, enn verið framlengdar um þrjú ár, 1980—1982. Í þeim lögum eru jafnframt ákvæði um, hvernig útgjöld til uppbótargreiðslna samkvæmt II kafla laga um Lífeyrissjóð bænda skuli borin þetta tímabil, og er þá gert ráð fyrir framlengingu ákvæða laga nr. 64/1977. Í meðfylgjandi frumvarpi er kveðið á um slíka framlengingu.

Auk þeirra ákvæða, er varða lífeyrishækkanir árin 1980—1982, eru í 1. gr. frumvarpsins ákvæði um breytingar á 2. gr. núgildandi laga um skilyrði fyrir aðild að sjóðnum. Er þar annars vegar um að ræða lækkun aldursmarks úr 20 árum í 16 ár og hins vegar rýmkaða heimild til að veita launþegum í landbúnaði aðild að sjóðnum. Eru ákvæði þessi í samræmi við þróun undanfarin ár, sbr. 2. gr. laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o. fl., 3. gr. laga nr. 32/1979 um forfalla- og afleysingarþjónustu í sveitum og undirbúning lagasetningar um almenna þátttökuskyldu í lífeyrissjóðum.

Með ákvæðum 2. gr. frumvarpsins er tryggt, að lífeyrisfjárhæðir þær, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins og ríkissjóður eiga að standa undir, sbr. 19. gr. laga nr. 101/1970, breytist árlega eftir sömu reglu og undanfarin ár þann tíma, er hin sérstaka uppbót skal borin með þeim hætti, sem lög nr. 97/1979 kveða á um. Þá er gert ráð fyrir, að sama gildi um hluta lífeyrissjóðsins, ef lífeyrisþegi samkvæmt II kafla laganna á að hluta rétt samkvæmt I kafla.

Ed. 312. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur tekið frumvarp þetta til athugunar. Nefndin hefur ekki orðið sammála. Við í 2. minni hl. nefndarinnar leggjum til að frumvarpið verði fellt.

Við minnum á, að flugvallagjaldið var lagt á árið 1975 við sérstakar tímabundnar aðstæður. Víðtækar og margháttaðar efnahagsráðstafanir voru gerðar í sambandi við gengisbreytingu í febrúar það ár. Til þess að mæta kostnaðaráhrifum gengisbreytingarinnar var tekjuskattur einstaklinga og útsvar lækkað, afnumdir tollar af tilteknum vörum og hækkaður eða felldur niður söluskattur af einstökum matvörum eða matvöruflokkum. Tekjumissi ríkissjóðs vegna þessara aðgerða var mætt með hækkun ríkisútgjalda, skyldusparnaði og flugvallagjaldi.

Þannig var flugvallagjaldið til komið. Það var ekki gert ráð fyrir að það yrði til frambúðar og síst af öllu að það yrði aukið samhliða almennri skattahækkun svo sem þeirri er nú gengur yfir.

Auk þess viljum við leggja áherslu á, að flugvallagjald, sem greiðist af flutningi farþega innanlands, er fyrst og fremst skattur á fólkið í strjálbýli landsins. Það fólk verður að sækja til höfuðborgarinnar hina margháttuðu þjónustu, sem ekki er annars staðar að hafa, og er í sjálfu sér mæli háð flugsamgöngum í því efni. Flugvallagjaldið er því ranglátur skattur og eykur enn á misrétti það sem landsbyggðafólkið þarf við að búa.

Alþingi, 14. apríl 1980.

Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm. Lárus Jónsson. Sigurlaug Bjarnadóttir.

Sþ. 313. Þingsályktun [11. mál]

um útibú frá Veiðimálastofnun.

(Afgreidd frá Sþ. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 11.

Sþ. 314. Fyrirspurnir. [149. mál]

I. Til fjármálaráðherra um áfengiskaup ráðuneyta í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins s. l. 10 ár.

Frá Árna Gunnarssyni.

1. Hve mikið magn áfengis hafa einstök ráðuneyti keypt hjá ÁTVR s. l. tíu ár, sundurliðað eftir árum og ráðuneytum? Spurt er um allar tegundir áfengis.
2. Hvaða verð greiða ráðuneytin fyrir einstakar áfengistegundir, miðað við 1. janúar 1980?
3. Eru aðgreind kaup ráðherra og ráðuneyta á áfengi?

II. Til forsætisráðherra um störf milliþinganefndar í byggðamálum.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hvað líður störfum milliþinganefndar, sem kosin var af Sþ. til að gera tillögur um markmið, leiðir og mörkun almennrar stefnu í byggðamálum samkv. þingsályktun um milliþinganefnd í byggðamálum frá 13. apríl 1973, og hvenær er þess að vænta að nefndin skili áliti?
2. Hver er orðinn kostnaður við störf nefndarinnar?

III. Til menntamálaráðherra um listskreytingar í skólum.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Í lögum um skólakostnað er ákvæði þess efnis, að menntamálaráðuneytið geti varið allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis til listskreytinga. Spurt er: Hvernig hefur ákvæði þetta verið framkvæmt s. l. 5 ár? Hvaða skólar hafa verið listskreyttir í samræmi við ofangreint ákvæði? Hvaða skólar hafa ekki notið slíks og þá af hvaða ástæðum?

Ed. 315. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   67. gr. laganna orðist svo:
   Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 4 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 25%, af næstu 4 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 35%, en af tekjuskattsstofni yfir 8 000 000 kr. reiknast 45%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.
   Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 5% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.
2. Við 3. gr. Í stað „440 000 kr.“ í fyrri efnismálsgr. komi: 525 000 kr.
3. Við 4. gr.
   a. 2. málsl. efnismálsgr. orðist svo:
      Barnabætur skulu nema 150 000 kr. með fyrsta barni, en 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt.
   b. 3. málsl. efnismálsgr. orðist svo:
      Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 65 000 kr. hærri.
   c. 4. málsl. efnismálsgr. orðist svo:
      Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ætíð vera 280 000 kr. með hverju barni.
4. Við 6. gr. Í stað „65%“ komi: 53%.
5. Við 7. gr. Í stað „1.2%“ komi: 0.8%.
6. Við 8. gr. Við greinina bætist: og skal hann vera frádráttarbær til tekjuskatts.

Ed. 316. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í ljósi þeirrar gífurlegu skattheimtu, sem ríkisstjórnin ryður nú fram á öllum sviðum, er ekki stætt á því að hækka sérstaklega um 60% flugvallagjald, sem innheimt er af öllum flugfarþegum eins og fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir, enda er það andstætt tilraunum til viðnáms gegn verðbólgunni.

Þvert á móti á ríkisvaldið að gæta þess, að álögð gjöld af þess hálfu hækki minna en áætluðum verðhækkunum nemur, og ryðja þannig brautina og sýna fordæmi um niðurtalningu verðbólgunnar. Í annan stað er að ýmsu leyti óréttlátt að innheimta flugvallagjald af innanlandsflugi og skattleggja þannig sérstaklega dreifbýlið, sem verður að reiða sig í ríkum mæli á flugsamgöngur. Til þess að sníða þessa agnúa af fyrirliggjandi frumvarpi er á sérstöku fylgiskjali flutt breytingartillaga um að flugvallagjald verði ekki innheimt af innanlandsflugi, en af flugi til útlanda hækki það um ca. 35% í stað þeirrar 60% hækkunar, sem fyrirliggjandi frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir.

Alþingi, 14. apríl 1980.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Ed. 317. Breytingartillögur [131. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „8 800 kr.“ komi: 7 400 kr.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Orðin „innanlands eða“ í 1. málslið 3. gr. laganna falli niður, og einnig falli niður 4.—7. málsliður greinarinnar.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1980.

Ed. 318. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, á þskj. 219, er þáttur í stórfelldum auknum skattaálögum sem ríkisstjórnin og sá þingmeirihluti, sem hana styður, standa að. Frv. gerir ráð fyrir að innheimta í ríkissjóð allan þann skattauka í tekju- og eignarskatti, sem vinstri stjórnin lagði á sem afturvirka skatta haustið 1978. Því til viðbótar munu þær tillögur frá 1. minni

hluta fjárhags- og viðskiptanefndar, sem fluttar eru á þskj. 309, auka enn tekjuskatta einstaklinga um 2—3 milljarða kr. frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir, en forsenda tekjuáætlunar fjárlaga var sú, að vinstristjórnarskattarnir skiluðu sér í ríkissjóð. Í tekjuáætlun fjárlaga er miðað við að álagður tekjuskattur á einstaklinga nemi 43 500 millj. kr. Var þá gert ráð fyrir að meðaltekjur hækkuðu milli áranna 1978 og 1979 um 45%. Nýjustu upplýsingar Þjóðhagsstofnunar benda til þess, að tekjubreytingin verði 47—48% (sjá fskj. I). Skattstigatillögur 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar hafa því í för með sér 45 500—46 500 millj. kr. tekjuskattsálögur á einstaklinga í ár, þ. e. framangreinda skattahækkun.

Mikil skæðadrífa nýrra og hækkaðra skatta hefur dunið yfir þjóðina að undanförnu. Nú er svo komið, að heildarskattheimta ríkis og sveitarfélaga þyngist á yfirstandandi ári um 54 milljarða vegna aðgerða núverandi ríkisstjórnar og fyrri vinstri stjórnar. Þessi aukna skattbyrði nemur hvorki meira né minna en 1 300 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Þetta fé hefðu heimilin handbært í ár ef sömu álagningarreglur skatta til ríkis og sveitarfélaga giltu eins og 1978, áður en vinstri stjórnin tók þá við völdum, þ. e. þegar sjálfstæðismenn réðu síðast ríkisfjármálunum.

Hækkun beinna skatta.

Af þessari skattahækkun af völdum þessara tveggja ríkisstjórna hækka beinir skattar um 25 milljarða kr. frá því sem verið hefði, ef sama hlutfall tekna gengi til greiðslu þeirra og á árinu 1978. Tekju- og eignarskattar, sjúkratryggingagjald, útsvör og fasteignaskattar námu árið 1978 11.6% af brúttótekjum skattgreiðenda. Hér er átt við venjulega álagningu það ár áður en afturvirku sköttunum var bætt við. Þessir skattar eru að mati Þjóðhagsstofnunar í ár 14.2% af brúttótekjum yfirstandandi árs (sjá þskj. II). Í þeirri áætlun er einungis gert ráð fyrir að tekju- og eignarskattar verði í samræmi við tekjuáætlun fjárlagafrumvarps, en ekki 2—3 milljörðum hærri, og að heimild til 10% hækkunar útsvars verði aðeins nýtt að hálfu. Raunsærra er því að gera ráð fyrir að þetta hlutfall verði í raun 14.6—14.8%.

Þjóðhagsstofnun hefur áætlað brúttótekjur framteljenda 820 milljarða króna 1980 (miðað við 47% tekjubreytingu milli áranna 1978 og 1979). Beinir skattar, sem greiddust af þessum 820 milljörðum (þ. e. í tekju- og eignarskatt, útsvar, sjúkratryggingagjald og fasteignaskatta), yrðu þá 11.6% af 820 milljörðum miðað við álagningarreglur 1978 og 14.7% 1980 eða:

Skattar í ár miðað við mismunandi álagningarreglur:

1978 11.6% brúttótekna m. kr.	1979 14.7% bráttótekna m. kr.	Skattahækkun m. kr.
95 000	120 000	25 000

Með sama skatthlutfalli á greiðsluári og 1978 hefðu borgararnir greitt 95 milljarða í beina skatta á þessu ári, en greiða nú nálægt 120 milljörðum skv. tillögum 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar um tekju- og eignarskatta, sem hér liggja fyrir, og aukinni heimild til álagningar útsvara svo og gildandi lögum um sjúkratryggingagjald og fasteignaskatta.

Hækkun óbeinna skatta.

Óbeinir skattar í ár verða 31 milljarði króna þyngri vegna ákvarðana núv. ríkisstjórnar og vinstri stjórnarinnar síðan haustið 1978.

Þessi aukaskattreikningur óbeinna skatta sundurliðast þannig:

1.	Hækkun söluskatts (í fyrrahaust) um 2%	10 300
2.	Hækkun vörugjalds (sama tíma) um 6%	7 715
3.	Gjald á ferðalög til útlanda	1 700
4.	Nýbyggingagjald	250
5.	Skattur á verslunarhúsnæði	1 700
6.	Aðlögunargjald	1 840
7.	Hækkun verðjöfnunargjalds af raforku	1 220
8.	Skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkanir	10 100
9.	Nýtt „orkujöfnunargjald“ sem er í raun 1.5% söluskattur	6 000
10.	Markaðar tekjur auknar í ríkissjóð	4 714
		45 539
	Frá dregst niðurfelling söluskatts af matvörum og tollalækkun	14 500
		31 039

Framangreindar tölur er að finna í fjárlögum og sumpart reiknaðar skv. upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun, sem stuðst er við. Hækkun söluskatts og vörugjalds, sem ákveðin var í fyrrahaust af vinstri stjórninni, leggur í ár 18 milljarða skattaálögur á þjóðina, en í fyrra voru þessar skattahækkanir 2.7 milljarðar, vegna þess hversu seint hækkunin kom til framkvæmda á árinu. Gjald á ferðalög til útlanda, nýbyggingagjald, skattur á verslunarhúsnæði og aðlögunargjald eru allt nýir skattar sem fyrst voru lagðir á af vinstri stjórninni. „Orkujöfnunargjald“, sem er í raun almenn hækkun söluskatts, er uppfinning núv. ríkisstjórnar og leggur nýja skattbyrði á sem nemur 6 milljörðum í ár, en á 12 mánuðum tæpum 8 milljörðum.

Skattaálögur á bensín hafa þrefaldast að krónutölu síðan 1978, og er nú svo komið að hvergi í veröldinni eru meiri skattar á rekstur og stofnkostnað bifreiða en á Íslandi. Samtímis hafa bein framlög úr ríkissjóði til vegaframkvæmda verið skorin niður og verða 2 milljörðum minni að raungildi en 1978 og skattar á bensín renna í æ ríkara mæli í ríkissjóð. Rúmlega helmingur (51%) skatttekna af bensíni gekk til vegaframkvæmda árið 1978, en skv. fjárlögum 1980 fara einungis 38% af bensínsköttunum í Vegasjóð.

Ef saman er borin skattlagning á bensín 1978 og skv. fjárlögum 1980 er samanburðurinn þannig:

	1978 M. kr.	1980 M. kr.
Bensíngjald til vega	4 626 51%	11 000 38%
Tollur og söluskattur	4 445 49%	18 000 62%
	9 071	29 000

Hækkunin er tæpir 20 milljarðar eða 221%. Hér er um hækkun að ræða sem er 10.1 milljarði umfram verðlagshækkanir, því byggingarvísitala er áætluð hækka um rúmlega 108% frá miðju ári 1978 og fram á mitt ár 1980. Ástæðan fyrir þessum gegndarlausu skattaálögum er sú, að innflutningsverð á bensíni hefur stórhækkað vegna orkukreppunnar. Hvergi hefur þó verið slakað á álagningu söluskatts og tolla sem bætast ofan á þessa verðhækkun, heldur þvert á móti hækkað hlutfall lagt á.

Verð á bensínlítra hækkaði í dag um 60 kr. Þar af renna 42 kr. í ríkissjóð og er bensíngjald þó ekki nema rúmlega 20 kr. af því. Eftir þessa hækkun sundurliðast verð á bensíni þannig:

Bensíngjald í Vegasjóð	91.36 kr. af lítra
Söluskattur og tollur	156.14 kr. af lítra
Til olíufélaganna	182.50 kr. af lítra
Samt.	430.00 kr.

Til ríkisins ganga 247.50 af verði bensínlítra eða 57.6%, en 21.2% af verðinu fara til vegaframkvæmda.

Öllum sæmilega viti bornum mönnum hlýtur að skiljast, að hér er stefnt út í algjöra ófæru. Eitt arðbærasta félagslega verkefni, sem bíður úrlausnar með þjóðinni, er gerð varanlegra vega. Bundið olíumalarslitlag með 1000 bíla ársumferð er 6—7 ár að borga sig í sparnaði á viðhaldi vegarins. Slíkt slitlag sparar einnig:

21% af eldsneytiskostnaði,
170% í viðhaldi hjólbarða,
45% í viðhaldi bifreiða.

Meðaltalsslit bifreiða er talið 63% meira á malarvegi en vegi með bundið slitlag. Vegagerð ríkisins telur að 2000—2500 km af íslenskum vegum séu með þeirri ársumferð að arðbært sé að leggja á þá varanlegt slitlag. Þegar slík félagsleg stórvirki bíða úrlausnar er það óskiljanleg fjarstæða að auka sífellt skattaálögur til almennra þarfa ríkissjóðs á rekstur og stofnkostnað bifreiða — svo að heimsmet er slegið — og minnka samtímis framlög af því fé til vegamála.

Skattahækkanir núverandi ríkisstjórnar.

Mörgum þótti nóg um gífurlegar skattahækkanir vinstri stjórnarinnar þá þrettán mánuði sem hún sat að völdum frá hausti 1978. Í kosningabaráttunni í vetur var það eitt af grundvallarstefnumiðum Sjálfstæðisflokksins að afnema alla vinstristjórnarskattana og leggja tekjuskattinn niður sem almennan launaskatt.

Núverandi ríkisstjórn hefur farið alveg öfuga leið. Hún viðheldur öllum vinstristjórnarsköttunum og bætir álögum á þjóðina næstum daglega. Hún ber ábyrgð á að söluskatts- og vörugjaldshækkunin, sem ákveðin var í fyrrahaust, leggur á þessu ári 15 milljörðum króna meiri skattaálögur á almenning en í fyrra. Hún heimilar sveitarfélögum að leggja á að giska 4—5 milljarða aukaútsvar á skattborgarana. Hún bætir 2—3 milljörðum við tekjuskatta einstaklinga ofan á hækkun vinstri stjórnarinnar og leggur á nýtt „orkujöfnunargjald“ sem eykur skattbyrðina um 6 milljarða. Aukaskattreikningur hennar eftir rúmlega tveggja mánaða setu lítur því þannig út:

	Millj. kr.
1. Hækkun á vörugjaldi og söluskatti	15 000
2. Hækkun útsvara	4 500
3. Hækkun tekjuskatta	2 500
4. „Orkujöfnunargjald“	6 000
Samtals	28 000

Við þetta mætti bæta áframhaldandi okurskattlagningu á bensín, hækkun flugvallagjalds o. fl., o. fl.

Núverandi ríkisstjórn ber því ábyrgð á meira en helmingi þeirrar auknu skattbyrðar sem lagst hefur á skattborgarana frá haustinu 1978. Á tveimur mánuðum hefur hún slegið skattamet vinstri stjórnar sem var 13 mánuði við völd.

Skattastefna Sjálfstæðisflokksins.

Við fulltrúar þingflokks Sjálfstæðisflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. erum þessari skattastefnu algerlega andvígir. Fyrr í vetur fluttum við brtt. um skattstiga ásamt fulltrúa Alþýðuflokksins í nefndinni. Þær tillögur fólu í sér rúmlega 7 milljarða króna skattalækkun og voru áfangi á þeirri leið að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum. Þeirri stefnu hefur verið haldið fram af sjálfstæðismönnum í áratugi og hefur hún nú hlotið víða hljómgrunn, m. a. í Alþýðuflokknum. Þessar tillögur voru felldar í Ed. Við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni flytjum hér enn breytingartillögur við þetta frumvarp, sem fela í sér eftirfarandi meginstefnu:

1) Að álagning tekju- og eignarskatta sé sú sama eða sem hliðstæðust og var 1978 eftir þeim lögum sem sjálfstæðismenn báru þá ábyrgð á.
2) Að afturvirk aukning tekju- og eignarskatta einstaklinga og félaga, sem vinstri stjórnin lagði á, sé afnumin, en þessir skattar hafa verið lagðir á í einu eða öðru formi síðan haustið 1978 og felast í till. 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.
3) Að tekjuskattar til ríkisins lækki sem svarar hækkun á útsvörum sem heimiluð var nú fyrir skömmu.

Hér er miðað við skatthlutfall af tekjum fyrra árs.

Við undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd teljum að allir þingmenn, sem kosnir voru á Alþingi af listum sjálfstæðismanna, hafi skuldbundið sig til að fylgja slíkri meginstefnu í álagningu tekju- og eignarskatta, enda lítum við svo á að hér sé um lágmarksskref að ræða í þá átt að afnema tekjuskatt á almennar launatekjur.

Nánari grein fyrir breytingartillögum sjálfstæðismanna á þskj. 315.

Lagt er til að tekjuskattsstigar einstaklinga verði þannig:

25% af fyrstu 4 000 000 kr.
35% af næstu 4 000 000 kr.
45% af hærri tekjum en 8 000 000 kr.

Barnabætur verði sem hér segir:

Með fyrsta barni 150 000 kr. Með hverju barni umfram eitt 215 000 kr. Fyrir börn yngri en 7 ára verði barnabæturnar 65 000 kr. hærri. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra er lagt til að verði 280 000 kr. með hverju barni. Persónuafsláttur verði 525 000 kr. á einstakling.

Þetta þýðir 7.2 milljörðum kr. lægri tekjuskatta einstaklinga heldur en breytingartillaga 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar gerir ráð fyrir. Hækkun fyrsta skattþrepsins léttir 5 000 millj. kr. tekjuskattsbyrði af gjaldendum umfram tillögur 1. minni hl. nefndarinnar og síðasta skattþrepið 2 200 millj. kr.

Skattalækkun einstaklinga yrði skv. þessum tillögum 12% og hjóna 17%, en meðaltalslækkunin yrði 16.4%.

Eftir að heimild var samþ. um 10% álag á útsvar eru tekjur, sem skattlagðar eru í efsta skattþrepi, skv. till. 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar, þ. e. a. s. 50%, skattlagðar þannig að af hverjum 100 kr. fara 64.80 kr. til ríkis og sveitarfélaga.

Þessi háa skattprósenta sundurliðast þannig:

Tekjuskattur með álagi til Byggingarsjóðs	50.5%
Útsvar	12.1%
Kirkjugarðsgjald	0.2%
Sjúkratryggingagjald	2.0%
	64.8%

Með slíkri skattlagningu er stórlega verið að draga úr framtaki almennings, og það getur varla verið hugmynd þeirra sem ráða skattstefnunni. Skárra er að afla fjár í ríkissjóð með neyslusköttum, að svo miklu leyti sem þörf er á, heldur en tekjusköttum sem keyra svo úr hófi. Því er lagt til í till. okkar að efsta skattþrepið verði ekki hærra en 45%, þótt jaðarskattur samtals eigi ekki að vera meiri en 50% af tekjum.

Um eignarskatta er gerð sú tillaga, að þeir verði eins og 1978 að því er varðar einstaklinga. Sem fyrsti áfangi í lagfæringu eignarskatts félaga er lagt til að hann verði frádráttarbær frá tekjuskatti. Vegna breytinga á ársuppgjöri félaga má búast við verulegri hækkun eignarskatta þeirra, og hlýtur að koma til athugunar að breyta

þessari skattheimtu, þar sem hún mun nánast óþekkt annars staðar en hér á landi og er því til þess fallin að draga úr samkeppnishæfni íslenskra atvinnuvega (sjá bréf frá Verslunarráði Íslands, fskj. III).

Þær breytingar, sem hér eru lagðar til um lækkun tekjuskatta félaga og eignarskatta einstaklinga, má áætla að dragi úr tekjum ríkissjóðs um 2 500 millj. kr. Heildartekjutap ríkissjóðs vegna þessara breytingartillagna er því um 9 700 millj. kr.

Þegar haft er í huga, að meiri tekjuhækkun almennings milli ára gæti fært ríkissjóði 2—3 milljarða upp í þessa lækkun, ætti að vera unnt að finna leiðir til þess að skera niður útgjöld um 6—7 milljarða króna til þess að þoka skattheimtunni í framangreinda réttlætisátt. Við undirritaðir erum reiðubúnir til samstarfs um slíkan niðurskurð, enda teljum við útilokað að leysa fjárhagsvanda ríkissjóðs með skattahækkun ofan á skattahækkun oft á ári, eins og gerst hefur undanfarin ár.

Alþingi, 14. apríl 1980.

Lárus Jónsson, frsm. Þorv. Garðar Kristjánsson. Sigurlaug Bjarnadóttir.

Fylgiskjal I.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN.

10. apríl 1980.

Áætlun um breytingu á tekjum einstaklinga 1978—1979.

Undanfarin ár hefur Þjóðhagsstofnun tekið úrtak úr skattframtölum einstaklinga í Reykjavík og nokkrum öðrum stöðum í því skyni að áætla tekjubreytingu milli ára til endurskoðunar á áætlun fjárlaga um tekjuskatt einstaklinga. Athuganir þessar hafa venjulega verið gerðar í lok febrúar eða í mars, eftir því sem framtöl hafa verið aðgengileg á skattstofum. Þar sem framtalsfrestur rann út mun seinna í ár en venjulega, var ekki unnt að gera úrtaksathugun á framtölum fyrr en nú síðustu dagana, þ. e. eftir að framtölum hafði verið raðað á skattstofum. Niðurstöður úrtaksathugunar liggja nú fyrir í Hafnarfirði, Keflavík, Grindavík og Sandgerði og einnig fyrstu tölur úr Reykjavík. Þar sem ýmsar breytingar hafa verið gerðar á skilgreiningu brúttó- og nettótekna til skatts er erfitt að bera saman þessar tekjur árin 1978 og 1979, og betri vísbending um tekjubreytinguna að þessu sinni fæst því líklega með því að líta á breytingu atvinnutekna. Niðurstöður úrtaksathugunarinnar eru eftirfarandi:

	Breyting atvinnutekna 1978—1979
Reykjavík	46%
Hafnarfjörður	54%
Keflavík	48%
Grindavík	52%
Sandgerði	55%

Meðaltal þessara staða vegið með tekjum 1978 er 47%. Hér er nær eingöngu um niðurstöðu úr framtölum launþega að ræða, enda hafa einstaklingar með atvinnurekstur enn frest til þess að skila framtölum. Áætlanir, sem að nokkru eru studdar athugun á framtölum, benda til þess, að meðalbrúttótekjur á ofangreindum stöðum hækki minna en atvinnutekjur, e. t. v. um 45—46%, ef miðað er við sambærilegt tekjuhugtak bæði árin.

Milli áranna 1977 og 1978 hækkuðu meðalbrúttótekjur á ofangreindum stöðum um 56.2%, en annars staðar á landinu um 60%. Óvíst er hvort munurinn er sá sami

nú, þar sem tekjuhækkun hjá bændum var óvenjumikil 1978, en á hinn bóginn var tekjuhækkun sjómanna og þeirra, er vinna við fiskvinnslu, meiri en meðaltekjuhækkun í fyrra og vegur það þyngra utan þess svæðis, sem úrtakið nær til. Sé gert ráð fyrir því, að tekjuhækkun utan úrtakssvæðis hafi verið 47—48% (brúttótekjur), verður meðalhækkun á framteljanda á öllu landinu 46—47%. Hér er enn um áætlun að ræða, sem að vísu er studd úrtaksathugunum á nokkrum stöðum, sem yfirleitt hafa gefið nokkuð góða raun. Úrtakið í Reykjavík er þó enn sem komið er minna en verið hefur síðustu árin, þar sem ekki var unnt að hefja athugunina fyrr en í dag, 10. apríl 1980. Úrvinnsla úr Reykjavíkurathugun er því enn skammt á veg komin og verður að gera fyrirvara um það.

Fylgiskjal II.

Þjóðhagsstofnun
Vinnublað. 27/2/1980

Lausleg áætlun um beina skattbyrði einstaklinga 1964—1980.

Ár:	Brúttótekjur M.kr.	Álagðir skattar[1] M.kr.	Álagðir skattar % af tekjum fyrra árs	Álagðir skattar % af tekjum greiðsluárs
1964	10 710	—	—	—
1965	13 150	1 496	14.0	11.4
1966	15 600	1 997	15.2	12.8
1967	16 260	2 279	14.6	14.0
1968	17 330	2 580	15.9	14.9
1969	19 950	2 945	17.0	14.8
1970	25 652	3 410	17.1	13.3
1971	32 903	4 651	18.1	14.1
1972	43 090	6 650	20.2	15.4
1973	59 626	8 550	19.8	14.3
1974	89 750[2]	10 100	16.9—15.2[3]	11.3/10.1[4]
1975	118 820	13 520	15.1	11.4
1976	159 800	20 040	16.9	12.5
1977	237 360	25 050	15.7	10.6
1978	376 000	43 800/45 100[5]	18.5/19.0	11.6/12.0
1979 áætl.	556 000	74 700	19.9	13.4
1980[6]	800 000	111 000	20.0	13.9

1) Tekju- og eignarskattur, útsvar, almannatryggingagjald, sjúkrasamlagsgjald, sjúkratryggingagjald, fasteignaskattar.
2) Fjölskyldubætur meðtaldar.
3) Fjölskyldubætur eru hér dregnar frá álögðum skatti 1974 til þess að gera tölurnar sambærilegar við 1975 og síðari ár.
4) Seinni talan er af tekjum 1974 án fjölskyldubóta.
5) Seinni talan með viðbótarálagningu haustið 1978.
6) Miðað við forsendur tekjuáætlunar dags. 27. febrúar. Hér er miðað við óbreytt álagningarhlutfall útsvars frá 1979. Verði álagsheimild rýmkuð úr 11% í 12% og sú heimild t.d. notuð að hálfu á árinu 1980, hækka álagðir skattar í 113.7 milljarða króna og skatthlutfall verður 20.4% af tekjum fyrra árs og 14.2% af tekjum greiðsluárs.

Fylgiskjal III.

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS

Fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.
Alþingi, Rvík. 11. apríl 1980.

Varðandi frumvarp til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt (skattstiga) vill Verslunarráð Íslands enn ítreka, að eftirfarandi atriði verði tekin til greina:

Eignarskattur.

Eignarskattur er afar óréttlátur skattur, sem vart þekkist að lagður sé á atvinnurekstur í nágrannalöndum okkar. Eðlilegast væri því að afnema hann alfarið. Ljóst er þó að það verður ekki gert nú, og því verður að sníða af verstu vankantana og sjá til þess, að eignarskattur af atvinnurekstri margfaldist ekki í ár frá fyrra ári. Verslunarráðið leggur því mikla áherslu á, að eignarskattur af atvinnurekstri verði frádráttarbær til tekjuskatts, og fjárfesting í atvinnulífinu verði skattlögð eins til eignarskatts og fjárfesting í spariskírteinum ríkissjóðs og skatthlutfallið verði ekki hækkað frá gildandi lögum, úr 0.8% í 1.2%, því að viðtækt endurmat eigna í atvinnurekstri margfaldar skattskylda eign til eignarskatts.

Þær tillögur, sem hér voru nefndar, njóta einróma stuðnings í atvinnulífinu. Þær miða að því, að eignarskattur aukist ekki frá því, sem verið hefur. Eignarskattur félaga hefur verið frádráttarbær til tekjuskatts, en aðskilið uppgjör á atvinnurekstri í nafni einstaklinga gerir nú kleift, að frádráttarbærnin nái einnig til slíks atvinnurekstrar. Viðtækt endurmat eigna veldur loks slíkri hækkun eignarskatts, að hækkun skatthlutfallsins er óverjandi. Að þessu leyti miða tillögurnar að því, að eignarskattur verði ekki að mun mikilvægari tekjustofni fyrir ríkissjóð en verið hefur. Auk þess opna þær leið, svo að fjárfesting í atvinnurekstri njóti sömu skattakjara og spariskírteini ríkissjóðs, en sú breyting er algjör nauðsyn vegna þess hve verðbólgan hefur rýrt eigið fé fyrirtækja á undanförnum árum. Nú eru fyrirtækjum reiknaðar tekjur af öllu því hagræði, sem lánsfjármögnun kann að veita, og því er nauðsynlegt að gera slíka breytingu, ef fjárfesting í atvinnulífinu á ekki að dragast saman með þeim afleiðingum fyrir atvinnutækifæri, nú og í framtíðinni, sem sá samdráttur skapar.

Tekjuskattur.

Í áður gildandi lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 68/1971, þar sem tekjuskattur var greiddur ári eftir að tekjurnar mynduðust, var skatthlutfallið 53% hjá félögum. Eðlilegt virðist því, að hlutfallið hækki einungis í 53% í lögum nr. 40/1978, þegar horfið er frá samtímagreiðslu.

Þótt enn sé margt óljóst um áhrif nýrra laga á skattskyldar tekjur félaga, er ljóst, að tekjufærsla skv. 53. gr. stórhækkar tekjur félaga og verður stór þáttur í skattskyldum tekjum þeirra. Virðast mörg skattauppgjör benda til þess, að þetta atriði hafi verið töluvert vanmetið, þannig að tekjuskattsstofn félaga verður sennilega síst minni en verið hefur. Einnig verður nú sú breyting, að tap er einungis frádráttarbært frá tekjum þegar varasjóður er uppurinn. Hann er því ekki lengur sú frestun á skattlagningu sem var.

Við þessar aðstæður er vægast sagt varhugavert að ákveða skatthlutfallið 65% og ósanngjarnt í samanburði við næstu samkeppnislönd okkar. Svo hátt skatthlutfall ásamt 1.2% eignarskattshlutfalli og öðrum skattahækkunum torveldar yfirstandandi kjarasamninga, leiðir til verðlagshækkana á síðari hluta ársins, skerðir sam-

keppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum og virðist flytja atvinnulífinu þá skoðun Alþingis, ef af samþykkt verður, að atvinnurekstur sé betur kominn í höndum opinberra aðila en einstaklinga.

Með virðingu,

VERSLUNARRÁÐ ÍSLANDS
Árni Árnason,
framkvæmdastjóri.

Ed. 319. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir verulegri hækkun tekjuskatts af almennum launatekjum. Þannig mun heildarskattbyrði til ríkis og sveitarfélaga aukast um ca. 8 milljarða króna samkvæmt fyrirliggjandi áætlunum frá Þjóðhagsstofnun og Reiknistofnun háskólans, enda verði heimild til 10% hækkunar útsvara ekki nýtt nema í 55% tilvika. Verði sú heimild til útsvarsálagningar nýtt í ríkara mæli eykst skattbyrði enn sem því nemur.

Þessa skattahækkun boðar ríkisstjórnin samtímis því sem hún gerir ráð fyrir 4.5% kjaraskerðingu af völdum verðlagshækkana. Öllum má ljóst vera hvert óráð er að ríkisvaldið gangi þannig á undan um að heimta sem mest í sinn hlut á sama tíma og það boðar aðhald hjá öllum öðrum.

Stefna Alþýðuflokksins er sú, að gæta eigi aðhalds á öllum sviðum efnahagslífsins, en þó sérstaklega í ríkisbúskapnum, jafnframt því að vernda raunkjör launafólks eftir mætti með því að draga úr tekjuskattheimtu, einkum hjá hinum tekjulægstu, enda tekjuskatturinn að ýmsu leyti óréttlátur skattur, eins og dæmin sanna.

Skattastefna ríkisstjórnarinnar gengur í þveröfuga átt. Heildarskattbyrði eykst. Skattar af lægstu tekjum hækka. Skattar á miðlungstekjur eru stórauknir, og meira að segja skattar hjá einstæðum foreldrum hækka.

Með offorsi sínu í skattlagningu kippir ríkisstjórnin stoðunum undan viðleitni til þess að hafa hemil á verðbólgunni. Sú leið að rýra lífskjör launþega sérstaklega með skattaálögum er ógæfusamleg. Alþýðuflokkurinn telur að af þessari braut verði að snúa. Þess vegna er hér flutt breytingartillaga um skattstiga, sem komi til móts við launafólk. Samkvæmt honum yrði álagður tekjuskattur einstaklinga nettó um 35 milljarðar króna í stað ca. 46 milljarða króna samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi, og er þá í báðum tilvikum miðað við 47% tekjuaukningu milli ára skv. úrtaki Þjóðhagsstofnunar.

Samkvæmt þeim tillögum, sem hér eru gerðar, yrði innheimtur tekjuskattur um 7.5 milljörðum lægri en fjárlög gera ráð fyrir, enda hafði Alþýðuflokkurinn flutt tillögur um samsvarandi niðurskurð útgjalda. Lækkun þessi kæmi m. a. til góða hinum tekjulægstu, fólki með miðlungstekjur svo og einstæðum foreldrum. Hér má sérstaklega tilgreina að í tillögum fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna eykst skattbyrði einstæðra foreldra um 40% frá gömlu skattalögunum, en samkvæmt þeim tillögum, sem hér eru fluttar, yrði hún létt um 60%. Um samanburðardæmi vísast til fylgirita.

Í fylgiriti I er sýndur samanburður á tekjuskatti skv. tillögum ríkisstjórnarflokkanna og skv. tillögum Alþýðuflokksins. Í fylgiriti II er sýnt dæmi um hvernig tekjuskattur af lægstu tekjum stórhækkar skv. tillögum ríkisstjórnarflokkanna frá því, sem í gildi var skv. gömlu skattalögunum, og hvernig tillögur Alþýðuflokksins mundu lækka skatta þessa fólks.

Alþingi, 14. apríl 1980.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Fylgirit I.

Samanburðardæmi um tekjuskatt samkvæmt tillögum ríkisstjórnarflokkanna og samkvæmt tillögum Alþýðuflokksins.

	Tekjur til tekjuskattsstofns		Tekjuskattur		Lækkun
	Eiginmaður þús. kr.	Eiginkona þús. kr.	Till. Alþfl. þús. kr.	Till. ríkisstj.fl. þús. kr.	skv. till. Alþfl.
Hjón, barnlaus	3 500	2 500	253	505	50%
Hjón, eitt barn yfir 7 ára	6 000	3 000	1 021	1 365	25%
Hjón, eitt barn undir 7 ára	7 000	3 000	1 471	1 654	11%
Hjón, barnlaus	7 500	7 000	3 333	3 537	6%
Einhleypur	3 000		126	227	44%
Einstætt foreldri með 2 börn (annað ungt)	4 000		429	581	26%

Fylgirit II.

Samanburðardæmi um tekjuskatt af lægstu tekjum.

1. Skv. gömlu skattalögunum:

Brúttótekjur þús. kr.	Nettótekjur þús. kr.	Tekjuskattur
3 000	2 850	121 000
3 000	2 700	90 000

2. Skv. tillögum ríkisstjórnarflokkanna:

Brúttótekjur þús. kr.	Nettótekjur þús. kr.	Tekjuskattur
3 167	2 850	189 000
3 000	2 700	152 000

3. Skv. till. Alþýðuflokksins:

Brúttótekjur þús. kr.	Nettótekjur þús. kr.	Tekjuskattur
3 167	2 850	80 000
3 000	2 700	35 000

Ed. 320. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   67. gr. laganna orðist svo:
   Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir:
   Af fyrstu 2 500 000 kr. tekjuskattsstofni reiknast 15%, af næstu 3 500 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 30%, en af tekjuskattsstofni yfir 6 000 000 kr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.
   Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 7% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.
2. Við 3. gr. Fyrri efnismálsgr. orðist svo:
   Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 400 000 kr.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   1. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:
   Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 140 000 kr. með fyrsta barni, en 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en 7 ára á tekjuárinu skulu barnabætur vera 55 000 kr. hærri. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ætíð vera 270 000 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

Ed. 321. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

1. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 orðist svo:

Brot á lögum þessum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 6 millj. króna, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum. Sömu refsingu skal sá sæta, sem fær eða reynir að fá leyfi (undanþágu) samkvæmt lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða með því að leggja í sviksamlegum tilgangi launung á atriði, er máli skipta í þessu eða brýtur skilyrði fyrir veittu leyfi. Ennfremur skal sá sæta sömu refsingu, sem gefur rangar skriflegar upplýsingar um nafn sitt, heimilisfang eða stöðu sína, er hann leitar eftir lyfseðli eða annarri ávísun á þau lyf eða efni, sem um getur í 3. og 4. grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði laga um ávana- og fíkniefni um hámark fésekta hafa verið óbreytt frá gildistöku þeirra árið 1974. Er því nauðsynlegt að hækka sektahámark í samræmi við verðlagsþróun úr 1 millj. króna í 6 millj. eigi lögin að þjóna upphaflegum tilgangi sínum.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976, þar sem lagt er til að sektahámark í almennum hegningarlögum verði hækkað úr 5 millj. í 30 milljónir króna. Við gildistöku laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 tóku einnig gildi lög nr. 64/1974 um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Með þeirri breytingu var bætt inn í almenn hegningarlög ákvæði um fangelsi allt að 10 árum sé um mjög alvarlegt brot að ræða gegn lögunum um ávana- og fíkniefni, sbr. nánar 173. gr. a.-liður núgildandi hegningarlaga.

Má því segja, að þessi tvenn lög séu samtvinnuð og nauðsynlegt að breytingar á þeim haldist í hendur eftir því sem þurfa þykir. Til frekari áherslu er vert að geta þess að sektarákvæði almennra hegningarlaga taka ekki til brota gegn lögunum um ávana- og fíkniefni heldur gilda þar alfarið sektarákvæði laganna um ávana- og fíkniefni.

Sþ. 322. Fyrirspurn [151. mál]

til fjármálaráðherra um ríkissjóð og fyrirtækið Olíuöl.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Hvernig hyggst hæstvirtur fjármálaráðherra framfylgja samþykkt meiri hluta Alþingis frá því við þriðju umræðu fjárlaga varðandi fyrirtækið Olíuöl?

Ed. 323. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 100 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarp þetta til meðferðar og mælir með að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. apríl 1980.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm. Stefán Jónsson, fundaskr. Kjartan Jóhannsson.

Egill Jónsson. Davíð Aðalsteinsson. Stefán Guðmundsson.

Sþ. **324. Tillaga til þingsályktunar** [152. mál]

um eflingu iðnaðar á Suðurlandi.

Flm.: Sigurður Óskarsson, Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um gerð iðnþróunaráætlunar fyrir Suðurland. Áætlunin verði stefnumótun ríkisvaldsins og heimamanna um framtíðarþróun atvinnulífs á Suðurlandi.

Í áætlun þessari skal gerð grein fyrir þörfinni á nýjum atvinnutækifærum á Suðurlandi næstu tíu árin og hvernig hagkvæmast er að mæta henni. Gerð skal athugun á möguleikum starfandi atvinnugreina til vaxtar. Einnig skal athuga ný iðnaðartækifæri sem til greina koma á Suðurlandi.

Í áætluninni skal bent á leiðir til þess að efla iðnað. Gera skal grein fyrir því, hvaða þörf er á framkvæmdum hins opinbera í stoðkerfum atvinnulífsins, svo sem orkumálum og samgöngumálum.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins verði falið að gera áætlun þessa í sem nánastri samvinnu við Sunnlendinga. Til að fylgjast með verkinu og móta það verði skipuð áætlunarnefnd fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi.

Greinargerð.

Hlutdeild Sunnlendinga í heildarfjölda landsmanna hefur farið mjög lækkandi á liðnum áratugum. Er þar í mörgu líkt á komið og með öðrum dreifbyggðum landshlutum. Um aldamót bjuggu á Suðurlandi 17% landsmanna. Árið 1979 voru íbúar 19 462, eða 8.6% af íbúum landsins. Þessi íbúafjöldi skiptist þannig eftir þéttbýlisstigi:

TAFLA 1.

	Fjöldi	%
Bæir með yfir 1000 íbúa (3 staðir)	9 184	47.2
Þéttbýli með 200—1000 íbúa (6 staðir)	3 431	17.6
Þéttbýli með innan við 200 íbúa (7 staðir)	641	3.3
Sveitabyggð	6 026	31.9
Alls:	19 462	100.0

Í töflu hér á eftir má einnig sjá hvernig Suðurland sker sig úr miðað við landið allt um hátt hlutfall ungs fólks.

TAFLA 2.

Hlutfallsleg aldurskipting Sunnlendinga og allra Íslendinga yngri en þrítugra 1. 12. 1979. Hlutfall af öllum íbúum sama kyns.

Aldursfl.	Karlar		Konur	
	Landið %	Suðurland %	Landið %	Suðurland %
0—4	8.9	9.6	8.7	9.8
5—9	9.4	9.7	9.0	10.5
10—14	9.6	10.0	9.3	10.1
15—19	10.1	9.9	9.9	10.5
10—24	9.6	9.4	9.2	9.5
25—29	8.3	8.6	7.9	7.7

Tekjuþróun á Suðurlandi hefur verið mjög óhagstæð undanfarin ár, þrátt fyrir uppgrip í orkuframkvæmdum á hálendinu. Myndin hér fyrir aftan sýnir þróun meðaltekna eftir skattumdæmum. Vestmanneyingar hafa hæstu meðaltekjur, en frá 1977 hefur fasta landið á Suðurlandi verið allra landshluta verst sett hvað meðaltekjur varðar.

Þörf fyrir ný atvinnutækifæri er mjög mikil á Íslandi í dag. Stærstu árgangar, sem fæðst hafa í landinu munu koma á vinnumarkað á næstu árum. Þar sem saman fer mikill íbúafjöldi í sveitabyggð og óvenjuhátt hlutfall ungs fólks verður sá vandi, sem á höndum er, þeim mun meiri. Svo er á Suðurlandi.

Með tillögu þessari er brugðið á það ráð að samstilla sunnlenskt átak í iðnþróun með gerð áætlunar fyrir allan landshlutann. Áætlunin verði unnin af byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, með virkri og formlegri samvinnu við aðila í héraði. Byggðadeild hefur á undanförnum árum unnið að almennri áætlanagerð á Suðurlandi. Gerðar hafa verið byggðaáætlun fyrir Vestmannaeyjar og iðnþróunaráætlun fyrir Rangárvallasýslu. Unnið hefur verið að eflingu iðnaðar í V.-Skaftafellssýslu og sérstakri áætlun fyrir svonefnt Árborgarsvæði. Hér er lagt til að hinn mikilvægi þáttur iðnaðar í framtíðarþróun Suðurlands verði tekinn fyrir sérstaklega og fyrir landshlutann allan til samræmingar og sameflingar.


Í tillögunni er því lýst, hvernig flutningsmenn hugsa sér að áætlunin eigi að vera. Mörg undanfarin ár hefur Alþingi ályktað að gerðar skuli áætlanir fyrir héruð eða atvinnugreinar, án þess að ljóst sé til hvers er ætlast, hvaða hlutverki viðkomandi áætlun er ætlað að gegna. Óljóst hefur verið hvernig áætlanir skuli framkvæmdar, hver sé staða þeirra gagnvart framkvæmdavaldi, hver skuli framkvæma þær og í hve miklum mæli skuli tekið tillit til þeirra. Til að áætlunargerðin verði raunhæf þarf að vera ljóst frá upphafi í hve miklum mæli opinberar framkvæmdir og útlán fjárfestingarlánasjóða skuli taka mið af því sem í áætlunum stendur.

Við gerð þessarar áætlunar mun Sunnlendingum gefast tækifæri til að fá yfirsýn yfir þá atvinnustarfsemi, sem þar er, og hvers hún er megnug til vaxtar. Einnig verður að gera grein fyrir helstu nýiðnaðarmöguleikum, þeim sem hægt er að sjá fyrir. Mikilvægt er að fundnir verði farvegir og aðgerðir til eflingar iðnþróun.

Menn vilja setja markið hátt um framtíð síns landshluta. Til þess að stefnan sé í átt að markmiðunum þarf skipuleg vinnubrögð — áætlanagerð. Hina ýmsu mannlegu þætti þarf að samhæfa svo sem kostur er og gera grein fyrir leiðum að markinu. Sunnlendingar hafa ekki trú á að þá reki að réttu marki.

MEÐALTEKJUR VIRKRA FRAMTELJENDA EFTIR SKATTUMDÆMUM SEM HLUTFALL AF LANDSMEÐALTEKJUM 1970-1978.

LANDSMEÐALTAL JAFNT 100 ÖLL ÁRIN.



Ed. **325. Frumvarp til laga** [127. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 219 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
67. gr. laganna orðist svo:
Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 3 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 25%, af næstu 4 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 35%, en af tekjuskattsstofni yfir 7 000 000 kr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.
Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 7% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

3. gr. hljóðar svo:
68. gr. laganna orðist svo:
Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 525 000 kr.
Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða sjúkratryggingargjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur, sem enn er óráðstafað, fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. og skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða sjúkratryggingargjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar sem þá verður enn óráðstafað fellur niður.

4. gr. hljóðar svo:
1. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:
Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 150 000 kr. með fyrsta barni, en 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 65 000 kr. hærri. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ætíð vera 280 000 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

Sþ. **326. Tillaga til þingsályktunar** [153. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda Evrópusamning um varnir gegn hryðjuverkum.

(Lögð fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda Evrópusamning um varnir gegn hryðjuverkum sem lagður var fram til undirritunar í Strasbourg hinn 27. janúar 1977.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á síðari árum hafa verið gerðir ýmsir milliríkjasamningar vegna stöðugt vaxandi hermdarverkastarfsemi. Ísland hefur gerst aðili að þrem þeirra, þ. e. a. s. Haagsamningi frá 16. desember 1970 um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, Montreal-samningi frá 23. september 1971 um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna og New York-samningi frá 14. desember 1973 um varnarráðstafanir og refsingar vegna glæpa gegn einstaklingum er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindrekum.

Samningurinn sem hér um ræðir er árangur af starfi sérfræðinganefndar á vegum Evrópuráðsins. Var hann samþykktur af ráðherranefnd Evrópuráðsins í nóvember 1976 og lagður fram til undirritunar hinn 27. janúar 1977. Samningurinn er birtur á ensku sem fylgiskjal með tillögu þessari, ásamt íslenskri þýðingu.

Samningurinn fjallar um ýmiss konar aðgerðir stjórnvalda vegna tiltekinna meiri háttar afbrota. Meðal annars er gert ráð fyrir réttaraðstoð og skyldu til að tryggja refsilögsögu vegna slíkra afbrota. Eitt aðalmarkmið samningsins er að koma í veg fyrir að unnt sé að synja um framsal vegna þess að um stjórnmálaafbrot sé að ræða. Þó er heimilt skv. 13. gr. að gera fyrirvara um þann hluta samningsins og hyggjast íslensk stjórnvöld notfæra sér þá heimild.

Til þess að unnt sé að fullgilda samning þennan er þörf breytinga á almennum hegningarlögum. Hefur lagafrumvarp verið lagt fram í því skyni, sbr. 53. mál, þingskjal Ed. 83. Í athugasemdum við frumvarpið er gerð nánari grein fyrir ákvæðum samningsins.

Samningurinn gekk í gildi hinn 4. ágúst 1978 og eru 7 ríki aðilar að honum: Austurríki, Bretland, Kýpur, Danmörk, Liechtenstein, Sviþjóð og Sambandslýðveldið Þýskaland. Hann var undirritaður fyrir Íslands hönd hinn 27. janúar 1977, með fyrirvara um fullgildingu.

Fylgiskjal.

EVRÓPUSAMNINGUR UM VARNIR GEGN HRYÐJUVERKUM

Aðildarríki Evrópuráðsins, sem undirrita samning þennan,

er hafa í huga að markmið Evrópuráðsins er að koma á aukinni einingu meðal aðila þess,

gera sér grein fyrir vaxandi áhyggjum, sem aukning hryðjuverka veldur,

óska að gera virkar ráðstafanir til að tryggja að þeir, sem hryðjuverk fremja, komist ekki undan lögsókn og refsingu, og

eru sannfærð um að framsal sé sérstaklega virkt úrræði til að ná þeim árangri,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Að því er varðar framsal milli aðildarríkja skal ekki telja eftirfarandi brot stjórnmálaafbrot, né brot, framin í tengslum við stjórnmálaafbrot, né brot, framin af stjórnmálalegum hvötum:

a. Brot, sem falla undir samning um að koma í veg fyrir ólöglega töku loftfara, sem undirritaður var í Haag hinn 16. desember 1970.

b. Brot, sem falla undir samning um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna, sem undirritaður var í Montreal hinn 23. september 1971.

c. Alvarleg brot sem fela í sér tilræði við líf, limi eða frelsi einstaklinga, er njóta alþjóðlegrar verndar, þ. á m. sendierindreka.

d. Brot sem fela í sér mannrán, töku gísla eða alvarlega og ólöglega frelsisskerðingu.

e. Brot þar sem notaðar eru sprengjur, handsprengjur, eldflaugar, sjálfvirk skotvopn eða bréfa- eða böggulsprengjur, ef sú notkun stofnar mönnum í hættu.

EUROPEAN CONVENTION ON THE SUPPRESSION OF TERRORISM

The member States of the Council of Europe, signatory hereto,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its Members;

Aware of the growing concern caused by the increase in acts of terrorism;

Wishing to take effective measures to ensure that the perpetrators of such acts do not escape prosecution and punishment;

Convinced that extradition is a particularly effective measure for achieving this result,

Have agreed as follows:

Article 1

For the purposes of extradition between Contracting States, none of the following offences shall be regarded as a political offence or as an offence connected with a political offence or as an offence inspired by political motives:

a. an offence within the scope of the Convention for the Suppression of Unlawful Seizure of Aircraft, signed at The Hague on 16 December 1970;

b. an offence within the scope of the Convention for the Suppression of Unlawful Acts against the Safety of Civil Aviation, signed at Montreal on 23 September 1971;

c. a serious offence involving an attack against the life, physical integrity or liberty of internationally protected persons, including diplomatic agents;

d. an offence involving kidnapping, the taking of a hostage or serious unlawful detention;

e. an offence involving the use of a bomb, grenade, rocket, automatic firearm or letter or parcel bomb if this use endangers persons;

f. Tilraun til þess að fremja eitthvert ofangreindra brota eða hlutdeild í framningu eða hlutdeild í tilraun til að fremja slíkt brot.

2. gr.

1. Að því er varðar framsal milli aðildarríkja getur aðildarríki ákveðið, að önnur alvarleg brot, sem fela í sér ofbeldi, en þau sem greind eru í 1. gr., gegn lífi, limum eða frelsi einstaklings, skuli hvorki teljast stjórnmálaafbrot, né brot sem framið er í tengslum við stjórnmálaafbrot, né brot, sem framið er af stjórnmálalegum hvötum.

2. Hið sama gildir um alvarlegt brot, sem beinist gegn eignum, að því leyti sem 1. gr. tekur ekki til þess brots, ef verknaðurinn hefur skapað mönnum sameiginlega hættu.

3. Hið sama gildir um tilraun til að fremja eitthvert ofangreindra brota eða hlutdeild í framningu eða hlutdeild í tilraun til að fremja slíkt brot.

3. gr.

Ákvæði allra milliríkjasamninga og samkomulaga um framsal brotamanna, sem gilda milli aðildarríkja, þ. á m. Evrópusamnings um framsal brotamanna, breytast milli aðildarríkja að því leyti sem þau samræmast ekki samningi þessum.

4. gr.

Nú eru afbrot þau, sem 1. og 2. gr. þessa samnings taka til, ekki tilgreind sem framsalsbrot í núgildandi milliríkjasamningum um framsal milli aðildarríkja og skal þá samt litið svo á, varðandi þennan samning, að þau séu fólgin í þeim samningum.

5. gr.

Ekkert það, sem í samningi þessum greinir, ber að túlka á þann veg, að í því felist skuldbinding til að annast framsal, ef ríkið, sem beiðni um framsal er beint til, hefur gildar ástæður til að ætla að beiðni um framsal vegna brots, er 1. eða 2. gr. taka til, hafi verið komið á fram-

f. an attempt to commit any of the foregoing offences or participation as an accomplice of a person who commits or attempts to commit such an offence.

Article 2

1. For the purposes of extradition between Contracting States, a Contracting State may decide not to regard as a political offence or as an offence connected with a political offence or as an offence inspired by political motives a serious offence involving an act of violence, other than one covered by Article 1, against the life, physical integrity or liberty of a person.

2. The same shall apply to a serious offence involving an act against property, other than one covered by Article 1, if the act created a collective danger for persons.

3. The same shall apply to an attempt to commit any of the foregoing offences or participation as an accomplice of a person who commits or attempts to commit such an offence.

Article 3

The provisions of all extradition treaties and arrangements applicable between Contracting States, including the European Convention on Extradition, are modified as between Contracting States to the extent that they are incompatible with this Convention.

Article 4

For the purposes of this Convention and to the extent that any offence mentioned in Article 1 or 2 is not listed as an extraditable offence in any extradition convention or treaty existing between Contracting States, it shall be deemed to be included as such therein.

Article 5

Nothing in this Convention shall be interpreted as imposing an obligation to extradite if the requested State has substantial grounds for believing that the request for extradition for an offence mentioned in Article 1 or 2 has been made for the purpose of prosecuting or punish-

færi í þeim tilgangi að lögsækja eða refsa manni vegna kynþáttar hans, trúarbragða, þjóðernis eða stjórnmálaskoðana eða réttarstaða hans kunni að vera skert vegna einhverra þessara ástæðna.

6. gr.

1. Sérhverju aðildarríki ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma lögum yfir brot, sem greint er í 1. gr., þegar það framselur ekki grunaðan brotamann, sem finnst á landsvæði ríkisins, að fenginni beiðni um framsal frá aðildarríki, þar sem lögsaga byggist á reglum, sem gilda einnig í ríkinu, sem beiðninni er beint til.

2. Samningur þessi kemur ekki í veg fyrir refsilögsögu samkvæmt landslögum.

7. gr.

Nú finnst maður, sem grunaður er um að hafa framið brot, er um getur í 1. gr., í aðildarríki, sem fengið hefur beiðni um framsal, og aðstæður sem greindar eru í 1. mgr. 6. gr. eru til staðar, þá ber að leggja málið án nokkurrar undantekningar og án ótilhlýðilegrar tafar fyrir bær yfirvöld til saksóknar, ef ríkið framselur ekki manninn. Yfirvöld þessi skulu taka ákvörðun eftir sömu reglum og þeim, er gilda, þegar um er að ræða afbrot alvarlegs eðlis eftir landslögum.

8. gr.

1. Aðildarríkjunum ber að veita hvert öðru víðtækustu gagnkvæma aðstoð í sakamálum varðandi lögsókn vegna brota, sem greind eru í 1. og 2. gr. Í öllum tilvikum gilda lög þess ríkis, sem beiðni er beint til, um gagnkvæma aðstoð í sakamálum. Þó má hvorki synja um aðstoð á þeim grundvelli einum að hún varði stjórnmálaafbrot, brot sem framið er í tengslum við stjórnmálaafbrot né brot sem framið er af stjórnmálalegum hvötum.

ing a person on account of his race, religion, nationality or political opinion, or that that person's position may be prejudiced for any of these reasons.

Article 6

1. Each Contracting State shall take such measures as may be necessary to establish its jurisdiction over an offence mentioned in Article 1 in the case where the suspected offender is present in its territory and it does not extradite him after receiving a request for extradition from a Contracting State whose jurisdiction is based on a rule of jurisdiction existing equally in the law of the requested State.

2. This Convention does not exclude any criminal jurisdiction exercised in accordance with national law.

Article 7

A Contracting State in whose territory a person suspected to have committed an offence mentioned in Article 1 is found and which has received a request for extradition under the conditions mentioned in Article 6, paragraph 1, shall, if it does not extradite that person, submit the case, without exception whatsoever and without undue delay, to its competent authorities for the purpose of prosecution. Those authorities shall take their decision in the same manner as in the case of any offence of a serious nature under the law of that State.

Article 8

1. Contracting States shall afford one another the widest measure of mutual assistance in criminal matters in connection with proceedings brought in respect of the offences mentioned in Article 1 or 2. The law of the requested State concerning mutual assistance in criminal matters shall apply in all cases. Nevertheless this assistance may not be refused on the sole ground that it concerns a political offence or an offence connected with a political offence or an offence inspired by political motives.

2. Ekkert það, sem í samningi þessum greinir, ber að túlka á þann veg, að í því felist skuldbinding til að veita gagnkvæma aðstoð vegna brots, er greinir í 1. eða 2. gr., ef ríkið, sem beiðni er beint til, hefur gildar ástæður til að ætla að beiðninni hafi verið komið á framfæri í þeim tilgangi að lögsækja eða refsa manni vegna kynþáttar hans, trúarbragða, þjóðernis eða stjórnmálaskoðana eða réttarstaða hans kunni að vera skert vegna einhverra þessara ástæðna.
3. Ákvæði allra milliríkjasamninga og samkomulaga um gagnkvæma aðstoð í sakamálum, sem gilda milli aðildarríkja, þ. á m. Evrópusamnings um gagnkvæma aðstoð í sakamálum, breytast milli aðildarríkja að því leyti sem þau samræmast ekki samningi þessum.

2. Nothing in this Convention shall be interpreted as imposing an obligation to afford mutual assistance if the requested State has substantial grounds for believing that the request for mutual assistance in respect of an offence mentioned in Article 1 or 2 has been made for the purpose of prosecuting or punishing a person on account of his race, religion, nationality or political opinion or that that person's position may be prejudiced for any of these reasons.
3. The provisions of all treaties and arrangements concerning mutual assistance in criminal matters applicable between Contracting States, including the European Conventon on Mutual Assistance in Criminal Matters, are modified as between Contracting States to the extent that they are incompatible with this Convention.

9. gr.

1. Tilkynna ber fastanefnd Evrópuráðsins um sakamálaefni um framkvæmd samnings þessa.

2. Ber henni að gera allt, sem þörf er á, til að auðvelda vinsamlega lausn hvers kyns vanda, er verða kann vegna framkvæmdar samningsins.

Article 9

1. The European Committee on Crime Problems of the Council of Europe shall be kept informed regarding the application of this Convention.
2. It shall do whatever is needful to facilitate a friendly settlement of any difficulty which may arise out of its execution.

10. gr.

1. Hvers kyns deilu milli aðildarríkja varðandi túlkun eða framkvæmd samningsins, sem ekki hefur verið jöfnuð innan ramma 2. mgr. 9. gr., ber að leggja í gerð að beiðni sérhvers deiluaðila. Hvor aðili um sig tilnefni gerðardómsmann og þeir tveir tilnefni oddamann. Hafi einhver aðili ekki skipað gerðardómsmann sinn innan þriggja mánaða frá því beðið var um gerðardóm, skal hann skipaður að beiðni hins aðilans af forseta Mannréttindadómstóls Evrópu. Ef forseti er ríkisborgari annars hvors deiluaðila gerir það varaforseti dómstólsins, eða ef hann er ríkisborgari annars hvors deiluaðila, gerir það elsti dómarinn, sem ekki er ríkisborgari annars hvors deiluaðila. Sama hátt skal hafa á, ef gerðardómsmenn geta ekki komið sér saman um val oddamanns.

Article 10

1. Any dispute between Contracting States concerning the interpretation or application of this Convention, which has not been settled in the framework of Article 9, paragraph 2, shall, at the request of any Party to the dispute, be referred to arbitration. Each Party shall nominate an arbitrator and the two arbitrators shall nominate a referee. If any Party has not nominated its arbitrator within the three months following the request for arbitration, he shall be nominated at the request of the other Party by the President of the European Court of Human Rights. If the latter should be a national of one of the Parties to the dispute, this duty shall be carried out by the Vice-President of the Court or, if the Vice-President is a national of one of the Parties to the dispute, by the most senior judge of the Court not being a national of one of the

2. Gerðardómur ákvarði eigin málsmeðferð. Meirihluti atkvæða ræður ákvörðunum hans. Úrskurður hans er endanlegur.

Parties to the dispute. The same procedure shall be observed if the arbitrators cannot agree on the choice of referee.
2. The arbitration tribunal shall lay down its own procedure. Its decisions shall be taken by majority vote. Its award shall be final.

11. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hendi aðildarríkja Evrópuráðsins. Samningurinn er háður fullgildingu, viðurkenningu eða samþykki. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Samningurinn skal taka gildi þremur mánuðum eftir afhendingu þriðja fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.
3. Að því er varðar ríki, sem undirritar, en fullgildir, viðurkennir eða samþykkir síðar, tekur samningurinn gildi þremur mánuðum eftir afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals þess.

Article 11

1. This Convention shall be open to signature by the member States of the Council of Europe. It shall be subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.
2. The Convention shall enter into force three months after the date of the deposit of the third instrument of ratification, acceptance or approval.
3. In respect of a signatory State ratifying, accepting or approving subsequently, the Convention shall come into force three months after the date of the deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

12. gr.

1. Við undirritun eða við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals síns getur sérhvert ríki tilgreint það eða þau landsvæði, sem samningurinn á að ná til.
2. Við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals síns eða síðar getur sérhvert ríki lýst yfir því við aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins að samningur þessi nái einnig til hvaða annars landsvæðis eða landsvæða, sem tilgreind eru í yfirlýsingunni, og sem það fer með utanríkismál fyrir eða hefur heimild til að skuldbinda.

3. Sérhverja yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt undanfarandi málsgrein, má afturkalla fyrir hvaða landsvæði, sem þar er greint, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Slík afturköllun gangi í gildi þegar í stað eða síðar eftir því sem tilgreint kann að vera í tilkynningunni.

Article 12

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, specify the territory or territories to which this Convention shall apply.
2. Any State may, when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval or at any later date, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend this Convention to any other territory or territories specified in the declaration and for whose international relations it is responsible or on whose behalf it is authorised to give undertakings.
3. Any declaration made in pursuance of the preceding paragraph may, in respect of any territory mentioned in such declaration, be withdrawn by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe. Such withdrawal shall take effect immediately or at such later date as may be specified in the notification.

13. gr.

1. Við undirritun eða við afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals síns getur sérhvert ríki lýst yfir því, að það áskilji sér rétt til að synja um framsal vegna einhverra þeirra brota, er um getur í 1. gr., ef það telur það stjórnmálaafbrot, brot sem framið er í tengslum við stjórnmálaafbrot, eða brot framið af stjórnmálalegum hvötum, svo fremi ríkið skuldbindi sig til að taka til tilhlýðilegrar athugunar, þegar það metur eðli brotsins, sérhverjar sérstaklega alvarlegar hliðar brotsins, þ. á m.:

a. Að það hafi skapað sameiginlega hættu fyrir líf, limi eða frelsi manna.

b. Að það hafi snert menn, sem eru gjörsamlega óviðkomandi hvötunum að baki brotinu.

c. Að notaðar hafi verið grimmúðlegar eða viðurstyggilegar aðferðir við framningu brotsins.

2. Sérhvert ríki getur að öllu eða einhverju leyti afturkallað fyrirvara, sem það hefur gert samkvæmt undanfarandi málsgrein, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, er gangi í gildi frá og með móttökudegi.

3. Ríki, sem gert hefur fyrirvara samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar, getur ekki krafist þess að neitt annað ríki beiti 1. gr. Ef fyrirvari þessi er aðeins að hluta eða skilyrtur, getur það þó krafist framkvæmdar greinarinnar að svo miklu leyti sem það sjálft hefur samþykkt hana.

14. gr.

Sérhverju samningsríki er heimilt að segja upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Sérhver slík uppsögn tekur gildi þegar í stað eða síðar eftir því sem tilgreint kann að vera í tilkynningunni.

15. gr.

Samningur þessi gengur úr gildi að því er varðar samningsríki, sem segir sig úr Evrópuráðinu eða hættir að vera aðildarríki þess.

Article 13

1. Any State may, at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance or approval, declare that it reserves the right to refuse extradition in respect of any offence mentioned in Article 1 which it considers to be a political offence, an offence connected with a political offence or an offence inspired by political motives, provided that it undertakes to take into due consideration, when evaluating the character of the offence, any particularly serious aspects of the offence, including:

a. that it created a collective danger to the life, physical integrity or liberty of persons; or

b. that it affected persons foreign to the motives behind it; or

c. that cruel or vicious means have been used in the commission of the offence.

2. Any State may wholly or partly withdraw a reservation it has made in accordance with the foregoing paragraph by means of a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe which shall become effective as from the date of its receipt.

3. A State which has made a reservation in accordance with paragraph 1 of this article may not claim the application of Article 1 by any other State; it may, however, if its reservation is partial or conditional, claim the application of that article in so far as it has itself accepted it.

Article 14

Any Contracting State may denounce this Convention by means of a written notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe. Any such denunciation shall take effect immediately or at such later date as may be specified in the notification.

Article 15

This Convention ceases to have effect in respect of any Contracting State which withdraws from or ceases to be a Member of the Council of Europe.

16. gr.

Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins ber að tilkynna aðildarríkjum ráðsins um:

a. Sérhverja undirritun.

b. Sérhverja afhendingu fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykktarskjals.

c. Sérhvern gildistökudag samnings þessa samkvæmt 11. gr. hans.

d. Sérhverja yfirlýsingu eða tilkynningu, sem berst samkvæmt ákvæðum 12. gr.

e. Sérhvern fyrirvara, sem gerður er samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 13. gr.

f. Afturköllun sérhvers fyrirvara samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 13. gr.

g. Sérhverja tilkynningu sem berst samkvæmt 14. gr. ásamt dagsetningu gildistöku uppsagnar.

h. Hvert skipti sem samningur gengur úr gildi samkvæmt 15. gr.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, sem til þess hafa fengið fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strasbourg hinn 27. janúar 1977 á ensku og frönsku, í einu eintaki, sem geymt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins ber að senda staðfest eintök til sérhvers þeirra ríkja, sem undirrita samninginn.

Article 16

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of:

a. any signature;

b. any deposit of an instrument of ratification, acceptance or approval;

c. any date of entry into force of this Convention in accordance with Article 11 thereof;

d. any declaration or notification received in pursuance of the provisions of Article 12;

e. any reservation made in pursuance of the provisions of Article 13, paragraph 1;

f. the withdrawal of any reservation effected in pursuance of the provisions of Article 13, paragraph 2;

g. any notification received in pursuance of Article 14 and the date on which denunciation takes effect;

h. any cessation of the effects of the Convention pursuant to Article 15.

In witness whereof, the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, this 27th day of January 1977, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each of the signatory States.

Ed. **327. Frumvarp til laga** [154. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979.)

1. gr.

1. mgr. 10. gr. laga nr. 51/1972 orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins skv. 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingu styrkja og/eða lána, eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Stjórn sjóðsins ákveður kjör á lánum þ. m. t. lánstíma, vexti og hvort lán skuli bundin verðtryggingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977.

Forseti Íslands

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja lög um breyting á lögum nr. 51/1972 um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977 um breyting á þeim lögum. Sé þetta gert í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á s. l. sumri um að fela Bjargráðasjóði lánafyrirgreiðslu til þeirra, sem urðu fyrir tjónum af völdum hafíss og vorharðinda. Vegna fjárskorts Bjargráðasjóðs þurfi sjóðurinn að taka verðtryggð lán, sem endurlánuð verða ýmist verðtryggð og vaxtalaus eða óverðtryggð með vöxtum, en í lögum sjóðsins skorti heimild til að veita verðtryggð lán og lán með hærri vöxtum en 10%.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar, svohljóðandi:

1. gr.

1. mgr. 10. gr. laga nr. 51/1972 orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins skv. 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingu styrkja og/eða lána, eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Stjórn sjóðsins ákveður kjör á lánum þ. m. t. lánstíma, vexti og hvort lán skuli bundin verðtryggingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. nóvember 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús H. Magnússon.

Nd. 328. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt. Nefndin fékk umsagnir um málið frá Tannsmiðafélagi Íslands og Sambandi tannsmíðaverkstæðiseigenda sem mæla með samþykkt frv. Í umsögn Tannlæknafélags Íslands komu fram athugasemdir við frv. sem nánar verður gerð grein fyrir í framsögu.

Jósef H. Þorgeirsson og Guðmundur G. Þórarinsson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. apríl 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Guðrún Helgadóttir.
Pétur Sigurðsson. Einar K. Guðfinnsson.

Ed. 329. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Jón Helgason var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. apríl 1980.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm. Karl Steinar Guðnason, fundaskr. Davíð Aðalsteinsson.
Guðm. Karlsson. Lárus Jónsson.

Sþ. 330. Tillaga til þingsályktunar [155. mál]

um leyfisveitingar til áætlunarflugs.

Flm.: Einar Kr. Guðfinnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga fyrirkomulag leyfisveitinga til áætlunarflugs. Verði sérstaklega haft í huga hvort unnt sé að fækka sérleyfum, en fjölga almennum leyfum til áætlunarflugs.

Greinargerð.

Flugmálum hér á landi er þannig háttað að leyfi yfirvalda þarf til hvers konar flugrekstrar. Í meginatriðum eru leyfi þessi með tvennum hætti:

1) Leyfi til leiguflugs.
2) Almennt áætlunarflug eða sérleyfi á flugleiðum.

Eins og flestum mun kunnugt hafa fjölmargir aðilar hér á landi leyfi til leiguflugs. Mun færri hafa hins vegar með höndum áætlunarflug í einhverri mynd.

Að sjálfsögðu þurfa allar flugvélar að uppfylla viss skilyrði um öryggi og tæknibúnað. Skv. lögum nr. 146 frá 1967 er loftfar því einungis lofthæft að það uppfylli öryggiskröfur hvað varðar smíði, útbúnað og viðhald. Sé leyfi veitt til áætlunarflugs, hvort sem um er að ræða sérleyfi eða ekki, aukast kröfur um tæknibúnað.

Á undanförnum árum hefur verið greinileg tilhneiging í þá átt að veita fremur sérleyfi til flugs milli ákveðinna staða en til almenns áætlanaflugs. Er nú svo komið að mun fleiri áætlanaleiðir hér á landi eru bundnar sérleyfum en almennum leyfum um áætlanaflug.

Fimm félög hafa nú sérleyfi til flugs á tilteknum flugleiðum hér á landi:

1) Flugleiðir hf.
2) Flugfélag Norðurlands hf., Akureyri.
3) Flugfélag Austurlands hf.
4) Ernir hf. á Ísafirði.
5) Arnarflug hf.

Rétt er og skylt að minna á að talsverðar skyldur fylgja sérleyfi til áætlanaflugs. Nefna má að félögum, er hlotið hafa sérleyfi, ber skylda til að halda uppi reglubundnu flugi skv. áætlun. Flugáætlanir verður að leggja inn til samgönguráðuneytis tvisvar á ári. Við þessa áætlun ber félögunum að standa, en geta einungis vikið frá henni með leyfi ráðuneytisins.

Ástæða er til að minna á hvert öryggisatriði það er fyrir hinar dreifðu byggðir að flugsamgöngur séu reglulegar. Í því sambandi er ljóst að sérleyfi leggja handhöfum þess skyldur á herðar, er auka þetta öryggi.

Hinu má þó ekki líta fram hjá, að svo virðist sem flug til margra hinna stærri staða sé vel samkeppnishæft. Í ljósi þessa virðist vel mega athuga hvort ekki sé hægt að afnema sérleyfi á samkeppnishæfum flugleiðum, en taka heldur upp almenn leyfi til áætlanaflugs.

Ed. 331. Breytingartillaga [131. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978.

Frá Guðmundi Bjarnasyni.

3. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1980.

Sþ. 332. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um staðfestingu á samkomulagi um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna.

(Lögð fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

Alþingi ályktar að staðfesta samkomulag frá 2. apríl 1980 um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna.

Bréfaskipti um samkomulag þetta eru birt sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Með bréfi 18. mars s. l. til sjávarútvegsráðuneytisins fór Landssamband íslenskra útvegsmanna þess á leit að íslensk stjórnvöld beindu þeim tilmælum til færeyskra stjórnvalda að Íslendingar fengju heimild til veiða á 15—20 þúsund lestum kolmunna í fiskveiðilögsögu Færeyja á þessu ári. Samkvæmt niðurstöðu

viðræðna við Færeyinga frá 10. janúar 1979 fengu Íslendingar heimild til að veiða á síðastliðnu ári 35 000 lestir kolmunna innan færeyskrar fiskveiðilögsögu og Færeyingar heimild til að veiða 17 500 lestir loðnu og 17 500 lestir kolmunna innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Vegna ástands loðnustofnsins þótti ekki fært að gera sams konar samkomulag um veiðar á þessu ári.

Íslensk stjórnvöld ákváðu að verða við beiðni L.Í.Ú. og fóru þess á leit við færeysk stjórnvöld að gert yrði samkomulag um gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þúsund lestum kolmunna innan fiskveiðilögsögu landanna. Landsstjórn Færeyja samþykkti þessa tillögu. Gengið var frá samkomulaginu í bréfi utanríkisráðherra til Atla Dam lögmanns, dags. 2. apríl, og svarbréfi Atla Dam s. d. Bréfin eru birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari.

Í bréfunum er vitnað í ákvæði niðurstaða viðræðnanna frá 10. janúar 1979 og er þar m. a. átt við tilkynningarskyldu skipanna og skyldu til að hlíta reglum um lágmarksstærð og friðunarsvæði.

Fylgiskjal.

Bréf utanríkisráðherra Íslands til lögmanns Færeyja.

Reykjavík, 2. apríl 1980.

Hr. lögmaður,

Með vísan til niðurstaðna viðræðna um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga sem undirritaðar voru í Reykjavík 10. janúar 1979 leyfi ég mér að bera fram tillögu þess efnis, að veittar verði gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þúsund lestum af kolmunna í fiskveiðilögsögu Færeyja og Íslands á árinu 1980. Um nánara fyrirkomulag þessara veiða verði haft beint samband milli íslenska sjávarútvegsráðuneytisins og landsstjórnar Færeyja. Að öðru leyti mun verða farið eftir niðurstöðum ofangreindra viðræðna frá 10. janúar 1979.

Ef þér fallist á ofangreint, hr. lögmaður, bið ég um staðfestingu yðar þar að lútandi.

Ólafur Jóhannesson.

Hr. Atli Dam, lögmaður
Föroya landsstýri
Tórshavn

Svar lögmanns Færeyja til utanríkisráðherra Íslands.

Tórshavn, tann 2. apríl 1980.

Harra uttanríkisráðharri,

Eg havi tikið ímóti telexavriti av brævi tygara til mín dagfest 2. apríl 1980 um sínamillum svartkjaftaveiðu í 1980.

Við hesum verður váttað, at frá føroyskari síðu verður loyvt íslendskum skipum at veiða 20.000 tons av svartkjafti á sjóøki Føroya í 1980. Eg taki til eftirtektar, at føroyskum skipum verður loyvt at fiska 20.000 tons av svartkjafti á sjóøki Íslands í 1980.

Eg eri samdur í, at gjølligari forskriftir fiskiskapinum viðvíkjandi verða avgreiddar beinleiðis millum fiskimálaráðið í Reykjavík og Føroya landsstýri.

Atli P. Dam, løgmaður.

Harra Ólafur Johannesson
Uttanríkisráðharri
Reykjavik.

Nd. 333. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með breytingum sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Rétt þykir að gera hér nánari grein fyrir þessum breytingum, þar sem nefndin gerir miklar breytingar á 1. gr. frv., þó ekki sé um efnisbreytingar að ræða. Nefndin taldi að samkvæmt orðalagi í frvgr. kæmi ekki nægjanlega skýrt fram vilji löggjafans hvar draga ætti mörkin eða hvernig meta ætti afgerandi sérþarfir bótaþega við ákvörðun uppbótar, auk þess sem mikilvæg málsgr., sem er í núgildandi lögum, var felld brott.

Samkvæmt frv. átti að halda orðalagi 3. mgr. 19. gr. í núgildandi lögum, en bæta við örorkustyrkþegum. Framkvæmd laganna nú varðandi þessa grein er sú, að elli- og örorkulífeyrisþegar hafa fengið uppbót vegna mikils kostnaðar af lyfjum og vegna sérstakrar umönnunar í heimahúsum, svo dæmi sé tekið.

Tilgangur frv. er að greiða uppbót vegna bensínkostnaðar elli- og örorkulífeyrisþega, svo og örorkustyrkþega, sem nánari skilyrði yrðu sett um í reglugerð, — en ekki að örorkustyrkþegar fengju uppbætur þær sem nú eru veittar elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. gildandi lögum, en slíkt gæti hæglega misskilist ef breyting yrði gerð á þessari málsgrein varðandi uppbót vegna bensínkostnaðar, enda þjónar sú grein allt öðrum tilgangi og einungis fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Því gerir nefndin tillögu um að 3. mgr. núgildandi laga verði óbreytt, en inn komi ný málsgrein sem eingöngu taki til uppbótar vegna bensínkostnaðar öryrkja.

Einnig skal á það bent, að samkvæmt frv. átti að falla niður 4. mgr. núgildandi laga, sem er mikilvægt ákvæði, t. d. vegna framkvæmda tekjutryggingarákvæðis í 1. mgr. 19. gr.

Nefndin gerir því tillögu um að núgildandi 4. og 5. mgr. verði áfram í gildi sem 5. og 6. mgr., en gerir aðeins á þeim orðalagsbreytingar, þar sem ákvæði þeirra greina eiga einnig við varðandi uppbót vegna bensínkostnaðar öryrkja í 4. mgr.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Guðmundur G. Þórarinsson og Jósef H. Þorgeirsson.

Alþingi, 17. apríl 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm. Pétur Sigurðsson. Jóhann Einvarðsson.

Einar K. Guðfinnsson. Guðrún Helgadóttir.

Nd. 334. Breytingartillaga [96. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 3. málsgrein 19. gr. laganna komi ný málsgrein, sem verður 4. málsgr. og orðast svo:

Þá er og heimilt að greiða enn frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, svo og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar, ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af eða rekið bifreið án uppbótarinnar.

Í stað orðanna „við hækkun lífeyris samkv. 1.—3. málsgr.“ í 4. málsgr., sem verður 5. málsgr. sömu lagagreinar, komi: um hækkanir bóta samkv. 1.—4. málsgr.

Í stað orðsins „lífeyrishækkunar“ í 5. málsgr., sem verður 6. málsgr. sömu lagagreinar, komi orðið: lífeyrishækkana, og aftan við málsgreinina bætist: og uppbóta samkv. 3. og 4. málsgrein.

Sþ. 335. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um gjaldskrárbreytingar þjónustustofnana.

Flm.: Friðrik Sophusson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að sjá svo um, að þjónustustofnunum ríkisins verði gert skylt að senda allar tillögur um gjaldskrárbreytingar til umsagnar Neytendasamtakanna.

Greinargerð.

Ríkið er stærsti og öflugasti framleiðandi þjónustu og hefur í langflestum tilvikum einokunarrétt á framleiðslunni. Það er því eðlilegt, að reynt sé að efla almennt eftirlit og aðhald með gjaldskrám og verðlagningu á þjónustu ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja. Slíkt aðhald á að sjálfsögðu að vera að meginstofni til hjá Alþingi, en öllum er ljóst, að það hlýtur ávallt að vera nokkuð takmarkað. Alþingi setur lög um ríkisstofnanir, en starfsemi þeirra er í mörgum atriðum stakkur sniðinn með reglugerðum ráðuneyta og stofnana.

Verðlagsyfirvöld fá til umsagnar og samþykktar hækkunarbeiðnir á gjaldskrám opinberra stofnana. Hins vegar er minna hugað að samsetningu gjaldanna og tilfærslu milli gjaldaliða gjaldskránna. Nýlegt dæmi um slíka breytingu eru áform Pósts og síma um breytingar á skrefatalningu símtala.

Neytendasamtökin eru frjáls félagasamtök, sem hafa unnið sér rétt til að koma fram fyrir hönd neytenda á ýmsum sviðum. Með þessari tillögu er ríkisstjórninni falið að láta ríkisstofnanir leita umsagnar samtakanna á gjaldskrárbreytingum, en slíkt stuðlar að sterkari stöðu Neytendasamtakanna almenningi til hagsbóta.

Sþ. 336. Fyrirspurnir. [158. mál]

I. Til sjávarútvegsráðherra um framkvæmd þingsályktunar um nýtingu lifrar og hrogna.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 1977 um könnun á því, hvernig koma megi við fullnýtingu lifrar og hrogna úr fiskafla landsmanna?

II. Til sjávarútvegsráðherra um hásetahlut og vinnutíma á skuttogurum o. fl.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hvert var meðalskiptaverðmæti, meðalúthaldsdagafjöldi og meðalhásetahlutur á skuttogurum á árinu 1979 og hver var fjöldi skipanna á eftirtöldum landssvæðum:
   a) Vestmannaeyjar — Snæfellsnes,
   b) Vestfirðir,
   c) Norðurland,
   d) Austurland?

2. Hver var lögbundinn vinnutími háseta á þessum skipum á árinu 1979 miðað við meðalúthaldsdaga?
   a) Hver var fjarverutími þeirra frá heimilum sínum vegna vinnu sinnar?
   b) Hver var vaktavinnutími þeirra meðan skipið var að störfum?
   c) Hefur ráðuneytið upplýsingar um fjölda unninna yfirvinnustunda á þessum skipum, þ. e. vinnustundir fram yfir lögbundinn vinnutíma?
3. Hver verða laun hafnarverkamanns í Reykjavík, verkamanns við virkjanir í óbyggðum og fréttamanns hjá sjónvarpi, ef þeir vinna sambærilegan vinnutíma og háseti á skuttogara og ákvæði í samningum viðkomandi starfsmanna um dag-, eftir-, nætur og helgidagavinnu, fjarverutillegg og aðrar álagsgreiðslur á vinnuaðstöðu og vinnutíma er beitt?

III. Til dómsmálaráðherra um hvíldartíma á íslenskum botnvörpuskipum.

Frá Pétri Sigurðssyni.

Hvað hyggst dómsmálaráðherra gera varðandi brot á lögum um hvíldartíma á íslenskum botnvörpuskipum, sem nú er upplýst að eiga sér stað á hluta skuttogaraflotans?

Sþ. 337. Fyrirspurn [159. mál]

til fjármálaráðherra um opinber gjöld af tónlistarvarningi.

Frá Vilmundi Gylfasyni.

Hvað hafði ríkissjóður mikið fé, með tollum og með öðrum hætti, af seldum tónlistarvarningi á árinu 1979:

a) seldum hljómplötum,
b) seldum hljóðfærum,
c) seldum hljómflutningstækjum?

Skriflegs svars er óskað.

Ed. 338. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá fjármálaráðherra.

1. Á eftir 1. gr. frumvarpsins bætist við ný grein er verði 2. gr. þess og breytist röð greina til samræmis við það. Greinin orðist svo:
   Við 2. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo:
   Hjá öðrum mönnum en þeim, sem skattlagðir eru eftir reglum þeim sem gilda um hjón, sbr. 63. gr., skal þessi frádráttur aldrei nema lægri fjárhæð en 550 000 kr.
2. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins, er verði 4. gr. þess, orðist svo:
   Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 505 000 kr.
3. 4. gr. frumvarpsins, er verði 5. gr. þess, orðist svo:
   Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal

ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 150 000 kr. með fyrsta barni, en 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó vera 280 000 kr. með hverju barni án tillits til barnafjölda. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 65 000 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

Nd. 339. Frumvarp til laga [160. mál]

um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

I. KAFLI
Markmið.

1. gr.

Með lögum þessum er stefnt að jöfnun hitunarkostnaðar og lækkun á heildarkostnaði við upphitun húsnæðis í landinu, m. a. með eftirfarandi ráðstöfunum:

a) Greiðslu olíustyrks vegna þeirra sem búa við olíukyndingu.
b) Hagkvæmari orkunotkun og orkusparnaði.
c) Aukinni notkun innlendra orkugjafa í stað olíu.

2. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

II. KAFLI
Um olíustyrk.

3. gr.

Þeir sem eingöngu nota gasolíu sem orkugjafa til hitunar íbúðar eiga rétt á olíustyrk, sbr. 4. gr.

Olíustyrkur skal vera 20 þús. kr. á ársfjórðungi og er heimilt að breyta honum miðað við breytingu á gasolíuverði og verði annara orkugjafa.

4. gr.

Olíustyrkir skulu greiddir húsráðanda ársfjórðungslega vegna þeirra íbúa sem hafa fasta búsetu (lögheimili) í viðkomandi íbúð meirihluta styrktímabils.

Fjöldi styrkja reiknast þannig:

a) Fyrir einn íbúa greiðast 2 olíustyrkir.
b) Fyrir tvo íbúa greiðast 3 olíustyrkir.
c) Fyrir þrjá íbúa greiðast 3½ olíustyrkur.
d) Fyrir fjóra íbúa greiðast 4 olíustyrkir.
e) Fyrir fimm íbúa greiðast 4½ olíustyrkur.
f) Fyrir sex íbúa greiðast 5 olíustyrkir.
g) Fyrir sjö íbúa eða fleiri greiðast 5½ olíustyrkur.

Við framangreinda styrki bætist ½ olíustyrkur vegna lífeyrisþega, sem njóta bóta samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar, og annarra lífeyrisþega sem hafa svipaðar heildartekjur.

Olíustyrkur skal ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars.

5. gr.

Heimilt er að greiða árlega einn olíustyrk, sbr. 3. gr., á hvert olíukynditæki sem hefur verið sóthreinsað og stillt á árinu.

6. gr.

Þeir sem kost eiga á hitaveitu, fjarvarmaveitu eða rafhitun eiga ekki rétt á olíustyrk. Viðkomandi orkuveita sker úr um hvort húseign á kost á öðrum orkugjafa en olíu. Ráðuneyti sker úr um vafaatriði.

7. gr.

Heimilt er:

a) að greiða styrk vegna skólahúsnæðis, sem hitað er með olíu. Árlegur styrkur má nema 465 kr. á hvern rúmmetra upphitaðs húsrýmis, og er heimilt að breyta honum sbr. 3. gr.
b) að styrkja rafveitur að því marki, sem þær nota olíu sem orkugjafa til framleiðslu rafmagns til hitunar íbúða á sölusvæði sínu.
c) að styrkja aðila, sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva. Skal styrkurinn vera sá sami og veittur er til hitunar íbúða skv. lögum þessum.

8. gr.

Olíustyrkir skv. 4. gr. skulu greiddir til sveitarfélaga, sem annast úthlutun þeirra til húsráðenda. Sveitarfélögum er skylt að senda ráðuneyti ársfjórðungslega skilagrein um úthlutun olíustyrkja. Vanræki sveitarfélag slíkt er heimilt að fresta greiðslum til þess þar til úr hefur verið bætt. Skylt er orkuveitum, að olíusölum meðtöldum, að gefa upplýsingar um orkusölu til einstakra húseigna.

III. KAFLI
Um orkusparnað.

9. gr.

Orkustofnun skal gera áætlun um hagkvæma orkunotkun og orkusparnað í húshitun. Í áætluninni skal gerð grein fyrir orkunotkun húsnæðis í landinu, möguleikum til orkusparnaðar, hagkvæmni einstakra aðgerða og heildarkostnaði miðað við tiltekin orkusparnaðarmarkmið.

10. gr.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins skal halda námskeið um þætti sem varða hagkvæma orkunýtingu í húshitun.

11. gr.

Til fræðslu og upplýsingastarfsemi um orkusparnað skal verja árlega upphæð sem nemur a. m. k. ½ hundraðshluta af áætlaðri heildarupphæð olíustyrkja til einstaklinga skv. 3. gr.

12. gr.

Heimilt er að veita sveitarfélögum, þar sem olía er notuð til húshitunar, styrki vegna tækniþjónustu á sviði orkusparnaðar og til að undirbúa aðgerðir, sem stuðlað geta að hagkvæmari orkunotkun.

13. gr.

Húsnæðismálastofnun er heimilt að veita einstaklingum lán til orkusparandi endurbóta á íbúðarhúsnæði, sem hitað er með olíu.

IV. KAFLI
Um nýtingu innlendra orkugjafa.

14. gr.

Orkustofnun skal í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins gera húshitunaráætlun fyrir tímabilið 1981—1983 um nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar í stað olíu. Skal þar gera tillögur um árlegar framkvæmdir í orkumálum, sem nauðsynlegar teljast til þess að sem flestir landsmenn búi við innlenda orkugjafa eða njóti orku frá olíukyntri fjarvarmaveitu í árslok 1983.

15. gr.

Til að tryggja að innlendir orkugjafar séu samkeppnishæfir við olíukyndingu er heimilt að veita varmaveitum framlag til að jafna þann mun sem orkuverð þeirra er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk.

V. KAFLI
Um gildistöku og reglugerð.

16. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd II. kafla.

Iðnaðarráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd III. og IV. kafla laga þessara.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu greiðslur olíustyrks fyrir 2. ársfjórðung 1980 og síðar fara eftir ákvæðum þeirra. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 13/1977 um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Inngangur.

Í frumvarpi þessu er kveðið á um verðjöfnun á hitunarkostnaði olíukyntra húsa og ráðstafanir til að lækka heildarkostnað við húshitun í landinu.

Í þessu skyni er gert ráð fyrir breyttri tilhögun olíustyrkja og fjárframlögum til olíusparnaðar. Einnig er í frumvarpinu kveðið á um ráðstafanir í orkusparnaði og gerð sérstakrar húshitunaráætlunar með það meginmarkmið í huga að innlendir orkugjafar komi sem fyrst í stað innflutrar orku.

Með bréfi dags. 6. sept. 1979 skipaði þáverandi iðnaðarráðherra nefnd til að gera tillögur um leiðir til jöfnunar á upphitunarkostnaði. Í nefndinni áttu sæti 4 menn, sem skipaðir voru samkvæmt tilnefningu þingflokkanna. Nefndin safnaði upplýsingum um stöðu þessara mála almennt og skilaði ábendingum og tillögum til ráðuneytisins hinn 14. okt. 1979. Nefndarálitið er prentað sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að unnið verði að jöfnun á hitunarkostnaði eftir þeim 3 meginleiðum sem lögð er áhersla á í nefndarálitinu, þ. e. með hröðun orkuframkvæmda, orkusparandi aðgerðum og greiðslu olíustyrks.

Nái þetta frumvarp fram að ganga er áætlað að kostnaður við jöfnun hitunarkostnaður verði 4 460 m.kr. á árinu 1980, miðað við óbreyttan olíustyrk allt árið. Fylgi gasolíuverð almennri verðlagsþróun í landinu og olíustyrkur verði t. d. 25% hærri á síðari helmingi ársins hækkar þessi upphæð um 400—500 m.kr.

2. Áætluð útgjöld vegna frumvarpsins.

Eins og fram kemur í kafla 3.1 hér á eftir felur frumvarpið í sér breytingar á núverandi fyrirkomulagi á greiðslu olíustyrks. Fjöldi einstaklinga í íbúð er nú lagður til grundvallar í stað framteljanda til skatts og maka og barna skv. núgildandi lögum Þjóðhagsstofnun áætlar að í 80% íbúða á olíukyntum svæðum búi 4 íbúar eða færri. Af þessum sökum má ætla að olíustyrkjum fjölgi nokkuð frá því sem orðið hefði að óbreyttri skipan. Í áætlun um fjárþörf hér á eftir er miðað við meðaltalstölur tveggja kosta, sem Þjóðhagsstofnun hefur sett fram í þessu efni. Gert er ráð fyrir að lögin taki þegar gildi og greiðsla olíustyrks fyrir 1. ársfjórðung 1980 fari eftir núgildandi lögum.

Áætlað er að greiða að meðaltali 47 000 olíustyrki á hverjum ársfjórðungi 1980.

Rúmmál skólahúsnæðis sem hitað er með olíu er áætlað 300 000 m³, samkv. ágiskun menntamálaráðuneytisins. Þá er gert ráð fyrir að 10 000 eigendur olíukynditækja muni notfæra sér heimild til að fá greiddan aukaolíustyrk gegn því að kynditæki hafi verið sóthreinsað og stillt á árinu. Olíustyrkir til rafveitna og framlag til varmaveitna er áætlað samtals 280 m.kr. Í frumvarpinu er heimild til lánveitinga vegna orkusparandi aðgerða á húsnæði.

Samkvæmt framangreindum forsendum gæti kostnaður af framkvæmd frumvarpsins á árinu 1980 orðið eftirfarandi:

Áætluð útgjöld vegna frumvarpsins.

	(Miðað er við verðlag í mars 1980)
Olíustyrkur (skv. 4. gr. og núg. lögum v/1. ársfjórðungs)	3 760 m.kr.
Aukaolíustyrkir (skv. 5. gr.)	200 —
Skólahúsnæði (skv. 7. gr. a-lið)	140 —
Framlag og styrkir til rafveitna og varmaveitna (skv. 7. gr. b og 15. gr.)	280 —
Aðilar utan samveitu (skv. 7. gr. c-lið)	20 —
Fræðslu- og upplýsingastarfsemi (skv. 11. gr.)	20 —
Styrkir vegna ráðgjafaþjónustu (skv. 12. gr.)	40 —
	4 460 m.kr.

Ef samþykkt verður að veita lán til einstaklinga vegna olíusparandi endurbóta á íbúðarhúsnæði, sbr. 13. gr., þarf auk ofangreindrar upphæðar að útvega Byggingarsjóði allt að 750 m.kr. í því skyni en slíkar lánveitingar eru mjög mikilvægur þáttur í jöfnun hitunarkostnaðar. Samkvæmt þessu yrði heildarfjárþörf til jöfnunar á hitunarkostnaði 5 210 m.kr. á árinu 1980.

3. Olíustyrkur.

3.1 Breytt tilhögun.

Í frumvarpinu felst veruleg breyting á tilhögun olíustyrkja frá því sem verið hefur. Samkvæmt lögum nr. 13/1977 greiðist olíustyrkur hverjum framteljanda til skatts sem notar olíu til hitunar og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Af þessari tilhögun leiðir að olíustyrkur á hvert heimili er oft í litlu samræmi við hitunarkostnað. Við athugun á hlutfallslegri niðurgreiðslu til einstakra heimila kemur í ljós að hún er mjög breytileg og getur verið allt frá 15—75% af hitunarkostnaði. Þetta fyrirkomulag felur því í sér innbyrðis misræmi sem kemur fram í því að hitunarkostnaður verður þrátt fyrir olíustyrk sérstaklega þungbær fámennum fjölskyldum meðan stór heimili hafa lítinn sem engan hag af því að losna við olíukyndingu.

Með frumvarpi þessu er leitast við að ná fram auknu samræmi milli olíustyrks og kyndingarkostnaðar, án þess að það fyrirkomulag sem upp er tekið verði alltof flókið í framkvæmd. Til grundvallar er lögð áætluð þörf hverrar fjölskyldu fyrir húsrými. Ljóst er, svo dæmi sé tekið, að 4ra manna fjölskylda þarf ekki tvöfalt stærra húsræmi en 2ja manna fjölskylda. Í reynd er það svo, að hver fjölskylda þarf ákveðið grunnrými en viðbótarþörf vex síðan nokkurn veginn í samræmi við fjölda einstaklinga í heimili.

Þetta er sú viðmiðun sem lögð er til grundvallar tilhögun um fjölda olíustyrkja á hvert heimili samkvæmt 4. gr. frumvarpsins.

Hjá því verður ekki komist að eitthvert ósamræmi verði áfram milli olíustyrks og raunverulegrar orkunotkunar þrátt fyrir þetta nýja fyrirkomulag olíustyrkja. Þetta á sér skýringu í því að íbúð sem viðkomandi fjölskylda býr í er að sjálfsögðu oft af annarri stærð en viðmiðunarstaðall sá sem hér er farið eftir. Einnig er ljóst að orkunotkun húsa fer eftir gerð og ástandi þeirra, þ. e. hvort þau eru vel eða illa einangruð, hvort einfalt gler er í gluggum, húsin óþétt o. s. frv.

Til greina hefði komið að miða olíustyrk alfarið við íbúðastærð. Þá hefði þurft að miða við rúmmál samkvæmt fasteignamati, en það hefði þýtt mjög umfangsmikla breytingu frá núverandi skipan. Vafasamt er að slík breyting sé skynsamleg þegar höfð eru í huga þau áform, að innlendir orkugjafar leysi olíuhitun að verulegu leyti af hólmi á næstu 3—4 árum. Auk þess hefur komið í ljós að lítið samræmi er milli hitaðs húsrýmis og rúmmáls samkvæmt fasteignamati. Frávik frá fasteignamati getur verið 50% til eða frá.

Þá er í frv. lagt til að horfið verði frá þeirri tilhögun að styrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts. Þess í stað verði olíustyrkir greiddir húsráðanda vegna allra einstaklinga sem hafa fasta búsetu í viðkomandi íbúð.

3.2 Upphæð olíustyrks.

Olíustyrkur er nú 18 200 krónur/einstakling. Frumvarpið gerir ráð fyrir að olíustyrkurinn hækki í 20 000 krónur. Hjá 60% heimila í landinu mun olíustyrkur á ári þó hækka meira en sem nemur ofangreindu. Ástæðan til þess er sú að nú fær einn íbúi í heimili tvo olíustyrki, sem þýðir tvöföldun frá því sem nú er, tveir íbúar fá þrjá olíustyrki, sem þýðir 50% hækkun o. s. frv.

Þjóðhagsstofnun áætlar að um 12 800 íbúðir muni að meðaltali fá olíustyrk á árinu 1980. Stofnunin hefur jafnframt áætlað eftirfarandi skiptingu íbúða eftir tölu íbúa í þeim:

Fjöldi einstaklinga í íbúð	Gróf áætlun um skiptingu íbúða
1 íbúi	20%
2 íbúar	20%
3 —	20%
4 —	20%
5 —	10%
6 íbúar eða fleiri	10%

Taflan sýnir að einungis í 10% olíukyntra íbúða búa 6 eða fleiri.

Á fylgiskjölum 1—3 er gerður samanburður á nýja og gamla fyrirkomulaginu. Gert er ráð fyrir að olíunotkun sé 13 l/m³, en raforkukostnaði og föstum viðhaldskostnaði við olíukyndingu er sleppt í þessum samanburði.

Í ljós kemur, sbr. fskj. 1, að hlutfallsleg niðurgreiðsla skv. núgildandi fyrirkomulagi miðað við tilteknar forsendur um húsrými er breytileg frá 18% í tæp 46% eftir því hvort 1 eða 7 íbúar eru í heimili. Ef þetta frumvarp nær fram að ganga verður niðurgreiðsla hins vegar tæp 40%, óháð fjölskyldustærð.

Á fylgiskjali 2 er sýnd hlutfallsleg niðurgreiðsla miðað við mismunandi olíunotkun á rúmmetra. Skv. töflunni er hlutfallsleg niðurgreiðsla á olíu til upphitunar nú 15% þar sem einn er í heimili og olíunotkun 16 l/m³, en 60% þar sem sjö eru í heimili og olíunotkun 10 l/m³. Munurinn er fjórfaldur í þessu tilviki en getur orðið enn meiri. Skv. því fyrirkomulagi sem lagt er til í frumvarpinu yrði niðurgreiðslan mun jafnari, eða á bilinu 32—52%.

Á fylgiskjali 3 er gerður samanburður á hlutfallslegri niðurgreiðslu olíukostnaðar miðað við mismunandi fjölskyldustærð og húsrými.

Í ljós kemur við þennan samanburð að nýja fyrirkomulagið felur í sér minni dreifingu á hlutfallslegri niðurgreiðslu miðað við þessar breytilegu forsendur.

3.3 Aukaolíustyrkur.

Greiðsla aukaolíustyrks er hugsuð sem hvati til olíusparnaðar. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hluti olíustyrks, svonefndur aukaolíustyrkur, verði bundinn því skilyrði að kynditæki hafi verið sóthreinsuð og stillt. Húseigandi sem færir sönnur á að þessi aðgerð hafi farið fram fær greiddan einn aukaolíustyrk á ári út á viðkomandi kynditæki.

Athuganir sem gerðar hafa verið á ástandi kynditækja víða um land sýna ótvírætt að með reglubundnu viðhaldi og eftirliti má auka brennslunýtni olíukynditækja til mikilla muna og draga á þann hátt úr olíukostnaði við húshitun.

Það gefur auga leið, að því aðeins nær þetta ákvæði í frumvarpinu tilgangi sínum að húsráðendur hafi aðgang að mönnum sem fengið hafa þjálfun í stillingu og viðhaldi kynditækja eða sveitarfélög ráði menn til að sjá um þessa þjónustu, enda gangi þá aukaolíustyrkur til sveitarfélagsins. Um 100 manns, sem búsettir eru víðsvegar um land, hafa sótt námskeið í viðhaldi og stillingu kynditækja. Komi í ljós að einhver sveitarfélög eða byggðarlög eigi ekki aðgang að kunnáttumönnum á þessu sviði er engum vandkvæðum bundið að þjálfa fleiri menn til að fást við stillingar á kynditækjum.

4. Orkusparnaður.

4.1 Áætlun um orkusparnað.

Lagt er til að Orkustofnun verði falið að gera áætlun um þær framkvæmdir og aðgerðir sem til greina koma varðandi aukna hagkvæmni í orkunotkun og orkusparnaði í húshitun.

Mjög hefur skort á að fyrir lægi heildaryfirlit um hina ýmsu þætti í þessu sambandi.

Snemma árs 1979 skipaði orkumálastjóri vinnuhóp í þeim tilgangi að kanna leiðir til orkusparnaðar við hitun húsa í bráð og lengd.

Í júlí s. l. sendi vinnuhópurinn frá sér skýrslu „Orkusparnaður í hitun húsa. Áfangaskýrsla 1". Í framhaldi af því var útvegað fjármagn til að vinna að ástands- og orkunýtingarkönnun á íbúðarhúsnæði í landinu. Könnun þessi felur í sér allrækilega skoðun á um 300 húsum í landinu, og munu niðurstöður hennar verða grundvöllur þeirrar áætlunargerðar sem fjallað er um í lögum þessum. Vonast er til að frumúrvinnslu verði lokið í júlí n. k.

Gert er ráð fyrir að orkusparnaðaráætlun sú sem lög þessi gera ráð fyrir, verði kynnt Alþingi á næsta hausti, en í henni verður jafnframt gerð grein fyrir nauðsynlegum aðgerðum af hálfu hins opinbera í samræmi við þau markmið sem að er stefnt.

4.2 Tækni- og ráðgjafaþjónusta.

Samkvæmt frumvarpinu er heimilt að veita sveitarfélögum, þar sem olía er notuð til húshitunar, styrki vegna tækniþjónustu og aðgerða sem stuðlað geta að hagkvæmari orkunotkun.

Efling tækni- og ráðgjafaþjónustu í orkusparnaði á vegum sveitarfélaga yrði

ótvírætt til mikilla hagsbóta fyrir íbúa viðkomandi byggðarlaga. Líta ber af fullu raunsæi á hve takmarkaða möguleika fólk víða um land hefur til að afla sér haldgóðra upplýsinga, m. a. um þau tæknilegu atriði varðandi aðgerðir í orkusparnaði sem lögð hefur verið áhersla á með áróðri og upplýsingastarfsemi. Hér kemur margt til, en þó einkum sú staðreynd að tiltölulega fá sveitarfélög hafa í þjónustu sinni tæknimenntaða menn, sem geta sinnt þessum verkefnum. Ráðgjafafyrirtæki, þar sem fólk á aðgang að verk- eða tæknifræðingum, eru einnig sárafá utan þéttbýlissvæðanna á suðvesturhorni landsins.

Á s. l. ári leituðu landshlutasamtök sveitarfélaga og einstök sveitarfélög eftir aðstoð iðnaðarráðuneytisins við ýmsar aðgerðir á sviði olíusparnaðar.

Ráðuneytið leitaðist við að koma til móts við óskir þessara aðila og þá fyrst og fremst með þeim hætti að fá ýmsa aðila til samstarfs um verkefni á þessu sviði. Meðal aðgerða sem ráðuneytið beitti sér fyrir var að fá nemendur og kennara fjögurra skóla í Reykjavík, Háskóla, Iðnskóla, Tækniskóla og Vélskóla, til að heimsækja ýmsa staði á landinu í því skyni að sóthreinsa og stilla kynditæki og safna upplýsingum um ástand hitakerfa og einangrun og þéttleika húsa. Þær upplýsingar sem fengust í þessum ferðum gáfu vísbendingu um að með markvissum aðgerðum væri hægt að lækka heildarolíunotkun í húshitun til mikilla muna. Fyrstu niðurstöður orkunýtingarkönnunarinnar (sbr. 4.1 og 4.4) benda til hins sama.

Að ráða bót á óeðlilegri olíunotkun verður aðeins gert með aðgerðum í húsunum sjálfum. Aðstoð við fólk sem enn býr við olíukyndingu er því, með tilliti til stöðugt hækkandi olíukostnaðar, bæði réttlætismál og skynsamleg frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Efst á blaði þarf að vera ráðgjöf varðandi stillingu hitakerfa, hagkvæmni þess að einangra húsin betur, val á einangrunarefnum og frágangi þeirra. Bætt einangrun húsa er ekki síður mikilvæg þótt nýjir orkugjafar leysi olíukyndingar af hólmi.

Ráðgjöf af þessu tagi fellur best að verksviði Orkustofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins. Sem byrjunarskref kæmi til greina að þessar stofnanir sendu ráðgjafa til að dvelja tímabundið á þeim stöðum sem leita eftir tækniaðstoð, og sveitarfélögum yrði veittur fjárhagslegur stuðningur til að standa undir kostnaði sem slíkar heimsóknir hafa í för með sér.

4.3 Fræðslu- og upplýsingastarfsemi.

Þær athuganir, sem fram hafa farið á kynditækjum og húsnæði á nokkrum stöðum á landinu, sýna að mjög hefur skort á upplýsingamiðlun til almennings um hina ýmsu þætti sem snerta daglega orkunotkun heimilanna.

Á s. l. ári hafði iðnaðarráðuneytið forgöngu um átak í þessu efni. Meðal þeirra aðgerða sem ráðuneytið beitti sér fyrir og sérstaklega varða orkusparnað í húshitun má nefna eftirfarandi: 1) Námskeið fyrir stillingamenn, sem fram fór í Reykjavík, 23.—27. apríl. Námskeiðið sóttu 35 manns víðs vegar að af landinu. 2) Gefinn var út leiðbeiningabæklingur fyrir húseigendur um viðhald olíukynditækja. Bæklingurinn var sendur öllum sveitarstjórum á landinu með beiðni um að hann yrði afhentur húseigendum samtímis greiðslu olíustyrks. 3) Efnt var til fræðsluþátta um orkusparnað í sjónvarpi. Í tveim þáttanna var sérstaklega fjallað um kynditæki, einangrun húsa og aðrar orkusparnaðaraðgerðir í húshitun.

Á vegum Orkustofnunar og Húsnæðismálastofnunar ríkisins er nú unnið að gerð upplýsingabæklings um leiðir til að minnka orkunotkun á heimilum. Verður leitast við að koma þessum bæklingi til sem flestra heimila í landinu með aðstoð grunnskóla sveitarstjórna.

Brýn nauðsyn er á að efla þessa fræðslu- og upplýsingastarfsemi til muna og er því í frv. gert ráð fyrir að verja ákveðinni lágmarksupphæð til þessara verkefna.

4.4 Lán til orkusparandi endurbóta á íbúðarhúsnæði.

Athuganir hafa leitt í ljós, að mikill munur er á olíunotkun íbúðarhúsa. Þetta má fyrst og fremst skýra með mismunandi gæðum einangrunar enda þótt fleiri þættir komi til, s. s. viðhald og stilling kynditækja.

Fyrstu niðurstöður nýlegrar könnunar (sbr. 4.1) á húsum á Raufarhöfn og Hvolsvelli benda til að olíunotkun sé um þriðjungi meiri á Raufarhöfn en á Hvolsvelli. Þessi munur stafar fyrst og fremst af því að einangrun húsa á Raufarhöfn er mun minni en á Hvolsvelli. Meðalþykkt einangrunar í þaki er 4.7 cm. á Raufarhöfn en 8.1 cm. á Hvolsvelli (ný byggingarreglugerð krefst um 20 cm. þakeinangrunar). Um 30% þakflatarmáls skoðaðra húsa er óeinangrað á Raufarhöfn en um 6% á Hvolsvelli. Einfalt gler er í um 20% glerflatar á Raufarhöfn en í um 3% á Hvolsvelli.

Ljóst má vera að þessi mikli munur í olíunotkun verður ekki jafnaður með olíustyrkjum. Með orkusparandi endurbótum má hinsvegar minnka hann verulega. Það helst aftur á móti í hendur, að þeir sem búa í orkufrekustu húsunum hafa oft lakasta fjárhagsgetu til að bæta einangrun húsanna.

Með lánveitingum til þessara húseigenda skapast forsendur til að rjúfa þennan vítahring. Endurbætur á einangrun eldri húsa eru í tölu arðbærustu framkvæmda sem hægt er að ráðast í hér á landi. Því ber að leggja höfuðáherslu á að útvega lánsfjármagn til þeirra.

5. Nýting innlendra orkugjafa.

5.1 Húshitunaráætlun.

Til að stuðla að jöfnun hitunarkostnaðar varðar mestu að hraða nýtingu innlendra orkugjafa. Í frumvarpinu er því lagt til að Orkustofnun í samvinnu við Rafmagnsveitur ríkisins verði falið að gera húshitunaráætlun fyrir tímabilið 1981—1983 um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu. Miðað skal við það markmið, að 95% landsmanna búi við innlenda orkugjafa eða njóti orku frá olíukyntri fjarvarmaveitu í árslok 1983.

Áætlunin skal kveða á um nauðsynlegar framkvæmdir í þessu skyni svo og árlega fjárþörf.

Í júlí 1979 setti þáverandi ríkisstjórn sér það markmið að 80% af því húsnæði sem í árslok 1978 var kynt með olíu, skyldi í árslok 1983 hitað með innlendum orkugjöfum. Í framhaldi af því var á vegum iðnaðarráðuneytisins hafinn undirbúningur að húshitunaráætlun og hafa Rafmagnsveitur ríkisins þegar gert tillögur um 5 ára framkvæmdaáætlun fyrir sitt leyti þar sem miðað er við áðurnefnt markmið. Nauðsynlegt er að gera hliðstæðar áætlanir um hitaveitu- og fjarvarmaframkvæmdir og meta arðsemi einstakra framkvæmda í öllum tilvikum.

Stefnt er að því að gerð áætlunarinnar verði lokið snemma á næsta hausti þannig að hægt verði að taka tillit til hennar við gerð lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981.

5.2 Olíustyrkur til varmaveitna.

Heimilt er samkvæmt frumvarpinu að veita varmaveitum styrk til að jafna þann mun, sem rekstur þeirra kann að vera óhagkvæmari en upphitun með olíu að frádregnum olíustyrk.

Varmaveita telst í þessu samhengi hvers konar orkuveita sem selur heitt vatn til notenda, hitaveitur, fjarvarmaveitur o. s. frv. Ákvæði þetta er sett hér til að hindra ekki framkvæmdir við þjóðhagslega hagkvæmar varmaveitur, jafnvel þótt þær teljist óhagkvæmar fyrir íbúa viðkomandi sveitarfélags í samanburði við niðurgreidda olíukyndingu.

Í dag eru tvær hitaveitur í þessum flokki, þ. e. Hitaveita Blönduóss og Hitaveita Suðureyrar. Eftir því sem fleiri hitaveitur komast í gagnið fjölgar þeim veitum sem hugsanlega verða óhagkvæmari en olíukynding þegar tekið hefur verið tillit til olíustyrkja.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin fjallar um meginmarkmið laga þessara, sem er jöfnun húshitunarkostnaðar í landinu. Tilgreindar eru þrjár leiðir til að ná þessu markmiði. Í núgildandi lögum er aðeins gert ráð fyrir greiðslu olíustyrks í þessu skyni en í frv. er leitast við að líta á þessi mál í víðara samhengi.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um, að þeir einir njóti olíustyrks sem eingöngu nota olíu sem orkugjafa til húshitunar. Í þessu felst að þeir sem nota rafmagn til upphitunar en olíu á mesta álagstíma fá ekki greiddan olíustyrk.

Í 2. mgr. er kveðið á um upphæð olíustyrks, en ríkisstjórninni er heimilt að breyta styrkupphæð ef breytingar verða á gasolíuverði og/eða verði annarra orkugjafa.

Um 4. gr.

Hér er kveðið á um að olíustyrkir skuli greiddir húsráðanda, þ. e. eiganda eða leigjanda húsnæðis, en ekki hverjum framteljanda til skatts, eins og nú er gert. Fjöldi einstaklinga með fasta búsetu í viðkomandi íbúð er lagður til grundvallar við ákvörðun á tölu olíustyrkja. Föst búseta merkir í frumvarpi þessu hið sama og lögheimili, sbr. lög nr. 35/1960.

Við framkvæmd laga þessara er íbúð skilgreind á sama hátt og í 1. gr. laga nr. 59/1976 um fjölbýlishús, sbr. byggingarreglugerð nr. 292/1979 og 2. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna.

Við ákvörðun á fjölda olíustyrkja á hverja íbúð er áætluð þörf fjölskyldunnar fyrir húsrými lögð til grundvallar. Gert er ráð fyrir að:

einn einstaklingur þurfi 200 m^3,
tveir einstaklingar þurfi 300 m^3,
þrír einstaklingar þurfi 350 m^3,
fjórir einstaklingar þurfi 400 m^3,
fimm einstaklingar þurfi 450 m^3,
sex einstaklingar þurfi 500 m^3,
sjö einstaklingar og fleiri þurfi 550 m^3.

Fjöldi styrkja á íbúð er reiknaður út frá þessum viðmiðunarstærðum þannig að sem mest samræmi verði milli heildarupphæðar olíustyrks og áætlaðs kyndingarkostnaðar.

Skv. núgildandi lögum fá lífeyrisþegar sem njóta bóta samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar og aðrir lífeyrisþegar sem hafa svipaðar heildartekjur greiddan styrk sem nemur 1½ styrk einstaklings. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sömu aðilar fái ½ styrk til viðbótar við styrki skv. liðum a)—g). Í þessu felst t. d. að ef 3 eru í heimili, þar af 2 lífeyrisþegar skv. framansögðu, greiðist húsráðanda alls 4½ olíustyrkur.

Um 5. gr.

Hér er um það nýmæli að ræða, að heimilt sé að greiða árlega einn aukaolíustyrk á hvert olíukynditæki, sem hefur verið sóthreinsað og stillt á árinu.

Framkvæmd þessa ákvæðis getur verið með tvennum hætti. Annars vegar að sveitarfélag ráði tímabundið kunnáttumann (-menn) til að annast þessa þjónustu íbúunum að kostnaðarlausu. Aukaolíustyrkir ganga þá til sveitarfélagsins. Hinsvegar að hver húsráðandi verði sér út um aðstoð í þessum efnum. Í því tilviki sækir sveitarfélagið um aukaolíustyrki fyrir hönd íbúanna og lætur fylgja umsókn staðfestingu um að tilskildar aðgerðir hafi farið fram.

Um 6. gr.

Í frumvarpinu er kveðið á um að þeir einir njóti olíustyrkja sem ekki eiga kost á öðrum hitagjöfum á styrktímabilinu. Þetta ákvæði er eðlilegt með tilliti til æskilegrar þróunar í nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu.

Um 7. gr.

Greinin er efnislega hliðstæð ákvæðum í gildandi lögum, að öðru leyti en því að ákvæði um olíustyrk vegna skólahúsnæðis á við um allt skólahúsnæði, sem kynt er með olíu, en ekki eingöngu heimavistarskóla á grunnskólastigi, svo sem núgildandi lög gera ráð fyrir. Þá er einnig breytt um viðmiðun varðandi styrkupphæð.

Um 8. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum annast sveitarfélög úthlutun olíustyrkja til einstaklinga og er í frv. lagt til að svo verði áfram. Nauðsynlegt er að í reglugerð verði kveðið á um framkvæmd og eftirlit með greiðslu olíustyrkja.

Um 9. gr.

Í greininni er kveðið á um gerð sérstakrar áætlunar um orkusparnað. Áætlunin er forsenda þess að opinberir aðilar geti tekið ákvarðanir um ráðstafanir til lækkunar á heildarkostnaði við húshitun.

Um 10. gr.

Hér er kveðið á um að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins skuli halda námskeið um þætti sem varða orkunýtingu í húshitun. Með námskeiðum þessum er stefnt að því að þjálfa menn til að vinna að einstökum þáttum í orkusparnaði s. s. stýringu hitakerfa, bættri einangrun húsa o. fl. Námskeiðahald af þessu tagi er ein meginforsenda þess að unnt sé að veita fólki þá þjónustu og ráðgjöf sem nauðsynleg er varðandi orkusparandi endurbætur á húsnæði.

Um 11. gr.

Hér er um það nýmæli að ræða að verja skuli ákveðinni lágmarksfjárhæð til fræðslu og upplýsingastarfsemi.

Samkvæmt áætlun um heildarupphæð olíustyrks á yfirstandandi ári, má gera ráð fyrir að þessi upphæð geti numið um 20 m.kr.

Um 12. gr.

Tilgangur þessarar greinar er að hvetja sveitarfélög til að hafa milligöngu um ráðgjöf fyrir íbúana vegna undirbúnings hvers konar aðgerða sem dregið geta úr olíunotkun. Ennfremur að hvetja til athugana á möguleikum nýrra og hagkvæmari orkugjafa.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um heimild til að veita einstaklingum lán til orkusparandi endurbóta á húsnæði.

Nánar þarf að kveða á um forsendur og tilhögun lánveitinga þessara í reglugerð.

Um 14. gr.

Hér er kveðið á um gerð áætlunar í þeim tilgangi að tryggja markvissari nýtingu innlendra orkugjafa til húshitunar í stað olíu. Áætlun þessi skal kveða á um nauðsynlegar framkvæmdir og fjárþörf á hverju ári miðað við ákveðin markmið um hlutdeild innlendra orkugjafa í húshitun.

Um 15. gr.

Tvær hitaveitur á landinu selja nú orku á hærra verði en sem nemur kyndingarkostnaði með gasolíu að frádregnum olíustyrk.

Gera má ráð fyrir að þessum veitum fjölgi nokkuð á næstu árum. Í því skyni að treysta samkeppnishæfni þeirra við niðurgreidda olíukyndingu er hér heimilað að veita framlag til að jafna fyrrgreindan mun.

Um 16. gr.

Hér er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra og iðnaðarráðherra fari með mál þau sem lög þessi fjalla um. Viðskiptaráðuneytið hefir haft með höndum greiðslu olíustyrkja og þykir því eðlilegt að sú skipan haldist óbreytt.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal I.

Samanburður á olíustyrk á ári og hlutfallslegri niðurgreiðslu skv. núverandi og breyttu fyrirkomulagi.

Fjöldi íbúa í heimili	Olíustyrkur skv. núverandi fyrirkomulagi[1] (kr.)	Olíustyrkur skv. frumvarpinu[2] (kr.)	Áætlað húsrými[3] (m^3)	Áætlaður upphitunarkostnaður[4] (kr.)	Niðurgreiðsla skv. núverandi fyrirkomulagi (%)	Niðurgreiðsla skv. frumvarpinu (%)
1	72 800	160 000	200 m^3	403 650	18.0	39.6
2	145 600	240 000	300 m^3	605 475	24.0	39.6
3	218 400	280 000	350 m^3	706 388	30.9	39.6
4	291 200	320 000	400 m^3	807 300	36.1	39.6
5	364 000	360 000	450 m^3	908 213	40.1	39.6
6	436 800	400 000	500 m^3	1 009 125	43.6	39.6
7	509 000	440 000	550 m^3	1 110 038	45.9	39.6

FORSENDUR: 1) Olíustyrkur 18 200 kr./einstakling ársfjórðungslega.
2) Olíustyrkur 20 000 kr./ársfjórðungi.
3) Áætluð þörf miðað við fjölda í heimili.
4) Olíuverð 155.25 kr./l, og olíunotkun 13 l/m^3.

Fylgiskjal II.

Hlutfallsleg niðurgreiðsla skv. núv. skipan og frumvarpinu miðað við mismunandi olíunotkun á rúmmetra og olíuverð 155.25 kr./lítra.

Fjöldi íbúa í heimili	Áætlað húsrými (m^3)	Samkvæmt núverandi skipan[1] 10 l/m^3	13 l/m^3	16 l/m^3	Samkvæmt frumvarpinu[2] 10 l/m^3	13 l/m^3	16 l/m^3
1	200 m^3	23%	18%	15%	52%	40%	32%
3	350 m^3	40%	31%	25%	52%	40%	32%
5	450 m^3	52%	40%	33%	52%	40%	32%
7	550 m^3	60%	46%	37%	52%	40%	32%

1) Olíustyrkur 18 200 kr./ársfjórðung.
2) Olíustyrkur 20 000 kr./ársfjórðung.

Fylgiskjal III.

Hlutfallsleg niðurgreiðsla olíukostnaðar við mismunandi fjölskyldustærð og húsrými.

(Olíustyrkur í báðum tilfellum 20 000/ársfj.)

Eldra fyrirkomulag	Stærð húsnæðis.					
Fjöldi íbúa í íbúð	200 m^3	300 m^3	350 m^3	400 m^3	450 m^3	500 m^3
1	19.8	13.2	11.3	9.9	8.8	7.9
2	39.6	26.4	22.7	19.8	17.6	15.9
3	59.5	39.6	34.0	29.7	26.4	23.8
4	79.3	52.9	45.3	39.6	35.2	31.7
5	99.1	66.1	56.6	49.5	44.0	39.6
6	118.9	79.3	68.0	59.5	52.9	47.6
7		92.5	79.3	69.4	61.7	55.5
8		105.7	90.6	79.3	70.5	63.4

Nýtt fyrirkomulag	Stærð húsnæðis.					
Fjöldi íbúa í íbúð	200 m^3	300 m^3	350 m^3	400 m^3	450 m^3	500 m^3
1	39.6	26.4	22.7	19.8	17.6	15.9
2	59.5	39.6	34.0	29.7	26.4	23.8
3	69.4	46.2	39.6	34.7	30.8	27.7
4	79.3	52.9	45.3	39.6	35.2	31.7
5	89.2	59.5	51.0	44.6	39.6	35.7
6	99.1	66.1	56.6	49.5	44.0	39.6
7		72.7	62.3	54.5	48.4	43.6
8		72.7	62.3	54.5	48.4	43.6

Skýring: Reiknað er með olíustyrk 20 000 kr./ársfjórðungi og olíunotkun 13 l/m^3 í báðum tilvikum. **Feitletruðu tölurnar** sýna þau tilvik þar sem niðurgreiðsla nemur 30 til 50% af áætluðum kyndingarkostnaði.

Fylgiskjal IV.

ÁÆTLAÐUR HÚSHITUNARKOSTNAÐUR Á LANDINU

(Verðlag í mars 1980).

	Áætlaður hitunarkostnaður 400 m³ íbúðar á ári	Hitunarkostnaður sem hlutfall af kyndingarkostnaði með olíu	
		Án olíustyrks	Að frádregnum olíustyrk 4ra íbúa
I. HITAVEITUR	(þús. kr.)	(%)	(%)
1. Reykjavík	118	14	22
2. Seltjarnarnes	124	14	23
3. Mosfellshreppur	97	11	18
4. Suðurnes	372	43	69
5. Suðureyri	619	72	115
6. Hvammstangi	202	24	38
7. Blönduós	545	64	102
8. Sauðárkrókur	176	21	33
9. Siglufjörður	437	51	81
10. Ólafsfjörður	209	24	39
11. Dalvík	184	21	34
12. Akureyri	286	33	53
13. Hrísey	256	30	48
14. Húsavík	146	17	27
15. Reykjahlíð	115	13	21
16. Egilsstaðir	470	55	88
17. Selfoss	155	18	29
18. Hveragerði	126	15	23
19. Vestmannaeyjar	305	36	57
20. Þorlákshöfn	418	49	78
II. FJARVARMAVEITA			
1. Ísafjörður	426	50	79
III. RAFHITUN			
1. Akranes	383	45	71
2. Orkubú Vestfjarða	529	62	98
3. Akureyri	300	35	56
4. Reyðarfjörður	388	45	72
5. Rafmagnsveitur ríkisins	531	62	99
IV. OLÍUKYNDING			
1. Án olíustyrks	857	100	
2. Með olíustyrk 4ra íbúa	537		100

Forsendur:

1) 400 m³ hús og 4 íbúar.
2) Orkunotkun: a) Heitt vatn 84 kWh/m³/ári, 20 w/m³.
   b) Rafmagn 78 kWh/m³/ári, 9 kW/hús.
   c) Olía 13 l/m³/ári, 65% ársmeðalnýtni.
3) Raforkukostnaður og fastur viðhaldskostnaður við olíukyndingu er áætlaður: 50 þús.kr./hús.
4) Olíustyrkur 4ra manna fjölskyldu: 320 þús.kr./ári.
5) Heitt vatn yfir 65°C, hitafall niður í 40°C.
6) Heitt vatn undir 65°C, hitafall niður í 35°C.

Fylgiskjal V.

Olíustyrkur á einstakling frá 1974—1979 á verðlagi hvers tíma og verðlagi í nóvember 1979.


Tímabil		Á verðlagi hvers árs (kr.)	Á verðlagi í nóvember 1979 (kr.)
1974:	2. ársfjórðungur	1 800	12 200
	3. —	1 800	12 150
	4. —	1 800	10 300
1975:	1. ársfjórðungur	1 800	9 500
	2. —	2 000	9 250
	3. —	2 000	8 450
	4. —	2 000	7 850
1976:	1. ársfjórðungur	2 200	8 400
	2. —	2 400	8 250
	3. —	2 400	7 650
	4. —	2 400	7 150
1977:	1. ársfjórðungur	2 500	7 050
	2. —	2 600	6 900
	3. —	2 600	6 550
	4. —	2 700	6 200
1978:	1. ársfjórðungur	2 600	5 300
	2. —	2 600	4 800
	3. —	2 600	4 300
	4. —	2 700	4 200
1979:	1. ársfjórðungur	5 000	7 450
	2. —	8 500	11 400
	3. —	15 000	17 500
	4. —	18 200	18 200

Fylgiskjal VI.

Verð á gasolíu miðað við vísitölu byggingarkostnaðar.

1945: Olíuverð 0.382 kr/l } 100%
vísitala 382 }

Meðaltal hvers árs án söluskatts.
(Heimild: Hitaveita Rvíkur)



Fylgiskjal VII.

Tillögur um leiðir til jöfnunar á hitunarkostnaði (nefndarálit).

1. INNGANGUR

1.1 Skipan nefndarinnar.

Í september s. l. skipaði iðnaðarráðherra nefnd til að gera tillögur um leiðir til jöfnunar á upphitunarkostnaði.

Í nefndina voru skipaðir: Gunnar R. Pétursson, rafvirki, Patreksfirði, Kristinn V. Jóhannsson, skólastjóri, Neskaupstað, formaður, Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarritari, Ísafirði, Matthías Bjarnason, alþingismaður, Garðabæ.

Finnbogi Jónsson, verkfræðingur, starfaði með nefndinni af hálfu iðnaðarráðuneytisins, og var hann ritari nefndarinnar.

Samkvæmt erindisbréfi var nefndinni einkum ætlað að fjalla um eftirtalda þætti:

1. Söfnun upplýsinga um mismun á upphitunarkostnaði heimila víðs vegar um land, og gerð tillagna um leiðir til að draga sem fyrst úr honum frá því sem nú er.
2. Æskilegar fjáröflunarleiðir til að mæta útgjöldum við jöfnun á upphitunarkostnaði, þar með til greiðslu á olíustyrk.
3. Endurskoðun reglna um greiðslu olíustyrks með það í huga að í þeim verði fólginn hvati til sparnaðar og meira samræmis gætt en nú er milli orkunotkunar heimila og upphæðar olíustyrks.
4. Þá var nefndinni einnig ætlað að taka til meðferðar upphitunarkostnað skólahúsnæðis og úrræði til að minnka hann og draga úr misræmi í tilkostnaði sveitarfélaga vegna hitunar kennsluhúsnæðis og heimavista.

1.2 Störf nefndarinnar.

Nefndin kom saman til fyrsta fundar 27. september s. l. og var þá gengið frá vinnuáætlun og sett upp drög að efnisyfirliti nefndarálitsins.

Því næst unnu nefndarmenn, sem búsettir eru á ýmsum landshornum, hver í sínu lagi en komu síðan saman í Reykjavík og héldu átta fundi í striklotu og luku störfum að kvöldi sunnudags 14. október, en í erindisbréfi nefndarinnar var þess óskað að hún skilaði áliti fyrir 15. október.

Einn nefndarmanna, Matthías Bjarnason, alþingismaður, gat ekki tekið þátt í störfum nefndarinnar vegna anna, svo og dvalar erlendis á þeim tíma sem nefndin var að störfum.

2. UPPHITUNARKOSTNAÐUR HEIMILA

Í árslok 1978 nutu 65% þjóðarinnar jarðvarma til upphitunar, 12% rafmagns en 23% notuðu olíu.

Meðfylgjandi tafla sýnir betur en orð fá lýst hve þjóðhagslega óhagkvæmt það er að hita upp húsnæði með olíu og hversu brýnt það er að hraða nýtingu innlendra orkugjafa.

Tafla 2.1.

Orkugjafi	Fjöldi íbúa	Heildarkostnaður	%
Heitt vatn	65%	6 milljarðar	24%
Rafmagn	12%	4 —	16%
Olía	23%	15 —	60%
		Alls 25 milljarðar	

Orkuverð til upphitunar er mjög mismunandi á hinum ýmsu stöðum á landinu.

Á meðfylgjandi töflu 2.2 kemur fram að sjöfaldur munur er á hæsta og lægsta orkuverði, þ. e. á olíu og heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur.

Tafla 2.2 Orkuverð til hitunar húsa.
(verðlag í október 1979)

ORKUSALI	ORKUVERÐ (kr/kwh)	PRÓSENT af olíuv.
Olís, Olíufélagið og Shell	21.85	100%
Orkubú Vestfjarða (raforka)	14.44	66%
Rafmagnsveitur ríkisins	14.31	65%
Rafveita Reyðarfjarðar	11.76	54%
Orkubú Vestfjarða (fjarvarmi)	11.05	51%
Rafveita Akraness	9.77	45%
Rafmagnsveita Reykjavíkur	8.60	39%
Rafveita Akureyrar	8.27	38%
Hitaveita Akureyrar	7.20	33%
Rafveita Selfoss	7.10	32%
Rafveita Hafnarfjarðar	7.06	32%
Hitaveita Selfoss	2.94	13%
Hitaveita Reykjavíkur	2.87	13%

Áætlaður kostnaður við hitun 450 m^3 einbýlishúss er 895 þús. kr. ef kynt er með olíu en 117 þús. kr. ef notað er heitt vatn frá Hitaveitu Reykjavíkur. Ef fjögurra manna fjölskylda byggi í húsinu fengi hún 288 þús. kr. í olíustyrk/ári. Raunverulegur kyndingarkostnaður yrði 607 þús. kr. eða rúmlega fimm sinnum meiri en í Reykjavík.

Hér er um að ræða gífurlega þjóðfélagslega mismunun eftir búsetu, sem óhjákvæmilega leiðir til byggðaröskunar, verði ekkert að gert.

Leggja þarf höfuðáherslu á að veita landsmönnum öllum aðgang að innlendum orkugjöfum, en meðan það er ekki hægt þarf að létta þeim byrðarnar, sem búa við hinn óbærilega olíuhitunarkostnað.

Tafla 2.3 Áætlaður kostnaður við hitun 450 m^3 einbýlishúss.

Orkugjafi	Kostnaður
Olía	895 þús. kr.*)
Rafmagn (Rarik)	587 —
— (Akranes)	401 —
— (Akureyri)	339 —
Heitt vatn (Akureyri)	295 —
Heitt vatn (Reykjavík	117 —

*) **Frá dregst olíustyrkur sem nú er 72 þús. kr./ári fyrir einstakling.**

3. LEIÐIR TIL JÖFNUNAR Á UPPHITUNARKOSTNAÐI

3.1 Hröðun á nýtingu innlendra orkugjafa.

Eins og fram kemur í 2. kafla hér að framan fara um 15 milljarðar króna á núgildandi verðlagi til húsahitunar með olíu.

Nefndin telur að það sem mestu máli skiptir sé að útrýma sem fyrst þessum orkugjafa.

Ríkisstjórnin setti sér það markmið í júní s. l. að um 80% af því húsnæði, sem í árslok 1978 var hitað upp með olíu, verði á árinu 1983 hitað upp með innlendum orkugjöfum. Í árslok 1978 er talið að um 51 þúsund íbúar hafi notað olíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis síns og skiptast þeir þannig eftir landshlutum:

Tafla 3.1 Íbúar í olíuhituðu húsnæði eftir landshlutum.

	Árslok 1978	Áætlun 1983		
		Heitt vatn	Rafmagn	Olía
Suðurland, Reykjanes	14 700	11 500	2 000	1 200
Vesturland	10 800	6 800	2 100	1 900
Vestfirðir	7 150	250	3 300	3 600
Norðurland	9 900	5 000	3 100	1 800
Austurland	8 600	1 000	4 000	3 600
Samtals	51 150	24 550	14 500	12 100

Nefndin lýsir sig fylgjandi þessu markmiði ríkisstjórnarinnar, en minnir á að forsenda þess að því verði náð er:

1) Að öllum fyrirhuguðum hitaveituframkvæmdum verði lokið.
2) Samtengingu landsins með stofnlínum í eitt raforkusvæði verði lokið.
3) Raforkudreifikerfi í þéttbýli og dreifbýli verði styrkt til að hægt verði að fullnægja eftirspurn eftir raforku til húshitunar.

Því þarf að halda vel á spöðunum og tryggja nægilegt fjármagn tímanlega svo að framkvæmdir tefjist ekki.

3.2 Orkusparandi aðgerðir.

a) Upplýsingamiðlun

Nefndin bendir á að öll upplýsingamiðlun svo sem útgáfa bæklinga, fræðsluþættir í fjölmiðlum, fræðslustarfsemi í skólum og námskeiðahald er mikilvægur þáttur í orkusparandi aðgerðum og þar með leiðum til jöfnunar hitunarkostnaðar.

Iðnaðarráðuneytið hefur látið gera bækling um olíukynditæki og verður honum á næstunni dreift á olíukyntum svæðum. Fleiri bæklingar um leiðir til orkusparnaðar í rekstri húsa eru væntanlegir.

Þessu starfi þarf að halda áfram og auka það. Telur nefndin ekki óeðlilegt að allt að 1% af áætluðum olíustyrk verði varið til fræðslu- og upplýsingastarfsemi.

b) Stilling kynditækja

Góð hirðing kyndiklefa og tækja, reglubundið eftirlit og stilling kynditækja er ein einfaldasta og jafnframt kostnaðarminnsta leiðin til lækkunar upphitunarkostnaðar.

Nefndin treystir sér ekki til að setja það skilyrði fyrir greiðslu olíustyrks að framvísað sé vottorði frá stillingarmanni kynditækja. Ástæðan er fyrst og fremst sú, að ekki er tryggt að þessi þjónusta sé fáanleg í hinum dreifðu byggðum. Hins vegar telur nefndin það afar mikilvægt að fólk sé hvatt til að láta stilla reglulega olíukynditæki sín. Leggur hún til að þeir sem framvísa vottorði frá stillingarmanni, sem viðurkenndur er af viðkomandi sveitarfélagi, fái árlega einn aukaolíustyrk.

c) Einangrun íbúðarhúsa

Nefndin telur mikilvægt að litið verði á aukin lán til orkusparandi aðgerða sem leið til jöfnunar á upphitunarkostnaði. Talið er að um 40% af húsnæði landsmanna sé byggt fyrir 1960, og má ætla að hagkvæmt sé að endurbæta einangrun í stórum hluta þessa húsnæðis. Sem dæmi má nefna að áætlað er að þök í a. m. k. 2 000 húsum á olíukyntum svæðum séu óeinangruð. Kostnaður við að einangra 120 m² þak með 20 cm glerull er áætlaður um 700 þús. kr. en slík aðgerð mundi spara um 2 500 lítra af olíu á ári eða sem svarar um 350 þús. kr. miðað við núgildandi olíuverð.

Af öðrum orkusparandi aðgerðum, sem til greina koma má nefna tvöföldun glers í gluggum, einangrun veggja og gólfa og kaup á tækjum til bættrar hitastýringar í húsum.

Nefndin telur nauðsynlegt að Húsnæðismálastofnuninni verði þegar á næsta ári útvegaðar 1 000 millj. kr. vegna lána til orkusparandi aðgerða á olíukynntum svæðum og bendir á að hér er um að ræða mjög hagkvæma ráðstöfun frá þjóðhagslegu sjónarmiði. Lán þessi verði með hagkvæmustu kjörum og til a. m. k. 5 ára og afborgunarlaus fyrsta árið. Lánstími lífeyrisþega verði lengri en annarra.

Nefndin leggur til að lánum til orkusparandi aðgerða verði skipt í fjóra flokka:

1. Einangrun á þaki.
2. Tvöföldun glers.
3. Einangrun á gólfi.
4. Aðrar aðgerðir (einangrun á veggjum, kaup á nýjum olíukynditækjum o. fl.).

Í fyrstu verði einungis lánað til einangrunar þar sem hún er lítil eða engin fyrir svo og til tvöföldunar glers. Umsókn fylgi staðfesting byggingarfulltrúa á ástandi hússins, sem jafnframt mun votta að viðkomandi aðgerð hafi átt sér stað.

3.3 Greiðsla olíustyrks.

Nefndin telur eðlilegt að upphæð olíustyrks verði miðuð við að upphitunarkostnaður með olíu verði greiddur niður sem svarar um þriðjungi af kostnaði. Samkvæmt því yrði meðalorkukostnaður við olíuhitun um 15 kr./kWst. sem er ívið hærra en kostnaður við rafhitun þar sem orkuverð er hæst. Þegar upphæð olíustyrks er miðuð við fjölskyldustærð og þar með ekki í samræmi við raunverulega orkuþörf yrði þetta hlutfall að sjálfsögðu mjög breytilegt. Óháð því hvaða greiðslufyrirkomulag verður valið telur nefndin að skilgreina beri eina viðmiðunarstærð, sem kallist olíustyrkur. Fjöldi olíustyrkja á íbúð yrði síðan annaðhvort ákveðinn í hlutfalli við stærð íbúðar eða í hlutfalli við fjölskyldustærð (sjá kafla 4).

Nefndin leggur til að styrkupphæð verði fastsett í lögum en hækki síðan í samræmi við breytingar á olíuverði. Styrkupphæð verði ákveðin 18 þúsund krónur miðað við olíuverðið 142 kr./lítra.

4. REGLUR UM GREIÐSLU OLÍUSTYRKS

4.1 Núverandi fyrirkomulag.

Í lögum um ráðstafanir til að draga úr áhrifum olíuverðhækkana á hitunarkostnað íbúða o. fl. (nr. 13/1977) segir svo í 1. gr.:

„Fjárhæð þeirri, sem ákveðin er í fjárlögum hverju sinni, til að draga úr áhrifum olíuverðhækkunar á hitunarkostnað íbúða, skal varið sem hér segir:

a) Til að styrkja þá aðila, sem nota olíu til hitunar íbúða sinna. Lífeyrisþegar, sem njóta bóta samkv. 19. gr. laga um almannatryggingar, og aðrir lífeyrisþegar, sem hafa svipaðar heildartekjur, skulu fá greiddan styrk, sem nemur 1½ styrk einstaklings. Olíustyrkur greiðist hverjum framteljanda til skatts og einnig vegna maka og barna, sem eru á framfæri hans og eigi eru sjálfstæðir framteljendur. Skal hann ekki talinn til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars. Styrkur þessi skal ekki greiddur til þeirra, sem eiga kost á að tengja íbúðir sínar við hitaveitu á þeim ársfjórðungi, sem styrkur gildir fyrir. Greiðsla olíustyrks fyrir desember 1976 skv. lögum nr. 9/1976 skal innt af höndum með greiðslu fyrir janúar til mars 1977 og síðan ársfjórðungslega."

Nefndin telur nauðsynlegt að breyta fyrstu málsgrein a-liðar þannig að ótvírætt sé að aðeins þeir sem eingöngu noti olíu til hitunar íbúða sinna skul njóta olíustyrks. Einnig þarf að vera ljóst að hvorki þeir sem nota blandaðan orkugjafa (t. d.

olíu og raforku), né þeir sem eiga kost á öðrum hagkvæmari orkugjafa (raforku, jarðvarma eða fjarvarma) eigi rétt á olíustyrk.

Ennfremur bendir nefndin á að núverandi fyrirkomulag tekur ekkert tillit til raunverulegrar orkunotkunar. Er það sérstaklega óréttlátt gagnvart fólki sem býr eitt sér í íbúð eða einbýlishúsi eins og algengt er víða úti á landi enda eru þar oftast litlir möguleikar á íbúðaskiptum með tilliti til fjölskyldustærðar.

4.2 Breyting á reglum.

Nefndin vill breyta gildandi reglum og hefur skoðað ýmsa möguleika. Rætt var um beina niðurgreiðslu olíuverðs, en nefndin hafnaði þeirri leið alfarið á þeirri forsendu að hún hvetur ekki til sparnaðar og getur auk þess leitt til spillingar.

Nefndin bendir á tvo kosti sem hún telur einkum koma til greina við greiðslu olíustyrks, **rúmmetrakerfi og fjölskyldukerfi.**

Í báðum þessum kerfum er við það miðað að olíustyrkur 4 manna fjölskyldu sem býr í 400 m³ íbúð breytist ekki.

a) Rúmmetrakerfi

Upphæð olíustyrks miðist við ákveðinn lítrafjölda á hvern upphitaðan rúmmetra húsnæðis. Gera má ráð fyrir að að meðaltali þurfi 14 lítra af olíu til að hita upp hvern rúmmetra húsnæðis og miðað við um þriðjungs niðurgreiðslu verður upphæð styrksins þá 5 l/m³ eða sem svarar 72 þús. kr. á ári á 100 m³.

Í þessu kerfi er gengið frá því að jafnmikið kosti að kynda jafnstórt húsnæði án tillits til fjölda íbúa í húsnæðinu.

Nefndinni er ljóst að einhver munur er á orkunotkun heimilis eftir fjölskyldustærð en bendir á að hann er síst meiri en vegna atriða eins og mismunandi einangrunar húsa.

Nefndin telur rétt að skipta húsnæði niður í ákveðna stærðarflokka sem hlaupi á 50 m³. Olíustyrkur í hverjum stærðarflokki yrði skv. töflu 4.1.

Tafla 4.1 Fjöldi olíustyrkja á íbúð skv. rúmmetrakerfi.

Flokkur	Stærð íbúðar m³	Meðal-stærð m³	Fjöldi olíustyrkja
1	125—174	150	1.5
2	175—224	200	2.0
3	225—274	250	2.5
4	275—324	300	3.0
5	325—374	350	3.5
6	375—424	400	4.0
7	425—474	450	4.5
8	475—524	500	5.0

Það er mat nefndarinnar að tiltölulega auðvelt sé fyrir einstök sveitarfélög að greiða olíustyrk skv. rúmmetrakerfinu. Upplýsingar um stærð íbúðar er hægt að fá úr skrá Fasteignamats ríkisins. Tæknileg atriði ættu þannig ekki að þurfa að standa í vegi fyrir notkun þessa kerfis. Hinsvegar treystir nefndin sér ekki til að meta hvort þetta kerfi sé réttlátara frá félagslegu sjónarmiði þó svo að það sé meira í samræmi við það markmið sem ætlað er að ná með greiðslu olíustyrks.

b) Fjölskyldukerfi

Þetta kerfi, sem hér er nefnt fjölskyldukerfi, er nánast endurbætt útgáfa af núgildandi kerfi. Breytingarnar eru m. a. fólgnar í því að bæta hlut fámennra heimila, en draga nokkuð úr greiðslum til fjölmennari heimila þannig að upphæð olíustyrks verði sem næst þriðjungur af hitunarkostnaði.

Miðað er við fjölda einstaklinga í íbúð og styrkurinn greiðist húsráðanda (eiganda eða leigjanda húsnæðis) en ekki hverjum framteljanda eins og nú er gert.

Einstaklingur sem leigir herbergi í húsnæði hjá öðrum telst þá einn af fjölskyldunni og olíustyrkur vegna hans greiðist húsráðanda.

Fjöldi einstaklinga í íbúð	Fjöldi olíustyrkja*)
1	2.5
2	3.0
3	3.5
4	4.0
5	4.5
6	5.0
7	5.5
8 eða fleiri	6.0

*) Elli- og örorkulífeyrisþegar fái að auki hálfan olíustyrk.

Nefndin telur að núverandi greiðslufyrirkomulag olíustyrks, þ. e. að sveitarfélag sjái um dreifingu styrksins, hafi reynst allvel. Nefndin telur þó nauðsynlegt að herða eftirlit með því að þeir, sem nota bæði raforku og olíu til hitunar fái ekki olíustyrk.

Leggur nefndin til að ráðinn verði tímabundið einn starfsmaður sem eingöngu annist þetta eftirlit.

5. FJARVARMAVEITUR

Nefndin hefur fjallað um hugsanlega greiðslu olíustyrks til fjarvarmaveitna. Skv. núgildandi lögum er óljóst hvort íbúar sem tengjast fjarvarmaveitum eigi að njóta áframhaldandi olíustyrks. Þó er vitað að notendur fjarvarmaveitu á Akranesi hafa fengið óskertan olíustyrk skv. úrskurði fjármálaráðuneytisins.

Nýlega hefur Orkubú Vestfjarða farið fram á að olíustyrkur notenda fjarvarmaveitunnar á Ísafirði verði greiddur til Orkubúsins, með tilvísun til úrskurðar fjármálaráðuneytisins. Á sama hátt hefur Hitaveita Siglufjarðar sótt um olíustyrk vegna olíunotkunar við að hita vatn úr 60° í 80°C.

Nefndin telur:

1. Að ekki komi til greina að notendur fjarvarma fái greiddan olíustyrk.
2. Að fjarvarmaveitur skuli því aðeins fá olíustyrk að orkuverð frá slíkum veitum sé hærra en sem nemur 65% af hitunarkostnaði með olíu.

Nefndin telur eðlilegt að í slíkum tilvikum fái fjarvarmaveitur olíustyrk sem nemur mismuni á áætluðum orkukostnaði og hitunarkostnaði á olíu að frádregnum olíustyrk enda sé um þjóðhagslega hagkvæma framkvæmd að ræða.

6. UPPHITUNARKOSTNAÐUR SKÓLAHÚSNÆÐIS

6.1 Hitunarkostnaður skóla.

Um upphitunarkostnað skóla þar sem olía er aðalorkugjafinn gildir það sama og fram kemur um upphitunarkostnað heimila (sjá kafla 2).

Einkum er þó vandi þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstri heimavistarskóla mikill.

Olíunotkun heimavistarskóla er oft á bilinu 100—200 þúsund lítrar af olíu á ári. Sem dæmi um einstaka skóla má taka skólann á Núpi, sem notar um 160 þúsund lítra af gasolíu og er upphitunarkostnaðurinn um 22 millj. kr. á ári.

6.1 Leiðir til að draga úr hitunarkostnaði.

Með því að brenna svartolíu í stað gasolíu mætti minnka upphitunarkostnaðinn um allt að því helming, en útbúnaðurinn sem til þarf kostar innan við 2 millj. kr.

Þær orkusparandi aðgerðir sem rætt er um í kafla 3.2, svo sem bætt einangrun o. fl. eiga að sjálfsögðu við hér líka.

Þá vill nefndin sérstaklega benda á nauðsyn þess að í heimavistarskólum séu góð tæki til hitastýringar húsanna.

6.3 Jöfnun á upphitunarkostnaði.

Nefndin leggur til að allt viðhald sem leiðir til orkusparnaðar verði greitt eftir sömu reglum og stofnkostnaður jafnt í heimangöngu- og heimavistarskólum.

Gera má ráð fyrir að 10 lítra af olíu þurfi til að hita upp hvern rúmmetra í skólahúsnæði. Sé kynt með gasolíu verður kostnaðurinn kr. 1 420 á rúmmetra á ári.

Nefndin leggur til að skólum verði greiddur olíustyrkur í formi ákveðinnar upphæðar á hvern upphitaðan rúmmetra.

Þetta fyrirkomulag telur nefndin æskilegra en að ríkissjóður greiði fastan hluta af upphitunarkostnaði þar sem í því felst hvati til sparnaðar fyrir viðkomandi sveitarfélög.

Nefndin leggur til að olíustyrkurinn verði 500 kr. á m^3 á fyrri helmingi næsta árs.

7. FJÁRÖFLUNARLEIÐIR

7.1 Fjárþörf.

Þar sem ekki liggja fyrir nákvæmar áætlanir um þróun íbúafjölda á olíusvæðum er erfitt að meta hver fjárþörf vegna úthlutunar olíustyrks verður á næstu árum. Til þess að gefa þó einhverja mynd af hugsanlegri þróun er hér gert ráð fyrir að íbúum með olíuupphitun fækki um 20% á ári frá 1978 fram til 1981, en eftir það um 30% fram til ársins 1983. Miðað við að olíustyrkur verði áfram 18 þúsund krónur á einstakling ársfjórðungslega (m. v. fast verðlag) yrði heildarfjárþörf svo sem hér segir:

Tafla 7.1 Fjárþörf vegna greiðslu olíustyrks.

Ár	Áætlaður fjöldi olíustyrkja í lok hvers árs	Fjárþörf Styrkur	Aukaolíustyrkur
1979	46 þús. styrkir	3 300 m.kr.	
1980	37 — —	2 600 —	160 m.kr.
1981	29 — —	2 100 —	130 —
1982	20 — —	1 400 —	90 —
1983	14 — —	1 000 —	60 —

Samtals fjárþörf 1980—1983: 7 500 m.kr.

7.2 Fjármögnun.

Nefndin leggur til að núverandi verðjöfnunargjald af raforku og olíu verði fellt niður en í þess stað lagður á almennur orkuskattur á alla orkusölu í landinu, þar með talið orkusölu til stóriðju og orkunotkun til hitunar húsa. Orkuskatturinn verði ákveðinn 1 króna á kWst. miðað við verðlag í september 1979 og lagður á endanlegan notanda orkunnar.

Heildarverðjöfnunargjald á raforku er áætlað á þessu ári um 2.7 milljarðar króna. Verðjöfnunargjald á olíu er um 2.2 milljarðar/ári m. v. verðákvörðun í júlí 1979.

Heildartekjur af orkuskatti yrðu sem hér segir:

Tafla 7.2 Tekjur af orkuskatti (1 kr./kWst).

Raforka	2 700	Gwh	2.7	milljarðar
Heitt vatn	2 700	—	2.7	—
Olía	6 400	—	6.4	—
Samtals	11 000	Gwh	11.0	milljarðar

Þetta fyrirkomulag myndi leiða til þess að verðjöfnunargjald á olíu og bensíni sem nú er um 3.50 kr./lítra félli niður. Orkuskattur, að upphæð 1 króna á kílówattstund, jafngildir um 10 krónum á lítra, þannig að útsöluverð á bensíni og olíu myndi hækka um 6.50 kr./lítra.

Verðjöfnunargjald á raforku til almennrar heimilisnotkunar er nú 4—6 kr. á kWst. Orkuskatturinn myndi því leiða til lækkunar á raforkuverði um 3—5 krónur skv. heimilistaxta. Raforkuverð til upphitunar myndi hins vegar hækka um 1 krónu á kWst., svo og raforkuverð til stóriðju.

Orkuverð á heitu vatni til upphitunar í Reykjavík myndi hækka úr 2.87 kr./kWst. í 3.87 kr./kWst., sem jafngildir um 35% hækkun. Upphitunarkostnaður með olíu myndi hækka úr 22 kr./kWst. í tæpar 23 kr./kWst.

Nefndin leggur til að tekjum af orkuskatti verði ráðstafað:

— til verðjöfnunar á raforku
— til verðjöfnunar á eldsneyti
— til verðjöfnunar á upphitunarkostnaði
— til Orkusjóðs v/framkvæmda í orkumálum
— til Orkustofnunar v/rannsókna á nýtingu innlendra orkugjafa og leiðum til að draga úr olíuinnflutningi.

Auk þess leggur nefndin til að í fyrstu verði hluta af orkuskatti varið til að fjármagna orkusparnaðarlán Húsnæðismálastofnunarinnar.

8. NIÐURSTÖÐUR

Í árslok 1978 notuðu 23% landsmanna olíu til húshitunar og greiddu fyrir hana um 60% af heildarkostnaði við hitun húsnæðis á landinu.

Orkuverð til hitunar er mjög mismunandi á hinum ýmsu stöðum á landinu og er sjöfaldur munur á hæsta og lægsta orkuverði, þ. e. á olíu og heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur.

Hér er um að ræða gífurlega þjóðfélagslega mismunun eftir búsetu sem óhjákvæmilega leiðir til byggðaröskunar, verði ekkert að gert.

Nefndin leggur höfuðáherslu á að útrýma sem fyrst olíuhitun húsa og styður það markmið, sem ríkisstjórnin hefur sett sér í því efni. Hún minnir hinsvegar á að eigi þetta markmið að nást þarf að leggja mikla áherslu á orkuframkvæmdir á næstu árum og tryggja nægilegt fjármagn tímanlega svo þær tefjist ekki.

Nefndin bendir á að öll upplýsingamiðlun, svo sem útgáfa bæklinga, fræðsluþættir í fjölmiðlum og námskeiðahald er mikilvægur þáttur í orkusparandi aðgerðum og þar með leiðum til jöfnunar hitunarkostnaðar. Lagt er til að allt að einu prósenti af áætluðum olíustyrk verði varið til fræðslu- og upplýsingastarfsemi.

Með tilliti til hins þjóðhagslega sparnaðar sem af stillingu olíukynditækja leiðir, leggur nefndin til að gegn framvísun vottorðs um stillingu kynditækis verði greiddur einn aukaolíustyrkur.

Nefndin telur mikilvægt að litið verði á lán til orkusparandi aðgerða sem leið til jöfnunar á hitunarkostnaði og telur nauðsynlegt að Húsnæðismálastofnuninni verði þegar á næsta ári útvegaðar 1 000 millj. kr. í þessu skyni.

Nefndin telur eðlilegt að upphæð olíustyrks verði miðuð við að hitunarkostnaður með olíu verði greiddur niður sem svarar um þriðjungi af kostnaði og leggur til að styrkupphæð verði fastsett í lögum en hækki síðan til samræmis við breytingar á olíuverði.

Nefndin telur nauðsynlegt að breyta núverandi lögum um jöfnun á hitunarkostnaði þannig að 1) ótvírætt sé að aðeins þeir, sem eingöngu nota olíu til hitunar íbúða sinna skuli njóta olíustyrks, 2) að þeir sem kost eiga á öðrum hagkvæmari orkugjafa njóti ekki olíustyrks og 3) að meira samræmi sé milli olíustyrks og raunverulegs hitunarkostnaðar.

Nefndin setur fram tvo kosti sem hún telur einkum koma til greina við greiðslu olíustyrks, **rúmmetrakerfi** og **fjölskyldukerfi.** Í því fyrra miðast styrkur við ákveðna upphæð á hvern rúmmetra hitaðs húsnæðis, en í því síðara er fjöldi einstaklinga í íbúð lagður til grundvallar.

Nefndin telur koma til greina að fjarvarmaveitur fái olíustyrk sem nemur mismuni á orkuverði frá slíkum veitum og hitunarkostnaði með olíu, að frádregnum olíustyrk, enda sé um þjóðhagslega hagkvæma framkvæmd að ræða.

Nefndin leggur til að allt viðhald skólahúsnæðis sem leiðir til orkusparnaðar verði greitt eftir sömu reglum og stofnkostnaður. Auk þess leggur nefndin til að skólum verði greiddur olíustyrkur í formi ákveðinnar upphæðar á rúmmetra.

Nefndin leggur til að núverandi verðjöfnunargjald á raforku og olíu verði fellt niður en í þess stað lagður á almennur orkuskattur á alla orkusölu í landinu, þar með talið orkusölu til stóriðju og til hitunar húsa. Tekjum af orkuskatti verði varið til verðjöfnunar á raforku, eldsneyti og hitunarkostnaði, til Orkusjóðs vegna framkvæmda í orkumálum og til Orkustofnunar vegna rannsókna á nýtingu innlendra orkugjafa og leiðum til að draga úr olíuinnflutningi.

Nd. 340. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum í dag og leggur til að það verði samþykkt án breytinga.

Alþingi, 22. apríl 1980.

Vilmundur Gylfason, form. Jósef H. Þorgeirsson, frsm. Ólafur Þ. Þórðarson.
Friðrik Sophusson. Bogi Sigurbjörnsson. Guðmundur J. Guðmundsson.
Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 341. Breytingartillaga [56. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 28. ágúst 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. málsgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun á sauðfé og stórgripum til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telur, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1982.

Nd. 342. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis hefur fjallað um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins án breytinga.

Alþingi, 22. apríl 1980.

Vilmundur Gylfason, form. Ólafur Þ. Þórðarson, frsm. Jósef H. Þorgeirsson.

Guðmundur J. Guðmundsson. Bogi Sigurbjörnsson. Friðrik Sophusson.

Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 343. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 32/1933, um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Smjörlíki nefnist í lögum þessum allt það feitmeti sem líkist smjöri, hver svo sem uppruni þess er eða samsetning, þegar í því er feiti sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, í magni er nemur meiru en 25% af heildarmagni fitunnar. — Ostlíki nefnist ostur sem í er önnur fita en mjólkurfita, í magni er nemur meiru en 25% af heildarmagni fitunnar. — Rjómalíki nefnist feitijafningur sem líkist rjóma, en inniheldur aðra feiti en mjólkurfitu í magni er nemur meiru en 25% af fitumagninu. — Mjólkurlíki kallast vökvi sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu en inniheldur feiti sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, í magni er nemur meiru en 25% af heildarfitumagni. — Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlíkisgerð, eftirlit með smjörlíkisgerðum o. s. frv., tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis- og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á 100. löggjafarþinginu, en varð þá eigi útrætt. Þá fylgdi frumvarpinu svofelld greinargerð.

Lög um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl. hafa verið óbreytt í nær hálfa öld.

Á þessum tíma hefur hinsvegar orðið veruleg breyting í tækni og geymslu matvæla á heimilum og utan þeirra, þekkingu á matvælaframleiðslu, neysluvenjum og næringarþörf. Íslenskur mjólkuriðnaður hefur eftir föngum lagað sig að breyttum aðstæðum hverju sinni með leitun að fjölbreyttara tegundavali og með hliðsjón af hollustuháttum, þó einkum á sviði ostagerðar og mjólkurdrykkja.

Á síðari árum hefur komið fram áhugi fyrir fjölbreyttari framleiðslu smjörafurða með hliðsjón af nýjum viðhorfum til geymslu og gerðar matvælanna. Hefur þar verið haft í huga að halda bragðeiginleikum smjörsins og fjölbreytni þess í tegundum fitusýra og gera það auðsmyrjanlegt við kæliskápshitastig.

Til þess þarf að blanda það með óhertri jurtaolíu (soya-olíu) innan þeirra marka sem heimilað er með þessari lagabreytingu.

Íblöndunin fer fram með tækni sem háð er einkaleyfi, en er framkvæmanleg með þeim vélaútbúnaði sem mjólkuriðnaðurinn ræður yfir.

Á árunum 1969 og 1970 setti sænski mjólkuriðnaðurinn á markaðinn nýja afurð undir nafninu BREGOTT. Það er smjör með að jafnaði 20% íblöndun soyaolíu af fituinnihaldi, þó mismunandi eftir eðli smjörfitunnar á hverjum stað, og árstíma.

Á yfirstandandi ári komu fram óskir frá Osta- og smjörsölunni í Reykjavík til landbúnaðarráðuneytisins um að kannaðir væru möguleikar þess að framleidd yrði og seld hér innanlands hliðstæð afurð. Ráðuneytið taldi rétt að verða við þessari beiðni og eðlilegt að koma á þennan hátt til móts við óskir neytenda en taldi jafnframt að til þess þyrfti breytingu á fyrrnefndum lögum.

Breyting sú sem hér er lagt til að verði gerð, leiðir af sér að afurð hliðstæð BREGOTT mun ekki heyra lengur undir lög um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl. frekar en framleiðsla á smjöri án íblöndunar, heldur undir lög nr. 12 frá 17. mars 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lög nr. 24 frá 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Nefna ber að í niðurstöðum samstarfsnefndar, sem vinnur að endurskoðun á reglugerð um mjólk og mjólkurvörur nr. 269/1973, segir:

„Mjólkurvara er hver sú matvara sem unnin er úr mjólk eða fellur til við mjólkurvinnslu. Í mjólkurvöru geta auk efna mjólkurinnar verið ýmsir aðrir efnisþættir (sbr. 14. gr.). Efnisþættir þessir mega ekki fara yfir 25% af heildarmagni mjólkurvörunnar. Undir reglugerð þessa falla þær gerðir mjólkurvöru, sem taldar eru í 4.—13. gr.“

Bregott er ætlað til notkunar sem viðbit líkt og smjör en að sjálfsögðu yrði smjör án íblöndunar áfram á boðstólum, því hér er einungis verið að hugsa um fjölbreyttara tegundaval fyrir neytendur en verið hefur.

Um 1. gr.

Í núgildandi lögum telst smjörlíki allt það feitmeti, sem líkist smjöri, hver sem uppruni þess er eða samsetning, þegar í því eru einhver þau fituefni, sem ekki eiga rót sína að rekja til mjólkur, það er án tillits til magns þeirra í hlutfalli við mjólkurfeiti.

Sama regla er fyrir ostlíki, rjómalíki og mjólkurlíki.

Með þeirri breytingu sem frumvarpið felur í sér, er þeirri skipan komið á, að önnur feitiefni en úr mjólk megi nema allt að 25% af heildarfeitimagni rjóma, smjörs, osta eða mjólkur, án þess að nefnist smjör-, rjóma-, ost- eða mjólkurlíki og falli undir þessi lög.

Sþ. 344. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]

um könnun á áhrifum af ákvæðislaunakerfum.

Flm.: Guðrún Hallgrímsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir könnun á heilsufarslegum og félagslegum áhrifum af ákvæðislaunakerfum (afkastahvetjandi launakerfum) á það fólk, sem tekur laun samkvæmt þeim.

Niðurstöður skulu liggja fyrir eigi síðar en að ári liðnu.

Að rannsókn lokinni skal ríkisstjórnin, ef þurfa þykir, beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á vinnuskilyrðum þess verkafólks, er hlut á að máli, í samráði við samtök þess.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur komist á í ýmsum starfsgreinum ýmiss konar fyrirkomulag launagreiðslna, sem víkja frá hefðbundnu tímakaupi eða öðrum hliðstæðum launaformum, og er í þessu sambandi oft talað um afkastahvetjandi launakerfi, en meginatriði þeirra eru einhvers konar ákvæði um afköst og tengsl þeirra við laun. Notkun þessara launakerfa er yfirleitt studd þeim rökum, að þau leiði til framleiðniaukningar hjá fyrirtækjum og til kjarabóta fyrir launafólk. Þeim starfshópum fer sífellt fjölgandi sem vinna eftir þessum kerfum, enda þótt litlar upplýsingar liggi fyrir um áhrif þeirra á heilsu verkafólks og félagsleg samskipti þess.

Verulega hefur skort á að hér á Íslandi hafi farið fram efnislegar umræður um þessi mál. Hins vegar hefur verkalýðshreyfingin að sjálfsögðu veitt athygli þeim vandamálum sem upp hafa sprottið, sbr. ályktunartillögu á þingi Verkamannasambands Íslands 1977, þar sem farið var fram á „könnun á því með tilliti til vinnuverndar og heilsuverndar, hvað hinn langi vinnutími verkafólks og hið þunga ákvæðisvinnuálag kann að hafa og hefur haft á heilsufar og lífsorku þess".

Um framkvæmd þessara launakerfa liggur fátt eitt fyrir. Þó er í gildi samningur milli Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 29. jan. 1972 sem nefnist „Leiðbeiningar um undirbúning og framkvæmd vinnurannsókna."

Í grannlöndum okkar hefur hins vegar verið mikil umræða um þessi launakerfi og víða hafa farið fram rannsóknir á áhrifum þeirra. Um leið og hér er lagt til, að könnuð verði áhrif ákvæðislaunakerfa hérlendis, er gagnlegt að hafa til hliðsjónar reynslu verkafólks í öðrum löndum um þessi efni. Hér verður ekki farið út í að lýsa einstökum ákvæðislaunakerfum, þar sem slík lýsing mundi aðeins leiða hugann frá aðalatriðinu, sem er hlutlæg rannsókn á áhrifum þessara kerfa.

Í ljósi umræðna um aukin áhrif verkafólks á vinnuumhverfi sitt, í smáu sem stóru, virðist margt benda til þess, að raunveruleg áhrif verkafólks á mótun hinna ýmsu launakerfa séu oft á tíðum hverfandi lítil. Og enda þótt leitast hafi verið við að fræða trúnaðarmenn verkafólks um tæknilega hlið launakerfanna á sérstökum námskeiðum, hefur sú fræðsla í takmörkuðum mæli náð til verkafólksins sjálfs. Algengt er að heyra verkafólk kvarta undan því, að það skilji ekki þá útreikninga er liggja að baki greiddum launum. Þess eru jafnvel dæmi, að fólk eigi í erfiðleikum með að lesa úr launaseðlum sínum. Við slíkar aðstæður er auðsætt, að verkafólk hefur nánast engin skilyrði til að hafa áhrif á þau atriði, sem lögð eru til grundvallar við mælingu á afköstum.

Í þeirri takmörkuðu umræðu, sem hér hefur átt sér stað um ákvæðislaunakerfi, hefur m. a. komið fram að ýmislegt megi að framkvæmd þeirra finna. Bent hefur verið á innbyrðis ósamræmi á sama vinnustað og á milli vinnustaða. Þá hafa einnig komið fram efasemdir um skilgreiningu hinna svonefndu málsafkasta, en á þeim byggjast tengslin milli afkasta og launa. Þá er talað um að í þeim tilvikum, þar sem tillit er tekið til nýtni og vinnugæða, sé stjórnun og eftirliti áfátt. Sumir hafa kveðið svo sterkt að orði, að þegar á heildina sé litið skapi ákvæðislaunakerfi fleiri vandamál en þeim er ætlað að leysa.

Með tilliti til þess, sem hér hefur verið rakið, virðist brýnt að kanna eftirfarandi:

— Hve stór hluti verkafólks í landinu vinnur eftir ákvæðislaunakerfum, hvaða kerfi og afkastamælikvarðar eru notuð í einstökum greinum?
— Hver eru heilsufarsleg áhrif ákvæðislaunakerfa með tilliti til slitsjúkdóma, streitu og slysatíðni?
— Hver eru áhrif ákvæðislaunakerfa á samstarf fólks á vinnustað, á meðalstarfsaldur í viðkomandi grein og skiptingu í aldurshópa svo og á þátttöku yngra og eldra fólks í atvinnulífi?

Nd. 345. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 65 16. maí 1978.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið, leitað umsagnar um það og leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 22. apríl 1980.

Vilmundur Gylfason, form.	Friðrik Sophusson, frsm.	Ólafur Þ. Þórðarson.
Jósef H. Þorgeirsson.	Bogi Sigurbjörnsson.	Matthías Á. Mathiesen.
	Guðmundur J. Guðmundsson.	

Nd. 346. Breytingartillaga [61. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 65 16. maí 1978.

Frá allsherjarnefnd.

3. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 12. maí 1980.

Sþ. 347. Tillaga til þingsályktunar [163. mál]

um athugun á flutningi annars gufuhverfils Kröfluvirkjunar til nýtingar á háhitasvæði á Reykjanesskaga.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Vilmundur Gylfason, Karl Steinar Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram svo fljótt sem verða má óvilhalla og sjálfstæða athugun á því að flytja annan gufuhverfil Kröfluvirkjunar frá Kröflu og á háhitasvæðið í Svartsengi eða á Reykjanesi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er voru keyptar tvær samstæður gufuhverfla og rafala til raforkuframleiðslu í Kröfluvirkjun. Er hvor samstæða 30 MW að afli. Önnur samstæðan er óuppsett.

Að undanförnu hefur raforkuframleiðsla í Kröflu oftast verið á bilinu 4—8 MW eða 12—25% af afköstum annarrar samstæðunnar. Borholur við Kröflu hafa reynst dýrar og stopular. Þótt ráðist yrði í frekari boranir á þessu og næsta ári virðist fátt benda til þess að fljótlega fengist sú tiföldun gufuafls, sem þarf til að fullnýta báða gufuhverflana sem keyptir voru. Reynslan sýnir að óvarlegt er að treysta á árangur af borununum og þegar af þeim ástæðum er rétt að fara fram með gát, halda rannsóknunum áfram og takmörkuðum borunum á tilraunaholum, en gera ekki ráð fyrir að raforkuþörf verði mætt með framleiðslu í Kröflu. Enn fremur er yfirvofandi hætta á eldsumbrotum á svæðinu, sem gæti eyðilagt mannvirkin ef illa tækist til. Þess vegna er enn frekari ástæða til varfærni í framkvæmdum.

Háhitasvæðin á Svartsengi og á Reykjanesi eru allvel þekkt og hafa reynst allstöðug, andstætt því sem segja má um Kröflusvæðið. Borholur í Svartsengi hafa líka reynst ódýrari en í Kröflu.

Að undanförnu hefur rafmagn til stóriðju verið skammtað vegna raforkuskorts, til stórtjóns fyrir þjóðina í útflutnings- og gjaldeyristekjum. Þetta ástand gæti farið versnandi á komandi vetri og atvinnutækifæri liggi þá ónýtt, t. d. í Grundartangaverksmiðjunni.

Málin lýsa sér því þannig, að yfirvofandi er áframhaldandi raforkuskömmtun, vélasamstæður við Kröflu liggja ónýttar, en ýmislegt bendir til þess að næga gufuorku og tiltölulega örugga sé að fá á tveim svæðum á Reykjanesskaganum, sem allvel eru þekkt. Við þessar aðstæður hlýtur að koma til álita að flytja t. d. aðra samstæðu gufuhverfla og rafala frá Kröflu til þeirra svæða, sem áður eru nefnd.

Þótt sá gufuhverfill, sem fyrir hendi er við Kröflu, sé ekki sniðinn að aðstæðum á Reykjanesi mun hann þó geta skilað stærstum hluta afls síns við þau gufueinkenni, sem þar eru.

Sá samanburður, sem gera þarf, er því í grófum dráttum þessi: Annars vegar er um það að ræða að greiða fjármagnskostnað af einni tækjasamstæðu, sem fyrirsjáanlega mun engu skila í tekjur eða raforkuframleiðslu á næstu árum. Hins vegar er kostnaðurinn af að flytja tækin suður um heiðar og setja þau upp þar sem raforkuframleiðsla getur átt sér stað og tekjur fengjust til að standa undir kostnaði, jafnframt því sem gjaldeyrisskapandi vinnsla í stóriðjufyrirtækjum yrði a. m. k. ekki skorin niður í sama mæli.

Nú er augljóst, að því fyrr sem gripið yrði til aðgerða af þessu tagi, þeim mun betra. Á hinn bóginn er ekki ráð að flana að neinu. Því er hér lagt til að sérstök athugun fari fram svo fljótt sem verða má á flutningi hinnar óuppsettu sam-

stæðu og væntanlega á tilheyrandi kæli- og rafkerfi. Athugunin þyrfti að fjalla um tæknilega útfærslu flutnings og uppbyggingar stöðvar á Reykjanesi, mat á þeim háhitasvæðum, sem til álita koma, og kostnaðarsamanburð á þeim valkostum, sem raktir hafa verið. Vafalaust er kostnaðarsamt að flytja tækin, en um hagkvæmni verður auðvitað ekki fullyrt nema að undangenginni athugun. Því er þessi tillaga flutt.

Í þessari þingsályktunartillögu er gert ráð fyrir að hér verði um að ræða sjálfstæða og óvilhalla athugun. Með því er fyrst og fremst átt við að hún verði ekki falin aðilum sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta eða hafa á nokkurn hátt borið ábyrgð á ævintýrinu í Kröflu.

Sþ. 348. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1979—82.

(Lögð fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1980.)

Alþingi ályktar að árið 1980 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m.kr.)

1.1.	**Fastir liðir:**	
1.	Bensíngjald	11 000
2.	Þungaskattur	3 600
3.	Gúmmígjald	75
	Markaðir tekjustofnar	14 675
4.	Ríkisframlag	1 000
1.2.	**Sérstök fjáröflun:**	
1.	Lántaka v/Borgarfjarðar	1 500
2.	Önnur lántaka	6 800
	Samtals	**23 975**

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

2.1.	**Stjórn og undirbúningur:**		
1.	Skrifstofukostnaður	462	
2.	Verkfræðilegur undirbúningur	596	
3.	Umferðartalning og vegaeftirlit	89	
4.	Eftirlaunagreiðslur	59	
			1 206
2.2.	**Viðhald þjóðvega:**		
1.	Sumarviðhald		
	1. Viðhald malarvega	2 469	
	2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	662	
	3. Viðhald brúa	311	
	4. Viðhald varnargarða	41	
	5. Heflun vega	1 251	
	6. Rykbinding	389	
	7. Vinnsla efnis	1 218	
	8. Vatnaskaðar og ófyrirséð	269	
	9. Vegmerkingar	60	
		6 670	
2.	Vetrarviðhald	1 632	
			8 302
2.3.	**Til nýrra þjóðvega:**		
1.	Stofnbrautir		
	1. Almenn verkefni	3 884	
	2. Bundin slitlög	950	
	3. Sérstök verkefni	3 700	
		8 534	
2.	Þjóðbrautir	1 700	
3.	Girðingar og uppgræðsla	158	
			10 392
2.4.	**Til brúagerða:**		
1.	Brýr 10 m og lengri	790	
2.	Smábrýr	210	
			1 000
2.5.	**Til fjallvega o. fl.:**		
1.	Aðalfjallvegir	49	
2.	Aðrir fjallvegir	52	
3.	Þjóðgarðavegir o. fl.	49	
4.	Bláfiallav., Suðurlandsv.—Hafnarfj.	21	
5.	Reiðvegir	5	
			176
2.6.	**Til sýsluvega:**		816
2.7.	**Til vega í kaupst. og kauptúnum:**		1 835
2.8.	**Til vélakaupa og áhaldahúsa:**		
1.	Til véla- og verkfærakaupa	70	
2.	Til byggingar áhaldahúsa	105	
			175
2.9.	**Til tilrauna:**		73
		Samtals	23 975

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Núgildandi vegáætlun var samþykkt á Alþingi í maí 1979, og ætti því regluleg endurskoðun hennar, samkvæmt vegalögum, ekki að fara fram fyrr en á Alþingi 1980—81.

Samkvæmt vegáætluninni var gert ráð fyrir verulegri magnaukningu í útgjöldum til vegamála milli áranna 1979 og 1980, eða um 34%. Átti sú magnaukning að koma fram í sumarviðhaldi, en þó langmest í nýbyggingum vega og brúa.

Þessi aukning miðaðist við ákveðnar forsendur um þróun verðlags, og er gerð nánari grein fyrir þeim í kafla 2.0 hér á eftir. Þessar forsendur hafa raskast verulega, og er nú útlit fyrir að meðalverðlag 1980 verði 29% hærra en reiknað var með við gerð vegáætlunar. Verður því ekki komist hjá að endurskoða vegáætlun nú, en sú endurskoðun tekur einungis til ársins 1980, enda fari regluleg endurskoðun fram á Alþingi 1980—81.

Til að verðbæta áætlunina að fullu og greiða halla á nokkrum bundnum liðum frá 1979 (aðallega vetrarviðhaldi) þyrftu heildarútgjöld að hækka um 6.5 milljarða króna.

Á þessu stigi þykir ekki fært að auka útgjöld svo mikið, og frestast því um sinn að ná þeim markmiðum í magnaukningu, sem að var stefnt. Tillagan gerir ráð fyrir aukningu um 2 milljarða króna. Sá magnsamdráttur frá upphaflegri áætlun sem þannig verður í ár, bitnar á þeim liðum, sem mest var bætt við í áætluninni, þ. e. nokkuð á sumarviðhaldi, en þó einkum á nýjum framkvæmdum í vega- og brúagerð. Þrátt fyrir samdráttinn er um verulega magnaukningu að ræða frá árinu 1979, t. d. 11% í viðhaldi, og yfir 50% í nýjum framkvæmdum (frá vegáætlun 1979). Byggist það á því, að vegna hagstæðs veðurfars í vetur hefur snjómokstur minnkað og fé það, sem þannig hefur sparast, kemur nýbyggingum til góða, sbr. kafla 2.2.2.

Heildarútgjöld skv. tillögunni eru 22% meiri að magni til en fjárveiting í vegáætlun 1979.

Í töflum hér á eftir er sýndur samanburður á tillögu við gildandi vegáætlun 1980, svo og við vegáætlun 1979 að því er varðar skiptingu helstu liða.

TEKJUR

(Fjárhæðir í m.kr.)

	Tillaga að vegáætlun '80	Gildandi vegáætlun '80	Mismunur
1.1. Fastir liðir:			
1. Bensíngjald	11 000	10 290	710
2. Þungaskattur	3 600	2 710	890
3. Gúmmígjald	75	110	÷35
Markaðir tekjustofnar	14 675	13 110	1 565
4. Ríkisframlag	1 000		1 000
1.2. Sérstök fjáröflun:			
1. Lántaka til Borgarfjarðar	1 500	1 000	500
2. Önnur lántaka	6 800	7 847	÷1 047
Samtals	23 975	21 957	2 018

SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

		Tillaga að vegáætlun '80	Útgjöld samkvæmt gildandi vegáætlun '80	Mismunur
2.1.	Stjórn og undirbúningur	1 206	995	211
2.2.1.	Sumarviðhald	6 670	5 520	1 150
2.2.2.	Vetrarviðhald	1 632	1 300	332
2.3.	Til nýrra þjóðvega	10 392	10 204	188
2.4.	Til brúagerða	1 000	1 080	÷80
2.5.	Til fjallvega o. fl.	176	136	40
2.6.	Til sýsluvega	816	816	
2.7.	Til vega í kaupst. og kauptúnum	1 835	1 640	195
2.8.	Til vélakaupa og áhaldahúsa	175	200	÷25
2.9.	Til tilrauna	73	66	7
	Samtals	23 975	21 957	2 018

ÚTGJÖLD SKV. VEGÁÆTLUN 1979 og 1980

Samanburður helstu liða.

(Fjárhæðir í m.kr.)

		Fjárv. 1979 Samkv. vegáætlun	Fjárv. 1979 Á verðl. 1980	Fjárv. 1980 Samkv. till.	Hlutfall
2.1.	Stjórn og undirbúningur	815	1 223[1])	1 206[2])	
2.2.1.	Sumarviðhald	4 000	6 000	6 670	1.11
2.2.2.	Vetrarviðhald	1 252	1 878[1])	1 632[2])	
2.3.	Til nýrra þjóðvega	4 372	6 558	10 392	1.58
2.4.	Til brúagerða	657	986[1])	1 000[2])	
2.5.	Til fjallvega	76	114	176	1.54
2.6.	Til sýsluvega	540	810	816	1.01
2.7.	Til vega í kaupst. og kauptúnum	1 190	1 785	1 835	1.03
2.8.	Til vélakaupa og áhaldahúsa	143	215	175	0.81
2.9.	Til tilrauna	47	71	73	1.03
		13 092	19 640	23 975	1.22

1) Halli á árinu 1979 er ekki tekinn hér með (sjá greinargerð um einstaka liði).
2) Halli á árinu 1979 greiðist af fjárv. 1980. Þar sem halli 1979 er innifalinn í annarri fjárv., en ekki í hinni, er hlutfallslegur samanburður þeirra óraunhæfur.

1. Um fjáröflun til vegamála.

1.1.1.—3. Markaðir tekjustofnar.

Heildartekjur markaðra stofna Vegagerðarinnar eru í samræmi við fjárlög áætlaðar 14 675 m.kr. Aukning frá gildandi vegáætlun er 1 565 m.kr. Tillagan byggir á gildandi töxtum frá s. l. áramótum, hvað varðar þungaskatt og gúmmígjald, en gert er ráð fyrir að bensíngjald verði hækkað tvisvar á árinu í samræmi við hækkanir á byggingarvísitölu. Nokkuð dró úr bensínsölu á síðasta ári og í ár er gert ráð fyrir að hún verði svipuð að magni til (áætl. 122 m.ltr.). Er það tæplega 7 m.ltr. minna en áætlað var í gildandi vegáætlun. Hins vegar verður nokkur aukning á

tekjum af þungaskatti, sem að meginhluta má rekja til þess að sérstök hækkun var gerð á honum á s. l. ári, til að mæta niðurfellingu söluskatts af gasolíu.

Áætlað er, að um s. l. áramót hafi verið 89 500 bílar í landinu, og hefur bílafjöldi rúmlega tvöfaldast á s. l. 10 árum.

1.1.4. Ríkisframlag.

Ekki var gert ráð fyrir sérstöku ríkisframlagi á árinu 1980 í gildandi vegáætlun, en það verður nú 1 000 m.kr.

1.2. Sérstök fjáröflun.

Í gildandi vegáætlun var ekki tekin afstaða til með hvaða hætti sérstök fjáröflun yrði, að öðru leyti en því, að 1 000 m.kr. lánsfjáröflun var til Borgarfjarðar.

Í þessari tillögu er gert ráð fyrir að aflað verði 8 300 m.kr. með almennri lántöku. Þar af eru 1 500 m.kr. sérstaklega vegna framkvæmda í Borgarfirði.

2. Skipting útgjalda.

2.0. Um verðgrundvöll.

Þegar vegáætlun 1979—1982 var til afgreiðslu á Alþingi s. l. vor, var reiknað með að verðhækkanir yrðu 35% milli 1978 og 1979, en 25% milli 1979 og 1980.

Raunveruleg verðhækkun milli 1978 og 1979 varð hins vegar 45% og áætlað er að verðhækkanir milli 1979 og 1980 verði um 50%. Er þá byggt á gildandi verðlagi í dag, að viðbættri væntanlegri hækkun í maí. Eftirfarandi tafla sýnir breytingar á vísitölu vegagerðar.

	Vísitala 1979	Vísitala 1980—1982
1. Áætlun í vegáætlun 1979—1982	135	169
2. Endurskoðun nú	145	218
Hækkun	7.4%	29.0%

2.1. Stjórn og undirbúningur.

Hækkanir á launalið stjórnar og undirbúnings eru í samræmi við verðforsendur fjárlaga. Ef launahækkanir verða meiri en þar reiknað með verða þær bættar úr ríkissjóði, eins og gert er gagnvart öðrum ríkisstofnunum. Í þessum lið er meðtalinn halli frá árinu 1979 að upphæð 40 m.kr., sem aðeins stafar af hækkun fastra launa umfram áætlaðar hækkanir á því ári.

2.2. Viðhald.

2.2.1. Sumarviðhald.

Við gerð vegáætlunar 1979—1982 var stefnt að því, að fjárveiting til sumarviðhalds færi vaxandi að raungildi á áætlunartímabilinu. Var miðað við, að fjárveiting yrði 72% af heildarfjárþörf sumarviðhalds 1979, 78% 1980 og væri komin í 85% í lok áætlunartímabilsins. Þar sem verðhækkanir 1979 urðu meiri en ráð var fyrir gert, varð fjárveiting þess árs í reynd aðeins 67% af þörf.

Áætluð heildarfjárþörf sumarviðhalds á verðlagi 1980 er 9 100 m.kr. Fjárveiting þyrfti því að vera um 7 100 m.kr. ef haldið væri upphaflegu markmiði fyrir 1980, þ. e. 78% af þörf. Með hliðsjón af því að heildarfjármagn er nú minna en ætlað var við gerð vegáætlunar, er hér gerð tillaga um nokkru lægri hlutfallstölu til sumarviðhalds eða 73% af þörf.

2.2.2. Vetrarviðhald.

Vegna hagstæðs veðurfars það sem af er árinu, hefur þótt fært að lækka fjárveitingu til vetrarviðhalds verulega, og er nú gert ráð fyrir að kostnaður við það verði 1 632 m.kr. að meðtöldum 360 m.kr. halla frá fyrra ári. Þessa áætlun þarf að endurskoða með tilliti til reynslunnar, þegar líður á árið, og auka fé til vetrarviðhaldsins, ef reynslan sýnir, að um of mikla bjartsýni hefur verið að ræða.

2.3. og 2.4. Til nýrra þjóðvega og brúa.

	Fjárv. skv. tillögu 1980 m.kr.		Fjárv. í vegáætlun 1980 m.kr.	
2.3. Til nýrra þjóðvega:				
1. Stofnbrautir:				
1. Almenn verkefni	3 884		3 884	
2. Bundin slitlög	950		950	
3. Sérstök verkefni	3 700		3 500	
		8 534		8 334
2. Þjóðbrautir		1 700		1 700
3. Girðingar og uppgræðsla		158		170
Samtals		10 392		10 204
2.4. Til brúagerða:				
1. Brýr 10 m og lengri	790		860	
2. Smábrýr	210		220	
		1 000		1 080

Skv. þessari tillögu er gert ráð fyrir 200 m.kr. viðbótarfjárveitingu til stofnbrauta, og rennur hún öll til sérstakra verkefna.

Meginhluti fjármagns þess liðs fer til að tengja Borgarfjarðarbrúna við Borgarnes með vegfyllingu. Mjög mikið fjármagn er nú bundið í brú og öðrum mannvirkjum í Borgarfirði, sem ekki kemur að notum nema brúin sé tengd. Auk vaxtataps af þessu fé tapast arður umferðarinnar af þessum mannvirkjum, meðan þau ekki eru tekin í notkun, og er hann áætlaður yfir hálfur milljarður á ári.

Vegna aðstæðna við þessa mannvirkjagerð verður að ljúka tengingunni í einum áfanga, og er gerð tillaga um aukið fjármagn til að það megi takast á þessu ári, eins og gildandi vegáætlun gerir ráð fyrir.

Aðrir liðir nýbygginga fá óbreyttar fjárveitingar skv. tillögunni, nema hvað minna fé rennur til brúagerða, girðinga og uppgræðslu.

2.5. Til fjallvega o. fl.

Fjárveiting til þessa framkvæmdaflokks er 176 m.kr. samkvæmt tillögunni, en það jafngildir því, að fjárveiting í vegáætlun sé hækkuð í samræmi við verðlag. Hér er um smáa upphæð að ræða, en mörg verkefni og sum þeirra brýn, og því er gert ráð fyrir óbreyttu framkvæmdamagni.

2.6. Til sýsluvega.

Samkvæmt vegalögum miðast ríkisframlag til sýsluvega almennt við innheimt sýsluvegasjóðsgjöld næsta árs á undan. Heimild er þó gefin fyrir þeirri undantekningu frá þessari almennu reglu, að framlag ríkissjóðs á móti aukaheimaframlagi má greiða á sama ári og heimaframlagið er innheimt. Undanfarin ár hefur þessi heimild verið notuð, hafi óskir um aukaheimaframlag borist nógu snemma.

Ríkisframlag til sýsluvega í núgildandi vegáætlun er 816 m.kr., og er þeirri tölu haldið óbreyttri. Mun það jafngilda því að framlag ríkissjóðs á móti aukaheimaframlögum 1980 greiðist að hálfu 1980 og að hálfu 1981.

2.7. Til vega í kaupstöðum og kauptúnum.

Framlag til þéttbýlisvega er 12.5% af mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar og hækkar í samræmi við breytingar á þeim. Heildartekjur eru áætlaðar 1 835 m.kr. Þar af er framlag í 25% sjóð 459 m.kr. Til skipta koma 1 376 m.kr., og má gera ráð fyrir að meðalframlag á íbúa verði um 6 900 kr.

2.8. Til vélakaupa og áhaldahúsa.

Fjárveiting samkvæmt tillögu er 175 m.kr. Fjárveiting þessi er notuð ásamt afskriftafé véla og tækja til brýnustu endurnýjana á vélakosti Vegagerðarinnar og til byggingar áhaldahúsa víðs vegar um land.

2.9. Til tilrauna.

Fjárveiting til þessa liðar er lögum samkvæmt ½% af mörkuðum tekjum Vegasjóðs.

Nd. 349. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný mgr. er orðist svo:
   Nú nýtist námsmanni eða maka hans ekki námsfrádráttur samkvæmt þessum tölulið meðan á námi stendur og þá er honum heimilt að draga fjárhæð, er svarar hinum ónýtta námsfrádrætti, frá tekjum næstu fimm ára eftir að námi lýkur og skal við notkun þessarar heimildar taka tillit til þeirrar lækkunar í tekjuskattsstofni er foreldri námsmanna kynni að hafa notið skv. ákvæðum 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Fjárhæð frádráttarins fyrir hvert þessara ára skal hækka eða lækka samkvæmt ákvæðum 26. gr.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:
   Við 1. mgr. 1. tl. E-liðar 30. gr. laganna (sbr. i-lið 14. gr. laga nr. 7 22. febr. 1980) bætist nýr málsliður er orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar skal ávallt heimilt að draga frá sem vaxtagjöld vexti og gjaldfallnar verðbætur af námslánum sem veitt eru með heimild í lögum um námslán og námsstyrki.
3. Við 2. gr. Greinin (er verði 3. gr.) orðist svo:
   67. gr. laganna orðist svo:
   Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 2 500 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 20%, af næstu 3 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 30%, en af tekjuskattsstofni yfir 5 500 000 kr. reiknast 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. að upphæð 525 000 kr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.
   Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 7% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.
4. Við 3. gr. (er verði 4. gr.).
   a) Í stað orðanna „greiðslu útsvars“ í 1. málsl. 2. mgr. komi orðin: greiðslu kirkjugarðsgjalds, sóknargjalds og útsvars.
   b) Í stað orðanna „sjúkratryggingagjald og útsvar“ í 3. málsl. 2. mgr. komi orðin: sjúkratryggingagjald, kirkjugarðsgjald, sóknargjald og útsvar.
   c) Aftan við greinina komi ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:

Nú er innheimtuaðili kirkjugarðsgjalds eða sóknargjalds eða beggja þessara gjalda annar en innheimtuaðili þinggjalda skv. 109. gr. og skal þá ákvarða kirkjugarðsgjald það, sem nýta má til skuldajöfnunar skv. 1. eða 3. málsl. 2. mgr., sem 1.5% af álögðu útsvari mannsins og sóknargjald að hámarki það sama og lægsta fjárhæð sóknargjalds sem innheimt er af innheimtuaðilum skv. 109. gr.

5. Við 4. gr. (er verði 5. gr.). Greinin orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 150 000 kr. með fyrsta barni en 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó vera 280 000 kr. með hverju barni án tillits til barnafjölda. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 65 000 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

6. Á eftir 6. gr. (er verði 7. gr.) komi ný grein er verði 8. gr. og orðist svo:

78. gr. laganna (sbr. 38. gr. laga nr. 7 22. febr. 1980) orðist svo:

Heimilt er mönnum að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., innstæður sínar í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, svo og verðbréf, sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

7. Á eftir 9. gr. (er verði 11. gr) komi ný grein er verði 12. gr. og orðist svo:

58. gr. laga nr. 7 22. febr. 1980 breytist svo:

1) Úr 2. málsl. greinarinnar falli niður orðin: og ákvæði 38. gr.
2) Síðasti málsl. greinarinnar falli niður.

Nd. 350. Frumvarp til laga [165. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Niðurlag 88. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 7 árum eftir gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í skýrslu menntamálaráðherra til Alþingis í aprílmánuði 1978 um framkvæmd grunnskólalaga og undirbúning undir níu ára skólaskyldu, sbr. ákvæði til bráðabirgða í grunnskólalögum, var tekið fram í formála að meginatriði væri að lok skyldunáms og nám á framhaldsskólastigi tengdist með eðlilegum hætti. Færi því vel á því að Alþingi fjallaði samtímis um 9. ár grunnskólans, þ. e. lengingu skólaskyldu um eitt ár, og framhaldsskólastigið. Lagafrumvörp um skipan mála á framhaldsskólastigi hafa fjórum sinnum verið lögð fyrir Alþingi, en eigi orðið útrædd. Engar líkur er á því að unnt verði að setja löggjöf um framhaldsskólastigið á því Alþingi, sem nú situr. Hinsvegar segir í gildandi lögum að stefnt skuli að því að

níu ára skólaskylda komi til framkvæmda að sex árum liðnum frá gildistöku grunnskólalaga, þ. e. haustið 1980. Ef miðað er við landið allt, þá munu um 95% unglinga sækja 9. bekk grunnskóla, þótt þetta sé misjafnt í þéttbýli og strjálbýli, en þegar grunnskólalög voru sett sóttu um 85% unglinga 9. bekk. Ætla má að menn séu sammála um, að hvort sem skólaskylda verður 8 ár eða 9, þá verði fyrir hendi námsframboð níunda árið fyrir alla þá, sem þess vilja njóta. Sá munur er þó á, að ef um skólaskyldu yrði að ræða 9. árið þyrfti Námsgagnastofnun (Ríkisútgáfa námsbóka) að leggja nemendum þess bekkjar til námsbækur sem öðrum skyldunámsnemendum. Hitt er þó aðalatriði málsins, að við skyldunámslok eigi nemendur greiðan aðgang að framhaldsskólum, hvort sem menn kjósa að skólaskyldan verði 8 eða 9 ár. Mælir því margt með því að ákveða samtímis skólaskipan á framhaldsskólastigi og lengd skólaskyldu.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, miðar að því að fresta um eitt ár framkvæmd lagaákvæða um lenging skólaskyldu úr 8 árum í 9 með það fyrir augum að unnt verði að afgreiða löggjöf um framhaldsskólastigið innan þess tíma.

Nd. 351. Frumvarp til laga [166. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, er verður 6. gr., svohljóðandi (tölusetning 6.—7. gr. breytist til samræmis):

Heimilt er menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg að gera með sér samning um að skólahald í samræmi við 1.—5. gr. þessara laga fari fram í fleiri sjálfstæðum skólastofnunum en einni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutan fræðsluráðs Reykjavíkur. Aðdragandi málsins er rakinn í bréfi dags. 16. apríl 1980 frá fræðslustjóranum í Reykjavík til menntamálaráðuneytisins, en meginmál bréfsins er svohljóðandi:

„Á fundi fræðsluráðs í dag var að nýju lögð fram og rædd tillaga frá síðasta fundi varðandi stöðu Ármúlaskóla í fræðslukerfinu en tillagan ásamt greinargerð er lögð var fram með henni er svohljóðandi:

„Fræðsluráð Reykjavíkur leyfir sér hér með að fara þess á leit við hæstvirtan menntamálaráðherra að hann beiti sér fyrir því að fá Ármúlaskólann í Reykjavík löggiltan sem sjálfstæðan fjölbrautaskóla á framhaldsskólastigi með því að hlutast til um, að á yfirstandandi Alþingi verði flutt og afgreitt frumvarp um það efni (breyting á lögum nr. 14/1973 um heimild til að stofna fjölbrautaskóla).

Greinargerð.

Ármúlaskólinn í Reykjavík er nú þegar orðinn einn stærsti fjölbrautaskóli landsins, en þar eru á yfirstandandi skólaári um 600 nemendur á framhaldsskólastigi.

Á s. l. ári var grunnskólahald í skólanum lagt niður með því að hætt var að láta nemendur úr 9. bekk Breiðholtsskóla sækja þangað, en í stað þess bætt við skólann verslunardeildum á framhaldsskólastigi er áður höfðu sótt Laugalækjarskóla. Jafnframt var skipulag framhaldsnámsins í Ármúlaskóla samræmt skipulagi Fjölbrautaskólans í Breiðholti og skólinn látinn heyra undir þann skóla, þar sem lagaheimild þótti skorta til að gera Ármúlaskólann að sjálfstæðri skólastofnun á framhaldsskólastigi (fjölbrautaskóla). Var þá búist við að frumvarp til laga um framhaldsskóla sem þá lá fyrir Alþingi yrði fljótlega lögfest og að Ármúlaskólinn þyrfti því ekki lengi að búa við að fá ekki viðurkenningu sem sjálfstæður skóli. Þar sem ennþá virðist allt í óvissu um hvenær afgreidd verða lög um framhaldsskóla telur fræðsluráð Reykjavíkur óviðunandi að lengur dragist að Ármúlaskólinn verði viðurkenndur sem sjálfstæður fjölbrautaskóli og óskar því eindregið eftir að sú skipan verði lögfest á yfirstandandi Alþingi."

Við afgreiðslu málsins lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svofellda bókun:

„Fram hefur komið, að samband og samskipti Fjölbrautaskólans í Breiðholti og útibúsins í Ármúlaskóla hefur verið lítið annað en formið eitt. Verður ekki séð að það hafi þjónað neinum kennslufræðilegum tilgangi eða orðið til þess að auka möguleika Ármúlaskólans sem fjölbrautaskóla. Að því leyti til er enginn sérstakur ávinningur að halda sambandi framangreindra skóla.

Hins vegar verður ekki komist hjá að vekja athygli á, að stærð Ármúlaskólans er langt undir því marki sem talið hefur verið nauðsynlegt til þess að um raunverulegan fjölbrautaskóla sé að ræða og eru þó 23% nemenda utanbæjarnemendur. Þá verður í þessu sambandi ekki komist hjá að tengja málefni Iðnskólans, Vörðuskólans og Kvennaskólans framtíðarskipan Ármúlaskóla. Nú standa yfir athuganir á húsnæðismálum og framtíðarskipulagi Iðnskólans og hlýtur að þurfa að skoða þau mál í samhengi við málefni Ármúlaskólans og á hvern hátt samræming á kennsluframboði þessara tveggja skóla getur átt sér stað. Slík samræming getur orðið til þess að komist verði hjá kostnaðarsamri uppbyggingu við þessa tvo skóla.

Með hliðsjón af framansögðu getum við samþykkt tillögu formanns, enda verði þess gætt við lagasetningu að ekki verði lokað fyrir þá samræmingu sem að framan getur og höfð verði til hliðsjónar þau rök og þær forsendur sem færð voru fram við fyrri hugmyndir um Fjölbrautaskóla Austurbæjar."

Tillagan var samþykkt samhljóða."

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lög nr. 14/1973, með breytingu samkvæmt lögum nr. 21/1977, eru þannig orðuð, að næst liggur að líta þannig á að heimild til stofnunar fjölbrautaskóla í Reykjavík sé bundin við eina sjálfstæða skólastofnun, og fjalla 1.—5. gr. laganna um þann skóla. Í 6. gr. ræðir um heimild til að koma fjölbrautaskólahaldi á víðar, en kostnaðarákvæði eru þar að nokkru með öðrum hætti.

Með ákvæðum þessarar greinar eru tryggðar skýrar lagaforsendur til að fjölbrautaskólar í Reykjavík geti verið fleiri en einn, ef ríki og borg telja þá skipan henta og gera um það samning.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 352. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 23. apríl 1980.

Guðmundur Bjarnason, varaform., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Guðmundur Karlsson.
Stefán Guðmundsson.	Guðrún Hallgrímsdóttir.	Sigurlaug Bjarnadóttir.
	Salome Þorkelsdóttir.	

Ed. 353. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 23. apríl 1980.

Guðmundur Bjarnason, varaform., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Guðrún Hallgrímsdóttir.	Davíð Aðalsteinsson.
	Sigurlaug Bjarnadóttir.	

Nd. 354. Frumvarp til laga [131. mál]

um breyting á lögum nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978.

(Eftir 3. umr. í Ed., 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 231 með þessari breytingu:

3. gr. hljóðar svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1980.

Ed. 355. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til laga um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt.

Alþingi, 23. apríl 1980.

Guðmundur Bjarnason, varaform., frsm. Kjartan Jóhannsson, fundaskr. Sigurlaug Bjarnadóttir.
Davíð Aðalsteinsson. Ey. Kon. Jónsson. Lárus Jónsson.
Guðrún Hallgrímsdóttir.

Ed. 356. Lög [109. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 167.

Nd. 357. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum um söluskatt, nr. 10 22. mars 1960, með áorðnum breytingum.

Flm.: Halldór Blöndal, Einar Kr. Guðfinnsson, Birgir Ísl. Gunnarsson.

1. gr.

Á eftir lið 9 í 7. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

10. Aðgangseyrir að leiksýningum, tónleikum og sýningum á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sá söluskattur af aðgangseyri að leiksýningum, tónleikum og sýningum á íslenskum kvikmyndum, sem gjaldfallinn er á þessu ári, skal falla niður og endurgreiðast að þeim hluta, sem hann hefur verið inntur af hendi.

Greinargerð.

Aðgangseyrir að íþróttasýningum, íþróttamótum, skíðalyftum, kappreiðum og góðhestakeppni hefur verið undanþeginn söluskatti. Hinn 15. nóvember s. l. var sú breyting gerð á reglugerð um söluskatt, að aðgangseyrir að leiksýningum áhugafélaga skyldi undanþeginn söluskatti, enda yrðu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

„a) Enginn af þeim, sem að leiksýningum áhugafélaga starfar, annar en leikstjóri, þiggi laun fyrir starfið.
b) Leiksýningin sé ekki í neinum tengslum við annað skemmtana- eða samkomuhald."

Augljóst er, að mismunun af þessu tagi fylgja margvíslegir vankantar auk þess sem hún býður heim þeirri hættu, að áhugafólki um leiklistarstarfsemi verði gert nær ókleift að ráðast í stórvirki, svo sem flutning á mestu leikhúsverkum með gestaleik frá atvinnuleikhúsunum. Auk þess leggur sumt áhugafólk svo hart að sér í sambandi við leikstarfsemi úti á landi, að nokkur umbun hlýtur að teljast eðlileg og sjálfsögð og getur jafnvel verið forsenda þess, að leikrit verði fært upp.

Atvinnuleikhúsin og Sinfóníuhljómsveit Íslands eiga við stöðuga fjárhagsörðugleika að stríða. Sömuleiðis frjáls tónlistarstarfsemi.

Á þessu ári er áætlað, að Leikfélag Reykjavíkur greiði 42—48 millj. kr. í söluskatt, en ríkisstyrkurinn til þess er 32 millj. kr. Af þessu sést, að hér er um lítilræði að tefla í tekjuöflun ríkissjóðs, en getur skipt sköpum í sambandi við jákvæða þróun leiklistarstarfsemi, tónleikahalds og kvikmyndagerðar.

Ed. 358. Frumvarp til laga [56. mál]

um breyting á lögum nr. 30 28. ágúst 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 23. apríl.)

1. gr.

2. málsgr. 2. gr. laganna orðist þannig:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun á sauðfé og stórgripum til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telur, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekist þar á viðunandi hátt.

Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1982.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 359. Framhaldsnefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrirliggjandi frumvarp ásamt breytingartillögum frá fjármálaráðherra gerir ráð fyrir verulegri hækkun tekjuskatts. Þannig mun heildarskattbyrði til ríkis og sveitarfélaga hækka um ca. 8 milljarða króna.

Við 2. umræðu um þetta mál bentu fulltrúar Alþýðuflokksins á, að skv. tillögum stjórnarflokkanna mundi skattur hækka sérstaklega og tilfinnanlega á tekjulágu einhleypu fólki og einstæðum foreldrum. Þótt þessari gagnrýni Alþýðuflokksins hafi verið tekið illa í fyrstu, hefur hún nú skilað þeim árangri, að úr þessum órétti hefur verið dregið, og er það ánægjulegt spor í rétta átt, þótt það hrökkvi skammt.

Að frátalinni þessari lagfæringu einkennist hins vegar nýframlögð tillaga fjármálaráðherra af enn frekari skattahækkunum. Heildarálögur til ríkis og sveitarfélaga á hjón með þrjú börn og fleiri hækka um 560 milljónir króna eða 5% í samanburði við áður gildandi lög og 11.6% útsvar. Tekjuskattsálögur á hjón með minni tekjur en 6 milljónir króna hækka nú um 442 milljónir króna frá þeim tillögum, sem samþykktar voru við 2. umræðu. Hjá hjónum með tvö börn, sem vinna fyrir 2.5 milljónum hvort, hækkar tekjuskattur um 74 þús. kr. frá þeim lögum, sem áður giltu.

Alþýðuflokkurinn telur að þessi stefna skattahækkana sé röng og skaðleg eins og fram kom í nefndaráliti frá 3. minni hl. þessarar nefndar við 2. umræðu í deildinni. Þvert á móti telur Alþýðuflokkurinn að nú eigi að draga úr skattheimtu til þess að vernda raunkjör í landinu, einkum hjá hinum tekjulægstu. Til þess er möguleiki með því að draga úr útgjöldum ríkisins, sbr. þær tillögur, sem Alþýðuflokkurinn hefur flutt um það efni.

Í þessu sambandi er vert að benda á, að sambandsstjórn Verkamannasambands Íslands hefur samþykkt stefnumörkun í kjaramálum sem fellur saman við þá stefnu, sem Alþýðuflokkurinn hefur boðað um að skattalækkanir séu nærtækasta úrræðið til að vernda kjör launafólks, einkum hinna lægst launuðu.

Við 2. umræðu um þetta mál var af hálfu Alþýðuflokksins flutt breytingartillaga um skattstiga, sem kom til móts við launafólk í samræmi við ofangreind sjónarmið. Sú tillaga náði ekki fram að ganga. Nú er þess enn freistað að ná fram stefnubreytingu í þessa átt. Þess vegna er hér flutt á sérstöku þingskjali breytingartillaga um skattstiga.

Samkvæmt þessari tillögu yrði skattstigi þannig, að af fyrstu 2.5 millj. kr. tekjuskattsstofni greiðist 16% af næstu 3.5 millj. kr. tekjustofni 32%, en 48% af því sem er umfram 6 millj. kr. tekjustofn. Skattafsláttur yrði 425 þús. kr. Gert er ráð fyrir að barnabætur reiknist með sama hætti og í nýframlögðum tillögum frá fjármálaráðherra.

Álagðir tekjuskattar yrðu samkvæmt tillögunni nettó um 35.5 milljarðar króna í stað ca. 46 milljarða króna samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi, og er þá í báðum tilvikum miðað við 47% tekjuaukningu milli ára skv. úrtaki Þjóðhagsstofnunar. Yrði þá innheimtur tekjuskattur um 7 milljörðum lægri en fjárlög gera ráð fyrir.

Einhleypt fólk mundi eftir þessum tillögum verða skattfrjálst, ef tekjur þess eru innan við 2 865 þús. kr. Hjá hjónum án barna, þar sem annar aðilinn vinnur fyrir öllum tekjunum, yrði enginn skattur af tekjum innan við 4 340 þús. kr. Í fylgiriti eru nokkur samanburðardæmi um skatt skv. þessum tillögum annars vegar og tillögum stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar hins vegar.

Alþingi, 25. apríl 1980.

Kjartan Jóhannsson.

Fylgirit.

Samanburðardæmi um tekjuskatt samkvæmt tillögum ríkisstjórnarflokkanna og samkvæmt tillögum Alþýðuflokksins.

Einhleypt fólk:

	Tekjuskattur:	
Bruttótekjur[1])	Till. ríkisstj.	Till. Alþfl.
3 000 þús. kr.	108 þús. kr.	39 þús. kr.
4 000 þús. kr.	406 þús. kr.	327 þús. kr.
6 000 þús. kr.	1 085 þús. kr.	903 þús. kr.

Einstætt foreldri með eitt barn yngra en 7 ára:

	Tekjuskattur:	
Bruttótekjur[1])	Till. ríkisstj.	Till. Alþfl.
3 000 þús. kr.	÷ 236 þús. kr.[2])	÷ 306 þús. kr.[2])
4 000 þús. kr.	61 þús. kr.	÷ 18 þús. kr.[2])
4 000 þús. kr.	61 þús. kr.	÷ 18 þús. kr.[2])

[1]) Nettótekjur reiknast 10% lægri en bruttótekjur.
[2]) ÷ táknar fjárupphæð til greiðslu útsvars eða til útgreiðslu.

Hjón með 2 börn:

Brúttótekjur eiginm. þús. kr.	Brúttótekjur eigink. þús. kr.	Tekjuskattur Till. ríkisstj. þús. kr.	Till. Alþfl. þús. kr.
2 500	2 500	÷ 314[2])	÷ 560[2])
4 000	4 000	489	224
6 000	0	150	45

Hjón, barnlaus:

Brúttótekjur eiginm. þús. kr.	Brúttótekjur eigink. þús. kr.	Tekjuskattur Till. ríkisstj. þús. kr.	Till. Alþfl. þús. kr.
2 500	2 500	116	÷ 130[2])
4 000	4 000	919	654
5 000	0	267	190
6 000	0	580	475

[1]) Nettótekjur reiknast 10% lægri en brúttótekjur.
[2]) ÷ táknar fjárupphæð til greiðslu útsvars eða til útgreiðslu.

Ed. 360. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:
   Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 2 500 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 16%, af næstu 3 500 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 32%, en af tekjuskattsstofni yfir 6 000 000 kr. reiknast 48%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.
2. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins orðist svo:
   Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 425 000 kr.

Nd. 361. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, sem er til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 16. október 1979.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt og bráðabirgðalögin staðfest óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Bogi Sigurbjörnsson. Karvel Pálmason. Guðmundur J. Guðmundsson.

Ed. 362. Framhaldsnefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nýjar upplýsingar hafa komið fram í þessu máli milli 2. og 3. umræðu. Komið hefur í ljós að tekjuskattar einstaklinga munu í raun þyngjast miklu meira frá reglulegri álagningu á árinu 1978, miðað við tekjur á álagningarári, en gert var ráð fyrir, eða a. m. k. um 10—11 milljarða í stað 7—8 milljarða, sem fyrri upplýsingar bentu til. Enn fremur hefur komið í ljós, að tillögur fylgismanna ríkisstjórnarinnar, sem samþykktar voru við 2. umræðu, þyngja skatta á láglaunafólki. Þá er staðreynd, að sveitarfélög munu nota heimild til 10% hækkunar útsvara í ríkari mæli en ætlað var.

Hækkun söluskatts um 1%, vörugjalds um 6% á s. l. hausti og nýtt svonefnt „orkujöfnunargjald", sem er í raun 1½% almenn hækkun söluskatts, og hækkun útsvara munu leggja a. m. k. 25.5 milljarða nýja skattbyrði á almenning á yfirstandandi ári. Skattstigar þeir, sem fylgismenn ríkisstjórnarinnar í fjárhags- og viðskiptanefnd hafa lagt fram við 3. umræðu, munu bæta við tekjuskattaálögur vinstri stjórnarinnar 2.5 milljörðum króna, ef sú staðreynd er höfð í huga að tekjur milli áranna 1978 og 1979 hækka um 47—48% skv. nýjustu opinberum upplýsingum í stað 45% sem miðað er við í útreikningum ríkisstjórnarinnar.

Framangreindar skattahækkanir samsvara að meðaltali 650 þús. kr. aukinni skattbyrði á hverja 5 manna fjölskyldu. Við þetta má bæta, að núverandi ríkisstjórn er staðráðin í því að hækka skattaálögur á bensín langt umfram verðlagshækkanir, eins og vinstri stjórnin, stórhækka flugvallaskatt o. s. frv. Hér er því fremur vansagt en ofsagt um stórfelldar skattahækkanir ríkisstjórnarinnar.

Alvarlegustu afleiðingar þessara skattahækkana ríkisstjórnarinnar eru að ráðstöfunartekjur heimilanna skerðast verulega, svo sem að framan segir. Fólk kemst ekki hjá að greiða hækkun söluskatts, vörugjalds og svonefnt „orkujöfnunargjald", þegar það kaupir inn nauðsynjar, og gildir þá einu hversu tekjulágir menn eru. Þessi gífurlega skattahækkun hlýtur því að ýta undir launakröfur, auk þess sem slíkir veltuskattar auka og magna sjálfkrafa verðbólguna að óbreyttum reglum um vísitölubætur kaupgjalds og verðlags.

Óhætt er að fullyrða að engir skaðast eins mikið á verðbólgu og einmitt láglaunafólk og lífeyrisþegar. Hér er því vegið að því fólki sérstaklega, sem hlífa skyldi, enda er það svo að öll stærstu launþegasamtök landsins hafa lagst gegn stefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum. Þar má til nefna ASÍ og BSRB. Síðast í fyrradag samþykkti Verkamannasamband Íslands ályktun þar sem segir að sambandsstjórnin leggi áherslu á „að skattalækkanir frekar en krónutöluhækkanir kaups, sem eru étnar jafnóðum upp af verðlags- og skattahækkunum, eru raunhæfari kjarabætur til verkafólks. Það er því á ábyrgð ríkisstjórnar og atvinnurekenda, ef nú verður efnt til alvarlegra þjóðfélagsátaka."

Allar fyrri tillögur okkar fulltrúa sjálfstæðismanna í fjárhags- og viðskiptanefnd um skattalækkanir voru felldar við 2. umræðu. Í þeim fólst fyrst og fremst að létta af hækkun vinstri stjórnarinnar á tekju- og eignarsköttum einstaklinga og félaga.

Við viljum nú freista þess að flytja nýjar brtt. við 3. umr. Í ljósi nýrra upplýsinga um þessar skattahækkanir, staðreynda um notkun ýmissa sveitarfélaga á nýrri heimild til hækkunar útsvara um 10%, og síðast en ekki síst stórfelldra hækkana beinna og óbeinna skatta á launafólk, sem lýst hefur verið hér að framan.

Tillögurnar eru fólgnar í eftirfarndi:

1) að skattstigi verði þannig:
   20% af fyrstu 2 500 þús. kr.
   30% af næstu 3 000 þús. kr.
   40% af yfir 5 500 þús. kr.
   Barnabætur verði eins og lagt er til í brtt. 1. minni hl. við 3. umræðu. (Sjá dæmi á fskj. um áhrif þessa skattstiga á skattgreiðslu verkamanns með meðaltekjur.)
2) að sparifé og spariskírteini verði alltaf undanþegin eignarskatti.
3) Ónýttur persónuafsláttur nýtist til greiðslu sóknargjalda og kirkjugarðsgjalda, auk útsvars og sjúkratryggingagjalds.
4) Ónýttur námsfrádráttur nýtist í allt að 5 ár eftir að námsmaður lýkur námi. Auk þess verði vextir og verðbætur námslána frádráttarbærar.

Í þessum tillögum felst eftirfarandi meginstefna:

1) að tekjuskattar verði afnumdir í áföngum á almennar og miðlungs launatekjur
2) að tekjuskattur verði verulega lækkaður á láglaunafólki og aukið svigrúm þess til þess að nýta persónuafslátt til greiðslu opinberra gjalda
3) að heildarskattprósenta beinna skatta, tekjuskatts, útsvars, sjúkratryggingagjalda o. s. frv., fari ekki fram úr 50%, eins og verið hefur stefnumið Sjálfstæðisflokksins.

Þessar breytingartillögur hefðu í för með sér heildarlækkun skatta um 13—14 milljarða króna skv. nýjustu upplýsingum um tekjubreytingu milli ára. Ef þessar tillögur verða samþykktar eru sjálfstæðismenn reiðubúnir að standa að samþykkt frumvarps um skyldusparnað, sem yrði 10% af tekjum yfir 7 millj. króna, en það mundi hafa í för með sér 3—4 milljarða króna inngreiðslu í ríkissjóð í því formi.

Við blasir að þrír stjórnmálaflokkar á Alþingi og nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru staðráðnir í því að leggja til að hæsta skattþrep, þ. e. a. s. yfir 7 milljóna króna tekjur, verði 50% og heildarskattar, eftir að því þrepi verði náð, verði tæplega 65%. Því er nú lagt til að þetta fé gangi fremur í ríkissjóð sem skyldusparnaður, og er það forsenda tillagna um 40% hæsta skattþrep í tillögum okkar að svo verði gert, ef þær verða samþykktar.

Þörf er á niðurskurði útgjalda ríkissjóðs um 10 milljarða til þess að greiðslustaða hans yrði hliðstæð og fjárlög gera ráð fyrir eftir þessar skattalækkanir og álagningu skyldusparnaðar á hærri tekjur. Sjálfstæðismenn lögðu fram tillögur um niðurskurð útgjalda við afgreiðslu fjárlaga sem námu samtals 8—9 milljörðum króna. Við lýsum okkur enn reiðubúin til þess að ræða og standa að tillögum sem nema niðurskurðarþörfinni, ef það mætti verða til þess að afstýra nokkru af því skattahækkunarflóði, sem nú dynur á almenningi.

Alþingi, 28. apríl 1980.

Lárus Jónsson, frsm. Ey. Kon. Jónsson. Sigurlaug Bjarnadóttir.

Fylgiskjal.

Samanburðardæmi um skattgreiðslur af meðallaunatekjum verkamanns

Samkvæmt upplýsingum kjararannsóknarnefndar má ætla, að meðallaunatekjur verkamanns s. l. ár hafi verið 5.1 millj. kr., en eiginkvenna verkamanna 1140 þús. kr. Samanburðurinn 1978 er gerður á þeim forsendum, að skattgjaldsvísitalan er hækkuð um 158% vegna 1979 og 147% vegna 1980 eða sem svarar meðalhækkun skattgjaldstekna á einstakling.

Skv. álagningarreglum 1978.

Einstaklingur:

Útsvar 11%	kr.	523 896
Sjúkratryggingagjald	—	102 000
Tekjuskattur	—	636 561
	Kr.	1 262 457

Hjón (kona tekjulaus):

Útsvar 11%	kr.	509 055
Sjúkratryggingagjald	—	102 000
Tekjuskattur	—	242 983
	Kr.	854 038

Hjón (laun eiginkonu 1 140 000 kr.):

Útsvar 11%	kr.	634 455
Sjúkratryggingagjald	—	124 800
Tekjuskattur	—	381 141
	Kr.	1 140 396

Skv. tillögum ríkisstjórnarinnar:

Einstaklingur:

Útsvar 11.88%	kr.	570 880
Sjúkratryggingagjald	—	80 000
Tekjuskattur	—	800 425
	Kr.	1 451 305

Hjón (kona tekjulaus):

Útsvar 11.88%	kr.	535 880
Sjúkratryggingagjald	—	80 000
Tekjuskattur	—	309 565
	Kr.	925 445

Hjón (laun eiginkonu 1 140 000 kr.):

Útsvar 11.88%	kr.	671 312
Sjúkratryggingagjald	—	97 100
Tekjuskattur eiginmanns	—	814 565
Tekjuskattur eiginkonu	—	÷245 935
	Kr.	1 337 042

Skv. tillögum Sjálfstæðisflokksins:

Einstaklingur:

Útsvar 11%	kr.	526 000
Sjúkratryggingagjald	—	80 000
Tekjuskattur	—	613 270
	Kr.	1 219 270

Hjón (kona tekjulaus):

Útsvar 11%	kr.	491 000
Sjúkratryggingagjald	—	80 000
Tekjuskattur	—	88 270
	Kr.	659 270

Hjón (laun eiginkonu 1 140 000 kr.):

Útsvar 11%	kr.	616 400
Sjúkratryggingagjald	—	97 100
Tekjuskattur eiginmanns	—	613 270
Tekjuskattur eiginkonu	—	÷317 748
	Kr.	1 009 022

Nd. 363. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um 2% hækkun lægstu launa hinn 1. desember 1979.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frv. verði samþykkt og bráðabirgðalögin staðfest óbreytt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Sverrir Hermannsson.

Alþingi, 28. apríl 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Bogi Sigurbjörnsson. Guðmundur J. Guðmundsson.

Matthías Á. Mathiesen. Karvel Pálmason. Albert Guðmundsson.

Nd. 364. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og skilar þremur álitum. Við undirritaðir leggjum til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Bogi Sigurbjörnsson. Guðmundur J. Guðmundsson.

Nd. 365. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974, lög nr. 3 1977 og lög nr. 64 1977, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Sverrir Hermannsson.

Alþingi, 28. apríl 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Bogi Sigurbjörnsson. Guðmundur J. Guðmundsson.

Albert Guðmundsson. Karvel Pálmason. Matthías Á. Mathiesen.

Sþ. **366. Skýrsla**

Ólafs Jóhannessonar utanríkisráðherra til Alþingis 1980 um utanríkismál.

I. Inngangur.

Þegar ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var mynduð í febrúar 1980 gáfu samstarfsaðilar út stjórnarsáttmála fyrir hið nýja ráðuneyti. Í þessum sáttmála er eftirfarandi kafli um utanríkismál o. fl.

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu. Í því sambandi verði þátttaka Íslendinga í starfi Sameinuðu þjóðanna og Norðurlandaráðs sérstaklega styrkt.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir samningum við Norðmenn til þess að tryggja fiskveiðiréttindi Íslendinga á Jan Mayen svæðinu og fullnægjandi vernd fiskistofnanna þar. Jafnframt verði hafsbotnsréttindi Íslendinga á svæðinu tryggð.

Öryggismálanefndin hraði störfum sínum og geri reglulegar áfangaskýrslur um störf sín.

Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstjórnarinnar.

Undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

Athugað verði hvort rétt sé að breyta því skipulagi, að utanríkisráðuneytið hafi yfirstjórn allra málaflokka á Keflavíkurflugvelli."

Í þessum ákvæðum felast engin meiri háttar nýmæli og verður því fylgt í meginatriðum sömu utanríkisstefnu og farið hefur verið eftir á undanförnum árum.

Alkunna er að einn stjórnarflokkanna — Alþýðubandalagið — hefur í grundvallaratriðum aðra stefnu í öryggis- og varnarmálum. Er sú stefna þess óbreytt þrátt fyrir stjórnarsáttmálann.

Eftir að nýkjörið Alþingi kom saman í desember 1979 kaus það að vanda utanríkismálanefnd og var formaður hennar kjörinn Geir Hallgrímsson. Vænti ég þess að milli nefndarinnar, mín og ráðuneytisins takist gott og traust samstarf, eins og verið hefur á undanförnum árum.

II. Alþjóðamál.

Frá því að fyrirrennari minn, Benedikt Gröndal, lagði fram síðustu skýrslu til Alþingis um utanríkismál á síðastliðnu vori hafa mikil og alvarleg tíðindi orðið í heiminum. Ber þar að sjálfsögðu hæst hernaðarlega íhlutun Sovétmanna í Afghanistan og þá versnandi sambúð austurs og vesturs, sem m. a. má rekja til þessarar innrásar. Einnig eru orkumálin og margföldun olíuverðs farin að marka djúp spor í þróun alþjóðamála og auka á spennuna í heiminum, enda eru helstu olíulindir jarðar á svæðum, þar sem miklir atburðir hafa verið að gerast.

Ég mun fjalla nánar um þróunina í þessum málum í einstökum köflum skýrslu minnar, en tel þó nauðsynlegt að minnast strax í upphafi þessarar skýrslu á þá tvo atburði, sem hæst hefur borið: Innrás Sovétmanna í nágrannaríki sitt, Afghanistan, og töku bandarískra sendiráðsins í Teheran og gíslana þar.

Í báðum tilvikum er um að ræða gróf brot á grundvallaratriðum þeirra reglna, sem gilda í samskiptum ríkja. Verði ekki brugðist ákveðið við er sú hætta yfirvofandi, að áfram verði haldið á sömu braut og stoðum kippt undan þeim réttarreglum, sem þjóðir heims hafa smám saman sett sér að fenginni reynslu. Fari svo verða það smáþjóðirnar, sem mestu tapa.

Þótt báðir þessir atburðir gerist í fjarlægum heimshluta hafa þeir bein og veruleg áhrif á þróun heimsmála og snerta okkur því ekki síður en aðra. Samskipti austurs og vesturs hafa beðið verulegan hnekki og jafnframt munu þessir atburðir vafalaust hafa áhrif á þróun annars stórmáls, samskipti norðurs og suðurs, þ. e. þróaðra ríkja og þróunarríkja.

Þessir tveir atburðir, þótt ólíkir séu, eiga einnig nokkuð sameiginlegt. Þeir gerast báðir í þeim heimshluta, sem hefur að geyma mikinn hluta auðunninna olíulinda heims og þeir gerast báðir í ríkjum Múhameðstrúarmanna, þar sem eins konar trúarleg endurvakning hefur átt sér stað, endurvakning, sem getur orðið veigamikill þáttur í þróun alþjóðamála um ófyrirsjáanlega framtíð.

Af jákvæðum þáttum í þróun utanríkismála undanfarið má fyrst og fremst nefna Rhodesíu/Zimbabwe-deiluna, sem nú virðist hafa fengið farsæla lausn, stofnun stjórnmálasambands milli Ísraels og Egyptalands í framhaldi af Camp David samkomulaginu, og fall tveggja alræmdra einræðisherra í Afríku, þeirra Bokassa, keisara Mið-afríkulýðveldisins og Idi Amins, Ugandaforseta.

Málefni Afghanistan.

Hinn 27. desember s. l. réðust Sovétmenn með herlið inn í nágrannaríki sitt, Afghanistan og er áætlað að þeir hafi þar nú um 80 þúsund manns undir vopnum. Þessi hernaðaríhlutun var réttlætt með því að ríkisstjórn Afghanistan hefði, á grundvelli sáttmála milli ríkjanna frá 1978, óskað eftir aðstoð til að vinna bug á uppreisnarmönnum og innrásarmönnum, sem ynnu illvirki sín með tilstyrk Pakistana, Bandaríkjamanna og Kínverja. Ekki hafa þó verið lagðar fram sannanir um íhlutun þessara þriggja þjóða.

Brýnustu verkefni þjóða heims, eftir þessa atburði, hljóta að verða að sýna fram á, að hernaðaríhlutun er hvorki verjandi né ábatasöm í alþjóðastjórnmálum og eru Sameinuðu þjóðirnar að sjálfsögðu sá vettvangur, sem samfélagi þjóðanna er nærtækastur til að fjalla um mál sem þessi. Öryggisráðið var kallað saman að beiðni 52 ríkja, þ. á m. Íslands og þar var lögð fram ályktunartillaga, þar sem hörmuð var innrásin í Afghanistan og þess krafist að allt erlent herlið færi þegar á brott. Þessi tillaga féll, eins og við var að búast, á neitunarvaldi Sovétríkjanna, en þá var allsherjarþingið (6. skyndiþing) kallað saman til að fjalla um málið. Þar var hinn 14. janúar samþykkt ályktunartillaga 24 ríkja úr þriðja heiminum, þar sem m. a. var staðfest, að fullveldi og stjórnmálalegt sjálfstæði allra ríkja væri grundvallaratriði í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og brot gegn þessu væri andstætt markmiðum stofnskrárinnar, undir hvaða yfirskini sem væri. Jafnframt var hernaðaríhlutun í Afghanistan mjög hörmuð og þess krafist, að allur erlendur her yrði tafarlaust og skilyrðislaust kallaður þaðan og hjálparstarf við flóttamenn þegar hafið í samráði við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Ályktunartillaga þessi hlaut samþykki yfirgnæfandi meirihluta aðildarríkja, eða 104, þ. á m. Íslands. Á móti voru 18 ríki, en 18 ríki sátu hjá. Auk Sovétríkjanna voru það einungis nánustu fylgiríki þeirra, sem greiddu atkvæði gegn tillögunni. Eftir þessari samþykkt hefur þó ekki verið farið til þessa.

Viðbrögð flestra ríkja hafa verið ótvíræð eftir þessa atburði. Innrás Sovétríkjanna hefur verið fordæmd og gripið hefur verið til ýmissa gagnráðstafana. Hér á landi hefur þessum atburðum verið mótmælt við sendiherra Sovétríkjanna og fyrirhuguðum heimsóknum milli ríkjanna var frestað um óákveðinn tíma. Víða annars staðar hafa viðbrögðin verið svipuð, auk þess sem ýms ríki hyggjast ekki senda íþróttamenn á Olympíuleikana í Moskvu í sumar. Athyglisverðust eru þó viðbrögð ýmissa hlutlausra ríkja þriðja heimsins, sem fram til þessa hafa oftast fylgt Sovétríkjunum að málum.

Ekki hvað síst hafa þessi atburðir haft mikil áhrif á ríki Múhameðstrúarmanna og spillt sambúð þeirra við Sovétmenn á sama tíma og kennisetningar Islams eru farnar að setja svip sinn á alþjóðastjórnmál. Kom þetta skýrt í ljós á ráðstefnu, sem 36 þessara ríkja, alls með um 700 milljónir íbúa, héldu nýlega í Islamabad, en þar var innrásin fordæmd sem þjóðréttarbrot, öll ríki heims hvött til að fordæma árásina, þess krafist, að Sovétríkin yrðu þegar í stað á burt með heri sína frá Afghanistan og aðildarríkin hvött til að taka ekki þátt í Olympíuleikjunum í Moskvu nema allur sovéskur her færi frá Afghanistan.

Þótt viðbrögðin í hlutlausum ríkjum hafi orðið hörð við innrás Sovétmanna í Afghanistan er varla við því að búast, að þessi ríki fari að halla sér meira en áður að Vesturlöndum, en hitt kann þó að vera, að þau sýni ekki jafnfortakslausan stuðning við málflutning Sovétmanna og reyndin hefur oftast verið fram til þessa.

Tilraunir annarra ríkja til að leiða Sovétmönnum fyrir sjónir hversu alvarleg ógnun innrás þeirra í Afghanistan er við heimsfriðinn hafa fram til þessa engan árangur borið. Á Vesturlöndum virðist sú tillaga eiga einna mestu fylgi að fagna, sem upphaflega var borin fram af Lord Carrington, utanríkisráðherra Breta, og síðan tekin upp af öðrum ríkjum Efnahagsbandalagsins, að Afghanistan verði gert að hlutlaustu ríki og verði það hlutleysi tryggt af öðrum þjóðum heims. Minnir þetta nokkuð á stöðu Austurríkis eins og frá henni var gengið nokkru eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Þótt enn sé of snemmt að spá um örlög þessarar hugmyndar virðast viðbrögð Sovétmanna við henni hafa verið vægast sagt neikvæð.

Slökunarstefnan.

Slökunarstefnan, sem mestu hefur verið ráðandi í samskiptum austurs og vesturs á undanförnum áratug hefur óhjákvæmilega beðið mikinn hnekki við innrásina í Afghanistan, harkalega meðferð á sovéskum andófsmönnum og áframhaldandi aukningu vígbúnaðar í Sovétríkjunum, ekki síst uppsetningu SS-20 eldflauganna. Ekki hefur stuðningur Sovétmanna við herfarir Kúbumanna í ýmsum Afríkuríkjum á undanförnum árum heldur bætt úr skák, enda hafa Vesturlönd alltaf lagt á það ríka áherslu við Sovétríkin, að slökunarstefnan hlyti eðli sínu samkvæmt að vera ein og óskipt og ekki væri unnt að líta framhjá hegðan Sovétmanna í öðrum heimshlutum þegar metin væri staðan í sambúð austurs og vesturs.

Segja má, að deilurnar um hernaðaríhlutun í ýmsum Afríkuríkjum hafi ekki haft veruleg áhrif á framgang slökunarstefnunnar í Evrópu. Hins vegar var sambúðin nokkuð tekin að stirðna þegar upp úr miðju síðasta ári. Má eflaust ýmsu um kenna, en nefna má m. a. óánægjuna með stefnu sovéskra stjórnvalda í málefnum andófsmanna og SS-20 eldflaugarnar. Upp úr sauð síðan, þegar sovéski herinn var sendur inn í Afghanistan, enda hefur sá atburður, ekki síst í ljósi þróunar mála í Íran, í för með sér verulegar breytingar á hernaðarlegri og pólitískri stöðu í þessum mikilvæga heimshluta, sem sér Vesturlöndum, og þá ekki síst ríkjum Vesturevrópu, fyrir mestum hluta olíuþarfa þeirra.

Tilgangur slökunarstefnunnar er m. a. að koma til leiðar sambúðarreglum í alþjóðastjórnmálum, sem allir geti sætt sig við. Þessar reglur hafa augljóslega ekki verið virtar og þegar þar við bætist, að lítið sem ekkert gengur að ná samkomulagi um vígbúnaðareftirlit og samdrátt í vígbúnaði í Evrópu — atriði, sem einnig er veigamikill þáttur í lífvænlegri slökunarstefnu — þá er von að hrikti í innviðum hennar.

Enda þótt nú sé komin upp sú staða, að vestræn ríki telji nauðsyn bera til að standa þétt saman og treysta samvinnu sína, m. a. innan Atlantshafsbandalagsins, þá munu meginmarkmið þessa bandalags standa áfram óhögguð, þ. e. að tryggja öryggi aðildarríkja sinna með vörnum annars vegar og framgangi slökunarstefnunnar hins vegar. Enginn hefur áhuga á að hverfa aftur til tímabils kalda stríðsins og þeirrar hættu á heimsstyrjöld, sem slíku ástandi fylgir.

SALT II samkomulagið hefur enn ekki hlotið staðfestingu Bandaríkjaþings, enda var

umræðu um það mál frestað í þinginu að beiðni Bandaríkjaforseta. Allt bendir þó til þess að bæði stórveldin muni í reynd fylgja ákvæðum samningsins.

Hafin er ein lotan enn í samningaumleitunum NATO-ríkja og Varsjárbandalagsríkja í Vínarborg um samdrátt í herafla í Evrópu (MBFR). Þessar viðræður hófust árið 1973, en hefur sáralítið miðað áfram, einkum vegna ágreinings um það, hversu mikinn herafla hvor aðili hafi raunverulega á samningssvæðinu. Enn er þó unnið að því að finna leiðir til að samræma sjónarmiðin og jafnframt að ákveða tilhögun á slíkum samdrætti, sem væntanlega yrði framkvæmdur í nokkrum áföngum. Er ekki annað að sjá á fréttum af þessum fyrstu fundum ársins en að vilji sé enn fyrir hendi til að komast að raunhæfu samkomulagi.

Helsinki-samþykktin um öryggi og samstarf í Evrópu var á ýmsan hátt skjalleg staðfesting á þeirri þróun í átt til slökunar og betri samskipta milli ríkja Evrópu og Norðurameríku, sem átt hafði sér stað á undanförnum árum og jafnframt var þar mörkuð stefnan um framhald og eflingu þessara þátta. Það er því ljóst, eins og áður hefur verið að vikið, að atburðirnir í Afghanistan og fleiri atriði, svo sem meðferðin á andófsmönnum í Sovétríkjunum, hafa haft veruleg áhrif á hugmyndir manna um framgang helstu stefnumála í samþykktinni. Þó má ætla, að öll þátttökuríkin séu sammála um að áfram verði að halda og jafnvel leggja enn meiri áherslu á raunhæfa framkvæmd þeirra fyrirheita, sem gefin eru í Helsinki-samþykktinni.

Nú er nýlega lokið einni af þeim ráðstefnum, sem haldnar hafa verið á grundvelli Helsinki-samþykktarinnar, vísindaráðstefnunni (Scientific forum) í Hamborg. Sátu hana af Íslands hálfu prófessor Gylfi Þ. Gíslason og Benedikt Ásgeirsson, sendiráðsritari í Bonn. Flutti dr. Gylfi þar ræðu og lögð voru fram þrjú ráðstefnuskjöl samin af íslenskum vísindamönnum. Þessi ráðstefna þótti takast vel og einkenndist hún minna af deilum austurs og vesturs en jafnvel bjartsýnir menn höfðu fyrirfram þorað að vona.

Í haust kemur svo að næsta stóra áfanganum í þessum málaflokki, Madrid-fundinum, en þar verður í annað sinn gerð úttekt á framkvæmd Helsinki-samþykktarinnar. Verður að vona, að allir aðilar mæti þar til leiks með því hugarfari að reyna að bæta sambúðina og auka skilning þjóða í milli.

Afvopnunarmál.

Í kaflanum um afvopnunarmál í utanríkismálaskýrslu sinni á fyrra ári orðaði fyrirrennari minn í embætti það svo, að því miður lægi nær að nefna þennan málaflokk vígbúnaðarmál en afvopnunarmál og má það víst til sanns vegar færa.

Hjá Sameinuðu þjóðunum var á liðnu ári mikið rætt um afvopnunarmál, en það voru að mestu hugmyndir ýmissa ríkjahópa um nánari útfærslu á niðurstöðum sérstaka aukaþingsins um afvopnunarmál, sem haldið var vorið 1978. Breyttir starfshættir og fjölgun meðlima í afvopnunarnefndinni í Genf virðast ætla að auka áhrif hlutlausra ríkja og kjarnavopnalausra ríkja í störfum nefndarinnar. Aðild Frakka og Kínverja að þessari nefnd verður eflaust einnig til þess að efla hana.

Í tengslum við þær umræður, sem fram fara á vegum Sameinuðu þjóðanna um aðgerðir til að koma í veg fyrir að fleiri ríki komi sér upp kjarnavopnum, sendu Norðurlöndin öllum aðildarríkjum S. Þ. greinargerð um afstöðu sína til þessa máls. Var þar lögð áhersla á að tilraunir eins eða fleiri ríkja til þess að koma sér upp eigin kjarnavopnum væru alvarleg hótun við samfélag þjóðanna, jafnframt því sem þær gerðu erfiðara um vik að efla alþjóðlegt samstarf um friðsamlega nýtingu kjarnorkunnar.

Tilraunir Sameinuðu þjóðanna til að ná fram raunverulegri takmörkun vígbúnaðar, að ekki sé talað um afvopnun, hafa því miður borið ákaflega takmarkaðan árangur. Má þar eflaust að einhverju leyti kenna um skorti á vilja, en hitt sýnist þó ekki síður ljóst að samkomur 152 ríkja eru of stórar til að unnt sé að ná fram raunverulegum samningaviðræðum. Aðstæður og viðhorf verða svo margbreytileg að erfitt er að nálgast kjarnann. Þó hafa verið gerðir átta

alþjóðasamningar um takmörkun vígbúnaðar frá styrjaldarlokum, en það segir sína sögu, að aðeins einn þeirra kvað á um eyðileggingu vopna, þ. e. samningurinn um bann gegn sýklavopnum. Nú eru það brýnustu verkefni Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði að hraða samningum um algjört bann við hvers kyns tilraunum með kjarnavopn og um frekari takmarkanir á meðferð þeirra vopna, samningsgerð um bann við notkun hvers kyns eiturefna í hernaði og bann við notkun sérstaklega ómannúðlegra vopna. Nýtt auka-allsherjarþing um afvopnunarmál er ráðgert á árinu 1982.

Þótt hér sé bent á takmarkaðan árangur Sameinuðu þjóðanna á sviði afvopnunarmála á liðnum áratugum verður jafnframt að hafa hugfast, að þessi mál eru einhver hin erfiðustu og viðkvæmustu, sem samfélag þjóðanna fæst við og raunhæfur árangur næst ekki nema rutt sé úr vegi aldagamalli tortryggni og fjandskap. Einnig ber þá að þakka þann mikilvæga skerf til viðhalds friðar, sem gæslusveitir stofnunarinnar hafa lagt af mörkum á ýmsum óeirðasvæðum. Í ýmsum þáttum afvopnunarmála hafa beinar viðræður milli þeirra aðila, sem málin varða mest, reynst nauðsynlegar til að ná einhverjum árangri í öðrum þáttum afvopnunarmála, eða takmörkun vígbúnaðar. Má þar fyrst til nefna SALT-viðræðurnar og viðræður NATO-ríkja og Varsjárbandalagsríkja um samdrátt herafla í Evrópu og síðan þær hugmyndir, sem komið hafa fram um afvopnunarviðræður í Evrópu í tengslum við framkvæmd lokasamþykktar Öryggismálaráðstefnu Evrópu.

Austurlönd nær.

Austurlönd nær hafa verið aðalvettvangur mestu atburða í heimsmálum að undanförnu. Reyndar hafa þau verið ein helsta púðurtunna heims allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar þótt á ýmsan veg hafi verið. Ég hef þegar fjallað nokkuð um innrás Sovétmanna í Afghanistan og áhrif hennar á þennan heimshluta. Jafnframt hef ég minnst á töku gíslanna í bandaríska sendiráðinu í Teheran, en sá atburður gefur tilefni til að láta í ljós alvarlegar áhyggjur yfir þeim lögbrotum, sem mjög hefur borið á að undanförnu, þ. e. töku erlendra stjórnarerindreka í ýmsum ríkjum til þess að leggja áherslu á hvers konar kröfur á hendur stjórnvalda innanlands eða utan. Friðhelgi erlendra sendiráða og stjórnarerindreka er ein helsta forsenda þess að unnt sé að halda uppi samskiptum milli ríkja og því er nauðsynlegt að þessi friðhelgi sé virt.

Það sem gerir töku gíslanna í Teheran frábrugðna öðrum slíkum er sú staðreynd, að stjórnvöld í Íran, að svo miklu leyti sem raunveruleg stjórnvöld hafa verið til þar á undanförnum mánuðum, hafa staðið við bakið á svokölluðum námsmönnum, sem hafa sendiráðið á valdi sínu. Kröfur öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og ýmissa alþjóðastofnana hafa verið virtar að vettugi og enda þótt einstöku embættismenn í Íran hafi látið í ljós áhuga á að binda endi á þetta ófremdarástand hafa aðrir og valdameiri aðilar þar í landi komið í veg fyrir að nokkuð væri gert. Hvað sem satt kann að vera í ásökunum Írana getur ekkert réttlætt það hættulega brot á alþjóðalögum sem sendiráðstakan er.

Byltingin í Íran og fleiri atburðir í ríkjum múhameðstrúarmanna hafa opnað augu manna fyrir því, að islam er ekki aðeins trúarbrögð heldur einnig pólitískt afl, sem þegar er farið að gæta verulega og kann að eiga eftir að hafa mikil áhrif á þróun mála í heiminum á næstu árum og áratugum. Olíuauðnum hefur verið æði misskipt meðal íbúa helstu framleiðsluríkjanna í miðausturlöndum og stór hluti þessa fólks er utangátta í þeirri tæknivæðingu, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum. Í þeirra vitund er afturhvarf til fyrri strangtrúar í siðferðilegum og pólitískum efnum í anda kóransins besta andsvarið gegn framandlegu þjóðfélagi og óréttlátum þjóðfélagsháttum.

Íranska byltingin og friðarsamningar Egyptalands og Ísrael eru þeir tveir atburðir, sem hæst ber í stjórnmálum miðausturlanda. Þá hefur borið að sinn með hvorum hætti, en báðir hafa þeir leitt til mikilla breytinga í hernaðarstöðunni á þessum slóðum. M. a. hefur hernaðarmáttur Íran minnkað mikið í kjölfar byltingarinnar og valdið óvissu í valdajafnvæginu við Persaflóa.

Framkvæmd samninga Ísraels og Egyptalands virðist enn ganga nokkuð eftir áætlun, þar á meðal brottflutningur Ísraelsmanna frá Sinaiskaga.

Ályktanir Öryggisráðsins nr. 242 og 338 eru sá grundvöllur, sem heildarlausn deilumála í miðausturlöndum verður að hvíla á. Nauðsynlegt er að allir aðilar á þessu svæði fallist á ákvæði þessara ályktana, þar á meðal um rétt allra ríkja á svæðinu til að fá að lifa í friði innan viðurkenndra landamæra. Jafnframt þurfa þeir allir að taka þátt í umræðum um slíka heildarlausn, sem einnig taki tillit til lögmætra þjóðarréttinda Palestínumanna. Fyrr en síðar hlýtur að koma að því að lausn verði að fást á þessu máli, ef unnt á að vera að koma í veg fyrir að sáttaumleitanir Egypta og Ísraelsmanna sigli í strand. Olíusala Arabaríkja til vesturlanda hefur verið áhrifaríkt vopn í höndum Palestínumanna, en jafnframt sýnist ljóst, að málstaður þeirra hefur fengið aukinn meðbyr vegna stefnu Ísraels í málefnum herteknu svæðanna, ekki síst stofnun nýrra byggða Ísraelsmanna þar.

Austur-Asía.

Kampútsea hefur enn verið í brennidepli á undanförnu ári og virðist seint ætla að linna þeim hörmungum, sem yfir þetta land hafa gengið. Rauðu kmerarnir, sem tóku völdin í landinu eftir brottför Bandaríkjamanna frá Suðaustur-Asíu, hófu framkvæmd kennisetninga sinna, sem leiddi til útrýmingar verulegs hluta þjóðarinnar. Með vísan til framferðis þessara valdamanna réðust Víetnamar inn í Kampútseu og hafa þeir nú meginhluta landsins á valdi sínu. Enn er barist og er talið, að allt að 200 þúsund hermenn frá Víetnam séu nú í Kampútseu. Hörmungum íbúanna hefur lítið linnt, enda var innrás Víetnama af öðrum hvötum sprottin en umhyggju fyrir mannréttindum í nágrannaríki. Flóttamannastraumurinn hefur verið gífurlegur, þótt hann sé nú nokkuð í rénum og hafa Thailendingar orðið að taka við mestum fjölda flóttamanna þótt þeir hafi í raun og veru átt meira en nóg með að sinna eigin málum.

Alþjóðlegt hjálparstarf innan Kampútseu gekk lengi erfiðlega vegna tregðu hinna stríðandi fylkinga í landinu á að leyfa flutning matvæla og annarra hjálpargagna til þeirra svæða, sem verst höfðu orðið úti. Nokkuð hefur nú ræst úr í þessum efnum þótt enn sé mikið verk óunnið og ljóst er, að þjóðin verður að mestu leyti að treysta á matvælagjafir frá öðrum löndum á næstu mánuðum, þar eð stríðsástandið og matvælaskorturinn komu í veg fyrir sáningu hrísgrjóna í stórum landshlutum.

Íslendingar hafa tekið þátt í hjálparstarfinu við flóttamenn frá Kampútseu með fjárframlögum og sendingu hjúkrunarliðs. Hafa Rauði krossinn og Hjálparstofnun kirkjunnar unnið mikið að þessum málum, auk þess sem nokkur fjárframlög hafa komið úr ríkissjóði.

Afríka.

Eins og áður er vikið að hefur orðið jákvæð þróun í málefnum nokkurra Afríkju-ríkja undanfarið. Ber þar helst að nefna Rhodesíu/Zimbabwe-deiluna, sem nú virðist loks hafa fengið farsæla lausn með myndun meirihlutastjórnar svartra íbúa landsins að undangengnum frjálsum og lýðræðislegum kosningum. Upphafið að þessari jákvæðu þróun má rekja til Samveldisráðstefnunnar, sem haldin var í Lusaka í ágústmánuði s. l. Í kjölfar hennar kölluðu Bretar til stjórnskipunarráðstefnu allra deiluaðila, sem lyktaði með Lundúnasamkomulaginu 18. desember s. l., er allir deiluaðilar skrifuðu undir og m. a. fól í sér nýja stjórnarskrá, frjálsar kosningar undir eftirliti Breta og sjálfstæði landsins. Samkvæmt nýju stjórnarskránni kaus hvíti minnihlutinn 20 þingmenn og svartir íbúar landsins 80 þingmenn. Hinn ótvíræði sigur Robert Mugabe kom flestum á óvart einkum þó hvítum íbúum landsins, sem hafa talið Mugabe sér andsnúinn, aðallega vegna marxískra skoðana hans. Mugabe hefur nú, er þetta er ritað, myndað stjórn með þátttöku Yoshua Nkomo og flokki hans. Einnig sitja tveir hvítir ráðherrar í stjórninni. Lofa þessi viðbrögð góðu og má segja að nú hafi skapast grundvöllur fyrir myndun sjálfstæðs lýðræðisríkis í Zimbabwe. Mikið er í húfi að friður haldist, ekki einungis fyrir

Zimbabwe, heldur og fyrir nágrannaríkin, einkum Botswana, Zambíu og Mosambique, sem einnig hafa orðið að líða fyrir áralangan ófrið í Zimbabwe/Rhódesíu.

Þróun mála í Zimbabwe/Rhodesíu á vafalaust eftir að hafa áhrif á málefni Suður-Afríku, þar sem lítil breyting hefur átt sér stað varðandi framkvæmd apartheidstefnunnar, enn sem komið er. Er vonandi að þau áhrif leiði ekki til spennu og e. t. v. árekstra á milli Zimbabwe og Suður-Afríku, heldur verði til þess að stjórnvöld í Suður-Afríku horfist í augu við raunveruleikann, — að apartheidstefnan og allt það misrétti hvítra og svartra, sem henni fylgir mun leiða til stigmagnandi ólgu hjá svarta meirihlutanum. Slíkt getur haft ómælanlegar hörmungar í för sér. Ríður því á, að ráðamenn í báðum ríkjunum hafi til að bera þá visku og hófsemi, sem til þarf, svo að þróun þessara mála verði jákvæð og öllum íbúum þessa heimshluta til góðs. Á meðan mun Ísland halda áfram að styðja allar raunhæfar aðgerðir Sameinuðu þjóðanna til að binda endi á hina ómannúðlegu misréttisstefnu stjórnar Suður-Afríku.

Namibíumálið er enn í svipuðum farvegi og þegar fyrirrennari minn lagði fram skýrslu sína um utanríkismál í fyrra. Er mikilvægt að samkomulag náist við Suður-Afríku um frjálsar kosningar og sjálfstæði Namibíu með friðsamlegum hætti og styðjum við viðleitni Vesturlandanna fimm í því sambandi. Ísland mun halda áfram að styðja alla þá viðleitni í þessum vandamálum, sem samræmist stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og felur í sér friðsamlega og réttláta lausn fyrir íbúa þessa heimshluta.

Nýskipan alþjóðaefnahagsmála og orkumál.

Eins og að var vikið í inngangi að þessari skýrslu hafa atburðirnir í miðausturlöndum á undanförnum árum haft veruleg áhrif á hinn svokallaða norður/suður vanda, eða samskipti ríkra þjóðra og snauðra. Markverðasta niðurstaðan í efnahagsmálum á síðasta allsherjarþingi var samkomulag um tilhögun væntanlegra viðræðna milli iðnaðarríkjanna og þróunarlandanna á sérstöku allsherjarþingi á hausti komanda. Með samþykkt þriggja ályktana allsherjarþingsins var ákveðið að hefja víðtæka samningagerð um alþjóðasamvinnu að efnahagsþróun á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Á hún að ná til allra aðalatriða í hráefnavinnslu, orkumálum, milliríkjaviðskiptum, þróunarmálum og gjaldeyris- og fjármálum. Allralandanefndinni, sem allsherjarþingið setti á laggirnar fyrir tveimur árum til að ræða nýskipan alþjóðaefnahagsmála, er falið undirbúningsstarfið og á hún að leggja tillögur um leiðir til úrlausnar norður/suður vandans fyrir aukaþingið undir lok ágústmánaðar n. k., en þetta sérstaka allsherjarþing mun standa í 2 vikur, dagana 25. ágúst — 5. september.

Þegar kom fram á miðjan síðastliðinn áratug, annan þróunaráratug Sameinuðu þjóðanna, tóku línurnar að skýrast í ágreiningsmálum auðugra þjóða og snauðra. Norður/suður vandinn varð æ ljósari og kröfur þróunarlandanna á hendur iðnaðarríkjunum urðu stöðugt háværari. Tvisvar voru kölluð saman sérstök allsherjarþing um þróunarmál eingöngu, vorið 1974 og haustið 1975. Í desember 1975 samþykkti allsherjarþingið grundvallarskjal um efnahagsréttindi og skyldur ríkja og tók til endurskoðunar áætlanir annars þróunaráratugsins. UNCTAD og UNIDO ráðstefnur komu saman og gerðu samþykktir um viðskipti og iðnþróun. Gekk öll þessi ályktanagerð út á það, að jafna þyrfti metin sem fyrst á lífskjörum Vesturlanda og þriðja heimsins, og stæði upp á þau fyrrnefndu í því sambandi, en sósíalísku ríkin halda því fram, að þeim beri ekki skylda til þátttöku í úrlausn vandans, þar sem þau hafi aldrei arðrænt nýlendur né heldur kúgað þjóðir í þriðja heiminum. Kröfur þróunarlandanna ganga út á meiri efnahagsaðstoð, betri lánskjör, eftirgjöf skulda, hærra og stöðugra hráefnisverð, hagstæðari viðskiptakjör, gengistryggingu, eftirlit með fjölþjóðafyrirtækjum, tækniþjálfun og iðnvæðingu, menntunarmöguleika, endurskipulagningu landbúnaðar og matvælaframleiðslu, fullveldisyfirráð náttúruauðlinda, þjóðnýtingu eigna útlendinga, frjálsan aðgang að mörkuðum, niðurfellingu tolla og annarra viðskiptatálmana o. s. frv. Eða almennt séð kröfur um uppskiptingu auðæfa og tekjulinda þróunarlöndunum í hag, svokallaða nýskipan alþjóðaefnahagsmála.

En snarpast var tekist á í orku- eða olíumálunum, þegar kom til þess skömmu eftir Yom Kippur styrjöldina við Ísraelsmenn í október 1973, að Arabar og OPEC-löndin öll hækkuðu í skyndingu olíuverðið fjórfalt. Í þeirri olíukreppu, sem fylgdi í kjölfarið, var loks kölluð saman í París seint á árinu 1975 ráðstefna 27 þróunarlanda og vestrænna iðnaðarríkja um alþjóðlega efnahagssamvinnu, og stóð hún af og til í eitt og hálft ár. Upphaflega var ætlun ráðstefnuboðenda að ræða úrlausn orkukreppunnar, því að Vesturlönd höfðu fyrst og fremst áhuga á að tryggja sér nægilegt framboð olíu á sem stöðugustu verði, en ráðstefnan fór fljótlega einnig út í önnur málsatriði, þar sem þriðji heimurinn kom sinni kröfugerð að, t. d. stofnun öflugs þróunarsjóðs. Gjaldeyris- og gengismál komu hér einnig við sögu, þar sem olíuútflutningslöndin vildu verðtryggja tekjur sínar, enda vaxandi verðbólga í velflestum iðnaðarríkjum.

Teljandi árangur í norður/suður viðræðunum náðist ekki á þessari ráðstefnu og fór hún út um þúfur sumarið 1977. Hún var ekki haldin á vegum Sameinuðu þjóðanna, en vandamálin komu strax til umræðu á allsherjarþinginu um haustið og var þar samþykkt, eins og áður var getið, að fela málið nefnd allra aðildarríkja. Samkomulag náðist raunar ekki um nafnið á þessari allralandanefnd, en hún átti að vinna að nýskipan alþjóðaefnahagsmála. Kröfur þaraðlútandi, nýtt skipulag efnahagsmála í heiminum öllum, komu fyrst fram undir þessu nafni á leiðtogaráðstefnu hreyfingar hlutlausra ríkja og ríkja utan varnarbandalaga í Algeirsborg 1973. Á allsherjarþinginu 1978 var síðan samþykkt að setja aðra allralandanefnd til að semja nýja þróunaráætlun vegna þriðja áratugs Sameinuðu þjóðanna í þeim málum, enda stefnt að sérstaka allsherjarþinginu um þróunar- og efnahagssamvinnumál á árinu 1980.

Orkukreppan og verðhækkanir olíu héldu hins vegar áfram og harðast úti urðu einmitt fátækustu þróunarlöndin, sem flytja verða inn olíu. OPEC-löndunum var hins vegar ekkert umhugað um að taka upp olíuumræður innan ramma Sameinuðu þjóðanna. Á allsherjarþinginu 1978 var t. d. ákveðið að kveðja saman ráðstefnu á árinu 1981 um nýja og endurnýjanlega eða óþrjótandi orkugjafa. Var það í fyrsta skipti, sem orkumálin voru rædd á allsherjarþingi. Olíumálin voru þó undanskilin, og ekki fékkst heldur samþykkt að ræða einnig um kjarnorku á væntanlegri ráðstefnu. Efnahagsaðstoð nýríkra olíulanda við önnur þróunarlönd var sem sagt ekki til umræðu og þótti því tíðindum sæta, þegar leiðtogafundur hlutlausra ríkja og utan varnarbandalaga í Havana s. l. haust samþykkti að stefna að því að taka upp samningagerð um öll atriði þróunarmála. Leiddi samkomulagið í þessari hreyfingu til þeirrar samþykktar síðasta allsherjarþings, sem um getur í upphafi þessa kafla, að orkumálin yrðu tekin með, þ. e. a. s. einnig verður fjallað um olíuverð og framboð, enda veigamikil atriði bæði fyrir Vesturlönd og hin fátækari þróunarlönd, er flytja verða inn olíu.

Á síðasta verðhækkunarfundi OPEC skömmu fyrir áramótin í Caracas var jafnframt samþykkt að auka til muna efnahagsaðstoð og peningastreymi olíulandanna til fátækustu þróunarlandanna, svo að kröfugerð þeirra síðarnefndu beinist enn aðallega að Vesturlöndum, eins og síðast kom fram á nýafstaðinni 3. UNIDO-ráðstefnu í New Delhi, þar sem samþykkt var með miklum meirihluta (88 þróunarlönd og sósíalísk ríki) að stofna skyldi $ 300 milljarða þróunarsjóð fyrir næstu aldamót. Var samþykkt þessi gerð gegn 22 atkvæðum vestrænna iðnaðarríkja, þeirra sem mest fé eiga að leggja í sjóðinn.

III. Alþjóðastofnanir og svæðasamtök.

Þátttaka Íslands í starfi alþjóðastofnana var á undanförnu ári með svipuðu sniði og áður. Um samskipti við helstu alþjóðastofnanir á sviði viðskipta verður fjallað síðar í þessari skýrslu, en hér á eftir verður stuttlega fjallað um nokkrar alþjóðastofnanir og svæðasamtök, sem eru og hafa verið meginstoðir íslenskrar utanríkisstefnu, fyrst um Sameinuðu þjóðirnar, samtök Norðurlanda og Evrópuráðið og síðan um Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands.

Sameinuðu þjóðirnar.

Veigamestu alþjóðamálum, sem að einhverju leyti hafa komið til kasta Öryggisráðsins og/eða allsherjarþingsins eru gerð skil í ýmsum köflum þessarar skýrslu og vísast því til þeirra. Jafnframt hefur verið gefin út sérstök, mjög ítarleg skýrsla um starfsemi 34. allsherjarþingsins og þátttöku Íslendinga. Er hún lögð fram sem fylgiskjal með þessari skýrslu. Skal þess því eingöngu getið hér, að fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum vinnur mikið starf við að fylgjast með og taka þátt í starfsemi samtakanna og ýmissa sérstofnana þess og jafnframt eru sendir fulltrúar að heiman til að taka þátt í störfum allsherjarþings samtakanna. Fastanefndin í Genf hefur, auk starfa að málefnum EFTA, fyrirsvar Íslands gagnvart skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í Evrópu og ýmsum sérstofnunum samtakanna, sem þar hafa höfuðstöðvar og sendiráðið í París er jafnframt fastanefnd Íslands hjá Menningar- og vísindastofnun Sameinuðu þjóðanna. Náin samráð eiga sér alltaf stað við önnur Norðurlönd um málefni Sameinuðu þjóðanna og er samstaða þessa hóps þeim mikill styrkur þótt þau eigi ekki alltaf samleið þegar að því kemur að taka endanlega afstöðu til mála.

Norðurlandasamvinna

Samvinna Norðurlandanna er all sérstæð borið saman við samstarf annarra þjóða og ríkjahópa Evrópu. Hún hefur mótast af sameiginlegum menningararfi, svipuðum lífsviðhorfum og sama mati á gildi einstaklingsins, sem m. a. hefur leitt til þess að skilgreining og skilningur þessara þjóða á hugtakinu lýðræði er hinn sami. Hin nánu tengsl Norðurlandanna innbyrðis eiga eflaust sinn þátt í því, að þeim hefur tekist að standa vörð um frelsi sitt og hugsjónir. Allt eru þetta sjálfstæð og fullvalda ríki, þrátt fyrir hið einhuga og nána samstarf á fjölmörgum sviðum. Mismunandi fyrirkomulag á samskiptum Norðurlandanna við önnur ríki, einkum að því er stefnu og framkvæmd öryggismála varðar, á rætur sínar að rekja til landfræðilegrar legu þeirra og varðveislu eigin hagsmuna ríkjanna í því sambandi. Þetta raskar þó ekki samheldni þeirra, enda sýna þau hvert öðru virðingu og skilning í þessum efnum.

Norræn samvinna hefur þróast í fastan farveg og ber þar helst að nefna stofnun Norðurlandaráðs 1952 og norrænu ráðherranefndarinnar 1971. Er skemmst að minnast nýafstaðins þings Norðurlandaráðs hér í Reykjavík.

Sá ótvíræði beini ávinningur, sem Íslendingum er að samstarfi við hin Norðurlöndin ætti að vera öllum ljós og nægir þar að minna á nokkur nærtæk og áþreifanleg dæmi, svo sem Norræna iðnþróunarsjóðinn fyrir Ísland, sem settur var á stofn við inngöngu okkar í Fríverslunarbandalagið, EFTA, lánafyrirgreiðslur og lánamöguleika úr Norræna fjárfestingarbankanum, Norrænu eldfjallarannsóknastöðina og Norræna húsið í Reykjavík, að ógleymdu sameiginlegu norrænu tryggingakerfi, gagnkvæmum námshlunnindum og fjölmörgum öðrum Norðurlandasamningum, sem við erum aðilar að. Þetta raunhæfa samstarf Norðurlandanna fer stöðugt vaxandi og spannar nú nýtt þýðingarmikið svið, sem eru orkumálin. Er þess að vænta, að samvinna geti tekist milli Íslands og annarra Norðurlanda á þessum vettvangi, a. m. k. þegar fram í sækir.

Þess hefur orðið vart, að norræn samvinna nýtur virðingar á alþjóðavettvangi og þar koma Norðurlöndin oft á tíðum fram sem ein heild. Þetta á einkum við á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra alþjóðastofnana. Liður í hinni sameiginlegu ímynd Norðurlandanna út á við eru utanríkisráðherrafundir Norðurlanda, sem haldnir eru tvisvar á ári og m. a. eru helgaðir málefnum Sameinuðu þjóðanna. Náið og oft á tíðum reglubundið samstarf er á milli embættismanna utanríkisráðuneytanna og fastanefnda Norðurlanda hjá alþjóðastofnunum — skipst er á upplýsingum, viðhorf eru kynnt og samræming á sér iðulega stað. Með þessu nána samstarfi um alþjóðamál hefur Norðurlöndunum oft tekist að hafa áhrif til farsællar þróunar langt umfram það sem ætla mætti um ekki fjölmennari ríki. Er þess að vænta, að norræn

samvinna haldi áfram að þróast og dafna jafnt inn á við sem út á við og hlýtur þessi samvinna jafnan að vera ein þeirra meginstoða, sem íslensk utanríkisstefna hvílir á.

Evrópuráðið

Á árinu 1979 varð Evrópuráðið 30 ára og var tækifærið notað til þess að líta yfir störf Evrópuráðsins frá byrjun og vega og meta árangurinn. Á ráðherrafundinum í maí var afmælisins minnst og lögð áhersla á aukna starfsemi á sviði stjórnmála. Fjölgun aðildarríkja Efnahagsbandalags Evrópu, með væntanlegri aðild Grikklands, Spánar og Portúgals, mun leiða til aukinnar áherslu á þá viðleitni ráðherranefndarinnar að samræma stefnu aðildarríkja í utanríkismálum. Einnig er Evrópuráðið vettvangur vaxandi skoðanaskipta um samskipti Efnahagsbandalagsins og þeirra Evrópuráðsríkja, sem utan þess standa. Beinar kosningar til þings Efnahagsbandalagsríkjanna — Evrópuþingsins, sem haldnar voru á árinu, eru álitnar vera til þess fallnar að styrkja samstarf og skilning milli aðildarríkjanna á mörgum sviðum og stuðla að aukinni einingu Evrópuráðsríkjanna.

Ráðherranefndin fjallaði m. a. um framkvæmd lokasamþykktarinnar frá Helsinki um öryggi og samvinnu í Evrópu og haldið var áfram að vinna að undirbúningi Madrid ráðstefnunnar. Öll Evrópuráðsríkin lýstu yfir áframhaldandi stuðningi við slökunarstefnuna í samskiptum austurs og vesturs.

Einnig var á s. l. ári reynt að samræma skoðanir og stefnu aðildarríkja Evrópuráðsins í málefnum Sameinuðu þjóðanna. Ræddi ráðherranefndin sérstaklega um helstu mál, sem voru á dagskrá síðasta allsherjarþings og varð henni töluvert ágengt í tilraunum sínum til samræmingar.

Eins og áður voru mannréttindamálefni ofarlega á baugi í starfsemi Evrópuráðsins. M. a. stofnaði ráðherranefndin á s. l. ári nefnd sérfræðinga, er gera skal tillögur um, hvernig unnt sé að auka og tryggja betur réttindi einstaklinga í aðildarríkjunum á sviði félags-, menningar- og efnahagsmála. Hinn 30. október 1979 var minnst 20 ára afmælis Mannréttindadómstóls Evrópu og 25 ára afmælis Mannréttindanefndarinnar, en Evrópuráðið er eina starfandi fjölþjóðastofnunin, þar sem aðilar eru sammála um og hafa skipulagt samvinnu um ráðstafanir til að tryggja, að staðið sé við skuldbindingar aðildarríkja um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

Ráðherranefndin ræddi leiðir til þess að draga úr efnahags- og félagslegu misræmi, er ríkir meðal aðildarríkja. Var hafin sérstök athugun á því á hvern hátt Evrópuráðið gæti lagt sinn skerf að mörkum til úrbóta, svo og hvernig mætti stuðla að því að jafna og bæta lífsafkomu íbúa þeirra aðildarríkja, sem við lélegust kjör búa. Er verið að íhuga, hvort Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins geti ekki tekið virkari þátt í þessari viðleitni en hann hefur gert fram til þessa.

Vegna hættu á auknu atvinnuleysi í mörgum aðildarríkjum á næstu árum ákvað ráðherranefndin í nóvember s. l. að láta rannsaka ástand atvinnumála í Evrópu. Verður haldin sérstök atvinnumálaráðstefna í Osló í lok 1980, þar sem fulltrúar ríkisvalds, launþega og atvinnurekenda munu bera saman bækur sínar um ástand og horfur í atvinnumálum Evrópuráðsríkja og setja fram tillögur um úrbætur.

Auk ráðherranefndarinnar starfaði hinn „armur" Evrópuráðsins, ráðgjafarþingið, á hefðbundinn hátt s. l. ár. Kom það þrisvar saman á árinu, en á ráðgjafarþinginu eiga sæti þingmenn, kjörnir eða tilnefndir af þingum aðildarríkja. Alþingi átti eins og áður 3 fulltrúa á ráðgjafarþinginu, auk varafulltrúa. Vegna fjölgunar aðildarríkja hefur þingfulltrúum verið fjölgað úr 140 í 170.

Ráðgjafarþingið ræddi fjölda mála, er snerta hagsmuni Evrópu og samþykkti margar ályktanir til ráðherranefndarinnar um frekari aðgerðir í þeim efnum. Fjölluðu þær aðallega um mannréttindamálefni, umhverfis- og mengunarmál, vísindi og tækni, svo og efnahags- og félagsmál.

IV. Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands.

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um friðsamlega lausn deilumála og bannar ríkjum að fara með ófriði á hendur öðrum. Framkvæmdarvald samtakanna er þó mjög ótraust vegna neitunarvalds einstakra stórþjóða í Öryggisráðinu, auk þess sem vart yrði gripið inn í fyrr en árás hefði þegar verið gerð og óbætanlegur skaði skeður Því kveður sáttmálinn sérstaklega á um rétt aðildarríkja til að bindast samtökum um að tryggja varnir sínar.

Ekki var langt um liðið frá stofnun samtakanna þegar flest lýðræðisríki Vestur Evrópu sáu sig til þess knúin að mynda slík varnarsamtök með ríkjum Norður Ameríku. Við Íslendingar urðum stofnaðilar að þessum samtökum, enda töldu fulltrúar mikils meirihluta þjóðarinnar atburði síðari heimsstyrjaldarinnar hafa sýnt svo ekki yrði um villst að hlutleysisstefnan frá 1918 dygði ekki til að tryggja öryggi þjóðarinnar. Nokkru síðar kom bandarískt varnarlið hingað til lands á grundvelli sérstaks samnings innan ramma NATO-sáttmálans og hefur sú skipan haldist síðan.

Atlantshafsbandalagið er samtök þjóða með svipaða menningu og lífsskoðanir. Þær hafa komið sér upp varnarkeðju til að tryggja sig fyrir utanaðkomandi árás og í því skyni leggja þær allar eitthvað af mörkum. Framlag okkar Íslendinga hefur aðallega verið og er aðstaðan á Keflavíkurflugvelli. Óslitin varnarkeðja er öruggasta leiðin til að tryggja að aldrei þurfi að grípa til vopna. Ef við Íslendingar skerumst úr leik höfum við veikt þessa keðju og þar með dregið úr öryggi allra þeirra þjóða, sem setja traust sitt á bandalagið, einnig okkar sjálfra.

Aðalhlutverk varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli er kafbátaleit og kafbátaeftirlit auk þess sem hún fylgist með ferðum hernaðarflugvéla. Mætti því e. t. v. allt eins vel nefna hana eftirlitsstöð eins og varnarstöð. Einnig er Keflavíkurflugvöllur mikilvægur fyrir flugsamgöngur milli Evrópu og Ameríku vegna legu landsins mitt á milli þessara tveggja heimsálfa og einnig er öryggi allra skipaflutninga á hættutímum mjög háð aðstöðu á Íslandi eins og sýndi sig í síðari heimsstyrjöldinni.

Þegar litið er á þau atriði, sem ég hef hér minnst á má ljóst vera, að verulegar breytingar hafa orðið á hlutverki varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli í kjölfar tækniþróunar undanfarinna áratuga. Hún hefur færst æ meira í það horf að gegna fyrst og fremst hlutverki eftirlits og viðvörunarstöðvar. Sem slík er hún þó ekki síður mikilvæg sameiginlegu öryggi allra bandalagsríkjanna en hún var fyrir 30 árum.

Hlutverk þess varnarbandalags, sem við erum aðilar að, og þess hlekks, sem við erum í keðjunni, er að sjá til þess með traustum vörnum að ekki komi til styrjaldar og jafnframt er það hlutverk þessa bandalags og hlutverk, sem ég legg mikla áherslu á, að vinna að afvopnun, sem framkvæma verður stig af stigi með vönduðum samningum og raunhæfu eftirliti, sem tryggi heiðarlega og undanbragðalausa framkvæmd slíkra samninga. Undir árangri í þessum málum er það komið hversu fljótt aðstæður í heiminum verða þannig, að unnt reynist að láta varnarliðið fara frá Íslandi.

Varnarmáladeild.

Á vegum varnarmáladeildar var unnið að framkvæmd margs konar málaflokka er varða Keflavíkurflugvöll og starfsemi varnarliðsins þar. Merkum áfanga var náð á árinu, er nýr flugturn með fullkomnasta tækjabúnaði var tekinn í notkun og þar með fullnægt einu af þeim atriðum, er samið var um í samkomulagi milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna í október 1974. Heildarbyggingarkostnaður flugturnsins var um 4 milljarðar íslenskra króna.

Lokið var við aðra stórframkvæmd, sem samvinna var um með varnarliðinu og sveitarfélögunum á Suðurnesjum, þ. e. byggingu sorpeyðingarstöðvar og mun hún geta eytt öllu sorpi sem til fellur á Suðurnesjum. Heildarkostnaður nam um 5—600 milljónum króna og mun stöðin fyrst um sinn afkasta eyðingu 7—8000 lesta á ári.

Byggingarnefnd nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli vann mikið starf á árinu, en í tilefni ákvæðis í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar hef ég ritað þeirri nefnd bréf og falið henni að taka til ítarlegrar endurskoðunar hönnunarforsendur flugstöðvarbyggingar, einkum með tilliti til mats á stærð, kostnaði og breyttum aðstæðum í millilandaflugi Íslendinga. Nefndin skal ennfremur endurskoða fyrirhugaða byggingaráfanga og gæðakröfur. Núverandi flugstöð var endurbætt á árinu. Var hún öll klædd ytra og tækjabúnaður við öryggisleit aukinn og endurbættur.

Átak var gert í umhverfismálum er snerta flugvöllinn og nágrenni hans. Var skipuð á árinu umhverfisnefnd fyrir varnarsvæðin og unnið að þeim málum. Sérstök könnun var gerð á ásigkomulagi eldsneytisgeyma varnarliðsins á vegum Siglingamálastofnunarinnar og í framhaldi af því starfi vinnur samvinnunefnd á vegum ráðuneytisins og varnarliðsins að könnun og undirbúningi á byggingu nýs kerfis eldsneytisgeyma í stað þess er nú er.

Ákveðið hefur verið að gera þá breytingu á löggæslu í Grænáshliði Keflavíkurflugvallar, að íslenskir lögreglumenn annist þar einir löggæslu og eftirlit, eins og verið hefur í aðalhliði vallarins frá 1. nóvember 1973. Stefnt er að því, að þessi breyting verði komin að fullu til framkvæmdar í júní n. k. og verður þá svokölluðu Turner-hliði jafnframt lokað.

Rekstur Fríhafnarinnar skilaði ríkissjóði af nettó-hagnaði um 350 milljónum króna, en fyrirsjáanlegt er að rekstur Fríhafnarinnar mun dragast saman að einhverju leyti vegna breytinga á áætlanaflugi Flugleiða h. f.

Hagkvæmnisathugun var gerð á rekstri lögreglustjóraembættisins og hafa verið gerðar breytingar á vaktaskipun og vinnutilhögun sem horfir til sparnaðar í útgjöldum. Rekstrarútgjöld embættisins nema um 600 milljónum, en heildarinnheimta var yfir 1,4 milljarðar, sem er um 99% af álögðum þinggjöldum.

Starfsemi varnarliðsins var með svipuðum hætti og árið áður og íslenskir starfsmenn á vegum þess voru um s. l. áramót 996.

Á vegum ýmissa verktaka á Keflavíkurflugvelli voru um s. l. áramót 754 starfsmenn og 191 starfsmaður við ýmsar ríkisstofnanir þar.

V. Hafréttarmál.

Snemma árs 1979 lagði þáverandi ríkissjórn fyrir Alþingi frumvarp að heildarlöggjöf um landhelgismál. Var það samþykkt samhljóða í maí sama ár og hinn 1. júní 1979 tóku síðan gildi lög nr. 41 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn Íslands.

Hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna.

Á síðastliðnu ári var haldinn 8. fundur þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Fyrri hluti fundarins var haldinn í Genf dagana 19. mars til 27. apríl og seinni hlutinn í New York dagana 19. júní til 24. ágúst. Haldið var áfram að fjalla um sjö málefni sem talið var brýnast að ná samkomulagi um. Við lok Genfar-fundarins voru gefin út endurskoðuð drög að hafréttarsáttmála þar sem m. a. var að finna málamiðlunarákvæði um réttindi landluktra og „landfræðilega afskiptra“ ríkja og um lausn deilumála varðandi fiskveiðar í efnahagslögsögu.

Á fundinum í New York var haldið áfram viðræðum um málefni sem varða alþjóðahafsbotnssvæðið, ytri mörk landgrunnsins og skiptingu hafsvæða og landgrunns milli nágrannaríkja. Ekki tókst að ná samkomulagi um þau mál.

Fyrri hluti 9. fundarins var síðan haldinn í New York dagana 28. febrúar til 3. apríl. Talsverður árangur náðist á fundinum varðandi þau mál, sem hlotið hafa forgangsathugun síðustu tvö árin og var ákveðið að gefa út önnur endurskoðuð drög að hafréttarsáttmála.

Síðari hluti 9. fundarins verður haldinn í Genf dagana 28. júlí til 29. ágúst.

Jan Mayen.

Síðastliðið sumar, dagana 29.—30. júní, fóru fram í Reykjavík formlegar samningaviðræður Íslendinga og Norðmanna varðandi Jan Mayen. Samkomulag náðist þá ekki og var áformað að viðræður héldu áfram síðar á árinu. Þeim varð að fresta tvívegis, fyrst vegna sveitarstjórnakosninga í Noregi og síðan stjórnmálaástandsins hér, en framhaldsviðræður fóru síðan fram nú um miðjan apríl.

Sá þáttur Jan Mayen málsins, sem einkum hefur rekið á eftir samkomulagi, er loðnuveiðarnar. Norðmenn hófu veiðar á loðnu við Jan Mayen sumarið 1978, en einmitt um svipað leyti komu fram fyrstu ábendingar fiskifræðinga um að takmarka þyrfti sókn í loðnustofninn honum til verndar. Þarna er um að ræða hagsmunaárekstur sem miklu skiptir fyrir afkomu íslenska þjóðarbúsins, því að loðnuveiðarnar hafa náð því að skapa um fimmtung af verðmæti íslensks sjávarafla og loðnumagnið verið u. þ. b. 60% þess er á land hefur verið fært.

Að öðru leyti snýst málið svo sem kunnugt er, einkum um það, að tryggja áframhaldandi möguleika Íslendinga til annarra fiskveiða á svæðinu, svo og réttindi á landgrunninu utan 200 mílna — en ekki þykir útilokað að olía eða önnur verðmæti kunni þar að finnast.

Norðmenn gera kröfu til fiskveiði- eða efnahagslögsögu umhverfis Jan Mayen, en hafa þó lýst yfir að þeir vilji taka sanngjarnt tillit til hagsmuna Íslendinga.

Í málinu hefur verið haldið uppi kynningarstarfsemi, einkum að því er varðar loðnuveiðarnar og sögulega hlið málsins, m. a. vakin athygli á að Íslendingar áskildu sér með formlegum hætti þegar á árinu 1927 jafnrétti við þegna hvaða ríkis sem væri til nýtingar á auðlindum Jan Mayen og er ekki kunnugt um slíkan fyrirvara af hálfu annarra þjóða.

Sum lögfræðileg atriði sem snerta eða snert geta málið hafa verið til meðferðar á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna.

Í viðræðunum hér dagana 14.—15. apríl þokaðist málið nokkuð áfram en lausn þess er vandasöm. Ákveðinn var nýr fundur í Osló á tímabilinu 7.—10. maí n. k. Ekki er hægt að segja fyrir um árangur.

Veiðar útlendinga við Ísland.

Þrír samningar um fiskveiðiheimildir erlendra manna við Ísland eru nú í gildi:

1. Samningur við Færeyinga, sem upphaflega var gerður 1976, en breytt þannig á s. l. ári, að hámark þorskaflans í heildarafla var lækkað. Nú hafa Færeyingar heimild til að veiða hér við land 17.000 lestir á ári og þar af skal þorskafli ekki fara yfir 6.000 tonn.

2. Samningur við Belga, sem gerður var 1975, en síðan breytt nokkuð á s. l. ári. Þá var aflahámarkið lækkað úr 6.500 í 5.000 tonn og skal þorskaflinn ekki vera umfram 15%, þ. e. 750 tonn. Nýlega hefur síðan verið gengið frá viðbótarsamkomulagi um tilkynningarskyldu og gerð aflaáætlana fyrir árið til þess að auðvelda eftirlit með þessum veiðum. Átta litlir og fremur gamlir togarar hafa nú leyfi til að stunda þessar veiðar við Ísland, allir frá Oostende.

3. Samningur við Normenn frá 1976 um línu- og handfæraveiðar við Ísland. Samkvæmt honum hefur verið ákveðið, að heildarafli Norðmanna megi vera 2.000 lestir á þessu ári, þar af ekki meira en 300 tonn þorskur.

VI. Flugmál.

Flugmál hafa verið í sviðsljósi undanfarna mánuði. Eftir nær aldarfjórðungs arðbært flug Loftleiða h.f. og síðar Flugleiða h.f. á flugleiðinni milli Luxembourg og Bandaríkjanna, hafa veður skipast í lofti og er nú tvísýnt um framhaldið. Flugleið þessi hefur verið veigamikill þáttur í atvinnugrein, sem við Íslendingar höfum verið stoltir af. Flug þetta hefur skilað arði og gjaldeyristekjum í þjóðarbúið og verið ein af undirstöðum uppbyggingar ferðamála hér á

landi. Fjöldi landsmanna byggir lífsafkomu sína á störfum beint og óbeint tengdum þessum flugrekstri. Það er því ekki að ófyrirsynju, að íslensk stjórnvöld hafa að undanförnu reynt að stuðla að því að þessi flugrekstur geti þróast áfram.

Að undanförnu hafa verið tíðir fundir íslenskra embættismanna með stjórnvöldum í Luxembourg ásamt fulltrúum Flugleiða. Þáttaskil urðu í þeim viðræðum hinn 24. mars. s. l. er viðræðunefndir undir forystu samgönguráðherra beggja landa komu sér saman um tillögur um opinberan stuðning við N.-Atlantshafsflugið, m. a. tímabundna niðurfellingu lendingargjalda. Tillögur þessar eru þegar þetta er ritað til meðferðar hjá ríkisstjórnum landanna.

VII. Þróunaraðstoð.

Aðstoð Íslendinga við þróunarlönd er ennþá mun minni en vera skyldi. Þar stefnir þó í rétta átt. Á fundi hinn 29. janúar s. l. ákvað þáverandi ríkisstjórn, að höfðu samráði við þingflokkana og aðra aðila, að ráðast í aðstoð við Cape Verde á sviði fiskveiða. Tilmæli um slíka aðstoð bárust frá þessu nýsjálfstæða eyríki sumarið 1977 og hefur síðan verið unnið að athugunum og undirbúningi, m. a. hafa íslenskir sérfræðingar tvívegis farið suður þangað og fiskimálastjóri eyjanna komið hingað í heimsókn. Er aðstoðin nú um það bil að hefjast, en hún felst í því að þrír Íslendingar, þeir Magni Kristjánsson, forstöðumaður verkefnisins, Halldór Lárusson, skipstjóri og Árni Halldórsson, vélstjóri, munu dveljast á Cape Verde um 1½ árs skeið og veita leiðbeiningar um fiskveiðar og skyld efni. Þeir hafa til starfseminnar 200 lesta stálskip — m/s „Bjart" — sem ríkissjóður hefur keypt í þeim tilgangi. Þess er vænst að hér geti orðið um að ræða mikilsverðan vaxtarbrodd atvinnulífs og sjávarútvegs á eyjunum, þar sem hefur ríkt hörmulegt ástand vegna þurrka í meira en áratug. Þetta er annað aðstoðarverkefnið sem gerður er tvíhliða samningur um milli Íslands og þróunarríkis og hið mesta til þessa. Auk stofnunarinnar Aðstoð Íslands við þróunarlöndin tekur Fiskifélag Íslands þátt í framkvæmd málsins.

Aðstoðin við uppbyggingu fiskveiða í Kenya, sem hófst haustið 1978, fyrsta tvíhliða aðstoðarverkefnið, hefur haldið áfram. Hefur Baldvin Gíslason, skipstjóri, dvalist í Mombasa við ýmis leiðbeiningarstörf og haft til afnota stálskipið m/s „Shakwe", 120 smálestir. Ýmsar tafir hafa orðið, m. a. vegna ásigkomulags skipsins í upphafi, en nokkur árangur engu að síður náðst og stjórnvöld þar syðra lokið lofsorði á störf Baldvins. Ekki hefur verið ákveðið hvort verkefninu verður haldið áfram þegar samningstímabilinu lýkur í ágúst n. k.

Auk þessara tvíhliða verkefna er Ísland aðili að norrænum aðstoðarverkefnum á sviði landbúnaðar o. fl. í Kenyu, Tanzaníu og Mozambique, svo og norrænni aðstoð í tengslum við Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) til eflingar fjölmiðlun í Afríku. — Í samræmi við ályktun Norðurlandaráðs 5/1977 hefur nýlega verið samin skýrsla um samstarf Norðurlandanna á sviði þróunaraðstoðar, sem átt hefur sér stað á grundvelli samnings þeirra frá 18. júlí 1968, með tilliti til hugsanlegrar eflingar þess. Einnig er nú í framhaldi ályktunar Norðurlandaráðs 14/1978 unnið að tillögugerð varðandi betri nýtingu sjávarafurða í þarfir þróunarríkjanna. Er dr. Jakob Magnússon, fiskifræðingur, í starfshópi um síðastnefnt efni.

Á s. l. ári dvöldust hér á landi 4 styrkþegar frá Filippseyjum og Kína til þjálfunar og uppfræðslu á sviði jarðhitaleitar og -nýtingar hjá jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem dr. Ingvar Birgir Friðleifsson veitir forstöðu á vegum Orkustofnunar. Jarðhitaskólinn starfar á grundvelli samnings milli Orkustofnunar og háskólans sem tók gildi 1. mars 1979 og var þetta því fyrsta starfsár skólans. Von er á 7 styrkþegum hingað á þessu ári frá áðurnefndum löndum og auk þess Indlandi, El Salvador og Honduras. Jafnframt gegnir jarðhitaskólinn hér því lykilhlutverki á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU) að annast starfsemi alþjóðlegrar ráðgjafar- og samvinnunefndar um jarðhitaþjálfun á vegum Sameinuðu þjóðanna og sérstofnana þeirra.

Á nýsamþykktum fjárlögum er gert ráð fyrir að framlög til þróunaraðstoðar aukist úr 393,1 milljón króna árið 1979 í 737,1 m. kr. á þessu ári, eða úr 0,048% af áætlaðri þjóðarframleiðslu í 0,061%. Nánar vísast um framlög þessi til yfirlits sem fylgir skýrslu þessari, en þar munar nú mest um Cape Verde aðstoðina, sem veittar eru til 280 milljónir króna, auk lántöku vegna skipskaupa. Verulegur hluti heildarframlagsins til þróunaraðstoðar fer enn í gegnum fjölþjóðastofnanir, en stefnan er sú að aukning framlaga renni fyrst og fremst til tvíhliða verkefna sem miða að því að miðla íslenskri sérfræðiþekkingu og reynslu til þróunarlandanna bæði í formi tækniþjónustu og hagnýtra framleiðsluvara.

Nú fer að nálgast áratug síðan lögin nr. 20/1971 um aðstoð Íslands við þróunarlöndin voru sett og eru þau því til sérstakrar skoðunar í ljósi fenginnar reynslu og fyrirsjáanlegrar þróunar á þessu sviði.

Neyðarhjálp ýmiskonar, er einkum beinist að þjóðum sem skemmra eru á veg komnar í efnahagslegri þróun eða orðið hafa fyrir náttúruhamförum, óx verulega á s. l. ári. Þar ber hæst þá ákvörðun að veita viðtöku til búsetu hér 34 flóttamönnum frá Vietnam. Þeim hefur gengið vonum framar að aðlagast aðstæðum hér svo ólíkar sem þær eru heimalandi þeirra. Ríkisstjórnin fól Rauða krossi Íslands að annast framkvæmdir í máli þessu í samráði við stjórnvöld og verður þeim brátt að mestu lokið. Hefur RKÍ unnið mikið starf í þessu sambandi og á fyrir það viðurkenningu skilið.

VIII. Utanríkisviðskiptin 1979.

Framkvæmd utanríkisviðskipta er að langmestu leyti á vegum viðskiptaráðuneytisins, og er eftirfarandi yfirlit frá því komið.

Árið 1979 var hagstætt fyrir utanríkisviðskiptin í heild. Verðmæti útflutningsins jókst um 22% miðað við dollara og innflutningsins um 22%. Annað árið í röð var vöruskiptajöfnuðurinn jákvæður, ef innflutningur eins og útflutningur reiknast á fob verði. Birgðir útflutningsvara jukust á árinu, en aftur á móti höfðu þær minnkað á árinu 1978.

Markaðir fyrir íslenskar útflutningsvörur voru yfirleitt góðir. Þó heimiluðu stjórnvöld Nígeríu ekki ný skreiðarkaup á árinu 1979 og hefur það valdið framleiðendum vissum erfiðleikum. Hins vegar voru næstum engar óseldar skreiðarbirgðir í landinu í ársbyrjun og tekist hefur að selja nokkuð af framleiðslu ársins til Ítalíu og annarra kaupenda. Þess er vænst, að stjórnvöld í Nígeríu taki fljótlega til endurskoðunar afstöðu sína til innflutnings á skreið.

Í janúarlok 1979 fór Svavar Gestsson, viðskiptaráðherra, til Portúgal til að greiða fyrir sölu á saltfiski þangað. Í viðræðunum er af hálfu portúgalskra stjórnvalda lögð mikil áhersla á aukna sölu á portúgölskum vörum og þjónustu til Íslands til þess að auðvelda kaup á saltfiski. Sá árangur, sem náðst hefur á því sviði, átti þátt í því, að saltfisksamningur tókst síðar á árinu, og var öll framleiðsla ársins seld til Portúgals og annarra landa. Vegna stóraukins innflutnings frá Portúgal og heldur batnandi efnahagsástands þar, eru horfur góðar á áframhaldandi saltfisksölum þangað.

Í fyrra voru olíuverðhækkanirnar og áhrif þeirra á viðskiptakjör eflaust stærsta viðskiptavandamálið. Eins og kunnugt er, hefur á undanförnum árum verð á olíuvörum keyptum til Íslands verið yfirleitt háð skráningu á hinum s. k. Rotterdammarkaði. En vegna skorts á olíuvörum hækkaði þetta verð miklu meira á árinu 1979 en verð almennt á olíumörkuðum nágrannaríkjanna.

Megnið af olíuvörum hefur verið keypt af Sovétríkjunum samkvæmt árlegum samningi viðskiptaráðuneytisins og Sojuznefteexport, sem framseldur hefur verið íslensku olíufélögunum. Reynt var að fá sovéska fyrirtækið til að fallast á hagstæðari verðviðmiðun en Rotterdamskráninguna, en tókst ekki. Ekki var heldur hægt á árinu 1979 að útvega olíuvörur frá öðrum olíufyrirtækum á hagstæðara verði. Ríkisstjórnin skipaði um mitt árið olíuviðskipta-

nefnd til að athuga möguleika á hagstæðari olíukaupum heldur en samið var um við sovéska olíufélagið. Helsti árangur af starfi nefndarinnar var, að breska ríkisolíufélagið British National Oil Corporation gaf vilyrði um afgreiðslu á gasolíu á stöðugra verðlagi, en þó ekki fyrr en á seinna misseri þessa árs. Eru nú horfur á því, að fljótlega verði gengið frá samningi um kaup á gasolíu fyrir um það bil helming af þörfum landsins á tímabilinu 1. júlí 1980 til ársloka 1981.

Í viðskiptaviðræðum, sem fram fóru í Moskvu í september 1979, voru olíumálin og frekari sölur á íslenskum vörum til Sovétríkjanna aðalumræðuefnið. Enn fremur voru ræddar hugmyndir að nýjum 5 ára viðskiptasamningi Íslands og Sovétríkjanna, sem tæki gildi þegar núverandi viðskiptasamningur rennur út um næstu áramót.

Á árinu 1979 fóru einnig fram formlegar viðskiptaviðræður um framkvæmd viðskiptasamninganna við Pólland, Tékkóslóvakíu og Þýska alþýðulýðveldið. Viðskiptin við þessi lönd eru í nokkuð föstum hefðbundnum skorðum og bein afskipti stjórnvalda af þeim minni en oft áður.

Verndartollar á vörum frá öðrum aðildarríkjum EFTA og EBE-ríkjum lækkuðu niður í 0 hinn 1. janúar 1980 eins og um hafði verið samið. Er aðlögunartími Íslands því liðinn. Tollfríðindi til handa Íslandi af hálfu EFTA-landanna komu til framkvæmda hinn 1. mars 1970. Tollfríðindi EBE-ríkjanna á iðnaðarvörum komu almennt til framkvæmda í áföngum á tímabilinu 1. apríl 1973 —1. júlí 1977 en á sjávarafurðum samkvæmt bókun nr. 6 við viðskiptasamninginn við bandalagið hinn 1. júlí 1976.

Á árinu 1979 nam útflutningur Íslands til EFTA-landa 38 027.0 milljónum kr. eða 108.0 milljónum Bandaríkjadala samkvæmt meðalgengi en innflutningur til Íslands frá EFTA-löndunum nam 66 223.1 milljón kr. eða 187.7 milljónum dala. Miðað við árið 1978 jókst útflutningur Íslands til EFTA-landanna um 28.4% í dölum talið en innflutningur frá EFTA-löndunum jókst um 25.2% í dölum. Útflutningurinn til EFTA-landa 1979 var 13.7% af heildarútflutningi Íslendinga (12.9% árið 1978) en innflutningur frá EFTA-löndum árið 1979 var 22.7% af heildarinnflutningi Íslendinga (22.2% árið 1978).

Á árinu 1979 nam útflutningur Íslands til EBE-ríkja 107 505.8 milljónum kr. eða 305.3 millj. Bandaríkjadala samkvæmt meðalgengi en innflutningur til Íslands frá EBE-ríkjunum nam 135 318.3 milljónum kr. eða 383.4 milljónum dala. Miðað við árið 1978 jókst útflutningur Íslands til EBE-ríkjanna um 46.6% í dölum talið en innflutningur frá EBE-ríkjunum jókst um 20.2% í dölum. Útflutningurinn til EBE- ríkjanna 1979 var 38.6% af heildarútflutningi Íslendinga (32.1% árið 1978) en innflutningur frá EBE-ríkjunum árið 1979 var 46.5% af heildarinnflutningi Íslendinga (47.2% árið 1978).

Útflutningur Íslands til EFTA- og EBE-landa hefur aukist um 646% frá 1969 til 1979 (úr 55.4 í 413.3 milljónir Bandaríkjadala) en innflutningurinn á sama tíma um 670% (úr 74.1 í 571.0 milljón dala). Útflutningur Íslands til annarra landa hefur á sama tímabili aukist um 621% (úr 52.3 í 377.5 milljónir Bandaríkjadala) en innflutningurinn um 555% (úr 38.8 í 254.4 milljónir dala).

Eins og vikið var að í síðustu ársskýrslu eru tollfríðindi á íslenskum sjávarafurðum og iðnaðarvörum í EBE- og EFTA-löndum okkur Íslendingum mikils virði. Einkum hefur bókun nr. 6 við viðskiptasamning Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu sem gekk í gildi hinn 1. júlí 1976 og tekur til sjávarafurða haft vaxandi gildi fyrir okkur.

Á árinu 1979 voru fluttar út sjávarafurðir sem tollfríðinda nutu í EBE-ríkjum fyrir um 52.3 milljarða króna og má lauslega áætlað meta tollaívilnanir af þessum útflutningi á um 4.7 milljarða króna. Tollaívilnanir af útflutningi iðnaðarvara til EBE-ríkja á árinu 1979, sem var að verðmæti um 35.1 milljarður króna, má meta á um 2.7 milljarða króna. Samtals verða því tollaívilnanir EBE-ríkja á sjávarafurðum og iðnaðarvörum á árinu 1979 metnar á 7.4 milljarða króna. Má telja að þessi tollfríðindi hafi að miklu leyti komið Íslandi til góða í hækkuðum útflutningstekjum.

Helstu tollaívilnanir á útflutningsvörum Íslands til EBE-ríkjanna á árinu 1979 má meta sem hér segir (í milljónum króna):

a)	Fryst fiskflök	2 066
	ísfiskur	1 181
	fryst rækja	608
	lagmeti	292
b)	ál	1 940
	ullarvörur	432
	kísiljárn	331

Mesta aukningin í útflutningi á sjávarafurðum til EBE á milli áranna 1978 og 1979 hefur verið í ísfiski, frystum fiskflökum og lagmeti, um tvöföldun í krónutölu. Sama má segja um skinn og prjónavörur úr ull en útflutningur á áli hefur mun meira en tvöfaldast í krónum talið.

Erfiðara er að reikna út ávinning af tollalækkunum vegna útflutnings til EFTA-landanna þar eð mismunandi tollar gilda í þeim löndum en ekki einn ytri tollur fyrir hverja vörutegund eins og í EBE. Samt er ljóst að tollfríðindi í EFTA-löndunum skipta minna máli en tollfríðindin í EBE.

Í febrúar 1980 hófust samingaviðræður einstakra EFTA-landa og Efnahagsbandalags Evrópu um viðbótarbókun við viðskiptasamninga landanna við EBE vegna aðildar Grikklands að bandalaginu frá og með 1. janúar 1981. Viðskipti Íslands við Grikkland felast svo til einvörðungu í útflutningi íslensks saltfisks. Árið 1979 nam útflutningurinn 4 661 tonni að verðmæti 3 183,6 milljónir króna (9 milljónir Bandaríkjadala á meðalgengi). Standa vonir til að útflutningur saltfisks til Grikklands verði tollfrjáls frá 1. janúar 1981 svo sem til EBE-ríkja nú.

Á árinu 1979 samþykkti ráð EFTA að heimila 3% aðlögunargjald sem lagt yrði á fríverslunarvörurnar til að aðstoða vissar iðngreinar sem átt höfðu í erfiðleikum á síðustu stigum tollalækkananna. Ráðsákvörðunin miðaðist við tímabilið 1. júlí 1979 — 31. desember 1980 en þá fellur aðlögunargjaldið niður samkvæmt lögum þar að lútandi. Þá samþykkti ráðið að innborgunargjald af innfluttum húsgögnum o. fl. sem samkvæmt auglýsingu nr. 1 frá 1979 skal gilda frá 8. janúar 1979—31. desember 1980 skyldi heimilt frá 8. janúar 1979 — 8. júlí 1980. Á árinu 1978 samþykkti ráðið að heimila 3% jöfnunargjald til að bæta fyrir uppsöfnuð áhrif söluskatts en búist var við því að gjaldið félli niður á árinu 1980 við upptöku virðisaukaskatts. EBE hefur ekki samþykkt neitt þessara gjalda. Telur bandalagið aðlögunargjaldið brot á grundvallarreglu viðskiptasamningsins og því beri að afnema það. Þá er EBE sérstaklega andvígt því að tvenns konar álögur séu lagðar á sömu vöruna, þ. e. húsgögn o. fl., en auk aðlögunargjaldsins er innborgunarskylda á innfluttum húsgögnum. Búast má þó við að EBE líði þessar álögur þann tíma sem eftir er af gildistíma reglna þar um.

Fríverslunarsamningur EFTA-landanna og Spánar sem undirritaður var í Madrid hinn 26. júní 1979 var fullgiltur af Íslands hálfu í desember 1979 að fenginni heimild Alþingis hinn 20. s. m. Er búist við að Spánn fullgildi samninginn í apríl eða maí 1980 og tollalækkanir komi til framkvæmda um tveimur mánuðum síðar. Samkvæmt samningi þessum lækka verndartollar á flestum iðnaðarvörum frá Spáni um 60% miðað við grunntolla hinn 1. janúar 1978. Spánn mun hins vegar lækka tolla á sumum iðnaðarvörum frá EFTA-löndunum um 60% og á öðrum um 25%. Að frumkvæði Íslands fékkst tekinn upp viðauki við sjálfan samninginn sem fjallar um fríverslun með fisk og fiskafurðir og munu tollar á saltfiski sem var 96.1% af útflutningi okkar til Spánar árið 1978 lækka um 25%, þ. e. úr 10% í 7.5%. Þegar Spánn verður aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu, hugsanlega árið 1983, mun samningurinn falla sjálfkrafa úr gildi en við taka fríverslunarsamningar hvers EFTA-lands um sig við bandalagið með óhjákvæmilegum breytingum.

Hinn 30. júní 1979 var gengið frá Genfarbókuninni 1979 við Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT). Bókunin er árangur marghliða viðskiptaviðræðna á vegum GATT á árunum 1973—1979 — Tókýóviðræðnanna — en þær viðræður voru umfangsmeiri en nokkrar aðrar viðskiptaviðræður á vegum GATT til þessa. Tillaga til þingsályktunar um aðild Íslands að bókuninni sem lögð var fyrir Alþingi í janúar 1980 og samþykkt þar hinn 11. mars 1980 mun leiða til nokkurra tollalækkana á ýmsum útflutningsvörum Íslands á tímabilinu 1980—1987. Þar undir fellur mikilvægasta útflutningsvara okkar, fryst flök (önnur en blokkfryst flök) sem flutt eru út á Bandaríkjamarkað en tollalækkun á frystum flökum yrði röskar 200 milljónir króna árið 1987 miðað við núverandi gengi. Almennar tollalækkanir Íslendinga á árunum 1973—1978 til að girða fyrir óeðlilegan mun á tollum frá fríverslunarlöndum og öðrum löndum voru viðurkenndar sem framlag Íslands til tollalækkana í Tókýóviðræðunum og verður því ekki um að ræða neinar sérstakar tollalækkanir af Íslands hálfu á grundvelli bókunarinnar miðað við íslensku tollskrána í dag. Auk Genfarbókunarinnar 1979 um tollalækkanir var í Tókýóviðræðunum gengið frá nokkrum samningum, m. a. fimm samningum vegna viðskiptatálma, annarra en tolla, en þeir samningar eru í athugun.

Snemma á árinu 1980 var skipuð nefnd á vegum viðskiptaráðuneytisins til að kanna málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar sem er sjálfstæð stofnun innan vébanda Efnahags- og framfararstofnunarinnar og var efnt til könnunarviðræðna við forráðamenn stofnunarinnar í París í febrúarlok. Unnið er að skýrslugerð í málinu.

IX. Utanríkisþjónustan almennt.

Með sambandslögunum 1918 fengu Íslendingar ákvörðunarvald í utanríkismálum sínum, en jafnframt var ákveðið að Danir skyldu fara með þessi mál í umboði Íslendinga. Á fjórða áratugnum hófu nokkrir Íslendingar störf í dönsku utanríkisþjónustunni til undirbúnings því að Íslendingar tækju sjálfir að sér gæslu þessara hagsmuna þegar sambandssáttmálinn félli úr gildi. Áður en að því kæmi olli hernám Þjóðverja því, að Danir gátu ekki lengur farið með utanríkismálin fyrir Íslands hönd. Hinn 10. apríl 1940 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um, að Íslands skyldi að svo stöddu taka meðferð utanríkismála í sínar hendur. Á grundvelli þessarar þingsályktunar voru síðan gefin út bráðabirgðalög um utanríkisþjónustu erlendis hinn 8. júlí 1940. Öðluðust þessi lög þegar gildi og verður utanríkisþjónustan því 40 ára gömul hinn 8. júlí næstkomandi.

Íslensk sendiráð og fastanefndir eru á 11 stöðum erlendis og hefur tala þeirra verið óbreytt undanfarinn áratug. Þessir staðir eru: Bonn, Brussel, Genf, Kaupmannahöfn, London, Moskva, New York, Osló, París, Stokkhólmur og Washington. Útsendir starfsmenn eru 39 og jafnframt eru tveir sérstakir viðskiptafulltrúar, annar í New York og hinn í París. Loks eru nokkrir starfsmenn ráðnir til aðstoðarstarfa í þeim borgum, þar sem hlutaðeigandi sendiráð starfa, og hlíta þeir ekki flutningsskyldu eins og útsendir starfsmenn. Flestir sendiherrar okkar fara með fyrirsvar fyrir Ísland í fleirum en einu ríki. Alls eru þau ríki sem við þannig höfum sendiherra hjá 51 að tölu, þar af er sendiherra hjá fjarlægum þjóðum, með búsetu í Reykjavík, fulltrúi Íslands í 8 Asíulöndum og annar sendiherra í ráðuneytinu fer með fyrirsvar gagnvart Vatíkanríkinu auk Evrópuráðsins.

Eins og fram kemur hér að ofan eru sendiráð og fastanefndir Íslands eingöngu í Vestur-Evrópu, Sovétríkjunum og Bandaríkjunum. Þetta eru að sönnu takmörkuð svæði þegar litið er á alla heimsbyggðina, en þess ber þá jafnframt að gæta, að til viðbótar sendiráðsskrifstofum hefur Ísland í sinni þjónustu u. þ. b. 180 ólaunaða ræðismenn, sem gæta hagsmuna Íslands og íslenskra ríkisborgara í fjölmörgum ríkjum víða um heim.

Ef litið er á helstu málaflokka, sem sendiráðum okkar ber einkum að sinna skv. núgildandi lögum um utanríkisþjónustu Íslands, þ. e. stjórnmál og öryggismál, utanríkisviðskipti,

menningarmál og aðstoð við Íslendinga, þá kemur einnig í ljós, að staðarval fyrir sendiráð okkar hefur ekki verið tilviljunum háð.

Öll sendiráðin fylgjast í umdæmislöndum sínum með þróun stjórnmála, efnahagsmála, menningarmála og annarra þeirra mála, sem þau telja að gagnlegt sé fyrir íslensk stjórnvöld að fá vitneskju um. Jafnframt afla þau margvíslegra upplýsinga fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir varðandi framkvæmd ýmissa málefna, t. d. vegna undirbúnings að lagasetningu hér á landi. Slíkar fyrirgreiðslur eru verulegur þáttur í starfi sendiráða okkar á Norðurlöndum, Bretlandi og í Þýskalandi. Öryggismál koma verulega til kasta fastanefndarinnar hjá NATO í Brussel og að nokkru sendiráðsins í Washington. Viðskiptamál eru stór þáttur í starfi allra sendiráða okkar og jafnvel aðalstarf sendiráðsins í Moskvu, fastanefndarinnar hjá EFTA í Genf, sendiráðsins hjá EBE í Brussel, sendiráðsins í París, sem jafnframt er fastanefnd hjá OECD og sendiráð fyrir Portúgal og Spán, svo og sendiráðsins í Washington og viðskiptaráðunauti þess í New York. Önnur alþjóðamál koma síðan til kasta flestra sendiráðanna, einkum þó fastanefndanna í New York, Brussel og Genf.

Þegar litið er á viðskiptin við útlönd kemur í ljós, að á árinu 1979 fóru tæp 70% heildarútflutnings Íslendinga til þeirra ríkja í Evrópu og N-Ameríku, þar sem Ísland hefur sendiráð. U. þ. b. 70% innflutningsins koma einnig frá þessum ríkjum. Jafnframt er stjórnmálasamband við öll önnur ríki Evrópu og N-Ameríku. Gæta þessi íslensku sendiráð hagsmuna okkar í þeim öllum og sendiherrar okkar heimsækja þessi lönd bæði reglulega og þegar einhverjir sérstakir hagsmunir krefjast þess, svo sem viðskiptasamningar eða ágreiningur um framkvæmd viðskipta. Til þessara ríkja fara 25% af útflutningi okkar og þaðan koma nær 20% innflutningsins. Samtals fara því 95% af heildarútflutningi Íslendinga til ríkja Evrópu og N-Ameríku og þaðan koma um 90% innflutningsins. Utan Evrópu og N-Ameríku eru það einkum tvö lönd, sem Íslendingar hafa viðskipti við, Japan og Nígería. Sendiherra okkar hjá Japönum hefur aðsetur í Reykjavík, en fer venjulega tvisvar á ári til Japan. Sendiherra Íslands í London er jafnframt sendiherra í Nígeríu og fer þangað nokkuð reglulega, einkum til að sinna viðskiptahagsmunum.

Þegar framangreindar staðreyndir eru hafðar í huga, svo og það, að Íslendingar, sem dveljast erlendis við störf eða nám eru langflestir búsettir í nálægum Evrópuríkjum eða Norður-Ameríku, þá verður að ætla að staðarval fyrir þau hlutfallslega fáu sendiráð, sem við teljum okkur af kostnaðarástæðum fært að halda úti, hafi ráðist af raunverulegri þörf fyrir þau einmitt á þessum stöðum.

Samstarf við þjóðir þriðja heimsins hefur einkum verið rækt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annara alþjóðastofnana. Þróunaraðstoð hefur bæði farið um alþjóðastofnanir, norræn þróunarverkefni og nú á síðustu tímum í tvíhliða samstarfi við þróunarlönd, einkum Cape Verde og Kenya með aðstoð og milligöngu sendiherra okkar hjá þessum ríkjum, sem aðsetur hafa í París og Genf. Hvergi hefur komið fram hjá fulltrúum einstakra Afríkuríkja að þau telji sér sérstakan hag í íslensku sendiráði í Afríku, ef það er í einhverju öðru Afríkuríki og sama máli má ætla að gegni um ríki Suður-Ameríku. Samgöngum er reyndar einnig þannig háttað enn í dag, að fljótlegra er að fara til flestra Afríkuríkja frá helstu borgum Evrópu en frá næstu nágrannaríkjum.

Kostnaður við rekstur hinnar eiginlegu utanríkisþjónustu nemur um hálfum hundraðshluta af ríkisútgjöldum og hefur hlutdeild hennar farið fremur lækkandi með auknum ríkisumsvifum. Öll sendiráðin eru rekin með algjörum lágmarksfjölda starfsmanna, þ. e. sendiherra ásamt yfirleitt aðeins einum fulltrúa, tveimur riturum og aðstoðarmanni. Er vinnuálagið á embættismenn þjónustunnar víða orðið verulega meira en með góðu móti verður til ætlast, m. a. vegna tímafrekrar gæslu hagsmuna í öðrum umdæmislöndum.

Ég mun ekki, að þessu sinni, fara fleiri orðum um þennan málaflokk. Hins vegar vil ég ljúka þessari fyrstu skýrslu minni um utanríkismál með því að segja, að þegar litið er yfir farinn veg á fjörtíu ára afmæli íslenskrar utanríkisþjónustu hljóti það að vera sanngjarnra manna dómur, að vel megi við una.

Skrá yfir framlög Íslands vegna þróunaraðstoðar árin 1973—1980 (í þús. kr.).

	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980[1])
A. Langtíma þróunaraðstoð								
1. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna (UNDP)	5 392	6 040	9 688	12 943	16 000	17 600	27 966	36 391
2. Alþjóðaframfarastofnunin (IDA)	15 392	21 392	54 028	43 863	80 000	60 397	140 397	114 000
3. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal					74 000	38 000	54 000	96 000
4. Aðstoð Íslands við þróunarlöndin	5 013	7 143	10 299	12 524	25 115	40 000	71 000	415 000[2])
5. Alþjóðabankinn (IRBD), stofnfjáraukning						90 000		
6. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU), jarðhitadeild							33 200	45 600
Alls	25 682	34 575	74 015	69 330	195 115	245 997	326 563	706 991
B. Önnur aðstoð, reglubundin framlög[3])								
1. Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn (UNICEF)	1 669	2 400	2 169	2 915	3 517	4 000	5 930	7 092
2. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP)	394	351	714	775	1 154	1 160	2 596	3 199
3. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)	1 288	1 003	1 349	1 577	1 972	2 130	5 180	7 998
4. Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínuflóttamenn (UNRWA)	1 013	1 193	1 984	2 408	2 761	2 890	6 043	6 454
5. Flóttamannaráð Íslands		800	1 050	555	425	425	43 425[4])	800
6. Namibíusjóður Sameinuðu þjóðanna	84	86	149	174	193	623	982	1 600
7. Alþjóðanefnd Rauða krossins	126		278	675	407	853	1 443	1 398
8. S-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna	84	86	149	174	193	623	982	1 600
Alls	4 658	5 919	7 842	9 253	10 622	12 704	66 581	30 141
Þróunaraðstoð samtals	30 340	40 494	81 857	78 583	205 737	258 701	393 144	737 132
Hlutfall af þjóðarframleiðslu viðkomandi árs	0,032%	0.029%	0.044%	0,030%	0,056%	0,045%	0,048%	0,061%

Skýringar:

1) Skv. fjárlögum.
2) Þar af vegna aðstoðar við Cabo Verde-eyjar til uppbyggingar fiskveiða 280 000.
3) Framlög þessi má á vissan hátt flokka sem þróunaraðstoð, en sum þeirra eru þó e. t. v. fremur neyðarhjálp.
4) Þar af 42 000 vegna móttöku flóttamanna frá Vietnam.

Sþ. 367. Þingsályktun [13. mál]

um byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu.

(Afgreidd frá Sþ. 28. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir, að á árinu 1980 verði gerð byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins í samvinnu við heimamenn.

Áætlunin verði höfð til hliðsjónar við fjárveitingar og aðgerðir af opinberri hálfu í þágu byggðarlagsins.

Sþ. 368. Þingsályktun [14. mál]

um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum.

(Afgreidd frá Sþ. 28. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta framkvæma ítarlegar kannanir á launakjörum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu, sem mættu verða grunnur að sanngjarnari tekjuskiptingu og hagkvæmara launafyrirkomulagi. Kannanirnar skulu sérstaklega miðast við að gera grein fyrir hvort vissir hópar hafi ekki öðlast þá hlutdeild bætts þjóðarhags, sem almennt geti talist réttmæt, og skulu þannig unnar að á grundvelli þeirra megi ákveða hvaða aðferðum hægt sé að beita til að auka laun og tekjur þeirra einstaklinga eða hópa sem verst eru settir.

Í könnunum þessum skal m. a. hafa hliðsjón af því að upplýsa eftirtalda þætti:

1. Að fyrir liggi á einum stað, þar sem tölfræðileg tölvuúrvinnsla er möguleg, allar upplýsingar um lífskjör og kjaramál er máli skipta og nauðsynlegar eru til tölfræðilegrar greiningar hverju sinni og seinni liðir ályktunarinnar fjalla um.
2. Að framkvæma tölfræðilegan samanburð á hvers konar kjaraatriðum — í hvaða formi sem þau eru látin í té — innan og milli starfsgreina, fyrirtækja, stofnana, verkalýðsfélaga, atvinnuvega eða byggðarlaga.
3. Að rannsaka forsendur flokkaskipunar og annarra kjaraatriða hinna margvíslegu kjarasamninga, þ. e. a. s. meta vægi hinna ýmsu eðlisþátta vinnunnar eða annarra áhrifaþátta með vinnurannsóknum, t. d. a) ábyrgðar, b) áhættu, c) hæfni, d) lífaldurs, e) prófa, f) starfsaldurs, g) starfsreynslu, h) streitu, i) óþrifnaðar, j) viðhorfa, k) þekkingar, e) erfiðis o. fl. þátta sem að gagni mættu koma.
4. Að upplýsa hlutfall hinna ýmsu launakerfa í launakjörum almennt þannig að hægt sé að sjá hvaða þáttur launakjara sé mest ákvarðandi um launakjör hverrar starfsstéttar, svo sem dagvinnutaxtar, yfirvinnutaxtar, afkastahvetjandi launataxtar, yfirborganir og aðrar duldar greiðslur eða kjaraþættir.
5. Að upplýsa hvernig aldurs- og kynskipting sé eftir launatöxtum, yfirborgunum og starfsgreinum.
6. Að rannsaka hvort og hvers vegna sumir hópar eru verr í stakk búnir til að ná fram bættum lífskjörum í gegnum almenna kjarasamninga, og á sama hátt að rannsaka hvers vegna öðrum hópum hefur tekist að ná mun betri kjörum en almennt þekkist í landinu.
7. Að meta heilsufræðileg, félagsleg og hagfræðileg áhrif hinna mismunandi launakerfa og vinnuaðstæðna.
8. Að athuga hvort víðar sé hægt að koma við að skaðlausu afkastahvetjandi launakerfum, t. d. hjá hinu opinbera.

9. Að leita skýringa, ef um marktækan mismun er að ræða milli launakjara einstakra byggðarlaga, atvinnuvega, verkalýðsfélaga, starfsgreina eða ólíkra rekstrarforma í atvinnurekstri.
10. Að kanna hvort brögð séu að því að launamisrétti sé falið í stöðuheitum.
11. Að athuga hvort uppbygging launataxta og annarra launakjara kalli fram mismun í kjörum karla og kvenna, t. d. vegna aðildar að mismunandi verkalýðsfélögum.
12. Að kanna hvaða áhrif skert starfsgeta eða starfsþrek hefur í reynd á eðlilega tekjuskiptingu í þjóðfélaginu — og í hve ríkum mæli hún er ákvarðandi um lífskjör — þegar önnur atriði eru sambærileg.
13. Að rannsaka og upplýsa með hvaða hætti atvinnureksturinn í landinu notar hina ýmsu launaliði til að réttlæta verðhækkunarbeiðnir sínar fyrir verðlagsnefnd.
14. Að kanna hvaða möguleikar felast í tekjutilfærslukerfum ríkisins, t. d. skatta- og almannatryggingakerfinu, til að jafna tekjuskiptingu og stuðla að aukinni hlutdeild láglaunafólks, lífeyrisþega og annarra minnihlutahópa í vaxandi þjóðartekjum.
15. Að athuga á grundvelli þessara upplýsinga hvort ekki sé hægt í samráði við aðila vinnumarkaðarins að samræma og einfalda hinn mikla frumskóg kjaraákvæða og launataxta er nú gilda í landinu.

Niðurstöður ofangreindra kannana skal jafnan leggja fyrir Alþingi, þegar þær liggja fyrir.

Nd. 369. Frumvarp til laga [168. mál]

um listskreytingar opinberra bygginga.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Ólafur G. Einarsson, Halldór Blöndal.

1. gr.

Opinberar byggingar merkja í lögum þessum allar byggingar, sem kostaðar eru af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti. Undanþegnar eru þó byggingar, sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar, sem standa fjarri alfaraleið, skemmubyggingar og aðrar sambærilegar byggingar.

Ríkisstjórnin getur ákveðið, að lög þessi taki, eftir því sem við á, til bygginga á vegum ríkisstofnana er hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar fjárveitingarákvörðunum Alþingis.

2. gr.

Skylt er að verja til listskreytinga opinberra bygginga fjárhæð, er nemur allt að 2% af byggingarkostnaði mannvirkis, þó ekki lægri en 1%. Kostnaður, sem af þessu leiðir, telst til stofnkostnaðar byggingar.

Fjárhæð þessari má verja jafnt til listskreytinga utanhúss og innan, sem verði hluti af mannvirkinu, og til kaupa á lausum listaverkum, sem komið sé fyrir í byggingunni eða á lóð hennar.

Ef um er að ræða listaverk, sem er hannað sem hluti af byggingu og gert um leið og byggingarframkvæmdum miðar áfram, skal ofangreint hlutfall miðast við áætlaðan byggingarkostnað samkvæmt reglum fjármálaráðuneytisins þar um, en ella við endanlegan byggingarkostnað án búnaðar.

Ef bygging er reist í áföngum, skal leitast við að lög þessi komi til framkvæmda eftir því sem hverjum áfanga miðar áfram.

3. gr.

Þegar um er að ræða skólabyggingar, sem kostaðar eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, skal viðkomandi sveitarfélag hafa frumkvæði að framkvæmd

þessara laga og leggja fyrir menntamálaráðuneytið tillögur um, hvernig þau skuli framkvæma varðandi einstakar skólabyggingar. Tillögurnar eru háðar samþykki menntamálaráðuneytisins.

Sama hátt skal á hafa varðandi aðrar byggingar, sem kostaðar eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, þó þannig að í stað menntamálaráðuneytisins komi það ráðuneyti, sem viðkomandi stofnun heyrir undir.

4. gr.

Menntamálaráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra.

5. gr.

Með þessum lögum eru úr gildi numdar 10. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, og 27. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Greinargerð.

Í lögum um skólakostnað, nr. 49/1967, 10. gr., var það nýmæli sett í lög, að menntamálaráðuneytið gæti að fenginni umsögn sveitarstjórnar ákveðið listskreytingu skólamannvirkja og mætti verja í þessu skyni fjárhæð allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkja. Áður höfðu þó ýmsar skólabyggingar verið listskreyttar og má í því sambandi benda á lágmyndir Ásmundar Sveinssonar á Austurbæjarbarnaskólanum, málverk Jóhanns Briem í Laugarnesskóla, veggskreytingar Barböru Árnason í Melaskóla og mósaikmyndir Valtýs Péturssonar í Kennaraháskólahúsinu við Stakkahlíð.

Í lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, 27. gr., er ákvæði um það, að sveitarstjórn geti ákveðið listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins og megi verja allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis í þessu skyni.

Enginn vafi er á því, að ofangreindar lagaheimildir hafa örvað listskreytingar í skólum, þótt ljóst sé að þær hafi ekki verið notaðar í eins ríkum mæli og æskilegt væri.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir allmikilli breytingu á þeim lagaákvæðum, sem um þetta hafa gilt. Í fyrsta lagi er hér gert ráð fyrir skyldu til listskreytinga í stað heimildar áður. Í öðru lagi skal þessi skylda ná til allra opinberra bygginga, en ekki aðeins til skóla eins og núgildandi ákvæði kveða á um.

Með listskreytingu opinberra bygginga vinnst margt. Þjóðin verður ríkari af listaverkum og með því að tengja þau opinberum byggingum er þeim komið fyrir þar sem margir ganga að jafnaði um garða og geta notið þeirra. Íslenskir listamenn fá á þennan hátt tækifæri til að vinna að list sinni, og enginn vafi er á því, að laun fyrir slík verk eru flestum listamönnum kærkomnari en „styrkir" hins opinbera. Reynslan sýnir að íslenskir listamenn, sem tekið hafa slík verk að sér, vinna þau af alúð og slík listaverk verða ómissandi hluti af umhverfi sínu.

Engum aðilum í þjóðfélaginu stendur það nær en ríki og sveitarfélögum að tryggja aðgang almennings að listaverkum. Það er unnt að gera á ýmsan hátt, en ein áhrifamesta leiðin er að tengja þau opinberum byggingum, og árangursríkast er vafalaust að skylda opinbera aðila til að verja hluta byggingarkostnaðar litlum hluta til listskreytinga. Reynslan hefur sýnt að skilningur þeirra, sem fyrir slíkum byggingum standa, er mjög misjafn og áhugi hjá sumum mjög lítill. Þessu frumvarpi er ætlað að tryggja að allar opinberar byggingar verði listskreyttar, og það er trú flutningsmanna að með því verði auðgað íslenskt lista- og menningarlíf.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meginreglan verður sú skv. þessari grein, að allar opinberar byggingar, sem kostaðar eru af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, falli undir lögin. Sem dæmi má nefna alla skóla, hvort sem þeir eru byggðir af ríkinu einu eða með þátttöku sveitarfélaga, enn fremur sjúkrahús, heilsugæslustöðvar, barnaheimili o. s. frv. Undanþáguákvæðin skýra sig sjálf. Þá er einnig ráðgert í þessari grein, að ríkisstjórnin geti ákveðið að lögin taki til ríkisstofnana, sem hafa sjálfstæðan fjárhag. Má sem dæmi nefna Póst og síma, sem byggir í fjölmörgum byggðarlögum landsins.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er ráðgert að aðalreglan verði að verja skuli nær 2% byggingarkostnaðar, þegar um allar venjulegar byggingar er að ræða. Ákvæði um, að upphæðin skuli aldrei vera lægri en 1%, gæti frekar átt við, ef um óvenjulega dýrar eða flóknar byggingar er að ræða, t. d. stórar sjúkrahúsbyggingar, svo að eitthvað sé nefnt.

3.—6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 370. Frumvarp til laga [96. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. apríl.)

1. gr.

Á eftir 3. málsgrein 19. gr. laganna komi ný málsgrein, sem verður 4. málsgr. og orðast svo:

Þá er og heimilt að greiða enn frekari uppbót á elli- og örorkulífeyri, svo og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar, ef sýnt er að bótaþegi geti ekki komist af eða rekið bifreið án uppbótarinnar.

Í stað orðanna „við hækkun lífeyris samkv. 1.—3. málsgr.“ í 4. málsgr., sem verður 5. málsgr. sömu lagagreinar, komi: um hækkanir bóta samkv. 1.—4. málsgr.

Í stað orðsins „lífeyrishækkunar“ í 5. málsgr., sem verður 6. málsgr. sömu lagagreinar, komi orðið: lífeyrishækkana, og aftan við málsgreinina bætist: og uppbóta samkv. 3. og 4. málsgrein.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Sþ. 371. Fyrirspurnir. [169. mál]

I. Til samgönguráðherra um símamál.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

1. Vitað er að Póstur og sími vinnur nú að því að setja upp tækjabúnað til að mæla lengd símtala á höfuðborgarsvæði og að innheimta afnotagjöld í samræmi við lengd símtala. Af því tilefni er spurt:
   a. Hver er kostnaðurinn við þennan búnað í uppsetningu og rekstri?
   b. Hvenær verður þessi búnaður tekinn í notkun?

c. Hver er megintilgangurinn með þessum búnaði?
d. Er fyrirhugað að slíkur búnaður verði settur upp víðar á landinu og ef svo er þá hvenær?
e. Hvaða meginsjónarmið koma til með að ráða í þeirri endurskoðun á gjaldskrá, sem þessi búnaður mun hafa í för með sér, t. d. hver á að verða lengd hvers skrefs sem mælt verður, hvert mun skrefgjaldið verða o. s. frv.?
f. Hver er meðallengd símtala á höfuðborgarsvæðinu nú?
g. Hvað má ætla að tekjur Pósts og síma muni aukast af höfuðborgarsvæðinu þegar þessi búnaður verður kominn í gang á svæðinu?
h. Er mögulegt að haga notkun þessa tækjabúnaðar og gjaldtöku þannig, að ekki verði þungbært fyrir fólk sem þarf að nota síma af félagslegum ástæðum, eins og t. d. ellilífeyrisþega? Er t. d. mögulegt að tímamæla símtöl aðeins yfir aðalannatíma dagsins, en sleppa tímamælingum á kvöldin og um helgar?

2. Í 11. gr. laga um póst- og símamál, nr. 36/1977, segir svo: „Ráðherra er heimilt að ákveða, að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu.“ Hyggst ráðherra nota þessa heimild?

Skriflegt svar óskast.

II. Til forsætisráðherra um störf stjórnarskrárnefndar.

Frá Friðriki Sophussyni.

1. Hvenær er ráðgert að störfum nefndarinnar ljúki?
2. Er von á áfangaskýrslu frá nefndinni á næstunni?
3. Hve margir fundir hafa verið haldnir í nefndinni?
4. Hve margir starfsmenn starfa á vegum nefndarinnar og hve mikið þiggja þeir í laun?
5. Hver eru mánaðarlaun nefndarmanna?

Nd. 372. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 28. apríl.)

1. gr.

3. tl. C-liðs 30. gr. laganna, sbr. e- og f-lið 14. gr. laga nr. 7/1980, orðist svo:

Námsfrádrátt hjá mönnum 16 ára og eldri er nema skal 500 000 kr. enda sé nám stundað í a. m. k. sex mánuði á tekjuárinu. Sé nám stundað skemur en í sex mánuði lækkar frádrátturinn hlutfallslega. Sé nám stundað erlendis skal framangreindur frádráttur vera tvöfalt hærri.

2. gr.

Við 2. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo:

Hjá öðrum mönnum en þeim, sem skattlagðir eru eftir reglum þeim sem gilda um hjón, sbr. 63. gr., skal þessi frádráttur aldrei nema lægri fjárhæð en 550 000 kr.

3. gr.

67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 3 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 25%, af næstu 4 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 35% en af tekjuskattsstofni yfir 7 000 000 kr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 7% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

4. gr.

68. gr. laganna orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 505 000 kr.

Nemi persónuafsláttur skv. 1. mgr. hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun og skal því ráðstafað fyrir hvern mann til að greiða sjúkratryggingargjald hans á gjaldárinu og því sem þá kann að vera óráðstafað til greiðslu útsvars hans á gjaldárinu. Sá persónuafsláttur sem enn er óráðstafað fellur niður nema um sé að ræða óráðstafaðan persónuafslátt annars hjóna sem skattlagt er samkvæmt ákvæðum 63. gr. og skal þá þessi óráðstafaði hluti persónuafsláttar makans dragast frá reiknuðum skatti hins makans. Nemi þannig ákvarðaður persónuafsláttur síðarnefnda makans í heild hærri fjárhæð en reiknaður skattur af tekjuskattsstofni hans skv. 1. málsl. 1. mgr. 67. gr. skal ríkissjóður leggja fram fé sem nemur allt að þeim mun til að greiða sjúkratryggingagjald og útsvar hans á gjaldárinu. Sá hluti persónuafsláttar sem þá verður enn óráðstafað fellur niður.

5. gr.

1. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 150 000 kr. með fyrsta barni, en 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó vera 280 000 kr. með hverju barni án tillits til barnafjölda. Fyrir börn yngri en 7 ára í lok tekjuársins skulu barnabætur vera 65 000 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

6. gr.

Í stað „25%“ í 1. málslið 1. mgr. 2. tl. 71. gr. komi: 35%.

Í stað „15%“ í 2. mgr. 2. tl. 71. gr. komi: 20%.

7. gr.

72. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur lögaðila, sbr. 2. gr., skal vera 65% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. tl. 62. gr.

8. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 15 000 000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af þeim hluta eignarskattsstofns sem umfram er greiðist 1,2%.

9. gr.

84. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur lögaðila, sbr. 2. gr., og þeirra aðila sem takmarkaða skattskyldu bera, sbr. 3. gr., skal vera 1,2% af eignarskattsstofni.

10. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka fjárhæðir, sem um ræðir í 2. tl. B-liðs, 1., 3. og 4. tl. C-liðs, 3. tl. D-liðs og 1. og 2. tl. E-liðs 1. mgr. 30. gr., 41. gr., 1. mgr. 67. gr., 68. gr., 69. gr. og 83. gr., í samræmi við skattvísitölu sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert, í fyrsta sinn í fjárlögum fyrir árið 1981.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts á árinu 1980 vegna tekna ársins 1979 og eigna í lok þess árs.

Ed. 373. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aðalbjörg Hermannsdóttir, barn á Egilsstöðum, f. í Kóreu 21. febr. 1974.
2. Aichy, Steinar Bjarni, barn í Reykjavík, f. í Frakklandi 30. nóvember 1971.
3. Andersen, Lise Lotte Reynis, gangastúlka í Reykjavík, f. í Danmörku 23. maí 1958.
4. Anna Sigríður Pálsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 20. okt. 1979.
5. Autrey. Stephan Mathias Gregory, flugvirki í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 10. mars 1957. Fær réttinn 10. des. 1980.
6. Brink, Mark Kristján, sjómaður í Reykjavík, f. á Íslandi 25. maí 1954.
7. Christiansen, Margret Rósa Dahl, húsmóðir í N-Ísafjarðarsýslu, f. á Íslandi 8. september 1952.
8. Chu Ngan Fu, klæðskeri í Kópavogi, f. í Kína 14. júlí 1949.
9. Eagles, Rose, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 6. mars 1925.
10. Grönvaldt, Lisbeth, húsmóðir á Akureyri, f. í Danmörku 17. júlí 1944.
11. Hafsteinsson, Jonhard, verkamaður í Sandgerði, f. í Færeyjum 17. janúar 1959.
12. Hansen, Anders, blaðamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 7. jan. 1952.
13. Heiða Björg Pálmadóttir, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 2. apríl 1979.
14. Holm, Jakob, verkamaður í Reykjavík, f. á Íslandi 25. maí 1954.
15. Hördal, Richard Halldór, kennari í Reykjavík, f. í Kanada 18. desember 1946.
16. Jakob, Hilke Lina Ilse, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 25. mars 1941.
17. Jensen, Erik, iðnnemi í Glæsibæjarhreppi, Eyjafirði, f. í Noregi 11. sept. 1961.
18. Krämmer, Emma Maria, flugfreyja í Reykjavík, f. í Austurríki 15. febrúar 1943.
19. Lund, Gunnar Guðmundur William, sendill í Reykjavík, f. í Danmörku 1. mars 1956.
20. Lund, Stefán Carl, verkamaður í Mosfellssveit, f. í Danmörku 26. ágúst 1953.
21. Marx, Erhard Richard Franz, útvarpsvirki í Reykjavík, f. í Þýskalandi 21. nóv. 1954. Fær réttinn 1. sept. 1980.
22. Meiling, Roger, fulltrúi í Kópavogi, f. í Englandi 21. apríl 1944.

23. Mundell, Derek Charles, landbúnaðarfræðingur í Kópavogi, f. í Englandi 17. mars 1951.
24. Nielsen, Rut, húsmóðir í Kópavogi, f. á Íslandi 14. júní 1956.
25. O'Keeffe, Paul David, verslunarmaður í Reykjavík, f. í Englandi 14. mars 1948.
26. Olesen, Bjarni, vélstjóri á Selfossi, f. á Íslandi 7. júní 1955.
27. Ryggstein, Ulla, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 20. júní 1935.
28. Saleh, Mohid Ali Ahmad, verkamaður í Reykjavík, f. í Palestínu 25. janúar 1948.
29. Samson, Lamberto, verkamaður í Garðakaupstað, f. á Filippseyjum 28. ágúst 1953.
30. Speight, John Anthony, tónlistarkennari í Reykjavík, f. í Englandi 27. febrúar 1945.
31. Spur, Inga Birgitte, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 28. desember 1931.
32. Sörby, Rolf, listmálari í Reykjavík, f. í Noregi 21. mars 1950.
33. Thomasdóttir, Jara Kristina, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 5. maí 1976.
34. Thomasson, Stefán Peter, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 13. júlí 1978.
35. Türker, Savas, verkfræðingur í Reykjavík, f. í Tyrklandi 16. sept. 1941.
36. Undall-Behrend, Daniel Jakob, vélvirkjanemi í Neskaupstað, f. á Íslandi 19. des. 1949.
37. Villalobos, Anna Steinunn, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 5. nóv. 1974.
38. Villalobos, Ricardo Mario, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 27. mars 1968.
39. Wood, Dennis Leo, aðstoðardeildarfulltrúi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 4. október 1946.
40. Zempléni, Eva, menntaskólakennari í Kópavogi, f. í Þýskalandi 6. maí 1946.
41. Örn Jónsson, barn í Kópavogi, f. í Líbanon 26. nóv. 1979.

Nd. 374. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í ljósi þeirrar gífurlegu skattheimtu, sem ríkisstjórnin ryður nú fram á öllum sviðum, er ekki stætt á því að hækka sérstaklega um 60% flugvallagjald, sem innheimt er af öllum flugfarþegum eins og fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir, enda er það andstætt tilraunum til viðnáms gegn verðbólgunni.

Þvert á móti á ríkisvaldið að gæta þess, að álögð gjöld af þess hálfu hækki minna en áætluðum verðhækkunum nemur, og ryðja þannig brautina og sýna fordæmi um niðurtalningu verðbólgunnar. Í annan stað er að öllu leyti óréttlátt að innheimta flugvallagjald af innanlandsflugi og skattleggja þannig sérstaklega dreifbýlið, sem verður að reiða sig í ríkum mæli á flugsamgöngur. Til þess að sníða þessa agnúa af fyrirliggjandi frumvarpi er á sérstöku þingskjali flutt breytingartillaga um að flugvallagjald verði ekki innheimt af innanlandsflugi, en af flugi til útlanda hækki það um ca. 35% í stað þeirrar 60% hækkunar, sem fyrirliggjandi frumvarp ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir.

Alþingi, 28. apríl 1980.

Karvel Pálmason.

Nd. 375. Breytingartillögur [131. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Við 1. gr. Í stað „8 800 kr.“ komi: 7 400 kr.
2. Við 2. gr.
   a. Orðin „innanlands eða“ í fyrri mgr. falli brott.
   b. Síðasti málsl. fyrri mgr. falli brott.
   c. Síðari mgr. falli brott.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 15. maí 1980.

Nd. 376. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 100 31. des. 1974, um Hitaveitu Suðurnesja.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 29. apríl 1980.

Páll Pétursson, form., frsm.	Magnús H. Magnússon, fundaskr.	Birgir Ísl. Gunnarsson.
Guðm. G. Þórarinsson.	Skúli Alexandersson.	Friðrik Sophusson.
	Jósef H. Þorgeirsson.	

Ed. 377. Lög [56. mál]

um breyting á lögum nr. 30 28. ágúst 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 358.

Ed. 378. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Hún fékk til athugunar nýjar umsóknir, sem hún telur rétt að verði samþykktar. Samkvæmt því mælir nefndin með því að

41 manni verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur að þessu sinni, eins og fram kemur tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 29. apríl 1980.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr.	Soffía Guðmundsdóttir.
Ey. Kon. Jónsson.	Stefán Guðmundsson.	Egill Jónsson.
	Jón Helgason.	

Nd. 379. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um mál þetta á mörgum sameiginlegum fundum með fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir eftir umfjöllun í Ed.

Alþingi, 30. apríl 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Bogi Sigurbjörnsson.

Nd. 380. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný mgr. er orðist svo:
   Nú nýtist námsmanni eða maka hans ekki námsfrádráttur samkvæmt þessum tölulið meðan á námi stendur og þá er honum heimilt að draga fjárhæð, er svarar hinum ónýtta námsfrádrætti, frá tekjum næstu fimm ára eftir að námi lýkur og skal við notkun þessarar heimildar taka tillit til þeirrar lækkunar í tekjuskattsstofni er foreldri námsmanna kynni að hafa notið skv. ákvæðum 4. tl. 1. mgr. 66. gr. Fjárhæð frádráttarins fyrir hvert þessara ára skal hækka eða lækka samkvæmt ákvæðum 26. gr.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:
   Við 1. mgr. 1. tl. E-liðar 30. gr. laganna (sbr. i-lið 14. gr. laga nr. 7 22. febr. 1980) bætist nýr málsliður er orðist svo:
   Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar skal ávallt heimilt að draga frá sem vaxtagjöld vexti og gjaldfallnar verðbætur af námslánum sem veitt eru með heimild í lögum um námslán og námsstyrki.
3. **Við 3. gr. Greinin** (er verði 4. gr.) orðist svo:
   67. gr. laganna orðist svo:
   Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu **2 500 000** kr. af tekjuskatts-

stofni reiknast 20%, af næstu 3 000 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 30%, en af tekjuskattsstofni yfir 5 500 000 kr. reiknast 40%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. að upphæð 525 000 kr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 7% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

4. Við 4. gr. (er verði 5. gr.).
   a) Í stað orðanna „greiðslu útsvars“ í 1. málsl. 2. mgr. komi orðin: greiðslu kirkjugarðsgjalds, sóknargjalds og útsvars.
   b) Í stað orðanna „sjúkratryggingagjald og útsvar“ í 3. málsl. 2. mgr. komi orðin: sjúkratryggingagjald, kirkjugarðsgjald, sóknargjald og útsvar.
   c) Aftan við greinina komi ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:
      Nú er innheimtuaðili kirkjugarðsgjalds eða sóknargjalds eða beggja þessara gjalda annar en innheimtuaðili þinggjalda skv. 109. gr. og skal þá ákvarða kirkjugarðsgjald það, sem nýta má til skuldajöfnunar skv. 1. eða 3. málsl. 2. mgr., sem 1.5% af álögðu útsvari mannsins og sóknargjald að hámarki það sama og lægsta fjárhæð sóknargjalds sem innheimt er af innheimtuaðilum skv. 109. gr.
5. Á eftir 7. gr. (er verði 8. gr.) komi ný grein er verði 9. gr. og orðist svo:
   78. gr. laganna (sbr. 38. gr. laga nr. 7 22. febr. 1980) orðist svo:
   Heimilt er mönnum að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., innstæður sínar í bönkum, sparisjóðum og innlánsdeildum samvinnufélaga, svo og verðbréf, sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.
6. Á eftir 10. gr. (er verði 12. gr.) komi ný grein er verði 13. gr. og orðist svo:
   58. gr. laga nr. 7 22. febr. 1980 breytist svo:
   1) Úr 2. málsl. greinarinnar falli niður orðin: og ákvæði 38. gr.
   2) Síðasti málsl. greinarinnar falli niður.

Ed. 381. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til laga um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

1. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 1500 millj. kr. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi 1500 millj. kr. í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, verðtryggingar, vaxta og annars kostnaðar.

Nd. 382. Nefndarálit [131. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 8 27. febr. 1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110 30. des. 1978.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frumvarp þetta, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir, sem mynda 3. minni hluta nefndarinnar, leggja til að frumvarpið verði fellt.

Við bendum á að skattheimta núverandi ríkisstjórnar gengur mjög úr hófi fram í flestum greinum. Enn fremur minnum við á kosningaloforð Sjálfstæðisflokksins í síðustu kosningum, að leggja niður hina fjölmörgu viðbótarskatta, sem vinstri ríkisstjórnin 1978—1979 lagði á.

Með gjaldi þessu er verið að leggja sérskatt á almenning sem nemur á annan milljarð króna. Einkum er seilst í vasa þeirra, sem fjærst búa höfuðborginni, um greiðslu þessa skatts. Slíkt framferði stingur í stúf við breiðar ræður framsóknarmanna t. d. um framkvæmd byggðastefnu.

Þá má og á það benda, að aukið álag á flugfargjöld kemur mjög illa við flugfélög landsmanna, en aðalflugfélag landsins berst nú mjög í bökkum og fávíslegt að gera því örðugra um vik.

Alþingi, 29. apríl 1980.

Sverrir Hermannsson, frsm.	Albert Guðmundsson.	Matthías Á. Mathiesen.

Ed. 383. Framhaldsnefndarálit [5. mál]

um frv. til laga um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Á fundi nefndarinnar fjallaði hún um frumvarpið og hina miklu fjárþörf Bjargráðasjóðs. Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs kom á fundinn og gerði grein fyrir greiðsluáætlun sjóðsins fyrir árið 1980. Í máli hans kom fram að eigi sjóðurinn að geta staðið við þá áætlun þurfi ábyrgðarheimild til lántöku að hækka verulega.

Nefndin flytur því á sérstöku þingskjali breytingartillögu við 1. gr. frumvarpsins, að ábyrgðarheimild vegna lántöku verði 1500 millj. kr. í stað 850 millj. kr. og lánið megi vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi 1500 millj. kr. í erlendri mynt.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem flutt er á sérstöku þingskjali.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Sigurlaug Bjarnadóttir.

Alþingi, 30. apríl 1980.

Guðmundur Bjarnason, varaform., frsm.	Kjartan Jóhannsson, fundaskr.	Davíð Aðalsteinsson.
Ey. Kon. Jónsson.	Guðrún Hallgrímsdóttir.	Lárus Jónsson.

Nd. 384. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyting á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn vísa til nefndarálits sjálfstæðismanna í fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar á þingskjölum 318 og 362 þar sem grein er gerð fyrir sjónarmiðum og stefnu sjálfstæðismanna í skattamálum:

1) Að tekjuskattar verði afnumdir í áföngum á almennum og miðlungs launatekjum.

2) Að tekjuskattar verði verulega lækkaðir á láglaunafólki og svigrúm aukið til þess að nýta persónuafslátt til greiðslu opinberra gjalda.

3) Að heildarskattprósenta beinna skatta, tekjuskatts, útsvars, sjúkratryggingagjalds o. s. frv. fari ekki fram úr 50%.

Í samræmi við þetta lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram breytingartillögur við frumvarpið sem ekki náðu fram að ganga og voru felldar af ráðherrum og stjórnarþingmönnum.

Við viljum enn freista þess að koma fram stefnu Sjálfstæðisflokksins og flytjum því breytingartillögur við frv. á þskj. 380 varðandi skattstigana þannig að vinristjórnarskattarnir verði felldir niður.

Þá viljum við enn fremur freista þess að koma fram sérstakri lagfæringu á skattlagningu þeirra, sem lægst hafa launin, námsmanna og sparifjáreigenda.

Yrðu tillögur okkar samþykktar væri það nokkur lagfæring á þeim auknu skattaálögum, sem núverandi og fyrrverandi ríkisstj. hafa staðið fyrir, og verðug kveðja til launþegasamtakanna í tilefni morgundagsins. Gæti það stuðlað að lausn þeirra vandamála, sem þau hafa við að glíma.

Alþingi, 30. apríl 1980.

Matthías Á. Mathiesen, frsm. Sverrir Hermannsson. Albert Guðmundsson.

Nd. 385. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrirliggjandi frumvarp, eins og það var afgreitt frá efri deild, gerir ráð fyrir verulegri hækkun tekjuskatts. Heildarskattbyrði til ríkis og sveitarfélaga mun hækka um ca. 8 milljarða króna.

Við 2. umræðu í efri deild um þetta mál bentu fulltrúar Alþýðuflokksins á, að skv. tillögum stjórnarflokkanna mundi skattur hækka sérstaklega og tilfinnanlegast á tekjulágu einhleypu fólki og einstæðum foreldrum.

Þótt þessari gagnrýni Alþýðuflokksins hafi verið tekið illa í fyrstu af hálfu stjórnarliða hefur hún nú skilað þeim árangri, að úr þessum óréttti hefur verið dregið, og er það ánægjulegt spor í rétta átt, þótt það hrökkvi skammt.

Þrátt fyrir þessa lagfæringu einkennist frv. enn af skattahækkunum. Heildarálögur til ríkis og sveitarfélaga á hjón með þrjú börn og fleiri hækka um 560 milljónir króna eða 5% í samanburði við áður gildandi lög og 11.6% útsvar. Tekjuskattsálögur á hjón með minni tekjur en 6 milljónir króna hækka nú um 442 milljónir króna frá þeim tillögum, sem samþ. voru við 2. umræðu í efri deild. Hjá hjónum með tvö börn, sem vinna fyrir 2.5 milljónum hvort, hækkar tekjuskattur um 74 þús. kr. frá þeim lögum, sem áður giltu.

Alþýðuflokkurinn telur að þessi stefna skattahækkana sé röng og skaðleg. Alþýðuflokkurinn telur að nú beri nauðsyn til að draga úr skattheimtu til þess að vernda raunkjör í landinu og þá fyrst og fremst hjá hinum tekjulægstu. Til þess er möguleiki með því að draga úr útgjöldum ríkisins, sbr. þær tillögur, sem Alþýðuflokkurinn hefur flutt um það efni.

Bent skal á að sambandsstjórn Verkamannasambands Íslands hefur samþykkt stefnumörkun í kjaramálum, sem fellur saman við þá stefnu sem Alþýðuflokkurinn hefur boðað um að skattalækkanir séu nærtækasta úrræðið til að vernda kjör launafólks og þá fyrst og fremst hinna lægst launuðu.

Bæði við 2. og 3. umræðu um þetta mál í efri deild voru af hálfu Alþýðuflokksins fluttar breytingartillögur um skattstiga, sem komu til móts við launafólk í samræmi við ofangreind sjónarmið. Þær tillögur náðu ekki fram að ganga. Nú er þess enn freistað að ná fram stefnubreytingu í þessa átt. Þess vegna eru fluttar á sérstöku þingskjali breytingartillögur um skattstiga.

Samkvæmt þessum tillögum yrði skattstigi þannig, að af fyrstu 2.5 millj. kr. tekjuskattsstofni greiðist 16%, af næstu 3.5 millj. kr. tekjuskattsstofni 32%, en 48% af því sem er umfram 6 millj. kr. tekjuskattsstofn. Skattaafsláttur yrði 425 þús. kr. Gert er ráð fyrir að barnabætur reiknist með sama hætti og nú er í frumvarpinu.

Álagðir tekjuskattar yrðu samkvæmt tillögunum nettó um 35.5 milljarðar króna í stað ca. 46 milljarða króna samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi, og er þá í báðum tilvikum miðað við 47% tekjuaukningu milli ára skv. úrtaki Þjóðhagsstofnunar. Yrði þá innheimtur tekjuskattur um 7 milljörðum lægri en fjárlög gera ráð fyrir.

Einhleypt fólk mundi eftir þessum tillögum verða skattfrjálst, ef tekjur eru innan við 2 865 þús. kr. Hjá hjónum án barna, þar sem annar aðilinn vinnur fyrir öllum tekjunum, yrði enginn skattur af tekjum innan við 4340 þús. kr. Í fylgiriti eru nokkur samanburðardæmi um skatt skv. þessum tillögum annars vegar og tillögum stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar hins vegar.

Fari svo mót von Alþýðuflokksins og láglaunafólksins í landinu að stjórnarliðar hér í háttvirtri neðri deild felli þessar breytingartillögur, þá er það enn eitt dæmið um þá forheimsku sem hæstv. ríkisstjórn virðist haldin.

Það verður líka eftir því tekið, hvort þetta hnefahögg hæstvirtrar ríkisstjórnar í andlit láglaunafólks í landinu er sú gjöf, sem stjórnarliðar hér á Alþingi telja best við hæfi launafólki til handa í þann mund sem hátíðis- og baráttudagur verkamanna, 1. maí, rennur upp.

Alþingi, 30. apríl 1980.

Karvel Pálmason.

Fylgirit.

Samanburðardæmi um tekjuskatt samkvæmt tillögum ríkisstjórnarflokkanna og samkvæmt tillögum Alþýðuflokksins.

Einhleypt fólk:

Brúttótekjur[1])	Tekjuskattur: Till. ríkisstj.	Till. Alþfl.
3 000 þús. kr.	108 þús. kr.	39 þús. kr.
4 000 þús. kr.	406 þús. kr.	327 þús. kr.
6 000 þús. kr.	1 085 þús. kr.	903 þús. kr.

Einstætt foreldri með eitt barn yngra en 7 ára:

Brúttótekjur[1])	Tekjuskattur: Till. ríkisstj.	Till. Alþfl.
3 000 þús. kr.	÷ 236 þús. kr.[2])	÷ 306 þús. kr.[2])
4 000 þús. kr.	61 þús. kr.	÷ 18 þús. kr.[2])
4 000 þús. kr.	61 þús. kr.	÷ 18 þús. kr.[2])

[1]) Nettótekjur reiknast 10% lægri en brúttótekjur.
[2]) ÷ táknar fjárupphæð til greiðslu útsvars eða til útgreiðslu.

Hjón með 2 börn:

Brúttótekjur eiginm. þús. kr.	Brúttótekjur eigink. þús. kr.	Tekjuskattur Till. ríkisstj. þús. kr.	Till. Alþfl. þús. kr.
2 500	2 500	÷ 314[2])	÷ 560[2])
4 000	4 000	489	224
6 000	0	150	45

Hjón, barnlaus:

Brúttótekjur eiginm. þús. kr.	Brúttótekjur eigink. þús. kr.	Tekjuskattur Till. ríkisstj. þús. kr.	Till. Alþfl. þús. kr.
2 500	2 500	116	÷ 130[2])
4 000	4 000	919	654
5 000	0	267	190
6 000	0	580	475

[2]) ÷ táknar fjárupphæð til greiðslu útsvars eða til útgreiðslu.

Nd. 386. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins orðist svo:
   Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir: Af fyrstu 2 500 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 16%, af næstu 3 500 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 32%, en af tekjuskattsstofni yfir 6 000 000 kr. reiknast 48%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.
2. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins orðist svo:
   Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 425 000 kr.

Nd. 387. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu er fram kemur á þskj. 388.

Alþingi, 30. apríl 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Karvel Pálmason. Bogi Sigurbjörnsson.

Nd. 388. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 4. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Við tollafgreiðslu á vöru, sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2.—4. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, er heimilt að veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um undanþágur samkvæmt þessum málslið. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal þó í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið hærra vörugjald.
2. Við 5. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo:
   Ráðherra er heimilt með sama hætti og kveðið er á um í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum að undanþiggja þar um ræddar vörur gjaldskyldu skv. 1. gr.

Ed. 389. Frumvarp til laga [76. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 30. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aðalbjörg Hermannsdóttir, barn á Egilsstöðum, f. í Kóreu 21. febrúar 1974.
2. Aichy, Steinar Bjarni, barn í Reykjavík, f. í Frakklandi 30. nóvember 1971.
3. Andersen, Lise Lotte Reynis, gangastúlka í Reykjavík, f. í Danmörku 23. maí 1958.
4. Anna Sigríður Pálsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 20. október 1979.
5. Autrey, Stephan Mathias Gregory, flugvirki í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 10. mars 1957. Fær réttinn 10. des. 1980.
6. Brink, Mark Kristján, sjómaður í Reykjavík, f. á Íslandi 25. maí 1954.
7. Christiansen, Margret Rósa Dahl, húsmóðir í N-Ísafjarðarsýslu, f. á Íslandi 8. september 1952.
8. Chu Ngan Fu, klæðskeri í Kópavogi, f. í Kína 14. júlí 1949.
9. Eagles, Rose, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 6. mars 1925.
10. Grönvaldt, Lisbeth, húsmóðir á Akureyri, f. í Danmörku 17. júlí 1944.
11. Hafsteinsson, Jonhard, verkamaður í Sandgerði, f. í Færeyjum 17. janúar 1959.
12. Hansen, Anders, blaðamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 7. janúar 1952.
13. Heiða Björg Pálmadóttir, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 2. apríl 1979.
14. Hólm, Jakob, verkamaður í Reykjavík, f. á Íslandi 25. maí 1954.

15. Hördal, Richard Halldór, kennari í Reykjavík, f. í Kanada 18. desember 1946.
16. Jakob, Hilke Lina Ilse, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 25. mars 1941.
17. Jensen, Erik, iðnnemi í Glæsibæjarhreppi, Eyjafirði, f. í Noregi 11. september 1961.
18. Krämmer, Emma Maria, flugfreyja í Reykjavík, f. í Austurríki 15. febrúar 1943.
19. Lund, Gunnar Guðmundur William, sendill í Reykjavík, f. í Danmörku 1. mars 1956.
20. Lund, Stefán Carl, verkamaður í Mosfellssveit, f. í Danmörku 26. ágúst 1953.
21. Marx, Erhard Richard Franz, útvarpsvirki í Reykjavík, f. í Þýskalandi 21. nóvember 1954. Fær réttinn 1. sept. 1980.
22. Meiling, Roger, fulltrúi í Kópavogi, f. í Englandi 21. apríl 1944.
23. Mundell, Derek Charles, landbúnaðarfræðingur í Kópavogi, f. í Englandi 17. mars 1951.
24. Nielsen, Rut, húsmóðir í Kópavogi, f. á Íslandi 14. júní 1956.
25. O'Keeffe, Paul David, verslunarmaður í Reykjavík, f. í Englandi 14. mars 1948.
26. Olesen, Bjarni, vélstjóri á Selfossi, f. á Íslandi 7. júní 1955.
27. Ryggstein, Ulla, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 20. júní 1935.
28. Saleh, Mohammad Ali Ahmad, verkamaður í Reykjavík, f. í Palestínu 25. janúar 1948.
29. Samson, Lamberto,, verkamaður í Garðakaupstað, f. á Filippseyjum 28. ágúst 1953.
30. Speight, John Anthony, tónlistarkennari í Reykjavík, f. í Englandi 27. febrúar 1945.
31. Spur, Inga Birgitte, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 28. desember 1931.
32. Sörby, Rolf, listmálari í Reykjavík, f. í Noregi 21. mars 1950.
33. Thomasdóttir, Jara Kristína, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 5. maí 1976.
34. Thomasson, Stefán Peter, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 13. júlí 1978.
35. Türker, Savas, verkfræðingur í Reykjavík, f. í Tyrklandi 16. september 1941.
36. Undall-Behrend, Daniel Jakob, vélvirkjanemi í Neskaupstað, f. á Íslandi 19. desember 1949.
37. Villalobos, Anna Steinunn, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 5. nóvember 1974.
38. Villalobos, Ricardo Mario, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 27. mars 1968.
39. Wood, Dennis Leo, aðstoðardeildarfulltrúi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 4. október 1946.
40. Zempléni, Eva, menntaskólakennari í Kópavogi, f. í Þýskalandi 6. maí 1946.
41. Örn Jónsson, barn í Kópavogi, f. í Líbanon 26. nóvember 1979.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **390. Frumvarp til laga** [170. mál]

um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga, hagfræðinga eða nota heiti, sem felur í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur, hafa þeir menn hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra. Þeir sem lokið hafa prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

2. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í viðskiptafræði eða hagfræði við háskóla eða annan æðri skóla, sem Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga viðurkennir sem fullgildan skóla og fullgilt nám í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga má þó veita mönnum, sem starfað hafa sem viðskiptafræðingar eða hagfræðingar eigi skemur en sex ár áður en lög þessi öðlast gildi, leyfi til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Ráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun starfsheita, sem fela í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur.

4. gr.

Hver sem notar heiti, er leyfi þarf til skv. lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

5. gr.

Með mál út af brotum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram að ósk Félags viðskipta- og hagfræðinga um lögverndun starfsheitanna viðskiptafræðingur og hagfræðingur. Viðskiptafræðingur hefur fengið nokkuð fasta merkingu í málinu. Starfsheitið er í hugum manna tengt viðskiptadeild Háskóla Íslands og þeirri menntun sem þar er veitt. Aukinn fjöldi manna leitar til skóla erlendis um menntun í viðskiptafræði og hagfræði. Þar sem skólar eru mismunandi og námstími breytilegur er eðlilegt að gerðar séu ákveðnar lágmarkskröfur til þeirra, sem nota starfsheiti sem hefur unnið sér ákveðinn sess í málinu.

Engin sérréttindi um ákveðin störf felast í lögverndun starfsheitanna.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er viðskiptafræðingum, sem lokið hafa prófi í viðskiptafræði frá viðskiptadeild Háskóla Íslands og þeim viðskiptafræðingum og hagfræðingum sem hlotið hafa viðurkenningu ráðherra, veittur einkaréttur á að kalla sig viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Ekki er talin þörf á að veita viðskiptafræðingum frá Háskóla Íslands sérstaka viðurkenningu og telst prófskírteini um fullnaðarpróf í viðskiptafræði frá viðskiptadeild Háskóla Íslands jafngilt viðurkenningu ráðherra.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um kröfur sem fullnægja þarf til þess að veita megi umsækjanda leyfi til að kalla sig viðskiptafræðing eða hagfræðing. Rétt þykir að gefa mönnum sem notað hafa starfsheitið viðskiptafræðingur eða hagfræðingur sex ár eða lengur kost á að fá viðurkenningu á því enda þótt þeir fullnægi ekki þeim prófskilyrðum sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu.

Um 3. gr.

Rétt þykir að veita ráðherra vald til að skera úr ágreiningi sem rísa kann vegna notkunar þessara starfsheita.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 391. Frumvarp til laga [171. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Sá sem lokið hefur fyllsta námi frá Vélskóla Íslands á hverjum tíma og hefur auk þess lokið sveinsprófi í vélvirkjun eða annarri málmiðnaðargrein sbr. 14. gr. þessara laga á rétt á starfsheitinu vélfræðingur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram að ósk Vélstjórafélags Íslands. Starfsheitið vélstjóri tekur nú til manna sem hafa mjög mismunandi menntun. Full þörf þykir á aðgreiningu vélstjóra sem lokið hafa sveinsprófi í iðngrein auk fyllsta náms við Vélskóla Íslands og annarra vélstjóra. Lagt er til að hinir fyrrnefndu taki upp starfsheitið vélfræðingur.

Nd. **392. Frumvarp til laga** [172. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Inntaka og skrásetning nemenda.

4. gr. orðist svo:

Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:

1. Stúdentspróf eða annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt og mælir með því, og menntamálaráðuneytið fellst á það.
2. Þeir, sem lokið hafa kennaraprófi eða framhaldsnámi frá Kennaraskóla Íslands, geta, ef þeir æskja þess, bætt við sig námi í Kennaraháskólanum og lokið þaðan embættisprófi. Tilhögun námsins og hve miklu þarf við að auka fer eftir reglugerð, sem setja skal að fengnum tillögum skólastjórnar.
3. Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslensku og fleiri greinum.
4. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skrásetningu nemenda, og eru þeir einir taldir nemendur skólans, er hafa skráð sig til náms. Skrásetningargjöld skulu háð samþykki skólaráðs og menntamálaráðherra.
5. Ákvæði um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu má setja í reglugerð. Öllum skrásettum nemendum er skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir því, sem skólaráð ákveður.

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar.

2. gr.

6. gr. orðist þannig:

Ef námsefni í Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 ársvikustundum, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, er hér segir, að frádregnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:

I. Uppeldisgreinar, 4 hlutir.
II. Námsgreinar grunnskóla.
   a) Kjarni, 4 hlutir.
   b) Valgreinar, 4 hlutir.
      Nemendur velji 2 bóklegar greinar eða eina list- og verkgrein.
      Skólaráð getur heimilað nemendum að auka við sig námi í valgrein.
III. Verklegt nám, æfingakennsla og annað starf á vettvangi, 12 vikur hið minnsta. Saman skal fara, eftir því sem við verður komið, samstillt og hnitmiðað nám í námsgreinum grunnskólans og uppeldisgreinum, einkum kennslufræði. Verklega námið fer fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum og stofnunum, eftir því sem þörf krefur.
IV. Fjalla skal um það efni á námskeiðum, sem ekki er unnt að skipa eðlilega á samfellda stundaskrá annar- eða vetrarlangt.

3. gr.

Aftan við 12. gr. komi ný málsgrein:

Heimilt er að flytja lektor úr lektorsstöðu í dósentsstöðu, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeim, sem innritast hafa í Kennaraháskóla Íslands fyrir gildistöku laga þessara, er heimilt að velja hvort þeir stunda nám samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1971 eða ákvæðum þessara laga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 25. gr. l. nr. 38/1971 um Kennaraháskóla Íslands er gert ráð fyrir því að lögin verði endurskoðuð eigi síðar en tveim árum frá gildistöku þeirra.

Í samræmi við þetta ákvæði laganna var í nóvembermánuði 1972 skipuð nefnd til að annast þessa endurskoðun. Nefndin skilaði áliti í júní 1976. Frumvarp það sem nefndin samdi var lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77, en varð þá eigi útrætt. Frumvarpið var að nýju lagt fyrir Alþingi árið eftir (1977—78) með nokkrum breytingum sem m. a. voru gerðar með hliðsjón af athugasemdum sem borist höfðu frá aðilum sem menntamálaráðuneytið hafði sent frv. til umsagnar milli þinga. Frv. hlaut ekki afgreiðslu á þinginu 1977—78.

Eins og gefur að skilja hafa komið fram á gildistíma laganna ýmis atriði sem kalla á breytingu og er ekki að undra slíkt svo mjög sem farið var inn á nýjar brautir í kennaramenntunarmálum þjóðarinnar með setningu þeirra.

Skólastjórn KHÍ samþykkti á fundi sínum 5. mars s. l. nokkrar breytingartillögur við lögin sem óskað var eftir að fluttar yrðu á Alþingi svo fljótt að unnt reyndist að afgreiða þær á þessu þingi.

Hér eru aðeins tekin fyrir örfá knýjandi atriði sem breyta þarf til samræmis við ákvæði í nýrri lögum (lögum um embættisgengi kennara og skólastjóra) eða eðlilegt er að breyta vegna hliðstæðu í öðrum lögum (lögum Háskóla Íslands). Aðeins eru tekin fyrir atriði sem ætla má að ekki valdi deilum og líkur séu því til að eigi sæmilega greiða leið gegnum þingið.

Breytingar þær sem hér eru lagðar til eru fáar og snerta lítið meginkjarna laga um aðalmenntastofnun kennara og draga á engan hátt úr þörf á heildarendurskoðun laga um KHÍ.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að 1. tl. 4. gr. standi óbreyttur.

Eðlilegt er að fella niður setninguna „þegar hann hefur tekið til starfa að fullu“ í 2. tl. sem orðin er úrelt.

3. tl. er óbreyttur.

Inn komi nýr tl. 4 sem gerir ráð fyrir heimild til að setja í reglugerð ákvæði, er mæli fyrir um árlega skráningu nemenda og greiðslu skrásetningargjalda. Ákvæði þessi eru í samræmi við lög um Háskóla Íslands (21. gr.). Rök fyrir breytingu þessari eru tvíþætt, annars vegar vilji skólans til aðhalds fyrir nemendur og ósk um að ljóst liggi fyrir hverjir raunverulega séu við nám og hins vegar óskir nemendaráðs að því sé búinn áþekkur fjárhagslegur grundvöllur fyrir starfi sínu og gert er í Háskóla Íslands.

Töluliður 5 komi í stað tl. 4 í gildandi lögum, en sá liður miðast um of við hefðir frá Kennaraskólanum þar sem gengið var út frá því að allir nemendur skólans færu árlega í skoðun hjá skólalækni. Hér er gert ráð fyrir að ákvæði um heilbrigðisskilyrði við skrásetningu séu sett í reglugerð en jafnframt sé skrásettum nemendum skylt að ganga undir heilbrigðisrannsóknir eftir ákvörðun skólaráðs.

Við niðurlagsákvæði greinarinnar um að inntaka nemenda í skólann sé í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar bætist heimildarákvæði um að setja megi í reglugerð nánari ákvæði um inntöku nemenda í skólann eða í einstakar valgreinar.

Hér er um þýðingarmikið atriði að ræða, ekki síst í sambandi við val í list- og verkgreinum en óhjákvæmilegt er að setja þar vissar forkröfur m. a. vegna breytinga sem gerðar kunna að vera á umfangi greinarinnar í kennaranámi (sbr. breytingartillögur við 6. grein.).

Um 2. gr.

Óskað er eftir breytingum á liðum I. og II. í 6. gr. og efnislega aðeins á lið II, Nám handavinnukennara. Breytingin er gerð til samræmis við ákvæði í 2. og 11. gr. d í lögum nr. 51/1978, um embættisgengi kennara og skólastjóra.

Lagt er til að fyrirsagnirnar í I. og II: **Almennt kennaranám** og **Nám handavinnukennara** falli niður enda gert ráð fyrir að aðeins verði um að ræða eina tegund kennaranáms sem aðeins sé breytilegt hvað snertir valgreinar og uppeldislegt sérsvið, þar sem þó sé það frávik að hverri list- og verkgrein sé ætlaður tími sem tveim bóklegum greinum.

Með þessari breytingu er fullnægt þeim ákvæðum laga um embættisgengi kennara og skólastjóra að kennarar hafi lokið námi í uppeldis- og kennslufræðum sem jafngildi 30 námseiningum (2. gr.) og jafnframt því að kennarar í list- og verkgreinum sem nám stunda við KHÍ fullnægi ákvæðum 11. gr. d og e í sömu lögum um eigi færri en 30 einingar í sérgrein.

Þá er lagt til að orðalagi í III. tl. sé breytt til samræmis við II. tl. að í stað „hnitmiðað nám í skyldunámsgreinum og uppeldisgreinum“ komi „hnitmiðað nám í námsgreinum grunnskólans og uppeldisgreinum“.

Um 3. gr.

Þetta ákvæði er samhljóða síðasta málslið í 11. gr. laga 77/1979, um Háskóla Íslands, og því sett í samræmingarskyni bæði sem réttlætismál fyrir kennara Kennaraháskóla Íslands sem að öðru leyti hafa jafnstöðu við kennara Háskóla Íslands og jafnframt til að tryggja Kennaraháskólanum betri samkeppnisaðstöðu um kennara.

Rétt er að vekja athygli á að þetta ákvæði snertir ekkert það ákvæði 11. gr. laga um Kennaraháskóla Íslands að skipa skuli „allt að níu dósenta“.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Nd. 393. Frumvarp til laga [5. mál]

um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

(Eftir 3. umr. í Ed., 30. apríl.)

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfsskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 1500 millj. kr. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi 1500 millj. kr. í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, verðtryggingar, vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **394. Frumvarp til laga** [173. mál]

um breyting á lögum um eyðingu refa og minka, nr. 52 5. júní 1957.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Skotmenn og vökumenn, sem liggja á grenjum, sbr. 5. gr., skulu taka laun fyrir störf sín samkvæmt samningi við aðila þá, er sjá um að vinna greni. Heimilt er að semja um verðlaun fyrir unnin dýr og yrðlinga, þegar ráðningarkjör veiðimanna þessara eru ákveðin.

Á sama hátt skal semja um kaup þeirra manna, er taka að sér að vinna minka og minkabæli, sbr. 5. gr.

2. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Hámark verðlauna fyrir að vinna grendýr (fullorðin dýr og yrðlinga), hlaupadýr og mink, skal ákveðið ár hvert af landbúnaðarráðherra, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum og að fenginni umsögn veiðistjóra. Oddviti (bæjarstjóri) greiðir verðlaun þessi, enda séu honum færðar sannanir fyrir að dýrin hafi verið unnin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 28 23. maí 1975.

Greinargerð.

Núgildandi lög um eyðingu refa og minka eru nr. 52 frá 5. júní 1957, og var í þeim ákveðin upphæð verðlauna fyrir unnin dýr, 350 kr. fyrir hvern ref og 200 kr. fyrir mink. Vegna hraðra verðbreytinga hefur reynst nauðsynlegt að breyta lögum þessum á Alþingi á nokkurra ára fresti, til hækkunar á verðlaunum, fyrst 1964, síðan 1971 og 1975, auk þess sem breytingartillögur hafa komið fram, án þess að hljóta afgreiðslu.

Þrátt fyrir lagabreytingar þessar, hefur upphæð verðlauna ekki haldið upphaflegu verðgildi sínu. Sem dæmi má nefna, að samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands ættu verðlaun, sem svöruðu til 350 kr. og 200 kr. árið 1957, að vera í dag, miðað við framfærsluvísitölu, 19 000 kr. fyrir ref og 10 800 kr. fyrir mink. Samkvæmt núgildandi lögum frá 1975, eru verðlaunin fyrir ref (hlaupadýr) 2 500 kr., 1 500 kr. fyrir fullorðin grendýr, 800 kr. fyrir yrðlinga og 4 000 kr. fyrir mink. Veiðistjóri hefur þráfaldlega, allt frá árinu 1977, bent á, að hin lágu verðlaun skv. núgildandi lögum geti ekki talist hvatning til þeirra fjölmörgu veiðimanna, sem stundað hafa loðdýraveiðar sem áhugamenn og eiga drjúgan þátt í að tekist hefur að halda villtum loðdýrum í skefjum.

Aðili, sem fær starfsleyfi samkvæmt 1. málsgr. skal gera viðhlítandi ráðstafanir, að dómi tölvunefndar, sem tryggi, að upplýsingar þær, sem í verkbeiðni felast, eða fylgja henni verði eigi misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna. Tölvunefnd getur mælt fyrir um nánari ákvæði varðandi slíkar öryggisráðstafanir.

Aðili samkvæmt 1. málsgr. má ekki án samþykkis verkbeiðanda nota upplýsingar, sem hann fær í sambandi við framkvæmd umbeðins verks, í öðru skyni en til að leysa það sérstaka verkefni, sem verkbeiðni lýtur að. Er honum óheimilt að varðveita gögn um þær hjá öðrum eða láta þær öðrum í hendur. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna skyndilegrar bilunar á tölvubúnaði, er aðila þó heimilt að láta framkvæma tölvuvinnslu hjá öðrum, enda þótt síðargreindi aðilinn hafi ekki starfsleyfi til slíkrar vinnslu. Gögnin og vinnsla þeirra skulu þó eftir sem áður vera á ábyrgð þess, sem upphaflega tók að sér verkið, að því er varðar ákvæði laga þessara.

37. gr.

Umsókn um starfsleyfi samkvæmt 36. gr. skulu fylgja rækileg gögn um fyrirhugaða starfsemi, tækjabúnað, starfslið, húsnæði, öryggisráðstafanir o. fl. eftir því sem tölvunefnd mælir nánar fyrir um.

Starfsleyfi skal tímabinda og skulu þau eigi veitt til lengri tíma en 5 ára í senn.

38. gr.

Starfsmenn við tölvuþjónustufyrirtæki samkvæmt 36. gr. eru þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við störf sín, og skulu undirrita þagnarheit, áður en þeir taka til starfa.

Nú vinnur tölvuþjónustufyrirtæki, sem ekki er rekið af opinberum aðila, að verkefnum fyrir slíka aðila, og eru starfsmenn þess þá þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við framkvæmd verkefnisins, með sama hætti og þeir

opinberu starfsmenn, sem unnið hafa að því. Brot starfsmanns á þagnarskyldu varðar, þegar svona stendur á, refsingu samkvæmt 136. gr. almennra hegningarlaga.

V. ÞÁTTUR

X. KAFLI

Söfnun upplýsinga hér á landi til tölvuúrvinnslu erlendis.

39. gr.

Kerfisbundin söfnun og skráning upplýsinga um einkamálefni til geymslu eða úrvinnslu erlendis er óheimil. Tölvunefnd getur þó heimilað hana, ef sérstaklega hagar til, þegar einstaklingur eða fyrirtæki stendur að söfnuninni, en dómsmálaráðherra, að fenginni umsögn tölvunefndar, ef opinber aðili á í hlut.

Skrár eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær, er greinir í 2. málsgr. 5. gr. og 2. málsgr. 24. gr. má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis, nema samþykki tölvunefndar eða dómsmálaráðherra komi til.

Leyfi samkv. 1. og 2. málsgr. má því aðeins veita, að tölvunefnd telji, að afhending skráa eða gagna skerði ekki til muna vernd þá, sem lögin búa skráðum mönnum eða lögpersónum.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið í reglugerð, að ákvæði 1. og 2. málsgr. eigi ekki við um tilteknar skrár eða upplýsingasvið eða að ákvæðin gildi ekki gagnvart ákveðnum löndum, ef þjóðréttarsamningar lúta að slíku eða tillit til alþjóðlegs samstarfs mælir með því.

VI. ÞÁTTUR

XI. KAFLI

Um eftirlit með lögum þessum.

40. gr.

Tölvunefnd hefir eftirlit með framkvæmd laga þessara og skráningu og vinnslu, sem lögin taka til, leysir úr ágreiningsefnum, svo sem greinir í lögum þessum, og setur fram umsagnir um reglur, er varða skráningarmál. Þá er nefndin ríkisstjórninni til ráðuneytis um þau málefni, sem þessi lög taka til.

Tölvunefnd skal skipuð 3 mönnum, sem dómsmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Formaður hennar skal vera lögfræðingur, sem fullnægir skilyrðum til að vera dómari. Tveir nefndarmenn skulu vera sérfróðir um tölvu- og skráningarmálefni. Varamenn eru skipaðir með sama hætti til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn fullnægja sömu skilyrðum sem aðalmenn.

Um starfslið og starfshætti tölvunefndar skal mælt í reglugerð, er dómsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum nefndarinnar.

41. gr.

Tölvunefnd getur krafið þann, sem ábyrgur er fyrir skráningu eða framkvæmir hana vegna annars (verkbeiðanda) allra upplýsinga, sem máli skipta fyrir eftirlits- og könnunarstarfsemina.

Nefndarmenn og aðrir, er starfa á vegum tölvunefndar, eiga vegna eftirlitsstarfa sinna aðgang án dómsúrskurðar að húsnæði, þar sem skráning fer fram, svo og að stjórnarskrifstofu og húsnæði, þar sem skráningargögn og tæknileg gögn öll eru varðveitt.

42. gr.

Ákvæði greinar þessarar gilda um skráningarstarfsemi, er lýtur II. þætti laga þessara, nema annars sé getið.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila að hætta skráningu eða láta ekki öðrum í té upplýsingar úr skrám sínum eða gögnum, enda gangi starfsemin í berhögg við

ákvæði laga þessara að mati tölvunefndar, svo og að einstakar upplýsingar á skrám séu afmáðar eða skrár í heild sinni séu eyðilagðar.

Tölvunefnd getur enn fremur lagt fyrir ábyrgan skráningaraðila að afmá skráningu um einstök atriði eða leiðrétta hana, enda sé um atriði að ræða, sem annað hvort er óheimilt að taka á skrá eða tölvunefnd telur röng eða villandi.

Tölvunefnd getur bannað að viðhafa nánar tiltekna aðferð við söfnun upplýsinga til tölvuvinnslu eða við að koma á framfæri upplýsingum til annarra, enda telji hún, að aðferð sú, sem viðhöfð er, hafi í för með sér verulega hættu á, að skráning eða upplýsingamiðlun verði röng eða villandi, eða að um sé að ræða atriði, sem eigi má taka á skrá.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila, sem ábyrgð ber á starfsemi, er lýtur lögunum, að koma við sérstökum úrræðum til tryggingar því, að eigi verði skráð atriði, sem óheimilt er að taka á skrá, eða miðlað verði upplýsingum um slík atriði. Hinu sama gegnir um atriði, sem eru röng eða villandi. Enn fremur er tölvunefnd rétt að krefjast þess af ábyrgum skráningaraðila, að hann hlutist til um ráðstafanir, sem komi í veg fyrir eða dragi úr hættu á, að skráðar upplýsingar verði misnotaðar eða komist til vitundar óviðkomandi mönnum.

43. gr.

Ákvæði greinar þessarar á við um skráningarstarfsemi, sem lýtur III. þætti laga þessara.

Tölvunefnd gefur skýrslu til þeirrar stjórnvaldsstofnunar, sem er ábyrg fyrir skráningu, og ráðherra, sem hin ábyrga stofnun á undir, um brot á lögum eða stjórnvaldsreglum, sem upp kunna að koma, eða ágalla, sem æskilegt er, að bætt sé úr. Viðkomandi stofnunum er skylt að gera tölvunefnd grein fyrir, hvaða ráðstafanir gerðar séu í tilefni af skýrslu hennar.

Tölvunefnd getur hvenær sem er sett fram tillögur um breytingu á reglum um tiltekna kerfisbundna skráningu og beint þeim til þeirrar stjórnvaldsstofnunar, sem sett hefur reglurnar í upphafi.

44. gr.

Úrlausnir tölvunefndar verða eigi bornar undir aðrar stjórnvaldsstofnanir.

45. gr.

Tölvunefnd getur sett reglur um form og efni tilkynninga og umsókna samkvæmt lögum þessum og stjórnvaldsreglum, settum með stoð í þeim.

Nú er tölvunefnd ætlað að veita samþykki til einstakra aðgerða samkvæmt lögum þessum, og er henni þá heimilt að binda samþykkið skilyrðum og tímabinda það.

46. gr.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð kveðið á um samstarf tölvunefndar við erlendar eftirlitsstofnanir, um geymslu eða úrvinnslu hér á landi á gögnum, er safnað hefur verið erlendis, þ. á m. um sérstaka tilkynningarskyldu á slíku.

Enn fremur um afmáningu og eyðileggingu á skrám, sem andstæðar eru lögunum, svo og önnur atriði, sem varða framkvæmd laganna, þ. á m. um starfsemi samkvæmt II. og III. kafla.

47. gr.

Tölvunefnd gefur út öðru hverju skýrslu um starfsemi sína.

Tölvunefnd getur enn fremur birt almenningi umsagnir og álitsgerðir, svo og tillögur, er hún hefur látið uppi samkvæmt lögunum.

VII. ÞÁTTUR
Um refsingar og önnur viðurlög, gildistöku laganna og framkvæmd.

XII. KAFLI
Um refsingar og önnur viðurlög við brotum á lögunum.

48. gr.

Brot á 2. og 3. málsgr. 5. gr., 6. gr., 3. málsgr. 7. gr., 8. og 9. gr., 2. málslið 1. málsgr. 10. gr., 1., 2. og 4. málsgr. 11. gr., 12.—14. gr., 1. málsgr. og 2. málslið 2. málsgr. 15. gr., 16.—19. gr., 3. málslið 31. gr., 2. málslið 2. málsgr. 32. gr., 1., 3. og 4. málsgr. 36. gr., 1. málsgr. 38. gr., 1. og 2. málsgr. 39. gr., svo og brot á skilmálum, sem settir eru samkv. 3. málsgr. 32. gr. og 34. gr. varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Sömu refsingu varðar að vanrækja að fara eftir úrlausn tölvunefndar samkvæmt 4. málsgr. 7. gr. og 2. málsgr. 15. gr., eða að fullnægja kröfum tölvunefndar samkv. 1. málsgr. 41. gr.

Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði, sem sett er fyrir leyfi til starfrækslu, er lýtur lögum þessum eða stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni, sem uppi hefur verið haft samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim.

Í reglum, sem settar eru samkvæmt lögum þessum, má setja það ákvæði, að brot á reglunum varði sektum.

Nú er brot framið í starfsemi, sem hlutafélag, samvinnufélag eða annað atvinnufyrirtæki hefur með höndum, og má þá leggja sektarrefsingu á félagið sem slíkt.

49. gr.

Þann, sem rekur starfsemi eða tekur þátt í starfsemi, sem greind er í 36. gr., án leyfis, eða hefst handa um starfsemi samkvæmt 8. gr. án þess að tilkynna hana tölvunefnd má auk refsingar svipta rétti til tölvustarfrækslu þeirrar, sem hann hefur með höndum, enda gefi brot til kynna nærlæga hættu á misnotkun manns í sambandi við skráningarstarfsemi. Sama er um brot á 3. málsgr. 5. gr. Að öðru leyti eiga ákvæði 1. og 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga hér við.

Gera má upptæk með dómi tæki, sem stórfelld brot á lögum þessum eru framin með, svo og hagnað af broti, og eiga ákvæði 69. gr. alm. hegningarlaga hér við.

XIII. KAFLI
Gildistaka og lagaframkvæmd.

50. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1981.

Leita skal samþykkis tölvunefndar, þar sem það er áskilið, eða koma á framfæri tilkynningum til hennar innan 3 mánaða frá gildistöku laganna, að því er varðar starfsemi, er II. þáttur laganna tekur til, og hafist hefur, áður en lögin öðluðust gildi. Senda skal drög til reglna um starfsemi og starfshætti skráa, þar sem gætt skal ákvæða III. þáttar laganna, til tölvunefndar í síðasta lagi þegar 6 mánuðir eru liðnir frá gildistöku laganna samkv. 1. málsgr.

51. gr.

Um þjóðskrá og almannaskráningu fer eftir því, sem segir í lögum og stjórnvaldsreglum þar um. Sama er að sínu leyti um sakaskrá.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp til laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni, var lagt fram á Alþingi undir þinglok 1978 (298. mál, þingskjal 683). Frumvarpið er nú endurflutt nokkuð breytt eins og nánar verður greint frá hér á eftir.

Með bréfi Ólafs Jóhannessonar dómsmálaráðherra 25. nóvember 1976 voru þeir dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari, Hjalti Zóphóníasson fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu og dr. Þorkell Helgason dósent, skipaðir í nefnd til að vinna að undirbúningi löggjafar um meðferð efnis í tölvum, er varða einkahagi manna. Var hinn fyrstnefndi skipaður formaður nefndarinnar. Baldur Möller ráðuneytisstjóri starfaði um hríð með nefndinni. Dr. Oddur Benediktsson dósent hefir unnið að sérfræðilegum athugunum á vegum nefndarinnar. Þá gaf hagstofustjóri nefndinni ítarlega skýrslu um tölvuskrár á vegum stofnunar sinnar.

Í erindisbréfi nefndarinnar var sérstaklega bent á, að þörf væri að hyggja að reglum um söfnun upplýsinga til varðveislu efnis í tölvum og um vernd gegn misnotkun slíks efnis, svo og um skyldur þeirra manna, sem starfa við rekstur á tölvum. Í bréfinu segir enn fremur, að hafa skuli hliðsjón af löggjöf, sem sett hefir verið í öðrum löndum um þetta efni, svo og þeim löggjafarundirbúningi, sem í gangi er á því sviði í einstökum löndum og á alþjóðavettvangi.

Nefndarmenn hafa allir kynnt sér þetta efni erlendis með viðræðum og könnunum á Norðurlöndum og með þátttöku á fundum á vegum Evrópuráðs um þessi málefni. Þá hefir nefndin viðað að sér miklum heimildum, lögum, lagafrumvörpum og ritum um efnið. Ráðunautur frá dómsmálaráðuneytinu danska, dr. Niels Eilschou Holm, kom hingað til lands í mars 1977 m. a. til viðræðna um þetta málefni.

Nefndin hefir kostað kapps um að hraða störfum, svo sem óskað var af hálfu dómsmálaráðherra. Mikill tími hefir farið í að kynnast þeim mikla efnivið, sem nefndin hefir talið nauðsynlegt að rannsaka, svo og til að hugleiða og ræða fær úrræði hér á landi á þessu sviði, en engan veginn er sjálfsagt, að fylgt skuli í hvívetna erlendum fyrirmyndum við þær sérstöku aðstæður, sem ríkja hér á landi.

Áður en frumvarpið yrði á ný lagt fram á Alþingi ákvað dómsmálaráðherra að það skyldi sent til umsagnar eftirtöldum aðilum, er málið varðar einkum: Dómarafélagi Íslands, erfðafræðinefnd Háskólans, Fasteignamati ríkisins, Hagstofu Íslands, lagadeild Háskóla Íslands, landlækni, Læknafélagi Íslands, Lögfræðingafélagi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga, ríkisskattanefnd, ríkisskattstjóra, Skýrslutæknifélagi Íslands, Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar, Tryggingastofnun ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd. Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: landlækni, Læknafélagi Íslands, Skýrslutæknifélagi Íslands, Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar, Tryggingastofnun ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

Með bréfi, dags. 30. maí 1979, var nefndinni, sem samdi frumvarpið í upphafi, falið að endurskoða það í ljósi þeirra umsagna, er borist höfðu. Skilaði nefndin tillögum sínum til ráðuneytisins með bréfi, dags. 28. ágúst 1979, svo hljóðandi:

„Málefni: Frumvarp til laga um kerfisbundna skráningu á upplýsingum, er varða einkamálefni.

Hæstvirt Dómsmálaráðuneyti hefir óskað eftir því, að við undirritaðir, sem sömdum ofangreint frumvarp, færum yfir umsagnir þær, er um það hafa borist til ráðuneytisins og athuguðum, hvort við teldum ástæðu til að breyta einstökum atriðum í frv., sem ætlunin er að leggja fram nú í haust. Fer athugun okkar hér á eftir:

1. Umsagnir eru að verulegu leyti almenns efnis. Sumar þeirra gera engar efnislegar athugasemdir við frv., en í öðrum er komið á framfæri gagnrýni á einstökum atriðum, oft þó svo, að eigi eru settar fram jákvæðar tillögur um skipan þess atriðis, sem gagnrýnt er.

2. Nokkur gagnrýni kemur fram á nafninu skráning á upplýsingum, er varða **einkamálefni**, og er stungið upp á orðinu **persónugögn** í stað þess. Nefndin telur það orð síst heppilegra en einkamálefni, sem unnið hefir sér hefð í lagamáli, og er gerð grein fyrir því atriði í greinargerð með frv. Persónugagnaráð í stað tölvunefndar er óþjált orð og hæfir ekki vel.
3. Gagnrýnt er, að frv. sé of viðamikið og þurfi einföldunar við. Af sérgreindum tillögum í því efni er bent á, að ekki sé þörf á ákvæðum II. og III. kafla. Þetta er vissulega álitamál frá sjónarmiði semjenda frv. Er um það vísað til greinargerðar með frv., þar sem rökstutt er, að þörf sé á þessum ákvæðum eða verði það í náinni framtíð. Teljum við eðlilegt, að Alþingi taki afstöðu til þessa atriðis, en auðvelt er að endursemja frv., ef hugur manna stendur til að fella niður þessa tvo kafla að verulegu leyti eða öllu. Um þá gagnrýni, að frv. eigi að verða einfaldara í sniðum er það að segja, að frv. er í ýmsum greinum einfaldara en hliðstæð frv. á Norðurlöndum, og m. a. byggt meir á tilkynningarleiðinni heldur en leyfisleiðinni. Ef einfalda á frv. til muna, þarf að endursemja það frá stofni. Að svo stöddu telja undirritaðir heppilegast, að frv. verði lagt fram í þeirri mynd, sem nú hefir verið gengið frá því, sbr. þó athugasemdir hér á eftir, og er það þá Alþingis að taka afstöðu til þess, í hvaða mynd það óskar að löggjöf verði um þessi efni.
4. Fleiri en einn umsagnaraðili víkja að því, að ákvæði um samtengingu skráa séu ekki nægilega rækileg, einkum að því er virðist varðandi skráningu á vegum annarra en opinberra aðilja. Almenna greinimarkið í 5. gr. frv. á vitaskuld við um samtengingu skráa, sem hugsuð er frá sjónarmiði semjenda frv. sem ein aðferð við skráningu. Má því ekki gagnálykta frá þeim einstöku ákvæðum frv., sem fjalla gagngert um samtengingu skráa, sbr. 20. gr. 3. mgr., 21. gr. 4. mgr., 22. gr. 3. mgr., 32. gr. 3. mgr., 33. gr. 2. mgr. Samtenging skráa er í reynd meir tíðkuð í hinum opinbera geira en einkageiranum, og er því eðlilegt, að fremur séu sérákvæði um þetta atriði í þeim köflum, er varða hina fyrrnefndu skráningu. Vera má, að það horfi til bóta að setja almennt ákvæði í frv. um, að samtenging skráa lyfti almennt reglunum um skráningu, nema öðru vísi væri kveðið á í frv., en undirritaðir telja þessa þó naumast þörf.
5. Sú athugasemd hefir komið fram við 24. gr., að þar ætti að bæta við orðunum: „upplýsingar, er varða félagslega hagi fólks, t. d. skólanemenda". Út af fyrir sig er ekkert, er mælir gegn þessu, en ekki ætti þó að vera þörf á slíku ákvæði, þar eð 2. mgr. 24. gr. kveður svo á, að einkamálefni megi yfirleitt ekki skrá.
6. Í tilefni af athugasemd landlæknis við 27. gr. frv. skal þess getið, að með þeirri grein er ekki ætlunin að gera breytingu á læknalögum. Læknafélag Íslands telur þessa grein „skynsamlega og heppilega".
7. Ákvæðin um sjúkraskrár eru í III. þætti frv., sem fjallar um skráningu á vegum hins opinbera. Allt að einu eiga ákvæðin við um sjúkraskrár starfandi lækna og tannlækna, en þeir verða að fá sérstakt starfsleyfi til að gegna starfinu og eru að því leyti opinberir sýslunarmenn. Hugsanlegt er, að taka þetta fram annaðhvort í 2. gr. eða 27. og 32. gr. frv.
8. Læknafélag Íslands bendir á, að í stað orðanna „kynrænir hagir" í 5. gr. frv. ætti að koma kynlíf. Breyta þarf þá einnig 9. gr. 2. mgr., 17. gr. 2. mgr. og 24. gr. 2. mgr. Ekki ætti hér að vera um efnismun að ræða, og geta undirritaðir út af fyrir sig fallist á tillögu Læknafélagsins.
9. Læknafélag Íslands gerir að tillögu sinni, að í stað orðanna í 2. mgr. 32. gr. frv.: „læknar þeir, sem fjallað hafa" komi: „heimilislæknir eða annar læknir, sem fjallað hefir" o. s. frv. Undirritaðir geta fallist á þessa tillögu, sbr. og orðalagið í 27. gr. 2. mgr.
10. Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar gera ýmsar athugasemdir við almennan grundvöll slíks frv. sem þessa, og vilja t. d. eigi, að munur sé á reglum

varðandi einkaskráningu og opinbera skráningu. Af þeirra hálfu er dregið í efa, að rétt sé að setja sérákvæði um skráningu í þágu vísindarannsókna og tölfræðiskýrslna. Er vikið að þessum atriðum hér áður, en vísað er til greinargerðar með frv. þar sem fram koma þau rök, sem semjendur frv. byggja á. Þess má geta, að frv. er í þessum efnum í samræmi við norrænu lögin og frv.

11. Undirritaðir leggja til, að í stað orðanna: „tölvu- eða skráningarmálefni“ í 40. gr. 1. mgr. frv. komi: „þau málefni, sem þessi lög taka til“.

12. Ýmsar athugasemdir hafa verið gerðar við nafnið „tölvunefnd“ sbr. XI. kafla frv., og þó sérstaklega ákvæðin um hvernig hún verði skipuð. Semjendur frv. gáfu gaum að ýmsum öðrum nöfnum, svo sem skráningarnefnd og persónugagnanefnd, en þeir töldu, að heitið tölvunefnd, sem vissulega er ekki nákvæmt, gæfi best til kynna meginverkefni nefndarinnar, sem er að fylgjast með ýmsum þáttum í starfsemi vélrænnar skráningar. Hliðstæð heiti á Norðurlandamálunum taka einnig mið af hinu sama.

13. Í frv. er lagt til, að tölvunefnd sé skipuð þremur mönnum, sem dómsmálaráðherra skipi til fjögurra ára í senn. Formaður sé lögfræðingur, en hinir tveir sérfróðir „um tölvu- og skráningarmálefni“. Í umsögnum koma fram eftirfarandi hugmyndir:
    a. Landlæknir bendir á, að einn nefndarmanna ætti að hafa „nokkra læknisfræðiþekkingu“.
    b. Skýrslutæknifélag Íslands leggur til, að nefndin verði skipuð 5 mönnum, og kjósi Sameinað Alþingi 3, en dómsmálaráðherra skipi 2, þar af annan að fengnum tillögum Skýrslutæknifélags Íslands.
    c. Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar leggja til, að nefndarmenn verði 5, skipi Hæstiréttur formann, en Sameinað Alþingi kjósi 4.

    Um þessar tillögur skal þess getið, að semjendur frv. gáfu mikinn gaum að því, hversu fjölmenn nefndin ætti að vera og hversu skipuð. Almennt verður að vara við því, að fleiri séu í slíkri nefnd en þrír, og ekki ætti að vera þörf á mannfleiri nefnd. Sú nefnd myndi að sjálfsögðu leita sérfræðilegs liðsinnis, þ. á m. um læknisfræðileg efni, þegar nauðsyn ber til. Vel kemur til greina, að nokkrir nefndarmanna verði kosnir af Alþingi, en að svo vöxnu telja undirritaðir, að heppilegast sé að leggja frv. óbreytt fram fyrir Alþingi um þetta atriði.

14. Undirritaðir leggja til, að 1. mgr. 4. gr. frv. orðist þannig:
    „Lög þessi ná ekki til skráningar, sem stofnað er til einvörðungu í vísindalegu skyni eða vegna tölfræðiskýrslna opinberra stofnana, sem semja tölfræðiskýrslur samkvæmt lögum eða stjórnvaldsreglum, enda séu hinir skráðu ekki auðkenndir með almennum opinberum skráningarauðkennum, svo sem nafni, nafnnúmeri eða þ. u. l. og skráningarlykill slíkrar skráningar sé einungis tiltækur þeim, sem óhjákvæmilegt er vegna viðkomandi verkefnis. Gæta skal ennfremur meginreglna 36. gr. 3. og 4. málsgr. og 39. gr.“

15. Undirritaðir hafa veitt því athygli, að þar sem rætt er um stjórnvald í frv. er í próförk komið orðið stjórnvaldsstofnun, sbr. t. d. fyrirsögn VIII. kafla og 35. gr. Þess er eindregið farið á leit, að frv. nefndarinnar sé haldið óbreyttu.

    Ef breyting verður á frumvarpstextanum, þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt að athuga greinargerð um þau atriði, er sæta breytingu.

    Að svo vöxnu telur nefnd sú, sem falið var að semja frv. til laga um ofangreint efni, verkefni sínu lokið.“

Umsagnaraðilum hefur verið sent bréf nefndarinnar til athugunar, og má gera ráð fyrir, að þeir, sem mestra hagsmuna hafa að gæta, komi sjónarmiðum sínum að í meðförum þingsins.

Frumvarpið er nú lagt fram með þeim breytingum, sem nefndin hefur lagt til. Þá hefur hugtökum á sviði stjórnarfarsréttar, sem fram koma í frumvarpinu, verið

breytt til samræmis við frumvarp til laga um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum.

Hér á eftir verður fyrst rætt um þörfina á löggjöf vegna tölvutækni. Þar á meðal verður gaumgæft, hvort núgildandi löggjöf hér á landi veiti næga vernd gegn þeim hættum, sem samfara eru tölvustarfsemi vegna hagsmuna einstaklinga og lögpersóna af því að njóta eðlilegrar verndar um einkahagi sína (I A og I B). Þá verður vikið að hugmyndum, sem fram hafa komið á Alþingi varðandi þessi málefni (II). Síðan verður gerð grein fyrir erlendum lagafrumvörpum og lögum á þessu sviði, svo og meðferð þessara mála hjá fjölþjóðastofnunum (III og IV). Að svo vöxnu verður rætt um efni þessa frv. og settar fram athugasemdir við einstakar greinar þess (V).

I.
Þörfin á löggjöf vegna tölvutækni nútímans.

I.A.

Tölvutækni nútímans gerir kleift að vinna á ódýran og hraðvirkan hátt úr miklum upplýsingaforða. Er auðvelt að draga saman upplýsingar eða framkvæma leit að einstökum atriðum og fá síðan niðurstöður útskrifaðar. Útskriftir þessar er hægt að margfalda að vild. Þá er auðvelt að láta tölvur tengja saman skrár með skyldum eða óskyldum upplýsingum og mynda á þann hátt umfangsmikla skráabanka, sem nær ókleift hefði verið að stofna til og halda með fyrri aðferðum. Tölvutæknin kemur víða að miklum notum, við framkvæmdir og mannvirkjagerð, skipulagningarverkefni, áætlanir, hannanir, stjórnun margvíslega, vísindarannsóknir og sérfræðirannsóknir, þ. á m. á sviði heilbrigðismála. Er tölvutæknin ein mikilvægasta stoð undir framkvæmdum og framförum og vísindalegum rannsóknum.

Mönnum hefur orðið æ ljósara á síðustu árum, að tölvutæknin felur í sér hættu á misnotkun og jafnvel misferli. Einkum hefur athygli manna beinst að því, að í tölvum er hægt að safna miklum upplýsingaforða um einkamálefni manna og hætta er á, að slíkar upplýsingar verði notaðar, svo að mein verði af fyrir þann, sem skráður er. Tölvan tekur ekki eingöngu við efniviði, hún vinnur hann með margvíslegum hætti með afköstum, er undrum sæta, og skráningargögn er hægt að varðveita von úr viti. Vissulega tíðkaðist kerfisbundin skráning á einkamálefnum löngu fyrir daga tölva, sbr. manntalsgögn, tölfræðigögn, sakaskrár o. fl., og tíðkast enn. Tölvutæknin hefir hins vegar í fyrsta lagi valdið aldahvörfum um hraðvirkni og samtengsl upplýsingaforða og í öðru lagi veldur hinn greiði aðgangur að útskriftum og margföldun þeirra ærnum breytingum. Hér er einnig á það að líta, að margir tæknimenn starfa við tölvur, og eru þeir ekki allir opinberir starfsmenn og því m. a. ekki ávallt þagnarskyldir að lögum til jafns við opinbera starfsmenn.

Víða erlendis hefir verið bent á, að unnt sé með misnotkun tölva að vega gegn öðrum hagsmunum en að einkalífi manna og lögpersóna, þ. á m. að unnt sé að fremja vissar tegundir auðgunarbrota með þessum hætti. Athygli manna á Norðurlöndum og í öðrum grannlöndum hefir þó fyrst og fremst beinst að því að veita einkalífi manna aukna vernd vegna tölvutækni og misnotkunar, sem uggvænleg má þykja af þeim sökum. Við samningu lagafrv. um þetta efni hér á landi hefir einkum verið tekið mið af því stefnumarki að vernda einstaklinga gegn misnotkun tölva við meðferð á persónutengdum upplýsingum. Hitt er það, að hugtakið „einkalíf“ er hér sumpart víðtækara en hið venjuhelgaða lögfræðihugtak. Hér er m. a. þörf á vernd gegn óhæfilegri stjórnun og starfrækslu tölva. Frá sjónarmiði persónuverndar er þar um varnaðarreglur að ræða. Þá er þörf á vernd gegn ónauðsynlegri og varhugaverðri söfnun persónuupplýsinga, þ. á m. í þágu viðskiptalífsins, og notkun slíkra upplýsinga. Mikilvægt er að lögfesta starfsreglur, er taki af tvímæli um, hvers gæta beri í meginatriðum við starfsemi tölva, m. a. að því er varðar öryggisráðstafanir, meðferð gagna og varðveislu, stöðu starfsliðs o. fl. Eru veigamiklir þjóðfélagshagsmunir við það tengdir að hafa eftirlit með tölvustarfsemi.

I.B.

Áður en lengra er haldið er eðlilegt að spurt sé, hvernig þetta mál um vernd einstaklinga og lögpersóna gegn hættum af óhæfilegri tölvustarfsemi horfi við eftir gildandi réttarreglum. Vissulega eru ákvæði í alm. hegningarlögum XXV. kafla um einkalífsvernd, og í öðrum lögum eru einnig ákvæði, sem tengjast því máli. Í fræðiritum og úrlausnum dómstóla hefir og komið fram, að íslenskur réttur hafi í fórum sínum frekari persónuvernd en þá, sem fólgin er í settum lögum, og er þá byggt á grundvallarreglum laga (í hrd. 1968, bls. 1007 er t. d. vikið að „grunnreglum laga um þagnarvernd einkalífs").

Í 229. gr. alm. hegningarlaga er lögð refsing við að skýra „opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi". Eigi er það fullnægjandi í þessu efni að einskorða uppljóstrun einkalífsefna við, að það sé gert „opinberlega". Breyta ætti þessu ákvæði í það horf, að refsing væri lögð við að skýra heimildarlaust frá einkalífsmálefnum, svo sem gert hefir verið með breytingu á svipuðu ákvæði dönsku hegningarlaganna. Í öðru lagi er þörf á vernd fyrir lögpersónur, en 229. gr. er að formi til orðuð svo, sem vernd sé bundin við einkamálefni persónu, sbr. orðið „manns". Vera má þó, að unnt sé að skýra 229. gr. rýmkandi lögskýringu að þessu leyti. Þá veitir orðalagið „án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi" tilefni til ærinna skýringarörðugleika, sbr. t. d. starfsemi, sem lýtur að því að veita takmörkuðum fjölda manna upplýsingar um efnahag manns sem grundvöll að mati á lánstrausti hans. Málshöfðun út af þessu ákvæði er í höndum einstaklings, sem misgert er við, og kann það að draga úr virkni ákvæðisins.

Í sumum tilvikum geta ákvæði alm. hegningarlaga um ærumeiðingar veitt vernd gegn þeim einkalífsmisgerðum, sem tölvustarfsemi kann að leiða til. Hins er þó að gæta, að því fer fjarri að ákvæði um ærumeiðingar taki til allra þeirra þátta í einkalífi manna, sem hér er þörf að vernda. Vernd sú, sem ákvæðum þessum er ætlað að veita, er vafalaust ónóg auk þess sem lagaframkvæmd þeirra er oft seinvirk.

Ýmsir þeir, sem fjalla um tölvur, eru opinberir starfsmenn, og eru þagnarskyldir sem slíkir að viðlagðri refsiábyrgð um þau atriði og upplýsingar, sem leynt eiga að fara. En hvorttveggja er, að sumir þeir starfsmenn, sem hér eiga í hlut, bera ekki þagnarskyldu að lögum og hitt, að sérgreindra ákvæða er þörf, er kveði á um þagnarskylduna, varðandi þá sérstöku starfsemi, sem hér er um að ræða.

Í þessu sambandi má og benda á lög nr. 84/1933 um varnir gegn óréttmætum verslunarháttum, m. a. 11. gr., en þau lög eru að meginefni til bundin við að veita atvinnufyrirtækjum vernd gegn röngum sögusögnum og draga úr hættu á villandi og blekkjandi upplýsingum um vöru fyrirtækis. Ná lög þessi hvað sem öðru líður til mjög takmarkaðs hluta af því verndarsviði, sem hér er um að ræða. (Í stað laga þessara eru nú komin lög nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.)

Vekja má einnig athygli á, að almennar skaðabótareglur geta að sínu leyti horft því til varnaðar, að upplýsingum sé safnað og dreift um einkahagi manna og stofnana. En í fyrsta lagi verður háttsemi samkv. almennu skaðabótareglunni, sem hér kemur að haldi, að vera ólögmæt og saknæm og í öðru lagi þarf sá, er bóta krefur, að sýna fram á tjón, oftast fjártjón, þótt ófjárhagslegt tjón gæti einnig komið til álita, sbr. 264. gr. alm. hegningarlaga. Er ekki líklegt, að ýkja mikil vörn sé í þessum reglum á því sviði, sem hér er um að ræða.

Enn má benda á almennar reglur persónuréttar um vernd einkalífs á ólögbundnum sviðum, sbr. t. d. óheimila notkun á nafni annars manns, eða á mynd af honum o. fl., bæði á viðskiptasviði og listasviði. Þær reglur eru þó enn lítt mótaðar, og fela ekki í sér fullnægjandi vernd á þessum lagavettvangi.

Niðurstaða þessara athugana er sú, að gildandi lög og aðrar réttarreglur veiti eigi fullnægjandi vernd gegn atlögum að einkalífi manna, sem uggvænt er að hljótist af tölvustarfsemi. En hér kemur og annað og fleira til. Löggjafar er m. a. þörf til að stemma á að ósi, þ. e. til að kveða fortakslaust svo á, að sumar upplýsingar um per-

sónuhagi megi eigi taka í tölvur og í annan tíma að binda það skilyrðum, að tilteknar upplýsingar verði skráðar. Enn fremur er rík þörf á reglum um það, hverjir megi reka tölvur og hverju eftirliti slíkir menn og stofnanir séu háðir. Afskipti almannavalds geta ýmist lýst sér í að áskilja leyfisveitingu til að reka tölvur eða a. m. k. skráningu þeirra með nokkrum hætti. Eftirlit af hendi þjóðfélagsvalds er allvíða um lönd nokkuð ríkt, og sums staðar hefir verið komið á fót sérstöku kerfi til eftirlits með tölvum og tölvustarfsemi, og hefir eftirlitsmönnum þá verið veittur allrúmur aðgangur að húsakynnum, þar sem tölvur eru starfræktar, til eftirlits og könnunar, en jafnframt eru lagðar á forráðamenn tölvustarfsemi ríkar skyldur um skýrslur og tilkynningar til tölvueftirlitsins.

Meðal grundvallaratriða, sem menn hafa gaumgæft, er þörfin á að heimila mönnum að fá vitneskju um upplýsingar, sem skráðar eru um þá sjálfa, og skyldu forráðamanna til að leiðrétta upplýsingar, sem rangar reynast, að ósk þess, sem skráður er. Við þetta tengist svo skylda forráðamanna til könnunar á réttmæti upplýsinga og skylda til leiðréttingar að eigin frumkvæði. Annað atriði eru hömlur á því, hverjum miðlað verði tölvuskráðum upplýsingum, en réttmætt er að áskilja, að sýnt sé, að þeir, sem aðgang hljóti að slíkum upplýsingum, hafi eðlilegra hagsmuna að gæta af því að öðlast upplýsingar þessar. Er þá jafnaðarlega lagður almennur mælikvarði á það mál, svo sem vegna úrlausna dómstóla eða stjórnvalda, skólastarfsemi, skipulagsmála, vísindastarfsemi, tölfræðilegra verkefna svo og í þágu atvinnustarfsemi að vissu marki. Ef engar hömlur væru í þessu efni, er hætt við að lagaverndin yrði af skornum skammti.

Vandamálin, sem við er að etja, eru margþætt, og menn hafa brugðist nokkuð misjafnlega við þeim í ýmsum löndum, þótt margt sé þó svipað með þeim lagaaðgerðum.

II.

Tölvumálefni á Alþingi.

Tölvumálefni og áþekk skráningarmálefni hefir borið á góma á Alþingi, einkum í tengslum við flutning tillagna til þingsályktana.

Á Alþingi 1973—1974 og 1975—1976 og enn fremur 1976 voru fluttar tillögur til þingsályktana „um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi". Tillögurnar eru í meginatriðum sama efnis. Var skorað á ríkisstjórnina að skipa nefnd manna til að semja frumvarp til laga „um verndun einstaklinga gagnvart því að komið verði upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni". Flutningsmenn fyrstnefndu tillögunnar voru alþingismennirnir Ragnar Arnalds, Benedikt Gröndal, Jónas Jónsson og Bjarni Guðnason, en hinnar síðarnefndu hinir tveir fyrstnefndu og auk þeirra Steingrímur Hermannsson, Sigurlaug Bjarnadóttir og Magnús T. Ólafsson. Tillögur þessar náðu ekki fram að ganga, en af umræðum um síðustu tillöguna á Alþingi má ráða, að dómsmálaráðherra hafði skipað nefnd þá, sem samdi þetta frv., áður en tillagan kom til umræðu.

Ragnar Arnalds alþingismaður bar fram fyrirspurnir á Alþingi 1976 til dómsmálaráðherra „um tölvubanka rannsóknarlögreglunnar", og svaraði ráðherra þeim. Í umræðum var m. a. bent á þörfina á almennri löggjöf um vernd á einkamálefnum vegna tölvustarfsemi.

Á Alþingi 1974 flutti Bragi Sigurjónsson alþingismaður tillögu til þingsályktunar, þar sem brotið var upp á því, að ríkisstjórnin léti kanna „hagkvæmni af aukinni notkun tölvutækni við ýmsa opinbera skráningu, svo sem í sambandi við firma- og félagaskráningu, skráningu veðréttinda, einkaleyfa, farartækja o. fl.". Ef hagkvæmt teldist að hagnýta tölvur í þágu slíkrar skráningar, skyldi m. a. kanna, hverra breytinga væri þörf á löggjöf „og hvernig komið verði í veg fyrir hugsanlega misnotkun tölvuskráningar". Tillagan náði ekki fram að ganga. Hún varðar ekki nema að litlu leyti efnissvið frv. þess, sem hér er flutt.

III.

Um erlend lög og lagafrumvörp varðandi skráningu á persónuhögum.

III.1. Svíþjóð.

Svíar urðu þjóða fyrstir til að setja löggjöf um eftirlit með og hömlur á starfsemi tölva, sbr. tölvulögin frá 11. maí 1973, er tóku gildi endanlega 1. júlí 1974, en í sambandsríkinu Hessen var þó sett rammalöggjöf 1970 um þetta efni. Til grundvallar sænsku lögunum lá viðamikil greinargerð sérfræðinga ásamt tillögum, „Data och integritet" (Statens offentliga utredningar 1972:47). Óvíða í löndum hefir almenningur jafnríkan rétt til að kynnast öllum opinberum málskjölum sem í Svíþjóð („offentlighetsprincip") — og það jafnvel þótt ekki sé sýnt fram á sérgreinda lagahagsmuni, sem menn hafi af því að kynna sér opinber gögn. Gerði þessi tilhögun það m.a. brýnt að setja því nokkrar skorður, hve víðtæk tölvustarfsemi, þ. á m. á vegum hins opinbera, mætti verða að því er tekur til upplýsinga um einkahagi manna. Tölvulögin sænsku taka eingöngu til tölvuunninnar skráningar um einkahagi manna. Utan vébanda þeirra falla því annarskonar skrár um þetta efni. Með sérlögum eru þá sett ákvæði, er mæla fyrir um eftirlit með starfsemi skrifstofa, sem veita upplýsingar um efnahag manna og mat á lánstrausti þeirra. Tölvueftirlitinu er raunar einnig falið að fylgjast með þeirri starfsemi.

Það er grundvallaratriði í sænsku lögunum, að áskilið er leyfi (koncession) til að reka tölvur, sem skrá upplýsingar um einkahagi manna, þó svo að það gildir eigi um skrár, sem stofnað er til samkv. ákvörðun ríkisdagsins eða ríkisstjórnarinnar. Annað meginatriði er það, að lögin taka bæði til skráningar af hendi einstaklinga eða einstaklingsfyrirtækja og af opinberri hálfu. Tölvueftirlitið veitir leyfi til starfrækslu tölva, nema ástæða sé til að óttast ótilhlýðilega skerðingu á einkalífi manna, og skal þá m. a. höfð hliðsjón af þeim forða upplýsinga, sem skrá á. Áður en leyfi er veitt, ber þeim, sem þess óskar, að veita víðtækar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi. Í lögunum er lagt bann við því að skrá upplýsingar um viss einkalífsatriði, svo sem upplýsingar um sakaferil manna, um menn, sem sæta nauðungarvistun á hælum og almennt má ekki skrá upplýsingar um sjúkdómsferil manna. Skráning á skoðunum manna á stjórnmálum og trúmálum er yfirleitt ekki leyfð, nema hún sé gerð í þágu stjórnmálafélaga eða trúfélaga. Tölvueftirlit setur reglur um tilgang skráningar og efni þeirra upplýsinga, sem skrá má. Enn fremur getur tölvueftirlitið sett almennar reglur um ýmis atriði, er varða söfnun, varðveislu og miðlun upplýsinga, sem skráðar eru, svo og tilkynningu til hinna skráðu um upplýsingar þessar.

Sænsku lögin geyma ákvæði um leiðréttingu rangra upplýsinga, sem sætt hafa skráningu, og um aðgang manna til að fá vitneskju um, hvað um þá hafi verið skráð, nema óráðlegt sé að skýra viðkomandi frá skráðum upplýsingum (sbr. t. d. stundum um sjúkdóma). Þá eru ákvæði í lögunum um þagnarskyldu starfsfólks, sem vinnur að tölvuskráningu eða starfrækslu tölva, og ákvæði, er áskilja leyfi tölvueftirlitsins, ef skráðar upplýsingar á að senda úr landi eða láta í té erlendum aðiljum. Lögin mæla fyrir um hlutlæga bótaábyrgð, svo og eru þar refsiákvæði, þ. á m. fyrir að starfrækja tölvur án leyfis eða brjóta fyrirmæli laga eða tölvueftirlits um starfrækslu tölva.

Eftirlitskerfi það, sem sænsku lögin koma á fót, er mjög viðamikið, enda er það hvorttveggja, að leyfi (koncession) er áskilið til starfrækslu tölva og svo hitt, að ætlast er til margvíslegs eftirlits með starfsemi þessari, svo og tilkynninga til eftirlitsins um starfsemina. Talið er, að í 90% af tilvikum gefi tölvustarfsemi ekki tilefni til að óttast, að vegið verði gegn einkalífi manna á ótilhlýðilegan hátt. Það virðast einkum vera hin viðameiri tölvukerfi með samtengslum skráa, sem þykja uggvænleg frá sjónarmiði einkalífsverndar. Lögin eru nú í endurskoðun, og má ætla, að lögin verði gerð einfaldari í sniðum en nú er.

III.2. Danmörk.

Í Danmörku var nefnd sérfræðinga skipuð á árinu 1970 til að gefa gaum að þeirri hættu, sem mönnum og stofnunum stafaði af kerfisbundinni skráningu upplýsinga um einkahag, einkum með tilliti til tækniþróunar á sviði skráningar. Nefndin sendi frá sér tvær greinargerðir ásamt tillögum til lagafrumvarpa á árunum 1973 og 1976. Nefndin fjallaði fyrst um skráningu af hálfu einstaklinga, en lét síðar uppi álitsgerð og tillögur um skráningu á vegum hins opinbera. Voru tvö frumvörp um þetta efni lögð fyrir Þjóðþingið árið 1977. Dönsku frv. fjalla um hverskonar kerfisbundna skráningu á einkamálefnum manna, félaga og stofnana, og taka þau þá einnig til annarrar skráningar en tölvuskráningar. Almennt bann er við skráningu slíkra upplýsinga, nema sýnt sé fram á, að viðurkenningarverðir hagsmunir búi að baki. Sérreglur eru um skráningu í þágu tölfræðiskýrslna og vísindarannsókna. Atvinnufyrirtækjum og félögum er heimilt að hafa um hönd skráningu á upplýsingum í þeim mæli, sem skráningin er eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomanda. Þó má eigi skrá tilteknar upplýsingar, sem eru sérstaklega „viðkvæmar" eða persónulegs eðlis, án samþykkis, nema alveg sérstakar ástæður réttlæti það. Skráning á upplýsingum, sem ætlað er að vera grundvöllur undir starfsemi, sem lýtur að því að vara við viðskiptum við tiltekinn aðila, má eigi hafa um hönd, nema tölvueftirlitið samþykki. Sá, sem telur að nafn sitt sé tekið á skrá, getur krafist þess að fá upplýsingar um það, hvað um hann sé skráð og að afmáðar (leiðréttar) séu rangar eða villandi upplýsingar eða ólögmætar. Viðkomandi aðili getur lagt málið undir úrlausn tölvueftirlitsins, ef þörf krefur, en eftirlitið getur lagt fyrir skráningaraðilja að verða við kröfu þess, sem skráður hefir verið og krefst leiðréttingar, eða afmáningar.

Sérstakar reglur eru í frumvarpi um einkaskráningu varðandi starfsemi fyrirtækja, sem skrá persónuupplýsingar um efnahag manna og miðla upplýsingum, er horfa að mati á lánstrausti manna. Tilkynna skal slíka starfsemi til tölvueftirlitsins. Bundið er hömlum, hverjar upplýsingar megi greina í skrám, og eru þær einar upplýsingar heimilar, sem hafa gildi fyrir mat á efnahagsstöðu manns og efnahagshorfum, og sumar upplýsingar er fortakslaust óheimilt að skrá. Skylt er fyrirtæki að greina aðila, sem skráður er, frá því, í fyrsta skipti, sem nafn hans er skráð. Skráður aðili á rétt á að fá vitneskju um þær upplýsingar, sem skráðar eru um hann og fá þær leiðréttar, ef því er að skipta, en skjóta má máli til tölvueftirlitsins til úrlausnar. Þá eru reglur settar um þau fyrirtæki, sem láta í té skrár um heimilisföng einstakra hópa manna eða senda út bréf með nöfnum og heimilisföngum slíkra hópa, hvorttveggja gegn greiðslu. Aðili getur krafist þess að nafn hans sé tekið af skrá hjá slíku fyrirtæki. Það er bundið miklum hömlum, hvaða upplýsingar slíkt fyrirtæki má taka á skrár sínar.

Þjónustufyrirtæki, sem fjalla um tölvuskráningu, eru skyld að tilkynna tölvueftirlitinu um starfsemi sína, og verða þau að gæta ýmissa reglna, sem horfa því til varnaðar, að persónuupplýsingar séu misnotaðar.

Ef ætlunin er að flytja úr landi tölvuskráðar upplýsingar, eða upplýsingar til vinnslu þar, er áskilið leyfi tölvueftirlitsins og verður leyfi ekki veitt ef óttast má að réttaröryggi skerðist við það.

Eftirlit með tölvustarfsemi er lagt í hendur tölvueftirlitsins. Hefir það heimild til að krefjast skýrslna og tilkynninga frá þeim, sem ábyrgð bera á tölvustarfrækslu eða miðlun frá tölvum. Það getur m. a. lagt fyrir slíka aðilja að afmá upplýsingar, sem rangar reynast eða ólögmætt er að skrá og sett fyrirmæli, er óheimilar að beita nánar tilteknum, ótilhlýðilegum aðferðum við söfnun upplýsinga og varðveislu þeirra eða miðlun. Enn fremur að mæla fyrir um ráðstafanir, er komi í veg fyrir misnotkun skráðra upplýsinga o. fl. Sá mikli munur er á sænsku lögunum og dönsku frumvörpunum, að starfræksla tölva er ekki háð leyfi fyrir fram eftir dönsku frv.

Í Danmörku hefir farið fram sérstök athugun á reglum um þagnarskyldu starfsmanna, er vinna að tölvuskráningu, þ. á m. um verkefni, er stafa frá opinberum aðila. Dönsku frumvörpin höfðu ekki náð lögfestingu í mars 1978.

III.3. Noregur.

Árið 1972 var skipuð nefnd í Noregi til að fjalla um opinbera skráningu á persónuupplýsingum og vernd einkalífs í því sambandi. Nefndin sendi frá sér víðtæka álitsgerð 1975 („Offentlige persondatasystem og personvern", NOU 1975:10) ásamt tillögum til lagafrumvarps um efnið.

Í frv. nefndarinnar er gert ráð fyrir, að það taki til hvers konar skráningar af opinberri hálfu, bæði tölvuskráningar og annars konar skráningar á persónuupplýsingum. Þær upplýsingar einar má skrá, sem hafa sérstakt gildi fyrir viðkomandi stjórnvald eða stofnun. Upplýsingar sem eru í ríkum mæli persónulegs eðlis („viðkvæmar") má því aðeins skrá, að slíkt sé nauðsynlegt, svo sem upplýsingar um þjóðerni manns, kynþátt, skoðanir hans á stjórnmálum og trúmálum, sakaferil, misnotkun á áfengi eða öðrum vímugjöfum, um kynferðislíf, heilsuhagi eða önnur svipuð atriði, sem eru trúnaðareðlis.

Leggja ber áherslu á, að komist verði hjá mistökum og villum við skráningu upplýsinga, og við notkun upplýsinga skal þess gætt, að eigi séu dregnar af þeim víðtækari ályktanir en þær veita efni til. Við upplýsingar, sem þagnarskylda er við tengd, skal viðhafa ráðstafanir til virkrar varnar gegn óheimilli notkun. Hverjum einstaklingi eða forráðamanni félags eða stofnunar er heimilt að fá vitneskju um, hvað skráð sé um hann í skrám þeim, sem frv. tekur til, en það á þó ekki við um tölfræðiskýrslur, skýrslur vegna vísindalegra rannsókna eða skýrslur, sem gerðar eru í þágu skipulagsmála. Sama er um skýrslur, er varða heilsuhagi hins skráða, og varhugavert þykir að hann fái vitneskju um.

Stofnanir ríkis eða bæjarfélaga, sem vilja tölvuskrá persónuupplýsingar, skulu fá leyfi til þess, og getur slíkt einnig tekið til annarrar skráningar, ef upplýsingar eru persónulegs eðlis í ríkum mæli. Leyfi (koncession) er veitt af ráðuneyti eða tölvueftirlitinu. Við mat á umsókn skal meta gildi skráningar annars vegar og þá hættu, sem henni er samfara fyrir hag einstaklinga hins vegar. Við hvert einstakt leyfi skal greina nákvæmlega hvers konar upplýsingar heimilt sé að skrá. Tölvueftirlitið getur enn fremur sett almennar reglur, er varða söfnun upplýsinga og könnun á réttmæti þeirra, varðveislu upplýsinga og skráningarbanda, heimild til samtengsla á skrám, miðlun upplýsinga og efni þeirra, þegar þriðji maður á í hlut, og rétt einstaklings til að fá vitneskju um, hvað um hann sé skráð hjá tölvufyrirtækinu, svo og leiðréttingu á upplýsingum, afmáningu þeirra eftir tiltekinn tíma og um öryggisráðstafanir og eyðileggingu skráa, ef sérstaklega stendur á. Þá skal greina í reglum þessum, hver sé ábyrgur fyrir tölvustarfrækslu.

Tölvueftirlitið er falið ráði, 7 manna, er ríkisstjórnin skipar. Ráðið hefir sérstaka skrifstofu að bakhjarli. Verkefni ráðsins er að veita umsögn um umsóknir um starfrækslu skráningarstöðva (tölva eftir atvikum), að fylgjast með almennri þróun mála að því er varðar persónuskráningu, að veita ráð um gerð persónuskráa og m. a. gefa umsagnir um sitthvað það, sem upp kann að koma við persónuskráningu og notkun skráðra upplýsinga. Ráðið (tölvueftirlitið) getur krafist hvers konar gagna og vitneskju um persónuskráningu hjá forráðamönnum stofnana eða fyrirtækja og hefir aðgang að starfsstöðvum skráningar í því sambandi. Tölvueftirlitið bókfærir öll leyfi til starfrækslu á skrám, og á almenningur aðgang að þeim gögnum. Í lagafrv. eru refsiákvæði vegna brota á ýmsum reglum frv., ef að lögum verður.

Þess skal getið, að á árinu 1970 var skipuð nefnd manna í Noregi til að fjalla um upplýsingarstarfsemi í sambandi við lánstraust manna og efnahag og skráningu á upplýsingum, er varða einkahag manna að öðru leyti. Nefndin skilaði greinargerð og tillögum 1974 („Persondata og personvern", NOU 1974:22). Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir, að leyfi þurfi til að koma, ef menn vilja reka fyrirtæki,

er safnar upplýsingum um efnahag manna í því skyni að meta lánstraust þeirra. Er fyrirtækjum þessum bannað að safna upplýsingum um ýmis persónubundin atriði, svo sem um kynþátt manna, trúarbrögð, stjórnmálaskoðanir, kynlíf og heilsuhagi, sakarferil, misnotkun áfengis og annarra vímugjafa og önnur þau atriði, sem eru í ríkum mæli persónulegs eðlis og eðlilegt er, að leynt fari. Í sumum tilvikum er þó heimilt að safna slíkum upplýsingum, enda sé þá gætt sérstakra ráðstafana til að koma í veg fyrir misnotkun. Upplýsingar má ekki varðveita, ef þær varða einstök atvik, sem gerðust fyrir meira en fimm árum, nema ótvírætt sé, að atvikið hafi varanlegt gildi við mat á lánstrausti manns. Yfirleitt skal miðla upplýsingum skriflega, og þeim einum má veita upplýsingar úr skrám, sem ætla má að atvinnu sinnar vegna þurfi á þeim að halda. Yfirleitt skal fyrirtæki, sem veitir slíkar upplýsingar, skýra þeim frá því, sem upplýsingar eru veittar um, en ekki er skylt að greina, hver óskað hafi upplýsinga. Hver sá, sem skráður er hjá slíku fyrirtæki, á kröfu á að fá vitneskju um, hvers efnis upplýsingar um hann eru. Skylda er lögð á fyrirtæki til að leiðrétta rangar upplýsingar að eigin frumkvæði eða samkv. ábendingum annarra. Er því þá einnig skylt að senda leiðréttingar þeim, sem veitt hafa viðtöku hinum röngu upplýsingum. Bankar og aðrar lánastofnanir, sem sæta eftirliti bankaeftirlitsins, eru að verulegu leyti undanþegnir ákvæðum þeim, sem að framan eru reifuð.

Í frv. nefndarinnar er einnig gert ráð fyrir, að leyfi komi til, ef menn vilja starfrækja tölvuskráningu á persónuupplýsingum, sem látnar eru í té til annarra (þjónustufyrirtæki). Er takmarkað, hvaða upplýsingum megi safna, sbr. hér að framan. Gert er ráð fyrir, að nánari reglur um starfrækslu verði settar af stjórnvöldum.

Þá eru enn reglur um fyrirtæki, sem leggja til gegn greiðslu heimilisföng á hópum manna og taka að sér að rita nöfn þeirra á umslög og senda til viðtakenda. Þau fyrirtæki þurfa einnig sérstakt leyfi til starfrækslu. Eru hömlur við því reistar, hvaða upplýsingum persónulegs eðlis slík fyrirtæki megi viða að sér, sbr. hér að framan, og skrá vegna atvinnu sinnar. Slíku fyrirtæki er skylt að má nafn þess manns af skrám sínum, sem óskar þess.

Loks eru ákvæði um söfnun upplýsinga, sem liggja eiga til grundvallar skoðunum almennings á vissum málefnum, svo og markaðskönnunum. Er áskilið einnig í slíku tilviki, að leyfi komi til starfrækslu þessarar. Hömlur eru lagðar við því, hver atriði persónulegs eðlis megi greina á skrám, svo og segir þar, að eigi megi skýra frá upplýsingum með þeim hætti, að unnt sé að tengja þær við ákveðna menn.

Í frv. eru refsi- og bótaákvæði þ. á m. um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón.

Frv. hafði ekki náð lögfestingu í mars 1978.

III.4. Finnland.

Árið 1971 var skipuð nefnd í Finnlandi til að fjalla um þau vandamál, sem tengd eru tölvunotkun og einkum snerta vernd einkalífs. Skyldi könnun nefndarinnar bæði taka til skráningar af hendi einstaklinga og hins opinbera. Nefnd þessi mun nokkuð hafa starfað, en í stað hennar var önnur nefnd skipuð 1972, er starfaði til 1975. Eftir það starfa starfsmenn dómsmálaráðuneytis að verkefnum þessum, og er ekki kunnugt um að lagafrumvarp hafi verið lagt fyrir ríkisþingið.

III.5. England.

Á síðustu árum hefir farið fram mikil umræða í Bretlandi varðandi þörf á einkalífsvernd í sambandi við tölvur og raunar einnig í sambandi við nútímatækni til að hlera símtöl manna og taka af þeim myndir án vitundar þeirra. Hafa þessar umræður snúist um hugtakið „Right to Privacy“. Þingmannafrv. var flutt 1969, sem varðaði misnotkun tölva í sambandi við persónuupplýsingar. Var þar lagt til, að allar tölvur skyldu vera skrásettar, bæði þær, sem reknar eru af einstaklingum,

svo og af hinu opinbera. Skyldu forráðamenn tölva veita þeim, sem skráðir eru, upplýsingar um efni þess, sem um þá væri skráð. Enn fremur skyldu þeir skýra hinum skráðu frá því, hverjum aðiljum hefði verið veitt vitneskja um upplýsingar, sem látnar hafa verið í té, ef því var að skipta.

Árið 1970 var skipuð nefnd undir forsæti Kenneth Younger („Youngernefndin") til að meta þörfina á löggjöf, er tryggði betur en nú er, einkalífsvernd, einkum með tilliti til tækniþróunar. Nefndin hafði mjög víðtækt starfssvið, og varðaði starf hennar m. a. hættuna af tölvustarfsemi, auk þess sem nefndin gaumgæfði hættu á skerðingu á einkalífi manna vegna símahlerana og ljósmyndunar án vitundar og samþykkis manna, þ. á m. með ljósmyndavélum með aðdráttarlinsum. Nefndin lagði m. a. til, að sérstök fastanefnd yrði skipuð til að vinna að heildaryfirliti yfir tölvustarfsemi í Bretlandi og setja fram ýmsar reglur um starfsemi tölva, söfnun, varðveislu og miðlun tölvuskráðra upplýsinga o. fl. Taldi nefndin, að þörf væri að vissu marki á löggjöf um þetta efni, og væri ástæða til að gefa gaum að því úrræði að áskilja opinbert leyfi til tölvustarfrækslu. Fastanefndin skyldi taka við kvörtunum manna, sem teldu sig sæta einkalífsskerðingu vegna tölvustarfsemi, og meta þær. Youngernefndin setti fram ýmsar ábendingar og meðmæli, sem hafa haft mikil áhrif á tillögur víða um lönd. Hinar helstu þeirra eru þessar: 1. Líta skal svo á, að upplýsinga sé aflað í tilteknum tilgangi, og skulu þær eigi notaðar í annars konar skyni án þess að leyfi sé til þess veitt af réttum aðila. 2. Aðgangur að upplýsingum á að vera einskorðaður við þá, sem heimild hafa til þess að fá vitneskju um þær, og er þá hafður í huga sá tilgangur, sem réttlætti söfnun upplýsinga í öndverðu. 3. Þess skal jafnan gætt, að eigi sé safnað viðameiri upplýsingum en tilgangur með söfnuninni í upphafi réttlætir. 4. Við söfnun upplýsinga í þágu tölfræðiskýrslna skal þess gætt, að halda aðskildum persónuauðkennum frá meginefniviðnum, sem til úrvinnslu er ætlaður. 5. Gera ber ráðstafanir til þess að skráður aðili fái vitneskju um skráninguna. 6. Gæta skal öryggisráðstafana eftir föngum af hálfu þess, sem til skráningar stofnar, gegn misnotkun skráðra upplýsinga. Öryggiskerfi skal prófað öðru hverju með hæfilegum úrræðum. 7. Gæta skal þess, að upplýsingar séu eigi geymdar lengur en um tiltekið tímabil, sem greint skal við formun á vinnsluáætlun. 8. Kosta skal kapps um, að upplýsingar, sem skráðar eru, séu réttar og traustar, og úrræði skulu tiltæk til leiðréttingar á rangherми eða ónákvæmni í upplýsingum og til að lagfæra upplýsingar í samræmi við breytingar í tímans rás. 9. Varað er við að skrá atriði, sem byggjast á gildismati.

Í desember 1975 lagði innanríkisráðherrann breski fyrir þingið greinargerðir um lagaaðgerðir og stjórnvaldsaðgerðir í sambandi við tölvustarfsemi, sbr. greinargerðirnar Computers and Privacy, Cmnd. 6353, og Computers: Safeguards for Privacy, Cmnd. 6354. Eru þar m. a. boðuð lagafrumvörp um málið mjög á grundvelli meðmæla Youngernefndarinnar, þar á meðal, að sett verði á stofn fastanefnd af opinberri hálfu til að fylgjast með starfsemi tölva í Bretlandi. Um starfsemina segir svo í gögnum þessum, að annaðtveggja verði áskilið að forráðamenn tölvustarfsemi tilkynni starfsemina til fastanefndarinnar eða jafnvel að starfsemi tölva verði háð sérstöku leyfi nefndarinnar fyrirfram („licensing").

III.6. Vestur-Þýskaland.

Einstök ríki hafa sett sér löggjöf um þessi efni, þ. á m. Hessen 1970, þar sem m. a. er komið á fót sérstöku eftirliti með tölvum og forráðamönnum þeirra gert að skyldu að tilkynna starfsemi til eftirlitsins og hlíta ýmsum fyrirmælum, er horfa m. a. að vernd einkalífs. Árið 1973 var flutt frv. til tölvulaga (Bundesdatenschutzgesetz — BDSG) í ríkisþinginu og varð það að lögum 27. janúar 1977. Taka lögin bæði til skráningar af hendi hins opinbera og af hálfu einstaklinga og eiga ekki eingöngu við um tölvuskráningu heldur og aðrar kerfisbundnar skrár, er varða persónuupplýsingar. Í lögunum er kveðið á um, í hvaða tilvikum skráning megi

fara fram án samþykkis hins skráða. Eru þær reglur nokkuð mismunandi eftir því, hvort um opinbera skráningu er að ræða, einkaskráningu félaga og fyrirtækja til eigin afnota eða skráningu félaga og fyrirtækja á upplýsingum, sem ætlunin er að miðla öðrum aðilum. Skráning af hálfu opinberra aðila má fara fram, ef slíks er þörf, vegna þeirra sérstöku verkefna, sem stjórnvaldi er ætlað að sinna. Veita má öðrum stjórnvöldum aðgang að eða hlutdeild í skráðum upplýsingum, ef þær hafa gildi fyrir stjórnvald það, er þessa æskir, vegna rækslu þess á þeim verkefnum, sem því er ætlað að fjalla um. Öðrum má veita aðgang að upplýsingum, sem skráðar eru af hinu opinbera, ef viðkomandi sýnir fram á, að hann hafi lagalegra hagsmuna að gæta af að fá vitneskju um skráð atriði, enda sé eigi hætta á að vitneskja skerði einkalíf hins skráða manns. Sérstakar reglur eru um upplýsingar, sem þagnarskylda opinberra starfsmanna tekur til. Óheft heimild er til að skrá sum persónubundin atriði, svo sem nafn manna, heimilisfang, símanúmer, starfs- og lærdómstitil, fæðingardag og ár. Lögin geyma ákvæði um leiðréttingu á upplýsingum, sem rangar reynast og skyldu til að má upplýsingar, sem ekki hafa lengur gildi. Skráður aðili á kröfu á að fá vitneskju um, hvers efnis upplýsingar eru, sem um hann eru skráðar.

Opinberir aðilar eru skyldir að birta opinberlega, hvers konar skrár eru haldnar um persónubundin atriði og hvert efni þeirra sé, en þetta á þó ekki við um skrár, sem færðar eru vegna öryggis ríkisins eða í þágu lögreglu og ákæruvalds, og að nokkru leyti skattrannsókna.

III.7. Bandaríki Norður-Ameríku.

Tölvumálefni hafa verið mjög til umræðu í Bandaríkjunum, enda mun það vera tölvuvæddasta ríki jarðar. Ýmsar nefndir hafa starfað og fjallað um tillögur til lagaaðgerða, stjórnvaldsreglna og almennra starfsreglna á sviði tölvurekstrar. Alríkislög voru sett árið 1974, er tóku gildi 1. janúar 1975. Varða þau opinbera skráningu. Gera lögin stjórnvöldum að skyldu að skýra árlega opinberlega frá, hverjar skrár séu haldnar, er varða persónuhagi manna, og að lýsa almennt efni þeirra. Þá má eigi taka aðrar upplýsingar um menn á skrár þessar en þær, sem máli skipta fyrir stjórnvöld við gæslu opinberra hagsmuna. Stjórnvöldum, er safna upplýsingum, er boðið að skýra mönnum frá því, þegar óskað er upplýsinga um þá, í hverju skyni það sé gert, með hverjum hætti upplýsingar verði notaðar og hverju varði, ef menn synja að láta í té umbeðnar upplýsingar. Þá er almenningi heimilað að kynna sér þær upplýsingar, sem skráðar eru um hvern einstakling og setja fram kröfu um leiðréttingar. Jafnframt er mælt fyrir um skyldu stjórnvalda til leiðréttinga. Enn eru ákvæði, sem stuðla eiga að því að upplýsingar, sem skráðar verða, séu nákvæmar og réttar og fullnægjandi, svo að eigi sé gengið á hlut viðkomanda með skráningu upplýsinga eða miðlun þeirra. Takmarka á eftir föngum hverjum verði miðlað upplýsingum, sem skráðar hafa verið, án samþykkis viðkomanda, og verði það afmarkað fyrirfram, hverjir eigi aðgang að upplýsingum þessum. Refsiákvæði eru í lögunum um brot á reglum þessum, og einstaklingar eiga rétt á að stefna forráðamönnum stofnana, sem ábyrgð bera á skráningu, fyrir dóm og fá úrlausn um það, hvort brot hafi verið framin á reglunum.

III.8. Frakkland.

Árið 1974 var nefnd skipuð til að kanna ástand tölvumála þar í landi og setja fram tillögur til úrbóta. Lagði nefndin til, að komið yrði á fót sérstakri, sjálfstæðri stofnun til að fylgjast með tölvum, og á hún að hafa takmarkað vald til að leggja fyrir þá, sem ábyrgð bera á tölvurekstri, að bæta um það, sem ábótavant kann að þykja. Nefndin mælir með lagaaðgerðum m. a. til að hefta söfnun óþarfra upplýsinga um hagi manna og um tryggilega varðveislu upplýsinga, svo og að lagaákvæði séu

sett um rétt einstaklinga, félaga og stofnana til að fá vitneskju um, hvað um þá sé skráð og möguleika til að fá leiðréttingu, ef því er að skipta.

III.9. Holland.

Árið 1974 var skipuð nefnd manna til að gera tillögur um löggjöf um tölvumálefni. Nefndin lagði til, að skylt skyldi að skrá öll tölvusöfn (data banks) og að leiða skyldi í lög, að hver einstaklingur ætti rétt á að kynna sér, hvað um hann væri skráð og fá leiðréttingu á því, ef þörf krefði. Í mars 1975 setti ríkisstjórnin fram strangar reglur um starfrækslu allra tölva, sem starfræktar eru hjá hinu opinbera. Ríkisstjórnin lagði fram frv. til laga um persónugagnakerfi 30. nóvember 1976. Meginefni frv. miðast við vélræna skráningu, en það tekur þó einnig til annarrar kerfisbundinnar skráningar á einkamálefnum. Sérstök nefnd, skráningarnefnd, á að hafa eftirlit með lögunum, ef frv. verður lögfest. Allar persónugagnaskrár er skylt að tilkynna hjá nefndinni, en hafnað er þeirri leið að starfræksla þeirra sé almennt háð leyfi. Leyfi er þó áskilið, ef skrá á einkamálefni, sem eru persónulegs eðlis í ríkum mæli. Umsóknir um slík leyfi ber að birta í Lögbirtingablaði. Almenningur á greiðan aðgang að heimildum nefndarinnar um skrár, sem haldnar eru og tilkynnt hefir verið um, svo og rétt á upplýsingum frá forráðamönnum skráningar um það, hvað skráð sé um viðkomandi aðila. Tryggður er réttur manna til leiðréttinga á upplýsingum og afmáningu þeirra, ef því er að skipta. Sérstakar reglur eru þó, er takmarka aðgang manna að skráðum upplýsingum í sakaskrám, skattaskrám og skrám lækna um sjúklinga. Enn fremur í skrám um lánstraust atvinnurekenda. Er óheimilt að halda slíkar skrár um aðra en þá, sem atvinnu reka. Skorður eru reistar við samtengingu skráa, sem almenningur á eigi aðgang að. Tölvuþjónustufyrirtæki, sem vinna úr persónugögnum, þurfa starfsleyfi.

IV.
Afskipti fjölþjóðlegra stofnana af skráningarmálefnum.

IV.1. Norðurlandaráð.

Vandamál í sambandi við tölvurekstur hafa komið til umræðu í Norðurlandaráði, þar sem m. a. var gerð samþykkt um málið í febrúar 1972. Var því beint til ríkisstjórna Norðurlandaríkja að stefna að því, að settar yrðu á Norðurlöndum reglur, sem samræmdar yrðu eftir föngum, um skráningu af hendi einkaaðila á persónuhögum manna. Í nefndaráliti, sem fylgdi tillögu til samþykktarinnar var m. a. bent á þann mun, sem er innan Norðurlandanna á rétti almennings til að fá aðgang að opinberum gögnum (Offentlighetsprincip), og það er athyglisvert, að samþykktin varðar ekki opinberar skrár. Nefndir þær, sem að undanförnu hafa fjallað um þessi mál á Norðurlöndum, hafa haft samvinnu, og hafa m. a. verið haldnir fundir þeirra til umfjöllunar um lagahlið máls þessa.

IV.2. Evrópuráð.

Nefnd sérfræðinga hefir unnið að könnun þessara mála síðan 1972. Ráðherranefndin hefir samþykkt tvær ályktanir 1973 og 1974 með meðmælum til aðildarríkjanna. Hin fyrri varðar tölvur, sem starfræktar eru af einkaaðilum, en hin síðari tölvur á vegum hins opinbera. Í samþykktum þessum er m. a. lögð áhersla á að vanda skuli til upplýsinga, sem skráðar séu, og þeirra sé aflað með lögmætum og hæfilegum hætti. Upplýsingar, sem eru mjög persónulegs eðlis („viðkvæmar"), ætti ekki að skrá og a. m. k. að leggja sérstaka launung á þær, ef skráðar eru. Ekki skal skrá aðrar upplýsingar af hendi einkaaðila, en þær, sem þörf er á í atvinnurekstri o. fl., og þær skal ekki varðveita lengur en þörf krefur og afmá þá. Einstaklingar eiga rétt á að fá vitneskju um, hvers efnis skráning sé að því er þá varðar

og hvers vegna skráning hafi farið fram, þ. e. í hvaða skyni, og hverjir megi fá upplýsingar úr skrám. Skylt er að leiðrétta rangar upplýsingar, sem skráðar hafa verið, svo og upplýsingar, sem aflað hefir verið andstætt lögum. Öryggisráðstafanir ber að gera til að koma í veg fyrir misnotkun upplýsinga, sem varðveittar eru á segulböndum o. fl., þ. á m. ber að koma við virkum ráðstöfunum til að hefta það, að óviðkomandi menn eigi aðgang að tölvum og húsakynnum, þar sem tölvugögn eru varðveitt. Lögð er áhersla á það um tölvur, sem starfræktar eru af einkaaðilum eða í þágu atvinnurekstrar einstaklinga, að starfslið hlíti reglum um þagnarskyldu og öðrum þeim reglum, er horfa að því að óviðkomandi fái ekki aðgang að skráðum upplýsingum. Við tölfræðiskýrslur skal þess gætt, að birting þeirra sé með þeim hætti, að ógerlegt sé að tengja upplýsingar, sem í þeim felast, við tiltekinn aðila.

Við opinberu skráninguna er lögð á það áhersla, að almenningi sé skýrt frá opinberum skrám, hverjar þær séu og hverjum tilgangi gegni. Gagnaöflun skal vera vönduð, og eigi má beita ólögmætum eða óhæfilegum aðferðum við útvegun upplýsinga. Leiðrétta skal rangar upplýsingar og gæta þess, að þær séu jafnan í samræmi við veruleikann vegna breytinga, sem á hafa orðið við rás tímans. Hvatt er til þess, að þær einar opinberar skrár séu haldnar um einkahagi manna, sem lög eða ákveðnar stjórnvaldsreglur mæli fyrir um, enda sé það markað glögglega, hvern tilgang skráning hafi, hverjar reglur gildi um öflun gagna og varðveislu tölvugagna eða annarra skráningargagna og með hverjum hætti miðlað verði til annarra upplýsinga úr skrám. Þá ber að afmarka það, hversu lengi megi varðveita gögn þessi. Bent er þó á, að vera megi að heimila eigi ótímabundna varðveislu á gögnum í þágu tölfræðiskýrslna, og vísindarannsókna og e. t. v. af sögulegum ástæðum. Í slíkum tilvikum eigi þó að gera sérstakar ráðstafanir til þess að einkalífshagsmunum manna sé ekki stefnt í óþarfa hættu. Einstaklingar eiga rétt á að fá vitneskju um efni þess, sem um þá er skráð, en undantekningar frá þessu verði að styðjast við gild rök og vera glögglega orðaðar. Öryggisráðstafanir skulu gerðar í sambandi við tölvugögn (tölvubanka), er komi í veg fyrir aðgang óviðkomandi manna að þeim, og starfslið skal vera bundið þagnarskyldu og skyldu til að koma í veg fyrir misnotkun gagna, en sérstakar ráðstafanir skulu gerðar til að ljóstra upp um misnotkun eða mistök.

IV.3. Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD).

Sú stofnun hefir látið sig þessi mál mjög skipta og á vegum hennar hafa verið birt ýmis rit og greinargerðir um málið. Nefndir hafa starfað að málum þessum auk þeirrar deildar stofnunarinnar, sem vinnur að tæknimálum og vísindum. M. a. hefir athyglin beinst að flutningi tölvuunninna eða tölvutækra gagna milli landa, en þar er um mikið vandamál að ræða, einkum milli hinna stóru iðnvæddu landa í Evrópu og Ameríku. Er í athugun að semja drög að milliríkjasamningi um þessi mál á vegum stofnunarinnar í samráði við Evrópuráðið.

V.
Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frv.

Svo sem fyrr er greint, er lagt til, að lögin taki til skráningar á einkamálefnum bæði af hendi einkaaðila og opinberra aðila. Er tvímælalaust hagræði að því, að reglur um þetta efni séu í samfelldum lagabálki. Hitt er það, að ýmislegt horfir annan veg við um opinbera skráningu en skráningu af hendi einkaaðila. Hefir því sú leið verið farin í frv., að skipta honum í mismunandi þætti, þar sem greint sé milli þessa tvenns, en ýmis ákvæði frv. eiga jafnt við hvora skráninguna um sig. I. þáttur fjallar um gildissvið laganna almennt, II. þáttur um skráningu af hendi einkaaðila, en III. þáttur um skráningu á vegum hins opinbera. IV. þáttur fjallar um tölvuþjónustu, og gegnir einu, hvort hún er rekin af einkaaðila eða opinberum aðila. V. þáttur fjallar um söfnun upplýsinga hér á landi til tölvuvinnslu erlendis, VI. þáttur fjallar

um eftirlit með lögunum, og eiga þau ákvæði flest, en ekki öll, við hvora skráninguna um sig, einkaskráningu sem opinbera skráningu, sem svo má nefna. Loks eru í VII. þætti refsiákvæði og ákvæði um önnur viðurlög við brotum á lögunum, svo og um gildistöku laganna og framkvæmd.

Um I. þátt.

Í honum er fjallað um gildissvið laganna og nokkur grundvallarhugtök.

Um 1. gr.

Hér er í I. þætti afmarkað hvert sé gildissvið laganna.

Þau vandamál, sem frv. þetta á að vera andsvar við, stafa mestmegnis af vélrænni skráningu (tölvuskráningu). Því verður þó eigi í móti mælt, að kerfisbundin skráning getur vegið að einkalífi manna, þótt hún sé eigi vélræn. Þykir réttmætt að leggja til, að lögin taki einnig til þess konar skráningar, þ. á m. til handritaðra skráa. Varðveisluformið skiptir hér ekki máli, og getur t. d. skjalahylki með skráningargögnum komið hér undir. Áskilið er, að skráningin sé kerfisbundin, þ. e. skipulagsbundin heild, og falla þá einstakar tilviljunarkenndar skrár og söfnun upplýsinga utan vébanda frv. Kemur þetta öðrum þræði fram í 2. málsgr. Í þeirri málsgrein er kveðið svo á, að með „kerfisbundinni skráningu“ sé m. a. átt við söfnun ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga. Er það skýringarákvæði, er veitir vísbendingu um, að heitið skráning beri að túlka rúmt, þannig að það tekur einnig yfir aðdraganda að skráningu, söfnun upplýsinga, og þá því fremur yfir einstaka þætti í vélrænni forvinnu, svo og skráningargögnin, en að varðveislu þeirra er vikið í nokkrum ákvæðum, sbr. t. d. 16. gr., 19. gr., 36. gr. Einkamálefnum er eigi búin viðhlítandi vernd, nema ferillinn allur, skráningin, undanfari hennar og eftirtekja skráningar og skráningargögn, falli undir lögin, sbr. og 36. gr. 2. mgr. frv.

Með ákvæðum frv. er einkamálefnum búin vernd. Verndar njóta fyrst og fremst einstaklingar, en einnig félög, fyrirtæki og stofnanir eftir því sem við getur átt. Hér er að meginstefnu til haft í huga einkalíf manna í sama skilningi sem í XXV. kafla almennra hegningarlaga, svo sem fjölskyldumálefni manna, heilsuhagir, kynlíf, brotaferill, skoðanir manna á trúmálum og stjórnmálum, tengsl manns við aðra menn eða álit á öðrum, sem leynt á að fara, ágreiningur og átök innan fjölskyldu, sem eðlilegt er að leynt fari, ýmsar lífsvenjur manns, og jafnvel nafnnúmer hans. Upplýsingar um einkalífsatriði, sem fellur hér undir, þurfa ekki að vera manni til hnjóðs eða meiða æru hans. Það greinimark er hér notað, að „sanngjarnt“ sé og „eðlilegt“, að málefni fari leynt. Verður að meta þetta hverju sinni, og er matið afstætt. Er hér byggt á vísireglu, sem tekur þó nokkuð mið af venjuhelguðum viðhorfum við túlkun á ákvæðum XXV. kafla alm. hegningarlaga, þótt slíkt sé ekki einhlítt að því leyti, að hér er einkalífssviðið, sem vernda á, að nokkru rýmra en samkv. XXV. kafla hgl., sbr. t. d. fjárhagsmálefni. Skrár, sem hafa að geyma nöfn manna, heimilisfang og t. d. símanúmer og stöðu, falla yfirleitt utan laganna, sbr. þó III. kafla, en slíkt getur þó tengst öðrum efnum, svo að ákvæði laganna taki til þess.

Samkv. ákvæðum frv. (II. og III. kafla) er atvinnufyrirtækjum, félögum og stofnunum heimilað að koma við skráningu og svo hins vegar fyrirtækjum, sem láta í té upplýsingar til grundvallar mati á lánstrausti manna. Hér er eigi talað um einstaklinga, og er vakin athygli á því.

Í 3. málsgr. 1. gr. er ákvæði, er tekur af tvímæli um, að með upplýsingum um einkamálefni sé m. a. átt við það, er maður er að vísu eigi nafngreindur, en hins vegar sérgreindur með nafnnúmeri eða öðru skráningarauðkenni, sem unnt er að persónugreina fyrir þá, sem búa yfir greiningarlykli. Er nauðsynlegt að hafa þennan hátt á, svo að komið verði í veg fyrir að menn gangi á svig við ákvæði frv., ef að lögum verður.

Um 2. gr.

Í frv. er greint milli þess, að skráning fari fram af hálfu félaga, fyrirtækja og stofnana í einkageira þjóðfélagsins og svo skráningar á vegum hins opinbera. Í 2.

gr. er nokkur skýring á því, hverjir teljist til opinberra aðila í þessu sambandi. Er dómsmálaráðherra heimilað að ákveða, að ýmis félög, fyrirtæki og stofnanir, sem ekki teljast til stjórnsýslusviðs, falli undir það að vera „opinberir aðilar", ef framlög ríkis eða sveitarfélaga til rekstrar þeirra fela í sér verulegan hluta af rekstrarútgjöldum. Má raunar einnig taka hér tillit til stofnkostnaðarframlaga. Dómsmálaráðherra mun mæla fyrir um þetta efni í reglugerð. Vissulega gæti reynt hér á það, að tölvufyrirtæki sé rekið sameiginlega af t. d. ríkisstofnun og einkafyrirtæki. Um það eru ekki sérákvæði, en í 22. gr. er vikið að því, að skrár eða skráningarkerfi séu rekin af sveitarfélagi og ríkisstofnun sameiginlega.

Um 3. gr.

Grein þessi er til yfirlits og gegnir tilvísunarhlutverki. Hún vísar til þess, að meginreglur um skráningarstarfsemi af hálfu einkaaðila séu greindar í II. þætti frv. og vekur athygli á undantekningarákvæði 4. gr. Ef slíkt fyrirtæki vinnur í þágu stjórnvalds við skráningu upplýsinga, gilda um skráningarstarfsemina ákvæðin í III. þætti, sbr. og 38. gr. frv. Þetta á einnig við um fyrirtæki, sem dómsmálaráðherra hefir talið til opinberra aðila með stoð í 2. málsgr. 2. gr. frv.

Um opinberu skráninguna er vísað til III. þáttar, sbr. og 4. og 51. gr.

Ákvæði IV. þáttar um tölvuþjónustu eiga jafnt við, hvort sem tölvuþjónustufyrirtæki er rekið af hendi opinbers aðila eða einkaaðila. Sama er um ýmis almenn ákvæði frv., t. d. í V. þætti.

Um 4. gr.

Nauðsynjar vísindarannsókna mæla með því, að skráning á persónugögnum sæti sem minnstum hömlum. Því er hér lagt til í samræmi við það, sem gert hefir verið t. d. í norrænu frv., að skráning í þágu vísindarannsókna hlíti aðeins að takmörkuðu leyti ákvæðum frv., en áskilið er þó, að vissra öryggisráðstafana sé gætt, sbr. tilvísun til 36. og 39. gr. frv. Hér kemur það og til, að skráning í þarfir vísindarannsókna myndar að jafnaði grundvöll að tölfræðilegum greinargerðum eða er sett fram í annars konar almennu formi, sem bendir eigi til neins aðila, sem unnt er að persónugreina. Athygli er vakin á, að áskilið er, að „einvörðungu" sé stofnað til skráningar í vísindalegu skyni, en það orð tekur einnig til tölfræðiskýrslna.

Nauðsyn ber til, að starfsemi við tölfræðiskýrslur sé sem óheftust. Hlítir skráning í þágu tölfræðiskýrslna opinberra stofnana, þ. á m. Hagstofu Íslands, eigi nema að nokkru leyti ákvæðum frv., svo sem greint var. Ekki skiptir hér máli, hvort tölfræðiskýrslur gegni vísindalegu hlutverki eða ekki. Undantekningin um tölfræðiskýrslur er m. a. á því byggð, að einstaklingar eða aðrir aðilar, sem skýrslur taka til, verða yfirleitt eigi sérgreindir í slíkum skýrslum, og ber að gæta þessa við samningu þeirra og við það form, sem þeim er valið. Tölfræðiskýrslur annarra en opinberra aðila falla eigi undir undantekningarákvæði 4. gr., en hlíta almennum ákvæðum í II. þætti frv.

Þriðja undantekningin, er felst í 4. gr., varðar manntalsskráningu og æviskrárritun samkv. lögum 30/1956 og skipulagsbundna skráningu í þágu ættfræðirannsókna og æviskrárrita. Sum af þessum tilvikum myndu koma undir skráningu í þágu vísindalegra kannana, en önnur ekki. Við samningu æviskrárrita kann að þurfa að gæta annarra reglna, er varða vernd einkalífs, sbr. hrd. 1968, bls. 1007 (greining á því í slíku riti, að barn sé ættleitt).

Ber vissulega nauðsyn til að gætt sé varfærni, við varðveislu persónugagna og úrvinnslu á þeim sviðum, sem 4. gr. tekur til, einnig þegar skráningin sætir eigi ákvæðum frv. til hlítar.

Um II. þátt.

Í þessum þætti eru ákvæði um skráningu í þágu atvinnufyrirtækja, félaga og stofnana, sem ekki teljast til hins opinbera þjóðfélagsgeira. Meginákvæðin eru í I. kafla, en sérákvæði í II. og III. kafla.

Um I. kafla.

Hér greinir ýmsar meginreglur um skráningu í þágu einkaaðila. Sumar þessar reglur eru vísireglur, sbr. einkum 5. gr., enda er lítt gerlegt að setja fram hnitmiðaðar reglur um ýmsa þætti í skráningarstarfseminni. Hvers konar atvinnurekstur getur komið undir reglur þessa kafla, svo og félög, svo sem stéttarfélög, stjórnmálafélög og trúfélög. Starfsemi lækna, arkitekta, lögmanna og endurskoðenda o. fl. hlítir t. d. reglum þessa kafla.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um skráningu til eigin afnota fyrir aðila, sem þar greinir, en 6. gr. varðar miðlun skráðra upplýsinga. Afhendingu eða miðlun upplýsinga er ekki til að dreifa, þó að aðili láti t. d. lögmanni sínum eða endurskoðanda upplýsingar í té vegna vinnu hans í þágu þess, er gögnin afhendir. Sama er, ef gögn um upplýsingar eru afhent almennu tölvuþjónustufyrirtæki, er leyfi hefir til starfsemi, til skráningar fyrir afhendanda til eigin nota hans eða til fyrirtækis, sem annast áritun á umslög, til að vinna verkefni í þágu þess, sem lætur gögnin í té.

Greinimarkið um heimild til skráningar upplýsinga samkv. 1. málsgr. 5. gr. er það, hvort skráning sé „eðlilegur þáttur“ í starfsemi fyrirtækis. Þetta er vissulega ekki hnitmiðað greinimark, en ógerlegt er að setja fram á tæmandi hátt, hver efnisatriði eigi hér að ráða úrslitum. Ljóst er, að skráning er heimil í því skyni að fyrirtæki geti gegnt skyldum sínum gagnvart hinu opinbera, svo sem vegna skattreglna. Vitaskuld er eðlilegt, að ýmiskonar skráning fari fram í þágu atvinnufyrirtækis. Má þar nefna starfsmannaskrár með ýmsum upplýsingum um starfsmenn, viðskiptamannaskrár, skrár um fyrirtæki, sem eru í samkeppni við viðkomanda o. fl. Slíkar skrár eru oft eðlilegur liður í starfsemi fyrirtækis og eru samkv. því heimilar eða geta verið það. Nauðsynlegt er einnig fyrir félög að hafa skrár um félagsmenn, svo að annað dæmi sé tekið. Hins vegar eru því settar hömlur vegna tillits til einkalífs manna hverjar upplýsingar megi taka á slíkar skrár.

Um nánara inntak skráa, sem lögmætar eru að stofni til, fer eftir einstökum ákvæðum I. kafla frv., einkum 5. gr.

Í 2.—4. málsgr. 5. gr. er fjallað um skráningu á upplýsingum, er snerta sérstaklega viðkvæm einkalífsatriði, þ. e. varðandi þjóðerni manna, kynþátt, litarhátt, skoðanir þeirra á stjórnmálum eða einstökum stjórnmálalegum efnum og á trúmálum, svo og upplýsingar, er lúta að brotaferli manna, kynlífi þeirra, og heilsuhögum, neyslu þeirra á áfengi og öðrum vímugjöfum „og önnur svipuð einkalífsatriði“. Ef skráning þessara atriða fer fram í því skyni að veita öðrum aðgang að upplýsingunum án samþykkis hins skráða, er áskilið samþykki tölvunefndar, sbr. 3. málsgr., og gegnir þessu einnig, ef skrám er ætlað að veita upplýsingar, er vara við fjárskiptum við tiltekinn aðila. Annars konar skráning er heimil, þ. e. ef ekki er ætlunin að miðla öðrum upplýsingum, með ýmsum skilyrðum. Í fyrsta lagi, ef lög leyfa, í öðru lagi ef hinn skráði veitir samþykki sitt til skráningar með þeim hætti, sem nánar greinir í 2. málsgr. 5. gr. En til viðbótar því er þess krafist, að þeim, sem skráir upplýsingar, sé brýn þörf á skráningu vegna starfsemi sinnar. Full þörf er á að reisa skorður við skráningu þessara viðkvæmu einkalífsatriða og við miðlun upplýsinga, ef skráning er leyfileg. Er það lagaviðhorf í samræmi við meginstefnu í evrópskri löggjöf á þessu sviði og í þeim tiltölulega mörgu lagafrumvörpum, sem nú liggja fyrir löggjafarþingum.

Í 3. málsgr. er tölvunefnd heimilað að veita leyfi til skráningar á atriðum þeim, sem greinir í 2. málsgr. Tölvunefnd myndi væntanlega sjaldan veita slíkt leyfi, og ef það væri veitt, er gert ráð fyrir, að nefndin geti tengt við það ýmis skilyrði. Meðal þeirra yrði væntanlega, að hinum skráða verði skýrt frá skráningu og efni hennar og hvaðan upplýsingar stöfuðu. Enn fremur að upplýsingar, sem gefnar hefðu verið úr skrá og rangar reyndust, yrðu þegar í stað leiðréttar og þeim skýrt frá leiðréttingu, er veitt hefðu viðtöku upplýsingum, eða að upplýsingar skyldi afmá

eftir tiltekinn tíma og að hinn skráði ætti kost á vitneskju um, hvaðan upplýsingarnar stöfuðu. Þá er líklegt að það skilyrði verði sett, að skrár verði eyðilagðar eftir að þær hafa gegnt tilteknu hlutverki.

Samkv. 3. málsgr. 5. gr. má eigi skrá án samþykkis tölvunefndar upplýsingar, sem ætlað er að vara við fjárskiptum við tiltekinn aðila, ef ætlunin er að veita öðrum aðgang að upplýsingum án samþykkis viðkomandi aðila, sem skráningin tekur til. Koma hér undir almennar vanskilaskrár fyrirtækja og t. d. skrár banka um menn, sem misnota tékka. Um síðastgreindu skráninguna má vænta leyfis tölvunefndar, er bindur leyfi sitt tilteknum skilyrðum sbr. m. a. 4. málsgr. 5. gr.

Í 5. málsgr. er dómsmálaráðherra heimilað að kveða svo á, að fengnum tillögum tölvunefndar, að tilteknar skrár skuli að nokkru leyti eða öllu lúta ákvæðum II. kafla. Hugsanlegt er, að ýmiss konar skráning taki að tíðkast, sem nú er eigi fyrirsjáanleg, og þurfi að binda hana sérstaklega ströngum skilyrðum. Er því hyggilegt að hafa slíkt almennt ákvæði í lögum.

Um 6. gr.

Ákvæðið greinir, með hverjum skilmálum sé unnt að miðla skráðum upplýsingum. Er ljóst, að þótt heimilt sé að skrá upplýsingar samkv. 5. gr., er ekki þar með sagt, að lögmætt sé að miðla þeim — slíkt er háð sérstöku mati, sbr. einkum 6. gr.

Þegar talað er um að „skýra frá“ upplýsingum, er átt við það að veita upplýsingar um efni skráningar, og skiptir ekki máli í hvers konar formi sú fræðsla er veitt. Svo sem áður greinir, er það ekki miðlun upplýsinga, þótt skráningaraðili láti endurskoðanda sínum eða lögmanni í té skráðar upplýsingar vegna vinnu hans að tilteknu verkefni fyrir skráningaraðila. Sama er, ef upplýsingar eru afhentar til tölvufyrirtækis, er skráir þær fyrir afhendanda. Í því tilviki verður að áskilja, að skráning sé gerð einvörðungu fyrir þann, er lætur upplýsingar í té til úrvinnslu, og að tölvufyrirtækið einskorði starfsemi sína við þetta tiltekna verkefni og að það hafi ekki jafnframt skrána til afnota fyrir sig og aðra. Þegar félag skýrir félögum sínum frá upplýsingum, fellur það undir 6. gr., svo og t. d. afhending atvinnufyrirtækis á slíkum upplýsingum til annars fyrirtækis, er hefir náið samstarf við það.

Miðlun á skráðum upplýsingum er heimil, ef hún er „eðlilegur þáttur í starfsemi þess, er stofnað hefur til skráningarinnar“. Er þetta sambærilegt greinimark að sínu leyti við það, er kveðið er á um í 1. málsgr. 5. gr.

Í 2. málsgr. eru sérreglur um miðlun skráðra upplýsinga, er greinir í 2. málsgr. 5. gr. Miðlun er eigi heimil, án samþykkis hins skráða, eða þess, sem lögbær er að veita slíkt samþykki vegna hans, nema slíkt leiði af öðrum lögum, sbr. t. d. heilbrigðislöggjöf. Er sérstök þörf á að hafa sérákvæði um þetta atriði. Þá er einnig sérákvæði um atriði, sem gerst hafa fyrir meira en 5 árum, þegar upplýsinga er óskað. Er hægt að veita slíkar upplýsingar út af fyrir sig án samþykkis viðkomanda, en þó eigi, nema þær hafi úrslitagildi um mat á því atriði, sem ætlunin er að kanna, eða slíkt leiði af öðrum lögum. Þetta greinimark er vissulega eigi hnitmiðað heldur matskennt, en svo hlýtur það að vera samkv. eðli máls.

Samkv. 3. málsgr. er heimilt að láta í té upplýsingar um skráð atriði þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsgr. þ. á m. án samþykkis viðkomanda, ef þær eru veittar vegna vísindalegra rannsókna eða í þágu tölfræðiskýrslna, svo og vegna læknisrannsókna eða læknisaðgerða á viðkomanda. Minnt er hér á 4. gr. frv.

Oft verður vitaskuld heimilt að veita öðrum aðiljum upplýsingar um skráð atriði, þar sem slíkt er eðlilegt í atvinnustarfsemi, t. d. þegar fyrirtæki gefur öðrum upplýsingar um mann, sem hjá því hefir starfað, svo og um viðskipti sín við tiltekinn mann, þ. e. um skil hans gagnvart fyrirtækinu.

Tekið skal fram, að ákvæðið haggar ekki að neinu við ákvæðum laga um þagnarskyldu, heldur er ætlunin að ákvæðið verði viðbót við slíkar reglur.

Um 7. gr.

Í þessu ákvæði eru fyrirmæli um eitt af grundvallaratriðunum í skráningarlöggjöf og — lagafrumvörpum. Varðar það kröfu þess manns, sem skráning tekur til, um að fá leiðrétt ranghermi, eða fá skráningu afmáða. Hér kemur einnig til afmáning atriða, sem eigi má skrá.

Í greininni er aðila, sem leitar leiðréttingar, heimilað að snúa sér til tölvunefndar og óska atbeina hennar til þess að hlutur hans verði réttur. Getur tölvunefnd lagt fyrir skráningaraðila að leiðrétta upplýsingar innan tiltekins tíma og að koma leiðréttingu á framfæri við þá, sem veitt hafa upplýsingum viðtöku, enda er skráningaraðila skylt að gera þeim, sem upplýsingarnar fjalla um, grein fyrir því, hverjir hafi hlotið vitneskju um þær frá skráningaraðila. Er refsiákvæði tengt við þessa skyldu samkv. 4. málsgr. 7. gr., sbr. 48. gr.

Í greininni er eigi rætt um bótaskyldu skráningaraðila gagnvart þeim manni, sem á er hallað með skráningu, en slíkt ræðst af almennum reglum um skaðabætur.

Um II. kafla.

Á Norðurlöndum og víða annars staðar hefur orðið mikil umræða síðustu ár um starfsemi fyrirtækja, er veita atvinnufyrirtækjum og t. d. lánastofnunum upplýsingar, sem geta verið grundvöllur undir mati á lánstrausti manna og fyrirtækja. Ekki kveður mikið að slíkri starfsemi hér á landi. Reynslan erlendis frá bendir til, að þarflegt sé að binda slíka starfsemi ýmsum skilyrðum, einkum með hliðsjón af vernd á einkalífi manna.

Um 8. gr.

Starfsemi, sem fólgin er í að veita öðrum fræðslu um fjárhag manna og lánstraust, á ekki að vera leyfisbundin samkv. frv., en skylt er að tilkynna hana til tölvunefndar, og fæst þannig yfirlit yfir slíka starfsemi í þjóðfélaginu. Skráning á atriðum, er varða lánstraust manna, á vegum fyrirtækis fellur ekki undir ákvæði kaflans, ef ekki er ætlunin að veita öðrum fræðslu um þessi efni, og skráning er eingöngu gerð til hagsbóta fyrir fyrirtækið sjálft, er skráningu annast. Fyrirtæki eða félag getur komið undir 8. gr., þótt það hafi annan aðaltilgang en að skrá og veita upplýsingar um efnahag manna og lánstraust.

Um 9. gr.

Hér eru fyrirmæli um það, sem skrá má hjá slíku fyrirtæki, er 8. gr. tekur til, og á hinn veg hverjar upplýsingar eigi má skrá. Þær einar upplýsingar má skrá samkv. 1. málsgr., sem eftir eðli sínu hafa gildi um mat á fjárhag manna og lánstrausti. Persónulegar upplýsingar um önnur atriði í líferni manna og starfsvenjum má eigi skrá, en hér geta vissulega komið upp markatilvik.

Í 2. málsgr. er lagt bann við skráningu sérstaklega viðkvæmra upplýsinga, sbr. að sínu leyti 2. málsgr. 5. gr. frv. Er hér um fortakslaust bann að ræða, sbr. hins vegar 2. málsgr. 5. gr.

Í 3. málsgr. er yfirleitt lagt bann við að skrá upplýsingar um brotaferil, svo og upplýsingar um atriði, sem eru eldri en 5 ára, en þetta er þó eigi undantekningarlaust, eins og textinn ber með sér, sbr. að sínu leyti 6. gr. 2. málsgr. frv.

Um 10. gr.

Í þessu ákvæði eru fyrirmæli, sem stuðla eiga að því, að sá, sem skráður er í fyrsta skipti, fái vitneskju um, að hann hafi sætt skráningu og um heimild hans til að fá skýrslu um efni hennar. Þetta gildir þó ekki um nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, stöðu o. fl., þ. á m. atriði, sem unnt er að fá upplýsingar um í opinberum gögnum, sem aðgengilegar eru almenningi. Of langt þykir gengið, ef leggja á fyrirtæki á herðar að skýra manni frá í hvert skipti, sem atriði, er hann varðar, eru skráð.

Um 11. gr.

Hér er mikilvægt ákvæði um rétt þess, sem skráður er, til að fá að eigin frumkvæði vitneskju um efni upplýsinga og máls, sem skráningaraðili hefir látið frá sér fara til annarra á síðustu 6 mánuðum varðandi hinn skráða. Greinin er framhald af tilhögun þeirri, sem lagt er til, að lögfest verði með 10. gr. Fyrirtækið er þó eigi skyldugt til að skýra frá því, hvaðan því komi vitneskja um skráðan mann. Samkv. 4. málsgr. getur aðili krafist þess að fá skriflega tilkynningu um það, sem skráð hefir verið um hann.

Um 12. gr.

Greinin mælir fyrir um, í hvaða formi upplýsingum samkv. skrám verði miðlað til þriðja aðila. Er almennt áskilið, að upplýsingar séu látnar í té bréflega. Er það gagnlegt, því að þá er unnt síðar meir að ganga úr skugga um, hvers efnis upplýsingar hafi verið. Í 2. málsgr. er rætt um upplýsingarit, sem senda má til áskrifenda, en þau verða að vera almenns efnis.

Um 13. gr.

Skylt er að leiðrétta rangar eða villandi upplýsingar og koma þeim í rétt horf, hvort sem er að eigin frumkvæði fyrirtækis, sem hefir starfsemi um hönd, eða að kröfu viðkomandi manns. Upplýsingar, sem réttar eru á vissu tímamarki, geta reynst rangar síðar, vegna breytts fjárhags manns. Upplýsingar geta verið réttar, en þó villandi eftir því sambandi, sem þær eru í við önnur atriði, þar sem þær gefa undir fótinn um viðtækari ályktanir hjá þeim, er veitir þeim viðtöku, en efni standa til.

Um 14. gr.

Mikilvægt er, að fyrirtæki samkv. þessum kafla láti þeim í té, sem fengið hefir rangar eða villandi upplýsingar, vitneskju um það, sem ranghermt er. Stuðlar ákvæðið að þessu og jafnframt að því, að hinn skráði fái vitneskju um, hverjum leiðréttingar hafi verið sendar.

Um 15. gr.

Í 13. gr. frv. er skráningaraðila gert að skyldu að afmá eða leiðrétta rangar eða villandi upplýsingar. Í þessari grein eru fyrirmæli um kröfu hins skráða um afmáningu eða leiðréttingu upplýsinga. Ef ágreiningur rís um þetta milli skráningaraðila og hins skráða, sker tölvunefnd úr. Ef fallist er á kröfuna, ber að gæta reglnanna í 14. gr. frv. Ætlast er til, að þetta ákvæði verði hinum skráða til verulegs halds.

Um 16. gr.

Fyrirtæki, er lúta ákvæðum þessa kafla, eru tilkynningarskyld til tölvunefndar, sbr. 8. gr. Slíku fyrirtæki er óheimilt samkv. þessari grein að afhenda skrár eða frumgögn við skráningu til annars aðila en þess, sem gegnt hefir tilkynningarskyldu samkv. 8. gr. Ella væri hægt að fara á svig við ákvæði 8. gr. Tölvunefnd skal skýrt frá slíkri afhendingu án ástæðulausrar tafar.

Um III. kafla.

Hér á landi er nokkuð tekið að kveða að því, að upplýsinga sé leitað um einstaka hópa manna einkum í því skyni að ná til þeirra með auglýsingum, happdrættismiðum o. fl. Á Norðurlöndum eru þó enn meiri brögð að þessu, og eru þar rekin fyrirtæki, sem gefa sig að þesskonar upplýsingarstarfsemi og taka endurgjald fyrir, oft með þeim hætti, að þau láta í té heimilisföng o. fl. varðandi einstaka hópa manna og annast áritun á umslög eða tilkynningar til þeirra. Þessar upplýsingar eru unnar t. d. úr símaskrám, þjóðskrá o. fl. slíkum gögnum. Til grundvallar slíkri starfsemi getur legið margvísleg könnun á hópum manna, t. d. eftir kynferði, aldri, áhugamálum, menntun, atvinnugrein eða eftir eignum manna, svo

sem húseigendur, sumarbústaðaeigendur, bíleigendur o. m. fl. Í þessum kafla frv. er á því byggt, að slík starfsemi geti verið fyllilega lögmæt, en lagt er til, að settar séu reglur um söfnun upplýsinga og skráningu, svo og að skráður aðili geti krafist þess, að nafn hans sé máð af skrám slíkra fyrirtækja. Ekki er aðili tilkynningarskyldur með sama hætti og fyrirtæki, er lýtur II. kafla frv.

Um 17. gr.

Hér eru fyrirmæli um það, hvaða atriði skrá megi af hendi þess, er lætur í té upplýsingar um nöfn manna o. fl. eða annast fyrir aðra áletrun heimilisfanga á umslög o. fl. Vakin er athygli á 3. tölulið 1. málsgr., þar sem heimilað er að skrá upplýsingar um tómstundamál og svipað, „sem myndað getur grundvöll að almennt viðurkenndri greiningu manna og fyrirtækja í mismunandi hópa". Felst í 17. gr., að takmörkunum er bundið, hvað heimilt sé að skrá, en greinimarkmið í 3. tölulið er nokkuð matskennt.

Í 2. málsgr. er bannað fortakslaust að skrá og láta í té upplýsingar um viðkvæm, persónuleg atriði, sbr. og 5. gr. 2. málsgr., 6. gr. 2. málsgr. og 9. gr. 2. málsgr. Dómsmálaráðherra getur í reglugerð reist frekari skorður við því, hvað greina megi í skrám samkv. þessari grein.

Um 18. gr.

Réttmætt þykir, að skráður aðili geti krafist þess að nafn hans verði máð af skrám hjá þeim, sem hefir um hönd starfsemi samkv. 17. gr. Í greininni er ekki nefnt, að sá, sem tjáist sendandi bréfs, er maður tekur við, skuli skyldur til að koma kröfu á framfæri við skráningarfyrirtæki, en telja verður, að slík skylda hvíli á sendanda, svo sem t. d. á félagi, er sendir manni óbeðið happdrættismiða.

Um 19. gr.

Í ákvæðinu felst, að félögum sé heimilt að láta í té félagatal sitt til fyrirtækis, sem annast áletranir á umslög og sendingu þeirra. Er það út af fyrir sig frávik frá ákvæði 17. gr. Til tryggingar er lagt til, að lögfest verði, að fyrirtæki samkv. 17. gr. sé óheimilt að láta gögn þessi af hendi við aðra eða skýra öðrum frá upplýsingum, sem í skrám eða gögnum felast.

Um III. þátt.

Í þessum þætti frv. eru ákvæði um skráningu af hálfu opinberra aðila eða á vegum þeirra. Fjallar IV. kafli um reglur, er varða upphaf skráningar þ. e. hvers gæta skuli við ákvörðun um að stofna til skráningar. Í V. kafla eru ákvæði um skráningu upplýsinga og varðveislu skráningargagna. Er þar m. a. tekin afstaða til þess, hvaða atriði megi skrá og hver ekki eða hver atriði skrá megi, að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Eru þau ákvæði sambærileg að sínu leyti við I. kafla II. þáttar. Þá eru þar einnig ákvæði um öryggisráðstafanir í sambandi við skrár og skráningu. Í VI. kafla er fjallað um heimild manna til að fá vitneskju um upplýsingar, sem skráðar hafa verið um þá, en í VII. og VIII. kafla eru ákvæði um miðlun skráðra upplýsinga, ýmist til einstaklinga annars en hins skráða sjálfs eða til stjórnvaldsstofnana.

Víða um lönd hafa menn gefið mikinn gaum að hinni opinberu skráningu, og hefir gætt uggs um, að ríkisvaldið eða einstakir þættir þess og stofnanir geti notað skráningu á persónuupplýsingum til þess að misbjóða þegnfrelsi og þegnréttindum. Miklu varðar að stemma á að ósi í þessu efni hér á landi eftir því sem slíkt er fært með löggjafaraðgerðum.

Í ýmsum erlendum lagafrumvörpum eru það tölvuunnar skrár einar, sem frv. um opinbera skráningu tekur til. Stafar óneitanlega mest hætta fyrir einkalíf manna af slíkri skráningu. Hér er valin sú leið, sbr. 1. gr. frv., að aðrar skrár skuli einnig

falla hér undir, þ. á m. þegar skráning fer fram á vegum hins opinbera. Þykir það horfa til öryggis, enda eru sumar opinberar skrár eigi unnar með vélrænum hætti.

Vakin er athygli á skýringu 1. gr. 2. málsgr. frv. á hugtakinu persónulegar upplýsingar, svo og 2. gr. frv., er skýrir, við hvað átt sé með opinberum aðilum í frv. þessu. Þá er einnig vakin athygli á 4. gr. frv., er undanþiggur manntalsskráningu og æviskrárritun ákvæðum frv., en skráning í þágu vísindarannsókna og tölfræðiskýrslna lýtur ákvæðum frv. að takmörkuðu leyti. Þá er vakin athygli á 51. gr. frv., er kveður svo á, að um þjóðskrá og almannaskráningu fari eftir lögum þar um, og því gegnir að sínu leyti einnig um sakaskrá. Í þessu felst eigi, að síðastgreindir aðiljar verði þegnir undan reglum, sem horfa til verndar einkalífs. Hins vegar koma svo sérhæfð sjónarmið til greina við þesskonar skráningu, að af tæknilegum ástæðum er heppilegra að fjalla um hana mestmegnis í sérlögum eða öðrum sérreglum fremur en í þessu frv., sem geymir almenn ákvæði um skráningarmál. Þetta frv. ætti allt að einu að gegna mikilvægu hlutverki með því að marka meginstefnur í þessum málum varðandi verndun einkalífs.

Á það skal minnt, að þótt skráning fari fram hjá einkaaðilja, þá gilda ákvæði III. þáttar um skráninguna, ef hún fer fram á vegum opinbers aðilja, sbr. og 38. gr. frv.

Um IV. kafla.

Þessi kafli hefir að geyma ákvæði um það, hvers gæta skuli, áður en ráðist er í skráningu af hálfu hins opinbera, svo og um setningu reglna, er varðar fyrirhugaðar skrár. Reglur þessa kafla horfa að því að vanda til vinnubragða, áður en ákveðið er að stofna til skráa, hvort sem er í ríkisgeira eða sveitarfélagsgeira.

Um 20. gr.

Hér er lagt til, að eigi verði stofnað á vegum hins opinbera til kerfisbundinnar skráningarstarfsemi, nema ráðherra sá, sem í hlut á, samþykki að höfðu samráði við dómsmálaráðherra. Ef skrá á að fullnægja þörfum fleiri ráðuneyta en eins, kemur til samákvörðun ráðherra um þetta efni. Mikilvægt er, að einn ráðherra hafi með höndum meginkönnun þessara mála, og er hér gert ráð fyrir, að það sé dómsmálaráðherra, en hann fer með tölvumál almennt. Vitaskuld byggir ákvæðið á, að fjárveiting sé tryggð til skráa eftir venjulegum stjórnsýslureglum.

Þá er boðið í 2. málsgr., að viðkomandi ráðherra setji reglur um skrár og skráningu, svo og um notkun og varðveislu skráningargagna. Skulu reglurnar vera í samræmi við ákvæði V.—VIII. kafla frv. Síðastnefnd ákvæði eru almenns efnis og rammakennd, en við það er hér miðað, að þær reglur, sem í þeim felast, verði gerðar fyllri með stjórnvaldsreglum samkv. þessu.

Í 3. málsgr. segir, að reglur þær, sem reifaðar voru, eigi einnig við um ákvörðun þess efnis, að skrár verði samtengdar, nema um sé að ræða samtengingu skráa eingöngu í þágu vísindarannsókna eða tölfræðiskýrslna. Slík samtenging skráa er mikið notuð og veitir svigrúm til þess t. d. að tengja skrár um sjúklinga við skrár um þjóðfélagslegt liðsinni almannatrygginga eða t. d. sakaskrá eða skattskrár. Vera má, að stöku sinnum geti það orkað tvímælis, hvort um samtengingu sé að ræða, en vafamál í því sambandi myndu verða lögð fyrir tölvunefnd til umfjöllunar og úrlausnar. Við samtengingu verður að gæta almennra reglna um það, hvað heimilt sé að greina í skrám á vegum hins opinbera samkv. frv.

Í 4. málsgr. er boðið að leita álits tölvunefndar, áður en samþykki er veitt til að stofna til skráningar og áður en reglur eru settar um skrár samkv. 1.—3. málsgr. Tölvunefnd getur ekki látið uppi álit á þörfinni á nýrri skrá, nema það ráðuneyti, sem í hlut á, leggi fyrir nefndina gögn og sjónarmið þetta varðandi. Tölvunefnd tekur þá mið af því, hvort hætta sé á, að skrá sú, sem um er að ræða, feli í sér óhæfilega hættu fyrir einkalíf manna. Viðhorfin eru hin sömu, þegar

nefndin lætur uppi álit á þeim drögum að reglum, sem fyrir hana eru lögð af hendi ráðuneytis. Nefndinni er almennt ætlað að vera á varðbergi um einkalíf manna gagnvart hættum af völdum skráa. Nefndin getur að sjálfsögðu gert breytingartillögur við drög til reglna, um uppbyggingu og rekstur skráa, söfnun upplýsinga, varðveislu skráningargagna, öryggisráðstafanir ýmsar gegn misnotkun skráa o. s. frv. Vænta má þess, að mikið tillit verði tekið til álitsgerða og tillagna tölvunefndar og raunar, að ekki verði gegn þeim gengið, þótt þær séu að vísu ekki lagalega bindandi fyrir ráðuneyti, sem hlut á að máli, svo sem frumvarpstextinn er úr garði gerður.

Um 21. gr.

Skráningu, sem einstakar stofnanir sveitarfélaga kunna að vilja stofna til, verður eigi komið á fót, nema sveitarstjórn (bæjarstjórn, borgarstjórn) samþykki. Er ekki heimilt samkv. þessari grein fyrir bæjarstjórn að fela öðrum þessa ákvörðun, t. d. bæjarráði (borgarráði). Skrár þessar geta haft mikið gildi fyrir hvern einstakan borgara, og er því talið rétt að hinir kjörnu fulltrúar í heild sinni fjalli um slíka ákvörðun.

Í 2. málsgr. er boðið, að sveitarstjórn setji reglur um tilhögun, rekstur og notkun skráa, áður en starfsemi þeirra hefst. Skulu þær reglur fullnægja kröfum V.—VIII. kafla frv., en dómsmálaráðherra staðfestir þær.

Áður en ákvörðun er tekin um nýjar skrár samkv. 1. málsgr. og áður en gengið er frá reglum samkv. 2. málsgr., skal leita álits tölvunefndar, sbr. að sínu leyti 20. gr. 4. málsgr. frv. og athugasemdir við hana.

Í 4. málsgr. segir, að ákvæði 1.—3. málsgr. eigi við um samtengingu skráa, sbr. 20. gr. 3. málsgr. og athugasemdir við hana.

Um 22. gr.

Þetta ákvæði er orðað að verulegu leyti að fyrirmynd 7. gr. í danska frv. til laga um skráningu á vegum hins opinbera. Er hér lagt til, að áskilið sé samþykki dómsmálaráðherra, ef til skráningarkerfa þeirra á að stofna, sem greinin fjallar um, enda skal áður setja reglur um skráninguna. Hér er tíðast um svo mikil fyrirtæki að ræða, að ástæða er til að áskilja samþykki ráðherra og sérstaklega, að settar hafi verið reglur, áður en starfsemi hefst. Samkv. 2. málsgr. skal leita álits tölvunefndar, áður en rekstur er heimilaður eða reglur settar samkv. 1. málsgr.

Um 23. gr.

Mikilvægt er, að allar reglur um skráningu séu aðgengilegar á einum stað, og er boðið, að tölvunefnd skuli sendar þær. Hinu sama gegnir um breytingar á reglunum. Á almenningur þá aðgang að reglunum hjá tölvunefnd, sbr. þó lokamálslið 2. málsgr. 23. gr.

Í 2. málsgr. er boðið, að reglur um skráningu séu jafnframt fáanlegar hjá þeim, sem annast skráningu eða er ábyrgur fyrir henni. Er mikilvægt fyrir almenning að eiga þess kost að kynna sér reglurnar, eins og þær eru á hverjum tíma. Víkja má þó frá þessu, ef veigamiklar ástæður mæla með því, að reglur eigi að fara leynt, en slíkt mun þó fágætt hér á landi að því er ætla verður.

Um V. kafla.

Hér eru ákvæði um skráningu upplýsinga og varðveislu þeirra, sambærileg við ákvæði I. kafla II. þáttar um skráningu af hendi einkaaðilja. Stafa þessar reglur af tillitinu til einkalífs manna og þörf manna á vernd á einkalífi sínu.

Með orðinu „stjórnvaldsstofnun“ er átt við stjórnsýsluheild sem fer með opinbert vald, stjórnvald. Á það fyrst og fremst við stjórnsýslustofnanir en einnig einstakar nefndir eða ráð, sem með stjórnvald fara. (Sjá nánar greinargerð með frv. til laga um aðgang að upplýsingum hjá almannastofnunum.)

Um 24. gr.

Við opinbera skráningu persónuupplýsinga á að hafa að leiðarljósi samkv. upphafi greinarinnar að skrá þær upplýsingar einar, „sem skipta ótvírætt máli um verkefni þau, sem viðkomandi stjórnvaldsstofnun á að sinna“, að sínu leyti greinimark 1. málsgr. 5. gr. frv. varðandi einkaskráningu. Í báðum tilvikum er reynt með frv. að draga úr ónauðsynlegri upplýsingasöfnun. Í ríkisgeiranum er verkefnum skipt milli mismunandi stofnana, og segir verkaskipting þeirra til um það, hver verkefni komi í hlut hvers og eins. Sú verkefnaskipting getur að vísu aldrei orðið hárnákvæm. Í sveitarstjórnargeiranum horfir þetta öðru vísi við. Hver sveitarstjórn þarf út af fyrir sig á upplýsingum að halda um allt það svið, sem viðkomandi sveitarstjórn er ætlað að fjalla um. Gert er ráð fyrir, að við hverja einstaka skrá sé það afmarkað í reglum um viðkomandi skrá, hvaða verkefna henni sé ætlað að taka til og hverjar stjórnsýslugreinar eigi að hafa aðgang að skránni. Í 1. málsgr. er heimilað að skrá upplýsingar, sem máli skipta fyrir aðra stjórnvaldsstofnun, enda sé svo um hnúta búið, að hver stofnun fái aðeins þær upplýsingar úr skránni, sem hana varða. Er þetta undantekning frá meginreglunni í upphafi 1. málsgr., og styðst hún við hagnýt sjónarmið og tillit til virkni í stjórnsýslu. Úr áhættu í þessu sambandi er dregið til muna með ákvæðinu um, að hver stofnun fái aðeins þær upplýsingar úr skránni, sem hana varða.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta, til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilána) er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram samhliða skýrslu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980. Frumvarpið felur í sér lántökuheimild fyrir ríkissjóð á árinu 1980 auk heimildar til Framkvæmdasjóðs Íslands, Landsvirkjunar, sveitarfélaga, Orkubús Vestfjarða, Þörungavinnslunnar hf. og aðila er standa að hitaveituframkvæmdum. Frumvarpið felur ennfremur í sér ákvæði um kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði Íslands. Þá eru í frumvarpi þessu breytingar á lögum nokkurra fjárfestingarlánasjóða í samræmi við markaða stefnu fjárlaga fyrir árið 1980.

Meðfylgjandi heildaryfirlit um fjáröflun og ráðstöfun lánsfjár á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1980 sýnir að lánsfjárþörf opinberra aðila nemur alls 107 958 m.kr. Þar af eru 55 320 m.kr. erlendar lántökur og 52 638 m.kr. innlendar.

Um 1. og 2. gr.

Erlendar lántökur til framkvæmda vegna A- og B-hluta ríkissjóðs nema alls 11 347 m.kr. en námu 21 360 m.kr. skv. 1. gr. fjárlaga 1980. Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir því að þess verði freistað að auka innlendar lántökur til þess að takmarka erlendar lántökur sem frekast er kostur. Til þess að fyrirhugaðri innlendri lánsfjáröflun verði náð mun verða gengið ríkt eftir því að lífeyrissjóðirnir kaupi skuldabréf fyrir 40% af ráðstöfunarfé sínu á árinu 1980. Auk þess er óhjákvæmilegt að auka útgáfu spariskírteina ríkissjóðs sem frekast er kostur og ná samningum við innlánsstofnanir um kaup á ríkistryggðum verðbréfum. Í 6. gr. fjárlaga var veitt heimild til 2 800 m.kr. verðbréfaútgáfu og með 3. gr. laga nr. 6/1980 var heimiluð

útgáfa ríkisskuldabréfa eða spariskírteina að fjárhæð allt að 5 600 m.kr. Áætlað er að innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé leiði til 6 738 m.kr. nettóinnstreymis. Í þessu frumvarpi er síðan leitað heimildar til lántöku á innlendum lánsfjármarkaði að upphæð 8 900 m.kr., svo að unnt verði að fjármagna fyrirhugaðar ríkisframkvæmdir.

Um 3. gr.

Nýmæli þessarar greinar er að inn í lög nr. 82/1977 eru nú sett ákvæði um að lífeyrissjóðir kaupi skuldabréf ríkissjóðs auk kaupa skuldabréfa Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs Íslands. Ákvæði laga nr. 20/1979 eru tekin upp að nýju en það eru ákvæði um að lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ kaupi skuldabréf Byggingarsjóðs ríkisins fyrir 20% af ráðstöfunarfé, innan þess ramma er lögin að öðru leyti setja. Þetta er til staðfestingar samkomulagi sem ASÍ gerði við ríkisstjórnina í febrúar 1974. Jafnframt er ákveðið að fjármálaráðuneytið setji með reglugerð ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og hefur heimild til ákvörðunar um af hvaða aðilum lífeyrissjóðirnir kaupa skuldabréf, enda séu ávöxtunarkjör sambærileg. Gert er ráð fyrir að sett verði nánari ákvæði um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.

Um 4. gr.

Framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar eru áformaðar alls fyrir 31 067 m.kr. á árinu 1980. Verkhraði sá sem fyrirhugaður er á árinu 1980 er talinn nauðsynlegur eigi virkjunin að geta hafið framleiðslu haustið 1981. Framkvæmdafjárhæðin skiptist þannig að 23 910 m.kr. renna til framhaldsframkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun, 3 308 m.kr. renna til endurbóta og lokafrágangs við Sigölduvirkjun, rannsókna og vélakaupa, og 3 849 m.kr. er til endurgreiðslu vaxta af framkvæmdalánum.

Fjármögnun framkvæmda Landsvirkjunar er þríþætt: Í fyrsta lagi erlendar lántökur alls 28 691 m.kr. Í öðru lagi 2 113 m.kr. úr rekstri, en þar af er 263 m.kr. aukið eiginfjárframlag Reykjavíkurborgar, og að lokum 263 m.kr. eiginfjárframlag ríkissjóðs.

Um 5. gr.

Framkvæmdir við hita- og fjarvarmaveitur aðrar en á vegum Orkubús Vestfjarða eru alls fyrirhugaðar fyrir um 19 876 m.kr. Þar af nemur erlend lánsfjáröflun 6 400 m.kr. en auk þess er að því stefnt að lánasjóður sveitarfélaga láni um 2 000 m.kr. til þessara framkvæmda og orkusjóður um 425 m.kr. Úr rekstri aflast því um 11 050 m.kr. Lánveitingar eða ábyrgðir af ríkisins hálfu verða ekki veittar til einstakra hitaveitna fyrr en iðnaðarráðherra hefur veitt einkaleyfi til reksturs og skilyrðum orkulaga um einkaleyfisveitingu er fullnægt. Stærstu lánsfjármögnuðu verkefnin á árinu 1980 eru áframhaldandi framkvæmdir við Hitaveitu Akureyrar 2 500 m.kr. og Hitaveita Akraness og Borgarness 3 200 m.kr.

Um 6. gr.

Erlend lántaka Hitaveitu Suðurnesja nemur alls 1 100 m.kr. og verður því fé varið til að kaupa og reisa gufuhverfil í Svartsengi til raforkuöflunar, en ríkisstjórnin veitti fyrirtækinu nýverið leyfi til að reisa og reka 6 MW gufuaflsstöð.

Um 7. gr.

Lántökur til ýmissa framkvæmda sveitarfélaga nema alls 500 m.kr. Þar af rennur hluti til Vestmannaeyjakaupstaðar í samræmi við tillögu úttektarnefndar er fjallaði um fjárhagsvanda staðarins.

Um 8. gr.

Framkvæmdir Orkubús Vestfjarða á sviði raforkumála eru fyrirhugaðar fyrir 1 162 m.kr., og vegna fjarvarmaveitna fyrir 500 m.kr. Til fjármögnunar framkvæmdanna er áformað að afla lánsfjár að upphæð 1 517 m.kr. en úr rekstri eru áætlaðar 145 m.kr. til framkvæmdanna.

Um 9. gr.

Vegna rekstrarörðugleika hjá Þörungavinnslunni að Reykhólum hafa safnast skuldir við lánastofnanir. Vegna þessa er nú áformað að heimila fyrirtækinu lántöku að fjárhæð 240 m.kr. til þess að létta á skuldabyrði og standa í skilum við lánastofnanir.

Um 10. gr.

Erlend lántaka Framkvæmdasjóðs Íslands nemur á árinu 5 525 m.kr. Af þessari fjárhæð eru 2 525 m.kr. ætlaðar til endurláns til fjárfestingarlánasjóða en auk þess hefur framkvæmdasjóður tekið að sér meðalgöngu um útvegun 3 000 m.kr. lánsfjár til Framleiðsluráðs landbúnaðarins vegna greiðslna útflutningsbóta verðlagsársins 1978/1979.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Skyldusparnaðarfé ungmenna mun nú koma til skiptingar þannig að til Byggingarsjóðs ríkisins renna 7 500 m.kr. og til Framkvæmdasjóðs Íslands 1 000 m.kr. Frá áramótum 1979/1980 er ákveðið að framvegis gangi ekkert af skyldusparnaðarfé til Stofnlánadeildar landbúnaðarins enda falla íbúðarbyggingar í sveitum nú undir skyldu Byggingarsjóðs ríkisins um lánveitingar. Lántaka Framkvæmdasjóðs Íslands hjá Byggingarsjóði ríkisins af skyldusparnaðarfé verður með hliðstæðum kjörum og Byggingarsjóður nýtur að jafnaði af þessu lánsfé.

Um 13.—25. gr.

Í samræmi við markaða stefnu í fjárlögum um skerðingu á framlögum til fjárfestingarlánasjóða er nauðsynlegt að lögum nokkurra sjóða verði breytt.

Um 26. gr.

Lögbundnar fjárveitingar til ferðamálasjóðs voru lækkaðar eins og framlög til annarra fjárfestingarlánasjóða og nemur framlagið því alls 27 m.kr. Samkvæmt lögum nr. 60/1976 um skipulag ferðamála skal tiltekinn hluti af veltu Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli renna til þessarar starfsemi. Tekjustofni þessum er nú breytt þannig að 30% af skilum Fríhafnarinnar til ríkissjóðs renna til ferðamála.

Um 27. gr.

Vegna ástands á erlendum fjármagnsmörkuðum hefur yfirleitt ekki verið völ á erlendum lánum til nægilega langs tíma, miðað við eðlilegan afskriftartíma þeirra framkvæmda sem með þeim hafa verið fjármagnaðar. Veldur þetta örum afborgunum og þungri greiðslubyrði á næstu árum. Rétt þykir að fjármálaráðherra geti í samráði við fjárveitinganefnd tekið lán til greiðslu annarra lána sé slíkt talið heppilegt. Sams konar heimild er nú veitt stjórn Landsvirkjunar til breytingar lána.

Að undanförnu hafa kjör á lánsfjármörkuðum þróast þannig að hagstæðast virðist að taka lán til tiltölulega skamms tíma. Þessum lánum þarf síðan að breyta í langtímalán verði þróun á lánamörkuðum slík að vextir af lánum til langs tíma sýnast hagstæðari. 2. mgr. greinarinnar er ætlað að skapa svigrúm til að nýta hagstæðustu lánamöguleika hverju sinni.

Opinber öflun lánsfjár og ráðstöfun þess á lánsfjáráætlun
Í m.kr.

	Bráðabirgðatölur 1979	Lánsfjáráætlun 1980
1. Innlend lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda		
1.1. Útgáfa spariskírteina og happdrættisbréfa	6 500	7 000
1.2. Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé umfram innlausn	555	6 738
1.3. Verðbréfakaup bankakerfis	—	3 900
1.4. Verðbréfakaup til lífeyrissjóða	—	6 000
1.5. Annað lánsfé	1 004	—
Samtals	8 059	23 638
2. Innlend lánsfjáröflun fjárfestingarsjóða		
2.1. Verðbréfakaup lífeyrissjóða	12 372	15 464
2.2. Lán Atvinnuleysistryggingasjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins	1 784	2 236
2.3. Lán bankakerfis til Framkvæmdasjóðs	2 131	2 800
2.4. Skyldusparnaður til Byggingarsjóðs	5 896	8 500
2.5. Annað lánsfé	41	—
Samtals	22 224	29 000
Innlend lánsfjáröflun, alls	30 283	52 638
3. Erlend lán		
3.1. Erlend lán til opinberra framkvæmda	30 105	49 795[1])
3.2. Erlend lán til fjárfestingarlánasjóða	5 749	5 525[1])
Samtals	35 854	55 320
Lánsfjáröflun = Ráðstöfun lánsfjár	66 137	107 958
4. Opinberar framkvæmdir		
1.1. Framkvæmdir á A-hluta fjárlaga	5 710	12 058
1.2. Framkvæmdir á B-hluta fjárlaga	16 790	21 827[1])
1.3. Landsvirkjun	9 985	28 691
1.4. Orkubú Vestfjarða	—	1 517
1.5. Þörungavinnslan	—	240
1.6. Hitaveitur sveitarfélaga	4 372	6 400
1.7. Aðrar opinberar framkvæmdir	1 307	1 600
Samtals	38 164	72 333
5. Fjárfestingarlánasjóðir		
2.1. Framkvæmdasjóður	13 161	15 625[1])
2.2. Byggingarsjóður ríkisins	11 800	18 036
2.3. Aðrir sjóðir	3 012	1 964[1 2])
Samtals	27 973	35 625

1) Færslur fjármagns milli aðila eru hér ekki meðtaldar en um víxl milli lánsfjáröflunar og ráðstöfunar á vegum aðila vísast til skýringa í texta fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1980.

2) Byggðasjóður 1 500 m.kr og Stofnlánadeild landbúnaðarins 464 m.kr.

Sþ. 410. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980

(Lögð fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 3. maí 1980.)

I

Inngangur

Í lögum nr. 13 10. apríl 1979 um stjórn efnahagsmála segir, að leggja skuli fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlanir fyrir eitt ár í senn og skuli þær fylgja fjárlagafrumvarpi. Þá segir þar ennfremur, að með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun skuli lagt fram frumvarp til laga um lántöku- og ábyrgðarheimildir og aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til fjáröflunar vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða, að því marki sem slík ákvæði eru ekki í frumvarpi til fjárlaga eða fjárlögum. Í samræmi við þetta er frumvarp til lánsfjárlaga fyrir árið 1980 lagt fyrir Alþingi samtímis þessari skýrslu.

Þingrofið í október 1979, alþingiskosningarnar í desember 1979 og hin langvinna stjórnarkreppa sem fylgdi í kjölfarið hafa á ýmsan hátt raskað eðlilegum gangi þingmála. Af þessum sökum var ekki kleift að leggja fjárfestingar- og lánsfjáráætlun í heild fyrir Alþingi samtímis fjárlagafrumvarpi, en sérstakt fylgiskjal með greinargerð um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir ríkisframkvæmdir á árinu 1980 var lagt fram fyrir þriðju umræðu um fjárlagafrumvarpið. Þessi skýrsla um áætlunina í heild fylgir nú svo fljótt á eftir samþykkt fjárlaga sem kostur hefur verið við þessar aðstæður.

Í lögunum um stjórn efnahagsmála eru ákvæði um viðfangsefni fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar. Þar segir, að í áætlunum þessum skuli meðal annars eftirtalin atriði koma fram:

1. Heildaráætlun um opinberar framkvæmdir og fjármögnun þeirra með framlögum á fjárlögum, eigin fjármögnun opinberra fyrirtækja og lánsfé, ennfremur um framkvæmdir annarra aðila.
2. Framlög til framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga.
3. Framlög til fjárfestingarlánasjóða.
4. Útlánaáætlanir fjárfestingarlánasjóða og fjármögnun þeirra.
5. Útlánareglur og lánskjör fjárfestingarlánasjóða.
6. Áætlun um erlendar lántökur opinberra aðila.

Þá skal gera grein fyrir þróun og horfum um fjárfestingu í einstökum atvinnuvegum, fyrir áætlunum um þróun peninga- og lánamála í heild og áætlun um erlendar lántökur í heild. Ennfremur skal setja fram mat á atvinnuástandi og atvinnuhorfum svo og mannaflaþörf og umsvifum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð sérstaklega. Þessum atriðum öllum verða hér gerð nokkur skil.

Allt frá árinu 1963 hafa verið samdar árlegar framkvæmda- og fjáröflunaráætlanir vegna þeirra ríkisframkvæmda sem fjármagnaðar eru af lánsfé. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 er hin fyrsta sem lögð er fyrir Alþingi eftir setningu lagaákvæða um gerð slíkra áætlana, en hún er í raun fimmta árlega heildaráætlunin um lánastarfsemi og fjárfestingarmál

sem lögð er fram á þingi. Lagasetningin 1979 um gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar var í veigamiklum atriðum staðfesting og formbinding á starfsvenju sem verið hefur í mótun um alllangt skeið; með henni er undirbúningur og þingmeðferð þessara mikilvægu mála settur í skipulegan farveg, fyrst og fremst til þess að Alþingi eigi þess betri kost að fjalla um fjárhagsmálefni hins opinbera og landsins alls á heildstæðan hátt.

Að þessu sinni hafa atvikin ráðið því að undirbúningstími hefur ekki verið svo rúmur sem skyldi og því ekki reynst unnt að fjalla samtímis um fjárlög og lánsfjáráætlun að öllu leyti og eins og æskilegast er. Betra færi mun gefast til undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981.

Áætlunin er samin á vegum ríkisstjórnarinnar og hafa Þjóðhagsstofnun, Fjárlaga- og hagsýslustofnun, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins í samvinnu við einstök ráðuneyti annast undirbúningsvinnu.

II

Markmið og þjóðhagshorfur

Markmið

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, 8. febrúar 1980, er mörkuð meginstefna í fjárfestingarmálum á þann hátt að heildarfjárfestingu á árunum 1980 og 1981 verði haldið innan þeirra marka sem ákvarðast af eftirspurn, viðskiptajöfnuði og atvinnuöryggi, og nemi fjárfestingin um fjórðungi af þjóðarframleiðslu. Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er. Áhersla skyldi lögð á framkvæmdir á sviði orkumála. Til þess að tryggja næga atvinnu og koma í veg fyrir ofþenslu á vinnumarkaði skal félagsmálaráðuneyti og Þjóðhagsstofnun falið að fylgjast náið með atvinnuástandi og horfum í öllum greinum atvinnulífs og opinberum framkvæmdum um land allt. Komi í ljós að hætta sé á atvinnuleysi eða ofþenslu í einhverri grein skal ríkisstjórninni gert aðvart, til þess að unnt verði í tæka tíð að gera nauðsynlegar ráðstafanir með ákvörðunum ríkisstjórnarinnar og samkomulagi við aðra aðila.

Verður nú farið nokkrum orðum um markmiðin í fjárfestingarmálum.

Þjóðarframleiðsla, fjárfesting og viðskiptajöfnuður

Þjóðhagsstofnun hefur lagt drög að nýrri þjóðhagsspá fyrir árið 1980 og er þeim horfum lýst nánar hér á eftir. Niðurstaða hinnar nýju þjóðhagsspár er, að þjóðarframleiðslan 1980 verði í heild um 1 230 milljarðar króna. Fjárfestingin í heild verður samkvæmt þessari áætlun 327 milljarðar króna. Hlutfall fjárfestingar af þjóðarframleiðslu er því rúmlega fjórðungur eða um 26½%. Ástæðan til þess að rétt þótti að fara lítið eitt fram úr fjórðungsmarkinu er fyrst og fremst hin brýna nauðsyn sem á því er að efla innlenda orkuframleiðslu og dreifingarkerfi, bæði rafveitna og hitaveitna.

Í þjóðhagsspánni felst að þjóðarframleiðsla aukist um 1½% á árinu 1980 en þjóðartekjur standi hins vegar í stað vegna rýrnandi viðskiptakjara.

Vöruskiptajöfnuður er talinn verða hallalaus og jafnvel með nokkrum afgangi en vegna mikils halla á þjónustujöfnuði er líklegt að um 16 milljarða króna halli verði á viðskiptajöfnuði í heild eða 1—1½% af þjóðarframleiðslu. Á undanförnum áratug hefur þjónustujöfnuðurinn yfirleitt verið hallalaus, þar til í fyrra að halli varð um 16,5 milljarðar króna. Þessi halli stafar fyrst og fremst af þrennu, mikilli hækkun vaxta af erlendum lánum, halla á samgöngureikningi, einkum vegna erfiðleika í flugrekstri, og auknum útgjöldum vegna ferðalaga erlendis. Á árinu 1980 eru allar horfur á að halli á þjónustujöfnuði verði ekki minni að raunverulegu verðgildi en á liðnu ári. Þessar horfur gera það að verkum að ekki er fært að auka framkvæmdir frekar en hér er ráðgert. Fari svo að viðskiptahalli ágerist kynni síðar á árinu að

reynast nauðsynlegt að draga úr framkvæmdum. Ríkisstjórnin mun vinna að því með öllum tiltækum ráðum að viðskiptahallinn fari minnkandi á næstu misserum.

Erlendar lántökur

Niðurstaða lánsfjáráætlunar er að erlendar skuldir þjóðarinnar muni aukast um 39 milljarða króna á árinu 1980. Erlendar lántökur verða í heild 85,5 milljarðar króna en endurgreiðslur eldri lána alls um 46 milljarðar króna. Samkvæmt áætlun Seðlabankans verður greiðslubyrði af erlendum skuldum á þessu ári væntanlega rúm 16% af útflutningstekjum. Greiðslubyrðin í þessum skilningi ræðst bæði af almennum lánskjörum og hæð vaxta á alþjóðalánamarkaði og útflutningstekjum. Vextir eru afar háir á lánamarkaði um þessar mundir og ætti að vera nokkur von til þess að þeir fari lækkandi á næstu árum. Útflutningshorfur á komandi árum virðast fremur vænlegar ef vel tekst til um hagnýtingu fiskstofna og eflingu orkuframleiðslu. Ástæða er því til að ætla að greiðslubyrði fari ekki hækkandi úr hófi fram á næstu árum, ef rétt er á haldið. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að greiðslubyrði á mælikvarða útflutningstekna er ekki alls kostar heppileg viðmiðun, þegar um er að ræða erlendar skuldir sem stofnað er til vegna framkvæmda er spara innflutning á eldsneyti. En um þessar mundir er einmitt miklu fé varið til slíkra framkvæmda eins og nánar er lýst hér á eftir.

Áhersla á orkuframkvæmdir

Áætlunin felur í sér verulega aukningu framkvæmda í orkumálum frá fyrra ári eða um rúmlega þriðjung. Framkvæmdir við rafvirkjanir og veitur aukast um 46% og ber þar hæst Hrauneyjafossvirkjun. Framkvæmdir við hitaveitur aukast um 17%. Í heild verður hlutfall orkuframkvæmda af þjóðarframleiðslu tæplega 6%, og er það með því allra mesta á síðustu áratugum. Á næstu árum skila þessar framkvæmdir sér í auknum útflutningstekjum og innflutningssparnaði.

Atvinnuástand

Skráð atvinnuleysi á fyrsta fjórðungi 1980 er um 0,4% af mannafla eða færri en 450 menn að meðaltali. Þetta eru lægstu atvinnuleysistölur í byrjun árs frá því heildarskráning hófst 1969.

Þjóðhagsstofnun hefur nýlega gert könnun á atvinnuástandi og horfum í byggingariðnaði. Niðurstöður hennar virðast í aðalatriðum þær, að í ársbyrjun 1980 muni atvinnuástand í byggingarstarfsemi hafa verið svipað og undanfarin ár en horfur taldar nokkuð óvissar, ekki síst vegna þess að ákvarðanir um opinberar framkvæmdir og starfsemi fjárfestingarlánasjóða lágu ekki fyrir.

Áætlunin, sem hér er fram lögð, felur í sér aukningu á umsvifum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð um 4—5% frá árinu 1979 en á því ári dróst þessi starfsemi líklega saman um 2—3%. Að þessu athuguðu og með samanburði við fyrri ár má telja að atvinnuástand verði gott á árinu 1980 í þessari grein og yfirleitt í landinu. Þetta er þó vitaskuld háð því að atvinnuvegirnir gangi snurðulaust.

Þjóðhagshorfur

Á fyrstu þremur mánuðum ársins 1980 var botnfiskaflinn rúmlega 40 þús. tonnum eða 23% meiri en á sama tíma í fyrra og var aukningin öll í þorskafla. Með tilliti til hins mikla afla á fyrsta fjórðungi ársins er útlit fyrir að þorskaflinn í ár verði meiri en á síðasta ári og verði um 380—400 þús. tonn, samanborið við tæplega 360 þús. tonn í fyrra. Þetta ræðst þó af þeim sóknartakmörkunum sem ákveðnar verða fyrir síðari hluta ársins. Loðnuaflinn á vetrarvertíð varð fjórðungi minni en í fyrra og mun minna var fryst af loðnu og loðnuhrognum. Gera má

ráð fyrir að annar afli verði svipaður í ár og í fyrra. Miðað við þessar forsendur gæti framleiðsla sjávarafurða á þessu ári orðið um 2% meiri en í fyrra.

Stækkun álverksmiðjunnar lýkur á þessu ári og við það eykst afkastageta hennar um 13%. Framkvæmdum við síðari áfanga járnblendiverksmiðjunnar lýkur einnig seint á árinu og eykst afkastagetan þá úr 25 þús. tonnum í 50 þús. tonn. Ef næg raforka fengist fyrir verksmiðjurnar yrði framleiðsla álverksmiðjunnar líklega um 7% meiri í ár en í fyrra og framleiðsla járnblendiverksmiðjunnar nær tvöfalt meiri. Að undanförnu hefur hins vegar reynst óhjákvæmilegt að draga úr orkusölu til þessara fyrirtækja vegna vatnsskorts og útlit er fyrir að í haust verði aftur nauðsynlegt að skammta rafmagn til þessara fyrirtækja og reyndar til fleiri stórra rafmagnsnotenda. Af þessum sökum eru horfur á að framleiðsla áls og járnblendis verði minni í ár en afkastageta verksmiðjanna leyfir. Önnur iðnaðarframleiðsla til útflutnings gæti aukist nokkuð á árinu. Að öllu samanlögðu virðist mega gera ráð fyrir a. m. k. 4% aukningu útflutningsframleiðslunnar í heild á árinu. Þetta er talsvert minni framleiðsluaukning en á síðasta ári en þá nam hún 13% enda jókst framleiðsla sjávarafurða þá um 14%.

Útflutningsverðlag hækkaði á síðasta ári um 8% í erlendri mynt miðað við árið á undan en undir lok ársins dró úr hækkuninni. Verðlag alls vöruinnflutnings hækkaði um 19% þannig að viðskiptakjörin rýrnuðu um 9% en um nær 12% að viðskiptum álverksmiðjunnar undanskildum. Viðskiptakjörin fóru versnandi eftir því sem á árið leið og á síðasta ársfjórðungi voru þau 7% lakari en ársmeðaltalið 1979 og 17% lakari en ársmeðaltalið 1978. Meginástæða þess að viðskiptakjörin versnuðu á sl. ári var hin gífurlega hækkun olíuverðs. Gengislækkun Bandaríkjadollars átti og nokkurn þátt í rýrnun viðskiptakjaranna í fyrra, en síðustu vikurnar hefur gengi dollars styrkst á ný og hefur það hagstæð áhrif á viðskiptakjörin í ár ef ekki verður breyting á síðar á árinu. Olíuverð á Rotterdammarkaði hefur lækkað talsvert undanfarna mánuði en var þó enn fyrri hluta aprílmánaðar 10—20% hærra en meðalinnflutningsverð ársins í fyrra eins og það kemur fram í verslunarskýrslum. Sé gert ráð fyrir að innflutningsverð á olíu verði á síðari hluta ársins líkt og verð á Rotterdammarkaði um miðjan apríl lætur nærri að innflutningsverð olíu á þessu ári verði að meðaltali um 25% hærra í erlendri mynt en í fyrra. Í þessum efnum er þó engin spá trygg. Annað innflutningsverð er talið munu hækka heldur meira en í fyrra, eða um 10% í erlendri mynt. Útflutningsverðlag hækkar aftur á móti að líkindum líkt og á liðnu ári, eða um 8% í erlendri mynt. Á þessum forsendum verða viðskiptakjörin í ár um 5% lakari en á síðasta ári en þó heldur betri en þau voru á síðasta fjórðungi ársins 1979. Þessi spá um viðskiptakjör er óviss og reist á nokkurri bjartsýni.

Samkvæmt fjárfestingaráætlun fyrir árið 1980, sem nánar er gerð grein fyrir í sérstökum kafla hér á eftir, verður fjármunamyndunin 6,8% meiri að raungildi í ár en í fyrra. Þetta jafngildir tæplega 2% aukningu þjóðarútgjalda í heild. Í þjóðhagsspá er gert ráð fyrir 1—2% samdrætti í einkaneysluútgjöldum á árinu 1980. Samkvæmt fjárlögum fela ríkisútgjöld í sér nokkra aukningu samneyslu í ár en fátt er enn vitað um útgjaldafyrirætlanir sveitarfélaga. Að svo stöddu verður gert ráð fyrir 2% aukningu samneyslunnar í heild á árinu.

Niðurstaðan af ofangreindum spám um fjárfestingu og neyslu er sú, að þjóðarútgjöld aukist um 1% eða svipað og á síðastliðnu ári.

Á árinu 1979 var vöruskiptajöfnuðurinn við útlönd jákvæður um 9,4 milljarða króna. Miðað við forsendur þjóðhagsspárinnar um útflutningsframleiðslu og þjóðarútgjöld, sem að mestu ráða innflutningi, má búast við að vöruskiptajöfnuðurinn verði jákvæður um 15 milljarða króna á verðlagi ársins 1979 en aðeins um 7 milljarða króna á verðlagi ársins 1980 vegna meiri verðhækkunar innflutnings en útflutnings. Þjónustujöfnuðurinn var í fyrra neikvæður um 16,5 milljarða króna og vegna mikillar hækkunar á vaxtagreiðslum eru ekki horfur á að hann batni í ár. Þannig er útlit fyrir um 16 milljarða króna halla á viðskiptajöfnuði á verðlagi ársins eða 1,3% af þjóðarframleiðslu samanborið við 0,9% halla í fyrra.

Niðurstaða þjóðhagsspár verður sú, að þjóðarframleiðsla vaxi um 1 ½% í ár eða um ½%

á mann en vegna versnandi viðskiptakjara muni þjóðartekjur í heild standa í stað og reyndar minnka um 1% á mann. Verði sjávarafli meiri en hér er reiknað með og komi ekki til frekari rafmagnsskömmtunar til stóriðju í haust gæti þjóðarframleiðsluaukningin orðið nær 2%. Meiri takmarkanir á afla og minni framleiðsla stóriðjufyrirtækjanna en hér er gert ráð fyrir gæti aftur á móti falið í sér að þjóðarframleiðsluaukningin yrði nær 1%.

Þjóðhagsspá 1980

Bráðabirgðatölur 1979 á verðlagi þess árs — spá fyrir árið 1980 á fjárlagaverðlagi

	Milljarðar króna		Magnbreytingar frá fyrra ári	
	Bráðab. 1979	Spá 1980	1979[2])	1980[3])
			%	%
Einkaneysla	531,6	769,9	2,0	−1,5
Samneysla	100,6	147,8	2,0	2,0
Fjármunamyndun	212,9	327,3	−1,6	6,8
Birgða- og bústofnsbreytingar	3,1	3,0	·	·
Þjóðarútgjöld	848,3	1 248,0	1,1	1,0
Útflutningur vöru og þjónustu	385,6	561,0	5,5	5,3
Innflutningur vöru og þjónustu	392,8	577,0	3,1	3,7
Viðskiptajöfnuður	−7,2	−16,0	·	·
Verg þjóðarframleiðsla	841,0	1 232,0	2,3	1,5
Viðskiptakjaraáhrif[1])	·	·	−4,0	−1,5
Vergar þjóðartekjur	·	·	−1,7	0,0

1) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.
2) Á verðlagi ársins 1969.
3) Á verðlagi ársins 1979.

Forsendur fjárlaga um kauplags- og verðlagsbreytingar voru þær að kauptaxtar hækkuðu um 42% að meðaltali milli áranna 1979 og 1980, vísitala byggingarkostnaðar um 45% og neysluverðlag um 47%. Þessar forsendur voru reistar á áætlun fyrir fyrri hluta ársins og markmiðum niðurtalningarstefnu ríkisstjórnarinnar um hækkanir á síðari hluta ársins. Þetta fól í sér að hækkunin frá upphafi til loka árs 1980 yrði rúmlega 30%. Hins vegar er nú sýnt að verðlag hækkar meira á fyrri hluta ársins en gert var ráð fyrir við gerð fjárlagafrumvarps. Nú er áætlað að hækkun framfærsluvísitölu frá febrúar til maí verði vart undir 12—13% og að óbreyttu verðbótakerfi gætu laun hækkað um 11—11½% 1. júní en í fjárlagaforsendu var gert ráð fyrir 8% hækkun. Markmið ríkisstjórnarinnar er að halda verðbreytingum innan við 7% frá maí til ágúst og 5% frá ágúst til nóvember. Takist þetta verður verðhækkun frá upphafi til loka árs innan við 40%, en meðalhækkun verðlags milli ára 1979 og 1980 væntanlega nálægt 50% vegna mikillar verðhækkunar á síðari hluta árs í fyrra.

Hinar miklu verðhækkanir að undanförnu gera það að verkum að nú er ákaflega brýnt að beita öllum tiltækum ráðum til þess að hamla gegn verðbólgu á síðari hluta ársins. Í þessu sambandi er ákaflega mikilvægt að fjárhæðir fjárveitinga og lánveitinga til framkvæmda verði ekki rýmkaðar vegna þessara verðlagshækkana og þess vegna er fjárfestingar- og lánsfjáráætlun þessi í aðalatriðum miðuð við verðlagsforsendur fjárlaga óbreyttar. Ástæðan er einnig sú, að svo mikil tengsl eru milli fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar að óhjákvæmilegt er að hvort tveggja sé á sama verðlagi. Þetta tryggir rétta samsvörun milli fjárlaga og lánsfjáráætlunar og auðveldar heildaryfirsýn yfir stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í opinber-

um fjármálum og lánsfjármálum. Á hinn bóginn eru verðlagsforsendurnar ein af meginviðmiðunum í peningamálum, sem ráðið er til lykta innan ársins, og nauðsynlegt að við ákvörðun þeirra sé tekið nokkurt tillit til breyttra verðlagshorfa. Er sérstaklega um þetta fjallað í kaflanum um peningamál hér á eftir.

Þjóðhagsspáin, sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin er tengd og grein er gerð fyrir hér, er einnig reist á sömu verðlagsforsendum og fjárlögin og eru því fjárhæðir á verðlagi ársins ef til vill nokkuð vanmetnar. Þetta ætti þó ekki að hafa veruleg áhrif á raunstærðirnar í þessu mati á þjóðhagshorfum fyrir árið 1980.

III

Opinberar framkvæmdir

Heildarframkvæmdir á vegum hins opinbera námu á árinu 1979 um 72 000 m. kr. Áætlaðar framkvæmdir 1980 nema 126 587 m. kr. en það felur í sér um 21,3% magnaukningu frá fyrra ári, og er þá miðað við 45% meðalhækkun framkvæmdakostnaðar milli áranna 1979 og 1980. Nánari sundurliðun er sýnd í töflu 1—5 í töfluviðauka.

Auk fjármögnunar á opinberum framkvæmdum er þörf fjármagns til skuldagreiðslna og annarra viðfangsefna. Í töflum hér að neðan er sýnd heildarfjárþörf og fjáröflun. Í töflum 1—5 er að finna frekari sundurliðun framkvæmda og fjármögnunar.

	Áætlaðar framkvæmdir	Skulda-greiðslur	Önnur láns-fjárþörf	Samtals
Fjárþörf (í m. kr.)				
1. Raforkuver og rafveitur	49 715	5 190	–	54 905
2. Hita- og vatnsveitur	22 775	–	–	22 775
3. Samgöngumannvirki	33 507	134	–	33 641
4. Byggingar hins opinbera	20 590	–	–	20 590
5. Annað	–	–	5 695	5 695
Samtals	126 587	5 324	5 695	137 606

	Fjárveiting á fjárlögum	Fjáröflun sveitarfélaga og fyrirtækja	Lánsfjár-áætlun 1980	Samtals
Fjáröflun (í m. kr.)				
1. Raforkuver og rafveitur	–	5 883	49 022	54 905
2. Hita- og vatnsveitur	105	14 895	7 775	22 775
3. Samgöngumannvirki	8 920	13 680	11 041	33 641
4. Byggingar hins opinbera	12 483	7 807	300	20 590
5. Annað	–	–	5 695	5 695
Samtals	21 508	42 265	73 833	137 606

Fjáröflun

Samkvæmt yfirlitinu hér að framan þarf að afla lánsfjár að upphæð 73 833 m. kr. vegna opinberra framkvæmda. Fjárhæðin er sundurliðuð á einstök verkefni í töflu 6 í viðauka og einnig hér að aftan. Þar kemur fram að til ríkisframkvæmda eru lántökuáform að fjárhæð 35 385 m. kr., þar af til A-hluta 12 058 m. kr. og til B-hluta 23 327 m. kr., og er lánsfjáröflun til Byggðasjóðs þá meðtalin. Þá er gert ráð fyrir lántökum fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs að fjárhæð 30 448 m. kr. og bæjar- og sveitarfélaga að upphæð 8 000 m. kr.

Í fjárlögum fyrir 1980 var gert ráð fyrir ráðstöfun lánsfjár til A-hluta að upphæð 11 658 m. kr. en sú fjárhæð hækkar um 400 m. kr. vegna vegalagningar á Norðausturlandi (hafísvegar), en ákvörðun um þá vegalagningu var tekin í kjölfar harðinda sem þar urðu á sl. vori. Þá var í fjárlögum gert ráð fyrir ráðstöfun lánsfjár til B-hluta að fjárhæð 25 339 m. kr. og er það nokkru hærri fjárhæð en fyrirhugaðar lántökur samkvæmt framansögðu, enda er dregið úr greiðslum til ýmissa framkvæmda á árinu 1980 eins og yfirlitið hér að neðan ber með sér.

Af 35 385 m. kr. fjárþörf til ríkisframkvæmda er áætlað að 23 638 m. kr. verði aflað innanlands auk 400 m.kr. lánsfjár sem Framkvæmdasjóður hefur milligöngu um útvegun á, en fénu mun ráðstafað til vegagerðar á Norðausturlandi. Erlendar lántökur nema alls 11 347 m.kr. Fjáröflunin innanlands er ráðgerð með fernu móti. Innheimta af endurlánuðu spariskírteinafé er áætluð 9 638 m. kr. en endurgreiðsla eldri spariskírteina 2 900 m. kr. þannig að þar er um að ræða 6 738 m. kr. nettóinnstreymi. Útgáfa spariskírteina er áætluð 7 000 m. kr. Verðbréfakaup innlánsstofnana er áætluð 3 900 m. kr. og gert er ráð fyrir að fé frá lífeyrissjóðum til fjármögnunar á ríkisframkvæmdum nemi 6 000 m. kr.

Ríkisstjórnin leitar heimildar til lántöku erlendis að fjárhæð 11 347 m. kr. með sérstöku frumvarpi til lánsfjárlaga sem lagt er fyrir Alþingi með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980. Í 6. gr. fjárlaga var veitt heimild til 2 800 m. kr. verðbréfaútgáfu en með 3. gr. laga nr. 6/1980 er heimiluð útgáfa ríkisskuldabréfa eða spariskírteina að fjárhæð allt að 5 600 m. kr. Samkvæmt frumvarpinu er því leitað heimildar til lántöku að upphæð 8 900 m. kr.

Auk þeirrar opinberu fjáröflunar sem þegar er getið mun aflað heimildar til erlendrar lántöku til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs. Alls nemur þessi fjáröflun 30 448 m. kr. en þar af renna 28 691 m. kr. til Landsvirkjunar. Að síðustu er þess að geta að áformað er að leita heimildar til erlendrar lántöku fyrir bæjar- og sveitarfélög alls að fjárhæð 8 000 m. kr. Þar af renna 6 400 m. kr. til hitaveituframkvæmda og 1 100 m. kr. til raforkuöflunar í Svartsengi og 500 m. kr. til ýmissa verkefna.

Ráðstöfun lánsfjár

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leita ekki heimildar til erlendrar lántöku á árinu 1980 í jafnríkum mæli og samþykkt framkvæmdaáform ýmissa B-hluta fyrirtækja ríkissjóðs miðast við. Í þessu felst nokkur frestun framkvæmda. Í eftirfarandi yfirliti er sýnd lánsfjáröflun til stofnana og fyrirtækja ríkisins miðað við fjárfestingaráætlanir, auk þess sem sýnd er áætluð afgreiðsla fjármagns til hlutaðeigandi aðila. Í mörgum tilvikum er það falið fagráðuneytum og fyrirtækjum að gera tillögur um hagkvæmasta ráðstöfun þess lánsfjár sem til afgreiðslu er á árinu 1980. Að neðan er sýnt yfirlit um einstaka liði og greinargerð um hvern lið fyrir sig.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga 1980

Í m. kr.

	Lánsfjáráætlun 1980	
	Áætlun	Afgreitt 1980
1. A-hluti fjárlaga		
Þjóðarbókhlaða	300	300
Vegagerð	8 300	8 300
Hafísvegur	400	400
Landshafnir	125	125
Hafnargerð við Grundartanga	100	100
Landsvirkjun, eiginfjárframlag	263	263
Járnblendifélag, hlutafjárframlag	195	195
RARIK vegna félagslegra framkvæmda	600	600
Þróunaraðstoð, Cabo Verde	230	230
Laxastigi í Laxá	45	45
Krafla, fjármagnsútgjöld	1 500	1 500
Samtals	12 058	12 058

	Lánsfjáráætlun 1980	
	Áætlun	Afgreitt 1980
2. B-hluti fjárlaga		
Byggðasjóður	1 500	1 500
Bjargráðasjóður	1 500	1 500
Lánasjóður ísl. námsmanna	1 200	1 200
Ríkisútvarp	300	270
Flugmálastjórn	400	360
Skipaútgerð ríkisins	200	180
RARIK, almennar framkvæmdir	4 726	4 253
Byggðalínur	5 579	5 021
Kröfluvirkjun	1 750	1 575
Jarðvarmaveitur ríkisins	500	500
Virkjunarrannsóknir	500	450
Orkusjóður:		
vegna styrkingar dreifikerfa	1 086	978
vegna sveitarafvæðingar	415	373
vegna einkarafstöðva	40	36
vegna byggðalína	3 090	3 090
vegna hitaveitulána	500	450
vegna jarðhitaleitar	150	135
Áburðarverksmiðja	650	600
Póstur og sími:		
vegna jarðstöðvar	400	400
vegna vörukaupalána	469	422
Endurlán vegna Grundartangahafnar	34	34
Samtals	24 989	23 327
Samtals A- og B-hluti	37 047	35 385
3. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs		
Landsvirkjun	28 691	28 691
Orkubú Vestfjarða vegna raforkuframkvæmda	1 092	1 092
Orkubú Vestfjarða vegna fjarvarmaveitna	425	425
Þörungavinnsla	240	240
Samtals	30 448	30 448
4. Bæjar og sveitarfélög		
Hitaveitur	6 400	6 400
Hitaveita Suðurnesja vegna raforkuframkvæmda	1 100	1 100
Önnur lánsfjáröflun	500	500
Samtals	8 000	8 000
Alls (1+2+3+4)	75 495	73 833

A-hluti fjárlaga

Þjóðarbókhlaða. Gert er ráð fyrir 300 m. kr. lántöku til áframhaldandi byggingarframkvæmda við Þjóðarbókhlöðu og er það 100 m. kr. hærri fjárhæð en var í lánsfjáráætlun 1979. Fjárveiting 1979, sem var ekki að fullu nýtt á því ári, ásamt fyrrgreindri fjárhæð eiga að tryggja eðlilegan framkvæmdahraða á árinu 1980.

Vegagerð. Heildarútgjöld til vegamála nema alls 23 975 m. kr. Útgjöldin eru fjármögnuð með mörkuðum tekjustofnum að upphæð 14 675 m. kr. samkvæmt tekjuáætlun fjárlaga fyrir 1980. Að auki er áætluð lántaka að upphæð 8 300 m. kr. og að framlag úr ríkissjóði nemi

1 000 m. kr. Auk þessa mun verða tekið lán hjá Framkvæmdasjóði, 400 m. kr. til vegagerðar á N-Austurlandi, í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar þar að lútandi.

Landshafnir. Samtals er gert ráð fyrir 125 m. kr. lánsfjáröflun til framkvæmda við landshafnir. Fjármagnið skiptist þannig að 100 m. kr. renna til áframhaldandi framkvæmda við landshöfnina í Keflavík—Njarðvík til að bæta viðleguaðstöðu og 25 m. kr. til hafnargerðar á Rifi á Snæfellsnesi.

Hafnargerð við Grundartanga. Framkvæmdum við Grundartangahöfn er nú að mestu lokið. Lokafrágangur við höfnina á árinu 1979 fór að nokkru fram úr kostnaðaráætlun og er áformað að afla lánsfjár alls 134 m. kr. til lúkningar framkvæmda og uppgjörs skulda. Kostnaður við hafnargerðina skiptist í sömu hlutföllum og gildir um almenna hafnargerð, þ. e. 75% ríki og 25% sveitarfélög. Eftirstöðvar af kostnaðarhluta ríkissjóðs eru 100 m. kr. og hlutur sveitarfélaga 34 m. kr., sem kemur fram í yfirliti um lánsfjáröflun til B-hluta.

Landsvirkjun. Fyrirhugað er að afla 263 m. kr. lánsfjár til að inna af hendi 2. framlag af 5 til Landsvirkjunar vegna aukningar eiginfjár fyrirtækisins.

Járnblendifélagið, hlutafjárframlag. Á árinu 1979 var ákveðið að fresta greiðslu á samningsbundnu hlutafjárframlagi ríkissjóðs vegna 1979 til ársins 1980. Er nú ráðgert að afla 195 m. kr. lánsfjár til að inna af hendi lokaframlag hlutafjárins.

RARIK, vegna félagslegra framkvæmda. Í A-hluta fjárlaga er gert ráð fyrir 1 000 m. kr. framlagi til RARIK vegna félagslegra framkvæmda. Áformað er að 600 m. kr. þessarar fjárhæðar verði fjármagnað með lántökum.

Þróunaraðstoð við Cabo Verde. Snemma á árinu 1980 var ákveðið að einn liður í aðstoð Íslands við eyríkið Cabo Verde væri kaup á hentugu fiskiskipi og leiðbeiningarstarf í fiskveiðum. Útgjöld vegna þessa eru alls áætluð 280 m. kr. á árinu 1980. Áformað er að ríkissjóður yfirtaki lán að upphæð 230 m. kr. vegna kaupa á skipi.

Laxastigi í Laxá. Lántaka að fjárhæð 45 m. kr. er til að ljúka framkvæmd við laxastigann en á lánsfjáráætlun 1979 nam hliðstæð fjáröflun 60 m. kr.

Krafla. Fjármagnsútgjöld, þ. e. afborganir og vextir vegna Kröfluvirkjunar, eru áætluð 3 900 m. kr. á árinu 1980. Gert er ráð fyrir að 1 500 m. kr. af þeirri fjárhæð verði lánsfjármagnaðar.

B-hluti fjárlaga

Byggðasjóður. Ráðgerð lánsfjáröflun til Byggðasjóðs er alls 1 500 m. kr., fjárveiting til sjóðsins nemur 2 635 m. kr. og eigið fé sjóðsins 783 m. kr. Ráðstöfunarfé sjóðsins er því alls 4 918 m. kr.

Bjargráðasjóður. Ríkisstjórnin ákvað að Bjargráðasjóður aðstoðaði bændur og aðra sem urðu fyrir búsifjum vegna vorharðinda á N-Austurlandi. Til þess að gera þetta kleift er áformað að afla sjóðnum lántökuheimildar að fjárhæð 1 500 m. kr., en fjárins verður aflað hjá innlendum lánastofnunum.

Lánasjóður íslenskra námsmanna. Á árinu 1979 var LÍN veitt heimild til 1 100 m. kr. lántöku til þess að inna af hendi greiðsluskuldbindingar. Fyrirhugað er að afla 1 200 m. kr. lánsfjár á árinu 1980 til þess að sjóðurinn geti uppfyllt gildandi reglur um lánveitingar allt að

85% umframfjárþarfar lántakenda. Ef ekki reynist unnt að standa við fyrrgreind skilyrði um lánveitingar er sá varnagli í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins að heimiluð er lántaka vegna sjóðsins að upphæð 500 m. kr., auk þeirra 1 200 m. kr. sem fyrr er getið. Sjóðnum er ætlað að taka umrætt lán og annast skil vaxta og afborgana. Þar sem útlán sjóðsins hafa verið verðtryggð er gert ráð fyrir að eiginfjárstaða sjóðsins styrkist í framtíðinni og geri sjóðnum kleift að standa undir auknum lántökum. Brýnt er að fjárhagsstaða sjóðsins verði metin, meðal annars m. t. t. skynsamlegra lántökuáforma og endurgreiðslugetu.

Ríkisútvarpið. Í lögum nr. 20/1979 um heimild til lántöku, ríkisábyrgðir o. fl. var veitt heimild til innlendrar eða erlendrar lántöku að fjárhæð 300 m. kr. til að greiða framkvæmdakostnað við dreifikerfi sjónvarps á árinu 1979. Í fjárlögum fyrir 1980 var ráðgerð lánsfjáröflun að fjárhæð 300 m. kr. til áframhaldandi framkvæmda við uppbyggingu dreifikerfisins. Miðað er við að 270 m. kr. af lánsfé komi til útgreiðslu 1980.

Skipaútgerð ríkisins. Í fjárlögum 1980 er fyrirhuguð lántaka að upphæð 200 m. kr. vegna smíði á vöruskemmu í Reykjavík. Útgreiðsla lánsfjárins nemur eigi hærri fjárhæð en 180 m. kr.

Flugmálastjórn. Gert ráð fyrir í fjárlögum að til framkvæmda í flugmálum renni 1 450 m. kr. Áætlað er að tekjur af flugvallagjaldi nemi 1 050 m. kr. á árinu 1980. Ennfremur var gert ráð fyrir 200 m. kr. lántöku vegna vörukaupa og lántöku að upphæð 200 m. kr. sem yrði varið til malbikunar flugbrauta. Á árinu koma þá einungis 380 m. kr. af lánsfjáröfluninni komi til útgreiðslu.

RARIK, almennar framkvæmdir. Áformaðar framkvæmdir á vegum RARIK eru sem hér segir:

Virkjanir, stofnlínur og aðveitustöðvar	2 579 m. kr.
Innanbæjarkerfi	1 830 m. kr.
Dísilvélar, vélar og tæki og aðstöðusköpun	517 m. kr.
Samtals	4 926 m. kr.

Fjármögnun þessara framkvæmda er tvíþætt. Annars vegar eru tekjur af heimtaugargjöldum 200 m. kr. og hins vegar lántaka. Afgreiðsla lánsfjár á árinu 1980 nemur eigi hærri fjárhæð en 4 253 m. kr.

Byggðalínur. Ráðgerð var 5 579 m. kr. lántaka í fjárlögum vegna byggðalína en til afgreiðslu á árinu koma 5 021 m. kr. Meginverkefni ársins 1980 er lokaáfangi við byggingu Vesturlínu. Áformað er að orkuveitusvæði Mjólkárvirkjunar tengist aðalorkuveitusvæði landsmanna haustið 1980. Önnur byggðalínuverkefni eru frágangur á Norðurlínu og búnaður vegna tengingar Austurlínu á Akureyri, auk þess sem hafinn verður undirbúningur að lagningu Suðausturlínu til Hornafjarðar.

Kröfluvirkjun. Lánsfé vegna Kröfluvirkjunar var áætlað 1 750 m. kr. í fjárlögum en til afgreiðslu koma 1 575 m. kr. Verður fénu varið til gæslu virkjunarinnar, auk borunar tveggja hola í suðurhlíðum Kröflu og nauðsynlegra tenginga. Áætlanir um orkuöflun og virkjunarframkvæmdir eru nú til ítarlegrar endurskoðunar.

Jarðboranir ríkisins. Áformað er að afla 500 m. kr. lánsfjár til borunar einnar holu í Bjarnarflagi og nauðsynlegra tenginga.

Virkjunarrannsóknir. Á vegum Orkustofnunar standa nú yfir umfangsmiklar rannsóknir á virkjunarkostum landsmanna. Til þessa hafa rannsóknir á vegum Orkustofnunar verið fjármagnaðar með fjárveitingu í fjárlögum. Nú er áformað að sveigja fjármögnun þessa þáttar í þá veru að framvegis verði litið á fjármögnun rannsókna helstu virkjunarkosta sem afturkræft fé. Áætluð var í fjárlögum 500 m. kr. lántaka í þessu skyni til ráðstöfunar að meginhluta til á Austurlandi í samráði við iðnaðar- og fjármálaráðherra og Orkustofnun. Tilhögun endurgreiðslu af hálfu orkuframleiðslufyrirtækja og/eða ríkissjóðs verður ákveðin síðar. Til afgreiðslu á árinu 1980 koma þó einungis 450 m. kr.

Orkusjóður, vegna dreifikerfa í sveitum. Til styrkingar dreifikerfa í sveitum var áformað að verja alls 1 086 m. kr. samkvæmt fjárlögum og verða framkvæmdir á vegum RARIK. Verkefni þetta er fjármagnað með lánsfé en 978 m. kr. af lánsfjáröfluninni koma til afgreiðslu 1980.

Orkusjóður, vegna sveitarafvæðingar. Áætluð var 415 m. kr. lántaka í fjárlögum vegna sveitarafvæðingar, þar af verða afgreiddar 373 m. kr. á árinu. Fjárins er aflað til viðbótarframkvæmda við eldri veitur. Rafvæðingaráætlun um tengingu býla í allt að 3 km fjarlægð frá aðaldreifikerfi mun sem næst lokið. Verkefni, sem leyst verða með lánsfjáröflun ársins 1980, eru annars vegar viðbætur við eldri veitur, þ. e. tenging nýrra notenda á svæðum sem þegar eru rafvædd, og hins vegar tenging býla sem eru í sem svarar 4 km fjarlægð frá samveitu.

Orkusjóður, vegna einkarafstöðva í sveitum. Raunhæf lausn raforkumála býla sem eru afskekkt er í mörgum tilfellum bygging smárra vatnsaflstöðva eða uppsetning dísilstöðva. Orkuráð ákveður lánveitingar til einkarafstöðva og var áformuð lánsfjáröflun í fjárlögum til þessa verkefnis 40 m. kr., en 36 m. kr. koma til greiðslu 1980.

Orkusjóður, vegna byggðalína. Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 aflar ríkissjóður lánsfjár vegna fjármagnsútgjalda af byggðalínum. Lántaka Orkusjóðs vegna þessa er áætluð 3 090 m. kr.

Orkusjóður, vegna hitaveitulána. Framkvæmdir vegna hita- og fjarvarmaveitna eru fjármagnaðar með ýmsum hætti eins og skýrt er í töflu 2 í viðauka. Einn liður í þeirri fjármögnun er lánveiting úr Orkusjóði. Í því skyni var Orkusjóði ætlað lánsfjármagn í fjárlögum til endurlána alls 500 m. kr., en afgreiðsla þess fjármagns er bundin við 450 m. kr. 1980.

Orkusjóður, vegna jarðhitaleitar. Framlag úr A-hluta til Orkusjóðs vegna jarðhitaleitar nemur alls 600 m. kr. Áformað var að auka lánagetu sjóðsins með því að afla 150 m. kr. lánsfjár samkvæmt fjárlögum þannig að 750 m. kr. yrðu til ráðstöfunar til þessa verkefnis. Afgreiðsla lánsfjárins verður þó hæst 135 m. kr. 1980.

Áburðarverksmiðja ríkisins. Áformað var á fjárlögum að afla 500 m. kr. erlends lánsfjár til hafnarframkvæmda við Áburðarverksmiðjuna í Gufunesi, en 450 m. kr. komi til afgreiðslu 1980. Auk þess verður aflað 150 m. kr. til hönnunar og byrjunarframkvæmda við sýruverksmiðju.

Póstur og sími, vegna jarðstöðvar o. fl. Til framhaldsframkvæmda við jarðstöð og tengd mannvirki er áformað að afla 400 m. kr. lánsfjár vegna hluta póst- og símamálastofnunarinnar í heildarframkvæmdinni, en henni mun ljúka á árinu 1980.

Póstur og sími, vegna vörukaupalána. Á sama hátt og gert var í lánsfjáráætlun fyrir 1979 er áætlað fyrir vörukaupalánum Póst og síma í tengslum við ýmsar framkvæmdir. Nú er ákveðið að afgreiðsla lánsfjárins sé bundin hæst við 422 m. kr.

Endurlán vegna Grundartangahafnar. Eins og fram kemur í greinargerð um lánsfjáröflun A-hluta fjárlaga lýkur framkvæmdum við Grundartangahöfn á þessu ári. Ríkissjóður annast lánsfjáröflun vegna hluta sveitarfélaga við þessa hafnargerð og eru eftirstöðvarnar 34 m. kr.

Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs

Landsvirkjun. Framkvæmdir á vegum Landsvirkjunar eru áformaðar alls fyrir 31 067 m. kr. á árinu 1980. Verkhraði sá sem fyrirhugaður er á árinu 1980 er talin nauðsynlegur eigi virkjunin að geta hafið framleiðslu haustið 1981. Framkvæmdafjárhæðin skiptist þannig að 23 910 m. kr. renna til framhaldsframkvæmda við Hrauneyjafossvirkjun, 3 308 m. kr. renna til endurbóta og lokafrágangs við Sigölduvirkjun, rannsókna og vélakaupa, og 3 849 m. kr. eru til endurgreiðslu vaxta af framkvæmdalánum.

Fjármögnun framkvæmda Landsvirkjunar er þríþætt: Í fyrsta lagi erlendar lántökur alls 28 691 m. kr. Í öðru lagi 2 113 m. kr. úr rekstri, en þar af er 263 m. kr. aukið eiginfjárframlag Reykjavíkurborgar, og að lokum 263 m. kr. eiginfjárframlag ríkissjóðs.

Orkubú Vestfjarða. Sundurliðun á lánsfjármögnuðum framkvæmdum Orkubús Vestfjarða er að finna í töflu 9 í töfluviðauka.

Samtals eru ráðgerðar framkvæmdir fyrir 1 662 m. kr., þar af 1 162 m. kr. á sviði raforkuframkvæmda og 500 m. kr. vegna fjarvarmaveitna. Alls er áformað að afla 1 517 m. kr. lánsfjár en úr rekstri eru áætlaðar 145 m. kr. til framkvæmda.

Þörungavinnslan h. f. Vegna rekstrarörðugleika hjá Þörungavinnslunni að Reykhólum hafa safnast upp skuldir við lánastofnanir. Vegna þessa er nú áformað að heimila lántöku að fjárhæð 240 m. kr. til þess að létta á og standa í skilum við lánastofnanir.

Aðrar lánsfjármagnaðar opinberar framkvæmdir. Framkvæmdir við hita- og fjarvarmaveitur aðrar en á vegum Orkubús Vestfjarða, eru alls fyrirhugaðar fyrir um 19 875 m. kr. Þar af nemur erlend lánsfjáröflun 6 400 m. kr. en auk þess er að því stefnt að lánasjóður sveitarfélaga láni um 2 000 m. kr. til þessara framkvæmda og Orkusjóður um 425 m. kr. Úr rekstri aflast því um 11 050 m. kr. Lánveitingar eða ábyrgðir af ríkisins hálfu verða ekki veittar til einstakra hitaveitna fyrr en iðnaðarráðherra hefur veitt einkaleyfi til reksturs og skilyrðum orkulaga um einkaleyfisveitingu er fullnægt. Stærstu lánsfjármögnuðu verkefnin á árinu 1980 eru áframhaldandi framkvæmdir við Hitaveitu Akureyrar, 2 500 m. kr., og Hitaveita Akraness og Borgarness, 3 200 m. kr.

Erlend lántaka Hitaveitu Suðurnesja nemur alls 1 100 m. kr. og verður því fé varið til að kaupa og reisa gufuhverfil í Svartsengi til raforkuöflunar. Lántökur til ýmissa framkvæmda sveitarfélaga nema alls 500 m. kr., þar af rennur hluti til Vestmannaeyjakaupstaðar í samræmi við tillögu úttektarnefndar er fjallaði um fjárhagsvanda staðarins.

IV

Fjárfestingarlánasjóðir

Fjárfestingarlánasjóðir þeir sem greint er frá í þessari lánsfjáráætlun eru alls 18 að tölu, en þar af eru þó einungis 11 sem lánsfjár er aflað til samkvæmt áætluninni. Eru þetta sömu sjóðir og teknir hafa verið til meðferðar á lánsfjáráætlunum fyrri ára nema að nú bætist við nýr sjóður, Landflutningasjóður, sem stofnaður var með lögum nr. 62/1979.

Fjárfestingarlánasjóðunum er í áætlununum skipt í tvo aðalflokka, annars vegar íbúðalánasjóði (Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna) og hins vegar atvinnuvegasjóði. Er þá greint á milli þeirra sjóða er Framkvæmdasjóður lánar til og fáeinna annarra

atvinnuvegasjóða er ekki njóta að jafnaði sérstakrar fjármögnunar á lánsfjáráætlun. Ný útlán sjóðanna eru áætluð 57,5 milljarðar króna og er það 29,5% aukning frá lánveitingum 1979 er námu 44,4 milljörðum. Er þetta töluvert minni aukning en svarar áætluðum verðbreytingum svo að raungildi lánveitinga mun minnka að sama skapi. Þetta aðhald er nauðsynlegt vegna hinna miklu opinberu framkvæmda á árinu, einkum orkuframkvæmda. Lánveitingar íbúðalánasjóða eru áætlaðar 23,4 milljarðar kr. eða 40,7% af heildinni samanborið við 32,9% 1978 og 37,2% 1979. Kemur þessi hlutfallsaukning húsnæðislána fram við það, að íbúðalánasjóðir hafa aukið lánveitingar sínar umfram hækkun verðlags, einkum á síðasta ári, samhliða því að lánveitingar atvinnuvegasjóða hafa aukist minna en nemur hækkun verðlags. Gert er ráð fyrir að svo verði enn á þessu ári, einnig þótt skipasmíðalán fyrir milligöngu bankakerfisins væru tekin með í samanburðinn. Lánveitingar atvinnuvegasjóðanna eru áætlaðar 34,1 milljarður kr. eða um 59,3% af heildinni og hafa lækkað hlutfallslega úr 67% 1978.

Fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna, sem útlánastarfsemin byggist á, gerist sem kunnugt er með þrennum hætti, a) eigin fjármögnun af fé er leysist úr rekstri, b) framlögum frá hinu opinbera og skatttekjum eins og lög ákveða og c) aðfengnu lánsfé eins og ákveðið er á lánsfjáráætlun. Hluti lánsfjár samkvæmt lánsfjáráætlun í heildarútlánum fjárfestingarlánasjóða hefur verið all breytilegur undanfarin ár. Hann nam 48,2% árið 1978 en 59,7% árið 1979 og mun nema tæplega 62% árið 1980. Önnur fjármögnun sjóðanna er enn svo til eingöngu opinbert framlagsfé þar sem eigin fjármögnun og sjóðbreytingar skila til samans sáralitlu til nýrrar ráðstöfunar. Fjárfestingarlánasjóðirnir gegna afar þýðingarmiklu hlutverki í fjármögnun fjárfestingar hér á landi, ekki síst sökum þess hve almenn þátttaka áhættufjármagns í atvinnurekstri er hér óveruleg. Það hefur verið skoðun stjórnvalda á undanförnum árum, að óhjákvæmilegt væri að efla starfsemi sjóðanna og auka útlánagetu þeirra með útvegun lánsfjár þeim til handa samkvæmt lánsfjáráætlun. Jafnframt hefur nú að undanförnu verið lögð á það rík áhersla af stjórnvöldum, að sjóðirnir styrktu fjárhag sinn og þá jafnframt útlánagetu með raunsærri ávöxtun fjárins. Í þessum efnum hefur þegar náðst verulegur árangur þar eð verðtrygging nær nú til þorra nýrra útlána. Eldri óverðtryggð lánskjör vega þó enn þungt og veldur hin afar öra verðbólga mikilli skerðingu þess fjár. Samræming útlánakjara er hins vegar ekki komin á það stig sem að skal stefnt en verður til frekari umfjöllunar á þessu ári.

Eins og undanfarin ár eru lífeyrissjóðirnir veigamikil og vaxandi uppspretta fjár til lánveitinga til langs tíma. Á árinu 1979 námu lánveitingar þeirra til fjárfestingarlánasjóða 12,4 milljörðum króna. Á árinu 1980 er áætlað að lífeyrissjóðir láni fjárfestingarlánasjóðum 15,5 milljarða króna. Þetta jafngildir 31% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna sem er áætlað 50 milljarðar króna. Þá er jafnframt við það miðað að þeir verji nálægt 6 milljörðum króna af ráðstöfunarfé sínu til skuldabréfakaupa af ríkissjóði, og er það nýmæli. Skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af fjárfestingarlánasjóðunum 1980 skiptast þannig að Framkvæmdasjóður fær af því fé 7,7 milljarða króna og Byggingarsjóður ríkisins 7,3 milljarða króna og til Stofnlánadeildar landbúnaðarins ganga 464 m. kr. samkvæmt reglum.

Skyldusparnaðarfé, 8 500 m. kr., og lántaka hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, 2 236 m. kr., ganga eins og undanfarin ár til Byggingarsjóðs ríkisins. Með þeirri útvegun lánsfjár sem hér hefur verið nefnd á Byggingarsjóður ríkisins að geta fullnægt útlánaþörf sinni. Eru lán sjóðsins þá áætluð 22,3 milljarðar króna en það er 45,3% hækkun frá árinu 1979.

Gert er ráð fyrir að bankarnir láni til Framkvæmdasjóðs 4% af innlánsaukningu ársins 1980 eins og á liðnu ári. Viðskipti þessi milli Framkvæmdasjóðs og viðskiptabankanna hafa verið í föstum skorðum undanfarin 13 ár og allt fram til ársins 1978 var hér um að ræða 10% af innlánsaukningu bankanna. Á þennan veg taka bankarnir þátt í uppbyggingu atvinnuveganna með lánveitingum til langs tíma. Samkvæmt áætluninni mun Framkvæmdasjóður lána alls 18 050 m. kr. á árinu 1980, þar af 17 050 m. kr. til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna. Er

sú fjárhæð miðuð við að lágmarks útlánageta viðkomandi fjárfestingarlánasjóða sé tryggð. Til þess að ná því marki mun Framkvæmdasjóður þurfa að taka erlend lán er nemi 5 050 m. kr. en það er 1 100 m. kr. hærri fjárhæð en erlend lán sjóðsins á lánsfjáráætlun 1979. Þá er og um að ræða erlent lán til Byggðasjóðs, 1 500 m. kr., og er það lán tekið með í áætlun um lánsfjáröflun ríkissjóðs. Auk þessa, og alveg utan síns reglubundna starfssviðs, mun Framkvæmdasjóður annast útvegun 3 000 m. kr. láns til Framleiðsluráðs landbúnaðarins með ábyrgð ríkissjóðs og Byggðasjóðs.

Eins og áður þarfnast Fiskveiðasjóður lánsfjár langt umfram aðra lánasjóði atvinnuveganna. Valda því hin miklu skipakaup liðinna ára. Þó ber þess að geta að innlendar skipasmíðar hvers árs eru nú fjármagnaðar með beinum erlendum lánum meðan á smíði stendur en lánin verða síðan yfirtekin af Fiskveiðasjóði. Lánveiting til Fiskveiðasjóðs samkvæmt lánsfjáráætlun, 6 900 m. kr., skapar sjóðnum útlánagetu er nemur 10 300 m. kr. Af þeirri tölu eru þó um 3 200 m. kr. bundnar vegna áður gerðra skipakaupa, tækjakaupa og viðgerða. Eru þá eftir um 7 100 m. kr. til nýrra lána. Ætlunin er, að af þeirri fjárhæð verði 4 600 m. kr. varið til lánveitinga til vinnslustöðva fiskiðnaðarins, enda afar brýnt að lokið sé hið fyrsta uppbyggingu hraðfrystihúsanna, og fé sé fyrir hendi til nauðsynlegustu aðgerða er leiði til bættrar framleiðni í vinnslugreininni. Til samanburðar skal þess getið að útlán Fiskveiðasjóðs til fiskvinnslu 1979 námu 2 007 m. kr., auk svonefndra hagræðingarlána af gengismunarfé er til féll á því ári, 1 419 m. kr., eða alls 3 426 m. kr. Útlánageta til þessara þarfa eykst því um 34,2% milli ára en 129% ef hin sérstöku hagræðingarlán eru ekki talin með.

Samkvæmt áætluninni mun Iðnlánasjóður geta lánað 6 425 m. kr. en útlán sjóðsins 1979 námu 3 250 m. kr. Er hér því um að ræða hækkun milli ára er nemur 97,7%.

Þegar með eru talin lán Byggðasjóðs og annarra lánasjóða til fiskiðnaðar og iðnaðar má ætla að útlán fjárfestingarlánakerfisins í heild á árinu 1980 muni nema 6 325 m. kr. til fiskiðnaðar, sem er 19,7% hækkun frá fyrra ári, en 63,6% hækkun ef nefnd hagræðingarlán eru ekki talin með. Heildarlánveitingar til iðnaðar árið 1980 verða væntanlega um 9 940 m. kr. sem er 72,4% hækkun frá árinu 1979.

Loks skal þess getið að fjárútvegun til Lánasjóðs sveitarfélaga miðast við að sjóðurinn láni 2 435 m. kr. til framkvæmda við margar af hinum smærri hitaveitum í landinu.

Útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1980, sem ríkisstjórnin hefur fjallað um, gerir ráð fyrir 5 050 m. kr. erlendum lántökum til endurlána til atvinnuvegasjóðanna (eins og fram kemur í töflu 10 hér á eftir). Ríkisstjórnin hefur samþykkt þessa útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs með þeirri breytingu að hinni erlendu lántöku verði skotið á frest að hálfu leyti til fyrstu mánaða ársins 1981. Þessari frestun yrði síðan skipt niður á sjóðina eftir nánari ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins í samráði við ríkisstjórnina. Ástæðan fyrir þessari frestun er auðvitað sú þörf sem á því er að halda erlendum lántökum í heild í skefjum, ekki síst þegar lánakjör á alþjóðlegum lánamarkaði eru jafn þung og nú er, en einnig má á það benda að greiðslustaða fjárfestingalánakerfisins var betri í upphafi árs 1980 en verið hefur undanfarin ár.

Hér fer á eftir samandregið yfirlit yfir útlán og fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna árin 1978—1980 þar sem jafnframt eru sýndar hlutfallslegar breytingar frá næsta ári á undan. Er það unnið eftir upphaflegri áætlun án tillits til ofangreindrar frestunar, og gildir hið sama um aðrar tölur í þessum kafla.

Fjárfestingarlánasjóðir: Útlán og fjármögnun 1978—1980

	Í m.kr.			Breyting frá fyrra ári, %		
	Greiðslu-yfirlit 1978	Greiðslu-yfirlit 1979	Lánsfjár-áætlun 1980	Greiðslu-yfirlit 1978	Greiðslu-yfirlit 1979	Lánsfjár-áætlun 1980
Útlán (reglubundin)						
Fjárfestingarlánasjóðir, alls	**29 574**	**44 384**	**57 501**	**42,9**	**50,1**	**29,6**
Íbúðalánasjóðir	9 744	16 496	23 410	48,6	69,3	41,9
Þar af Byggingarsjóður ríkisins	9 100	15 317	22 254	46,3	68,3	45,3
Atvinnuvegasjóðir	19 830	27 888	34 091	40,3	40,6	22,2
Þar af Framkvæmdasjóður	6 241	12 566	18 050	−1,8	101,3	43,6
Byggðasjóður	2 764	4 074	4 935	29,6	47,4	21,1
Fjármögnun						
Fjárfestingarlánasjóðir, alls	**29 574**	**44 384**	**57 501**	**42,9**	**50,1**	**29,6**
Eigin fjármögnun, nettó[1]	1 904	756	561	.	.	.
Framlög og skatttekjur	12 956	17 136	21 390	50,8	32,3	24,8
Lántökur, brúttó	**14 714**	**26 492**	**35 550**	**37,1**	**80,0**	**34,2**
Lífeyrissjóðir	6 270	12 372	15 464	102,8	97,3	25,0
Bankakerfið	1 866	2 131	2 800	13,9	14,2	31,4
Skyldusparnaður, brúttó	4 123	5 896	8 500	70,3	43,0	44,2
Atvinnulueysistryggingasjóður	785	1 784	2 236	33,3	127,3	25,3
Önnur innlend lán	6	41	–	.	.	.
Erlend lán[2]	1 664	4 268	6 550	−44,2	156,5	53,5

[1]) Innstæðu- og sjóðsbreytingar og bráðabirgðalán, nettó, meðtalir.
[2]) Erlend lán sjóða 1978 og 1979 hafa verið lækkuð um 1 569 og 1 481 m.kr. vegna þess að endurlán þeirra tilheyra ekki reglubundinni lánastarfsemi sjóðanna.

V

Framlög ríkisins til fjárfestingarlánasjóða og framkvæmda atvinnuvega og einstaklinga

Auk fjármögnunar ýmissa framkvæmda sem getið er í kafla III og í töflum 1—5 í töfluviðauka veitir ríkissjóður umtalsverðu fjármagni til fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna, fjárfestingarlánasjóða sveitarfélaga og einstaklinga auk framlaga til íbúðarhúsabygginga. Samkvæmt 2. og 3. tölulið 15. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o. fl. skal í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun gera grein fyrir þessum atriðum.

Í eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting þessa fjár í þrjá meginflokka:

Framlög ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til atvinnuvega, byggingar íbúðarhúsnæðis og annarra, sem ekki koma fram í yfirlitum 1—5 í töfluviðauka

	1979	1980	Hlutfallsbr. milli ára
I Atvinnuvegir	**8 908**	**11 284**	**26,7**
Landbúnaður	3 623	5 114	
Fiskveiðar og fiskiðnaður	2 942	3 030	
Annar iðnaður	615	1 565	
Annað	1 728	1 575	
II Íbúðarhúsnæði	**6 986**	**7 585**	**8,6**
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	**4 078**	**4 976**	**22,0**
Alls	19 972	23 845	19,4

Framlög sem renna til atvinnuvega, annað hvort sem bein framlög ríkissjóðs eða sem framlög til atvinnuvegasjóða, nema alls 11 284 m. kr. skv. fjárlögum 1980, en það er um 26,7% hækkun frá fyrra ári.

Byggðasjóður lánar til margra atvinnugreina. Við skiptingu fjárveitingar til sjóðsins 1980 milli atvinnuvega og sveitarfélaga var sú regla notuð að miða við raunverulega skiptingu lánveitinga sjóðsins 1979 til fyrrgreindra aðila.

Í fjárlögum er sú stefna mörkuð að dregið er úr framlögum til fjárfestingarlánasjóða. Ljóst er að eiginfjárstaða margra fjárfestingarlánasjóða hefur styrkst að undanförnu vegna verðtryggingar útlána. Í samræmi við þessa þróun er markvisst dregið úr framlögum til fjárfestingarlánasjóða.

Beinar fjárveitingar úr ríkissjóði, þ. e. skil markaðra tekjustofna til Byggingarsjóðs ríkisins, nema alls 7 100 m. kr. 1980. Auk þess kemur til fjárveiting til Byggingarsjóðs verkamanna, 433 m. kr., og framlag til smíði dýralæknisbústaða, 52 m. kr.

Um það bil þrír fjórðu hlutar af framlögum til bygginga og mannvirkja hins opinbera, sem hér eru taldar, renna til greiðslu vaxta og afborgana af lánum. Til þessa flokks telst einnig framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga.

VI

Opinber öflun lánsfjár og ráðstöfun þess

Kjarni stefnunnar í fjárfestingar- og lánamálum kemur fram í opinberri öflun lánsfjár innanlands og utan og ráðstöfun þess til opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða. Þetta er að sjálfsögðu aðeins hluti af heildarfjármögnun framkvæmda í landinu. Við bætast erlendar lántökur einkaaðila, sem hið opinbera heimilar og hefur hliðsjón af við áætlunargerðina, ennfremur opinber framlög og lögbundnir tekjustofnar fjárfestingarlánasjóðanna svo og eigið fé þeirra. Hin opinbera lánsfjáröflun nemur allt að tveimur þriðju lánveitinga til framkvæmda í heild og vegur því þungt á lánsfjármarkaðnum.

Um almenn markmið þessarar áætlunargerðar er fjallað í fyrstu köflum skýrslunnar. Þó er rétt að nefna að miklar og brýnar framkvæmdaþarfir, einkum í orkumálum og öðrum greinum opinberra þarfa, kalla á strangt aðhald að öðrum greinum framkvæmda. Hins vegar var naumur tími til áætlunarstarfsins og ýmsar ákvarðanir um framkvæmdir þegar teknar og því torvelt að koma skipulegu aðhaldi við á þeim skamma tíma sem ríkisstjórnin hefur setið. Að þessu gefnu, ásamt venjubundinni innlendri fjármögnun, stefndu erlendar lántökur úr hófi fram með tilliti til skulda- og greiðslubyrði út á við, aðstöðu á erlendum lánamörkuðum og hættu á peninga- og verðþenslu í landinu. Varð því að ráði að leggja allt kapp á sem mesta innlenda lánsfjármögnun, sem ásamt því að draga úr erlendum lántökum myndar mótvægi gegn þensluáhrifum hinna miklu framkvæmda.

Aðstaðan til aukinnar innlendrar fjármögnunar er langt frá því svo hagstæð sem vera þyrfti og vænta mátti af vaxandi verðtryggingu á almennum lánamarkaði. Veldur því hin mikla mögnun verðbólgunnar á liðnu ári, sem rýrt hefur stórum áformaða verðtryggingaráfanga, og ber framvinda peningamála þess glögg merki. Meginskilyrðið fyrir verulegu átaki í innlendri fjármögnun er því, að tryggð verði stigvaxandi verðtrygging fjármagns, svo að stofn lánsfjármagns rýrni ekki frekar en orðið er, og almennt traust sé vakið á því að hafa peningaeign undir höndum jafnt sem efnislegar eignir. Að sjálfsögðu er það einnig skilyrði, að hið nýja lánsfé sé tekið með fullverðtryggðum kjörum og áþekkum vöxtum og nú gerist á verðbréfum með samsvarandi tímabindingu, sbr. spariskírteini og lán lífeyrissjóða til fjárfestingarlánasjóða.

Æskilegt er að ná samkomulagi, eftir því sem unnt er, við hlutaðeigandi aðila við útvegun lánsfjár, fremur en beita lögskyldu, og taka þar með hæfilegt tillit til aðstöðu og möguleika þessara aðila með hliðsjón af öðrum þörfum sem þeir þjóna. Eigi að síður er stuðst við þær lagaheimildir sem þegar eru fyrir hendi.

Aukins innlends fjármagns mun einkum aflað eftir tveimur leiðum. Viðskiptabankarnir hafa um langt árabil ráðstafað hluta innlánaaukningar til Framkvæmdasjóðs, lengst af 10%, en síðustu tvö árin 5% og 4%. Er nú leitað samkomulags við viðskiptabanka og sparisjóði um að hlutfall þetta verði hækkað í 7%. Áætlað er að verðbréfakaup samkvæmt þessari reglu geti numið um 6 milljörðum króna. Þar af hefur Framkvæmdasjóður þegar reiknað með 2,8 milljörðum samkvæmt fyrri reglu. Auk 3,2 milljarða króna, sem þannig falla til opinberra framkvæmda, höfðu bankar þegar lofað 700 m. kr. láni til Bjargráðasjóðs, Seðlabanki til jafns á móti Landsbanka og Búnaðarbanka, en að því meðtöldu renna 3,9 milljarðar króna til opinberra framkvæmda.

Á hinn bóginn verður lögð áhersla á framhald þeirrar þróunar í virkjun sparnaðar lífeyrissjóðanna sem verið hefur stórstíg síðustu tvö árin frá því lífeyrissjóðum var gert skylt að verja árlega a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á viðurkenndum, fullverðtryggðum verðbréfum. Verður leitað eftir samningum um framkvæmd þessarar skyldu, með þeirri ráðstöfun fjárins, er fjármálaráðuneytið tilvísar samkvæmt lánsfjáráætlun, auk þess sem vænta má í ljósi fyrri reynslu að ýmsir sjóðir kaupi umfram skyldu. Á grundvelli þessa er áætlað að lífeyrissjóðirnir geti lánað allt að 21,5 milljörðum króna innan ramma lánsfjáráætlunar, af 50 milljarða áætluðu ráðstöfunarfé. Að þörfum fjárfestingarlánasjóða gefnum, kæmu þannig um 6 milljarðar króna í hlut opinberra framkvæmda, eða um 3,5 milljörðum meira en að óbreyttu ástandi.

Auk þessa er áformað að hvetja tryggingafélög sérstaklega til þess að verja tryggingasjóðum sínum í auknum mæli til kaupa á verðtryggðum, innlendum verðbréfum. Með hliðsjón af þessu er talið unnt að áætla 7 milljarða króna útgáfu spariskírteina og happdrættisbréfa, en á fjárlagaáætlun voru 6,4 milljarðar.

Aðrir þættir innlendrar fjármögnunar eru venjubundnir og skýringa við þá ekki þörf. Erlend lán eru í senn afgangsstærð og meginniðurstaða áætlunarinnar. Með framangreindum ráðstöfunum hefur tekist að takmarka opinbera öflun erlends lánsfjár við 55,3 milljarða króna. Að meðtöldum áætluðum lántökum einkaaðila, 30,2 milljörðum króna, eru erlendar lántökur áætlaðar alls 85,5 milljarðar króna.

Hér fer á eftir yfirlit yfir opinbera öflun lánsfjár og ráðstöfun þess. Er svo til hagað, að yfirlitið sýni rétta heildarfjárhæð án tvítalningar, þrátt fyrir fjáröflun til fjárfestingarlánasjóða um hendur hins opinbera og öfugt. Eru 1,5 milljarðar króna til Byggðasjóðs látnar koma sem fjáröflun hjá hinu opinbera, en ráðstöfun hjá fjárfestingarlánasjóðum. Á gagnstæðan veg er farið með 400 m. kr. lánsfé til hafísvegar fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs.

Opinber öflun lánsfjár og ráðstöfun þess á lánsfjáráætlun
Í m.kr.

	Bráðabirgðatölur 1979	Lánsfjáráætlun 1980
1. Innlend lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda		
1.1 Útgáfa spariskírteina og happdrættisbréfa	6 500	7 000
1.2. Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé umfram innlausn	555	6 738
1.3. Verðbréfakaup bankakerfis	–	3 900
1.4. Verðbréfakaup lífeyrissjóða	–	6 000
1.5. Annað lánsfé	1 004	–
Samtals	8 059	23 638

	Bráðabirgða-tölur 1979	Lánsfjár-áætlun 1980
2. Innlend lánsfjáröflun fjárfestingarlánasjóða		
2.1. Verðbréfakaup lífeyrissjóða	12 372	15 464
2.2. Lán Atvinnuleysistryggingasjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins	1 784	2 236
2.3. Lán bankakerfis til Framkvæmdasjóðs	2 131	2 800
2.4. Skyldusparnaður til Byggingarsjóðs	5 896	8 500
2.5. Annað lánsfé	41	–
Samtals	22 224	29 000
Innlend lánsfjáröflun, alls	30 283	52 638
3. Erlend lán		
3.1. Erlend lán til opinberra framkvæmda	30 105	49 795[1])
3.2. Erlend lán til fjárfestingarlánasjóða	5 749	5 525[1])
Samtals	35 854	55 320
Lánsfjáröflun = Ráðstöfun lánsfjár	66 137	107 958
1. Opinberar framkvæmdir		
1.1. Framkvæmdir á A-hluta fjárlaga	5 710	12 058
1.2. Framkvæmdir á B-hluta fjárlaga	16 790	21 827
1.3. Landsvirkjun	9 985	28 691
1.4. Orkubú Vestfjarða	–	1 517
1.5. Þörungavinnslan	–	240
1.6. Hitaveitur sveitarfélaga	4 372	6 400
1.7. Aðrar opinberar framkvæmdir	1 307	1 600
Samtals	38 164	72 333
2. Fjárfestingarlánasjóðir		
2.1. Framkvæmdasjóður	13 161	15 625[1])
2.2. Byggingarsjóður ríkisins	11 800	18 036
2.3. Aðrir sjóðir	3 012	1 964[1])[2])
Samtals	27 973	35 625

[1]) Færslur fjármagns milli aðila eru hér ekki meðtaldar, en um víxl milli lánsfjáröflunar og ráðstöfunar á vegum aðila vísast til skýringa í texta.

[2]) Byggðasjóður 1 500 m.kr. og stofnlánadeild landbúnaðarins 464 m.kr.

VII

Bankakerfið

Helstu forsendur fyrir áætlun peningamála 1980, sem birtist hér í töfluviðauka, eru ákvæði laga um stjórn efnahagsmála o. fl. nr. 13, 10. apríl 1979, um verðtryggingu sparifjár og stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar um verulega hjöðnun verðbólgunnar á árinu. Þá er einnig byggt á þjóðhagsspá sem m. a. sýnir 7 milljarða króna afgang á vöruskiptajöfnuði en 23 milljarða króna halla á þjónustujöfnuði við útlönd.

Fjárlög og meginefni lánsfjáráætlunar byggjast á þeirri forsendu að verðlagsbreytingar frá upphafi til loka þessa árs verði nálægt 30%. Þegar leið á aprílmánuð varð ljóst, að verðbreytingar á fyrri hluta ársins yrðu meiri en svo að unnt reyndist að ná þessu marki. Á síðari hluta ársins eru verðhækkunum á vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, sett ákveðin ársfjórðungsleg efri mörk, og lægri en reynsla er af að undanförnu. Miðað við fyrirsjáanlega hækkun framfærslukostnaðar til 1. maí og leyfðar verðhækkanir framundan verður verðlagshækkun frá upphafi til loka ársins naumast undir 40%. Í þessu myndi þó felast veruleg

hjöðnun verðbólgunnar því að vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 61% á árinu 1979. Veruleg óvissa er hins vegar um þessi mál þannig að þróun peningamála gæti orðið óhagstæðari en sýnt er hér í skýrslunni.

Að framangreindum forsendum gefnum myndu nafnvextir vaxtaaukainnlána og útlána að líkindum haldast lítt breyttir á árinu, en gera verður ráð fyrir endurskoðun vaxta á öðrum tegundum innlána og útlána þannig að vaxtakerfið myndi skipulegri heild. Með lækkandi verðbólgu væri þannig stefnt að verðtryggingarmarki efnahagslaganna. Slík þróun myndi stuðla að auknum peningalegum sparnaði einkaaðila og auka möguleika á þátttöku innlánsstofnana í fjármögnun opinberra framkvæmda sem annars krefjast erlends lánsfjár. Áformað er að semja við innlánsstofnanir um verðbréfakaup í þessu skyni, eins og lýst er í köflunum um lánsfjármarkaðinn og opinbera öflun lánsfjár. Afstaða sparifjáreigenda til ávöxtunarkjara innlána ræður miklu um getu banka og sparisjóða til að veita langtíma lán, en hér er gert ráð fyrir að þessi auknu verðbréfakaup beini 6 milljörðum króna af útlánum þeirra í þennan farveg á árinu.

Auk samninga um verðbréfakaup er ætlunin að draga úr mögulegu peningaútstreymi bankakerfisins með verulegri endurgreiðslu lána ríkissjóðs hjá Seðlabankanum. Á fjárlögum er gert ráð fyrir að A-hluti ríkissjóðs endurgreiði Seðlabanka 8,1 milljarða króna auk þess sem hér er reiknað með að stofnanir í B-hluta endurgreiði um 400 m. kr. af skuldum sínum. Hins vegar er hér ekki gert ráð fyrir að greiðsluafgangur fjárlaga umfram greindar afborganir til Seðlabankans, 1,5 milljarðar króna, leiði til frekari bata á stöðu ríkissjóðs við bankann.

Í árslok 1979 voru endurkeypt afurðalán 5,4 milljörðum króna hærri en bundnar innstæður innlánsstofnana í Seðlabankanum og er þó ekki talin með endurkaupum sérstök fyrirgreiðsla við olíufélög, 2,2 milljarðar króna. Á því ári minnkaði bilið um 1,4 milljarð króna, en sem kunnugt er hefur að undanförnu verið að því stefnt að snúa þessu við með því að efla sparifjármyndun, hækka bindiskylduhlutfall og auka hlutdeild innlánsstofnana í afurðalánum. Bindiskyldan er nú í lögleyfðu hámarki og snemma árs 1980 voru endurkaupahlutföll Seðlabankans lækkuð um 1,5 prósentustig. Er nú áætlað að bilið minnki enn á þessu ári, þ. e. að endurkaup aukist um 15 milljarða króna (26%) og bundnar innstæður um 19 milljarða króna (36%). Frekari ráðstafanir þurfa þó til að koma ef endurheimta á svigrúm til þess að beita bindiskyldunni til þess að hafa áhrif á útlán bankanna.

Stefnt er að því að aukning almennra útlána innlánsstofnana fari ekki fram úr 37% á árinu. Standist jafnframt áðurgreindar áætlanir um greiðsluafkomu ríkissjóðs og endurkaup afurðalána munu heildarútlán bankakerfisins aukast um 29% á árinu. Er þetta raunar sú hámarksútlánaaukning sem samrýmist settum markmiðum við gefnar forsendur. Breyttar forsendur, t. d. um innlánaaukningu, breyta að sjálfsögðu útlánagetu innlánsstofnana og þá fyrst og fremst möguleikum þeirra til fjármögnunar opinberra framkvæmda.

Áætlað er að innlán á vaxtaaukareikningum og öðrum uppsagnarreikningum aukist um 49%, eða 10 prósentustigum meira en verðlag. Í samræmi við reynslu síðustu ára má hins vegar búast við mun hægari aukningu annarra innlána og er gert ráð fyrir 40% aukningu peningamagns í víðri merkingu, þ. e. samtölu heildarinnlána, seðla og myntar í umferð. Þegar frá eru taldar innstæður á uppsagnarreikningum er áætlað að peningamagnið aukist um 35%.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að í peningamálum skuli mörkuð stefna er stuðli að hjöðnun verðbólgu. Eins og hér hefur verið lýst verður í þessu skyni beitt stjórntækjum sem í senn efla sparifjármyndun og koma í veg fyrir óhóflegt peningaútstreymi úr bankakerfinu.

VIII

Erlend lán

Við gerð lánsfjáráætlana hefur jafnan verið stefnt að því að halda erlendum lántökum í skefjum eftir því sem unnt hefur verið á hverjum tíma. Þótt lántökur hafi síðustu árin farið meira eða minna fram úr áætlunum mun óhætt að telja að nokkur árangur hafi samt orðið af þeirri aðhaldssemi sem sýnd hefur verið við gerð lánsfjáráætlana. Á árinu 1978 fóru erlendar lántökur 13,1 milljarði króna fram úr áætlun. Samkvæmt bráðabirgðatölum er áætlað að á árinu 1979 hafi erlendar lántökur til langs tíma numið 57,0 milljörðum króna, en frá þeirri fjárhæð má draga 2,1 milljarð króna sem er lántaka upp í flugvélakaup tilheyrandi árinu 1980 og 1,1 milljarð vegna breytinga á eldri skammtíma rekstrarlánum í lán til langs tíma. Lántökur sambærilegar við spá lánsfjáráætlunar fyrir árið 1979 eru því 53,8 milljarðar króna, en það er um 14,8 milljörðum króna hærra en spáð var.

Þessa miklu hækkun má rekja til meiri fjármagnsþarfar vegna hækkunaráhrifa gengis- og verðlagsbreytinga, aukinna framkvæmda opinberra aðila, einkum í orkumálum, og meiri skipainnflutnings en áætlað var. Afborganir af löngum lánum eru áætlaðar 28,3 milljarðar króna og verður þá raunveruleg nettóaukning langra lána 25,5 milljarðar króna á árinu 1979. Svarar það til um 6,6% af útflutningstekjum en 3,0% af þjóðarframleiðslu. Er þetta heldur hærra hlutfall en áætlað var, en svipað og reyndin varð á árinu 1978 þegar nettóaukning langra erlendra lána varð 6,3% af útflutningstekjum en 2,7% af þjóðarframleiðslu. Samsvarandi tölur fyrir árið 1977 eru 13,3% og 5,1% og fyrir árið 1976 10,1% og 4,0%. Í hlutfalli við útflutningstekjur og þjóðarframleiðslu hefur því heldur hægt á skuldaaukningu tvö sl. ár miðað við næstu tvö árin þar á undan.

Á árinu 1979 varð viðskiptajöfnuður óhagstæður um 7,2 milljarða króna samkvæmt bráðabirgðauppgjöri. Er það um 17,7 milljörðum króna óhagstæðari jöfnuður en 1978 reiknað á meðalgengi 1979. Meginhlutann eða 15,4 milljarða króna af þessum mismun má rekja til óhagstæðrar þróunar þjónustujafnaðar, einkum að því er varðar samgöngur, ásamt verulegri aukningu vaxtagjalda og ferða- og dvalarkostnaðar. Nettóaukning langra erlendra lána er samkvæmt greiðslujafnaðaryfirliti talin 28,7 milljarðar króna á árinu 1979 en fjármagnsútstreymi á öðrum fjármagnsliðum er áætlað 4,6 milljarðar króna. Verður þá fjármagnsjöfnuður í heild hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 24,1 milljarð króna, sem gengur til þess að jafna halla á viðskiptajöfnuði og bæta gjaldeyrisstöðuna um 17,1 milljarð króna reiknað á meðalviðskiptagengi ársins.

Löng erlend lán námu 335 milljörðum króna í árslok 1979 en fært til meðalgengis er það um 35% af vergri þjóðarframleiðslu ársins, en þetta hlutfall var árin þrjú næst á undan 32—34%. Að meðtöldum lántökum ársins 1980 er áætlað að hlutfallið haldist óbreytt.

Greiðslubyrði vegna afborgana og vaxta af löngum erlendum lánum hefur sl. þrjú ár verið sem hlutfall af útflutningstekjum sem hér segir: 1976: 13,8%, 1977: 13,7%, 1978: 13,3%. Á árinu 1979 er áætlað að hlutfallið hafi verið um 14,2% en á árinu 1980 er hlutfallið áætlað 16—17%. Stafar aukning greiðslubyrðarinnar bæði af vaxandi skuldsetningu og versnandi vaxtakjörum.

Þörf fyrir erlendar lántökur má annars vegar miða við þarfir fyrir erlendan gjaldeyri út frá greiðslujafnaðar horfum og hins vegar þörf á að fjármagna nauðsynlegar og arðbærar framkvæmdir sem ekki reynist unnt að fjármagna með innlendum sparnaði. Frá greiðslujafnaðarsjónarmiði miðast þörfin fyrir erlendar lántökur á árinu 1980 við endurgreiðslu af eldri lánum, að viðbættum halla á viðskiptajöfnuði, sem samkvæmt þjóðhagsspá verður um 16 milljarðar króna, og því sem telja má æskilegan bata á gjaldeyrisstöðu.

Endurgreiðslur af löngum lánum eru áætlaðar rúmlega 46,3 milljarðar króna á árinu 1980 en auk þess er gert ráð fyrir endurgreiðslu af gjaldeyrisskuldum við Alþjóðagjaldeyris-

sjóðinn að jafnvirði um 10 milljarða króna[1]). Á móti endurgreiðslu gjaldeyrisskulda þarf að taka samsvarandi lán, ef halda á gjaldeyrisforðanum óbreyttum, sem telja verður eðlilegt markmið. Útfrá framangreindum greiðslujafnaðarsjónarmiðum er ný lántökuþörf áætluð 72,3 milljarðar króna á árinu 1980 (þ. e. samtala viðskiptahalla og endurgreiðslu eldri lána og gjaldeyrisskuldar).

Heildarupphæð innkominna langra erlendra lána er áætluð 85,5 milljarðar króna, en það er áætluð fjárþörf vegna fyrirhugaðra framkvæmda á árinu 1980 umfram það fé sem aflað verður innanlands. Auk lántöku til að mæta þessum þörfum verður aflað heimildar til að breyta stuttum lánum í lengri lán án þess að slík lán hafi áhrif á heildarstöðu erlendra skulda. Eins og að framan segir eru afborganir af löngum erlendum lánum áætlaðar 46,3 milljarðar króna og hrein aukning skulda því 39,2 milljarðar. Það er 7% af áætluðum útflutningstekjum og 3,2% af áætlaðri þjóðarframleiðslu og er ívið hærra en samsvarandi hlutfall 1979 sem var 6,6% og 3,0%. Í heild er áætlað að fjármagnsjöfnuður verði hagstæður (fjármagnsinnstreymi nettó) um 30,4 milljarða króna. Gengur hann til þess að jafna hallann á viðskiptajöfnuði og bæta gjaldeyrisstöðuna um 14—15 milljarða króna.

Erlendar langtímalántökur opinberra aðila eru áætlaðar 49,8 milljarðar króna, þar af vegna A- og B-hluta fjárlaga 11,3 milljarðar, fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs 30,4 milljarðar og er Landsvirkjun þar hæst með 28,7 milljarða. Þar fyrir utan er gert ráð fyrir að Landsvirkjun muni breyta um það bil 1,8 milljarða króna skammtímalánum í lán til langs tíma. Loks eru lántökur á vegum bæjar- og sveitarfélaga áætlaðar 8,0 milljarðar króna.

Hér fer á eftir yfirlit um fyrirhugaðar erlendar langtímalántökur á árinu 1980 sundurliðað á helstu liði í milljónum króna:

A- og B-hluti fjárlaga			11 347
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs			
Landsvirkjun		28 691	
Orkubú Vestfjarða		1 517	
Þörungavinnsla		240	
			30 448
Bæjar- og sveitarfélög			
Hitaveitur		6 400	
Hitaveita Suðurnesja vegna raforkuframkvæmda		1 100	
Ófyrirséð		500	
			8 000
Lánastofnanir			
Framkvæmdasjóður		8 050	
– frestun til ársins 1981		2 525	
			5 525
Atvinnufyrirtæki			
Járnblendiverksmiðja		8 000	
Skip			
Fiskiskip	4 230		
Endurbætur fiskiskipa	1 000		
Önnur skip	1 420		
		6 650	
Flugvélar		7 680	
Innlend skipasmíði		3 000	
Innlend skipasmíði, hafnargerð		650	
Ný iðnaðarverkefni		250	
Útflutningslánasjóður		1 000	
Vélar og tæki		2 000	
Ýmislegt ófyrirséð		1 000	
			30 230
Alls			85 550

[1]) Skuldin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er innifalin í gjaldeyrisskuldum bankanna og hefur endurgreiðsla hennar því ekki áhrif á nettógjaldeyrisstöðuna en lækkar hins vegar gjaldeyrisforðann, þ. e. gjaldeyriseignina brúttó.

IX

Lánsfjármarkaðurinn

Í þremur töflum (töflum 19 til 21) í töfluviðauka er sýnt yfirlit um lánsfjármarkaðinn í heild. Töflur þessar sýna lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra árið 1979 og samkvæmt lánsfjáráætlun 1980, svo og samanburð helstu stærða fyrir árin 1977 til 1980. Tilgangur þessara heildaryfirlita um lánsfjármarkaðinn er að sjálfsögðu sá að gefa færi á heildstæðara mati á áhrifum lánastarfseminnar á þjóðarbúið en fæst af mati einstakra þátta hennar, þ. e. bankakerfis, fjárfestingarlána o. s. frv., svo og að færa alla þættina til samræmdrar skilgreiningar og matsgrundvallar. Slíkt samræmi er ekki fyrir hendi í meðferð mismunandi þátta, þar sem fjallað er um fjárfestingarlánin á grundvelli nýrra bráttólánveitinga, en um bankakerfið á grundvelli útlánaaukningar, þ. e. nettóaukningar mismunandi inn- og útlánastofna. Mat á fjárfestingarlánunum byggist þannig á samanburði nýrra útlána mismunandi ára, með hliðsjón af samsvarandi breytingum fjármunamyndunar, en mat bankakerfisstærða á breytingu stofnstærða frá upphafi til loka árs í samanburði við þróun verðlags, tekna og fleiri atriða, en breyting stöðutalna bankakerfisins er samsett af mótsvarandi straumum út og inn, t. d. nýjum lánum móti endurgreiðslum fyrri lána.

Lausn þessa samanburðarvanda felst í því að færa allar lánahreyfingar á nettógrundvöll til samræmis við meðferð bankakerfisins. Er svo gert í töflunum og miðað við síðasta stig lánsviðskipta, þ. e. gagnvart endanlegum lánþegum, þó þannig að lánastofnanir eru jafnframt sýndar sem viðtakendur lánsfjár, en því fé er að sjálfsögðu aftur ráðstafað frá þeim til hinna endanlegu lánþega. Sú mynd sem hér kemur fram á þannig að vera af nettóstreymi lánsfjár, að frádregnum afborgunum fyrri lána. Með því er tekið tillit til mótvægis endurgreiðslnanna við þensluáhrifum nýrra lánveitinga. Að sjálfsögðu hefur hvor myndin, bráttó- og nettóhreyfinga, nokkuð til síns ágætis. Bráttólánveitingar hafa beinni áhrif á fjárfestingarstarfsemina og verkefni hennar að tiltölu við afkastagetu, en afborganir fyrri lána eru tengdari atvinnurekstrinum sem slíkum og koma sem almennt mótvægi á fjármagnsmarkaði.

Þar sem lánastofn hefur byggst ört upp á undanförnum árum, ásamt vaxandi verðtryggingu, má vænta verulega minni aukningar nettólánastreymis frá fyrra ári en fram kemur í nýjum lánveitingum, sbr. undanfarandi kafla. Sú er og niðurstaðan af samanburði áætlunar við tölur síðasta árs. Aukning nettólánastreymis í heild er áætluð um 15%, eða úr 153,6 milljörðum króna 1979 í 177 milljarða í ár. Mest kemur þessi takmörkun fram við atvinnuvegina, en samkvæmt áætluninni eykst nettólánastreymi til þeirra aðeins um 2%, og ríkissjóð, en áætlað er að nettólánanotkun hans dragist saman um 2,8 milljarða króna eða 27%, svo og fyrirtæki sveitarfélaga. Samkvæmt áætluninni verður hins vegar mjög mikil aukning á nettólánanotkun íbúðaeigenda, um 42%, og talsverð á vegum opinberra aðila í heild, eða um 23%.

Við þessa framsetningu verður þó enn að gera þann fyrirvara að nokkuð skortir á að tölur fyrir bankakerfið og sjóðakerfið séu sambærilegar. Þetta kemur glöggt fram þegar lánaframboð eftir lánveitendum er athugað. Innlánsstofnanir sýna aðeins 2% aukningu nettólánaframboðs og bankakerfið að Seðlabanka meðtöldum sýnir 8% samdrátt. Þetta stafar af því að verðbólga varð svo miklu meiri fyrra árið en nú er áætlað, en öll uppfærsla lánastofns bankakerfis, hvort sem er með verðbótaþætti eða gengi, auk skiptingar nýrri og hærri inn- og útlána fyrir eldri, reiknast með á þennan mælikvarða. Samsvarandi endurmat lána fjárfestingarlánasjóða við verðtryggingu eða erlendra lána við gengisbreytingu hefur hins vegar enn ekki verið tekið með. Meiri verðbólga fyrra árið verður þannig ekki til þess að draga niður í aukningunni, heldur aukast nettólánin fremur í hátt við mismunandi verðstig hvors árs. Lán frá lífeyrissjóðunum aukast langmest, rúmlega tvöfaldast til beinna lánþega, en aukast um 70% að meðtöldum lánum til lánastofnana. Löng erlend lán nettó munu aukast um 65% til beinna lánþega en um 37% að lánastofnunum meðtöldum. Nettóniðurstaða stuttra lánahreyfinga dregur þó verulega úr á heildina litið. Fjárfestingarlánasjóðir auka nettólánafram-

boð sitt um 13% til samanburðar við áætlaða 23% aukningu nýrra lánveitinga, þ. e. að teknu tilliti til frestunar lánagreiðslna að fjárhæð 2 525 m.kr. til næsta árs.

X.

Fjárfesting

Niðurstaða fjárfestingaráætlunar fyrir árið 1980 er sú, að heildarútgjöld til fjárfestingar aukist um 4,7% að raungildi frá fyrra ári. Samkvæmt þjóðhagsreikningauppgjöri er aukningin meiri, eða 6,8%, en það stafar af því að tryggingabætur fyrir þotu Flugleiða, sem fórst haustið 1978, voru greiddar á árinu 1979 og færðar til tekna á þjónustureikningi utanríkisviðskipta en dregnar frá fjármunamyndunartölum ársins. Fjármunamyndunarspáin er miðuð við þær verðlagsforsendur sem grein er gerð fyrir í II. kafla þessarar skýrslu, en þær fela meðal annars í sér að byggingarkostnaður hækki að meðaltali um 45% milli áranna 1979 og 1980. Á þessum forsendum eru fjárfestingarútgjöldin í heild talin verða 327 milljarðar króna eða um 26½% af þjóðarframleiðslu. Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 1979, sem eru að nokkru áætlaðar, námu heildarútgjöld til fjármunamyndunar á því ári röskum 217 milljörðum króna eða tæplega 26% af þjóðarframleiðslu.

Í fjárfestingaráætluninni fyrir árið 1980 felst að heildarumsvif við byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð aukist um 4—5% frá árinu 1979 en á því ári er talið að dregið hafi úr starfsemi í þessari grein sem nemur 2—3%.

Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 var gert ráð fyrir að fjárfestingin í heild drægist saman um tæplega 7% frá fyrra ári. Samkvæmt bráðabirgðatölum og miðað við fast verðlag ársins 1969, sem nú er grunnár þjóðhagsreikninga, kemur fram um 1% aukning í fjárfestingarútgjöldum á árinu 1979. Á hinn bóginn er nokkur munur á þjóðhagsreikningauppgjöri ársins 1979 á föstu verði eftir því hvort miðað er við grunnárið 1969 eða árið 1978. Ef fjárfestingarútgjöld ársins 1979 eru reiknuð á föstu verði ársins 1978, eins og gert var í spám í lánsfjáráætlun 1979, verður niðurstaðan 1% samdráttur fjármunamyndunarútgjalda á því ári.

Ýmsar ástæður urðu þess valdandi að fjármunamyndunin á árinu 1979 varð meiri en áætlað var, en aukningin umfram spár felst bæði í framkvæmdum í atvinnuvegunum og opinberum framkvæmdum. Skýringin er meðal annars sú að framkvæmdir sem talið var að lyki á árinu 1978 drógust fram á árið 1979, auk þess sem nokkrir liðir hafa verið vanáætlaðir. Loks má nefna að í kjölfar olíuverðshækkana á árinu 1979 var ákveðið að auka orkuframkvæmdir frá því sem gert var ráð fyrir í lánsfjáráætlun.

Yfirlit yfir fjármunamyndun 1979—1980

	Verðlag hvers árs í milljörðum króna			Magnbreytingar frá fyrra ári, %		
	Lánsfjár-áætlun 1979	Bráðab. tölur 1979	Lánsfjár-áætlun 1980	Lánsfjár-áætlun 1979	Bráðab. tölur 1979	Lánsfjár-áætlun 1980
1. Atvinnuvegir	79,3	96,1[1])	131,8	−11,3	2,4	−3,6[1])
2. Íbúðarhús	43,6	49,0	68,9	0	−2,0	−3,1
3. Opinberar framkvæmdir	59,3	72,0	126,6	−5,0	0,6	21,3
4. Samtals útgjöld	182,2	217,1	327,3	−6,8	1,0	4,7
5. Samtals skv. uppgjöri þjóðhagsreikninga	182,2	212,9	327,3		−1,6	6,8
6. Útgjöld sem hlutfall af þjóðarframleiðslu	24,9%	25,8%	26,6%			

[1]) Ef tryggingarbætur fyrir Flugleiðaþotuna, sem fórst haustið 1978, eru dregnar frá 1979 tölunum, sbr. hér að framan, snýst breytingin 1980 í 0,8% aukningu, sjá töflu 24 hér á eftir.

Um spána fyrir árið 1980 má í stórum dráttum segja, að í heild er reiknað með lítt breyttri fjárfestingu atvinnuveganna en þar er þó um aukningu að ræða í ýmsum liðum og aðrir haldast óbreyttir, eins og vikið verður að hér á eftir. Gert er ráð fyrir nokkurri minnkun íbúðabygginga en mikilli aukningu opinberra framkvæmda. Þessi mikla aukning stafar mest af aukinni áherslu á orkuframkvæmdir og einkum vega framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun hér þungt, m. a. af því að þeim virkjunarframkvæmdum var frestað nokkuð á sl. ári. Áætlað er að alls verði um 31 milljarði króna varið til framkvæmdanna við Hrauneyjafossvirkjun á þessu ári, en framkvæmdaáform miðast við að unnt verði að taka fyrsta áfanga virkjunarinnar í notkun haustið 1981. Áætlað er að alls verði flutt inn skip og flugvélar fyrir 20 milljarða króna á árinu 1980 og eru þau útgjöld um 13% meiri að raungildi en á árinu 1979.

Fjárfestingarútgjöld atvinnuveganna á árinu 1980 eru í heild talin verða 3½% minni en á árinu 1979. Af einstökum greinum má nefna að gert er ráð fyrir 10% samdrætti í fjármunamyndun í landbúnaði. Í fiskiskipakaupum er reiknað með 18% samdrætti. Innlend skipasmíði og endurbætur voru með mesta móti á sl. ári og líklegt er að nýting afkastagetu skipasmíðastöðva, sem annast nýsmíði, hafi verið óvenju góð. Innlend nýsmíði og endurbætur eru samtals metnar til yfir 10 milljarða króna 1979, og á þessu ári eru horfur á að nýsmíði verði litlu minni eða sem samsvarar 1400 smálesta smíði ef umreiknað er í smálestir í skuttogurum, samanborið við 1500 smálestir á liðnu ári. Ákveðið hefur verið að fjármagna innlenda skipasmíði beint með erlendum lánum, sem komi í stað smíðalána Fiskveiðasjóðs, en þessi lánstilhögun er ekki fullfrágengin og getur hún ráðið nokkru um framkvæmdahraða. Endurbætur eldri skipa verða sennilega talsvert minni en á sl. ári, enda minni verkefni fyrirliggjandi. Í spánni er reiknað með innflutningi þriggja togara, sem ákvarðanir hafa verið teknar um, en ekki reiknað með frekari kaupum fiskiskipa frá útlöndum á árinu.

Fjárfesting í fiskvinnslu jókst um fimmtung á árinu 1979 og varð því með allra mesta móti. Enda þótt útlán fjárfestingarlánasjóða til vinnslustöðva aukist talsvert á þessu ári má gera ráð fyrir að erfið staða frystihúsanna í ársbyrjun haldi nokkuð aftur af framkvæmdum og er reiknað með að framkvæmdir á árinu 1980 verði svipaðar og á sl. ári. Framkvæmdir við álverksmiðju eru áætlaðar verða röskum fimmtungi meiri í ár en í fyrra, en stækkun verksmiðjunnar lýkur fyrir mitt þetta ár, en jafnframt er unnið að uppsetningu hreinsitækja. Framkvæmdir við járnblendiverksmiðjuna verða minni í ár en á sl. ári en byggingu verksmiðjunnar verður að mestu lokið á árinu. Fjárfesting í öðrum iðnaði jókst um 3% á árinu 1979 og stafaði sú aukning af fjárfestingu í vinnslustöðvum landbúnaðarins. Úr þeim framkvæmdum mun draga á þessu ári en á hinn bóginn benda útlánaáætlanir lánasjóða iðnaðarins til nokkurrar aukningar að raungildi og því þykir líklegast að iðnaðarfjárfestingin í heild aukist um 3—4% frá fyrra ári. Innflutningur flutningatækja jókst um 30% í fyrra og á þessu ári er spáð 6% aukningu, einkum vegna flugvélakaupa.

Framkvæmdir við verslunar-, skrifstofu- og gistihús eru taldar hafa dregist saman um 18% á sl. ári og því orðið með minnsta móti. Endanlegar tölur fyrir árið 1979 eru ekki fyrir hendi og vitneskja um framkvæmdaáform 1980 af skornum skammti en hér er spáð 5% samdrætti frá fyrra ári. Fjárfesting í vinnuvélum er talin aukast um 5% á þessu ári eftir 5% samdrátt í fyrra.

Bráðabirgðatölur og áætlanir fyrir árið 1979 benda til þess að umsvif við íbúðabyggingar hafi verið svipuð eða heldur minni en árið áður, e. t. v. um 2% minni. Íbúðabyggingar voru meiri í Reykjavík í fyrra en árið áður (ef litið er á framkvæmdir í heild), gagnstætt því sem reiknað var með. Að vísu voru færri íbúðir í smíðum en þær voru í mun meira mæli en áður í raðhúsum og einbýlishúsum þannig að framkvæmdamagnið mælt í rúmmetrum jókst. Þessarar þróunar hefur gætt á höfuðborgarsvæðinu sl. 3—4 ár. Íbúðabyggingar hafa í raun verið svipaðar að magni allt frá árinu 1974.

Tölur um verkefni við smíði íbúðarhúsa um sl. áramót eru enn af skornum skammti.

Samkvæmt áætlunum fyrir árið 1979 fækkaði lúkningum töluvert og byrjunum sömuleiðis. Íbúðir í smíðum um sl. áramót voru hins vegar sennilega litlu færri en árið áður en vegna þess að íbúðum í smíðum í fjölbýlishúsum hefur fækkað að mun að undanförnu en einbýlis- og raðhúsum fjölgað sýnast fyrirliggjandi verkefni, mælt í rúmmetrum húsa í smíðum, meiri nú en fyrir ári. Íbúðir í smíðum virðast á hinn bóginn heldur lengra á veg komnar en þær sem í smíðum voru í ársbyrjun 1979. Að öllu samanlögðu má nú sennilega álykta að verkefnin í ársbyrjun hafi verið svipuð í ár og í fyrra. Hins vegar má ætla að enn dragi úr byrjunum á þessu ári og af þeim sökum megi fremur búast við samdrætti en aukningu í íbúðabyggingum. Áætlanir um útlán til íbúðabygginga á liðnu og líðandi ári eru afar óráðnar, en þegar litið er á lánakerfi íbúðabygginga í heild má ætla að ekki verði um samdráttaráhrif að ræða úr þeirri átt, þótt naumast sé tilefni til að halda að þróun útlánaýti sérstaklega undir íbúðabyggingar á þessu ári. Því er nú talið líklegast — einkum vegna samdráttar í byrjunum eins og áður er getið — að íbúðabyggingar dragist saman frá fyrra ári og er hér reiknað með 3% samdrætti.

Framkvæmdir við byggingar og mannvirki hins opinbera á árinu 1979 voru svipaðar og árið áður en í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ársins var gert ráð fyrir 5% samdrætti. Talsverð aukning var í raforkuframkvæmdum, hitaveituframkvæmdir voru svipaðar og árið áður en aðrar opinberar framkvæmdir voru minni.

Í fjárfestingaráætlun ársins 1980 er gert ráð fyrir að opinberar framkvæmdir aukist um 21% frá sl. ári en alls er áætlað að 126,6 milljörðum króna verði varið til opinberra framkvæmda á árinu. Þessi fjárhæð er tæplega 39% af heildarútgjöldum til fjármunamyndunar samkvæmt fjárfestingaráætlun samanborið við 33% á árinu 1979.

Í sambandi við aukningu opinberra framkvæmda 1980 er rétt að benda á að hún stafar að lang mestu leyti af framkvæmdum á sviði orkumála sem beinlínis eru forsenda aukinnar framleiðslu og athafna á vegum einstaklinga og samtaka þeirra. Ýmsar aðstæður hafa orðið þess valdandi, að hér á landi eru þessar framkvæmdir á vegum opinberra fyrirtækja en í raun og veru má líta á þær margar hverjar sem hina arðvænlegustu atvinnuvegafjárfestingu.

Raforkuframkvæmdir eru taldar aukast um 46% og er gert ráð fyrir að til þeirra verði varið 50 milljörðum króna á árinu. Framkvæmdir við hitaveitur hafa verið mjög miklar undangengin ár og á árinu 1980 er áætlað að þær aukist enn um 17%. Framkvæmdir við samgöngumannvirki hafa dregist saman nokkur undanfarin ár, en á þessu ári er gert ráð fyrir að þær verði auknar í heild um 5%. Vegaframkvæmdir aukast þó mun meira eða um þriðjung, framkvæmdir við flugvelli aukast um fimmtung en á hinn bóginn verður samdráttur í fjárfestingarútgjöldum pósts og síma enda er byggingu jarðstöðvar að mestu lokið. Framkvæmdir við opinberar byggingar hafa dregist nokkuð saman sl. tvö ár en á árinu 1980 er gert ráð fyrir að þær aukist um 7—8%.

Í áætlun þessari er gert ráð fyrir að sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga aukist heldur á árinu 1980 og til þeirra verði varið um 17 milljörðum króna. Þá er reiknað með að framkvæmdir á vegum sveitarfélaganna einna aukist um 15% og þessi framkvæmdaútgjöld nemi röskum 40 milljörðum króna. Loks er reiknað með að hreinar ríkisframkvæmdir aukist um 32% en til þeirra er áformað að verja 68 milljörðum króna. Sundurliðaðar áætlanir um þessa liði er að finna í töflum 22 og 23 í töfluviðauka.

Fjárfestingaráætluninni, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, má í reynd skipta í þrennt eftir áætlunaraðferð:

1. Fyrst má telja beinar framkvæmdafyrirætlanir og samningsbundnar framkvæmdir. Hér er meðal annars um að ræða innlenda skipasmíði og samningsbundin kaup fiskiskipa, flugvéla og vöruflutningaskipa frá útlöndum, en í þessum liðum má heita að eingöngu sé miðað við ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar. Framkvæmdir við álverksmiðju og járnblendiverksmiðju eru samkvæmt áætlunum fyrirtækjanna sjálfra og miðað við að þeim ljúki að mestu á árinu. Opinberar framkvæmdir eru hér einnig meðtaldar en þær eru yfirleitt

byggðar á ákveðnum framkvæmdaáætlunum nema hvað framkvæmdir sveitarfélaga eru að nokkru áætlaðar.
2. Þá má telja þann hluta fjármunamyndunarinnar sem er að mestu áætlaður á grundvelli útlánaáætlana fjárfestingarlánasjóða og svipuðum vísbendingum. Hér er um að ræða fjárfestingu í landbúnaði, fiskvinnslu, iðnaði og í íbúðabyggingum.
3. Loks eru afar lauslegar áætlanir, einkum um innflutning bíla til atvinnuekstrar, byggingu verslunar- og skrifstofuhúsa og innflutning ýmissa véla og tækja.

Samkvæmt þessu má sundurliða fjárfestingaráætlunina 1980 á þessa leið:

	Verðlag hvers árs í milljörðum króna		Magnbreyting 1979—1980, %
	Bráðab.tölur 1979	Spá 1980	
1. Opinberar ákvarðanir og gerðir samningar	106,3	172,6	12,5
2. Lánsfjárvísbendingar o. þ. h.	85,3	119,5	−2,4
3. Ágiskanir	25,6	35,2	−4,0
Samtals	217,1	327,3	4,7

Meira en helmingur fjárfestingarinnar samkvæmt áætlun þessari fellur undir lið 1. Yfirlitið sýnir að þar verður öll sú aukning, sem talin er verða á fjármunamyndun á árinu 1980 samkvæmt áætluninni. Liður 2, sem að verulegu leyti ræðst af útlánum fjárfestingarlánakerfisins, er rúmlega þriðjungur heildarinnar. Liður 3, sem er afar lausleg áætlun eða ágiskun, er aðeins um 10% af fjármunamynduninni allri. Fjármunamyndunin, sem talin er í lið 3, er auðvitað einnig sá hluti heildarinnar sem stjórnvöld hafa minnst bein áhrif á til skamms tíma litið. Þessi sundurgreining fjárfestingaráætlunarinnar gefur loks vísbendingu um, hvar helst sé unnt að bera niður ef breyta ætti þeirri fjárfestingaráætlun sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Sérstaklega sýnist augljóst, að þyki fjármunamyndunin 1980 stefna of hátt, sé vart um annað að ræða en draga úr beinum fyrirætlunum um opinberar framkvæmdir og/eða útlánum fjárfestingarlánasjóða.

XI

Fjármögnun

Hér fer á eftir yfirlit um lánsfjármögnun fjármunamyndunar. Miðað er við brúttóstærðir beggja hliða, þ. e. verga fjármunamyndun án frádráttar afskrifta annars vegar og nýjar lánveitingar til fjármunamyndunar, án frádráttar afborgana fyrri lána hins vegar. Lán innlánsstofnana til íbúðabygginga og smávægileg lán ríkis til atvinnuvega og sveitarfélaga eru þó talin á grundvelli nettóaukningar, svo sem þau liggja fyrir.

Helstu niðurstöður þessa yfirlits eru áætlað hlutfall lánsfjármögnunar af hlutaðeigandi fjármunamyndun. Lánsfjármögnun atvinnuvegaframkvæmda virðist munu lækka hlutfallslega frá árunum 1978 og 1979 niður í 46%. Það hlutfall er þó hærra en áætlað var fyrirfram um árið 1979. Á hinn bóginn stefnir til nokkurrar hækkunar á lánahlutfalli opinberra framkvæmda og fjárfestingarlána til íbúðabygginga. Hækkað lánahlutfall opinberra framkvæmda stafar einkum af mikilli aukningu framkvæmda sem ekki er gert ráð fyrir að kosta af eigin fjáröflun ríkis og sveitarfélaga. Að því er íbúðabyggingar varðar er um að ræða áhrif aukinna bygginga, sem í ríkara mæli eru fjármagnaðar með lánsfé, auk meiri lánveitinga út á eldri íbúðir.

Lánsfjármögnun fjármunamyndunar

	1978	Bráðab. 1979	Áætlun 1980
Fjármunamyndun alls	**150 540**	**212 940**	**327 340**
Atvinnuvegir	66 950	91 940	131 850
Íbúðabyggingar	33 980	49 000	68 900
Opinberar framkvæmdir	49 610	72 000	126 590
Lánsfjármögnun:			
I Atvinnuvegir	**34 161**	**47 808**	**60 714**
Fjárfestingarlánasjóðir	17 877	26 190	27 454
Erlendar lántökur	14 854	21 977	33 230
Fjárfestingarlán, brúttó	32 731	48 167	60 684
Ríki, nettó	1 030	−759	30
Lífeyrissjóðir, nettó	400	400	–
II Íbúðabyggingar	**25 530**	**42 910**	**58 840**
Fjárfestingarlánasjóðir	9 744	16 496	23 410
Lífeyrissjóðir	10 740	14 978	25 430
Fjárfestingarlán, brúttó	20 484	31 474	48 840
Innlánsstofnanir, nettó	5 046	11 436	10 000
III Opinberar framkvæmdir	**29 796**	**41 974**	**76 045**
Bein lánsfjármögnun	26 199	38 413	72 333
Fjárfestingarlánasjóðir	2 126	3 179	3 712
Fjárfestingarlán, brúttó	28 325	41 592	76 045
Ríkið (sjóðir) til sveitarf., nettó	1 471	382	–
Samtals:			
Fjárfestingarlán, brúttó	81 540	121 233	185 569
Lánsfjármögnun, alls	89 487	132 692	195 599
Hlutföll af fjármunamyndun %:			
Fjármunamyndun, alls:			
Fjárfestingarlán, brúttó	54,2	56,9	56,7
Lánsfjármögnun, alls	59,4	62,3	59,6
Atvinnuvegir:			
Fjárfestingarlán, brúttó	48,9	52,4	46,0
Lánsfjármögnun, alls	51,0	52,0	46,0
Íbúðabyggingar:			
Fjárfestingarlán, brúttó	60,3	64,2	70,9
Lánsfjármögnun, alls	75,1	87,6	85,4
Opinberar framkvæmdir:			
Fjárfestingarlán, brúttó	57,1	57,8	60,1
Lánsfjármögnun, alls	60,1	58,3	60,1

XII
Töfluviðauki

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf
Tafla 1 Raforku- og rafveituframkvæmdir
Tafla 2 Hita- og vatnsveituframkvæmdir
Tafla 3 Samgönguframkvæmdir
Tafla 4 Opinberar byggingar
Tafla 5 Önnur lánsfjárþörf 1980
Tafla 6 Lánsfjárþörf opinberra aðila og fjármögnun hennar
Tafla 7 RARIK, almennar framkvæmdir 1980
Tafla 8 Framkvæmdir við byggðalínur 1980
Tafla 9 Framkvæmdir Orkubús Vestfjarða 1980

II Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir
Tafla 10 Útlán fjárfestingarlánasjóða 1978—1980
Tafla 11 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Lánsfjáráætlun 1980
Tafla 12 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1979
Tafla 13 Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1976—1980

III Peningamál
Tafla 14 Bankakerfið 1978—1980
Tafla 15 Seðlabankinn 1978—1980
Tafla 16 Innlánsstofnanir 1978—1980

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður
Tafla 17 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum
Tafla 18 Greiðslujöfnuður við útlönd

V Lánsfjármarkaðurinn
Tafla 19 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Yfirlit 1977, 1978, 1979 og 1980
Tafla 20 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Lánsfjáráætlun 1980
Tafla 21 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra: Bráðabirgðatölur 1979

VI Fjármunamyndun
Tafla 22 Byggingar og mannvirki hins opinberra 1978—1980
Tafla 23 Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga 1978—1980
Tafla 24 Fjármunamyndun 1978—1980

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf 1980

Tafla 1 Raforku- og rafveituframkvæmdir 1980
Í m.kr.

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld og fjárþörf 1980	Úr rekstri eða sjóðum	Lánsfjár-áætlun 1980
1. Landsvirkjun	31 067[1])	2 113	28 954[2])
2. Kröfluvirkjun	1 575[3])	–	1 575
3. Byggðalínur	5 021	–	5 021
4. Almennar framkvæmdir RARIK	4 453	200	4 253
5. Styrking dreifikerfa í sveitum	978	–	978
6. Sveitarafvæðing og einkarafstöðvar	409	–	409
7. Svartsengi, gufuhverfill	1 100	–	1 100
8. Virkjunarrannsóknir	450	–	450
9. Orkubú Vestfjarða	1 162	70	1 092
10. Spá um framkvæmdir sveitarfélaga	3 500	3 500	–
Samtals 1—10	49 715	5 883	43 832
11. Fjármagnskostnaður vegna byggðalína	3 090	–	3 090
12. Krafla, fjármagnsútgjöld	1 500	–	1 500
13. RARIK vegna félagslegra framkvæmda	600	–	600
Samtals 11—13	5 190	–	5 190
Samtals fjárþörf	54 905	5 883	49 022

[1]) Þar af tækjakaup 1 308 m.kr.
[2]) Eiginfjárframlag ríkissjóðs til Landsvirkjunar 263 m.kr.
[3]) Frá og með árinu 1980 teljast vaxtagreiðslur vegna Kröfluvirkjunar ekki sem fjárfesting.

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

Tafla 2 Hita- og vatnsveituframkvæmdir 1980

Í m.kr.

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld og fjárþörf 1980	Fjármögnun				
		Fjárveiting	Úr rekstri eða sjóðum sveitarfélaga	Lánasjóður sveitarfélaga	Orkusjóður	Lánsfjár-áætlun 1980
Hitaveitur						
1. Hitaveita Reykjavíkur	3 540	–	3 540	–	–	–
2. Hitaveita Suðurnesja	6 670	–	6 670	–	–	–
3. Hitaveita Akureyrar	2 500	–	300	–	200	2 000
4. Orkubú Vestfjarða	500	–	75	–	–	425
5. Hitav. Akraness og Borgarfj.	3 200	–	250	–	–	2 950
6. Fjarvarmaveita Höfn	750	–	70	–	–	680
7. Hitaveita Vestmannaeyja ...	1 200	–	60	840	–	300
8. Hitaveita Bessastaðahrepps .	240	–	60	180	–	–
9. Hitaveita Þorlákshafnar	150	–	–	150	–	–
10. Hitaveita Egilsstaða	600	–	50	80	–	470
11. Hitaveita Sauðárkróks	50	–	–	50	–	–
12. Hitav. Eyrarb. og Stokkseyrar	250	–	–	250	–	–
13. Hitaveita Seyðisfjarðar	450	–	50	400	–	–
14. Fjarvarmaveita Neskaupstað	50	–	–	50	–	–
15. Hitaveita, Hólar í Hjaltadal	225	–	–	–	225	–
Samtals 1—15	20 375	–	11 125	2 000	425	6 825
Vatnsveitur						
16. Vatnsveita Búðardals	150	} 105	} 1 645	150	–	–
17. Vatnsveita Reykjavíkur	900			–	–	–
18. Aðrar vatnsveitur	850			–	–	–
Samtals 16—18	1 900	105	1 645	150	–	–
Jarðvarmaveitur ríkisins	500	–	–	–	–	500
Samtals fjárþörf	22 775	105	12 770	2 150	425	7 325

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

Tafla 3 Samgönguframkvæmdir 1980
Í m.kr.

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld og fjárþörf 1980	Fjármögnun: Fjárveiting	Fjármögnun: Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasj.	Fjármögnun: Lánsfjár-áætlun 1980
1. Vegir og brýr	11 560	3 260	–	8 300
2. Hafísvegur á N-Austurlandi	400	–	–	400
3. Götur og holræsi	10 800	2 270	8 530	–
4. Hafnir og vitar	3 900	2 340	1 435[1])	125[2])
5. Skipaútgerð ríkisins	180	–	–	180
6. Áburðarverksmiðja ríkisins, hafnargerð	450	–		450
7. Flugvellir	1 410	1 050	–	360
8. Póstur og sími, útvarp	4 807[3])	–	3 715	1 092[4])
Samtals fjárfesting	33 507	8 920	13 680	10 907
9. Skuldagreiðsla vegna Grundartangahafnar	134	–	–	134
Samtals fjárþörf	33 641	8 920	13 680	11 041

[1]) Þar af Reykjavíkurhöfn 700 og önnur sveitarfélög 735.
[2]) Lántaka til framkvæmda við landshafnir.
[3]) Þar af jarðstöð 400, útvarp/sjónvarp 1095 og Póstur og sími 3312.
[4]) Jarðstöð 400, vörukaupalán Pósts og síma 422, útvarp 270.

Tafla 4 Opinberar byggingar
Í m.kr.

	Áætluð fjárfestingar-útgjöld og fjárþörf 1980	Fjármögnun: Fjárveiting	Fjármögnun: Frá sveitar-félögum, fyrirtækjum og lánasj.	Fjármögnun: Lánsfjár-áætlun 1980
1. Skólar og íþróttamannvirki	10 730	6 510	3 920	300
2. Sjúkrahús	6 300	4 610	1 690	–
3. Félagsheimili og kirkjur	900	303	597	–
4. Aðrar opinberar byggingar	2 660	1 060	1 600	–
Samtals fjárfesting og fjárþörf	20 590	12 483	7 807	300

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

Tafla 5 Önnur lánsfjárþörf 1980
Í m.kr.

	Áætluð fjárþörf 1980	Lánsfjáráætlun 1980
1. Byggðasjóður	1 500	1 500
2. Bjargráðasjóður	1 500	1 500
3. Hlutafjárframlag til Járnblendifélags	195	195
4. Lánasjóður ísl. námsmanna	1 200	1 200[1])
5. Þróunaraðstoð, Cabo Verde	230	230
6. Þörungavinnslan	240	240
7. Laxastigi í Laxá	45	45
8. Jarðhitaleit	135	135
9. Áburðarverksmiðja ríkisins	150	150
10. Önnur lánsfjárþörf sveitarfélaga	500	500
Samtals	5 695	5 695

[1]) Auk þess er heimild til að afla LÍN 500 m.kr. lánsfjár, verði að öðrum kosti ekki hægt að standa við skuldbindingar.

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

Tafla 6 Lánsfjárþörf opinberra aðila og fjármögnun hennar

Í m.kr.

		1978	Bráðabirgða-tölur 1979	Lánsfjár-áætlun 1980
Ráðstöfun:				
1	**Ríkissjóður**	**13 438**	**22 500**	**35 385**
11	A-hluti	4 351	5 710	12 058
1101	Vegagerð	2 200	3 730	8 300
1102	Landshafnir	145	150	125
1103	Grundartangahöfn	263	230	100
1104	Laxastigi í Laxá	40	60	45
1105	Járnblendifélag, hlutafé	1 703	600	195
1106	Landsvirkjun, eigið fé	–	180	263
1107	Rarik vegna skuldagreiðslna	–	600	–
1108	Rannsóknir vegna Fljótsdalsvirkjunar	–	160	–
1109	Þjóðarbókhlaða	–	–	300
1110	Rarik vegna félagslegra framkvæmda	–	–	600
1111	Þróunaraðstoð við Cabo Verde	–	–	230
1112	Krafla, fjármagnsútgjöld	–	–	1 500
1113	Hafísvegur	–	–	400
12	B-hluti	9 087	16 790	23 327
1201	Rarik — almennar framkvæmdir	1 396	2 487	4 253
1202	Rarik til að létta skuldabyrði	765	–	–
1203	Rarik vegna Vestmannaeyjastrengs	–	290	–
1204	Rarik vegna skuldagreiðslna	–	736	–
1205	Rarik vegna greiðsluhalla	–	630	–
1206	Rarik vegna fjarvarmaveitu á Höfn	–	70	–
1207	Bessastaðaárvirkjun	110	440	–
1208	Byggðalínur	3 398	3 485	5 021
1209	Kröfluvirkjun	2 083	777	1 575
1210	Sveitarafvæðing	200	200	–
1211	Orkusjóður vegna Orkubús Vestfjarða	–	1 105	–
1212	Orkusjóður vegna styrkingar dreifikerfa	77	597	978
1213	Orkusjóður vegna sveitarafvæðingar	–	–	373
1214	Orkusjóður vegna einkarafstöðva	–	–	36
1215	Orkusjóður vegna byggðalína	–	–	3 090
1216	Orkusjóður vegna hitaveitulána	–	–	450
1217	Orkusjóður vegna jarðhitaleitar	–	–	135
1218	Póstur og sími vegna jarðstöðvar	178	1 023	400
1219	Póstur og sími, vörukaupalán	380	457	422
1220	Póstur og sími vegna skuldagreiðslna	–	485	–
1221	Lyfjaverslun ríkisins	–	180	–
1222	Borgartún 6	–	460	–
1223	Endurlán vegna Grundartangahafnar	–	201	34
1224	Ríkisútvarp	–	300	270
1225	Grænfóðurverksmiðjur	–	104	–
1226	Jarðvarmaveitur ríkisins	–	575	500
1227	Flugmálastjórn, flugvél	–	160	–
1228	Flugmálastjórn, vörukaup	–	–	180
1229	Flugmálastjórn, malbikun	–	–	180
1230	Skipaútgerð ríkisins	–	–	180
1231	Virkjunarrannsóknir	–	–	450
1232	Áburðarverksmiðjan	–	–	600
1233	Byggðasjóður	–	–	1 500
1234	Bjargráðasjóður	–	–	1 500
1235	Lánasjóður íslenskra námsmanna	500	2 028	1 200

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

Tafla 6 (frh.)

		1978	Bráðabirgða-tölur 1979	Lánsfjár-áætlun 1980
2	**Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs**	**7 266**	**9 985**	**30 448**
21	Landsvirkjun	6 780	9 985	28 691
22	Orkubú Vestfjarða, vegna raforkuframkvæmda	486	–[1]	1 092
23	Orkubú Vestfjarða, vegna fjarvarmaveitu	–	–	425
24	Þörungavinnslan	–	–	240
3	**Bæjar- og sveitarfélög**	**5 495**	**5 928**	**8 000**
31	Hitaveitur	4 236	4 372	6 400
311	Hitaveita Suðurnesja	2 359	–	–
312	Hitaveita Akureyrar	1 877	3 169	2 000
313	Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar	–	467	2 900
314	Aðrar hitaveitur	–	736	1 500
32	Hitaveita Suðurnesja vegna raforkuframkvæmda	–	–	1 100
33	Rafmagnsveita Reykjavíkur	473	–	–
34	Reykjavíkurhöfn	258	601	–
35	Önnur lánsfjárþörf sveitarfélaga	528	955	500
4	**Ráðstöfun = fjáröflun (1+2+3=5+6)**	**26 199**	**38 413**	**73 833**
Fjáröflun:				
5	**Innlend lán**	**7 672**	**8 059**	**24 038**
51	Spariskírteini	3 100	6 500	7 000
52	Innh. af endurlánuðu spariskírteinafé umfr. innlausn og annað	2 746	555	6 738
53	Verðbréfakaup bankakerfis	–	–	3 900
54	Verðbréfakaup lífeyrissjóða	–	–	6 000
55	Önnur fjáröflun	1 826	1 004	400
6	**Erlend lán**	**18 527**	**30 354**	**49 795**

[1]) Fjárhæð afgreidd skv. lánsfjáráætlun 1979 fór í gegnum Orkuráð, sbr. línu 1211.

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

Tafla 7 RARIK, almennar framkvæmdir 1980

Í m.kr.

Virkjanir:		
Gönguskarðsá	10	
Lagarfoss	20	
Smyrlabjargaá	10	
		40
Stofnlínur:		
Vopnafjarðarlína	705	
Pétursey — Vík	44	
Þorlákshafnarlína	10	
Ólafsvík — Grundarfjörður	26	
Laxá — Kópasker	98	
Seyðisfjarðarlína	8	
Grímsá — Eyvindará	20	
Suðurland, spennuhækkun	10	
Laxárvatnsvirkjun — Blönduós	25	
Hauganes — Grenivík	326	
		1 272
Aðveitustöðvar:		
Brúarland, Þistilfirði	3	
Vík í Mýrdal	60	
Hvolsvöllur	10	
Hella, Selfoss, spennuhækkun á Suðurlandi	61	
Grindavík	15	
Reykjanes, þéttavirki	2	
Saurbær	20	
Skagaströnd	13	
Akureyri	15	
Dalvík	417	
Ólafsfjörður	50	
Kópasker, þéttavirki	34	
Vopnafjörður	323	
Neskaupstaður	107	
Stuðlar, Reyðarfirði	11	
Eskifjörður	24	
Lagarfoss	87	
Eyvindará	15	
		1 267
Innanbæjarkerfi		1 830
Dísilstöðvar:		
Höfn í Hornafirði	91	
Kirkjubæjarklaustur	81	
Þórshöfn	30	
Grímsey	15	
		217
Vélar og tæki		200
Aðstöðusköpun		100
Samtals		4 926
Frá dregst: Lækkun framkvæmda		473
Framkvæmdir alls		4 453
Fjáröflun:		
Heimtaugargjöld	200	
Lántökur skv. lánsfjáráætlun	4 253	
Fjáröflun alls		4 453

I Opinberar framkvæmdir og lánsfjárþörf

Tafla 8 Framkvæmdir við byggðalínur 1980
Í m.kr.

Vesturlína	4 387
Norðurlína, aðveitustöð, háspennusími	40
Austurlína, aðveitustöð, Akureyri	32
Suðausturlína	1 120
Samtals	5 579
Frá dregst: Lækkun framkvæmda	558
Framkvæmdir alls	5 021

Tafla 9 Framkvæmdir Orkubús Vestfjarða 1980
Í m.kr.

Stofnlínur:		
Ísafjörður — Bolungarvík	40	
Mjólká — Tálknafjörður	5	
		45
Aðveitustöðvar:		
Ísafjörður	436	
Bolungarvík	40	
Patreksfjörður	5	
Tálknafjörður, hönnun	2	
		483
Innanbæjarkerfi		388
Dísilstöðvar		125
Vélar og tæki		30
Aðstöðusköpun		65
Orkuflutningur að kyndistöðvum		26
Fjarvarmaveitur		500
Framkvæmdir alls		1 662
Fjáröflun:		
Heimtaugargjöld		40
Þátttaka sveitarfélaga í götulýsingu		30
Lántökur skv. lánsfjáráætlun til raforkuframkvæmda		1 092
Heimæðagjöld vegna fjarvarmaveitu og önnur fjáröflun		75
Lántökur skv. lánsfjáráætlun til fjarvarmaveitna		425
Fjáröflun alls		1 662

II Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 10 Útlán fjárfestingarlánasjóða 1978—1980

		Greiðsluyfirlit				Lánsfjáráætlun	
		1978		1979		1980	
		m.kr.	Breyting frá fyrra ári, %	m.kr.	Breyting frá fyrra ári, %	m.kr.	Breyting frá fyrra ári, %
1	**Fjárfestingarlánasjóðir, alls**	**31 143**	**50,5**	**45 865**	**47,3**	**57 501**	**25,4**
2	**Íbúðalánasjóðir**	**9 744**	**48,6**	**16 496**	**69,3**	**23 410**	**41,9**
21	Byggingarsjóður ríkisins	9 100	46,3	15 317	68,3	22 254	45,3
22	Veðdeild Landsbanka Íslands	4		4		10	
23	Byggingarsjóður verkamanna	640	91,6	1 175	83,6	1 146	−2,5
3	**Atvinnuvegasjóðir**	**21 399**	**51,4**	**29 369**	**37,2**	**34 091**	**16,1**
31	Framkvæmdasjkerfið og Byggðasj.	20 230	51,8	27 465	35,8	31 228	11,9
3101	Stofnlánadeild landbúnaðarins	2 514	14,7	2 970	18,1	3 244	9,2
3102	Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	1		0		–	
3103	Fiskveiðasjóður Íslands	8 285	51,3	11 340	36,9	10 300	−10,2
3104	Iðnlánasjóður	1 893	42,8	3 256	72,0	6 425	97,3
3105	Verslunarlánasjóður	466	99,1	934	100,4	470	−49,7
3106	Stofnlánadeild samvinnufélaga	539	101,9	1 020	89,2	435	−57,3
3107	Ferðamálasjóður	250	187,4	283	13,2	659	132,9
3108	Lánasjóður sveitarfélaga	1 019	27,7	1 301	27,7	3 460	165,9
3109	Landflutningasjóður	–	–	–	–	300	–
3110	Byggðasjóður	2 764	29,6	5 555	101,0	4 935	−11,2
3111	Framkvæmdasjóður, bein lán	2 499	289,3	807	−67,7	1 000	23,9
	Framkvæmdasjóður, lán til sjóða	(5 311)	(−7,1)	(13 240)	(149,3)	(17 050)	(28,8)
32	Aðrir sjóðir	1 169	44,5	1 903	62,8	2 863	50,4
321	Iðnþróunarsjóður	930	43,5	1 522	63,7	2 500	64,3
322	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	19	−15,6	41	115,8	50	22,0
323	Veðdeild Iðnaðarbankans	136	65,8	209	53,7	50	−76,1
324	Iðnrekstrarsjóður	84	47,4	131	56,0	263	100,8

Tafla 11 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða: Lánsfjáráætlun 1980
Í m.kr.

		Eigin fjármögnun			Lántökur, brúttó							
		Rekstur og fjárm.hreyfingar nettó	Sjóðs- og innstæðubreytingar	Framlög og skatttekjur	Framkvæmdasjóður	Lífeyrissjóðir	Bankakerfið	Skyldusparnaður	Atvinnutryggingasjóður	Erlend lán	Samtals	Útlán
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1	**Fjárfestingarlánasjóðir, alls**	337	224	21 390	–	15 464	2 800	8 500	2 236	6 550	35 550	57 501
2	**Íbúðalánasjóðir**	−2 020	−2 193	9 587	–	7 300	–	8 500	2 236	–	18 036	23 410
21	Byggingarsjóður ríkisins	−2 310	−2 126[1])	8 654	–	7 300	–	8 500	2 236	–	18 036	22 254
22	Veðdeild Landsbanka Íslands	10	–	–	–	–	–	–	–	–	–	10
23	Byggingarsjóður verkamanna	280	−67	933	–	–	–	–	–	–	–	1 146
3	**Atvinnuvegasjóðir**	2 357	2 417	11 803	–	8 164	2 800	–	–	6 550	17 514	34 091
31	Framkvsjóðskerfið og Byggðasjóður	−261	2 297	11 678	(18 050)	8 164	2 800	–	–	6 550	17 514	31 228
3101	Stofnlánadeild landbúnaðarins	−2 772	100	2 492	2 960	464	–	–	–	–	3 424	3 244
3102	Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	−341	320[2])	21	–	–	–	–	–	–	–	–
3103	Fiskveiðasjóður Íslands	−1 360	200	4 560	6 900	–	–	–	–	–	6 900	10 300
3104	Iðnlánasjóður	1 560	140	1 125	3 600	–	–	–	–	–	3 600	6 425
3105	Verslunarlánasjóður	70	–	–	400	–	–	–	–	–	400	470
3106	Stofnlánadeild samvinnufélaga	24	11	–	400	–	–	–	–	–	400	435
3107	Ferðamálasjóður	−18	150	27	500	–	–	–	–	–	500	659
3108	Lánasjóður sveitarfélaga	576	76	818	1 990	–	–	–	–	–	1 990	3 460
3109	Landflutningasjóður	–	–	–	300	–	–	–	–	–	300	300
3110	Byggðasjóður	800	–	2 635	–	–	–	–	–	1 500	1 500	4 935
3111	Framkvsjóður, bein lán	–	–	–	1 000	–	–	–	–	–	1 000	1 000
	Framkvsjóður, lán alls	1 200	1 300[1])	–	–	7 700	2 800	–	–	5 050[4])	15 550	(18 050)
32	Aðrir sjóðir	2 618	120	125	–	–	–	–	–	–	–	2 863
321	Iðnþróunarsjóður	2 400	100	–	–	–	–	–	–	–	–	2 500
322	Framleiðnisjóður landbúnaðarins	5	20	25	–	–	–	–	–	–	–	50
323	Veðdeild Iðnaðarbankans	50	–	–	–	–	–	–	–	–	–	50
324	Iðnrekstrarsjóður	163	–	100[3])	–	–	–	–	–	–	–	263

[1]) Innifalið í innstæðubreytingum er lán frá Byggingarsjóði ríkisins til Framkvæmdasjóðs, 1 000 m.kr., vegna skyldusparnaðar 1979.
[2]) Yfirdráttur.
[3]) Til viðbótar eru áform um framlag að fjárhæð 500 m.kr. af aðlögunargjaldi.
[4]) Ríkisstjórnin hefur ákveðið að fresta framkvæmd þessarar lántöku að hálfu leyti fram á fyrstu mánuði ársins 1981 og eru lántökuheimildir miðaðar við það. Hvernig þessi frestun skiptist á sjóði fer eftir ákvörðun Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Tafla 12 Fjáröflun og útlán fjárfestingarlánasjóða 1979

Í m.kr.

		Eigin fjármögnun			Lántökur, brúttó								
		Rekstur og fjárm-hreyfingar nettó	Sjóðs-og innstæðu-breytingar (−=hækkun)	Framlög og skatt-tekjur	Fram-kvæmda-sjóður	Líf-eyris-sjóðir	Banka-kerfið	Skyldu-sparn-aður	Atvinnul-trygginga-sjóður	Önnur innlend lán	Erlend lán	Alls	Útlán
		(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)	(12)
1	**Fjárfestingarlánasjóðir, alls**	**5 896**	**−5 140**[1])	**17 136**	**–**	**12 372**	**2 131**	**5 896**	**1 784**	**41**	**5 749**	**27 973**	**45 865**
2	**Íbúðalánasjóðir**	**−690**	**−1 684**	**7 070**	**–**	**4 094**	**–**	**5 881**	**1 784**	**41**	**–**	**11 800**	**16 496**
21	Byggingarsjóður ríkisins	−1 015	−1 553[a])	6 085	–	4 094	–	5 881	1 784	41	–	11 800	15 317
22	Veðdeild Landsbanka Íslands .	4	–	–	–	–	–	–	–	–	–	–	4
23	Byggingarsjóður verkamanna .	321	−131	985	–	–	–	–	–	–	–	–	1 175
3	**Atvinnuvegasjóðir**	**6 586**	**−3 456**	**10 066**	**–**	**8 278**	**2 131**	**15**	**–**	**–**	**5 749**	**16 173**	**29 369**
31	Framkvsjkerfið og Byggðasj.	4 950	−3 412	9 985	(14 047)	8 047	2 131	15	–	–	5 749	15 942	27 465
3101	Stofnlánad. landbúnaðarins	−1 256	−271	1 792	1 950	740[2])	–	15	–	–	–	2 705	2 970[2])
3102	Veðdeild Búnaðarbanka Íslands	−154	144[b])	10	–	–	–	–	–	–	–	–	0
3103	Fiskveiðasjóður Íslands ...	2 196	−2 022	4 286	6 880	–	–	–	–	–	–	6 880	11 340
3104	Iðnlánasjóður	817	−22	813	1 300	348	–	–	–	–	–	1 648	3 256
3105	Verslunarlánasjóður	48	48	–	100	738	–	–	–	–	–	838	934
3106	Stofnlánad. samvinnufélaga	15	−35	–	100	940	–	–	–	–	–	1 040	1 020
3107	Ferðamálasjóður	112	−234	25	380	–	–	–	–	–	–	380	283
3108	Lánasjóður sveitarfélaga ..	534	−214	601	380	–	–	–	–	–	–	380	1 301
3109	Byggðasjóður	1 449	−502[b])	2 458	2 150[3])	–	–	–	–	–	–	2 150	5 555[3])
3110	Framkvsjóður, bein lán ...	–	–	–	807	–	–	–	–	–	–	807	807
	Framkvsjóður, lán alls	1 190	−304[a])	–	–	5 281	2 131	–	–	–	5 749	13 161	(14 047)
32	Aðrir sjóðir	1 635	−44	81	–	231	–	–	–	–	–	231	1 903
321	Iðnþróunarsjóður	1 569	−47	–	–	–	–	–	–	–	–	–	1 522
322	Framleiðnisj. landbúnaðarins	0	10	31	–	–		–	–	–	–	–	41
323	Veðdeild Iðnaðarbankans ..	46	−68	–	–	231	–	–	–	–	–	231	209
324	Iðnrekstrarsjóður	20	61	50	–	–	–	–	–	–	–	–	131

[1]) Í þessari tölu eru innifaldar endurgreiðslur yfirdráttarlána við bankakerfið að fjárhæð 903 m. kr. Hækkun sjóðs og innstæðna er því 4237 m. kr. Innbyrðis lán fjárfestingarlánasjóða önnur en þau sem Framkvæmdasjóður veitir, en þau eru sýnd í 4. dálki töflunnar, eru innifalin í sjóðs- og innstæðubreytingu viðkomandi sjóða: a) Lán Byggingarsjóðs ríkisins til Framkvæmdasjóðs 810 m. kr. b) Lán Byggðasjóðs til Veðdeildar Búnaðarbankans 200 m. kr. Þessi lánsviðskipti sléttast út við samlagningu. 2) Í útlánum Stofnlánadeildar landbúnaðarins og lántöku frá lífeyrissjóðum eru innifalin lán sem deildin sér um fyrir Lífeyrissjóð bænda að fjárhæð 250 m. kr. Í lánum frá Framkvæmdasjóði eru talin sérstök lán sem Stofnlánadeild landbúnaðarins endurlánaði til hænsna- og refabúa að fjárhæð 150 m. kr. 3) Í útlánum og lántökum Byggðasjóðs er 1 481 m. kr. lán til Orkusjóðs v/byggðalína. Lántakan var erlend með milligöngu Framkvæmdasjóðs.

II Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir

Tafla 13 Ráðstöfunarfé lífeyrissjóða 1976—1980
Í m. kr.

	1976	1977	Bráðabirgða 1978	Áætlun 1979	Spá 1980
1 Eigið framlag, nettó	3 210	5 025	8 900	15 000	25 000
11 Afborganir af veittum lánum	1 130	1 720	2 500	3 850	5 500
12 Vextir og vísitölutekjur	2 610	4 070	7 500	12 550	21 500
13 Kostnaður o. fl., nettó	−530	−765	−1 100	−1 400	−2 000
2 Framlög, nettó	5 340	7 480	12 500	19 000	25 000
21 Innkomin iðgjöld	7 565	11 010	18 500	28 900	39 500
22 Lífeyrisgreiðslur	−2 100	−3 450	−5 900	−9 750	−14 300
23 Endurgreidd iðgjöld	−125	−80	−100	−150	−200
3 Ráðstöfunarfé, alls	8 550	12 505	21 400	34 000	50 000
4 Útlán og skuldabréfakaup	8 150	11 600	17 700	28 200	47 000
41 Fjárfestingarlánasjóðir	2 058	3 091	6 270	12 372	15 464
42 Opinberir aðilar	–	–	–	–	6 000
43 Önnur lán	6 092	8 509	11 430	15 828	25 536
5 Innstæðu- og sjóðsbreytingar	400	905	3 700	5 800	3 000

III Peningamál

Tafla 14 Bankakerfið 1978—1980

		Staða 31. des. 1978 í milljörðum króna	Staða 31. des 1979 í milljörðum króna	Hreyfingar í milljörðum króna að frátöldum bókhaldsbreytingum vegna gengis		
				1978	1979	1980
1	Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	20,4	44,3	14,5	17,0	15
2	Innlendir liðir, nettó	140,2	207,6	37,9	73,9	85
21	Lán bankakerfisins	171,9	257,0	45,7	80,1	75
211	Seðlabanki	30,0	30,0	4,6	−0,5	−8
212	Innlánsstofnanir	141,9	227,0	41,1	80,6	83
22	Ýmsir sjóðir	−22,6	−31,2	−9,9	−6,3	6
23	Annað nettó	−9,1	−18,2	2,1	0,1	4
3	Peningamagn og sparifé (M3)	160,6	251,9	52,4	90,9	100
31	Sparifé á uppsagnarreikningum	48,3	81,9	18,7	33,6	40
32	Peningamagn og almennt sparifé (M2)	112,3	170,0	33,7	57,3	60
321	Almennt sparifé	69,4	105,6	21,4	35,7	40
322	Peningamagn (M1)	42,9	64,4	12,3	21,6	20
				Hreyfingar í %		
	Innlendir liðir			37,0	48,1	41
	Lán bankakerfisins			38,6	46,5	29
	Peningamagn (M1)			40,3	50,4	31
	Peningamagn og almennt sparifé (M2)			43,3	51,5	35
	Peningamagn og sparifé (M3)			48,7	56,9	40

Innstæður fjárfestingarlánasjóða eru hér ekki taldar í peningamagni heldur ýmsum sjóðum ásamt sjóðum í opinberri vörslu.

Tafla 15 Seðlabankinn 1978—1980

		Staða 31. des. 1978 í milljörðum króna	Staða 31. des 1979 í milljörðum króna	Hreyfingar í milljörðum króna að frátöldum bókhaldsbreytingum vegna gengis		
				1978	1979	1980
1	Erlendar eignir til skamms tíma, nettó	17,0	40,0	14,2	16,5	15
2	Innlendir liðir, nettó	41,7	46,6	6,6	11,1	13
21	Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó[1])	27,9	28,3	5,0	−0,1	−8
22	Kröfur á fjárfestingarlánasjóði	2,0	1,6	−0,4	−0,4	–
23	Kröfur á innlánsstofnanir	45,0	68,1	12,4	18,3	13
231	Endurkaup	39,7	58,7	13,2	14,5	15
232	Aðrar kröfur	5,2	9,4	−0,8	3,8	−2
24	Kröfur á aðra aðila	0,1	0,1	–	–	–
25	Sjóðir í opinberri vörslu (innstæða=–)	−19,6	−23,9	−10,1	−2,1	6
26	Innstæður fjárfestingarlánasjóða (=–)	−3,0	−7,3	0,2	−4,2	–
27	Annað, nettó	−10,7	−20,3	−0,5	−0,4	2
3	Grunnfé	58,7	86,6	20,8	27,6	28
31	Innlánsstofnanir	46,5	70,9	17,3	24,0	23
311	Bundnar innstæður	32,9	53,3	10,4	20,4	19
312	Aðrar innstæður, þ. m. t. ríkisvíxlar	13,6	17,6	6,9	3,6	4
32	Seðlar og mynt í umferð	12,2	15,7	3,5	3,6	5
				Hreyfingar í %		
	Endurkaup			50,0	36,5	26
	Grunnfé			55,0	46,5	33
	Seðlar og mynt í umferð			40,1	29,2	32
	Bundnar innstæður			46,3	62,0	36

[1]) Að meðtöldum ríkisvíxlum í eigu innlánsstofnana.

III Peningamál

Tafla 16 Innlánsstofnanir 1978—1980

		Staða 31. des. 1978 í milljörðum króna	Staða 31. des 1979 í milljörðum króna	Hreyfingar í milljörðum króna að frátöldum bókhaldsbreytingum vegna gengis		
				1978	1979	1980
1	Lausafjárstaða gagnvart Seðlabanka	9,6	8,9	6,1	−0,7	4
11	Veltufjármunir	12,7	14,2	6,1	1,5	–
12	Skuldir	−3,1	−5,7	–	−2,6	–
13	Ríkisvíxlar	–	0,3	–	0,3	4
2	Lausafjárstaða gagnvart útlöndum	3,4	4,3	0,7	0,5	–
3	Bundnar innstæður vegna bindisskyldu	32,9	53,3	10,4	20,4	19
4	Aðrar innstæður í Seðlabanka	0,9	3,0	0,8	1,7	–
5	Útlán	141,9	227,0	41,1	80,6	83
51	Löng lán til opinberra framkvæmda	–	–	–	–	6
52	Endurseld lán	39,7	58,7	13,2	14,5	15
53	Önnur	102,2	168,3	27,9	66,1	62
6	Eignir = skuldir	188,7	296,5	59,0	102,5	106
7	Heildarinnstæður	148,4	236,2	48,9	87,3	95
8	Endurkaup Seðlabanka	39,7	58,7	13,2	14,5	15
9	Verðbréfakaup Seðlabanka	2,1	3,6	−0,8	1,2	−2
10	Eigið fé og annað, nettó	−1,5	−2,0	−2,3	−0,5	−2
				Hreyfingar í %		
	Útlán			40,7	60,0	37
	Útlán án endurkaupa og lána til opinberra framkvæmda			37,4	64,7	37
	Heildarinnstæður			49,3	58,8	40
	Spariinnlán á almennum bókum			45,3	52,2	38
	Spariinnlán á uppsagnarreikningum			63,2	69,5	49

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 17 Löng erlend lán flokkuð eftir notendum
Í m.kr.

	Reikningur 1978	Bráðab. tölur 1979	Lánsfjár-áætlun 1980
I Opinberir aðilar, nettó	12 501	17 135	34 505
Innkomin	17 849	29 334	48 295
Afborganir	5 348	12 199	13 790
1. Ríkissjóður og ríkisstofnanir, nettó	701	1 264	−932
Innkomin	1 951	2 906	820
Afborganir	1 250	1 642	1 752
2. Ríkisfyrirtæki, nettó	7 943	12 804	31 338
Innkomin	10 756	20 471	39 475
Afborganir	2 813	7 667	8 137
3. Fyrirtæki sveitarfélaga, nettó	4 274	3 092	4 415
Innkomin	5 142	5 695	8 000
Afborganir	868	2 603	3 585
4. Sveitarfélög	−417	−25	−316
Innkomin	–	262	–
Afborganir	417	287	316
II Atvinnuvegir, nettó	4 652	8 713	8 192
Innkomin	14 854	21 977	33 230
Afborganir	10 202	13 264	25 038
III Framkvæmdasjóður, nettó	893	3 791	−3 743
Innkomin	2 087	5 663	2 525
Afborganir	1 194	1 872	6 268
IV Fiskveiðasjóður, nettó	877	−271	−348
Innkomin	1 086	–	–
Afborganir	209	271	348
V Aðrar lánastofnanir, nettó	−543	−704	599
Innkomin	–	–	1 500
Afborganir	543	704	901
VI Löng lán alls, nettó	18 380	28 664	39 205
Innkomin	35 876	56 974	85 550
Afborganir	17 496	28 310	46 345
Meðtalin að ofan lán viðskiptabanka	1 596	1 956	...
Innkomin	5 887	8 430	...
Afborganir	4 291	6 474	8 890

Ath.: Lántaka Framkvæmdasjóðs vegna stéttarsamtaka bænda eru hér færð undir atvinnuvegi þar sem aðeins er um milligöngu Framkvæmdasjóðs að ræða.

IV Erlend lán og greiðslujöfnuður

Tafla 18 Greiðslujöfnuður við útlönd
Í m.kr.

	1978	Bráðab. tölur 1979	Lánsfjár-áætlun 1980
Innfluttar vörur alls, f.o.b.	−167 625	−269 180	−394 000
Sérstakur innflutningur	−23 440	−38 850	−66 000
Skip og flugvélar	−6 385	−12 705	−20 000
Vegna Þjórsárvirkjana	−460	−1 150	−6 000
Vegna Kröfluvirkjunar	−105	–	–
Vegna Járnblendiverksmiðju	−3 440	−4 842	−10 000
Vegna álbræðslu	−13 050	−20 153	−30 000
Almennur innflutningur	−144 185	−230 330	−328 000
Útfluttar vörur alls, f.o.b.	176 285	278 450	401 000
(Þar af ál)	(23 652)	(37 455)	(52 000)
Vöruskiptajöfnuður	8 660	9 270	7 000
Þjónustujöfnuður	−790	−16 490	−23 000
Innflutt þjónusta	−74 310	−123 655	−183 000
Útflutt þjónusta	73 520	107 165	160 000
Viðskiptajöfnuður	7 870	−7 220	−16 000
Viðskiptajöfnuður % af VÞF	1,4	−0,9	−1,3
Framlög án endurgjalds, nettó	−255	−1 000	−1 000
Fjármagnsjöfnuður	6 855	24 110	30 415
Til útlanda, alls	−31 241	−38 294	−59 135
Frá útlöndum, alls	38 096	62 404	89 550
Erlent einkafjármagn, langtíma	2 150	5 430	4 000
Erlent einkafjármagn, rekstrarfé	70	−4 060	...
Langar lántökur, nettó	18 380	28 664	39 205
Innkomin löng lán, alls	35 876	56 974	85 550
Afborganir	−17 496	−28 310	−46 345
Innkomin lán einkaaðila[1])	14 854	21 977	33 230
Afborganir af lánum einkaaðila[1])	−10 202	−13 264	−25 038
Innkomin lán opinberra aðila[1])	17 849	29 334	48 295
Afborganir af opinberum lánum[1])	−5 348	−12 199	−13 790
Innkomin lán lánastofnana[1])	3 178	5 663	4 025
Afborganir af lánum lánastofnana[1])	−1 946	−2 847	−7 517
Aðrar stuttar fjármagnshreyfingar, nettó	−13 745	−5 924	−12 790
Úthlutun sérstakra dráttarréttinda við IMF	–	1 248	1 585
Heildargreiðslujöfnuður	14 470	17 138	15 000

[1]) Flokkun er hér gerð eftir notendum.

V Lánsfjármarkaðurinn

Tafla 19 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra
Yfirlit 1977, 1978, 1979 og 1980
Nettó hreyfingar í m.kr.

		Bráðabirgðatölur			Lánsfjár-áætlun
		1977	1978	1979	1980
Lánþegar					
1	Opinberir aðilar	18 020	26 645	32 452	39 805
11	Ríkissjóður og ríkisstofnanir	4 395	13 078	10 174	7 413
12	Ríkisfyrirtæki	7 903	5 692	12 317	30 838
13	Sveitarfélög	1 816	2 627	2 047	2 039
14	Fyrirtæki sveitarfélaga	3 906	5 248	7 914	−485
2	Einkaaðilar, alls	50 405	62 846	121 189	137 222
21	Atvinnufyrirtæki	33 403	37 093	76 722	78 052
22	Íbúðaeigendur	15 000	22 802	38 125	54 000
23	Aðrir einkaaðilar	2 002	2 951	6 342	5 170
3	Lán alls (1+2=4+5)	68 425	89 491	153 641	177 027
Lánveitendur					
4	Innlend lán, alls	56 385	85 583	133 717	147 120
41	Lánastofnanir	52 077	78 281	127 546	139 975
411	Bankakerfi	29 291	44 303	79 059	72 500
412	Fjárfestingarlánasjóðir	15 688	24 488	35 494	39 975
413	Lífeyrissjóðir	7 098	9 490	12 993	27 500
42	Ríki	1 737	2 555	−298	200
43	Einkaaðilar	2 571	4 747	6 469	6 945
5	Erlend lán, alls	12 040	3 908	19 924	29 907
51	Löng erlend lán	16 835	17 153	25 848	42 697
52	Stutt erlend lán	−4 795	−13 245	−5 924	−12 790

Tafla 20 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra
Lánsfjáráætlun 1980
Nettó hreyfingar í m.kr.

Lánveitendur \ Lánþegar	Ríkissj. og ríkisst.	Ríkis-fyrir-tæki	Sveitar-félög	Fyrirtæki sveitar-félaga	Opinb. aðilar alls (1–4)	Atvinnu-fyrir-tæki	Íbúða-eig.	Aðrir einka-aðilar	Einka-aðilar alls (6–8)	Samtals (5)+(9)	Lána-stofn-anir
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1 Innlend lán, alls	8 345	−500	2 355	–	10 200	77 750	54 000	5 170	136 920	147 120	·
11 *Lánastofnanir*	1 400	−500	2 355	–	3 255	77 720	54 000	5 000	136 720	139 975	·
111 Bankakerfið	−4 100	−400	–	–	−4 500	62 000	10 000	5 000	77 000	72 500	2 000
1111 Seðlabanki	−8 100	−400	–	–	−8 500	–	–	–	–	−8 500	–
1112 Innlánsstofnanir	4 000	–	–	–	4 000	62 000	10 000	5 000	77 000	81 000	2 000
112 Fjárfestingarlánasjóðir	–	−100	2 355	–	2 255	15 720	22 000	–	37 720	39 975	–
113 Lífeyrissjóðir	5 500	–	–	–	5 500	–	22 000	–	22 000	27 500	14 000
12 Ríki			–	–	–	30	–	170	200	200	2 100
13 Einkaaðilar	6 945	–	–	–	6 945	–	–	–	–	6 945	4 100
2 Erlend lán, alls	−932	31 338	−316	−485	29 605	302	–	–	302	29 907	−18 492
21 Löng erlend lán	−932	31 338	−316	4 415	34 505	8 192	–	–	8 192	42 697	−3 492
22 Stutt erlend lán	–	–	–	−4 900	−4 900	−7 890	–	–	−7 890	−12 790	−15 000
3 Samtals (1+2)	7 413	30 838	2 039	−485	39 805	78 052	54 000	5 170	137 222	177 027	

Tafla 21 Lán til endanlegra lánþega og lánveitendur þeirra
Bráðabirgðatölur 1979
Nettó hreyfingar í m.kr.

Lánveitendur \ Lánþegar	Ríkissj. og ríkisst.	Ríkis-fyrir-tæki	Sveitar-félög	Fyrirtæki sveitar-félaga	Opinb. aðilar alls (1–4)	Atvinnu-fyrir-tæki	Íbúða-eig.	Aðrir einka-aðilar	Einka-aðilar alls (6–8)	Samtals (5)+(9)	Lána-stofn-anir
	(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	(6)	(7)	(8)	(9)	(10)	(11)
1 Innlend lán, alls	8 910	−506	2 072	408	10 884	78 366	38 125	6 342	122 833	133 717	·
11 Lánastofnanir	2 441	−506	2 098	–	4 033	79 125	38 125	6 263	123 513	127 546	·
111 Bankakerfið	1 224	−400	1 176	–	2 000	59 360	11 436	6 263	77 059	79 059	999
1111 Seðlabanki	14	−400	−8	–	−394	−65	–	–	−65	−459	−347
1112 Innlánsstofnanir	1 210	–	1 184	–	2 394	59 425	11 436	6 263	77 124	79 518	1 346
112 Fjárfestingarlánasjóðir	1 177	−106	902	–	1 973	19 365	14 156	–	33 521	35 494	−17
113 Lífeyrissjóðir	40	–	20	–	60	400	12 533	–	12 933	12 993	11 357
12 Ríki	·	·	−26	408	382	−759	–	79	−680	−298	1 707
13 Einkaaðilar	6 469	–	–	–	6 469	–	–	–	–	6 469	2 784
2 Erlend lán, alls	1 264	12 823	−25	7 506	21 568	−1 644	–	–	−1 644	19 924	−14 322
21 Löng erlend lán	1 264	12 804	−25	3 092	17 135	8 713	–	–	8 713	25 848	2 816
22 Stutt erlend lán	–	19	–	4 414	4 433	−10 357	–	–	−10 357	−5 924	−17 138
3 Samtals (1+2)	10 174	12 317	2 047	7 914	32 452	76 722	38 125	6 342	121 189	153 641	

VI Fjármunamyndun

Tafla 22 Byggingar og mannvirki hins opinbera 1978—1980
Í m.kr.

	Verðlag hvers árs			Verðlag ársins 1978		
	1978	Bráðab.-tölur 1979	Spá 1980	1978	Bráðab.-tölur 1979	Spá 1980
Hreinar ríkisframkvæmdir						
Rafvirkjanir og rafveitur	12 525	20 700	44 015	12 525	14 250	20 920
Þar af: Þjórsárvirkjanir	(4 900)	(10 350)	(31 067)	(4 900)	(7 170)	(14 835)
Kröfluvirkjun	(1 900)	(2 300)	(1 575)	(1 900)	(1 600)	(750)[1]
Vegir og brýr	4 925	6 200	11 960	4 925	4 290	5 700
Hafnir og vitar	350	220	700	350	150	330
Flugvellir	520	800	1 410	520	550	665
Póstur, sími, útvarp og sjónvarp	2 565	4 600	4 810	2 565	3 150	2 270
Skólar	940	1 600	3 000	940	1 085	1 405
Sjúkrahús	495	670	1 200	495	455	560
Ýmsar byggingar hins opinbera	760	620	800	760	420	375
Samtals	23 080	35 410	67 895	23 080	24 350	32 225
Sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga	8 347	11 510	16 960	8 347	7 830	7 955
Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga	17 303	24 000	40 175	17 303	16 400	18 915
Framkvæmdir á vegum samtaka	880	1 080	1 560	880	735	730
Byggingar og mannvirki hins opinbera, alls	49 610	72 000	126 590	49 610	49 315	59 825

[1]) *Frá og með árinu 1980 teljast vaxtagreiðslur vegna Kröfluvirkjunar ekki fjármunamyndun.*

Tafla 23 Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga og sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga 1978—1980
Í m.kr.

	Verðlag hvers árs			Verðlag ársins 1978		
	1978	Bráðab.-tölur 1979	Spá 1980	1978	Bráðab.-tölur 1979	Spá 1980
Rafvirkjanir og rafveitur	2 475	2 800	5 700	2 475	1 900	2 670
Hita- og vatnsveitur	9 000	13 300	22 775	9 000	9 050	10 680
Gatna- og holræsagerð	5 000	7 000	10 800	5 000	4 840	5 150
Hafnarframkvæmdir	2 450	3 180	3 630	2 450	2 165	1 700
Skólar og íþróttamannvirki	3 820	5 400	7 730	3 820	3 670	3 625
Sjúkrahús	1 955	2 730	4 600	1 955	1 855	2 155
Ýmsar byggingar hins opinbera	950	1 100	1 900	950	750	890
Samtals	25 650	35 510	57 135	25 650	24 230	26 870
Framkvæmdir á vegum sveitarfélaga	17 303	24 000	40 175	17 303	16 400	18 915
Sameiginlegar framkv. ríkis og sveitarfélaga	8 347	11 510	16 960	8 347	7 830	7 955
Heildarframkvæmdir	25 650	35 510	57 135	25 650	24 230	26 870

VI Fjármunamyndun

Tafla 24 Fjármunamyndun 1978—1980
Í m.kr.

	Verðlag hvers árs			Magnbreytingar frá fyrra ári %		
	1978	Bráðab.-tölur 1979	Spá 1980	1978	Bráðab.-tölur 1979	Spá 1980
Fjármunamyndun, alls	**150 540**	**212 940**	**327 340**	**−7,1**	**−1,6**	**6,8**
Þjórsárvirkjanir, Kröfluvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	15 460	24 910	49 140	2,4	11,5	37,1
Innflutningur skipa og flugvéla	6 385	8 505	20 000	−65,1	−8,2	68,1
Önnur fjármunamyndun	128 695	179 525	258 200	3,4	−2,8	−0,3
I Atvinnuvegir	**66 950**	**91 940**	**131 850**	**−4,3**	**−2,7**	**0,8**
1. Landbúnaður	9 250	11 500	14 800	−2,7	−12,4	−10,0
2. Fiskveiðar	10 720	16 500	19 400	−34,7	3,1	−18,2
3. Vinnsla sjávarafurða	6 390	10 200	14 300	−11,1	20,0	0
4. Álverksmiðja	790	4 960	8 500	157,1	327,8	21,0
5. Járnblendiverksmiðja	7 870	7 300	8 000	149,3	−35,6	−22,6
6. Annar iðnaður (en 3.-5.)	10 140	14 550	21 450	11,3	2,6	3,4
7. Flutningatæki	8 250	9 730	20 700	−32,2	−11,6	52,1
8. Verslunar-, skrifstofu- gistihús o. fl.	8 190	9 800	13 500	12,1	−18,5	−5,1
9. Ýmsar vélar og tæki	5 350	7 400	11 200	18,8	−5,1	5,4
II Íbúðarhús	**33 980**	**49 000**	**68 900**	**−0,8**	**−1,8**	**−3,1**
III Byggingar og mannvirki hins opinbera	**49 610**	**72 000**	**126 590**	**−15,1**	**0,6**	**21,3**
1. Rafvirkjar og rafveitur	15 000	23 500	49 715	−27,9	9,4	45,9
2. Hita- og vatnsveitur	9 000	13 300	22 775	−3,9	0,6	18,1
3. Samgöngumannvirki	15 810	22 000	33 510	−6,1	−2,9	5,0
4. Byggingar hins opinbera	9 800	13 200	20 590	−10,9	−8,5	7,6

Aths.: Magnbreytingar 1978 og 1979 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1969, en magnbreytingar 1980 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1979.

Sþ. 411. Nefndarálit [153. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda Evrópusamning um varnir gegn hryðjuverkum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 5. maí 1980.

Geir Hallgrímsson, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Ey. Kon. Jónsson.
Benedikt Gröndal. Ólafur Ragnar Grímsson.

Sþ. 412. Nefndarálit [156. mál]

um till. til þál. um staðfestingu á samkomulagi um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt.

Alþingi, 5. maí 1980.

Geir Hallgrímsson, form., frsm. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Ey. Kon. Jónsson.
Benedikt Gröndal. Ólafur Ragnar Grímsson.

Ed. 413. Breytingartillögur [18. mál]

við frv. til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Guðmundi Karlssyni og Salome Þorkelsdóttur.

1. Við 55. gr. 6. mgr. falli niður.
2. Við 73. gr. 4. mgr. orðist svo:
   Ráðherra er heimilt að skipta stofnuninni í deildir að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.
3. Við 74. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Ráðherra skipar stjórn stofnunarinnar þannig:
   Þrjá stjórnarmenn tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands, tvo stjórnarmenn tilnefnda af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn stjórnarmann tilnefndan af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, einn stjórnarmann tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn stjórnarmann tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn stjórnarmann án tilnefningar. Varamenn í stjórnina skulu skipaðir á sama hátt.
4. Við 77. gr. 4. mgr. falli niður.
5. Við 100. gr. 1. málsl. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

6. Við bráðabirgðaákvæði.
   a) Við 3. tl. Í stað „300 milljónir króna“ komi: 500 milljónir króna.
   b) Nýr töluliður komi er orðist svo:
      Lög þessi skal endurskoða í samráði við aðila vinnumarkaðarins og stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra.

Ed. 414. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 9 13. febr. 1970, um Iðnþróunarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningnum sem gerðar voru í Reykjavík 29. apríl 1980.

Texti breytinganna fylgir lögum þessum og teljast þær hluti af þeim. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði samningsins þannig breytt hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

A. 5. mgr. 2. liðs samningsins orðist svo:
   Ábyrgð Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á skuldbindingum sjóðsins er takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma. Ísland er á sama hátt ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins með sínum hluta stofnfjárins og ber auk þess eitt ábyrgð á þeim skuldbindingum umfram stofnféð, sem sjóðurinn kann að taka á sig vegna ábyrgða og lántöku sbr. 4. lið.

B. 4. liður samningsins orðist svo:

4. Starfshættir.

Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:
   a) að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila
   b) að ábyrgjast lán sem veitt eru af öðrum aðilum.

Fé til lánveitinga fær sjóðurinn af stofnfé sínu, tekjum og með lántökum og skulu lánveitingar ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins og þess fjár er hann tekur að láni og forðast ónauðsynlega áhættu.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum eða framlög, m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meira en 10% af stofnfénu. Frá og með árinu 1980 er í sama tilgangi heimilt að ráðstafa til viðbótar 10% af eigin fé sjóðsins eins og það verður í byrjun ársins 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða, sem hafa sama tilgang og sjóðurinn.

Sjóðurinn skal hafa náið samstarf við íslenskar lánastofnanir sem veita lán til iðnaðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með samningi ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, dagsettum 12. desember 1969, var stofnaður norrænn iðnþróunarsjóður fyrir Ísland. Eru því um þessar mundir liðin 10 ár frá stofnun sjóðsins. Stofnun hans skapaði á sínum tíma ný viðhorf varðandi möguleika íslenskra iðnfyrirtækja til að fjármagna uppbyggingu og endurnýjun.

Sjóðurinn hefur tekið virkan þátt í margvíslegum verkefnum til eflingar íslenskum iðnaði. Megin viðfangsefnið samkvæmt stofnsamningi er að efla útflutningsiðnað og auðvelda aðlögun að breyttum markaðsaðstæðum á innlendum markaði vegna tollalækkana við aðild Íslands að EFTA.

Ráðstöfunarfé sjóðsins frá upphafi hefur einungis verið stofnfé hans, sem nemur jafnvirði 14 milljóna Bandaríkjadala, auk árlegra vaxta og afborgana af veittum lánum.

Upphæð samþykktra lána nemur alls 6 059 millj. kr. á verðlagi hvers árs. Til samanburðar má nefna að upphæð útborgaðra lána, umreiknuð til verðlags ársins 1979 miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, nemur 20 999 millj. kr.

Á eftirfarandi yfirliti er sýnt hvernig útlán skiptast milli einstakra iðngreina.

Hlutfallsleg skipting samþykktra lána 1970—1979.

		%
1.	Matvælaiðnaður	8.2
2.	Vefjar- og fataiðnaður	25.6
3.	Húsgagna- og innréttingaiðnaður	7,9
4.	Pappírs- og umbúðaiðnaður	9.6
5.	Skinna- og leðuriðnaður	1 7
6.	Efnaiðnaður	9.1
7.	Steinefnaiðnaður	3.5
8.	Málmiðnaður	11.8
9.	Skipasmíðaiðnaður	8.6
10.	Annar iðnaður	7.5
11.	Lán til annarra sjóða	6.6
	Samtals	100.0

Af þessu yfirliti má sjá að hlutfallslega hafa flest lán og mest fjármagn verið lánað til vefjar- og fataiðnaðar, eða u. þ. b. 25%. Hér er fyrst og fremst um að ræða uppbyggingu í ullariðnaði, bæði ullarvinnslu og fataframleiðslu úr ull. Árangur þessarar uppbyggingar hefur hvað best komið í ljós á síðustu árum, en ullarafurðir eiga drýgstan þátt í þeirri aukningu á útflutningi iðnaðarvara sem orðið hefur á s. l. 10 árum.

Ef undan er skilinn vefjar- og fataiðnaður, skinna- og leðuriðnaður og hluti matvælaiðnaðar, þ. e. lagmetisiðnaður, þá hefur meginþorri lánveitinga verið til iðnaðar sem aðallega framleiðir fyrir innanlandsmarkað. Þar má fyrst nefna málmiðnaðinn, sem ásamt skipasmíðaiðnaði byggist að verulegu leyti á þjónustu og framleiðslu fyrir fiskveiðar og fiskvinnslu, og gegnir þannig mikilvægu hlutverki fyrir útflutningsframleiðslu landsins. Lán til umbúðaiðnaðar hafa með sama hætti tengst útflutningsframleiðslu, þar sem drjúgum hluta lánveitinga til þeirrar iðngreinar hefur verið varið til uppbyggingar á umbúðaframleiðslu fyrir fiskafurðir,

auk þess sem fiskumbúðir hafa verið fluttar út. Í heild má áætla að um 40% af lánum sjóðsins hafi verið veitt vegna útflutningsiðnaðar og um 60% vegna heimamarkaðsiðnaðar.

Til þessa hefur sjóðurinn getað annað eftirspurn lána til arðvænlegra framkvæmda í iðnaði. Nú er hins vegar svo komið, að fyrirsjáanlegt er að svo verði ekki næstu árin. Stafar það í fyrsta lagi af því að á þessu ári munu hefjast endurgreiðslur stofnfjárins og í öðru lagi vegna aukinnar eftirspurnar eftir lánsfé til framkvæmda í iðnaði. Vegna þessa var talin ástæða til að afla heimilda til lántöku til að fjármagna almenna lánastarfsemi og til að endurlána til sérstakra framkvæmda í iðnaði.

Í stofnsamningi Iðnþróunarsjóðs er kveðið svo á að sjóðnum sé heimilt að ráðstafa allt að 10% af stofnfé sínu til styrkveitinga og til lána með sérstökum kjörum. Eins og fram kom í þeim iðngreinaathugunum, sem gerðar voru á árinu 1971, var talið að víða væri mikil þörf fyrir rekstrarráðgjöf og meiri stjórnunarþekkingu. Var fljótlega mótuð sú stefna að verja því fjármagni sem til ráðstöfunar var til styrkveitinga í margvísleg verkefni á þessum sviðum. Leitað var samstarfs við samtök iðnaðarins og voru skipulögð verkefni fyrir einstakar iðngreinar, t. d. húsgagnaiðnað, málmiðnað, fataiðnað o. fl. Ráðnir voru innlendir og erlendir rekstrarráðgjafar og héldu þeir námskeið fyrir stjórnendur og veittu auk þess ráðgjafaþjónustu í fyrirtækjum. Oftast greiddi Iðnþróunarsjóður helming kostnaðar við beina ráðgjafaþjónustu, en kostnaður við gerð kennslugagna og annan undirbúning var greiddur að fullu. Í sambandi við iðngreinaverkefni af þessu tagi voru skipulagðar kynnisferðir fyrir framleiðendur til Norðurlanda.

Ýmsar aðgerðir hafa verið hafnar til eflingar útflutningi, bæði af hálfu Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins og af einstökum iðnfyrirtækjum. Hefur Iðnþróunarsjóður veitt styrki til slíkrar starfsemi, svo sem til markaðsathugana og kynningarstarfsemi.

Loks má nefna lán og styrki til vöruþróunar. Veittir hafa verið styrkir vegna frumrannsókna á nýtingu innlendra hráefna og vegna framleiðslutilrauna. Má í því sambandi nefna styrki til jarðefnarannsókna, til tilrauna með framleiðslu á þilplötum úr perlusteini, til þróunar á rafeindatækjum o. fl. Fjárstuðningur til vöruþróunar hefur bæði verið í formi styrkja og áhættulána, sem endurgreiðast með hluta af tekjum ef verkefnið leiðir til arðbærrar framleiðslu.

Í árslok 1979 hafði verið ráðstafað í styrki og áhættulán jafnvirði samtals 1.1 millj. Bandaríkjadala af þeim 1.4 millj. sem til ráðstöfunar voru. Miðað við gengi í árslok nemur heildarupphæð veittra styrkja og áhættulána 435 millj. krónum. Hlutfallsleg skipting eftir tegundum verkefna er eftirfarandi:

Ráðgjafaþjónusta og iðngreinaathuganir	60%
Styrkir við útflutningsaðgerðir	14%
Vöruþróun, hagkvæmnisathuganir o. fl.	26%

Ýmis af þeim verkefnum sem sjóðurinn hafði frumkvæði að og styrkti í upphafi hafa verið yfirtekin af öðrum, svo sem Iðntæknistofnun, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og samtökum iðnaðarins. Stjórn sjóðsins telur engu síður nauðsynlegt að auka heimildir til að veita styrki og hagstæð lán til ýmissa verkefna, svo sem til rannsókna á nýjum iðnaði, vöruþróunar, markaðsathugana o. fl. Því var talið nauðsynlegt að aflað yrði aukinna heimilda til ráðstöfunar fjár í þessu skyni.

Í fyrsta lagi að sjóðurinn fái heimild til lántöku til að fjármagna almenna lánastarfsemi og til að endurlána til sérstakra meiriháttar framkvæmda í iðnaði. Er það gert með breytingum á 5. mgr. 2. liðs og 2. mgr. 4. liðs.

Í öðru lagi að auknar verði heimildir skv. 4. lið samningsins til að veita styrki og hagstæð lán til rannsókna á nýjum iðnaði, vöruþróunar, markaðsathugana o. fl., er nemi 10% af eiginfé sjóðsins í upphafi árs 1980, og að við þá upphæð bætist árlega 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi 1980. Er það gert með því að bæta nýjum málslið við 3. mgr. 4. liðs.

Ríkisstjórnir allra Norðurlanda samþykktu tillögu sem gerð var í samræmi við ákvörðun stjórnar sjóðsins um að gera viðbótarsamning við samninginn frá 1970 vegna þessara breytinga. Viðbótarsamningurinn var lagður fram í Reykjavík til undirritunar 29. apríl 1980. Var hann undirritaður af Íslands hálfu 2. maí 1980. Samningurinn öðlast gildi 5 dögum eftir þann dag er öll aðildarríki hafa tilkynnt, að uppfylltar hafi verið þær kröfur, sem gerðar eru til gildistöku í hverju landi fyrir sig.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

1. gr. laga nr. 9 13. febrúar 1970 hljóðar svo:

„Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns iðnþróunarsjóðs fyrir Ísland (Nordisk Industrialiseringsfond for Island), sem gerður var í Reykjavík 12. desember 1969. Texti samningsins fylgir lögum þessum og telst hluti af þeim og skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi."

Með þeim breytingum á greininni, sem gerðar eru í frumvarpi þessu, er lagt til að ríkisstjórninni sé heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingarnar, sem gerðar voru í Reykjavík 29. apríl 1980. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar þá skulu ákvæði samningsins, þannig breytt, hafa lagagildi hér á landi.

2. liður samningsins frá 12. desember 1969 (Fylgiskjal með lögunum nr. 9/1970) er svohljóðandi:

„Stofnfé sjóðsins skal vera jafnvirði 14 milljóna Bandaríkjadollara. Af stofnfénu skal hvert Norðurlandanna leggja fram eftirfarandi hluta:

	Milljónir Bandaríkjadollara
Danmörk	2.7
Finnland	2.7
Ísland	0.5
Noregur	2.7
Svíþjóð	5.4

Stofnféð skal lagt fram vaxtalaust til ráðstöfunar í jafnstórum árlegum fjárhæðum á 4 ára tímabili frá gildistökudegi samningsins.

Sjóðurinn skal innheimta framlögin hjá hinum norrænu ríkjum í samræmi við áðurgreinda skiptingu eftir því, sem starfsemi hans krefur.

Frá 10. ári skal sjóðurinn eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnarinnar endurgreiða vaxtalaust í áföngum á næstu 15 árum í samræmi við áðurgreinda skiptingu til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar jafnvirði framlaga þeirra. Skal endurgreiðslu þessara framlaga að fullu lokið að enduðum 25 árum frá stofnun sjóðsins.

Ábyrgð Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á skuldbindingum sjóðsins er takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma. Ísland er á sama hátt ábyrgt fyrir skuldbindingum sjóðsins með sínum hluta stofnfjárins og ber auk þess eitt ábyrgð á þeim skuldbindingum umfram stofnféð, sem sjóðurinn kann að taka á sig vegna ábyrgða sbr. 4. lið.

Þegar Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð eiga ekki lengur hlutdeild í stofnfé sjóðsins, samkvæmt áður nefndum ákvæðum um endurgreiðslu, fellur samningur þessi úr gildi, og sjóðurinn verður eign og undir stjórn íslenska ríkisins."

4. liður samningsins hljóðar svo:

„Sjóðurinn starfar að verkefni sínu með því:

a) Að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort einn eða í samvinnu við aðra aðila.

b) Að ábyrgjast lán, sem veitt eru af öðrum aðilum.

Fé til lánveitinga fær sjóðurinn af stofnfé sínu og tekjum og skulu lánveitingar ákveðnar í samræmi við viðurkennd bankaleg og efnahagsleg sjónarmið. Sjóðurinn skal stefna að því að tryggja eðlilega ávöxtun stofnfjárins og forðast ónauðsynlega áhættu.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að veita lán með sérlega hagstæðum kjörum, eða framlög m. a. til tækniaðstoðar, rannsókna og markaðsathugana. Slík lán eða framlög mega samtals ekki nema meiru en 10% af stofnfénu.

Lán, framlög eða ábyrgðir má veita til fyrirtækja í einkaeign eða í eigu opinberra aðila og til fjárfestingarlánasjóða, sem hafa sama tilgang og sjóðurinn.

Sjóðurinn skal hafa náið samstarf við íslenskar lánastofnanir, sem veita lán til iðnaðar."

Með breytingu þeirri sem lagt er til í frumvarpi þessu fær sjóðurinn heimild til lántöku til að fjármagna almenna lánastarfsemi og til þess, í sérstökum tilvikum, að veita lán eða framlög til viðbótar við 10% af stofnfé sjóðsins, einnig 10% af eiginfé miðað við ársbyrjun 1980, auk 10% af rekstrarafgangi hvers árs, í fyrsta skipti af rekstrarafgangi ársins 1980.

Svo sem greinilega kemur fram í breytingunum á samningnum undir A, er ábyrgð samningsaðila takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma, en umfram þessa ábyrgð ber Ísland eitt ábyrgð á skuldbindingum umfram stofnfé, sem sjóðurinn kann að taka á sig, sbr. breytingarnar á 4. lið samningsins.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Ed. 415. Nefndarálit [31. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 63 frá 29. mars 1961, sbr. lög nr. 71 frá 28. apríl 1962.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið um það umsagnir frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands. Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt með breytingum, sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. maí 1980.

Jón Helgason, form., frsm.	Egill Jónsson, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Eiður Guðnason.	Guðmundur Karlsson.	Stefán Guðmundsson.

Ed. 416. Breytingartillögur [31. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 63 frá 29. mars 1961, sbr. lög nr. 71 frá 28. apríl 1962.

Frá samgöngunefnd.

1. Á eftir 1. gr. frumvarpsins bætist við ný grein, er verði 2. gr. þess og orðist svo:
   Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Lögskráningarstjóra er skylt að veita stéttarsamtökum sjómanna eða eftirlitsmanni þeirra aðgang að gögnum er varða lögskráningar og upplýsingar um þær.

2. 2. gr. frv. (sem verður 3. gr.) orðist þannig:
25. gr. laganna orðist svo:
Brot gegn lögum þessum varða sektum, enda liggi ekki þyngri refsing við þeim samkvæmt öðrum lögum. Verði skipstjóri með dómi fundinn sekur um ítrekuð brot á lögskráningarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum má dæma hann jafnframt til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir.

Ed. 417. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna.

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd efri deildar Alþingis hefur fjallað um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna. Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins án breytinga.

Alþingi, 5. maí 1980.

Jón Helgason, form., frsm. | Egill Jónsson, fundaskr. | Lárus Jónsson.
Eiður Guðnason. | Guðmundur Karlsson. | Stefán Guðmundsson.

Ed. 418. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið umsagnir fjárlaga- og hagsýslustofnunar og Tryggingastofnunar ríkisins.
Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með breytingum sem hún flytur tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. maí 1980.

Helgi Seljan, form. | Karl Steinar Guðnason, fundaskr., frsm. | Salome Þorkelsdóttir.
Jón Helgason. | Davíð Aðalsteinsson. | Lárus Jónsson.
Guðmundur Karlsson.

Ed. 419. Breytingartillögur [83. mál]

um frv. til l. um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „uppeldisfræðingar“ komi: taluppeldisfræðingar.
2. Við 5. gr. bætist: í samræmi við hliðstæðar greiðslur almannatryggingalaganna.
3. Við 6. gr. bætist: og skal sú gjaldskrá vera í samræmi við gjöld fyrir aðra veitta sérfræðiþjónustu.
4. Við 7. gr. Í stað orðanna „Stofnunin skipuleggur ferðir sérfræðinga“ í upphafi greinarinnar komi: Stofnunin skipuleggur ferðir starfsmanna sinna.

Ed. **420. Frumvarp til laga** [182. mál]

um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skulu vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því, er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir.

2. gr.

Öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi lífeyrissjóðurinn skv. sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu. Atvinnurekendum er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt mótframlagi sínu, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldagreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs eða lögum. Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneytið hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambands Íslands.

3. gr.

Tryggingaskylda skal innt af hendi með þátttöku í lífeyrissjóðum skv. 2. gr. eftir því sem kostur er og samkvæmt reglum einstakra sjóða um sjóðsaðild. Eigi maður ekki sjálfsagða aðild að sjóði skv. 2. gr. velur hann sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Sé tryggingaskyldu ekki fullnægt með þessum hætti, skal henni fullnægt með iðgjaldagreiðslum til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, sem starfar samkvæmt sérstökum lögum.

4. gr.

Sé ekki greitt iðgjald vegna einhvers starfandi manns í samningsbundinn eða lögbundinn lífeyrissjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, að minnsta kosti 10% af viðurkenndum stofni iðgjalda, hvort sem hann er dagvinnulaun, kaupviðmiðun eða heildarlaun, eftir því sem kveðið er á um í reglugerðum eða lögum, eða af reiknuðu endurgjaldi fyrir starf við eigin rekstur sjálfstæðra atvinnurekenda skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978, sbr. 59. gr. sömu laga, skal greiða það sem á vantar til lífeyrissjóðs í samræmi við reglur sjóðsins annað hvort eftir vali viðkomandi manns, sbr. ákvæði 2. og 3. gr. þessara laga, eða samkvæmt ábendingu lífeyrisskrár, sem fjármálaráðuneytið annast. Heimilt er að ákveða með reglugerð hámark fyrir greiðslu iðgjalda samkvæmt þessari grein.

Greiðsla iðgjalda skal fara eftir reglugerðum viðkomandi lífeyrissjóðs. Sé iðgjald miðað við reiknað endurgjald fyrir störf við eigin rekstur skal stofn iðgjaldsins ákvarðaður sem reiknað endurgjald á næstliðnu ári, samkvæmt skattframtali eða ákvörðun skattstjóra, uppfært til þess tímabils sem greiðslan tekur til. Fjármálaráðuneytið ákveður og birtir uppfærslustuðul endurgjaldsins með hliðsjón af almennum launabreytingum.

5. gr.

Eftir gildistöku laga þessara er lífeyrissjóðum einungis heimilt að endurgreiða sjóðsfélögum iðgjöld þeirra í því skyni að færa fé og þar með réttindi, sem þeim fylgja, milli lífeyrissjóða. Þó er heimilt að ákveða í reglugerð endurgreiðslur til

erlendra ríkisborgara, sem flytja af landi brott, og á þeim iðgjöldum, sem menn greiða til lífeyrissjóða eftir að þeir hafa náð 75 ára aldri, svo og á þeim hluta iðgjalda, sem kann að fara fram úr því, sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

6. gr.

Öllum atvinnurekendum er skylt að greiða í sjúkrasjóði og orlofssjóði viðkomandi stéttarfélaga iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni, og samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

Atvinnurekanda er skylt að halda eftir af launum starfsmanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags skv. þeim reglum, sem kjarasamningar greina.

7. gr.

Verði vanskil á greiðslu iðgjalda samkvæmt 2.—4. gr. laga þessara skulu vangoldin iðgjöld innheimt með vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga.

8. gr.

Iðgjaldakröfur samkvæmt 2., 3., 4. og 6. gr. laga þessara njóta forgangsréttar í þrotabúi atvinnurekanda samkvæmt 1. og 4. tölulið 84. gr. laga nr. 3, 12. apríl 1878, sbr. 1. gr. laga nr. 23, 21. maí 1979.

9. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 9, 14. mars 1974 um starfskjör launþega o. fl.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið á vegum hinnar svonefndu 8-manna lífeyrisnefndar ASÍ, FFSÍ, VSÍ og VSS. Nefnd þessi er önnur tveggja lífeyrisnefnda, sem fjármálaráðherra skipaði 20. júlí 1976 til að semja tillögur um nýskipan lífeyriskerfisins.

Nefndina skipa nú þessir menn:

Jón Sigurðsson, hagrannsóknastjóri, formaður, tilnefndur af ríkisstjórninni,
Eðvarð Sigurðsson, fv. alþingismaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands,
Guðmundur H. Garðarsson, fv. alþingismaður, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands,
Jóhannes Siggeirsson, hagfræðingur, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands,
Ingólfur S. Ingólfsson, vélstjóri, tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands,
Páll Sigurjónsson, verkfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands,
Gunnar J. Friðriksson, forstjóri, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands,
Skúli Pálmason, hæstaréttarlögmaður, tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Ritari nefndarinnar er Hallgrímur Snorrason, hagfræðingur.

Hér fara á eftir þær athugasemdir, sem frumvarpinu fylgdu frá nefndinni:

Í desember 1979 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um eftirlaun aldraðra. Það frumvarp var undirbúið á vegum lífeyrisnefndanna tveggja sem fyrr var getið, en með lögunum um eftirlaun aldraðra var lágmarksréttur til eftirlauna samkvæmt lögum um eftirlaun aldraðra félaga í stéttarfélögum gerður að almennum rétti. Við undirbúning og samþykkt laganna um eftirlaun aldraðra var gert ráð fyrir, að

nauðsynlegt væri í framhaldi af þeim að sett yrðu í lög ákvæði um skylduaðild að lífeyrissjóðum. Ástæðan er, að sú ráðstöfun ein sér, að tryggja tilteknum aldurshópum réttindi með þeim hætti, sem gert er í lögunum um eftirlaun aldraðra, án þess að koma jafnframt á skylduaðild að lífeyrissjóðum fyrir hlutaðeigandi stéttir og starfsgreinar, hefur óhjákvæmilega í för með sér misræmi. Í fyrsta lagi er þess skammt að bíða, að elstu árgangar þess fólks, sem ekki uppfyllir það skilyrði að vera fætt árið 1914 eða fyrr, nái ellilífeyrisaldri og geti að verulegu leyti orðið án lífeyrisréttinda. Gagnvart ekkjum manna sem ekki hafa átt aðild að sjóðum, kemur þetta misræmi í ljós þegar eftir gildistöku hinna nýju laga. Ennfremur eru í lögunum um eftirlaun aldraðra ákvæði, er koma í veg fyrir, að menn geti hætt við lífeyristryggingu, er þeir greiða iðgjald af og njóta nú, og notið í staðinn réttinda samkvæmt eftirlaunalögunum. Verður að teljast óeðlilegt, að krafist sé fullrar greiðslu af þeim, sem orðið hafa eða kosið að gerast félagar í lífeyrissjóði, en hinir, sem látið hafa þátttöku undir höfuð leggjast eða hafa ekki átt á henni kost með sjálfsögðum hætti, öðlist réttindi án greiðslu, ekki einungis fyrir liðinn tíma, heldur einnig framvegis. Eftir gildistöku eftirlaunalaganna er því óhjákvæmilegt að þegar verði komið á skylduaðild að lífeyrissjóði fyrir þá starfandi menn, sem þátttökuskylda nær enn ekki til samkvæmt lögum eða kjarasamningum. Tilgangur þessarar lagasetningar sem hér er gerð tillaga um, er þannig að tryggja að allir starfandi menn beri á sama hátt kostnað af lífeyristryggingum eftir að nær öllum landsmönnum hefur verið tryggður sá lágmarksréttur til eftirlauna sem felst í lögunum um eftirlaun aldraðra.

Lífeyrisnefnd ASÍ, FFSÍ og atvinnurekenda hefur unnið að undirbúningi þessa máls að undanförnu. Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið og fjármálaráðuneytið hafa í samráði við 8-manna nefndina talið heppilegast að undirbúin verði þrjú frumvörp til að ljúka þeim áfanga í lífeyrismálum, sem hófst með lögunum um eftirlaun aldraðra. Frumvarpið, það sem hér liggur fyrir, felur í sér almenn ákvæði um lífeyrisréttindi og skyldutryggingu, en í öðru frumvarpi er kveðið á um stofnun og starfrækslu almenns, óbundin lífeyrissjóðs, sem verða skal sjóður þeirra manna, sem ekki eiga ótvíræða sjóðsaðild annars staðar og ekki kysu að eiga aðild að þeim lífeyrissjóðum, sem fyrir eru eða stofnaðir kynnu að verða og fullnægja ákvæðum laganna. Í þriðja frumvarpinu er loks gert ráð fyrir að tekin verði upp almenn og heildstæð skráning lífeyrisréttinda og iðgjaldagreiðslna.

Með frumvarpi þessu um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda er stefnt að því að koma á almennri aðild allra starfandi manna að lífeyrissjóðum. Að málinu hafa starfað með 8-manna nefndinni þeir Höskuldur Jónsson, ráðuneytisstjóri og Hallgrímur Snorrason, hagfræðingur, en áður hafði Guðjón Hansen, tryggingafræðingur unnið að undirbúningi þess. Sú leið hefur verið valin að semja frumvarp til laga, sem leysti af hólmi lögin um starfskjör launþega nr. 9/1974. Frumvarpið felur þannig í sér öll efnisatriði laganna um starfskjör launþega en gerir ráð fyrir að við þau verði aukið ákvæðum um rétt og skyldur fyrir alla starfandi menn að eiga aðild að lífeyrissjóðum og greiða iðgjöld til þeirra. Með þessum hætti er verið að árétta og skilgreina nánar lífeyrisákvæði laganna nr. 9/1974, en þau munu ekki hafa verið mótuð til fulls né hefur verið unnt að framkvæma þau með fullnægjandi hætti. Jafnframt þykir rétt að athygli sé vakin á skylduaðildarmálinu með sjálfstæðri löggjöf fremur en með breytingu á einstökum greinum laganna um starfskjör launþega, enda er hér verið að gæða lögin fyllri tilgangi en þau hafa haft til þessa.

Meginákvæði þessa frumvarps hvað varðar það mál, sem hér um ræðir, felast í 2., 3. og 4. gr. þess. Í 2. gr. er gert ráð fyrir almennum ákvæðum um rétt og skyldu til lífeyrissjóðsaðildar og greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða. Í 3. gr. eru ákvæði um hvernig tryggingaskylda skuli innt af hendi. Meginreglan yrði, samkvæmt þessum tillögum, að tryggingaskyldu sé fullnægt með þátttöku í þeim lífeyrissjóðum viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, sem fyrir eru og eftir því sem reglur ein-

stakra sjóða um sjóðsaðild leyfa. Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt vegna þeirra manna, sem ekki eiga sjálfsagða aðild að einhverjum þeirra lífeyrissjóða, sem fyrir eru, að þeim standi til boða aðild að ákveðnum, óbundnum lífeyrissjóði, sem sé öllum opinn. Því er gert ráð fyrir stofnun sérstaks, almenns lífeyrissjóðs til að gegna þessu hlutverki og er sá sjóður nefndur Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda í frumvarpi þessu. Er gert ráð fyrir, að sé tryggingaskyldu ekki fullnægt með þátttöku í starfandi lífeyrissjóðum samkvæmt þeirri meginreglu, sem áður var nefnd, skuli henni fullnægt með iðgjaldagreiðslum til Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

Í 4. gr. eru ákvæði um lágmark lífeyrisiðgjalda. Ákvæði um iðgjöld í reglugerðum sjóða og lögum um lífeyrissjóði eru nú mjög mismunandi og hið sama gildir því um iðgjaldakvaðir hinna ýmsu sjóða. Nauðsynlegt er að reglur um iðgjaldagreiðslur sjóðanna verði samræmdar og er að því stefnt með undirbúningi heildarlöggjafar um lífeyrissjóði, eins og vikið er að hér á eftir. Þegar nú á að hrinda í framkvæmd skyldutryggingu lífeyrisréttinda er hins vegar óhjákvæmilegt að kveðið verði á um lágmarkskvöð til greiðslu iðgjalda. Samkvæmt þessu frumvarpi yrði lágmarksiðgjald miðað við viðurkenndan iðgjaldsstofn þess lífeyrissjóðs, sem í hlut á. Erfitt kann að reynast að ákvarða iðgjaldsstofn fyrir sjálfstæða atvinnurekendur samkvæmt gildandi reglum og því er hér lagt til, að einnig verði unnt að ákvarða iðgjaldsstofn þann, sem lágmarksiðgjald reiknast af, sem reiknað endurgjald fyrir störf við eigin atvinnurekstur á næstliðnu ári, samkvæmt ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt, uppfært í hátt við almennar launabreytingar til þess tíma sem iðgjaldsgreiðslan tekur til. Gert er ráð fyrir, að iðgjöld skuli að minnsta kosti nema 10% af þeim stofni, sem við á hverju sinni eins og er hin almenna regla í lífeyrissjóðum, sem nú starfa. Loks er í 4. gr. lagt til, að ákveða megi með reglugerð hámark iðgjalda til lífeyrissjóða. Reglur um hámarksfjárhæð iðgjalda eru nú til hjá nokkrum lífeyrissjóðum og er hér gert ráð fyrir að ef þurfa þykir megi setja almenn ákvæði um hámarksiðgjöld svipuð þeim, sem nú er beitt hjá nokkrum sjóðanna.

Í framhaldi af tillögum 2.—4. gr. þessa frumvarps um skyldu til lífeyristryggingar og greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs er í 5. gr. lagt til að óheimilt verði að endurgreiða sjóðfélögum iðgjöld nema um sé að ræða flutning réttinda frá einum sjóði til annars. Óhjákvæmilegt er að endurgreiðslur verði takmarkaðar með þessum hætti ella næðu lögin um skyldutryggingu naumast tilgangi sínum. Gert er ráð fyrir að þessi ákvæði nái jafnt til allra lífeyrissjóða, hvort sem þeir eru lögbundnir eða samningsbundnir, og að þau komi í stað ákvæða um endurgreiðslur, sem eru í ýmsum sérlögum um lífeyrissjóði. Slík ákvæði eru meðal annars í lögum um lífeyrissjóði barnakennara, bænda, hjúkrunarkvenna, ljósmæðra, sjómanna og um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Nú um nokkurt skeið hefur Biðreikningur lífeyrissjóðsiðgjalda, sem er í vörslu fjármálaráðuneytis, gegnt að nokkru því hlutverki sem hér er lagt til að verði falið Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Fjármálaráðuneytið hefur að undanförnu unnið að gerð frumvarps um Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Hefur ráðuneytið haft samráð við 8-manna lífeyrisnefndina um þetta verk og hefur nefndin fylgst með gerð þess og rætt það á mörgum fundum, en jafnframt hefur Höskuldur Jónsson, ráðuneytisstjóri, unnið með lífeyrisnefndinni að gerð frumvarpsins um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Jafnframt hefur ráðuneytið í samráði við nefndina undirbúið frumvarp til laga um skráningu lífeyrisréttinda. Með skráningu þessari er stefnt að því að koma á fót samræmdu upplýsingakerfi um lífeyrisréttindi og iðgjaldagreiðslur, sem orðið geti hvort tveggja í senn, stofn fyrir eftirlit með því að lagaákvæðum um skylduaðild að lífeyrissjóðum sé fullnægt og grundvöllur heildarendurskoðunar á lífeyriskerfinu og samræmingar á lífeyrisréttindum og iðgjaldagreiðslum. Frumvörp þessi eru hluti einnar heildar, þau eru samin samhliða og lögð fram samtímis og brýnt að þau verði afgreidd án tafar. Eins og fram kemur í bréfi frá nefndinni til ráðherra (fskj. 1), mælir 8-manna nefndin með flutningi þessara frumvarpa.

Að loknum þessum áfanga í lífeyrismálum er nauðsynlegt að unnið verði að undirbúningi heildarlöggjafar um lífeyrissjóði. Þetta er ekki síst nauðsynlegt þar sem í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að lög og reglugerðir lífeyrissjóða ákvarði sjóðsaðild og iðgjaldsskyldu nýrra sjóðfélaga á sama hátt og hinna, sem þegar eru þátttakendur í lífeyrissjóðum. Eins og nú, verður áfram að gera ráð fyrir, að um greiðslur til fleiri en eins sjóðs geti orðið að ræða vegna sama manns ef hann gegnir fleira en einu starfi og um þetta kann að þurfa samræmdar reglur. Þá er ljóst að setja verður nánari ákvæði um lágmarksiðgjaldsskyldu þar sem reglugerðir sumra lífeyrissjóða gera meðal annars ráð fyrir, að iðgjaldsskylda falli niður við 70 ára aldur án tillits til réttindamyndunar og þar sem starf eftir 70 ára aldur getur veitt lífeyrisréttindi samkvæmt lögunum um eftirlaun aldraðra án tillits til iðgjaldagreiðslna. Jafnframt þarf svo að kveða nánar á um réttindi þess fólks, sem nú er að nálgast lífeyrisaldur, en ekki uppfyllir það skilyrði að vera fætt 1914 eða fyrr. Það er því bæði eðlilegt og raunar óhjákvæmilegt eftir að skyldutrygging lífeyrisréttinda hefur verið lögfest með þeim hætti, sem hér er lagt til, að sett verði löggjöf sem kveði á um réttindi og lágmarksskyldur lífeyrissjóða, meðal annars hvað varðar myndun lífeyrisréttinda, flutning réttinda milli sjóða, vörslu, tryggingu og ávöxtun iðgjalda auk þess sem kveðið verði á um bókhald og reikningsskil sjóða.

Sá áfangi, sem telja má að nú hafi náðst í lífeyrismálum með lögum um eftirlaun aldraðra og flutningi frumvarps um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, er engan veginn endanlegur. Þess vegna þarf nú að herða sem mest undirbúning að gerð tillagna um, hvernig koma megi á næstu árin heildstæðu kerfi samfelldra lífeyrisréttinda fyrir alla landsmenn, en að því hefur þegar verið lagður grunnur með samkomulagi launafólks og atvinnurekenda í lífeyrismálum á undanförnum árum sem og með stefnuyfirlýsingum stjórnvalda, allra stjórnmálaflokka og ýmissa hagsmunasamtaka.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. gr. laga nr. 9/1974.

Um 2. gr.

Grein þessi er að því er launafólk varðar í aðalatriðum óbreytt frá 2. gr. laga nr. 9/1974. Helstu breytingar eru þær að hér er lagt til , að réttur og skylda til lífeyrissjóðsaðildar nái til þeirra manna, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, auk þess sem ákvæðin taka til launafólks eins og áður var. Jafnframt er skilyrt, að sá lífeyrissjóður sem í hlut á, starfi samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hafi verið af fjármálaráðuneytinu.

Um 3. gr.

Helstu nýmæli þessa frumvarps felast í 3. og 4. gr. Í 3. gr. er kveðið á um þá meginreglu, að tryggingaskyldu skuli inna af hendi með þátttöku í starfandi lífeyrissjóðum starfsstéttar eða starfshóps þess manns, sem í hlut á, eftir því sem kostur er, og samkvæmt reglum einstakra sjóða um aðildarskilyrði. Á hinn bóginn munu menn ekki alltaf eiga sjálfsagða aðild að ákveðnum lífeyrissjóði, til dæmis þegar atvinnurekendur eða ýmsir þeir sem stunda sjálfstæða starfsemi eiga í hlut, og er þá gert ráð fyrir að unnt verði að velja um til hvaða sjóðs iðgjöld skuli greidd eftir því sem reglur einstakra sjóða um sjóðsaðild leyfa. Loks eru í 3. gr. ákvæði, sem eiga að tryggja að enginn komist undan skyldutryggingu en um leið er þeim mönnum, sem nú eiga ekki aðild að lífeyrissjóðum eða eru utan þeirra starfsstétta eða starfshópa, sem starfandi lífeyrissjóðir taka til, gefinn kostur á þátttöku í almennum, óbundnum sjóði, Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, en gert er ráð fyrir að sett verði sérstök löggjöf um starfsemi hans. Um þessi ákvæði er að öðru leyti fjallað í almennum athugasemdum hér að framan.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er kveðið á um lágmarksiðgjöld og greiðslur þeirra. Lagt er til, að greiða skuli að lágmarki 10% af iðgjaldsstofni, sem er skilgreindur sem viðurkenndur stofn iðgjalda samkvæmt ákvæðum gildandi reglugerða lífeyrissjóða eða laga, hvort sem iðgjaldsstofninn er dagvinnulaun, föst kaupviðmiðun eða heildarlaun. Jafnframt er lagt til, að unnt verði að ákvarða stofn lágmarksiðgjalds fyrir sjálfstæða atvinnurekendur sem reiknað endurgjald fyrir starf við eigin atvinnurekstur skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978 um tekju- og eignaskatt, sbr. 59. gr. sömu laga. Iðgjald yrði þá miðað við reiknað endurgjald á næstliðnu ári, samkvæmt skattframtali eða ákvörðun skattstjóra, eftir að það hefur verið uppfært til þess tímabils, sem greiðslan tekur til. Yrði uppfærslan miðuð við almennar launabreytingar á tímabilinu og er lagt til að fjármálaráðuneytið ákvarði og birti uppfærslustuðul hvers ársfjórðungs. Loks er lagt til að setja megi með reglugerð ákvæði um hámarksfjárhæð iðgjalda á hverjum tíma líkt og nú er hjá ýmsum lífeyrissjóðum.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir ákvæðum, sem banni endurgreiðslu á iðgjöldum til sjóðsfélaga nema um sé að ræða flutning réttinda frá einum lífeyrissjóði til annars. Eftir að skyldutryggingu lífeyrisréttinda hefur verið komið á er slík takmörkun endurgreiðslna óhjákvæmileg enda næðu lögin naumast tilgangi sínum ella. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að flutningur lífeyrisréttinda milli sjóða verði heimill eins og verið hefur auk þess sem eðlilegt er talið að útlendingar, sem flytja af landi brott, eigi kost á að fá iðgjöld endurgreidd. Loks er gert ráð fyrir að heimilt verði að endurgreiða iðgjöld, sem greidd eru eftir að 75 ára aldri er náð, svo og þann hluta iðgjalda, sem kann að vera umfram það sem skylt er að greiða samkvæmt lögum eða kjarasamningum.

Gert er ráð fyrir, að ákvæði þessarar greinar nái jafnt til allra lífeyrissjóða og komi í stað ákvæða um heimildir til endurgreiðslu iðgjalda, sem nú eru í nokkrum sérlögum um lífeyrissjóði. Ákvæði þessarar greinar hafa því áhrif á ákvæði í eftirtöldum lögum:

Ákvæði í 15. gr. laga nr. 85/1963 um Lífeyrissjóð barnakennara.
Ákvæði í 14. gr. laga nr. 101/1970 um Lífeyrissjóð bænda.
Ákvæði í 14. gr. laga nr. 16/1965 um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.
Ákvæði í 17. gr. laga nr. 86/1938 um Lífeyrissjóð ljósmæðra.
Ákvæði í 18. gr. laga nr. 49/1974 um Lífeyrissjóð sjómanna.
Ákvæði í 17. gr. laga nr. 29/1963 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Um 6. gr.

Fyrri málsgrein 6. gr. er samhljóða 3. gr. laga nr. 9/1974, en í síðari málsgreininni er kveðið á um skyldu atvinnurekanda til að halda eftir af launum starfsmanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt kjarasamningum.

Um 7. gr.

Í 7. gr. er lífeyrissjóðum heimilað að innheimta vangoldin iðgjöld með vanskilavöxtum eins og eðlilegt er, en um þetta skortir nú almennar lagareglur.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega hin sömu og ákvæði 4. gr. laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega, en hér er tekið fram svo ekki orki tvímælis, hvaða forgangsréttar iðgjaldakröfur njóta í þrotabúi atvinnurekenda samkvæmt gildandi lögum

Um 9. og 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

LÍFEYRISNEFND ASÍ, FFSÍ
OG VINNUVEITENDA

21. apríl 1980.

Til fjármálaráðherra, Ragnars Arnalds,
og heilbrigðis- og tryggingaráðherra, Svavars Gestssonar.

Hér með fylgja drög að frumvarpi til laga um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, ásamt greinargerð og athugasemdum. Frumvarp þetta hefur verið samið á vegum 8-manna lífeyrisnefndar Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Nefndin hefur jafnframt átt þátt í undirbúningi og samningu frumvarpa til laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda og skráningu lífeyrisréttinda. Nefndarmenn eru á einu máli um, að ofangreind þrjú frumvörp verði flutt til að ljúka þeim áfanga í lífeyrismálum, sem hófst með lögunum um eftirlaun aldraðra.

Virðingarfyllst,

Jón Sigurðsson.

Eðvarð Sigurðsson. Gunnar J. Friðriksson.
Guðmundur H. Garðarsson. Páll Sigurjónsson.
Jóhannes Siggeirsson. Skúli J. Pálmason.
Ingólfur Sig. Ingólfsson.

Sþ. 421. Tillaga til þingsályktunar [183. mál]

um svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað.

Flm.: Sveinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að Skipulagsstjórn ríkisins beiti sér fyrir að gert verði svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og aðra er málið varðar.

Skipulag þetta nái til helstu landnýtingarþátta (þátta landnotkunar) og landverndar og taki mið af æskilegri meðferð auðlinda, félagslegum viðhorfum og áætlunum um atvinnuþróun á svæðinu.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er verið að fara fram á það við ríkisstjórnina að hún hlutist til um gerð svæðisskipulags fyrir Fljótsdalshérað.

Flutningsmanni er aðeins kunnugt um eitt svæðisskipulag af þessari gerð sem unnið hefur verið hér á landi. Náði það til þriggja hreppa, þ. e. Selfosshrepps, Ölfushrepps og Hveragerðishrepps. Sú vinna lofar góðu, en verkefninu var lokið árið 1978.

Hér á landi skortir mikið á að unnið sé að kortlagningu, endurbættum landmælingum og skipulagið miðað við þarfir og þá möguleika sem nútímatækni leyfir. Vöntun á slíkum gögnum og upplýsingum bitnar á margháttuðum rannsóknum, sem æskilegar væru á náttúru landsins, skipulagsvinnu og framkvæmdaundirbúningi. Mikilvægt er að skipuleggja notkun lands og nýtingu auðlinda með heilbrigt umhverfi og þarfir komandi kynslóða í huga. Ráðstöfun lands og náttúrugæða getur haft áhrif um

langa framtíð. Slíkar gjörðir þarf að byggja á staðgóðri og viðtækri þekkingu, sem m. a. leiðir í ljós líkleg áhrif á náttúru, efnahagslíf og félagslegt og menningarlegt umhverfi.

Mikið skortir á að þessara sjónarmiða sé gætt við skipulag og áætlanagerð hérlendis.

Samkvæmt gildandi lögum um skipulagsmál eru öll sveitarfélög skipulagsskyld, og þegar sótt er um leyfi til byggingar á lögbýlum skal afstöðuuppdráttur fylgja leyfisumsókn til byggingarnefndar. Slíkir uppdrættir verða best gerðir með aðstoð orthophotographiskra korta, sem unnin eru eftir loftmyndum. Slík kort eru hér engin fyrir hendi af umræddu svæði.

Á Fljótsdalshéraði hefur byggð mjög eflst á undanförnum árum. Er það fyrst og fremst að þakka vexti og viðgangi þéttbýlisins á Egilsstöðum og í Fellahreppi við Lagarfljótsbrú. Einnig er öflugur vísir að þéttbýli á Hallormsstað í tengslum við vaxandi skógrækt og grunnskóla. Á Eiðum er einnig vísir að þéttbýli í tengslum við grunnskóla og alþýðuskóla.

Vegna orðlagðrar veðursældar og fjölbreyttrar náttúru á Héraði hefur ásókn í sumarbústaðalönd mjög aukist og hafa þegar risið tvær þyrpingar slíkra bústaða og að undirbúningi vegna tveggja annara er nú unnið. Að auki hafa svo einstakir bústaðir risið víða um héraðið á undanförnum árum. Samræming og skipulagning þessara mála hefur verið í lágmarki og nauðsynlegt að úr verði bætt.

Á vegum SSA hefur undanfarin ár verið unnið að hagrænni áætlun fyrir allt Austurland og nær sú áætlun fyrst og fremst til þéttbýlisstaðanna. Síðasti hluti þessarar áætlunar er iðnþróunaráætlun.

Talið er nauðsynlegt að tengja þessar hagrænu áætlanir meira við landnýtingaráætlanir hinna einstöku sveitarfélaga með gerð svæðisskipulags fyrir fleiri sveitarfélög, þar sem teknir yrðu inn þættir eins og landbúnaður, sem tiltölulega lítið er vikið að í Austurlandsáætlun, efnistaka, samgöngur, staðarval fyrir skógrækt, staðarval fyrir iðnað, orlofsbústaðir, náttúruvernd, útivist o. fl.

Í 3. og 4. gr. skipulagslaga er nánar kveðið á um hvernig staðið skuli að gerð svæðisskipulags.

Nú eru uppi áform um virkjun í Fljótsdal, og með bættum samgöngum vex ferðamannastraumur með hverju ári. Þá hefur ásókn í lönd fyrir orlofsbústaði á Héraði stóraukist.

Á Reyðarfirði eru uppi hugmyndir um orkufrekan iðnað.

Þessir þættir hafa veruleg áhrif á byggðaþróun á stóru svæði.

Eins og áður er sagt, er lítið komið inn á landbúnaðarmál í Austurlandsáætlun og talið er mjög brýnt að hafinn verði undirbúningur að svæðisskipulagi fyrir hreppana á Héraði, en þá vinnu væri jafnframt hægt að tengja gerð iðnþróunaráætlunar og þá ef til vill sérstaklega með tilliti til samgangna og staðarvals fyrir iðnað af ýmsum greinum.

Undirbúningur væri fyrst og fremst fólginn í skipun samvinnunefndar samkv. skipulagslögum, gagnasöfnun og kortagerð. Skipulagsstjóri ríkisins hefur þegar hafið viðræður við Landmælingar Íslands um gerð orthophotografiskra korta fyrir þéttbýlisstaðina á Austurlandi í 1:10 000, en þannig kort, sem eru í senn loftmynd og hæðarlínukort, mundu létta mjög gerð landnýtingaráætlana.

Hérað þyrfti að kortleggja á sama hátt í mælikvarða 1:20 000.

Kostnaðaráætlun samkv. verðlagi síðasta ársfjórðungs 1979:

Kortagerð	10 000 þús. kr.
Skipulagsvinna	15 000 þús. kr.
	25 000 þús. kr.
Hlutur sveitarfélaganna 10 á Héraði	7 500 þús. kr.
Hlutur Skipulags ríkisins	17 500 þús. kr.

Á fót hefur verið komið á vegum SSA Skipulagsstofnun Austurlands. Æskilegt er að verkefni þetta verði unnið á vegum stofnunarinnar í náinni samvinnu við Skipulag ríkisins og samvinnunefnd þá, sem ráðherra mundi láta skipa til að vinna að undirbúningi málsins.

Nd. 422. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 23 6. maí 1976.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum og skrifstofustjóri dómsmálaráðuneytisins kom á fund nefndarinnar til viðræðna.
Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Alþingi, 5. maí 1980.

Vilmundur Gylfason, form.	Jósef H. Þorgeirsson, frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.
Matthías Á. Mathiesen.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Friðrik Sophusson.

Guðmundur J. Guðmundsson.

Nd. 423. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Við 3. gr. frv. (sem fjallar um hljóðfæri og hljómplötur með íslensku efni) bætist (hljómplötur almennt): 92.12.29.

Ed. 424. Frumvarp til laga [83. mál]

um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Heyrnar- og talmeinastöð Íslands. Stofnunin skal skipuð yfirlækni, sérmenntuðum í heyrnarfræði, í fullu starfi og skal hann annast faglega stjórn stofnunarinnar. Honum til aðstoðar skal vera yfirheyrnar- og taluppeldisfræðingur. Aðrir starfsmenn stofnunarinnar skulu vera heyrnar- og taluppeldisfræðingar, heyrnarritarar, tæknimenn, hlustarstykkjasmiðir ásamt aðstoðarfólki.

2. gr.

Ráðherra skipar yfirlækni að fengnum tillögum stöðunefndar samkvæmt lögum nr. 57/1978 um heilbrigðisþjónustu. Ennfremur skipar ráðherra yfirheyrnar- og taluppeldisfræðing að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar. Aðrir starfsmenn skulu ráðnir af stjórn stöðvarinnar.

3. gr.

Stofnunin heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sem skipar henni sérstaka stjórn. Skal stjórnin skipuð 7 mönnum til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Menntamálaráðuneytið tilnefnir einn, Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra einn, Félagið Heyrnarhjálp einn, Talkennarafélag Íslands einn, Félag háls-, nef- og eyrnalækna einn og Heyrnleysingjaskóli Íslands einn.

4. gr.

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við heyrnarskerta, t. d. prófun heyrnar og úthlutun heyrnartækja. Stofnunin skal annast sjúkdómsgreiningu málhaltra, bæði barna og fullorðinna. Stofnunin skal halda skrá yfir alla þá landsmenn, sem eru heyrnarskertir og/eða málhaltir. Stofnunin skal annast heyrnarmælingar á fólki í fyrirbyggjandi tilgangi, t. d. vegna hávaða við vinnu eða notkunar lyfja. Skal stofnunin hafa fullt samráð við þá aðila opinbera, sem annast málefni á þessum vettvangi. Stofnunin skal hafa yfirumsjón með þjálfun og endurhæfingu heyrnarskertra og málhaltra, heyrnartækjameðferð og heyrnarrannsóknum, í samráði við aðra aðila, sem starfa á þessum vettvangi.

5. gr.

Stofnunin skal annast útvegun á hvers konar hjálpartækjum fyrir heyrnarskerta og málhalta, sem yfirlæknir hennar úrskurðar nauðsynleg.

Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna slíkra tækja í samræmi við hliðstæðar greiðslur almannatryggingalaganna.

6. gr.

Að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar er ráðherra heimilt að setja með reglugerð gjaldskrá fyrir veitta þjónustu stöðvarinnar og skal sú gjaldskrá vera í samræmi við gjöld fyrir aðra veitta sérfræðiþjónustu.

7. gr.

Stofnunin skipuleggur ferðir starfsmanna sinna til aðstoðar heyrnardaufum og málhöltum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a. m. k. árlega. Stofnunin skal hafa náið samstarf við Háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík, enda sé henni ætluð framtíðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar H.N.E. í Borgarspítalanum.

8. gr.

Stofnunin hefur í samráði við skólastjóra og kennara Heyrnleysingjaskólans sérfræðilega umsjón með heyrnaruppeldis- og læknisfræðilegri meðferð og rannsókn nemenda skólans.

Sama gildir um sérdeildir heyrnardaufra í almennum skólum og um stofnanir og sérdeildir fyrir þroskaheft fólk og um samráð við skólastjóra og kennara þeirra.

9. gr.

Heilsugæslustöðvar skulu hafa samráð við stofnunina um alla þjónustu við heyrnardaufa og málhalta, sem veitt er á heilsugæslustöðvum.

10. gr.

Ráðherra setur stofnuninni og stjórn hennar starfsreglur.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 74 16. maí 1978 með sama heiti.

Ed. 425. Lög [96. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 370.

Ed. 426. Frumvarp til laga [18. mál]

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

Samhljóða þskj. 18 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Í fyrirtækjum, þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins, annast fræðslu starfsmanna um þessi efni og hafa eftirlit á vinnustöðum með því, að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðum notum.

Þegar starfsmenn Vinnueftirlits ríkisins koma í eftirlitsferðir í fyrirtæki, skulu þeir hafa samband við atvinnurekanda eða umboðsmann hans, öryggistrúnaðarmann starfsmanna, félagslegan trúnaðarmann starfsmanna sbr. 1. mgr. 4. gr. og við öryggisnefndir, þar sem þær eru starfandi. Nefndum aðilum skal auðvelda, svo sem kostur er, að leggja vandamál fyrir Vinnueftirlit ríkisins.

50. gr. hljóðar svo:

Efni og vörur, sem geta verið hættuleg eða á annan hátt stofnað heilsu og öryggi manna í voða, þar með talin sprengi- og eldfim efni og sprengiefni, má aðeins framleiða eða nota við framleiðslu eða á annan hátt á vinnustað, ef þeim framleiðslu-, starfs- og vinnsluaðferðum er beitt, sem tryggja að starfsmenn séu varðir gegn slysum, eitrunum og sjúkdómum.

Nauðsynlegar og auðskildar leiðbeiningar á íslensku skulu fylgja með, um meðferð, viðhald, flutning, uppsetningu og frágang, þegar viðkomandi hlutir eru afhentir.

Við framleiðslu, geymslu, merkingu, flutning og notkun skal fylgja viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar hollustuhætti og öryggi.

55. gr. hljóðar svo:

Á hverju sjö daga tímabili skulu starfsmenn fá a. m. k. einn vikulegan frídag, sem tengist beint samfelldum daglegum hvíldartíma, sbr. 52. gr.

Að svo miklu leyti sem því verður við komið, skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi og að svo miklu leyti sem því verður við komið, skulu allir þeir, sem starfa í fyrirtækinu, fá frí á þeim degi.

Ef nauðsyn krefur má fresta vikulegum frídegi og gefa þess í stað frí síðar:

a) þeim sem starfa í heilbrigðis- og vistunarstofnunum eða við önnur hjúkrunar- og líknarstörf.
b) þeim sem vinna við vörslu dýra og gróðurs.
c) þeim sem annast framleiðslu- og þjónustustörf, þar sem sérstakar aðstæður gera slík frávik nauðsynleg.
d) þeim sem annast þau störf, sem nauðsynleg eru vegna öryggismála og varðveislu verðmæta.

Ennfremur má veita frávik, þegar ytri aðstæður svo sem veður og önnur náttúruöfl, slys, orkuskortur, bilun á vélum, tækjum eða öðrum búnaði eða aðrir tilsvarandi ófyrirséðir atburðir trufla eða hafa truflað rekstur.

Aðilar vinnumarkaðarins skulu gera með sér samkomulag um framkvæmd þessarar greinar.

73. gr. hljóðar svo:

Vinnueftirlit er eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Það eftirlit er í höndum sérstakrar stofnunar, sem nefnist Vinnueftirlit ríkisins.

Félagsmálaráðherra fer með þessi mál.

Vinnueftirlit ríkisins er sjálfstæð stofnun.

Ráðherra er heimilt að skipta stofnuninni í deildir að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar.

Ráðherra skal setja reglur um skiptingu landsins í eftirlitsumdæmi að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd á lögum þessum.

74. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar stjórn stofnunarinnar þannig:

Þrjá stjórnarmenn tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands, tvo stjórnarmenn tilnefnda af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn stjórnarmann tilnefndan af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, einn stjórnarmann tilnefndan af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn stjórnarmann tilnefndan af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn stjórnarmann án tilnefningar. Varamenn í stjórnina skulu skipaðir á sama hátt.

Ráðherra skipar formann stjórnar úr hópi stjórnarmanna og ákveður stjórnarlaun. Skipan stjórnar skal vera til fjögurra ára í senn.

77. gr. hljóðar svo:

Til þess að standast kostnað af framkvæmd laga þessara, skulu fyrirtæki þau, er lög þessi gilda um, greiða í ríkissjóð iðgjöld, sem innheimt skulu ásamt slysatryggingagjaldi, sbr. lög um almannatryggingar.

Iðgjöld skulu reiknast af sama stofni og slysatryggingaiðgjald, sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Hundraðshluti iðgjalds skal ákveðinn með reglugerð fyrir eitt ár í senn, með hliðsjón af fjárhagsáætlun Vinnueftirlits ríkisins, ásamt leiðréttingu vegna tekjuafgangs eða tekjuhalla næsta reikningsárs á undan.

Aðrar tekjur stofnunarinnar eru skrásetningar- og eftirlitsgjöld samkvæmt 1. mgr. 49. gr. og gjöld fyrir aukaþjónustu samkvæmt 4. mgr. 80. gr.

78. gr. hljóðar svo:

Vinnueftirlit ríkisins hefur það verkefni að:

a) leiðbeina fyrirtækjum, öryggisnefndum, öryggisnefndum sérgreina, aðilum vinnumarkaðarins og opinberum aðilum um mál er varða starfsumhverfi,
b) aðstoða félagsmálaráðuneytið við undirbúning á reglugerðum í samræmi við lög þessi,
c) gefa út reglur og leiðbeiningar í samræmi við lög þessi,
d) afla og viðhalda þekkingu um félagslega og tæknilega þróun í þeim tilgangi að stuðla að því að efla öryggi og bæta hollustuhætti í starfsumhverfi,
e) veita, í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins, fræðslu og upplýsingar varðandi hættur á vinnustöðum og varnir gegn þeim, svo og um nýja tækni og þekkingu, sem stuðlað getur að umbótum á aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum,
f) sjá um að haldin sé skrá yfir hvers konar sjúkdóma, sem ætla má að eigi orsakir í starfsumhverfi, tíðni þeirra og útbreiðslu. Vinnueftirlitið skal m. a. á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga eiga frumkvæði að því, að rannsóknir verði framkvæmdar af viðeigandi stofnunum á hinum ýmsu tegundum at-

vinnusjúkdóma, svo og fylgjast með, að aðgerðir séu viðhafðar til varnar gegn og lækningar á þeim,

g) fjalla um öryggisþætti í áætlunum um vinnslu- og framleiðsluaðferðir, vinnustaði, tækni- og tækjabúnað og fleira. Einnig um notkun efna, þegar í lögum eða reglugerðum er mælt svo fyrir, að leyfi Vinnueftirlits ríkisins þurfi til,

h) hafa eftirlit með og sjá um, að lögunum og þeim reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, sé framfylgt.

100. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 23 1. febrúar 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum með síðari breytingum. Ennfremur falla úr gildi önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við þessi lög.

Bráðabirgðaákvæði hljóða svo:

1. Nú brýtur starfsemi við gildistöku laga þessara að einhverju leyti í bága við ákvæði þeirra, og skal þá forstjóra Vinnueftirlits ríkisins heimilt að veita tiltekinn frest til þess að koma því í lag, sem ábótavant kann að reynast.
2. Reglugerð samkvæmt 6. mgr. 73. gr., svo og reglur samkvæmt lögum þessum, skal setja svo fljótt sem verða má. Þar til þær hafa verið staðfestar, skulu þær reglugerðir og reglur, sem nú gilda um þau mál, er lög þessi taka til, vera í gildi, enda brjóti ákvæði þeirra eigi í bága við ákvæði laga þessara.
3. Félagsmálaráðherra skal fyrir 1. júní 1981 setja reglugerð um þau ákvæði laga þessara, sem snerta landbúnaðinn.

   Skal þar m. a. kveðið á um aðild Stéttarsambands bænda að ákvörðunum um þau ákvæði laganna er sérstaklega varða landbúnaðinn. Reglugerðin skal samin í samráði við stjórn Vinnueftirlits ríkisins, Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands.
4. Seðlabanki Íslands skal árlega á næstu fimm árum útvega fjármagn 500 milljónir króna á ári miðað við verðlag 1. janúar 1979, til lánveitinga til fyrirtækja, sem þurfa að framkvæma endurbætur á vinnuaðstöðu starfsfólks eða til þess að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað. Tryggja skal að lánsfé verði eingöngu notað til endurbóta á almennu starfsumhverfi starfsfólks hjá fyrirtækjum, sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara. Lánstími skal vera allt að fimm ár. Alþýðusamband Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefni fulltrúa til þess að fjalla um lánaþörf og lánveitingar ásamt fulltrúum stjórnvalda.
6. Lög þessi skal endurskoða í samráði við aðila vinnumarkaðarins og stjórn Vinnueftirlits ríkisins eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra.

Ed. 427. Frumvarp til laga [31. mál]

um breyting á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 63 frá 29. mars 1961, sbr. lög nr. 71 frá 28. apríl 1962.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. maí.)

1. gr.

Aftan við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar lögskráð er úr skiprúmi, hvort heldur er með skriflegri tilkynningu eða á annan hátt, skal útgerðarmaður eða skipstjóri tafarlaust láta viðkomandi skipverja vita um lögskráninguna, ef hann er ekki viðstaddur. Ber útgerðarmanni eða skipstjóra að sanna að skipverja hafi verið tilkynnt um lögskráningu úr skiprúmi, ef um er deilt. Nú hefur skipverja eigi borist vitneskja um lögskráningu úr skiprúmi á réttum tíma, og er honum þá heimilt að vefengja gildi lögskráningarinnar með því að bera upp andmæli við lögskráningarstjóra.

2. gr.

Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lögskráningarstjóra er skylt að veita stéttarsamtökum sjómanna eða eftirlitsmanni þeirra aðgang að gögnum er varða lögskráningar og upplýsingar um þær.

3. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, enda liggi ekki þyngri refsing við þeim samkvæmt öðrum lögum. Verði skipstjóri með dómi fundinn sekur um ítrekað brot á lögskráningarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum má dæma hann jafnframt til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 428. Frumvarp til laga [184. mál]

um Iðnrekstrarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Starfrækja skal Iðnrekstrarsjóð til að styðja við umbótastarf í iðnaði í þeim tilgangi:

— að auka útflutning iðnaðarvarnings
— að auka samkeppnishæfni íslensks iðnaðar á innlendum og erlendum markaði
— að örva nýsköpun í átt til aukinnar og bættrar framleiðslu í iðnaði
— að auka framleiðni í samkeppnisiðnaði.

Stefnt skal að sem líkustu fyrirkomulagi og gildir í þessum efnum í samkeppnislöndum Íslendinga.

2. gr.

Iðnrekstrarsjóður er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Iðnaðarbanki Íslands hf. hefur á hendi daglega afgreiðslu sjóðsins, samkv. sérstökum samningi.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 7 menn og jafnmargir til vara skipaðir af iðnaðarráðherra til tveggja ára í senn.

Iðnaðarráðherra skipar formann sjóðstjórnar án tilnefningar. Aðra stjórnarmenn skipar hann samkv. tilnefningu Félags íslenskra iðnrekenda, Iðnþróunarsjóðs, Landssambands iðnaðarmanna, Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnverkafólks og Sambands íslenskra samvinnufélaga, og tilnefnir hver aðili einn mann.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt til jafnlangs tíma.

4. gr.

Stjórnin hefur með höndum starfsemi sjóðsins, ræður nauðsynlegt starfslið og ráðstafar fjármagni hans. Iðnaðarráðherra ákveður þóknun fyrir störf sjóðstjórnar.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Eigið fé Iðnrekstrarsjóðs, eins og það verður við gildistöku þessara laga.
2. Framlag ríkissjóðs samkv. fjárlögum 1980.

Annað ráðstöfunarfé sjóðsins er:

a) Framlag ríkissjóðs, er miðist að lágmarki við 0.6% af vinnsluvirði iðnaðar undanfarið ár, samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar, í fyrsta sinn árið 1982, og síðan árlega til og með árinu 1985, en verði þá endurmetið með hliðsjón af þörfum.
b) Önnur bein framlög til sjóðsins.
c) Vaxtatekjur.
d) Afborganir af veittum lánum.
e) Lántökur.
f) Aðrar tekjur.

Allur kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðist af tekjum hans. Sjóðurinn er undanþeginn sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

6. gr.

Hlutverk sitt samkv. 1. grein skal sjóðurinn rækja m. a. með eftirfarandi aðgerðum:

1. Styrkjum og framlögum sem fyrst og fremst verði beitt á sviði útflutnings- og markaðsstarfsemi, en einnig til þróunarverkefna, sem geta haft mikilvæg áhrif á almenna eflingu iðnaðar, ekki síst til framleiðniaukningar.
2. Áhættulánum, sem fyrst og fremst verði notuð til stuðnings vöruþróunar, hönnunar og ýmissa annarra nýsköpunarverkefna. Heimilt er að hafa áhættulán afborgunarlaus um tíma og jafnframt að afskrifa lánin, heppnist verkefnið ekki.
3. Ábyrgðum gagnvart viðskiptabönkum og fjárfestingalánasjóðum.
4. Kaupum og sölu á hlutabréfum í starfandi fyrirtækjum og þátttöku í stofnun nýrra hlutafélaga.
5. Viðbótarlánum vegna fjárfestinga. Lán þessi geta jafnframt verið áhættulán.

Í því sambandi skal höfð hliðsjón af svæðisbundnum áætlunum er hlotið hafa staðfestingu stjórnvalda.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður skilyrði fyrir þátttöku hans hverju sinni, hvort sem um er að ræða hlutafjárkaup, fjárframlög, lánveitingar eða styrkveitingar. Heimilt er að styrkja eða lána samtökum og stofnunum iðnaðarins vegna einstakra verkefna, sem samrýmast tilgangi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ákveður lánskjör hans og vexti að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Stjórn sjóðsins er, með samþykki iðnaðarráðherra, heimilt að taka lán fyrir hönd sjóðsins. Heimilt er að veita styrki eða framlög sem nema allt að ⅓ af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins, að undanskildum lántökum. Heildarupphæð ábyrgða sjóðsins, skv. 6. gr. 3. tl. má á hverjum tíma nema hæst 60% af eiginfé sjóðsins.

9. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Iðnrekstrarsjóðs og greiðir þær, ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til. Sjóðstjórn er skylt að birta árlega opinbera skýrslu um starfsemi sjóðsins og skulu endurskoðaðir ársreikningar fylgja henni. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun ársreikninga.

10. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um reikningshald, svo og ráðningar og stöðu starfsmanna.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 61 frá 1973 um Iðnrekstrarsjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Með frumvarpi þessu er mótuð sú stefna að víkka hlutverk Iðnrekstrarsjóðs og efla hann verulega í þeim tilgangi að stuðla að margvíslegu nýsköpunar- og umbótastarfi í þágu iðnaðar. Er þetta gert í samræmi við þá stefnumótun um eflingu iðnaðar sem unnið hefur verið að á vegum iðnaðarráðuneytisins.

Í álitsgerð Samstarfsnefndar um iðnþróun, „Iðnaðarstefna", frá maí 1979 segir (bls. 86):

„Samstarfsnefndin leggur til að aukinn verði sá þáttur í fjárstuðningi opinberra sjóða er miðar að því að styðja hvers konar iðnþróunaraðgerðir og nýsköpunarviðleitni í iðnaði með því að veita fyrirtækjum og stofnunum áhættulán og styrki til vel skilgreindra þróunarverkefna".

Eftir setningu laga á síðastliðnu ári um aðlögunargjald á innfluttar iðnaðarvörur sem renna skyldi til iðnþróunaraðgerða mótaði iðnaðarráðherra þá stefnu að verulegur hluti tekna af gjaldinu skyldi renna til að efla Iðnrekstrarsjóð. Jafnframt var ákveðið að endurskoða lög sjóðsins með það fyrir augum að víkka hlutverk hans, breyta stjórnaraðild í samræmi við það og endurskoða önnur atriði til að tryggja sem árangursríkast starf sjóðsins.

Með bréfum ráðuneytisins dags. 11. október 1979 og 25. febrúar 1980 var skipuð nefnd til að endurskoða lögin og gera tillögu til ráðuneytisins í þeim efnum. Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn:

Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður,
Sigurður Magnússon,
Valur Valsson,
Þórleifur Jónsson.

Nefndin hefur skilað áliti sínu og er frumvarp þetta ásamt athugasemdum í öllum aðalatriðum samhljóða tillögum nefndarinnar. Nefndin var sammála í tillögum sínum að því undanskildu að Valur Valsson framkvæmdastjóri Félags íslenskra iðnrekenda gerði þann fyrirvara um stjórn sjóðsins, að hún ætti að vera áfram 5 manna og skipuð fulltrúum tilnefndum af iðnaðarráðuneyti, Félagi ísl. iðnrekenda, Iðnþróunarsjóði svo og Landssambandi iðnaðarmanna og Landssambandi iðnverkafólks. Jafnframt að niður félli tilnefningarréttur fulltrúa Sambands íslenskra samvinnufélaga og Alþýðusambands Íslands.

Erlendur samanburður — Samkeppni á sviði nýsköpunar

Með vaxandi alþjóðlegri samkeppni og sífellt örari breytingum á tækni og kröfum markaðar, samfara minnkandi arðsemi fyrirtækja, hefur áhættan við þróun nýrra afurða og framleiðsluaðferða og við stofnsetningu nýrra fyrirtækja aukist verulega. Hafa flestar þróaðar þjóðir gripið til þess ráðs að styðja við nýsköpunarviðleitni með því að veita hagstæð áhættulán og styrki í þeim tilgangi að treysta grundvöll atvinnulífsins. Stuðningur við nýsköpun og aðlögun að breyttum samkeppnisskilyrðum hefur reynst mun árangursríkari aðferð en beinir styrkir til rekstr-

ar og fjárfestinga í greinum og fyrirtækjum sem eiga í samkeppniserfiðleikum. Slíkur stuðningur við rannsókna- og þróunarstarfsemi, markaðsviðleitni og endurskipulagningu fyrirtækja er í fullu samræmi við ábendingar OECD[1]) um aðlögun að breytilegum samkeppnisaðstæðum samtímans.

Í grannlöndum okkar hefur verið stofnaður fjöldi sjóða sem gegna því hlutverki að styðja umbótastarf í iðnaði. Er þá gjarnan nokkur verkaskipting milli sjóða og jafnframt nokkuð mismunandi hugmyndir og stefna sem býr að baki þeirra. Í sumum tilvikum er um að ræða tæknilega ráðgjöf samhliða fjárstuðningi, eða mjög nána samvinnu milli sjóða og tækni- eða markaðsstofnana um aðstoð við fyrirtækin.

Á meðfylgjandi þrem töflum er gefið yfirlit um helstu sjóði og stofnanir af þessu tagi á Norðurlöndum. Yfirlitin ná til vöruþróunar, stuðnings við útflutning og rekstrarráðgjöf. Sjóðir þessir gegna nú orðið lykilhlutverki í smáfyrirtækjastefnu þessara landa, svo sem fram kemur í nýlegu yfirliti Norrænu ráðherranefndarinnar (iðnaðarráðherranna) um það mál[2]).

Fjárráð sjóðanna eru umtalsverður hluti af verðmætasköpun smáiðnaðar í þessum löndum, hlutfallslega margföld á við fjárráð Iðnrekstrarsjóðs hingað til, enda verkefnin víðtækari en lögin um Iðnrekstrarsjóð frá 1973 heimila. Aðgangur iðnaðar í nágrannalöndunum að sjóðum og stofnunum af þessu tagi hefur nú orðið vaxandi áhrif á samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar og nauðsynlegt að skapa mótvægi í þessum efnum.

Rannsókna- og þróunarstarfsemi er einn af mikilvægum þáttum umbótastarfs í iðnaði. Komið hefur í ljós við athuganir Rannsóknaráðs ríkisins á fjárframlögum til rannsókna, að íslensk iðnfyrirtæki leggja langtum minna til slíkra mála en samkeppnisfyrirtæki þeirra á Norðurlöndum, svo sem sýnt er á meðfylgjandi súluriti. Ef ætla skal íslenskum iðnaði að standast óhefta samkeppni, verða annarsvegar að koma til ný viðhorf hjá fyrirtækjum og hinsvegar hvatning af hálfu hins opinbera til aukinna rannsókna og til skylds umbótastarfs í fyrirtækjum. Með því að beina auknu fjármagni til rannsókna á sviði iðnaðar gegn mótframlögum frá fyrirtækjum má án efa hafa veruleg áhrif í þessa átt.

Með frumvarpi þessu er tekin sú stefna að Iðnrekstrarsjóður geti gegnt því hlutverki að styðja slíkt starf. Um verkefni og starfshætti sjóðsins og verkaskiptingu við aðra sjóði vísast til minnisblaðs Samstarfsnefndar um iðnþróun til iðnaðarráðherra (dags. 23. apríl 1980), sem fylgir með frumvarpinu. Frumvarp þetta er samið með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem þar koma fram.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um nafn sjóðsins, markmið hans og þá almennu stefnumótun, að hann skuli starfa með hliðstæðum hætti og svipaðir sjóðir og stofnanir í nágrannalöndum. Þess ber þó að gæta að erlendis eru oftast margir sjóðir í hverju landi sem styðja umbótastarf í iðnaði út frá mismunandi forsendum og er hlutverk Iðnrekstrarsjóðs því víðara en oft gerist annars staðar. Með þessari skilgreiningu á hlutverki sjóðsins er stefnt að því að skapa íslenskum iðnaði sem mest jafnræði við iðnað í samkeppnislöndunum.

---

1) Sjá rit OECD „The Case for Positive Adjustment Policies" A Compendium of OECD Documents 1978/79 OECD, Paris, June 1979.

2) Det fællesnordiske forskningsprojekts vedrörende små og mellemstore virksomheder. NU A 1979, 22 Bind 1—5.

Um 2. gr.

Hér er kveðið á um stöðu gagnvart stjórnvöldum og sömuleiðis staðfest það fyrirkomulag sem verið hefur, að Iðnaðarbanki Íslands h.f. annist afgreiðslu fyrir sjóðinn.

Um 3. gr.

Gerð hefur verið sú breyting á stjórn sjóðsins frá fyrri lögum vegna víðtækara hlutverks sjóðsins í þágu íslensks iðnaðar, að veita Landssambandi iðnaðarmanna og Landssambandi iðnverkafólks aðild að stjórn hans.

Um 4. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Í grein þessari er kveðið á um stofnfé Iðnrekstrarsjóðs, m. a. yfirtöku á eiginfé sjóðsins, sem starfaði eftir lögum nr. 61 frá 1973, eins og það verður við gildistöku þessara laga.

Mikilvægasta ákvæði þessarar greinar varðar lágmarksframlög á árunum 1982—1985, sem er stefnumótandi um starfsmöguleika sjóðsins á þessu tímabili. Á fjárlögum ársins 1980 er ákveðið 100 m.kr. framlag til Iðnrekstrarsjóðs, en að auki fara 500 m.kr. til sjóðsins af aðlögunargjaldi á yfirstandandi ári og reiknað er með að svipaðar upphæðir renni til sjóðsins á næsta ári. Áætlað vinnsluvirði iðnaðar 1979 á verðlagi ársins var 96.5 milljarðar án mjólkuriðnaðar, kjötiðnaðar, byggingariðnaðar og fiskiðnaðar, og eru framlög til sjóðsins í ár því alls nálægt 0.60% af því. Hér er lagt til að fram til ársins 1985 verði svipuðu fjármagni að raunvirði veitt til sjóðsins.

Að þessu tímabili loknu verði framlög til sjóðsins endurmetin í ljósi þarfa og þess árangurs sem náðst hefur. Ákvæði greinar þessarar er þannig ekki fastur tekjustofn sjóðsins, heldur bindandi stefnumótun á sviði iðnaðar fyrir ákveðið tímabil.

Gert er ráð fyrir að frá og með árinu 1982 falli niður framlag á fjárlögum til Iðnlánasjóðs, en það nemur 300 m.kr. í ár. Er útgjaldaaukning ríkisins til sjóðsins þannig minni en ella yrði skv. frumvarpinu og fremur um tilfærslu að ræða.

Um 6. gr.

Með þessari grein eru veittar heimildir í lögum til þeirra sérstöku tegunda stuðnings, sem Iðnrekstrarsjóði er ætlað að veita.

1. **Styrkir og framlög** sem aðallega verði beitt í tengslum við erlenda markaðsöflun og markaðsaðlögun, en einnig til þróunarverkefna, sem hafa mikla þýðingu fyrir þróun heilla greina eða iðnaðarins í heild og stjórnin telur falla að markmiðum sjóðsins.
2. **Áhættulán** sem heimilt er að hafa afborgunarlaus um tíma og afskrifa ef verkefnin skila ekki árangri, enda sæki viðkomandi fyrirtæki um slíka eftirgjöf. Nauðsynlegt er að stjórnin móti fastar reglur um skilyrði fyrir slíkri eftirgjöf.
3. **Ábyrgðir** sem sjóðurinn getur veitt fyrirtækjum vegna lána frá öðrum sjóðum og viðskiptabönkum, til að koma nýrri áhættusamri framleiðslu af stað, þegar fullnægjandi veð eru ekki fyrir hendi hjá viðkomandi fyrirtækjum. Heildarupphæðir ábyrgða sjóðsins verði á hverjum tíma að hámarki bundnar við 60% af eiginfé sjóðsins.
4. **Kaup og sala hlutabréfa** og þátttaka í stofnun fyrirtækja. Ætlast er til að heimild þessari sé beitt einvörðungu þegar umtalsverðir iðnaðarhagsmunir eru í veði, er samrýmast tilgangi sjóðsins og þátttaka hans getur haft veruleg áhrif til framfara.

5. **Viðbótarlán** til fjárfestinga, þar sem lán almennra fjárfestingalánasjóða hrökkva ekki til og um er að ræða framkvæmdir sem geta haft umtalsverða þýðingu fyrir skipulagsbreytingar og þróun innan ákveðinna greina iðnaðar í heild. Heimilt er að veita slík viðbótarlán sem áhættulán, er verði afskrifuð eða víki fyrir öðrum fjárfestingalánum, ef ekki verður árangur af framkvæmdinni. Nauðsynlegt er að stjórn sjóðsins móti fastar reglur um veitingu viðbótarlána.

Um 7. gr.

Í þessari grein eru heimildir stjórnar til að ákveða skilyrði fyrir stuðningi og lánskjörum sjóðsins með sama hætti og var í fyrri lögum og heimild til að styðja við afmörkuð verkefni á vegum samtaka og stofnana iðnaðarins, sem samrýmast tilgangi sjóðsins. Heimild þessi er bundin við afmörkuð verkefni, en ekki má veita styrki til almenns reksturs stofnana eða samtaka.

Um 8. gr.

Hér er heimild veitt til töku lána í því skyni að auka útlánagetu sjóðsins. Heimild til að veita styrki er takmörkuð við 1/3 af árlegu ráðstöfunarfé að undanskildum lántökum. Eftirgjöf af lánum takmarkar ekki styrkveitingar og framlög. Heimild til að veita ábyrgðir takmarkast við 60% af eiginfé sjóðsins á hverjum tíma.

Um 9. gr.

Hér er tekið fram að ríkissjóður skuli ábyrgjast allar skuldbindingar sjóðsins eins og verið hefur í raun. Iðnaðarráðherra heimilar lántökur.

Þá er kveðið á um opinbera skýrsluskyldu sjóðsins og endurskoðun ársreikninga af hálfu ríkisendurskoðunar.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Yfirlit um sjóði og stofnanir sem veita stuðning við markaðsstarfsemi og útflutning.

Þ = Þjónusta F = Fjárstuðningur

Stofnun	Tegund aðstoðar: Upplýsinga-þjónusta	Ráðgjöf	Þjálfun	Söluaðstoð — markaðskannanir
DANMÖRK				
Industrirådet	Þ	Þ		
Håndværksrådet	Þ	Þ		Þ
Projekt EU		F		F
Danmarks Erhvervsfond Udenrigsministeriets Handelsafd.	Þ	Þ		Þ
Eksportkreditrådet, Dansk Eksportfinansieringsfond	Fjárstuðningur til útflutnings og útflutningseflandi aðgerða			
FINNLAND				
Utrikeshandelsförbundet	Þ	Þ		Þ
KERA		F		F
PKT-fonden		F		
Stiftelsen för exporthandelsutbilding			Þ	
Viexpo, Norrexpo	Þ	Þ		Þ
Handels- och industriministeriet, Finlands Bank, Finlands Exportkredit, Exportgarantianstalten	Fjárstuðningur til útflutnings og útflutningseflandi aðgerða			
ÍSLAND				
Útflutningsmiðstöð iðnaðarins	Þ	Þ		Þ
Iðnþróunarsjóður		F		
Iðnrekstrarsjóður		F		F
NOREGUR				
Norges Eksportråd	Þ	Þ		Þ
STI (IN-KO-kontoren)	Þ	Þ		Þ
Landscentralen		Þ		Þ
Norges Håndverkerforbund		Þ		
Fondet for markeds- og distribusjonsforskning				Þ F
Industriforbundet		Þ		
Omstillingsfondet, Garanti-Inst.f.Eksportkr., Handelsdepartementet	Fjárstuðningur til útflutnings og útflutningseflandi aðgerða			
SVÍÞJÓÐ				
Sveriges Exportråd	Þ	Þ		Þ
Utvecklingsfonderna	Þ	Þ	F	F
SIFU				
Expolaris (och motsv.)		Þ		Þ
Svensk Exportkredit, Exportkreditnämnden, SIND:s branschstöd	Fjárstuðningur til útflutnings og útflutningseflandi aðgerða			

Úr skýrslu „Externa tjänster till de mindre och medelstora företagen“
NU A 1979:22 Bind 2
(Með leiðréttingum fyrir Ísland).

Yfirlit um stofnanir sem styðja eða veita stjórnunar- og rekstrarráðgjöf.

Þ = Þjónusta F = Fjárstuðningur

	Upplýsinga-þjónusta	Ráðgjöf	Fræðsla	Starf í fyrirtækjum
DANMÖRK				
TI	Þ	Þ	Þ	
JTI	Þ	Þ	Þ	
Projekt EU		Þ	Þ	
Danmarks Erhvervsfond „konsulentordningen“		F		
FINNLAND				
PKT-fonden		F		
KERA		F	F	
Handels- och industriministeriet				
— småindustribyrån			F	
— distriktsorganisationen	Þ	Þ	Þ	
Hantsverks- och småindustriens Utbildningsfond			Þ	
Näringsombudsmännen	Þ	Þ		
ÍSLAND				
Samtök iðnaðarins	Þ	Þ	Þ	Þ
Iðntæknistofnun Íslands	Þ	Þ	Þ	
NOREGUR				
STI	Þ	Þ	Þ	
Senior Service A/S		Þ		
DUF		Þ		
Statens arbeidstilsyn	Þ			
IN-KO-Kontoren		Þ	Þ	
SVÍÞJÓÐ				
Utvecklingsfonderna			Þ	
SIFU	Þ	Þ	F	
SIND	Skipuleggur og stjórnar stuðningsaðgerðum			
— branschstöd		F	F	

Úr skýrslu „Externa tjänster till de mindre och medelstora företagen“
NU A 1979:22 Bind 2
(Með leiðréttingum fyrir Ísland).

Yfirlit um stofnanir sem veita aðstoð við vöruþróun.


Þ = Þjónusta F = Fjárstuðningur

	Upplýsinga-þjónusta	Ráðgjöf	Fræðsla	Starf í fyrirtækjum
DANMÖRK				
TI	Þ	Þ	Þ	Þ
JTI	Þ	Þ	Þ	Þ
Teknologiska informations-centra	Þ	Þ		
De 25 mindre tekniska instituten	Þ			Þ
Projekt EU		F	F	
Testningslaboratorierna				Þ
Patentdirektoratet	Þ	Þ		
Teknologirådet „Lov om statstilskud til produkt-udvikling“				F
Udviklingsfondet				F
Teknologirådet Statens Tekniske Prövenævn	} Stjórnar og fjármagnar stofnanir			
FINNLAND				
VTT	Þ			Þ
— marknadsförings- och produktutvecklingsenheter		Þ		
Handels- och industriministeriet				F
— distriktsorganisationen	Þ	Þ	Þ	
SITRA				F
Uppfinnarsstiftelsen	Þ	Þ		
PKT-fonden				
KERA		F		
Patentstyrelsen	Þ	Þ		
Industrisekreterarna	Þ			
ÍSLAND				
Iðntæknistofnun Íslands	Þ	Þ	Þ	Þ
Iðnþróunarsjóður				F
Iðnrekstrarsjóður				F
NOREGUR				
STI	Þ	Þ	Þ	Þ
Statens veiledningskontor	Þ	Þ		F
NPI		Þ		F
IN-KO-kontoren	Þ	Þ		
Omstillingsfondet				F
Utviklingsfondet				F
Bransjeforskningsfondet				F
NTNF (SI, SINTEF)				F
Patentstyret	Þ	Þ		

	Upplýsinga-þjónusta	Ráðgjöf	Fræðsla	Starf í fyrirtækjum
SVÍÞJÓÐ				
STU	Þ	Þ		Þ
— kontaktsekreteriaten	Þ			Þ
SIND:s tekniska konsulter	Þ			
SIFU	Þ	Þ	Þ	
Utvecklingsfonderna	Þ	Þ	Þ	Þ
IUC				Þ
Patentverket	Þ	Þ		
Statens provningsanstalt				Þ
Statens anläggningsprovning				Þ
SINFDOK	Þ			
Svenska Utvecklings AB				F
Norrlandsfonden				F

Úr skýrslu „Externa tjänster till de mindre och medelstora företagen“
NU A 1979:22 Bind 2
(Með leiðréttingum fyrir Ísland).

Samanburður á fjármagni og mannafla til R & Þ hjá fyrirtækjum í iðnaði á Norðurlöndum.



Sameining við aðra sjóði.

Í upphaflegu lögunum um Iðnrekstrarsjóð er það ákvæði til bráðabirgða að taka skuli lögin um sjóðinn og lög annarra sjóða iðnaðarins til endurskoðunar hið fyrsta með sameiningu þeirra fyrir augum. Um mál þetta var fjallað í nefnd sem

iðnaðarráðherra skipaði árið 1975 undir formennsku Þorvarðar Alfonssonar, aðstoðarmanns þáverandi iðnaðarráðherra. Komst nefndin að þeirri rökstuddu niðurstöðu, að sameining lánasjóða iðnaðarins væri ekki raunhæf, en í staðinn bæri að auka samstarf sjóðanna t. d. með sameiginlegri skrifstofuaðstöðu, svo sem bókhaldi, lögfræðiaðstoð, innheimtu, o. fl. Benti nefndin á samstarf við Iðnlánasjóð innan Iðnaðarbanka Íslands h.f. að þessu leyti. Almennt er þessi skoðun enn ríkjandi meðal aðila iðnaðarins varðandi hugsanlega sameiningu Iðnrekstrarsjóðs við aðra sjóði. Á hinn bóginn er fullur vilji fyrir samhæfingu og samstarfi sjóðanna, svo sem við á.

Um starf sjóðsins til þessa.

Iðnrekstrarsjóður, sem stofnaður var með lögum nr. 61 frá apríl 1973, hefur starfað frá haustinu 1973. Alls hefur hann fjallað um nálægt 400 umsóknir og hafa útborguð lán og styrkveitingar verið svo sem hér segir:

(í m.kr.)	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
Lán	4.0	38.3	48.0	43.0	62.9	84.9	131.0
Styrkir	4.0	14.8	7.4	41.9	64.9	36.2	55.6
Alls	8.0	53.1	55.4	84.9	126.9	120.2	186.6

Árið 1978 voru umsóknir 48, en 69 árið 1979.

Málefni er varða erlenda markaðsöflun hafa haft algjöran forgang (73% af stuðningi sjóðsins 1979) og gildi umsókna fyrir aukinn iðnaðarútflutning að jafnaði látið vega þungt við ákvarðanir um stuðning. Takmörkuð fjárráð og raunar rýrnandi ráðstöfunarfé að raungildi hefur dregið úr mætti sjóðsins til að halda uppi kynningu á stuðningsmöguleikum sínum og aðstoða fyrirtæki við að móta stuðningshæf verkefni. Reynsla hliðstæðra sjóða erlendis er einmitt sú að slík aðstoð sé nauðsynleg.

Mótaðar hafa verið fastar reglur um stuðning við erlenda markaðsöflun, sem felst í því að greiddur er helmingur kostnaðar við þátttöku íslenskra útflutningsaðila í vörusýningum erlendis m. a. í þeim tilgangi að jafna aðstöðu íslenskra útflytjenda iðnaðarvöru við samkeppnisaðila í nágrannalöndunum. Þátttaka frá Íslandi í alþjóðlegum vörusýningum hefur stóraukist við tilkomu stuðnings frá sjóðnum. Þá er útgáfa sölu- og kynningarbæklinga styrkt og veitt lán til ýmissa almennra útflutningshvetjandi aðgerða.

Sjóðstjórn setti sér reglur um stuðning við vöruþróun árið 1977 og hefur veitt lán til allt að helmings kostnaðar við vöruþróun eða undirbúningsvinnu sem vænst er að geti leitt til nýrrar og aukinnar framleiðslu með möguleika til útflutnings. Algengasti lánstími er 4—5 ár, og vextir hafa verið 18%.

Heimild er til að afskrifa lán til verkefna sem ekki leiða til árangurs, en ekki hefur komið til þess enn, enda verkefnin ekki verið ýkja áhættusöm til þessa. Þó hefur verið veittur frestur á endurgreiðslum.

Iðnrekstrarsjóður hefur aðsetur í húsnæði Iðnaðarbanka Íslands h.f., Lækjargötu 12, og veitir bankinn sjóðnum þjónustu við daglega afgreiðslu, frágang lánsskjala og innheimtur.

Breytingar á lögum.

Í meginatriðum eru þær tillögur sem hér eru gerðar um breytingar á lögum um Iðnrekstrarsjóð eftirfarandi:

1. Að fá sjóðnum víðtækara hlutverk í stuðningi við nýsköpun í iðnaði þannig að starf sjóðsins takmarkist ekki við útflutningsviðleitni svo sem núverandi lög gera ráð fyrir. Verði stefnt að sem líkustu fyrirkomulagi og gildir í starfi hliðstæðra sjóða í samkeppnislöndunum.

2. Að breyta ákvæðum um verkefnaval, starfshætti og stjórnaraðild í samræmi við víðtækara hlutverk og aukin fjárráð, sem sjóðnum eru ætluð.
3. Að gera ákvæði um stuðningsform fyllri og skýrari en áður var. Þannig á að gera sjóðnum kleift að veita viðbótarlán og ábyrgðir gagnvart viðskiptabönkum og fjárfestingalánasjóðum.
4. Að tryggja sjóðnum tekjur sem ekki rýrni í verðbólgu, í samræmi við aukið hlutverk hans og stefnu um eflingu iðnaðar í landinu, og gera sjóðnum kleift að sinna hlutverki sínu með veitingu styrkja og áhættulána. Þetta er undirstöðuatriði ef sjóðurinn á að geta gegnt hlutverki sínu.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 26. apríl, 1980.

Minnisblað.

Til: Iðnaðarráðherra

Frá: Samstarfsnefnd um iðnþróun.

Málefni: Efling Iðnrekstrarsjóðs — útvíkkað hlutverk

Við störf Samstarfsnefndar um iðnþróun hefur komið æ betur í ljós þörfin fyrir verulega aukið fjármagn til að kosta nauðsynlegt umbóta- og nýsköpunarstarf í þágu iðnaðar í þeim tilgangi að auka framleiðslumagn og framleiðni íslensks iðnaðar og gera hann fyllilega samkeppnishæfan í alþjóðlegu umhverfi viðskipta og verkaskiptingar. Við athugun á fjármagni til rannsókna og þróunarstarfsemi hér á landi kemur í ljós, að Íslendingar verja hlutfallslega aðeins broti þess fjármagns (miðað við virðisaukningu í iðnaði), sem varið er til þessarar starfsemi í samkeppnislöndum okkar og raunar aðeins tíunda hluta (í hlutfalli af vinnsluvirði) af því sem varið er til hliðstæðra verkefna í sjávarútvegi og landbúnaði hérlendis. Samkeppnislönd okkar leggja nú áherslu á að auka opinberan stuðning við slíkt nýsköpunarstarf, en draga úr beinum rekstrarstuðningi eða niðurgreiðslum til iðnaðar, sem býr við aðlögunarvandamál. Hafa þau komið upp öflugum stofnunum og sjóðum, til að styðja við slíkt starf.

Það er skoðun Samstarfsnefndar um iðnþróun, að í þessu ljósi þurfi að auka stórlega fjármagn til að örva nýsköpun í íslenskum iðnaði. Telur nefndin að Iðnrekstrarsjóður eigi að gegna því hlutverki að beina fjármagni til vel skilgreindra og markvissra verkefna í þessu skyni. Þarf sjóðurinn að móta starfshætti og sérhæfa sig í vinnubrögðum sem nauðsynleg eru til að fjalla um slík verkefni með árangri.

Í eftirfarandi kemur fram álit Samstarfsnefndar um iðnþróun um hlutverk, starfshætti og verkefni sjóðsins.

Markmið.

Markmið sjóðsins skal vera að hafa veruleg áhrif til **aukinnar framleiðni** í starfandi iðnaði, að **örva nýsköpun í átt til aukinnar og bættrar vöruframleiðslu** og stuðla að **bættri samkeppnishæfni** íslensks iðnaðar á innlendum og erlendum markaði með sérstaka áherslu á **aukinn útflutning iðnaðarvarnings** að leiðarljósi.

Markmiði sjóðsins verði náð með eftirfarandi stuðningsaðgerðum:

a) **Styrkir og framlög.** Fyrst og fremst verði slíkum aðgerðum beitt á sviði útflutnings- og markaðsstarfsemi, svo og til framleiðni- og hagræðingaraðgerða, sem miða að almennri eflingu iðnaðar. Stefna ber að hliðstæðum reglum um meðferð styrkja og framlaga og tíðkast í samkeppnislöndunum.

b) **Áhættulán,** sem aðallega verði notuð til stuðnings vöruþróunar, hönnunar og ýmissa nýsköpunarverkefna. Heimilt verði að hafa áhættulán afborganalaus í ákveðinn tíma og jafnframt verði heimilað að afskrifa lánin, heppnist verkefnið ekki.
c) **Ábyrgðir** gagnvart viðskiptabönkum og fjárfestingalánasjóðum.
d) **Viðbótarlán** vegna fjárfestinga, sem jafnframt geta verið áhættulán.
e) **Kaup og sala hlutabréfa** í starfandi fyrirtækjum og þátttaka í stofnun nýrra hlutafélaga.

Ljóst er, að nauðsynlegt er að breyta lögum sjóðsins til að hann geti sinnt þeim verkefnum, sem hér er fjallað um.

Starfshættir.

Samstarfsnefndin leggur til að með auknu ráðstöfunarfé taki Iðnrekstrarsjóður upp virkari starfshætti og leitist við með fjármagnsfyrirgreiðslum að hafa frumkvæði að öflugu og samvirku starfi að umbótum í iðnaði. Verði starfsgeta hans efld í samræmi við það og jafnframt leitað náinnar samvinnu við aðra sjóði iðnaðarins, ekki síst um faglega undirbúningsvinnu og skrifstofuhald. Ekki telur nefndin rétt að Iðnrekstrarsjóður verði innlimaður í aðra sjóði iðnaðarins vegna nauðsynlegrar stöðu hans sem styrkja- og áhættulánasjóðs.

Nefndin leggur til, að fjármagn sjóðsins verði meðal annars notað til að tengja starf samtaka iðnaðarins og stofnana við aðgerðir í einstökum fyrirtækjum eða iðngreinum. Í þessu sambandi komi til greina fjárstuðningur við afmörkuð verkefni á vegum fyrirtækja, samtaka og stofnana.

Enda þótt eðlilegt sé að leggja mikla áherslu á þau verkefni og starfsform, sem ná til heilla greina iðnaðar og þar með fleiri fyrirtækja í einu, telur nefndin rétt að benda á nauðsyn þess að sjóðurinn sé tilbúinn að styðja öll þau fyrirtæki sem hafa góðar forsendur til vaxtar. Nauðsynlegt er að skýrar styrk- og lánareglur séu mótaðar á hverju því sviði fyrir sig, sem sjóðurinn vill styðja.

Sjóðurinn bindi fjármagnsfyrirgreiðslu sína skilyrðum um notkun fjár, skýrsluskyldu og eftirliti til að tryggja að mat fáist á árangur, svo notin verði í samræmi við forsendur styrk- eða lánveitingar. Mikilvægt er að efla ráðgjöf til fyrirtækja um nýsköpun og þróunarverkefni og í því sambandi þarf að kanna hugsanlegan þátt sjóðsins í samstarfi við samtök iðnaðarins og stofnanir.

Samstarfsnefndin telur ástæðu til að taka sérstaklega fram, að Iðnrekstrarsjóður á ekki að standa undir almennum rekstrarútgjöldum samtaka og stofnana iðnaðarins, Fjárhagslegur stuðningur sjóðsins við samtök og stofnanir getur aðeins orðið til afmarkaðra verkefna, sem unnin eru fyrir einstök fyrirtæki eða iðngreinar eða hafa sérstaka þýðingu fyrir almenna þróun iðnaðar og stjórn sjóðsins telur vera í samræmi við markmið hans.

Verkefni — Verkaskipting.

Í eftirfarandi er gerð grein fyrir helstu tegundum umbótastarfs sem nefndin telur að sjóðurinn ætti að styðja og jafnframt er gerð tilraun til að skýra æskilega verkaskiptingu milli hans og annarra aðila, sérstaklega Iðnþróunarsjóðs, sem stutt hefur svipuð verkefni. Ennfremur er bent á tengslin við samtök og stofnanir iðnaðarins.

1. Markaðsaðlögun og útflutningsstarfsemi.

Stuðningur við markaðsstarfsemi er eitt mikilvægasta verkefni sjóðsins og útflutningsviðleitni og erlend markaðsöflun þarf að njóta forgangs. Eins og reglur liggja fyrir um nú þegar, þarf að koma til stuðningur við eftirfarandi aðgerðir.

— Þátttöku í vörusýningum, söluherferðir og vörukynningar erlendis.
— Prentun og dreifingu á kynningarbæklingum og gerð útstillingarefnis.
— Markaðskannanir.

Á þessu sviði njóta forgangs aðgerðir sem snerta heilar iðngreinar eða fyrirtækjahópa, og geta þær verið styrktar að fullu með framlögum úr sjóðnum, en að jafnaði greiðir þó sjóðurinn 50% kostnaðar á móti fyrirtækjum.

Starf sjóðsins á þessu sviði þarf að vera í náinni samvinnu við Útflutningsmiðstöð iðnaðarins og getur hún notið styrkja úr sjóðnum í tengslum við einstök verkefni í því sambandi. Vísað er til álitsgerðar Gunnars Rogstað til stjórnar Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, um verkefnaval og starfshætti Útflutningsmiðstöðvarinnar í því sambandi.

2. Vöruþróun — aðferðaþróun.

Með vöruþróun — aðferðaþróun er hér almennt átt við starfsemi, sem miðar að þróun nýrra eða endurbættra efna, vörutegunda og framleiðsluaðferða er stuðla að framförum í framleiðslu og aukinni tækniþekkingu í iðnaði. Það svið sem stuðningur sjóðsins getur náð yfir er allt frá könnun nýrra hugmynda þar til eiginleg framleiðsla hefst, þ. e. tækni- og markaðsrannsóknir, hönnun, tilraunaframleiðsla og smíði prufueintaka og þróun framleiðsluaðferða þar sem það á við.

Iðnrekstrarsjóður og Iðnþróunarsjóður hafa sinnt vöruþróunarverkefnum með skilyrðisbundnum lánum. Sjálfsagt virðist að svo verði áfram, en eðlilegt er að um nokkra verkaskiptingu verði að ræða. Hér er lagt til að Iðnþróunarsjóður takmarki stuðning sinn fyrst og fremst við vöruþróun tengda framleiðsluáformum í fyrirtækjum, sem fljótlega geta orðið að veruleika. Iðnrekstrarsjóður styðji hins vegar áhættusamari nýsköpun og vöruþróun. Stuðningur Iðnrekstrarsjóðs getur verið í formi styrkja þegar ákveðnir framleiðslumöguleikar eru ekki taldir geta orðið fljótlega að veruleika.

Erfitt er að skilgreina ákveðna reglu um það, hvenær eðlilegt sé að veita styrk til vöruþróunar og hvenær lán. Sem almenn viðmiðun gæti verið, að styrkur væri veittur fyrst og fremst þegar um væri að ræða vöruþróun tengda nýsköpun á áður óbekktri framleiðsluvöru hérlendis eða vöru sem veruleg áhætta telst að hefja framleiðslu á. Lán væru afur á móti veitt þegar um væri að ræða bekkta framleiðsluvöru, er einvörðungu þyrfti að aðlaga íslenskum aðstæðum eða líkur eru tiltölulega góðar á árangri.

3. Iðnhönnun.

Til stuðnings bæði vöruþróun og markaðsstarfsemi er nauðsynlegt að efla iðnhönnun í landinu. Er þar átt við útlits- og notahönnun, þ. e. þá mótun vörunnar sem t. d. hvað mest áhrif hefur á sölugildi margskonar neytendavarnings. Þennan þátt þarf að styðja bæði með beinni aðstoð og ráðgjöf við fyrirtæki, en einnig með almennum hvetjandi aðgerðum í formi sýninga og opinnar samkeppni um iðnhönnun með ýmsum hætti. Iðnrekstrarsjóður gæti stutt við slík verkefni með beinum framlögum, 50% af kostnaði við ráðgjöf í fyrirtækjum og hærra hlutfalli, þegar um almennar aðgerðir er að ræða.

4. Rekstrarhagræðing — framleiðsluhagræðing

Á næstunni er nauðsyn mjög umfangsmikilla aðgerða til að auka framleiðni starfandi iðnfyrirtækja. Þær aðgerðir þarf að miða í byrjun við heilar iðngreinar eða hópa fyrirtækja, og þyrftu þær að ná til allra aðalþátta er hafa áhrif á framleiðni í fyrirtækjum, þ. e. stjórnunar (framkvæmdastjórnar og framleiðslustjórnunar), endurskipulagningar á framleiðslu, vöruþróunar og markaðsstarfsemi. Slík hagræðingarverkefni ættu að njóta beinna styrkja, allt að 50% kostnaðar. Við framkvæmd verkefnanna þyrfti að koma til frumkvæði og aðstoð samtaka og stofnana iðnaðarins. Stuðningur við hagræðingu í einstökum fyrirtækjum kemur einnig til greina, t. d. ef um eitt fyrirtæki er að ræða í grein, eða fá fyrirtæki gefa sig fram af þeim sem boðið hefur verið, eða ef viðkomandi fyrirtæki gegnir mikilvægu hlutverki í iðnþróun og sýnir meiri áhuga en önnur.

5. Námskeiðahald — starfsþjálfun

Starfsþjálfun er einn dýrasti og mikilvægasti þáttur til að ná framleiðniaukningu í iðnfyrirtækjum. Hér er lagt til að sú stefna verði tekin upp, að starfsþjálfun í iðnfyrirtækjum verði greidd beint af ríkissjóði (í gegnum iðnaðarráðuneytið eða menntamálaráðuneytið) eins og önnur starfs- og eftirmenntun í landinu. Vegna örra breytingu á starfsliði í iðnfyrirtækjum er ekki eðlilegt að fyrirtæki beri þennan kostnað ein.

Rétt þykir að Iðnrekstrarsjóður geti styrkt stofnanir og samtök iðnaðarins til að undirbúa og halda einstök námskeið, en ekki verði um fjármögnun reglubundinna, endurtekinna námskeiða að ræða úr Iðnrekstrarsjóði.

6. Iðngreinaúttektir — fyrirtækjaúttektir

Hér er um að ræða úttektir á stöðu iðngreina, eða einstakra fyrirtækja þegar sérstaklega stendur á, með það fyrir augum að fá m. a. heildaryfirlit um fjárhagslega og tæknilega stöðu þeirra, framleiðslugetu, nýtingu framleiðsluþátta og horfur um afkomu og nauðsyn aðgerða til eflingar viðkomandi greinum með aðlögun að breyttum aðstæðum í huga. Hér koma bein framlög fyrst og fremst til greina, er geta numið 100% kostnaðar Slíkar úttektir ættu jafnan að gerast í samvinnu við samtök iðnaðarins og/eða stofnanir hans.

7. Rannsóknir á nýiðnaðarmöguleikum

Við rannsóknir og kannanir á nýiðnaðarmöguleikum væri gagnlegt að koma á skipulegri málsmeðferð að því er fjármögnun, mat og ákvarðanatöku varðar. Ekki er fráleitt að skilgreina undirbúning nýiðnaðarkosta í þrem til fjórum þrepum, hliðstætt og í undirbúningi virkjana:

1. Forathuganir — sem leiða til **foráætlunar** (prefeasibility study).
2. Frumhönnun — sem leiðir til **frumáætlunar** (feasibility study) og er undirstaða ákvörðunar um stofnun fyrirtækis.
3. Verkhönnun — sem leiðir til **lokaáætlunar** og endanlegrar ákvörðunar um framkvæmd og er gerð á ábyrgð þess sem ræðst í framkvæmd.
4. Gerð útboðsgagna — samningar um vélakaup og byggingar.

Í flestum stærri nýiðnaðarverkefnum er farið í gegnum slíka áfanga þótt ekki sé það ávallt skýrt afmarkað. Hér væri æskilegt að taka upp verkaskiptingu um fjármögnun.

Eðlilegast virðist að gera ráð fyrir að rannsókna- og þróunarstofnanir fjármagni eins stóran hluta forathugana á nýiðnaði og kostur er með framlagi skv. fjárlögum. Til viðbótar geta komið sérstakar fjárveitingar í gegnum iðnaðarráðuneytið, sérstaklega til stærri verkefna. Ef um er að ræða forathuganir, sem unnið er að vegna áhuga ákveðins starfandi fyrirtækis eða áhugahóps, gæti þó verið æskilegt að Iðnrekstrarsjóður veiti stuðning. Reyslan sýnir að verkefni geta verið lengi á forathuganastigi og þarfnast margra endurskoðana.

Álitlegt er að Iðnrekstrarsjóður miði stuðning sinn fyrst og fremst við verkefni sem komin eru á frumhönnunarstig. Stuðningur Iðnrekstrarsjóðs gæti miðast við að skilað sé frumáætlun, sem sé hæf til ákvörðunar um stofnun fyrirtækis. Þá gætu Iðnþróunarsjóður eða aðrir tekið við og miðað stuðning sinn við að gerð sé lokaáætlun.

Æskilegt væri að áfangaskipting við nýiðnaðarathuganir yrði skipulögð með þeim hætti, að verkefnin þyrftu að ganga í gegnum mat óháðra aðila á hverju þrepi og óraunhæf eða illa undirbúin verkefni yrðu þá gagnrýnd og lagfærð eða þeim hafnað.

8. Sjálfvirknivæðing

Á næstu árum má vænta vaxandi áhuga á sjálfvirknivæðingu í mörgum iðnaðarferlum með tilkomu örtölva og framförum á sviði stýrikerfa og hugbúnaðar. Hér gæti hentað að bjóða lán til að hanna og setja upp sjálfvirkni og stýrikerfi í einstökum verksmiðjum. Til álita kæmi einnig að veita styrk til viðfangsefna, sem heilar iðngreinar ættu að njóta góðs af. Æskilegt væri að Iðntæknistofnun geti veitt þjónustu og aðstoð á þessu sviði, e. t. v. með því að hafa frumkvæði um sjálfvirknivæðingu í einstökum iðngreinum.

9. Yfirfærsla á tækniþekkingu

Yfirfærsla á erlendri tækniþekkingu til landsins er mikilvægur þáttur í þróun íslensks iðnaðar. Fjárhagslegur stuðningur Iðnrekstrarsjóðs með styrkjum og/eða lánum getur verið æskilegur á þessu sviði eftir sömu almennu reglum og áður eru nefndar.

10. Kaup á framleiðsluleyfum

Þegar um er að ræða fjárfestingu í framleiðsluleyfum gæti lánafyrirgreiðsla af hálfu Iðnrekstrarsjóðs átt við.

11. Ábyrgðir

Þar sem hlutverk Iðnrekstrarsjóðs er að örva útflutning, nýsköpun og framleiðni og þar sem gert er ráð fyrir að hann taki á sig áhættu í starfsemi sinni, er eðlilegt að hann sinni einnig þörfum iðnfyrirtækja fyrir ábyrgðir. Í fyrsta lagi er hér um að ræða ábyrgðir til viðskiptabanka vegna lánsþarfa, sem skapast vegna framleiðslu sérstakra útflutningspantana. Mörg fyrirtæki, sem eru að reyna að hasla sér völl í útflutningi, geta ekki sett veð, sem viðskiptabankar telja nauðsynleg fyrir lánum vegna framleiðslu á útflutningsvörum. Iðnrekstrarsjóður gæti hér hlaupið undir bagga. Í annan stað er algengt, að ný fyrirtæki eða fyrirtæki, sem eru að leggja út í hlutfallslega mikla endurnýjun og umsköpun á vélakosti og starfsaðstöðu, hafi ekki fasteignaveð, sem fjárfestingalánasjóðir telja nauðsynleg. Hér gæti Iðnrekstrarsjóður komið til skjalanna og gengið í ábyrgð fyrir fyrirtækin gagnvart fjárfestingalánasjóðum. Um væri að ræða áhættustarfsemi á vegum sjóðsins, en reynt væri að halda áhættu í lágmarki með því að fylgjast vel með viðkomandi fyrirtækjum.

FORGANGSRÖÐUN

Samstarfsnefnd um iðnþróun telur að á næstunni eigi að leggja megináherslu á eftirfarandi verkefnaflokka:

1. Markaðsstarfsemi, þ. e. útflutningsviðleitni og aðlögun íslensks iðnaðar að breytilegum samkeppnisskilyrðum innanlands og erlendis.
2. Vöruþróun og hönnun.
3. Framleiðslu- og rekstrarhagræðingu.
4. Fyrirtækja- og iðngreinaúttektir.
5. Rannsóknir á nýiðnaðarmöguleikum.

Verkefni, sem opna möguleika á útflutningi eða auka útflutning njóti forgangsáherslu.

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur tillögur þessar um meginlínur í málefnum Iðnrekstrarsjóðs fyrir yður til athugunar, og vonast til þess að þær verði hafðar til hliðsjónar við endurskoðun á lögum um sjóðinn og mótun reglna um starfsemi hans.

Ed. 429. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974, lög nr. 3 1977 og lög nr. 64 1977, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt.
Davíð Aðalsteinsson og Þorv. Garðar Kristjánsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Kjartan Jóhannsson, fundaskr., frsm. Guðmundur Bjarnason.
Ey. Kon. Jónsson. Lárus Jónsson.

Ed. 430. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því að það verði samþykkt.
Davíð Aðalsteinsson og Þorv. Garðar Kristjánsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Kjartan Jóhannsson, fundaskr. Lárus Jónsson, frsm.
Ey. Kon. Jónsson. Guðmundur Bjarnason.

Ed. 431. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið sem er til staðfestingar á bráðabirgðalögum frá 16. október 1979.
Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt.
Davíð Aðalsteinsson og Þorv. Garðar Kristjánsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form. Kjartan Jóhannsson, fundaskr., frsm. Guðmundur Bjarnason.

Ed. 432. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Við undirritaðir nefndarmenn Sjálfstæðisflokksins lítum svo á að þetta frv. sé hluti af gífurlegum skattahækkunum fyrri vinstri stjórnar og núverandi ríkisstjórnar. Við höfum gert ítarlega grein fyrir þessu skattahækkunarflóði og leggjum til að frv. verði fellt.

Alþingi, 6. maí 1980.

Lárus Jónsson, frsm. Ey. Kon. Jónsson.

Sþ. 433. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um upplýsinga- og merkingaskyldu við ríkisframkvæmdir.

Flm.: Skúli Alexandersson, Guðrún Hallgrímsdóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að við allar nýbyggingar og meiri háttar framkvæmdir á vegum ríkisins, ríkisstofnana og við framkvæmdir, sem ríkið er a. m. k. helmingsaðili að, verði við upphaf framkvæmda sett upp skilti sem á verði skráðar upplýsingar um framkvæmdina. Slíkt skilti verði uppi allan framkvæmda- eða byggingartíma.

Félagsmálaráðherra setji reglugerð um gerð slíkra skilta.

Greinargerð.

Mikið skortir á að upplýsingar um það, sem er að gerast á vegum ríkisins, bæði í sambandi við félagslega starfsemi og framkvæmdir, séu fyrir hendi eða séu veittar á eðlilegan og aðgengilegan hátt, án þess að sérstaklega sé eftir leitað.

Almenningur á sæmilega greiðan aðgang að upplýsingum um hversu mikið fé er veitt til hinna ýmsu verkefna á fjárlögum hvers árs, en upplýsingar um það, hvernig féð nýtist — í hvað fjármagnið fer, koma sjaldan fram þannig að almenningur hafi aðgang að. Þar sem mannvirki eru reist á vegum ríkisins og kostuð af almannafé er sjálfsagt að þau séu vel merkt þannig að byggjandinn, þ. e. almenningur, sjái, hvað sé verið að framkvæma á hans kostnað, og geti fylgst nokkuð með hvernig framkvæmdum miðar áfram.

Með samþykkt þeirrar þingsályktunartillögu, sem hér er lögð fram, væri stigið skref í þá átt að veita á aðgengilegan og ódýran hátt nokkrar upplýsingar um framkvæmdir á vegum ríkisins, auk þess sem samþykkt hennar áorkaði því að aðrar upplýsingar, sem sjálfsagt er að séu veittar við allar framkvæmdir, hvort sem er á vegum ríkisins eða einstaklinga, kæmu fram.

Framkvæmdir má merkja með stóru og greinargóðu skilti, er komið verði fyrir á áberandi stað. Upplýsingar á slíku skilti væru t. d.: Heiti mannvirkis, byggingaraðili, tilgangur, nöfn verkfræðings, arkitekts og annarra hönnuða, verktaka og stjórnenda.

Kostnaðaráætlun þyrfti að sýna og geta um upphafsár framkvæmda og áfangaskipti ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Útlits- eða yfirlitsmynd er æskileg þar sem því verður við komið. Fleira mætti nefna.

Upplýsingar þær, sem hér er lagt til að komið verði á framfæri, gætu dregið úr þeim misskilningi að hálfnað sé verk þá hafið er. Þær gætu orðið mönnum hvatning til að stytta framkvæmdatíma og botnplötum og grunnum, sem standa óhreyfðir í mörg ár, mundi fækka. Auk hinnar sjálfsögðu upplýsingaþjónustu mundi slík merking geta orðið til þess að drifin yrðu af byrjuð og hálfnuð verk og framkvæmdir ekki látnar standa yfir of langan tíma.

Sþ. 434. Tillaga til þingsályktunar [186. mál]

um hafsbotnsréttindi Íslands og samvinnu við Færeyinga.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen, Sverrir Hermannsson, Jósef H. Þorgeirsson, Lárus Jónsson, Guðmundur Karlsson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fylgja fast eftir kröfum þeim, sem Íslendingar settu fram með ályktun Alþingis 22. des. 1978, til hafsbotnsréttinda sunnan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands, í fullri samvinnu við Færeyinga.

Alþingi mótmælir öllum tilraunum Breta og Íra til að teygja hafsbotnsréttindi sín til vesturs út fyrir 200 mílur. Sérstaklega er mótmælt fyrirætlunum þeirra um að fela gerðardómi að fjalla um svæði, sem Íslendingar og Færeyingar telja tilheyra sér.

Alþingi lýsir yfir, að það telur unnt að leysa mál varðandi yfirráðarétt þessa hafsbotnssvæðis milli Íslendinga og Færeyinga, annaðhvort með sameiginlegum yfirráðum eða skiptingu svæðisins.

Er ríkisstjórninni heimilað að semja um, að gerðardómur ákveði skiptingu svæðisins milli Íslendinga og Færeyinga, ef Færeyingar æskja þess frekar en skipta því með samningum.

Áður en til þess kemur, er ríkisstjórninni þó falið að taka upp viðræður við Breta og Íra til að leitast við að leysa ágreiningsefnin með samningum þessara fjögurra þjóða. Skal viðræðum þessum hraðað, þannig að niðurstaða liggi fyrir áður en fundir Hafréttarráðstefnunnar hefjast í Genf í sumar.

Greinargerð.

Reglur um hafsbotnsréttindi strandríkja utan 200 sjómílna efnahagslögsögu eru nú í mótun, m. a. á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Ljóst er að um víðtæk réttindi verður að ræða, sem skipt geta Íslendinga miklu máli á svæðinu suður af Íslandi. Rétt er því að við mörkum skýra og ákveðna stefnu á þessu sviði hafréttarmálanna, svo að engum geti dulist hvaða kröfum við hyggjumst fylgja fram.

Með ályktun Alþingis 22. des. 1978 var ákveðið, að við hefðum samvinnu við Færeyinga um þessi mál og samstöðu í kröfugerð að því marki sem hagsmunir fara saman. Engu að síður er eðlilegt að ræða málið við Íra og Breta til að leitast við að forðast árekstra. Að öðru leyti skýrir ályktunartillagan sig sjálf.

Ed. **435. Frumvarp til laga** [187. mál]

um breyting á lögum nr. 60 31. maí 1976, um skipulag ferðamála.

Flm.: Stefán Jónsson, Lárus Jónsson, Karl Steinar Guðnason, Guðmundur Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 35. gr. laganna komi ný grein sem verður 36. gr., svo hljóðandi:

Skylt er ferðaskrifstofum, flugfélögum og öðrum þeim aðilum, er selja kunna íslenskum þegnum far milli Íslands og annarra landa, að tryggja farþegana fyrir tjóni af völdum slysa og sjúkdóma, og skal tryggingarupphæðin nægja til þess að greiða hugsanlegan mismun á kostnaði við læknishjálp, sjúkrahússdvöl, lyfjakaup og sjúkraflutninga, þar sem ferðamaðurinn dvelst og á bótarétti samkvæmt íslenskum lögum um almannatryggingar. Gildi trygging þessi frá brottfarardegi frá Íslandi til komudags.

2. gr.

Á eftir 35. gr. laganna komi ný grein sem verður 37. grein, svo hljóðandi:

Láti ferðaskrifstofa, flugfélag eða annar söluaðili farseðils hjá líða að tryggja farþega samkv. ákvæði 36. gr. ber söluaðili farseðils fulla fjárhagslega ábyrgð á greiðslu þess kostnaðar sem farþegi kann að verða fyrir vegna sjúkdóms eða slysa í ferðinni, umfram það sem greiðist lögum samkvæmt af hálfu almannatryggginga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Markmið flutningsmanna þessa frumvarps er að tryggja íslenskum þegnum fyllsta öryggi varðandi læknishjálp, sjúkrahússdvöl og aðra umönnun, hvar svo sem leið þeirra kann að liggja. Við ýmis ríki hefur íslenska ríkið sérstaka samninga um gagnkvæm réttindi varðandi sjúkratryggingar, lyf og læknishjálp, og mun ekki mikið á bresta að íslenskum þegnum sé vel borgið í þeim löndum hvað þetta áhrærir.

Í öðrum löndum gegnir allt öðru máli þar sem íslenska ríkið hefur ekki neins konar samning um gagnkvæman tryggingarétt þegnanna, enda sum ríki þannig að ekki gilda þar ein lög í landi varðandi almannatryggingar og engin slík löggjöf í öðrum löndum.

Sú hefur orðið raunin á, að íslenskir þegnar, sem veikjast hættulega, slasast og þarfnast sjúkrahússdvalar og læknisaðstoðar erlendis, þar sem ekki nýtur við sérstakra tryggingasamninga af hálfu ríkisins, lenda oft í stórkostlegum fjárhagslegum erfiðleikum, sem þeir fá alls ekki risið undir sjálfir. Oft og tíðum nemur kostnaður við sjúkrahússdvöl, læknishjálp, lyf og sjúkraflutning margfaldri þeirri upphæð sem Tryggingastofnun ríkisins má greiða hæsta lögum samkvæmt. Oftast lendir það á ríkissjóði, með milligöngu utanríkisráðuneytisins, að inna af höndum greiðslur þessa fjár eða ganga í ábyrgð fyrir sjúklinginn, sem kemur þá með skuldabyrðina í ofanálag á sjúkdóm eða fötlun úr ferðalagi sínu.

Flutningsmenn telja eðlilegt að ferðaskrifstofur eða flugfélög þau, sem farseðlana selja, annist ferðatrygginguna og sé sú skylda þeim á herðar lögð að ábyrgjast öryggi farþega sinna að þessu leyti ella.

Nd. 436. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. maí 1980.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Vilmundur Gylfason.
Ingólfur Guðnason.	Ólafur G. Einarsson.	Halldór Blöndal.
	Ólafur Þ. Þórðarson.	

Nd. 437. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um eyðingu refa og minka, nr. 52 5. júní 1957.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Pétur Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1980.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Árni Gunnarsson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Eggert Haukdal.	Skúli Alexandersson.	Þórarinn Sigurjónsson.

Sþ. 438 Fyrirspurn [188. mál]

til sjávarútvegsráðherra um úthlutun úr aldurslagasjóði fiskiskipa, með ósk um skriflegt svar.

Frá Stefáni Jónssyni.

Hvaða útgerðarmenn hafa fengið úthlutun úr aldurslagasjóði fiskiskipa:

a) Út á hvaða báta?
b) Hversu gömul var aflvél í hverju einstöku tilfelli?
c) Hvað var gert við aflvél og annan vélbúnað bátsins?

Sþ. 439. Fyrirspurn [189. mál]

til sjávarútvegsráðherra um gengismunarsjóð.

Frá Stefáni Jónssyni.

Hvernig var ráðstafað gengismunarsjóði haustið 1978?

Nd. 440. Frumvarp til laga [6. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald.

(Eftir 2. umr. í Nd. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 6 með þessum breytingum:

3. gr. laganna orðist svo:

Hið hækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 12. september 1979, skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 12. september 1979 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar, frá og með 12. september 1979.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 12. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem gildir frá og með 12. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

4. gr. hljóðar svo:

Við tollafgreiðslu á vöru, sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2.—4. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, er heimilt að veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um undanþágur samkvæmt þessum málslið. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal þó í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið hærra vörugjald.

5. gr. hljóðar svo:

Niðurfelling gjaldsins skv. 2. og 3. gr. þessara laga, sbr. lög nr. 74/1979, skal miðuð við sölu eða aðra afhendingu frá og með 12. september 1979 ef um innlenda framleiðslu er að ræða, en um innfluttar vörur skulu gilda í þessum efnum ákvæði 3. mgr. 14. gr. l. 120/1976, um tollskrá o. fl. Ráðherra er heimilt með sama hætti og kveðið er á um í 12. tl. 3. gr. laga nr 120/1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum, að undanþiggja þar um ræddar vörur gjaldskyldu skv. 1. gr.

Nd. 441. Breytingartillögur [154. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, og lög nr. 41/1977.

Frá fjármálaráðherra.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:
   5. gr. laganna orðist svo:
   Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:
   a. Framlög sveitarfélaga, sem nema skulu 300 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. desember undanfarið ár. Fjárhæð þessi er miðuð við framfærsluvísitölu 1. janúar 1980 og skal síðan breytast árlega miðað við framfærsluvísitölu 1. janúar ár hvert.

b. 0.6% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.
c. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun í fjárlögum ár hvert.
d. Vextir af fé sjóðsins.

2. 2. gr., sem verði 3. gr., orðist svo:
1. gr. laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1981, en 2. gr. öðlast þegar gildi.

Nd. 442. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 32/1933, um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
1. gr. laganna orðist svo:
Smjörlíki nefnist í lögum þessum allt feitmeti, sem líkist smjöri, þegar í því er feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, er nemur meira en 25% af heildarmagni fitunnar.
Ostlíki nefnist ostur, sem í er önnur fita en mjólkurfita, er nemur meira en 25% af heildarmagni fitunnar.
Rjómalíki kallast vökvi, sem líkist rjóma, en inniheldur aðra feiti en mjólkurfitu, er nemur meira en 25% af fitumagninu.
Mjólkurlíki kallast vökvi, sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu, en inniheldur feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, er nemur meira en 25% af heildarfitumagninu.
Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlíkisgerð, eftirlit með smjörlíkisgerðum o. s. frv., tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis- og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:
Í stað orðanna „atvinnumálaráðherra“ og „atvinnumálaráðuneyti“ í lögunum komi: landbúnaðarráðherra og landbúnaðarráðuneyti.

Pétur Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1980.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Árni Gunnarsson, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Steinþór Gestsson, með fyrirvara.	Skúli Alexandersson.	Þórarinn Sigurjónsson.

Sþ. 443. Nefndarálit [15. mál]

um till. til þál. um málefni hreyfihamlaðra.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað till. á fundum sínum, aflað umsagna frá Húsameistara ríkisins og Ferlinefnd fatlaðra, og leggur nefndin til að till. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera úttekt á nauðsynlegum endurbótum á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang og verði gerð kostnaðaráætlun um þau verkefni sem brýnust þykja. Skal í þessum efnum haft samráð við Ferlinefnd fatlaðra. Úttektin skal lögð fyrir Alþingi.

Alþingi, 7. maí 1980.

Páll Pétursson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Steinþór Gestsson.	Halldór Blöndal.	Guðm. G. Þórarinsson.

Sþ. 444. Nefndarálit [35. mál]

um till. til þál. um kaup og sölu á fasteignum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og borist umsagnir Húsnæðismálastofnunar og Verslunarráðs Íslands um það.

Taldi nefndin að þrjár fyrstu málsgr. tillögunnar næðu þeim tilgangi sem að er stefnt, en meginefnið er að lög um fasteignasölu, nr. 47/1938, verði endurskoðuð til að tryggja betur en nú er réttarstöðu kaupenda og seljenda í fasteignaviðskiptum og kveða nánar á en nú er um skyldur fasteignasalans gagnvart kaupendum og seljendum fasteigna, auk þess sem tryggari ákvæði verði sett um fasteignaviðskipti á byggingarstigi.

Nefndin taldi ekki ástæðu nú til að taka frekari afstöðu til endurskoðunarinnar og mælir því með að þrjár fyrstu málsgr. verði samþykktar en úr tillögugreininni falli töluliðir 1—7.

Nefndin leggur því til að tillagan verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

4. málsgr. tillögugreinarinnar falli brott.

Alþingi, 7. maí 1980.

Páll Pétursson, form.	Jóhanna Sigurðardóttir, frsm., fundaskr.	Halldór Blöndal.
Guðm. G. Þórarinsson.	Salome Þorkelsdóttir.	Helgi Seljan.
	Steinþór Gestsson.	

Sþ. **445. Tillaga til þingsályktunar** [190. mál]

um rannsóknir á nýtingu innlendrar orku til bættrar heyöflunar og innlendrar kjarnfóðurframleiðslu.

Flm.: Guðrún Hallgrímsdóttir, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma nauðsynlegar rannsóknir og kveðja til aðila til að gera langtímaáætlun um það, hvernig hægt er að nýta innlenda orkugjafa til að bæta heyverkun og efla innlenda kjarnfóðurframleiðslu.

Með bættri heyverkun er hér átt við verkun þurrheys hjá bændum með öflugri súgþurrkun, eftir atvikum með upphituðu lofti.

Með innlendri kjarnfóðurframleiðslu er átt við grasköglaframleiðslu og íblöndun annarra innlendra fóðurefna í grasköggla.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa fjölmargar ályktanir verið gerðar um þörf þess að efla innlendan fóðuriðnað, þ. e. að auka grasköggla framleiðslu og bæta hana með íblöndun annarra fóðurefna, sem til falla. Á síðari árum hefur í þessu sambandi stöðugt verið lögð meiri áhersla á að þessi kjarnfóðurframleiðsla byggði á innlendri orku, raforku, jarðvarma svo og öðrum hugsanlegum innlendum orkugjöfum, eftir því sem við á.

Á árinu 1979 fluttu Íslendingar inn um 85 þús. tn. af kjarnfóðri að verðmæti um 8.7 milljarðar á verðlagi í árslok.

Með bættri heyöflun og auknum innlendum fóðuriðnaði yrði innflutningur á fóðurbæti handa sauðfé og nautgripum hverfandi og draga mætti stórlega úr notkun innflutts kjarnfóðurs handa svínum og alifuglum, sem er um 20% heildarinnflutningsins.

Við bestu aðstæður í góðri heyskapartíð nást um 90—95% fóðurgildis í grasi, miðað við kjarnfóður. Þetta hlutfall fer oft niður í 60% og á síðasta ári, er uppskerumagn var í lágmarki og veðurfar einmuna óhagstætt, var magn fóðureininga í heykílói víða mun minna. Með bættri heyöflun, sem að því miðaði að ekki þyrfti nema u. þ. b. 1.4—1.6 kg heys í fóðureiningu, mætti hugsanlega minnka innfluttan fóðurbæti um allt að helming. Má af þessu sjá, hve þýðingarmikið það er að bændur bæti heyverkun með aukinni notkun súgþurrkunar eða með votheysverkun.

Framleiðsla grasköggla nemur nú 10 000—11 000 tonnum á ári. Með íblöndun annarra innlendra næringarefna, svo sem fiskimjöls, fiskolíu, fiskmeltu, kjötmjöls, tólgar og þangmjöls, má framleiða fullgilt innlent kjarnfóður handa sauðfé, nautgripum og hrossum og að hluta handa svínum og alifuglum. Uppistaðan í slíkum fóðurblöndum er grasmjöl eða grasköggla, eða um 85%.

Hérlendis eru víða þau skilyrði fyrir hendi, að hægt er að byggja stórar verksmiðjur í miðju hins ræktaða lands. Er hér fyrst og fremst átt við sanda til uppgræðslu. Nýtingartími grasköggla verksmiðja er frá miðjum júní til miðs október, eða um 100 dagar. Er það á sama tíma og helst má vænta þess að afgangsorka frá raforkuverum sé fyrir hendi. 10 000 tonna grasköggla verksmiðja þarf um 30 MW í afli.

Nýting raforku til bættrar heyverkunar og aukinnar fóðurframleiðslu krefst rannsókna og tilraunastarfsemi er beinist að því að finna hentugar aðferðir til beinnar eða óbeinnar hitunar lofts með rafmagni svo og endurskoðun á dreifikerfi þess.

Núverandi dreifikerfi raforku nær til 98% allra sveitabýla landsins. Það er að langmestu leyti einfasa, sem nægir fyllilega almennri heimilisnotkun, en annar ekki stóraukinni notkun rafhreyfla til súgþurrkunar, auk þess sem einfasa hreyflar eru dýrari og fást ekki nægilega stórir.

Í ályktun orkuráðs um styrkingu rafdreifikerfisins í strjálbýli frá 1. 3. 1979 er lagt til að kerfið verði styrkt með því að breyta einfasa línum í þrífasa og auka gildleika þeirra. Ráðið bendir á, að hér sé með vissum hætti um endurrafvæðingu sveitanna að ræða, og telur hæfilegt að þetta verk verði framkvæmt á átta árum.

Frá sjónarhóli bættrar heyverkunar virðist skynsamlegra í stað „endurrafvæðingar sveitanna“ að gera könnun á því, á hvaða svæðum er mest þörf fyrir þrífasa rafmagn, en aðrir orkugjafar eru ekki fyrir hendi. Áætlun um endurbætur yrði síðan gerð á grundvelli þeirrar könnunar. Benda má á að brýn nauðsyn er að endurbæta úr sér gengið rafdreifikerfi á Suðurlandi, en þar er einmitt meiri þörf á súgþurrkun en víða annars staðar sökum votviðra. Enn hefur engin reynsla fengist af notkun rafmagns við grasköggglagerð, en við ýmsa aðra framleiðslu hefur nokkur reynsla fengist af þurrkun í gufuþurrkara, þar sem raforku er breytt í varmaorku í rafkyntum gufukatli. Gerð hefur verið athugun á kostnaði við notkun raforku í stað olíu í fyrirhuguðum grasköggglaverksmiðjum í Skagafirði og Suður-Þingeyjarsýslu, og eru niðurstöður þær, að sá kostur sé mjög dýr. Talið er að forsenda þess, að hægt sé að þurrka gras með rafmagni, sé sú, að fundin sé ný og miklu ódýrari leið. Er því brýnt að hefjast handa við leit að heppilegri aðferð til beinnar eða óbeinnar hitunar lofts með rafmagni. Í athugun er notkun raforku við sementsframleiðslu og gætu niðurstöður þeirra athugana ef til vill komið að gagni við rannsóknir á nýjum leiðum til þurrkunar á grasi. Takist að leysa þetta verkefni hefði það ómetanlegt þjóðhagslegt gildi — nægir hér að minna á fiskimjölsverksmiðjur og skreiðarverkun.

Nauðsynlegt er að fyrir liggi niðurstöður varðandi hagkvæmni af notkun raforku til fóðurframleiðslu áður en teknar eru ákvarðanir um staðsetningu grasköggglaverksmiðju með tilliti til ræktunarskilyrða og almennra línulagna.

Jarðhiti finnst á þéttbýlustu landbúnaðarsvæðunum á Suður-, Vestur- og Norðurlandi og er þegar komin nokkur reynsla á notkun hans til súgþurrkunar.

Heyþurrkun fer fram á þeim tíma sem eftirspurn er í lágmarki hjá hitaveitum og mætti taka tillit til þess við lagnir og hugsanlega við gerð gjaldskrár.

Í Þörungavinnslunni á Reykhólum er að finna fyrirmynd að bandþurrkara, sem sennilega mætti framleiða staðlaðan fyrir ákveðnar aðstæður, og yrði hann mun ódýrari en þau tæki sem nú þekkjast og notuð eru til þurrkunar með raforku. Hagkvæmni við notkun jarðvarma til þurrkunar ræðst hins vegar af aðstæðum þar sem verksmiðjur yrðu staðsettar, þ. e. hitastigi og rennsli vatns svo og fjarlægð frá borholum.

Æskilegt væri að láta grófhanna þurrkara fyrir jarðvarma, gera kostnaðaráætlun við mismunandi aðstæður og framkvæma tilraunir með hitaveitulagnir fyrir vatn yfir 90° heitt.

Víða á fjörum landsins er að finna ómælt magn af rekaviði. Aðeins lítill hluti hans er nýttur í girðingastaura. Stærstu rekaviðarfjörur landsins eru utan jarðhitasvæða eða í héruðum þar sem vafasamt verður að teljast að hagkvæmt sé við óbreyttar aðstæður að leggja þrífasa dreifikerfi fyrir raforku.

Kanna ber möguleika á að nýta rekavið, annan úrgangsvið svo og úrgangsolíur til að hita loft til súgþurrkunar. Æskilegt væri að tengja sorpbrennslu frá búum nýtingu slíks eldsneytis.

Flutningsmönnum þessarar tillögu er kunnugt um margar ályktanir Búnaðarþings og frá ýmsum öðrum samtökum bænda, sem lúta að þessum efnum á einn eða annan hátt. Einnig hafa þessi mál oft komið fyrir Alþingi. Nokkrar athuganir hafa og verið gerðar á vissum þáttum þessara mála, má þar t. d. nefna störf og álit fóðuriðnaðarnefndar (1979), skýrslu Stefáns Arnar Stefánssonar um viðhorf gagnvart notkun jarðvarma eða raforku í stað olíu í grasköggglaverksmiðjum (1979) o. fl. Auk þess hafa ýmsar athuganir og rannsóknir á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins beinst að mörgum þáttum þessa verkefnis. Þessum ályktunum og athugunum er það sameiginlegt að þær hafa beinst að einstökum þáttum. Hér er lagt til að þessi mál

verði tekin til meðferðar í heild frá sjónarhóli hagkvæmustu orkunýtingar og með tilliti til skynsamlegustu nýtingar á innlendum fóðurefnum.

Framleiðsla fóðurs úr innlendu hráefni handa búfé og til fiskeldis getur orðið öflug iðngrein hérlendis, sé þess jafnframt gætt að nýting orkulinda og verðlagning orku taki mið af samkeppnishæfni fóðuriðnaðar, framtíðarþörfum landbúnaðar og þjóðarhag.

Ed. 446. Lög [110. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1961, um lögskráningu sjómanna.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 169.

Ed. 447. Lög [148. mál]

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bænda, sbr. lög nr. 35 1972, lög nr. 67 1974, lög nr. 3 1977 og lög nr. 64 1977, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 311.

Ed. 448. Lög [7. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí.)

Samhljóða þskj. 7.

Ed. 449. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leitað umsagnar um það. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1980.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm. — Jón Helgason. — Ey. Kon. Jónsson.

Stefán Jónsson. — Stefán Guðmundsson. — Egill Jónsson.

Eiður Guðnason.

Ed. 450. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973 og lög nr. 24/1976.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leitað umsagnar um það. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1980.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm. Jón Helgason. Ey. Kon. Jónsson.
Stefán Jónsson. Stefán Guðmundsson. Egill Jónsson.
Eiður Guðnason.

Ed. 451. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 65 16. maí 1978.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

Alþingi, 8. maí 1980.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm. Jón Helgason. Ey. Kon. Jónsson.
Stefán Jónsson. Stefán Guðmundsson. Egill Jónsson.
Eiður Guðnason.

Ed. 452. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1980.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm. Jón Helgason. Ey. Kon. Jónsson.
Stefán Jónsson. Stefán Guðmundsson. Egill Jónsson.
Eiður Guðnason.

Ed. 453. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum í dag og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 8. maí 1980.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm.	Jón Helgason.	Ey. Kon. Jónsson.
Stefán Jónsson.	Stefán Guðmundsson.	Egill Jónsson.
	Eiður Guðnason.	

Sþ. 454. Breytingartillaga [15. mál]

við till. til þál. um málefni hreyfihamlaðra.

Frá Stefáni Jónssyni og Helga Seljan.

Á eftir tillögugreininni komi viðbótarmálsgrein, svo hljóðandi:

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um fastan tekjustofn í því skyni að tryggja nægilegt fjármagn til framkvæmda, þannig að á næsta ári verði hægt að hefjast handa um breytingar á húsnæði svo sem þingsályktun þessi gerir ráð fyrir.

Nd. 455. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fengið til viðræðu fræðslustjórann í Reykjavík.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með einni breytingartillögu, sem lögð er fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. maí 1980.

Birgir Ísl. Gunnarsson, form., frsm.	Guðrún Helgadóttir, fundaskr.	Ólafur G. Einarsson.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Ingólfur Guðnason.	Halldór Blöndal.
	Vilmundur Gylfason.	

Nd. 456. Breytingartillaga [166. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Efnismálsgrein 1. gr. frv. orðist svo:

Heimilt er menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg að gera með sér samning um að skólahald í samræmi við 1.—5. gr. þessara laga fari fram í tveimur sjálfstæðum skólastofnunum.

Nd. 457. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá efri deild að viðbættri svofelldri

BREYTINGU:

Við 7. gr. Á eftir orðunum „starfsmanna sinna“ í 1. málslið komi: og annarra sérfræðinga.

Alþingi, 8. maí 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson. fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Jósef H. Þorgeirsson.	Guðm. G. Þórarinsson.	Sigurlaug Bjarnadóttir.

Nd. 458. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 8. maí 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson. fundaskr.	Guðrún Helgadóttir.
Jósef H. Þorgeirsson.	Guðm. G. Þórarinsson.	Sigurlaug Bjarnadóttir.

Sþ. 459. Nefndarálit [108. mál]

um till. til þál. um ávöxtun skyldusparnaðar ungs fólks.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna á fundum sínum og leggur til að hún verði samþykkt eins og hún liggur fyrir á þskj. 166. Halldór Blöndal var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 8. maí 1980.

Páll Pétursson, form., frsm.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Salome Þorkelsdóttir.
Steinþór Gestsson.	Helgi Seljan.	Guðm. G. Þórarinsson.

Sþ. 460. Nefndarálit [59. mál]

um till. til þál. um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar með svofelldri

BREYTINGU:

Orðin í síðustu málsgrein tillögunnar „og skulu niðurstöður liggja fyrir það tímanlega að hægt verði að gera ráð fyrir fjárveitingum til framkvæmda á fjárlögum 1981“ falli niður.

Fjarverandi var Halldór Blöndal.

Alþingi, 8. maí 1980.

Páll Pétursson, form.	Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr.	Guðm. G. Þórarinsson, frsm.
Steinþór Gestsson.	Helgi Seljan.	Salome Þorkelsdóttir.

Nd. 461. Breytingartillaga [34. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954, með síðari breytingum.

Frá Páli Pétursyni og Guðmundi G. Þórarinssyni.

Við 1. gr. bætist:

Útihús í sveitum, sem eru utan brunahættu við íbúðarhús, er eigendum þó frjálst að bruntryggja samkv. brunabótamati hjá hverju því vátryggingarfélagi, sem til þess hefur starfsleyfi, þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga þessara.

Nd. **462. Frumvarp til laga** [191. mál]

um breyting á lögum um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 59 frá 28. maí 1969, með síðari breytingum.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Friðrik Sophusson, Árni Gunnarsson, Albert Guðmundsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

50. gr. laga nr. 59/1969 orðist svo:

Aðflutningsgjöld falla í gjalddaga þegar far tekur höfn, þar sem vara verður affermd. Heimilt er að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum skv. ákvæðum laga þessara. Greiðslustaður er hjá tollstjóra viðkomandi lögsagnarumdæmis, þar sem höfn sú er, er far var affermt.

Um gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda af vörum, sem látnar hafa verið í tollvörugeymslu, fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/1960, nema gjaldfrestur hafi verið veittur skv. lögum þessum.

2. gr.

53. gr. laga nr. 59/1969, sbr. lög nr. 31/1979, orðist svo:

Fjármálaráðherra getur heimilað tollstjórum að veita greiðslufrest tolla og annarra aðflutningsgjalda, samkvæmt umsókn frá innflytjanda, sbr. 50. gr. Slíkan frest má veita fyrirtækjum, sem stunda innflutningsverslun að aðalatvinnu, þar á meðal flutningamiðlurum og umboðsmönum innflutningsfyrirtækja. Þá skal og heimilt að láta þennan rétt ná til iðnfyrirtækja vegna innflutnings á vélbúnaði, tækjum og hráefni.

Í umsókn skal greina frá þeim efnum, sem eru forsendur þess að meta hvort umsækjandi verði talinn uppfylla skilyrði þess að hljóta greiðslufrest.

Skilyrði fyrir greiðslufresti er að umsækjandi setji tryggingu fyrir aðflutningsgjöldum. Slík ábyrgð getur verið í formi bankaábyrgðar, tryggingar (ábyrgð) frá vátryggingarfélagi, sem viðurkenningu hefur hlotið eftir þeim reglum, sem hér gilda, eða aðrar þær ábyrgðir, sem tollstjórar meta gildar.

Upphaf greiðslufrests miðast við lok komumánaðar flutningsfars (skips eða flugvélar) og er gjalddagi, sem jafnframt er eindagi, eigi skemur en 45 dögum eftir lok komumánaðarins. Með sama hætti er heimilað að miða upphaf greiðslufrests við lok úttektarmánaðar tollvöru úr tollvörugeymslu. Séu lok greiðslufrests á frídaga helgidegi verður gjalddaginn næsti virkur dagur. Fjárhæðir, sem greiðast með gíróseðli teljast greiddar á réttum tíma séu þær stimplaðar greiðslustimpli í síðasta lagi á gjalddaga í lögsagnarumdæmi viðkomandi tollstjóra. Sé greiðsla send í pósti, verður umslagið að vera póststimplað í síðasta lagi á gjalddaga, einnig í lögsagnarumdæmi viðkomandi tollstjóra.

Veittan greiðslufrest má afturkalla hvenær sem er. Skal afturköllun vera rökstudd. Verði vanefndir á skilyrðum greiðslufrests, er tollstjóra heimilt að synja um áframhaldandi úttekt gegn greiðslufresti um lengri eða skemmri tíma.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um greiðslufrest aðflutningsgjalda skv. grein þessari svo og 50. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á árinu 1977 skipaði þáverandi fjármálaráðherra, Matthías Á. Mathiesen, nefnd manna til þess að endurskoða lög og reglur um tollheimtu og tolleftirlit. Nefndina skipuðu þeir Halldór V. Sigurðsson ríkisendurskoðandi, Björn Hermannsson tollstjóri,

Júlíus Sæberg Ólafsson framkvæmdastjóri, Hjalti Pálsson framkvæmdastjóri og Ásgeir Pétursson sýslumaður, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, en Þorsteinn Geirsson, skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins, var ritari nefndarinnar.

Í umfangsmiklu starfi nefndarinnar var leitað álits fjölda aðila, auk þess sem Rekstrarstofan (J. Ingimar Hansson og Gunnar H. Guðmundsson) gerði yfirgripsmikla úttekt á tollamálum fyrir nefndina.

Í álitsgerð, sem nefndin skilaði í ágúst 1978, leggur hún einróma til við fjármálaráðherra að upp verði tekinn hér á landi greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum (tollkrít).

Stjórnvöld hafa enn ekki flutt frumvarp á grundvelli þessa ítarlega nefndarálits og hafa flutningsmenn þessa frumvarps því ákveðið að flytja kjarna þess, þ. e. hugmyndirnar um tollkrít, sem sérstaka breyting á tollalögunum, en ljóst er að tollalöggjöfin í heild þarfnast breytinga til endurbóta og samræmis við nútímahætti í viðskiptalífinu og opinberri stjórnsýslu. Tekið er fram að ofangreind nefnd á ekki aðild að frumvarpi þessu, þótt efni þess sé byggt á tillögum hennar.

Síðan nefndarálitið kom fram hefur talsvert verið rætt um tollkrít, nauðsyn hennar og hagkvæmni. Fram kom í nefndarálitinu að beinn sparnaður fyrir þjóðarbúið yrði um þrír milljarðar á núverandi verðlagi, samkvæmt útreikningum Rekstrarstofunnar.

Hér er um að ræða mikið hagsmunamál fyrir alla landsmenn og brýnt að Alþingi taki afstöðu til lagabreytinga sem kveða á um almennan greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Þannig yrði stuðlað að sparnaði, hagræði og lægra vöruverði neytendum, flutningsaðilum svo og hinu opinbera til hagsbóta.

Hér á eftir er getið ýmissa atriða úr nefndaráliti tollanefndar frá ágúst 1978 og greinargerðar Rekstrarstofunnar um tollamál og tölur reiknaðar til núgildandi verðlags af Rekstrarstofunni. Óskað hefur verið eftir því, að nefndarálitið verði sent alþingismönnum.

Í upphafi vann nefndin að því að kynna og skilgreina þá þætti, sem koma við sögu varnings til landsins, geymslu hans, meðferð, skjalakerfi og greiðslu aðflutningsgjaldanna. Leitað var upplýsinga um heildarkostnað, sem yrði við upptöku nýrra starfshátta, og væntanlegan sparnað.

Kostnaður vegna meðferðar á vörum og skjalakerfi myndast einkum þannig:

a) Vegna uppskipunar, geymslu og flutnings varnings til innflytjenda og millifærslu milli geymslna.
b) Vegna skjalakerfis, útfyllingar umsókna, ferða í tollskrifstofur og banka og þátttöku í endanlegri afgreiðslu skjala þar.

Eftir frumathugun og síðar að fengnum margháttuðum upplýsingum frá opinberum aðilum, innflytjendum og þá sérstaklega sérfræðilegri rannsókn Rekstrarstofunnar virtist nefndarmönnum að tollkrít gæti haft áhrif til lækkunar á alla fyrrgreinda kostnaðarþætti.

Eftir allítarlega könnun var nefndin sammála um það að eðlilegt væri að fremur yrði stefnt að setningu löggjafar um tollkrít en að leysa úr því efni með stjórnvaldserindi.

Alþingi hefði við setningu síðustu löggjafar um tollamál ákveðið að meginreglan skyldi vera sú, að tollar skyldu staðgreiddir við afhendingu varnings, en nú mætti telja vafasamt að taka svo mikilvæga ákvörðun í formi reglugerðarsetningar einnar og þyrftu ítarlegri lagafyrirmæli til að koma.

Rétt er að hafa í huga að ákvarða verður hverjir það séu, sem geti fengið heimild til að njóta tollkrítar. Nefndin var á einu máli um það að ekki komi til álita að aðrir fái tollkrít en þeir, sem stunda innflutning sem aðalvinnu, þ. e. innflutningsfyrirtæki. Komi þó að vísu ekki til greina að einskorða allan innflutning við innflutningsfyrirtækin ein. Það verði að gera ráð fyrir því, að einstaklingar eða leikmenn, sem taka þátt í innflutningi, hafi frjálsar hendur í því hér eftir sem hingað til.

Álitið er að tollkrít yrði til þess að innflytjendur næðu hraðari veltu í sölu varnings, en við það ættu þeir léttara um vik að mæta þeim skuldbindingum, sem þeir hafa tekið á sig og kæmu til er gjaldfrestur væri útrunninn.

Þegar rætt var um tímamörk tollkrítar voru nefndarmenn sammála um að tollkrít nái til allra aðflutningsgjalda og upphafstími tollkrítar miðist við komudag skips.

Fram kom að fulltrúar atvinnustéttanna í nefndinni, þeir Júlíus S. Ólafsson og Hjalti Pálsson, töldu að taka yrði tillit til þess, að oft bærust innflutningsskjöl eftir komu skips, og því yrði gjaldfrestur að vera rýmri.

Eftir ítarlegar umræður um það, hversu langur gjaldfrestur skyldi vera, má segja að nefndarmenn hafi komist að samkomulagi um að leggja til að hann skyldi vera 60 dagar frá komudegi skips.

Þá var tekið til umræðu hvort greiða skyldi vexti af leyfilegri tollkrít, meðan lánstími stendur, eða ekki, og urðu menn sammála um það, að ekki væri rétt að krefja um vexti af tollkrítinni sjálfri, en hins vegar bæri að sjálfsögðu að greiða dráttarvexti af hugsanlegum vanskilum svo og ef ekki væri framvísað skjölum fyrr en hinum almenna gjaldfresti væri lokið.

Þá leggja nefndarmenn til að innflytjandi verði annaðhvort að hafa tollkrít á öllum innflutningi sínum eða engum. Telja þeir þetta veigamikið atriði, sem ekki ætti að víkja frá. Ella væri hætt við ýmsum flækjum og töfum, sem gengju í berhögg við ætlaðar umbætur, þó svo að e. t. v. þurfi að gera undantekningu frá þessu á aðlögunartíma.

Þrátt fyrir þetta álit nefndarinnar hafa margir innflytjendur látið þá skoðun í ljós, að slík ákvæði gætu verið vafasöm og líkleg til að fæla marga frá því að notfæra sér hugsanlegan gjaldfrest. Benda þeir á árstíðabundna vöru, sem kemur of seint án þess að innflytjandi fái þar nokkru um ráðið eða ef röskun kemst á reglubundnar vörusendingar vegna verkfalla eða annarra ófyrirsjáanlegra atvika, sem innflytjandi ræður ekki við. Virðast þeir flestir á einu máli um nauðsyn á valfrelsi innflytjandans varðandi gjaldfrest vegna einstakra vörusendinga, þó þannig að sé gjaldfrestsheimildin ekki nýtt innan fyrrgreinds frests (3. mgr. 53. gr.) verði hann ekki veittur síðar fyrir þá vörusendingu.

Nefndin taldi í samræmi við álit J. Ingimars Hanssonar, að unnt væri að taka upp tollkrít án þess að gerðar væru breytingar á útleysingu vöru, aðrar en þær, að tollurinn er lánaður í ákveðinn tíma. Slíkt hefði eingöngu áhrif á geymslutíma vöru.

Er þá rétt að taka tillit til þessara atriða:

1) Styttist geymslutími vöru hjá farmflytjanda fæst ódýrari geymsla og meðferð. Erfitt er að spá, hve mikil sú stytting yrði. Gert er ráð fyrir einni viku.
2) Lækkun yrði á vaxtakostnaði, ef heildarbirgðir vöru í landinu minnkuðu. Gert er ráð fyrir einnar viku styttri geymslutíma.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem Rekstrarstofan aflaði, er kostnaður við tollmeðferð vöru 9% af cif-verði og tollum. Er þá gert ráð fyrir vaxtakostnaði 3—4% og uppskipun og meðferð í vöruskemmum 3—4%, eða um 100 000 kr. á sendingu, miðað við 3 000 000 kr. meðalsendingu. Pappírskerfið kostar 1.5%, þ. e. bæði hjá opinberum aðilum og einkaaðilum, eða um 35 000 kr. á sendingu.

Hér skiptir einna mestu máli hve geymslutími vöru, áður en hún er seld, styttist við upptöku tollkrítar. Enginn vafi er á því að umtalsverðum sparnaði má koma á í sambandi við bætt vinnubrögð og pappírskerfið.

Þá er ljóst að geymsla á hafnarbakka er mun dýrari en hjá kaupmönnum. Af því er pappírskerfið varðar ætti tollkrít að geta sparað innflytjendum vinnu og tafir við ferðir til tollyfirvalda.

Skv. skýrslu Rekstrarstofunnar er sparnaður af því að varan stöðvist einni viku skemur í hafnarskemmum talinn nema um 1 600—1 700 millj. kr. vegna vaxta og ca. 150 millj. kr. vegna minni tjónaáhættu.

Jafnhliða tollkrítinni má koma á ýmsum breytingum til að stytta þann tíma sem afgreiðsla þessara mála tekur í banka og í tolli. Slíkar breytingar gætu einnig leitt til sparnaðar við meðferð innflutningsskjala.

Hér er þess að geta, að heildartími til útleysingar á vöru er um það bil ein vika að jafnaði. Af þeim tíma tekur meðferð í tolli um það bil tvo daga, en mikill meiri hluti skjala er þó afgreiddur á einum degi.

Ljóst er að þá töf, sem tollmeðferðin veldur á afhendingu vörunnar, má stytta með tilteknum aðgerðum:

1) Afnám bankastimplunar gerir bankameðferð og tollmeðferð óháða hvora annarri og gerir innflytjendum kleift að flýta útleysingu. Sé bankastimplun haldið, er hægt að flýta meðferð mála samhliða vinnu við bankameðferð og tollmeðferð. Til er vísir að slíku kerfi í formi innlagningar tollskjala án bankastimplunar. Það kostar að vísu fleiri heimsóknir innflutningsaðila í tollinn. Þeim mætti þó fækka án flókinna kerfisbreytinga.
2) Unnt væri að leyfa afhendingu vöru að lokinni styttri yfirferð í tolli. Það mætti breyta framkvæmd vöruskoðunar þannig að hún færi fram óháð skjalameðferð eða við afhendingu vöru.

Með óháðri vinnu í tolli og banka aukast líkur innflytjenda á því að geta skipulagt ferðir, skjöl og skilríki þannig að starfsemi styttist. Með heimild til þess að afhenda vöru að lokinni styttri skoðun í tolli má komast af með eina heimsókn innflytjanda vegna hvers tollskjals. Í skýrslu Rekstrarstofunnar kemur fram að með óháðri vinnu í banka og tolli muni innflytjendur spara um kr. 5 000 við meðferð hverrar sendingar og við skemmri yfirferð í tolli um kr. 3 000 á sendingu. Árlegur sparnaður yrði þá um 900—1000 millj. kr. Auk þessa ávinnings gætu innflytjendur flýtt útleysingu vöru a. m. k. um tvo daga, ef banka- og tollmeðferð eru framkvæmdar samtímis eða ef framkvæmd tollmeðferðar er breytt þannig að afhending vöru er gerð óháðari tollmeðferð.

Hafnarstjórn Reykjavíkur ritaði nefndinni bréf hinn 23. febrúar 1978. Í bréfinu er vakin athygli á því, að vörur liggja á hafnarsvæðum í innflutningshöfnum hérlendis fimm til sex sinnum lengur en í höfnum nágrannalanda. Segir síðan í bréfinu að þessi langi geymslutími krefjist þess, að geymslurými á hafnarsvæðum sé hlutfallslega miklu stærra hérlendis en í erlendum höfnum. Þrátt fyrir aukningu á geymslurými á síðustu árum hefur ekki tekist að mæta þessum þörfum og með nútímatækni fara vandamálin vaxandi. Afleiðingarnar eru að vörurnar eru geymdar í óhentugum geymslum, jafnvel úti, geymslukostnaður verður óhæfilega hár og skemmdir tíðar. Enn fremur hefur skortur á geymslurými áhrif til seinkunar á afgreiðslu skipa og dregur þar með úr eðlilegri afkastagetu hafnarmannvirkja.

Hér er að sjálfsögðu um þýðingarmikið atriði í þjóðhagslegum skilningi að ræða, enda þótt ljóst sé að skipafélögin reyna eftir megni að láta það ekki trufla skipaferðir þótt mikið sé í hafnarskemmum. Afköstum er haldið uppi með því að flytja vörurnar í aðrar skemmur. Athugun á þessum milliflutningum milli skemma leiddi í ljós að um 11% vöru var flutt á milli skemma. Ekki verður önnur ályktun af þessu dregin en sú, að þessi háttur hefur hugsanlega tvöfaldað meðhöndlunarkostnaðinn samanborið við aðra vöru. Telja má að unnt sé að spara þennan kostnað með vikustyttingu á geymslutíma vörunnar í hafnarskemmum.

Það liggur í augum uppi að þjóðhagslega er núverandi ástand mjög óhagkvæmt. Hér er um mjög dýr mannvirki að ræða, þ. e. a. s. hafnirnar, og það verður að ætlast til þess að þau skili fyllstu afköstum áður en framkvæmdir hefjast við smíði nýrra hafnarmannvirkja. Enda þótt ríkissjóður leggi ekki fram fjármagn til hafnargerðar í Reykjavík, er hér um mjög mikilvægt atriði í þjóðarbúskapnum að ræða sökum þess hve flutningsstarfsemi, þar með talin upp- og útskipun og geymsla á varningi er stór háttur í þjóðarframleiðslunni. Aukin afköst og bætt nýting hafnarsvæða og hafnarbakka er því þjóðhagslegt markmið, sem ber að stefna að. Er

einmitt alveg sérstaklega á þetta bent í bréfi Gunnars B. Guðmundssonar hafnarstjóra í Reykjavík.

Fram kom í nefndinni, að framanritaðar forsendur, sem mæla með tollkrít, geti vissulega haft áhrif á hagkvæmari innkaup til landsins og þar með lækkað verð innfluttrar vöru, auk beins og óbeins sparnaðar aðila og áhrifa þess á kostnað, vöruverð og verðbólgu.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Lagt er til að breyta 2. mgr. 50. gr. laga nr. 59/1969 þannig að heimilt verði að veita gjaldfrest á aðflutningsgjöldum (tollkrít) til þess að koma við æskilegri hagræðingu í innflutningi og lækkun vöruverðs.

Um 2. gr.

Í 53. gr. eru settar fram grundvallarreglur um framkvæmd ákvæða 1. gr., en um einstök atriði verði nánar kveðið á í reglugerð er fjármálaráðherra setur.

Nd. 463. Breytingartillaga [160. mál]

við frv. til laga um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Frá Eggert Haukdal.

Aftan við 17. gr. bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Í þeim tilvikum, sem hitunarkostnaður með raforku reynist hærri en hitunarkostnaður með olíu að frádregnum olíustyrk, er ríkisstjórninni heimilað að jafna þennan mismun með sérstökum styrk.

Ed. 464. Breytingartillaga [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Efnismálsgrein 1. gr. frv. orðist svo:

Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður, sem frádráttarbær eru við ákvörðun tekjuskattsstofns.

Ed. 465. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar til athugunar og fengið umsögn ríkisskattstjóra. Í henni kemur fram að ríkisskattstjóri hefur skrifað öllum skattstjórum og kemur þar fram afstaða hans, að einungis skuli

„koma fram á vottorðum skattskyldur hluti vaxtanna“ þegar skattstjórar votta um tekjur bótaþega sem rétt eiga á tekjutryggingu (bréf ríkisskattstjóra er birt sem fskj.). Engu að síður telur ríkisskattstjóri rétt að taka af öll tvímæli í þessu efni í lögum og mælir hann með því að frv. sé samþykkt með því orðalagi sem n. flytur á sérstöku þingskjali (sbr. fskj. II).

Jón Ingimarsson skrifstofustjóri í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu kom á fund n. og taldi hann að almannatryggingafélögin gerðu ekki greinarmun á skattskyldum tekjum og öðrum tekjum þegar tekjutrygging er ákveðin. Sé ætlunin að þessar tekjur hafi ekki áhrif á ákvörðun tekjutryggingar taldi hann rétt að breyta almannatryggingalögum í samræmi við það.

Nefndin mælir með samþykkt frv. eins og 1. gr. þess er orðuð á þskj. 464.

Alþingi, 9. maí 1980.

Helgi Seljan, form., með fyrirvara.	Lárus Jónsson, frsm.	Jón Helgason.
Davíð Aðalsteinsson.	Eiður Guðnason.	Guðmundur Karlsson.
	Salome Þorkelsdóttir.	

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 17. apríl 1980.

Efni: **Upplýsingar veittar Tryggingastofnun ríkisins um vaxtatekjur umsækjenda um tekjutryggingu, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum.**

Að gefnu tilefni vill ríkisskattstjóri taka fram eftirfarandi varðandi ofangreint málefni:

Ekki liggja fyrir nýjar eða breyttar reglur frá þeim, sem gilt hafa hingað til, frá Tryggingastofnun ríkisins eða öðrum þar til bærum stjórnvöldum aðlútandi þeim vottorðum sem skattyfirvöld hafa gefið út um tekjur manna sem leitað hafa eftir greiðslum skv. 19. gr. almannatryggingalaga. Aukin framtalsskylda sparifjár og vaxtatekna skv. lögum nr. 40/1978 með síðari breytingum leiðir til þess að öllu jöfnu að vaxtatekjur koma nú fram á skattskýrslum einstaklinga í ríkari mæli en áður. Að svo stöddu og meðan annað er ekki ákveðið þykir rétt að setja fram þá reglu varðandi útgáfu skattstjóra á vottorðum um tekjur bótaþega að eingöngu komi fram á vottorðum skattskyldur hluti vaxtanna, þ. e. sú fjárhæð vaxtatekna, affalla og gengishagnaðar sem færð er eða ber að færa í tölureit 59 á skattframtali einstaklinga 1980.

Sem fyrr greinir er regla þessi yður sett eingöngu til bráðabirgða og gildir hún uns annað verður ákveðið.

Með vinsemd,
f. h. ríkisskattstjóra,

Steinþór Haraldsson.

Fylgiskjal II.

Til heilbrigðis- og trygginganefndar
efri deildar Alþingis
b.t. hr. formanns Helga Seljan
c/o Alþingi
101 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 5. maí 1980.

Efni: **Frv. til laga um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum — Ed. 140. mál, þskj. 286.**

Mér hefur með bréfum varaformanns heilbrigðis- og trygginganefndar efri deildar Alþingis, dags. 16. apríl s. l., og formanns nefndarinnar, dags. 28. apríl s. l., borist til umsagnar ofangreint frumvarp.

Að mínu áliti væri þörf breytinga á lögum um almannatryggingar til þess að taka af öll tvímæli þess efnis að nýmæli laga um framtalsskyldu sparifjár og spariskírteina ríkissjóðs breyti í engu ákvörðun fyrri ára um það hvernig ákvarða skuli vaxtatekjur af eignum þessum, meðan þær voru í reynd skattfrjálsar og þá án framtalsskyldu þegar metin voru réttindi elli- og örorkulífeyrisþega til tekjutryggingar. Í þessu sambandi leyfi ég mér að senda hér með ljósrit af bréfi mínu til allra skattstjóra, dags. 17. apríl s. l., varðandi þetta efni. Í bréfi þessu tel ég að fram komi hver afstaða mín er í reynd í máli þessu, en nauðsynlegt væri að fá lagabreytingu til styrktar þessari afstöðu minni.

Um frv.:

Orðið „sparifé“ í 1. gr. frv. tel ég þrengja þann tilgang, sem stefnt er að að ná með ákvæðum frv.

Með vísan til ákvæða 21. gr. laga nr. 68/1971, sbr. ákvæði laga nr. 7/1974 (sbr. viðfest ljósrit af þeim lögum), merkir hugtakið „sparifé“ einungis innstæður í bönkum, sparisjóðum og löglegum innlánsdeildum félaga, en felur ekki í sér sparnað í formi verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs. Til þess að frv. nái til bæði sparifjár og spariskírteina ríkissjóðs legg ég til að á eftir orðinu „sparifé“ í 1. gr. frv. komi orðin: eða af verðbréfum sem hliðstæðar reglur gilda um samkvæmt sérlögum, (sem...).

Í sambandi við frv. þetta vaknar einnig sú spurning, hvort þessi ákvæði ættu ekki að ná til:

1. vaxtatekna af stofnsjóðseign, sbr. 2. tl. 8. gr. skattalaganna, og
2. vaxtatekna af víxlum, verðbréfum og öllum öðrum kröfum sem arð bera eða vexti, sbr. 3. tl. 8. gr. skattalaganna,

þar sem frá og með gjaldárinu 1981 (skattárinu 1980) verða þessar vaxtatekjur undanþegnar skattskyldu séu þær ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi mannsins.

Ástæðan fyrir því að ég vek sérstaka athygli á þessu, og þá sérstaklega 2. tl., er sú að gera má ráð fyrir því að allmargir ellilífeyrisþegar njóti slíkra vaxtatekna og þá fyrst og fremst í sambandi við víxla og verðbréf sem þeir hafa eignast í sambandi við sölu íbúðarhúsnæðis sem þeir hafa selt í þeim tilgangi að minnka við sig eign í íbúðarhúsnæði.

Væri tekið mið af þessum ábendingum mætti orða 1. gr. frv. svo:

Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður sem frádráttarbær er við ákvörðun tekjuskattsstofns.

Virðingarfyllst,

Sigurbjörn Þorbjörnsson, ríkisskattstjóri.

Ed. 466. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60/1976, um skipulag ferðamála.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og sent það til umsagnar. Ferðamálaráð og samgönguráðuneytið mæla með þessari lagabreytingu. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 9. maí 1980.

Jón Helgason, form., frsm.
Egill Jónsson, fundaskr.
Lárus Jónsson.
Stefán Jónsson.
Stefán Guðmundsson.

Nd. 467. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 67 frá 31. des. 1963, sbr. lög nr. 53 frá 20. maí 1969.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur rætt málið á 8 fundum og leitað álits hagsmunaaðila. Sex nefndarmanna leggja til að frv. verði samþykkt með breytingartillögu, sem flutt er á sérstöku þingskjali. — Valdimar Indriðason var ósamþykkur afgreiðslu nefndarinnar og skrifar ekki undir nefndarálitið, en hefur ekki aðstöðu til að gera grein fyrir afstöðu sinni, þar eð hann hverfur nú af þingi. — Steinþór Gestsson skrifar undir með fyrirvara.

Alþingi, 9. maí 1980.

Árni Gunnarsson, form., frsm.
Skúli Alexandersson, fundaskr.
Alexander Stefánsson.
Steinþór Gestsson, með fyrirvara.
Halldór Blöndal.
Stefán Valgeirsson.

Nd. 468. Breytingartillaga [94. mál]

við frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 67 frá 31. des. 1963, sbr. lög nr. 53 frá 20. maí 1969.

Frá samgöngunefnd.

1. gr. orðist svo:

18. gr. laganna hljóði svo:

Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips tekur hann kaup frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum, í hverju

sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausu fríi, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 3. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð, en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma sem orsakast af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 3. mgr. og 4. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns samkvæmt 3., 4. og 5. mgr., og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið, er sýni, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

Ed. 469. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum í dag og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. maí 1980.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Friðrik Sophusson, fundaskr.	Steinþór Gestsson.
Eggert Haukdal.	Jóhanna Sigurðardóttir.	Jóhann Einvarðsson.
	Guðm. J. Guðmundsson.	

Ed. 470. Frumvarp til laga [140. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. maí.)

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málsliður er verði 2. málsliður og orðist svo:

Til tekna í þessu sambandi teljast ekki vextir, verðbætur eða gengishagnaður, sem frádráttarbær eru frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 471. Frumvarp til laga [166. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 9. maí.)

1. gr.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, er verður 6. gr., svohljóðandi (tölusetning 6.—7. gr. breytist til samræmis):

Heimilt er menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg að gera með sér samning um að skólahald í samræmi við 1.—5. gr. þessara laga fari fram í tveimur sjálfstæðum skólastofnunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 472. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um smíði nýs varðskips.

Flm.: Árni Gunnarsson, Halldór Blöndal, Karvel Pálmason, Valdimar Indriðason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hefja þegar í stað undirbúning að smíði nýs varðskips fyrir Landhelgisgæsluna, og verði stefnt að því, að skipið verði smíðað hjá íslenskri skipasmíðastöð.

Greinargerð.

Nauðsynlegt er talið, að Landhelgisgæslan eigi fjögur stór varðskip og að þau séu í fullum rekstri allt árið. Eitt skip er ávallt í höfn vegna leyfa skipverja, viðhalds og lagfæringa. Nú í byrjun maímánaðar er svo ástatt, að aðeins tvö skip eru úti, þar eð Týr er í höfn vegna lagfæringa, auk annars skips. — Þá ber orðið brýna nauðsyn til að selja Þór, en það skip er orðið gamalt og krefst sífellt meira og dýrara eftirlits og lagfæringa.

Þá ber þess að gæta, að ástandið við miðlínu Íslands og Grænland þarf lítið að breytast til að nauðsyn verði á mjög aukinni gæslu. Það fer m. a. eftir fiskigöngum. Sama gildir um landhelgina í átt til Jan Mayen. Vart bætir úr, að ýmsar blikur eru á lofti vegna yfirvofandi útfærslu Norðmanna á landhelgi við Jan Mayen og Dana við Grænland.

Í þessu sambandi má geta þess, að á tilteknu svæði á Dornbanka er mjög erfitt um allar staðsetningar vegna tækjaskorts, en þar hafa t. d. Þjóðverjar verið að veiðum. Þá vantar sérlega sérstakt miðunartæki í flugvél til að bæta upp annan tækjaskort.

Meðalaldur varðskipa:

Meðalaldur íslensku varðskipanna er 17 ár. Þór er 29 ára gamall, Óðinn 21 árs, Ægir 12 ára, Týr 5 ára og Árvakur 18 ára. Ef Árvakur er ekki talinn með, er meðalaldurinn 16.75 ár. Viðhaldskostnaður þessara skipa eykst með hverju árinu sem líður, og þótt nú þegar yrði byrjað á smíði nýs varðskips yrði það vart tilbúið fyrr en eftir 3 ár í fyrsta lagi.

Íslenska landhelgin er nú 750 þúsund ferkílómetrar. Á sama tíma og skipum og starfsmönnum gæslunnar hefur fækkað hefur landhelgin margfaldast að stærð. —

Til samanburðar má geta þess, að landhelgi Breta er helmingi minni en landhelgi Íslendinga. Bretar hafa fjölda skipa til gæslu og 4 Nimrodþotur, sem kostar 2000 sterlingspund að reka á klukkustund, þ. e. hverja einstaka vél.

Flugið:

Eins og sakir standa getur TF-SYN talist fullnægjandi fyrir Landhelgisgæsluna og mætti þess vegna selja hina flugvél hennar, eins og raunar hefur verið ákveðið. Þessu fylgir hins vegar mikið öryggisleysi og má ekkert út af bregða, t. d. vegna hugsanlegra bilana og væntanlegra skoðana á flugvélinni. Vel má hugsa sér að nota flugvél flugmálastjórnarinnar, ef tafir yrðu á flugi TF-SYN.

Ný þyrla, sem væntanleg er, á að geta sinnt flestum þyrluverkefnum. Það er því ekkert áhorfsmál að selja aðrar þyrlur gæslunnar. En jafnframt þyrfti að bæta aðstöðu við eftirlit flugvéla Landhelgisgæslunnar, sem er ófullnægjandi, en í flugskýli hennar á Reykjavíkurflugvelli er einnig eftirlit með tveim flugvélum Landgræðslunnar.

Vitaþjónustan:

Það liggur í augum uppi, að mjög væri æskilegt að Landhelgisgæslan tæki að sér alla vitaþjónustu hér við land, eins og hún hefur gert óformlega að undanförnu. Sex mánuði ársins væri unnt að reka Árvakur vegna vitaþjónustu og til hreinsunar á duflum. Fróðir menn telja æskilegt að breyta skipinu í kapalskip með þyrlupalli. Þeim stoðum er rennt undir þá tillögu, að hér við land eru nú um 50 síma- og rafmagnskaplar í sjó og mjög dýrt er að fá erlend skip til viðgerða, ef eitthvað bilar.

Þá eru nauðsynlegar sjómælingar mikilvægt verkefni fyrir Landhelgisgæsluna. Störf Landmælinga Íslands hafa takmarkast við mælingar á landi, en mjög skortir á að sjómælingar séu fullnægjandi, þ. e. mælingar á fiskimiðum og hafsbotni yfirleitt.

Allir, sem þekkingu hafa á málefnum Landhelgisgæslunnar, telja mjög brýnt að hefja þegar undirbúning að smíði nýs varðskips. Stærð landhelginnar við Ísland er svo mikil að ekki má hætta á neitt, er dregið gæti úr strangri gæslu. Þess verður að gæta, að eðlileg endurnýjun fari fram á skipastól gæslunnar, og þess vegna er þessi þingsályktunartillaga borin fram. Núverandi ástand er óviðunandi.

Nd. 473. Frumvarp til laga [83. mál]

um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 424 með þessari breytingu:

7. gr. hljóðar svo:

Stofnunin skipuleggur ferðir starfsmanna sinna og annarra sérfræðinga til aðstoðar heyrnardaufum og málhöltum úti á landi. Skulu slíkar ferðir farnar a. m. k. árlega. Stofnunin skal hafa náið samstarf við Háls,- nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík, enda sé henni ætluð framtíðarstaðsetning í þegar hönnuðum húsakynnum göngudeildar H.N.E. í Borgarspítalanum.

Nd. 474. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á lögum nr. 32/1933, um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd. 9. maí.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Smjörlíki nefnist í lögum þessum allt feitmeti, sem líkist smjöri, þegar í því er feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, er nemur meira en 25% af heildarmagni fitunnar.

Ostlíki nefnist ostur, sem í er önnur fita en mjólkurfita, er nemur meira en 25% af heildarmagni fitunnar.

Rjómalíki kallast vökvi, sem líkist rjóma, en inniheldur aðra feiti en mjólkurfitu, er nemur meira en 25% af fitumagninu.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu, en inniheldur feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, er nemur meira en 25% af heildarfitumagninu.

Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlíkisgerð, eftirlit með smjörlíkisgerðum o. s. frv., tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis- og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Í stað orðanna „atvinnumálaráðherra“ og „atvinnumálaráðuneyti“ í lögunum komi: landbúnaðarráðherra og landbúnaðarráðuneyti.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 475. Tillaga til þingsályktunar [193. mál]

um bann við kjarnorkuvopnum á íslensku yfirráðasvæði.

Flm.: Guðrún Helgadóttir, Páll Pétursson, Karvel Pálmason, Guðmundur Bjarnason, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa löggjöf um bann við geymslu á hvers konar kjarnorkuvopnum hér á landi. Bannið nái einnig til siglinga með kjarnorkuvopn, flutninga í lofti eða á annan hátt um eða yfir íslenskt yfirráðasvæði. Jafnframt verði kveðið á um eftirlit af Íslands hálfu með því að lögin verði virk.

Greinargerð.

Sams konar tillaga var flutt á 100. löggjafarþingi af Svövu Jakobsdóttur.

Enda þótt skoðanir séu skiptar um veru erlends herliðs í landinu, geta allir Íslendingar án efa verið sammála um að hér skuli ekki vera kjarorkuvopn. Þarf engum getum að því að leiða, hversu mikil hætta og ógnun við öryggi landsmanna slík vopn eru, og þá ekki síst í námunda við mesta þéttbýlissvæði landsins.

Erfitt hefur jafnan reynst að fá við því svör, hvort slík vopn séu hér í landinu, en í erlendum tímaritum hefur það margoft verið fullyrt.

Það hlýtur að vera hverjum Íslendingi áhyggjuefni, ef svo er, hvað svo sem mönnum kann að þykja um veru hersins að öðru leyti. Það væri mikið ábyrgðar-

leysi alþingismanna, ef ekki yrði gengið ótvírætt úr skugga um, hvort fullyrðingar um kjarnorkuvopn á Íslandi eiga við rök að styðjast, að ekki sé talað um að slys hlytist af með afleiðingum sem óþarft er að fjölyrða um. Það verður einnig að teljast óþolandi, að hið háa Alþingi skuli ekki hafa óyggjandi upplýsingar um málið, og slík löggjöf sem hér hefur verið lögð til hlýtur að verða að opna möguleika til eftirlits af hálfu Íslendinga með því, að eftir lögunum verði farið.

Ed. 476. Lög [105. mál]

um breyting á lögum nr. 19 6. apríl 1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 156.

Ed. 477. Lög [61. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 23 3. maí 1972 og lög nr. 65 16. maí 1978.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 395 (sbr. 92).

Nd. 478. Lög [34. mál]

um breyting á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 34.

Sþ. 479. Breytingartillögur [164. mál]

við till. til þál. um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1979—82.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Aftan við tillögugreinina bætist:

SUNDURLIÐUN

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnbrautir.

1.1. Almenn verkefni.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1980 fjárv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
08	Um Hemruhamra	14
14	Um Reynisfjall	75

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1980 fjárv. m.kr.
17	Um Steina	11
22–27	Hvolsvöllur—Landvegur	189
30	Skeiðavegur	
01	Suðurlandsvegur—Ólafsvallavegur	75
34	Eyrarbakkavegur	
02	Selfoss—Gaulverjabæjarvegur	130
1	Vesturlandsvegur	
13–14	Skálatún—Þingvallavegur	15
16	Brautarholtsvegur—Dalsmynni	240
17	Eiríkshóll—Fossá	65
40	Hafnarfjarðarvegur	
03–04	Arnarnes—Hafnarfjörður	106
06	Engidalur—Elliðavatnsvegur	15
45	Garðskagavegur	
03	Garður—Sandgerði	15
1	Vesturlandsvegur	
09	Um Gufá	97
09	Um Eskiholtslæk	19
11	Brekka—Búðardalsá	20
51	Akranesvegur	
01	Akrafjallsvegur—Berjadalsá	157
54	Ólafsvíkurvegur	
05	Þverá—Dalsmynni	65
06	Um Gröf	5
07	Um Gróulæk og Viðralæk	19
08	Kirkjuhóll—Hofgarðar	62
55	Heydalsvegur	
01	Ólafsvíkurvegur—sýslumörk	91
60	Vestfjarðavegur	
05	Um Búðardal	20
07	Um Ljá og Fáskrúð	49
60	Vestfjarðavegur	
06	Vörðufell—Krossgil	140
61	Djúpvegur	
05—06	Í Ísafirði	75
11–12	Skötufjörður	45
16	Langeyri—Súðavík	40
21	Vestfjarðavegur—Ísafjörður	70
25	Óshlíð	50
62	Barðastrandarvegur	
04	Um Kleifaheiði	75
68	Hólmavíkurvegur	
01	Ormsá—Selá	88
10	Um Miðdalsá	25
1	Norðurlandsvegur	
03	Um Hrútafjarðarháls	100
13	Í Langadal	100
15	Sýslumörk—Skagafjarðarvegur	18

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1980 fjárv. m.kr.
75	Sauðárkróksbraut	
02–03	Norðurlandsvegur—Sauðárkrókur	50
06	Í Hegranesi	38
76	Siglufjarðarvegur	
04–07	Sleitustaðir—Reykjarhóll	20
10	Almenningsnöf—Gangamunni	92
1	Norðurlandsvegur	
04–05	Á Moldhaugnahálsi	65
11	Um Svalbarðsströnd	60
16	Kross—Fosshóll	37
19	Brún—Mývatnssveitarvegur	33
23–25	Kísiliðja—Jökulsá	58
82	Ólafsfjarðarvegur	
01	Norðurlandsvegur—Hörgárdalsvegur	55
03	Hámundarstaðaháls	70
85	Norðausturvegur	
01–02	Kaldakinn	44
10	Lón—Víkingavatn	33
17	Melrakkaslétta	70
26	Þistilfjörður	15
802	Ólafsfjarðarvegur eystri	
02	Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur	50
821	Eyjafjarðarbraut vestri	
01	Norðurlandsvegur—Kristnesvegur	30
1	Austurlandsvegur	
12	Upphéraðsvegur—Lagarfljótsbrú	23
20	Innri-Kleif—Suðurfjarðavegur	48
22	Skrúðskambur—Fossgerði	70
36	Hornvegur—Hafnarvegur	30
85	Norðausturvegur	
06	Strandhafnarvegur—Vesturárdalsvegur	87
09	Vopnafjörður—Hlíðarvegur	59
92	Norðfjarðarvegur	
07	Reyðarfjörður—Eskifjörður	27
10	Göng Eskifjarðarmegin—Kirkjuból	35
11	Kirkjuból—Neskaupstaður	85
93	Seyðisfjarðarvegur	
03	Sýslumörk—Seyðisfjörður	120
96	Suðurfjarðavegur	
03	Hafranes—Vattarnes	10
08	Vík — Stöðvarfjörður	90
	Samtals	**3 884**

1.2. Bundin slitlög.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1980 fjárv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
22–25	Hvolsvöllur—Rauðalækur	30
38	Þorlákshafnarvegur	
02–03	Þrengslavegur—Þorlákshöfn	230
1	Vesturlandsvegur	
18–19	Hvammsvík—Múlanes	149
1	Vesturlandsvegur	
11	Brekka—Búðardalsá	50
60	Vestfjarðavegur	
05	Við Búðardal	30
61	Djúpvegur	
21	Innan Ísafjarðar	55
1	Norðurlandsvegur	
09	Reykjabraut—Blönduós	81
75	Sauðárkróksbraut	
05	Sauðárkrókur—Flugvöllur	65
1	Norðurlandsvegur	
05	Ólafsfjarðarvegur—Dagverðareyrarvegur	120
82	Ólafsfjarðarvegur	
01	Norðurlandsvegur—Hjalteyrarvegur	60
92	Norðfjarðarvegur	
07	Við Eskifjörð	50
93	Seyðisfjarðarvegur	
03	Við Seyðisfjörð	30
	Samtals	**950**

1.3. Sérstök verkefni.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1980 fjárv. m.kr.
35	Biskupstungnabraut	
01	Suðurlandsvegur—Þingvallavegur	84
36	Þingvallavegur	68
40	Hafnarfjarðarvegur	
03–04	Arnarnes—Hafnarfjörður	210
1	Vesturlandsvegur	
05	Um Borgarfjörð	2 300
1	Vesturlandsvegur	
	Á Holtavörðuheiði	126
60	Vestfjarðavegur	
25	Um Önundarfjörð	450
1	Norðurlandsvegur	
17	Um Héraðsvötn	168
1	Norðurlandsvegur	
13	Um Víkurskarð	126
1	Austurlandsvegur	
30–32	Um Hvalnesskriður	168
	Samtals	3 700

2. Þjóðbrautir.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1980 fjárv. m. kr.
204	Meðallandsvegur	
01	Suðurlandsvegur—Arnardrangar	10
205	Klausturvegur	
01	Um Kirkjubæjarklaustur	35
22	Dalavegur	
01	Við Flugstöð	75
25	Þykkvabæjarvegur	
01-02	Suðurlandsvegur—Þykkvibær	35
250	Dímonarvegur	
01	Ýmsir staðir	10
252	Landeyjavegur	
01-06	Ýmsir staðir	10
261	Fljótshlíðarvegur	
02	Hvolsvöllur—Deild	45
268	Þingskálavegur	
02	Bolholt—Landvegur	15
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Um Hróarsholtslæk	12
35	Biskupstungnabraut	
05	Ofan Brúarár	40
37	Laugarvatnsvegur	
02	Um Laugarvatn	60
305	Villingaholtsvegur	
02	Ýmsir staðir	33
340	Auðsholtsvegur	
01	Hrunamannavegur—Langholt	19
345	Kaldbaksvegur	
01	Ýmsir staðir	1
365	Gjábakkavegur	
01	Við Laugarvatn	14
425	Nesvegur	
01	Hafnir—Reykjanesviti	67
06	Grindavík—Þórkötlustaðahverfi	43
50	Borgarfjarðarbraut	
02	Um Hestháls	50
05	Hamraendar—Arnarholt	59
52	Uxahryggjavegur	
02	Borgarfjarðarbraut—Hóll	22
523	Hvítársíðuvegur	
01	Þverárhlíðarvegur—Þorgautsstaðir	43
526	Stafholtsvegur	
01	Stafholt—Svarfhóll	22
566	Hítarnesvegur	
01	Ólafsvíkurvegur—Krossholt	9
568	Skógarnesvegur	
01	Deildarlækur—Skógarnes	9
571	Ölkelduvegur	
01	Ólafsvíkurvegur—Hóll	6
572	Lýsuhólsvegur	
01	Ólafsvíkurvegur—Ólafsvíkurvegur	7

Vegur	Vegnr.	Kaflaheiti / Vegheiti	1980 fjárv. m.kr.
574		Útnesvegur	
	01	Hamraendalækur—L.-Hnausar	17
59		Laxárdalsvegur	
	02	Laxárdalsheiði	60
590		Klofningsvegur	
	07	Um Stekkjardal	15
594		Staðarhólsvegur	
	01	Um Þurranes	9
619		Ketildalavegur	
	04	Austmannsdalur—Selárdalur	40
59		Laxárdalsvegur	
	01	Sýslumörk—Laxá	54
65		Súgandafjarðarvegur	
	02	Innan Suðureyrar	68
704		Miðfjarðarvegur	
	02	Vesturárdalsvegur—Bjarg	36
705		Vesturárdalsvegur	
	01	Miðfjarðarvegur—Skeggjastaðir	16
711		Vatnsnesvegur	
	01	Hvammstangi—Skarð	18
723		Grímstunguvegur	
	01	Vatnsdalsvegur—Vatnsdalsvegur	10
726		Auðkúluvegur	
	01	Reykjabraut—Svínvetningabraut	10
731		Svínvetningabraut	
	01–03	Norðurlandsvegur—Blanda	42
742		Mýravegur	
	01	Skagastrandarvegur—Þverárfjallsvegur	10
752		Skagafjarðarvegur	
	01–03	Norðurlandsvegur—Austurdalsvegur	20
758		Austurdalsvegur	
	01	Skagafjarðarvegur—Merkigilsvegur	5
764		Hegranesvegur vestri	
	01	Hegranesvegur eystri—Helluland	30
786		Sléttuhlíðarvegur	
	01	Siglufjarðarvegur—Siglufjarðarvegur	8
787		Flókadalsvegur	
	01	Siglufjarðarvegur—Siglufjarðarvegur	35
789		Sléttuvegur	
	01	Siglufjarðarvegur—Ólafsfjarðarvegur	30
812		Bakkavegur	
	01	Ólafsfjarðarvegur—Ólafsfjarðarvegur	15
814		Staðarbakkavegur	
	01	Hörgárdalsvegur—Staðarbakki	36
816		Dagverðareyrarvegur	
	01	Norðurlandsvegur—Ólafsfjarðarvegur	20
817		Blómsturvallavegur	
	01	Norðurlandsvegur—Lónslækur	10
829		Eyjafjarðarbraut eystri	
	01	Norðurlandsvegur—Munkaþverá	52
844		Bárðardalsvegur eystri	
	01–02	Norðurlandsvegur—Bárðardalsvegur vestri	50

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1980 fjárv. m.kr.
847	Stafnsvegur	
01	Norðurlandsvegur—Stafn	10
848	Mývatnssveitarvegur	
01	Norðurlandsvegur—Garður	15
852	Sandsvegur	
01	Norðausturvegur—Sandur	10
94	Borgarfjarðarvegur	
06	Lagarfossvegur—Unaós	60
924	Jökuldalsvegur eystri	
01	Austurlandsvegur—Refshöfði	35
925	Hróarstunguvegur	
01	Austurlandsvegur—Húseyjarvegur	30
927	Brekkubæjavegur	
01	Tunguvegur—Tunguvegur	30
929	Fellavegur	
01	Austurlandsvegur—Austurlandsvegur	9
931	Upphéraðsvegur	
01	Austurlandsvegur—Rauðilækur	4
934	Múlavegur í Fljótsdal	
01	Upphéraðsvegur—Glúmsstaðir	30
	Samtals	**1 700**

2.4. TIL BRÚAGERÐA

1. Til brúa 10 m og lengri.

	Fjárv. í m.kr.
Gufuá (1)	65
Þverá á Lundahyl (50)	150
Selá í Hrútafirði (68)	65
Miðdalsá (68)	75
Hálsá (82)	75
Hrúteyjarkvísl (1)	100
Selá í Vopnafirði (85)	205
Til greiðslu halla frá 1979	55
Samtals	**790**

Sþ. 480. Nefndarálit [164. mál]

um till. til þál. um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1979—82.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur haft tillögu til þingsályktunar um breytingu á vegáætlun fyrir árin 1979—1982 til umfjöllunar og hefur unnið að endurskoðun framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1980. Hér er um aukaendurskoðun að ræða sem aðeins tekur til ársins 1980, enda fer regluleg endurskoðun vegáætlunar fram á næsta ári. Við þetta starf naut nefndin aðstoðar Snæbjarnar Jónassonar vegamálastjóra, Helga Hallgrímssonar forstjóra tæknideildar og annarra starfsmanna Vegagerðar ríkisins.

Við gerð fjárlaga nú í vetur var ráðstöfunarfé Vegagerðar ríkisins aukið um 2 018 milljónir króna. Þetta viðbótarfjármagn fer að mestu til að verðbæta lögbundna og fasta liði í vegáætlun. Fjárveitingar til sérstakra verkefna í stofnbrautum hækka um 200 millj. króna, en fjárveitingar til almennra verkefna og bundinna slitlaga á stofnbrautum svo og til þjóðbrauta óbreyttar að krónutölu frá gildandi vegáætlun. **Heildarfjárveitingar til nýrra þjóðvega og brúa verða þá 11 392 milljónir króna og er framkvæmdamáttur þess fjár um 50% meiri en fjárveitinga til þessara liða í vegáætlun 1979.**

Þar sem óbreytt krónutala er veitt til þjóðbrauta og almennra verkefna á stofnbrautum hefur fjárveitinganefnd viðhaft óbreytta skiptingu þessa fjár milli kjördæma. **Þingmenn einstakra kjördæma hafa fjallað um endurskoðun vegáætlunar. Þeir hafa í nokkrum tilvikum fært fjármagn milli framkvæmda innan kjördæmis.**

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um skiptingu fjár til einstakra verkefna að því er varðar bundin slitlög og sérstök verkefni á stofnbrautum. Sú skipting er óbreytt frá gildandi vegáætlun að því er snertir bundin slitlög, en meiri hluti nefndarinnar gerir tillögur um nokkrar tilfærslur innan sérstakra verkefna. Eru þær í því fólgnar, að þau tvö verkefni, Borgarfjörður og Önundarfjörður, þar sem ná þarf ákveðnum áföngum, fá þá lágmarksfjárveitingu sem til þess þarf. Til þess að svo mætti verða **þurfi að skerða fjárveitingar til annarra liða í þessum flokki um 16%.**

Af hálfu minni hluta nefndarinnar hefur komið fram, að þeir, sem hann skipa, gera ekki athugasemdir við skiptingu fjár milli kjördæma, nema að því er varðar sérverkefni og brýr. Afstaða minni hlutans kemur fram í sérstöku nefndaráliti.

Tillögur meiri hlutans eru á þingskjali 479.

Fjárveitinganefnd hefur borist bréf, ritað fyrir hönd þingmanna Vestfjarðakjördæmis, varðandi tengingu Inn-Djúps, en á liðnum sérstök verkefni eru til þess ætlaðar 250 millj. kr. á árinu 1982. Bréfið er prentað sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Alþingi, 12. maí 1980.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Alexander Stefánsson.
Friðjón Þórðarson.	Geir Gunnarsson.	Guðmundur Bjarnason.

Fylgiskjal

Reykjavík, 6. maí 1980.

Til fjárveitinganefndar Alþingis,
Þórshamri, Reykjavík.

Á vegáætlun 1979—82, sem samþykkt var á Alþingi 23. maí 1979, er áætlað 1.3. Sérstök verkefni vegur 61, 03 Djúpvegur, tenging Inn-Djúps 250 m. kr. á árinu 1982, en ákvörðun um hvaða leið yrði valin var frestað.

Á fundi sínum í dag gerðu þingmenn Vestfirðinga eftirfarandi ályktun:

„Þingmenn Vestfirðinga samþykkja að leggja til við Alþingi í sambandi við endurskoðun vegáætlunar, að undirbúningur hefjist nú þegar að tengingu Inn-Djúps við Strandasýslu með vegagerð um Steingrímsfjarðarheiði.

Vegagerð þessi mun engin áhrif hafa til frestunar eða seinkunar á nauðsynlegum vegaframkvæmdum í Barðastrandarsýslu, sem þegar eru hafnar og haldið verði áfram af fullum krafti og koma eiga Vestfjörðum í varanlegt vegasamband við Vesturlandsveg."

Þessi ályktun var samþykkt af öllum fundarmönnum.

Virðingarfyllst,

f. h. þingmanna Vestfjarðakjördæmis,

Matthías Bjarnason.

Ed. 481. Lög [83. mál]

um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 473 (sbr. 424).

Ed. 482. Frumvarp til laga [194. mál]

um breytingu á lögum nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta.

Frá félagsmálanefnd.

1. gr.

Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einnig skal veita úr sjóðnum styrki til framkvæmda við heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila, svo og vistheimili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum í dag eiga heimili sjálfseignarstofnana og vistheimili fyrir vangefna ekki rétt til fjárveitinga úr Framkvæmdasjóði þroskaheftra.

Þetta gerðist við samruna tveggja lagabálka um þessi mál á þingi í fyrra, þar sem að þessu misræmi var ekki gætt, þó félagsmálanefnd eða Alþingi hafi aldrei ætlað sér að svipta þessa sjálfsögðu aðila möguleikum í þessu efni. Þá var einnig hugsanlegt, að hvað vistheimilin snerti yrði Styrktarsjóður vangefinna starfræktur samhliða Framkvæmdasjóðnum. Við afgreiðslu fjárlaga lagði formaður fjárveitinganefndar áherslu á fulla einingu nefndarinnar um það, að þessi verkefni öll yrðu á vegum Framkvæmdasjóðsins. Sú varð og raunveruleg afgreiðsla Alþingis.

Stjórnarnefnd þroskaheftra mun á næstunni úthluta og skipta fé Framkvæmdasjóðsins. Lagabreyting verður til að koma svo þessi mikilvægu verkefni liggi ekki algerlega úti við skiptingu þessa fjármagns. Allir eru hins vegar á því, að þessi verkefni séu meðal þeirra forgangsverkefna, sem veita þarf fjármagn til.

Því er frumvarp þetta flutt.

Nd. **483. Frumvarp til laga** [195. mál]

um breyting á lögum um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 59 frá 28. maí 1969, með síðari breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Matthías Á. Mathiesen, Árni Gunnarsson, Albert Guðmundsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

7. gr. laganna breytist þannig:

a) Í upptalningu í 2. mgr. bætist:
2. Grundartangi.
11. Reyðarfjörður.
12. Höfn í Hornafirði.
Röð annarra aðaltollhafna breytist til samræmis.

b) Úr upptalningu í 4. mgr. falli niður:
16. Reyðarfjörður.
19. Höfn í Hornafirði.
Röð annara tollhafna breytist til samræmis.

2. gr.

3. málsliður 1. mgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Einnig geta þeir ákveðið, í samráði við hafnaryfirvald og stjórnanda fars, að ferming eða afferming fars skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentugastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

3. gr.

1. málsliður 4. mgr. 19. gr. laganna orðist svo:

Óheimilt er að leggja aðkomuskipi að bryggju eða öðru hafnarmannvirki fyrr en að fengnu leyfi tollgæslunnar, sem einnig getur ákveðið í samráði við hafnaryfirvöld og stjórnanda fars, hvar í höfn skipið skuli leggjast.

4. gr.

Í 1. mgr. 23. gr. laganna falli niður orðin „og færa í það, hvaða vörusendingar eru affermdar í hverri höfn“.

5. gr.

Úr 26. gr. laganna falli 3. mgr. niður.

6. gr.

37. gr. laganna breytist svo:

a) 8. mgr. orðist svo:
Geymsluhafi hefur haldsrétt í vörunni fyrir kröfu sinni um greiðslugjald. Haldsrétturinn útilokar þó ekki að tollstjóri geti selt vöruna á opinberu uppboði, og skulu þá tollur og önnur opinber gjöld, svo og geymslugjald, greiðast af uppboðsandvirðinu í réttu hlutfalli við kröfuupphæðir.

b) 9. mgr. falli niður.

7. gr.

Úr 1. málslið 38. gr. laganna falli niður orðið „sérstöku“ og orðin „í hvert sinn“.

8. gr.

39. gr. laganna hljóði svo:

Stjórnendum farartækja, sem flytja ótollafgreiddar vörur, er óheimilt að fá þær til geymslu eða umsjár öðrum en tollgæslunni eða þeim, sem hefur umráð viðurkenndrar vörugeymslu samkvæmt 37. gr., nema leyfi viðkomandi tollstjóra komi til. Má hann setja þau skilyrði fyrir leyfinu, sem nauðsynleg eru til þess að tryggilega sé með vöruna farið.

9. gr.

Í 2. mgr. 40. gr. laganna komi í stað orðsins „þaðan“ orðin: úr vörslu þess aðila.

10. gr.

42. gr. laganna hljóði svo:

Þegar lokið er flokkun innfluttrar vöru eftir losun úr farartæki ber útgerðarmanni eða afgreiðslumanni að afhenda viðkomandi tollyfirvaldi eða umboðsmanni þess skrá um allar sýnilegar vantanir og skemmdir, sem komið hafa í ljós við flokkun varanna. Sé vara geymd óflokkuð í gámum eða á annan hátt, ber að geta þess. Tollyfirvald lætur þegar fara fram rannsókn á vöruvöntun og skemmdum, eftir því sem við verður komið.

11. gr.

Úr 49. gr. laganna falli 3. mgr. niður.

12. gr.

Úr 1. mgr. 52. gr. laganna, sbr. lög nr. 31/1979, falli niður orðin „stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðilja“.

13. gr.

Úr 54. gr. laganna falli 2. málsliður 1. mgr. niður.

14. gr.

55. gr. laganna hljóði svo:

Ef vöru vantar úr aðkomufari, skal draga verðmæti þess, sem vantar, frá tollverði vörusendingar, enda hafi viðkomandi tollyfirvaldi verið tilkynnt um vöntun, hafi hún komið í ljós við flokkun, sbr. 42. gr.

Þá skal einnig lækka tollverð vara vegna vöntunar, þótt hún hafi ekki komið í ljós við flokkun, ef svo stendur á að vöruvöntun verður ekki ráðin af útliti ytri umbúða vörunnar eða varan hefur verið geymd óflokkuð. Skilyrði þess, að tollverð sé lækkað, er það, að krafa berist innan ákveðins frests, sem fjármálaráðuneytið setur, og að vöntunin sé sönnuð með vottorði tryggingarfélags eða á annan hátt, sem tollyfirvald metur gilt.

15. gr.

56. gr. laganna hljóði svo:

Hafi vara orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu eða í vörugeymslu innflytjanda, farmflytjanda eða tollvörugeymslu, skal lækka tollverð hennar eða endurgreiða toll vegna hennar sem svarar til þeirrar verðrýrnunar sem orðið hefur á vörunni, enda sé hún sönnuð með framvísun tjónauppgjörs tryggingarfélags, farmflytjanda eða farmsendanda.

16. gr.

57. gr. laganna, sbr. lög nr. 31/1979, breytist þannig:

a) Úr 2. tölulið falli niður orðin „enda sé þá sett fullnægjandi trygging fyrir aðflutningsgjöldunum, þar til varan er sannanlega komin til útlanda eða útflutningur hennar nægilega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum, sem sett verða þar að lútandi".

b) Úr 3. tölulið falli niður orðin „Ákvæði þetta tekur eigi til endursendinga á einstökum hlutum úr gölluðum vélum".

c) Nýr 4. töluliður hljóði svo:

Nú er vara send til útlanda til viðgerðar á kostnað framleiðanda, sem tekið hefur ábyrgð á vörunni, og skal þá ekki heimta toll af vörunni þegar hún er flutt inn aftur eftir að viðgerð er lokið, hvort sem um sama hlut er að ræða, viðgerðan, eða annan hlut ógallaðan, sem kemur í hans stað, enda séu færðar sönnur á að viðgerðin hafi verið ókeypis og ábyrgðin innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

17. gr.

Úr 59. gr. laganna, sbr. lög nr. 2/1970, falli niður í niðurlagi 4. mgr. orðin „og getur eftir atvikum látið rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti nefndra aðila".

18. gr.

Úr 68. gr. laganna falli niður orðin „stöðvun tollafgreiðslu til hans, svo og".

19. gr.

Úr 1. mgr. 69. gr. laganna, sbr. lög nr. 66/1973, falli niður orðin „eða skrá um talningu á vörum".

20. gr.

Í 3. mgr. 72. gr. laganna komi í stað orðanna „ef ástæða er til að ætla" orðin: ef færðar eru sönnur á.

21. gr.

Í 73. gr. laganna bætist ný 2. mgr. er hljóði svo:

Skilyrði þess, að framangreindum viðurlögum sé beitt, er að tilvikið falli undir ákvæði 3. mgr. 72. gr.

22. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Greinargerð.

Á þingskjali 462 (191. mál, Nd.) er frumvarp til laga um svokallaða „tollkrít". Í því frumvarpi er gert ráð fyrir verulegum breytingum á 50. og 53. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit, þannig að fjármálaráðherra geti heimilað tollstjórum að veita greiðslufrest tolla og annarra aðflutningsgjalda.

Samtök þeirra, sem stunda innflutning, og farmflytjendur hafa um nokkurt skeið sýnt mikinn áhuga á greiðari og ódýrari innflutningsverslun. Á viðskiptaþingi Verslunarráðs Íslands, sem haldið var í apríl 1979, voru tollamál sérstakur liður á dagskrá. Var þar samþykkt að vinna að framgangi tillagna um breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit þar sem að því væri stefnt að:

1. Aðskilja vöruskoðun, tollafgreiðslu og meðferð tollskjala annars vegar og flutning vörunnar hins vegar, þannig að vöru megi flytja beint frá skipi í vörugeymslu innflytjanda.

2. Gera tollyfirvöldum mögulegt að taka upp reikningsviðskipti við innflytjendur að því er varðar innheimtu aðflutningsgjalda.
3. Kostnaður við tollheimtu og tolleftirlit sé borinn af ríkissjóði, eins og við aðra löggæslu, enda nýtur hann teknanna, auk þess sem stjórnvöld ákveða umfang eftirlitsins. Með því er stefnt að aukinni hagræðingu í störfum tollgæslunnar.

Sparnaður og hagræðing í kjölfar þessara breytinga, ef þær ná fram að ganga, er augljós. Nægir í því sambandi að vísa til álits tollanefndar frá 15. ágúst 1978.

Eins og fyrr segir, er ein helsta breytingin til að innleiða gjaldfrest á aðflutningsgjöldum breyting á 50. og 53. gr. laganna. Á þingskjali 462 er ítarleg greinargerð með þeim breytingum. Gjaldfrestur á aðflutningsgjöldum gerir hins vegar nauðsynlegar ýmsar breytingar á lögum um tollheimtu og tolleftirlit til aðlögunar nýrri skipan á uppgjöri aðflutningsgjalda. Eru þær nauðsynlegu breytingar settar fram í þessu frumvarpi. Jafnframt eru gerðar breytingar til einföldunar og til samræmis breyttum viðskiptaháttum, sem auka enn á þann hag fyrir þjóðarbúið, sem gjaldfrestur á aðflutningsgjöldum er. Hins vegar eru ekki gerðar tillögur um breytingar sem leiði til þess, að kostnaður vegna tollgæslu verði borinn af ríkissjóði frekar en nú er. Kanna þarf nánar þann útgjaldaauka sem slíkt skapar fyrir ríkissjóð. Einnig þykir rétt að kanna ítarlega hvaða reglur gilda um greiðslu kostnaðar vegna tollgæslu í nágrannalöndum okkar. Sennilegt er þó, að slík breyting leiði til sparnaðar við tollgæslu og lækkunar vöruverðs, því að ætla má að umfang tollgæslunnar ráðist þá frekar af aðstæðum hverju sinni og einfaldari og hagkvæmari leiða verði yfirleitt leitað. Ósennilegt er, að kostnaður ríkissjóðs af tollgæslunni aukist verulega við slíka breytingu. Heildarkostnaður við tollgæsluna ætti hins vegar að lækka. Ekki þykir þó rétt að setja fram tillögur um slíkar breytingar fyrr en að undangenginni ítarlegri könnun.

Frumvarp þetta ber að skoða sem framlag flutningsmanna til þeirra mikilvægu umræðna, sem nú fara fram um gjaldfrest á aðflutningsgjöldum. Fjölmörg atriði þarf að kanna, en æskilegt er að málinu verði hraðað eftir föngum.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Eftir að járnblendiverksmiðjan á Grundartanga tók til starfa eru afgreidd þar á viku hverri mörg skip, sem koma þangað beint frá útlöndum og sigla aftur án viðkomu á öðrum höfnum. Þá munu vera uppi ráðagerðir um að koma á fót tollvörugeymslu á Reyðarfirði og er forsenda þess, að þar sé aðaltollhöfn. Höfn í Hornafirði er í örum vexti sem útgerðar- og viðskiptamiðstöð, en sem stendur er engin aðaltollhöfn á svæðinu frá Eskifirði til Vestmannaeyja. Þessar breytingar eru því æskilegar vegna breyttra flutningaleiða.

Um 2. gr.

Óvarlegt sýnist að tollgæslumenn geti án nokkurs samráðs við stjórnanda fars ákveðið losunarstað skips í höfn, þar sem slíkt getur valdið miklum aukakostnaði fyrir útgerðina.

Um 3. gr.

Sjá athugasemd við 2. gr.

Um 4. gr.

Við nútímaaðstæður er algerlega útilokað fyrir „stjórnanda fars“ að fylgjast nákvæmlega með losun og færa inn í farmskrá, hvaða sendingar eru losaðar á hverjum stað.

Um 5. gr.

Telja verður fullnægjandi þá skýrslu, sem ákveðin er í 42. gr. laganna, enda hefur annars ekki verið krafist til þessa, þar sem flutningur í vörugámum gerir slíka talningu óframkvæmanlega jafnhliða affermingu.

Um 6. gr.

a) Óeðlilegt er, að ríkissjóður hafi algjöran forgang við skiptingu uppboðsandvirðis. Skipafélögin og flugfélögin verða fyrir milljóna tjóni árlega vegna þessa ákvæðis, þegar uppboðsandvirði hrekkur ekki fyrir meiru en tollum og öðrum opinberum gjöldum.
b) Það leiðir af breytingu á 8. mgr., sbr. a-lið, að fella 9. mgr. niður.

Um 7. gr.

Breytingin tengist gjaldfresti á aðflutningsgjöldum og miðar að því að heimila tollyfirvöldum að gefa leyfi til beins heimflutnings vöru.

Um 8. gr.

Sjá aths. við 7. gr.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er hjá farmflytjendum, einkum hjá skipafélögum, að flytja vörur milli geymslusvæða sinna, ýmist vegna öryggis, eðlis vöru eða rúmleysis. Tollstjóri fær í raun ekki nákvæmar upplýsingar um geymslustað í byrjun, nema á hvers vegum vara er geymd, og því ekki rökrétt að hann þurfi að leyfa slíka tilfærslu hverju sinni.

Um 10. gr.

Þessi breyting er til samræmis við breytta starfshætti og flutningaaðferðir. Vegna vinnuhraða er útilokað að gera slíka skrá þegar að lokinni losun, heldur verður að miða við flokkun, sem fram fer jafnhliða og í framhaldi af losun. Þá er orðið algengt að vörur séu fluttar í gámum og oft geymdar í þeim til afhendingar. Er því útilokað við flokkun eftir losun að segja til um, hvort eitthvað er athugavert við ástand eða magn vöru, sem þannig er geymd.

Um 11. gr.

Þessi breyting er gerð vegna gjaldfrests á aðflutningsgjöldum, þar sem nákvæm skoðun fer e. t. v. ekki fram við afhendingu og upplýsingar um að vara hafi glatast koma fram síðar. Einnig er eðlilegt að sömu reglur gildi um flutning innanlands, og milli landa og óréttlátt að innheimta toll af vöru sem „glatast hefur eða farist í flutningi innanlands".

Um 12. gr.

Stöðvun tollafgreiðslu er harkaleg aðgerð, sem getur riðið fyrirtækjum að fullu. Ákvæðin um dráttarvexti og dagsektir ættu að vera fullnægjandi.

Um 13. gr.

Breytinguna leiðir af gjaldfresti á aðflutningsgjöldum. Er lagt til að vörur, sem afhentar eru án þess að tollur sé greiddur (gjaldfrestur veittur fyrir aðflutningsgjöldum), séu ekki veðhæfar fyrir aðflutningsgjöldum, enda væri sala þá óheimil og gjaldfrestur kæmi ekki að haldi, heldur séu veð tekin í öðrum eignum skuldara.

Um 14. gr.

Í núgildandi lögum er aðeins veitt heimild til að lækka tollverð vöru vegna vöntunar. Er lagt til að það sé skýrt orðað, að innflytjanda beri ekki að greiða toll af vöru sem hann aldrei fær, enda er svo almennt ekki gert, ef vöntunin hefur

verið staðreynd, sbr. 42. gr. Vegna breyttra flutningaaðferða með gámum getur verið að vöruvöntun komi ekki fram fyrr en síðar, og þarf að breyta greininni til að ná til slíkra sannanlegra tilvika.

Um 15. gr.

Breytingin stafar að nokkru af gjaldfresti á aðflutningsgjöldum og miðar að því, að tollur lækki sem svarar skemmdum í öllum tilfellum, hvar svo sem varan skemmist. Virðist eðlilegt að líta svo á, að vara, sem sannanlega skemmist áður en til sölu kemur, hafi að því marki ekki verið flutt inn og skipti þá ekki máli hvort hún skemmist í geymslum innflytjanda eða skipafélags.

Um 16. gr.

a) Nú er krafist fullnægjandi tryggingar á aðflutningsgjöldum fyrir endursendar vörur þar til þær eru sannanlega komnar til útlanda eða útflutningur þeirra nægjanlega tryggður samkvæmt nánari skilyrðum. Þetta ákvæði er bæði ósanngjarnt og óþarft og hefur valdið þeim, sem þurft hafa að endursenda vörur, verulegum óþægindum og kostnaði. Önnur lagaákvæði tryggja, að „viðtakandi" fær þessa vöru aldrei í sína vörslu án þess að áður hafi verið gengið frá greiðslu aðflutningsgjalda. Er því óþarft að krefjast tryggingar í slíkum tilvikum, frekar en um aðrar vörur sem eru í vörslu farmflytjanda, þar til aðflutningsgjöld hafa verið greidd. Er því lagt til að þetta tryggingarákvæði verði fellt niður.
b) Í þessum tölulið er veitt heimild til að endurgreiða aðflutningsgjöld af gölluðum vélum, sem endursendar eru til útlanda. Í niðurlagi greinarinnar eru þó einstakir hlutar úr gölluðum vélum undanskildir. Gallaður hluti úr vél getur hæglega verið verulegur hluti af heildarverðmæti vélarinnar. Sé um stórar vélar að ræða, t. d. rafstöðvar, prentvélar o. fl., er fráleitt að þurfa að senda alla vélina utan á ný til þess að fá notið þessa ákvæðis um endurgreiðslu aðflutningsgjalda, ef unnt er að senda gallaða hlutann sérstaklega. Er því lagt til að þessi takmörkun verði felld niður.
c) Þessum tölulið er ætlað að koma í veg fyrir tvítollun af vörum, sem sendar eru til viðgerðar á kostnað seljanda. Eru fyrst og fremst höfð í huga nákvæmnistæki, sem vandkvæði eru á að gera við hérlendis og seljandi hefur selt með ákveðinni ábyrgð. Tillit til þessarar ábyrgðar hefur að sjálfsögðu verið tekið í upphaflegu verði vörunnar og tollur þar með greiddur af ábyrgðinni í upphaflegu tollverði. Eigi að greiða toll á ný af ókeypis viðgerð er um tvítollun að ræða.

Um 17. gr.

Lagt er til að heimild tollyfirvalda í lögum nr. 2/1970 til að rannsaka atvinnuhúsnæði, reikningshald og bréfaviðskipti í þeim tilvikum, sem þar er um að ræða, verði felld niður. Virðist eðlilegt að það sé verksvið dómstóla að úrskurða hvort slík rannsókn skuli framkvæmd.

Um 18. gr.

Framlagning skjala getur verið ómöguleg og útvegun sönnunargagna getur tekið langan tíma. Dagsektir eru nægjanlegt aðhald til þess að skjölum, sem unnt er að afla. sé skilað. Stöðvun tollafgreiðslu er óeðlileg refsing í slíkum tilvikum og getur valdið þriðja aðila tjóni, t. d. erlendum seljanda, þótt hann eigi enga aðild að málinu.

Um 19. gr.

Sjá athugasemd við 5. gr.

Um 20. gr.

Orðin „ástæða til að ætla" eru teygjanlegt hugtak og því lagt til að greinilegar sé komist að orði.

Um 21. gr.

Rétt þykir að vitneskju leigusala um ólögmæta notkun fars af leigutaka þurfi til að ákvæðum um upptöku fars verði beitt.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 484. Frumvarp til laga [196. mál]

um breyting á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Flm.: Friðrik Sophusson, Matthías Á. Mathiesen, Árni Gunnarsson, Albert Guðmundsson, Sverrir Hermannsson.

1. gr.

Í 2. gr. laganna hljóði nýr 13. tl. svo:

Vara, sem flutt er hingað til framhaldsflutnings (transit), enda uppfylli innflytjandi kröfur tollyfirvalda varðandi varðveislu hennar og flutning.

2. gr.

Á 3. gr. laganna verði svofelldar breytingar:

a) 1. tl. falli niður og breytast nr. annarra tl. til samræmis.

b) 1. tl. (áður 2. tl.) hljóði svo:

Að fella niður eða lækka hlutfallslega gjöld af vöru, sem hefur horfið, eyðilagst, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við affermingu, í vörslu tollyfirvalda eða í viðurkenndum geymslum farmflytjanda, innflytjanda eða tollvörugeymslu, enda sé hvarfið, eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki sök viðtakanda vörunnar. Sé um algjöra eyðileggingu að ræða skal vörunni fleygt.

c) 10. tl. (áður 11. tl.) b. hljóði svo:

Af vöru og hráefni eða efnivöru vegna vöru, sem flutt er út til sölu á erlendum markaði. Umbúðir skulu teljast vara í þessu sambandi.

Útflytjandi skal afhenda tollyfirvöldum kröfu sína um endurgreiðslu skv. þessum lið, þegar viðkomandi vara er flutt út. Enn fremur skal hann leggja fram þau vottorð, sem tollyfirvöld krefjast varðandi efnissamsetningu vörunnar. Rannsóknastofnanir atvinnuveganna og Háskóli Íslands skulu teljast fullgildir til útgáfu slíkra vottorða.

3. gr.

Á eftir orðunum „þó ekki lægri verðtoll en 5%“ í 1. mgr. 4. gr. laganna komi: Ef um er að ræða muni, sem sendir hafa verið til viðgerðar á göllum, sem seljandi ber ábyrgð á, skal ekki krafist tolls, hvort sem sami munur kemur aftur viðgerður eða annar samskonar munur ógallaður kemur í hans stað, enda séu færðar sönnur á, að viðgerðin hafi verið ókeypis og ábyrgð innifalin í upphaflegu tollverði vörunnar.

4. gr.

4. mgr. 10. gr. laganna hljóði svo:

Nú verður skemmd eða rýrnun á vöru á leið hingað til lands, við affermingu eða í vörslu tollyfirvalda eða í viðurkenndum vörugeymslum farmflytjanda, innflytjanda eða í tollvörugeymslu og innflytjandi á sannanlega ekki sök á skemmdinni eða rýrnuninni, og skal þá tollyfirvald lækka tollverð vörunnar sem svarar verðrýrnun hennar.

5. gr.

18. gr. laganna breytist svo:

a) Úr 2. tl. 2. mgr. falli niður orðin „og enn fremur með hvaða fari sending er afhent til flutnings áleiðis til Íslands“.
b) Úr 12. tl. 2. mgr. falli niður orðin, „að aðeins einn vörureikningur sé gefinn út yfir allar þær vörur sem eru í sendingu með tilgreindu fari“.
c) 5. mgr. falli niður.

6. gr.

Úr 1. mgr. 19. gr. laganna falli niður orðin „viðurkenningu (kvittun) viðskiptabanka um greiðslu eða tryggingu kröfu samkvæmt sölu- eða vörureikningi“.

7. gr.

2. mgr. 20. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Úr niðurlagi 23. gr. laganna falli niður orðin „og stöðvun tollafgreiðslu til hlutaðeigandi aðila“.

9. gr.

Á 35. gr. laganna verði þessar breytingar:

a) Aftan við 1. mgr. bætist: Hafi úrskurður fjármálaráðherra um flutning vöru milli tollskrárnúmera í för með sér breytingu á upphæð aðflutningsgjalda, þá tekur sú breyting, að því er snertir aðflutningsgjöldin, ekki gildi fyrr en a. m. k. tveimur mánuðum eftir að breytingin hefur verið auglýst í Lögbirtingablaði.
b) 2. mgr. orðist þannig:
Fjármálaráðherra skipar sérstaka nefnd og felur henni að gera tillögur um úrskurði þá, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar. Nefndarmenn skulu hafa yfir að ráða haldgóðri vöruþekkingu og vera óháðir tollyfirvöldum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við tvö önnur frumvörp um breytingar á lögum um tollheimtu og tolleftirlit (191. og 195. mál).

Megintilgangur frumvarpsins er að samræma ákvæði tollskrárlaga þeim tillögum, sem þar eru bornar fram, auk fleiri atriða. Vísast til greinargerða þeirra tillagna um rökstuðning, sem í flestum tilvikum á einnig við um þetta frumvarp, auk þess sem gerð er grein fyrir breytingartillögum við einstakar greinar.

Um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Lagt er til að gera að skyldu sams konar heimildarákvæði og er í 3. gr. Ef vara er flutt hingað til lands og ætlunin er að flytja hana úr landi aftur, virðist ástæðulaust að heimta toll af henni. Sennilegt er að íslenskir innflytjendur gætu endurútflutt vörur, t. d. til Færeyja og Grænlands, og ástæðulaust að tollalög komi í veg fyrir slíkt, ef það er mögulegt.

Um 2. gr.

a) 1. tl. laganna er óþarfur, ef breytingin á 1. gr. nær fram að ganga.

b) Breytingin er til samræmis við gjaldfrest á aðflutningsgjöldum. Lagt er til að 2. tl. breytist til samræmis við þá hugsun, að tollur skuli alltaf lækka að tiltölu við skemmdir, hvar svo sem varan skemmist, ef það gerist áður en vara er seld. Vara getur skemmst og verðmæti þar með rýrnað án þess að um eyðileggingu sé að ræða. Í þeim tilvikum er hlutfallsleg lækkun gjalda sanngjörn. Sé vara flutt beint frá flutningatæki í vörugeymslu innflytjanda getur verið að skemmdir komi ekki strax í ljós. Er því lagt til að sama verði látið gilda um geymslu innflytjanda og nú gildir um geymslur tollyfirvalda og farmflytjenda, um þau atriði er snerta skemmdir á vöru sem enn hefur ekki verið seld af innflytjanda þegar skemmdir komu í ljós.

c) Lagt er til, að 11. tl. verði orðaður þannig, að endurgreiða megi gjöld af hráefnum og efnivöru, sem notuð hefur verið til vinnslu útfluttra vara, hvort sem vinnslan fellur undir iðnað, sjávarútveg eða aðra atvinnustarfsemi. Enn fremur er gerð tillaga um bæra aðila til að gefa vottorð um samsetningu efnis eða vöru.

Um 3. gr.

Breytingu þessari er ætlað að koma í veg fyrir þá tvítollun sem nú viðgengst þegar vara er send til viðgerðar á kostnað seljanda. Eru einkum höfð í huga ákvæmnistæki (linsur í myndavélar, rafeindatæki o. fl.) sem vandkvæði eru á að gera við hérlendis og seljandi hefur selt með ákveðinni ábyrgð. Tillit til þeirrar ábyrgðar hefur að sjálfsögðu verið tekið í upphaflegu söluverði vörunnar og tollur þar með greiddur af ábyrgðinni í upphaflegu tollverði. Eigi að greiða toll á nýjan leik af ókeypis viðgerð er um tvítollun að ræða. Vandamál hafa komið upp í þessu sambandi um það, hver eigi að greiða tollinn, en erlendur seljandi telur sig fullnægja ábyrgðinni með því að afhenda á ný viðgerðan eða nýjan hlut í stað hins gallaða.

Um 4. gr.

Breytingin er til samræmis við gjaldfrest og til samræmis við breytingar á 2. tl. 3. gr. laganna. Einnig virðist ekki ástæða til að setja það skilyrði til lækkunar tollverðs, að rýrnun eða skemmdir fáist bættar.

Um 5. gr.

Tillagan miðar að einföldun í þeim tilgangi að auðvelda störf flutningamiðlara og annarra, sem annast flutning vöru, og að tekið sé tillit til þeirrar óvissu, sem oft er ríkjandi um ýmsa þætti sem krafist er upplýsinga um þegar vara er send af stað. Auk þess er það ekki á valdi innflytjanda að sjá svo um að hinn erlendi seljandi framfylgi öllum þeim atriðum sem núgildandi lög krefjast.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að skyldan um stimplun bankaskjala sé felld niður. Sú breyting er óhjákvæmileg forsenda flestra þeirra atriða sem hagræða má í tollafgreiðslu. Ákvæðið um kvittun banka getur í sumum tilvikum tafið fyrir tollafgreiðslu á vörum og komið í veg fyrir beinan heimakstur.

Handhöfn frumrits af farmbréfi er eðlileg sönnun fyrir löglegri heimild fyrir vörunni.

Um 7. gr.

Viðurlög þau, sem nú eru, virðast með öllu ástæðulaus. Tilgreining rangs tollskrárnúmers á innflutningsskýrslu má oftast rekja til afsakanlegra mistaka, sem í sumum tilvikum má rekja til upplýsinga starfsmanna tollsins sjálfs sem síðar

reyndust vera rangar. Hlutverk tollendurskoðunarinnar er að benda á og leiðrétta slíkar villur. Óeðlilegt er að telja allar villur um tollskrárnúmer, sem kunna að koma fyrir, vera vísvitandi tiraunir til tollsvika. Sé um misferli að ræða heyrir brotið undir 2. mgr. 32. gr.

Um 8. gr.

Ástæður geta verið þær, að viðtakandi geti ekki uppfyllt þessi atriði innan tilskilins tíma. Önnur viðurlög, sem nefnd eru í greininni, ættu að veita nægilegt aðhald. Dagsektir má vera rétt að viðhafa, en stöðvun á tollafgreiðslu er óeðlileg viðurlög.

Um 9. gr.

a) Það er alkunna, að flokkun vara undir tollskrárnúmer getur oft verið álitamál. Flokkunin byggist á vandasömu mati og er því eðlilegt að endurskoðun fyrra mats geti leitt til annarrar niðurstöðu, enda eru úrskurðir um breytingar á flokkun alltíðir. Æskilegt er að slíkar breytingar á flokkun hafi sem minnsta röskun í för með sér fyrir þá er þær snerta. Með því er átt við að úrskurðir um breytt tollskrárnúmer, sem leiða til breytinga á fjárhæð aðflutningsgjalda, taki ekki gildi fyrirvaralaust, að því er varðar fjárhæð tolls. Frestur þarf að vera það rúmur, að innflytjendur geti hagað innflutningi sínum í samræmi við breyttar aðstæður. Í þeim tilvikum skiptir ekki öllu máli, hvort breyting leiðir til hækkunar eða lækkunar aðflutningsgjalda.

Innflytjandi, sem um langan tíma hefur flutt inn vöru undir ákveðnu tollskrárnúmeri án þess að tollyfirvöld eða ríkisendurskoðun hafi gert við það athugasemd, á að geta treyst því, að breytingar á tollskrárflokkun, sem leiða til breytts tolls, verði ekki teknar upp án fyrirvara. Í mjög mörgum tilvikum hefur innflytjandinn selt vöru sína á ákveðnu verði áður en hún er leyst úr tolli. Verðið er þá reiknað í samræmi við fyrri tollflokkun, sem tollyfirvöld hafa samþykkt án athugasemda. Leiði tollskrárbreytingin til hækkunar getur það leitt til riftunar kaupa og innflytjandi situr uppi með óseljanlega vöru eða bíður stórfellt tjón, sé hann bundinn af fyrirframsölunni á föstu verði.

Ef um er að ræða vörutegund, sem margir aðilar flytja inn, getur fyrirvaralaus breyting á tolli leitt til þess, að vörur, sem leystar eru úr tolli sitt hvorn daginn, komi út á mjög misháu verði. Afleiðingin er sú, að fyrri aðilinn situr uppi með óseljanlega vöru hafi tollur lækkað. Sé hins vegar um hækkun að ræða situr sá síðari uppi með óseljanlega vöru, a. m. k. meðan birgðir keppinautanna, sem áður fengu tollafgreitt. endast.

b) Enda þótt tollskrárlög veiti fjármálaráðherra endanlegt úrskurðarvald um ágreining, sem kann að rísa um til hvaða tollflokks tiltekin vara skuli teljast, er ljóst að hann verður í flestum tilfellum að styðjast við þekkingu og mat annarra. Veltur því á miklu að ráðgjafar hans séu sérfróðir á þessu sviði og aðstaða þeirra sú, að þeir geti beitt hlutlausu mati við úrlausnina. Notfæri ráðherra sér heimild 35. gr. tollskrárlaga um skipun nefndar til ráðuneytis um þessi mál, er brýn nauðsyn að í hana séu valdir menn sem hafa yfir að ráða haldgóðri vöruþekkingu og séu óháðir tollyfirvöldum. Sé einkum leitað til starfsmanna tollsins, er sú hætta fyrir hendi, að viðkomandi hafi ákveðið þá vöruflokkun sem ágreiningur hefur risið um og innflytjandi vill ekki una. Þar með eru tollyfirvöld í raun orðin annar aðili málsins. Undanfarandi rökræður um ákvörðunina, sem leitað er úrskurðar um, gera hlutlaust mat aðilans því erfiðara.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 485. Nefndarálit [164. mál]

um till. til þál. um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1979—82.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd klofnaði í afstöðu til tillögu um breytingu á gildandi vegáætlun fyrir árið 1980 á þskj. 348. Undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni eru algerlega andvígir þeirri skattlagningu á notkun bifreiða sem ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar á Alþingi hafa knúið fram samtímis þeim niðurskurði á vegaframkvæmdum, sem þessi tillaga um breytingu á gildandi vegáætlun hefur í för með sér. Skv. upplýsingum Vegagerðar ríkisins felur tillagan í sér 4.5 milljarða króna niðurskurð á raungildi heildarfjárveitinga til vegamála miðað við gildandi vegáætlun. Samtímis því hefur skattlagning á bensín verið aukin svo gífurlega að óvíða er að finna dæmi slíkra skattálaga meðal þjóða heims.

Nokkur höfuðatriði þeirrar öfugþróunar, sem átt hefur sér stað í skattlagningu á umferðina og framlögum til vegamála síðan sjálfstæðismenn fóru með ríkisfjármálin 1978, eru þessi:


1. Engin einasta króna af 10 milljarða króna skattahækkun á bensín umfram verðlagsbreytingar, sem orðið hafa síðan 1978, fer til vegaframkvæmda. Þvert á móti hefur raungildi markaðra tekjustofna og beinna eða óbeinna framlaga ríkissjóðs til vegamála minnkað nálægt 1 milljarði í fyrra og á þessu ári, ef þessi tillaga verður samþykkt.
2. Á yfirstandandi ári kæmi 4050 millj. kr. hærri fjárhæð til vegaframkvæmda af bensínsköttum en þessi tillaga gerir ráð fyrir skv. útreikningum Vegagerðar ríkisins, ef sama hlutfall þessara skatta gengi til vegaframkvæmda og raun varð á 1978. (Sjá fskj. IV).
3. Bein framlög úr ríkissjóði að meðtöldum afborgunum og vöxtum af lánum til vegagerðar væru skv. útreikningum Vegagerðarinnar og fjárlaga- og hagsýslustofnunar 2810 millj. kr. hærri að raungildi en tillagan gerir ráð fyrir miðað við framlögin 1978. (Sjá fskj. III og IV).
4. Ríkisframlög af skatttekjum til vegagerðar eru því skv. þessari tillögu skorin niður í raun um 6860 millj. kr. skv. útreikningum fyrrgreindra stofnana miðað við þessi framlög 1978. Þetta fjármagn er notað til eyðslu ríkissjóðs í stað vegaframkvæmda.
5. Á þessu tímabili hefur heildarskattlagning ríkisins á bensíni aukist á föstu verðlagi (fjárlaga 1980) um 9938 millj. kr. skv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar.
6. Framkvæmdamagn nýbygginga vega og brúa skv. þessari tillögu er svo til það sama og meðaltal áranna 1975—1978 að báðum meðtöldum þegar skattlagning á umferðina var milljarðatug minni.
7. Í tillögunni er gert ráð fyrir 3.5 milljarða króna auknum lántökum að raungildi miðað við lántökur til vegagerðar 1978 til þess að standa straum af vegaframkvæmdum í ár, sem ekki eru meiri en meðaltal áranna 1975—1978.

Íslendingar eru vanþróuð þjóð í vegamálum og eyða milljörðum króna í vonlítið viðhald malarvega, viðhald og eldsneyti bifreiða, sem við gætum sparað með því að leggja sem fyrst bundið slitlag á fjölförnustu þjóðvegi. Víða kemst fólk ekki leiðar sinnar á vetrum, jafnvel í neyðartilfellum, vegna skorts á vel uppbyggðum vegum. Auknar framkvæmdir í vegamálum eru við hlið orkuframkvæmda arðbærasta og mesta félagslega verkefni þjóðarinnar sem bíður úrlausnar.

VEGAGERÐ RÍKISINS

TEKJUR RÍKIS AF BENSÍNSKÖTTUM

Skv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar.
(Upphæðir á fjárlagaverði 1980)



Framangreind stefna, sem felst í því að slá heimsmet í skattheimtu á notkun bifreiða til eyðslu úr ríkissjóði, en skera niður vegaframkvæmdir, er því hvort tveggja í senn andfélagslegt og fjárhagslegt glapræði.

Við afgreiðslu vegáætlunar fyrir 1979—82 talaði þáverandi samgönguráðherra (núverandi fjármálaráðherra) um „stórt stökk upp á við“ árið 1980 í vegamálum sem hann væri að undirbúa með flutningi tillögu sinnar. Ýmsir gerðu sér því vonir um að í ár yrði sveigt af óheillabraut ársins 1979, þegar skattheimta var sú mesta sem þá hafði þekkst af umferðinni, en vegaframkvæmdir minnstar á áratugnum. Þessu er því miður ekki að heilsa. Þrátt fyrir ákvæði málefnasamnings ríkisstjórnarinnar, þar sem segir: „Staðið verði við vegáætlun 1980—82“, er hún nú skorin niður. „Stóra stökkið upp á við“ varð ekki í framlögum ríkissjóðs til vegamála. „Stóru stökkin upp á við“ 1979 og 1980 eru í skattlagningu á bensín til eyðslu fyrir ríkissjóð.

Niðurskurður einstakra þátta gildandi vegáætlunar fyrir 1980.

Niðurskurður gildandi þátta vegáætlunar skv. till. bitnar mest á nýframkvæmdum vega og brúa. Þar skortir 3182 millj. kr. á að staðið sé við gildandi vegáætlun að raungildi. Mestur er niðurskurðurinn á svonefndum sérverkefnum í vegagerð, ef frá er talin Borgarfjarðarbrú og vegagerð í Önundarfirði. Þessi síðasttöldu verkefni fá 380 millj. kr. hækkun skv. till. frá gildandi vegáætlun í verðbætur eða rúmlega 10%. Önnur sérverkefni eru skorin niður í krónutölu um 16%, en að raungildi um nálægt 45%. Hér er um að ræða Þingvallaveg, veg um Holtavörðuheiði, Héraðsvötn, Víkurskarð og Hvalnesskriður.

Almenn brúargerð er einnig skv. tillögunni skorin verulega niður frá vegáætlun að raungildi eða 40%. Brú á Svarfaðardalsá á Ólafsfjarðarvegi, sem verja átti til 218 millj. króna á verðlagi í ár, er skorin niður og verður sú framkvæmd ekki hafin á þessu ári.

Mikill niðurskurður er á sumarviðhaldi vega og verður það einungis 73% af því sem Vegagerð ríkisins telur þörf á. Enn þá meiri er niðurskurður á vetrarviðhaldi eða snjómokstri. Á upphæð gildandi vegáætlunar skortir 608 millj. kr. til þess að raungildi fjármagns til snjómoksturs skv. vegáætlun haldist. Ljóst er, að næsta haust þarf að vera sérstaklega snjólétt til þess að þetta standist, og útilokað er að rýmka snjómokstursreglur, ef halda á þessari áætlun, þótt það sé nánast mannréttindamál að því er varðar ýmis fjölmenn byggðarlög.

Fjárveitinganefnd ákvað með öllum atkv. að skipting á vegafé milli kjördæma að því er varðar almenn verkefni stofnbrauta og þjóðbrauta skuli vera óbreytt frá því sem ákveðið var við afgreiðslu vegáætlunar fyrir yfirstandandi ár á Alþingi í fyrra. Einnig var samþykkt af meiri hl. nefndarinnar að hækka fjárveitingu til Borgarfjarðarbrúar og vegagerðar í Önundarfirði um 380 millj. kr., en lækka önnur sérverkefni í krónutölu um 180 millj. kr. Minni hluti nefndarinnar telur að hér sé um fráleit vinnubrögð að ræða. Þannig stendur á að þessi verkefni, bygging Borgarfjarðarbrúar og vegagerð í Önundarfirði, eru á því framkvæmdastigi að þeim verður að ljúka í ár. Fjáröflun til þess á þó ekki að bitna á öðrum mikilvægum verkefnum. (Sjá töflu í fskj. I um niðurskurð gildandi vegáætlunar skv. þessari breytingartillögu).

Framlög ríkissjóðs til vegamála 1978—80.

Þegar frá eru taldir markaðir tekjustofnar Vegasjóðs sem renna beint til vegamála (þ. e. a. s. bensíngjald, gúmmígjald og þungaskattur) má skipta framlögum ríkissjóðs til vegaframkvæmda í tvennt:

1) beint framlag ríkissjóðs á fjárlögum og
2) greiðslu afborgana og vaxta af lánum til vegagerðar.


Framlög ríkissjóðs þannig skilgreind hafa lækkað um 2810 millj. kr. skv. útreikningi Vegagerðar ríkisins og fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Á föstu verðlagi (1980) lítur samanburður á þessum framlögum þannig út:

	Beint framlag ríkissj. m. kr.	Afb. og vext. m. kr.	Samtals m. kr.
1978	3050	4928	7978
1979	860	5074	5934
1980	1000	4168	5168

Þennan samanburð má einnig gera þannig að reikna saman bein framlög ríkissjóðs og fjármagnskostnað sem hann greiðir af lánum til vegagerðar. Slíkur samanburður sést á eftirfarandi súluriti.


VEGAGERÐ RÍKISINS

FRAMLAG RÍKISSJÓÐS
(Verðlag 1980)



VEGAGERÐ RÍKISINS

MARKAÐAR TEKJUR
(Verðlag 1980)



Markaðar tekjur hafa hækkað að raungildi um nál. 1900 millj. kr. og verður því **niðurstaðan sú, að fjáröflun til vegamála með skatttekjum hefur minnkað um 900—1000 millj. kr. að raungildi síðan 1978.**

Heildartekjuöflunardæmið lítur þannig út (verðlag 1980):

	Markaðar tekjur m. kr.	Beint framl. ríkissj. m. kr.	Afb. og vextir m. kr.	Samtals m. kr.
1978	12 770	3050	4928	20 748
1979	14 160	860	5074	20 094
1980	14 675	1000	4168	19 843

Markaðar tekjur og framlög ríkissjóðs eru reiknuð af Vegagerð ríkisins, en afborganir og vextir af lánum Vegagerðar af fjárlaga- og hagsýslustofnun, sbr. fskj. III.

Þessi niðurskurður á fjáröflun til vegagerðar af skatttekjum hefur átt sér stað á sama tíma sem skattaálögur ríkissjóðs á bensín hafa aukist að raungildi um 10 milljarða króna skv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar. Ef 50.6% af bensínsköttum gengju nú til vegamála eins og 1978 færi 4050 millj. kr. hærri fjárhæð til vegagerðar af bensínsköttum en till. gerir ráð fyrir.

Lántökur auknar. — Sama framkvæmdamagn.

Nýframkvæmdir vega og brúa eru áætlaðar í þessari tillögu 11 570 millj. kr. Á árunum 1975—78 voru fjárveitingar til þessara framkvæmda að meðaltali 11 190 millj. kr. á verðlagi yfirstandandi árs skv. útreikningum Vegagerðarinnar. Hér er nánast um að ræða sama framkvæmdamagn.

Til þess að ná þessu nánast sama framkvæmdamagni og á árunum 1975—78 er gert ráð fyrir að auka lántökur frá því 1978 um 3500 millj. kr. og frá meðaltali áranna 1975—78 um 2750 millj. kr. Skattgreiðendur þurfa því að borga síðar — þegar lánin verða greidd — fyrir að halda vegaframkvæmdum óbreyttum miðað við fyrri ár til viðbótar öllum þeim álögum sem nú eru á þá lagðar.

Á súluriti hér á eftir má sjá hve „stórt stökk upp á við“ verður í lántökum á þessu ári, þótt magn framkvæmda sé hliðstætt og 1975—1978 og skattálögur stórauknar.

Skattaálögur á bensín.

Eins og að framan greinir hafa heildarskattálögur ríkisins á bensín aukist gífurlega frá árinu 1978 til viðbótar hækkuðu innflutningsverði.

Skv. upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun eru skattar ríkissjóðs af bensíni 1978 og 1980 skv. ríkisreikningi og fjárlagaáætlun eins og hér er sýnt miðað við verðlag 1980:

	1978 m. kr.	1980 m. kr.	Mism. m. kr.
Tollur	4 002	8 400	4 398
Söluskattur	5 660	10 100	4 440
Bensíngjald	9 900	11 000	1 100
	19 562	29 500	9 938


Af þessum sköttum fóru í ríkissjóð tollur og söluskattur, en bensíngjald í Vegasjóð. Hlutfallsleg skipting breyttist þannig:

	1978	1980
Ríkissjóður	49%	63%
Vegasjóður	51%	37%

Hlutfall Vegasjóðs af skattheimtu af bensíni hefur versnað á þessu tímabili um 14%. Ef það væri jafnhátt og 1978 gengju 5150 millj. kr. til vegamála í stað 1100

VEGAGERÐ RÍKISINS

LÖNG LÁN Í VEGÁÆTLUN
(Verðlag 1980)




millj. af hækkun skatta af bensíni á þessu ári. Hundraðshluti skatta af bensíni, sem rennur til vegagerðar, hefur farið snöggminnkandi á vinstristjórnarárinu 1979 — og á yfirstandandi ári ef þessi breytingartillaga við gildandi vegáætlun verður samþykkt. Á árunum 1975—1978 fóru 45—50% af skattálagningu ríkissjóðs til vegamála, en árið 1979 39.7% og 1980 37.3%. Þetta kemur glöggt fram í eftirfarandi tölum: (Ath.: Hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskatti ekki meðtalinn í þessum eða öðrum tölum um skatta af bensíni).

1975	48.4%
1976	44.7%
1977	46.9%
1978	50.6%
1979	39.7%
1980	37.3%

Sjá enn fremur neðangreint súlurit.

VEGAGERÐ RÍKISINS

HLUTFALL VEGASJÓÐS Í BENSÍNSKÖTTUM



Þótt fram komi hér að framan, að markaðir tekjustofnar að meðtöldu bensíngjaldi hækki að raungildi frá árinu 1978, lækka bein framlög ríkissjóðs og greiðslur hans á afborgunum og vöxtum af lánum til vegagerðar meira. Niðurstaðan verður **sú, að engin króna af 10 milljarða hækkun bensínskatta í fyrra og á þessu ári rennur til vegaframkvæmda í landinu.** Þvert á móti yrði um það bil milljarður að raungildi í viðbót við bensínhækkunina tekinn af fjárveitingum til vegamála í eyðslu ríkissjóðs, miðað við framlögin 1978, ef þessi tillaga verður samþykkt.

Þessi hækkun bensínskatta stafar bæði af hækkun söluskatts og hækkun innflutningsverðs vegna olíukreppunnar. Hvergi hefur verið slakað á álagningu tolla og söluskatts og sá vandi, sem hækkun bensínverðs er, hefur verið margfaldaður með skattlagningu.

Verð á bensínlítra, sem nú er 430 kr., sundurliðast þannig:

	kr.	%
Tollur og söluskattur í ríkissjóð	156.14	36.3
Bensíngjald í Vegasjóð	91.36	21.3
Annar kostnaður	182.50	42.4
	430.00	100.0

Söluskatturinn leggst ofan á toll og bensíngjald. Skattur leggst þannig á skatt ofan á verðhækkanir erlendis, t. d. hækkaði bensíngjald um kr. 20.43 um miðjan apríl. Við það hækkaði söluskattur á hvern lítra um kr. 4.80!!

Verkefni í vegagerð — stefna Sjálfstæðisflokksins.

Gífurleg verkefni bíða úrlausnar í vegamálum hér á landi. Mest eru þessi verkefni í gerð vega með bundnu slitlagi og betri vetrarvega. Það er staðreynd, að hér er um að ræða eitt mesta og arðbærasta félagslega átak í opinberum framkvæmdum, sem þjóðin stendur frammi fyrir, og stenst þar ekkert samanburð nema vera kynni orkuframkvæmdir.

Talið er arðbært að leggja bundið slitlag á 2500 km af þjóðvegum landsins, en lokið er við 260 km af því verkefni. Þótt „staðið væri við“ (sbr. stjórnarsáttmálann) vegáætlun 1979—1982 að raungildi hefði þetta verkefni tekið 30—40 ár með þeim framkvæmdahraða sem þar var fyrirhugaður. Þessi breytingartillaga þýðir niðurskurð um 29% frá gildandi vegáætlun í ár á framkvæmdum að því er varðar bundið slitlag.

Svo arðbært er talið að leggja bundið slitlag á vegi með 1000 ársbíla umferð að kostnaður við olíumalarslitlag borgar sig í sparnaði á viðhaldi á 6—7 árum. Bundið slitlag á slíkan veg sparar einnig bíleigendum:

19% í bensíneyðslu,
170% í viðhaldi hjólbarða,
45% í almennu viðhaldi bifreiða.

Að meðaltali er talið 63% meira slit á bifreið á malarvegum en vegum með bundnu slitlagi.

Í ljósi þessara staðreynda lögðu sjálfstæðismenn úr öllum kjördæmum landsins fram tillögu til þingsályktunar árið 1978, sem fól í sér stórhuga áætlun um gerð góðvega á Íslandi. Tillagan fylgir hér með sem fskj. V og skýrir hún sig sjálf, að því er varðar framkvæmdir. Í henni var gert ráð fyrir sérstakri fjáröflun og þar sérstaklega gert ráð fyrir að umframtekjur af sköttum á umferðina frá og með áramótum 1978 skuli allar renna til vegaframkvæmda. Síðan hefur orðið skattahækkun á bensíni um 10 milljarða að raungildi og ekkert af því fjármagni fer til vegagerðar, heldur í eyðslu ríkissjóðs. Gert var ráð fyrir 1000 millj. kr. framlagi úr Byggðasjóði, sem nú væru rúmir 2 milljarðar króna, og útgáfu happdrættisláns, sem nú næmi 4 milljörðum.

Þessi stefnumörkun hefði þýtt stóraukið fjármagn til vegagerðar í ár og á næstu árum. Hún hefði krafist aðhalds á öðrum sviðum í eyðslu ríkissjóðs og framkvæmdum. Þar hefur ríkt þveröfug stefna hjá vinstri stjórninni og núverandi ríkisstjórn — gegndarlaus eyðslustefna í millifærslu og rekstrarútgjöldum ríkissjóðs með þeim afleiðingum m. a. að áfram verður haldið að sóa stórfé í vonlítið viðhald malarvega og slit bifreiða meðan gerð góðvega er frestað.

Afstaða sjálfstæðismanna í fjárveitinganefnd til vegáætlunar fyrir árin 1979—1982.

Þegar vegáætlun var til umfjöllunar í fjárveitinganefnd létu fulltrúar sjálfstæðismanna í nefndinni, þeir Lárus Jónsson, Pálmi Jónsson og Ellert Schram, bóka eftirfarandi um afstöðu sína:

„Sjálfstæðismenn, fulltrúar minni hlutans í fjárveitinganefnd, rita undir þetta nefndarálit með fyrirvara og áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. Þeir vilja taka fram, að vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um stórfelldan niðurskurð á framlögum ríkissjóðs til vegamála á þessu ári mun verða um 15% magnminnkun nýbygginga vega í landinu frá því í fyrra, þrátt fyrir gífurlega auknar skattaálögur á umferðina. Síðari ár vegáætlunarinnar er stefnt í nokkra magnaukningu vegaframkvæmda, án þess að minnsta tilraun sé gerð til þess að ríkisstjórn og Alþingi móti stefnu í fjáröflun til þess á annan hátt en gera ráð fyrir nýjum lántökum.“

Augljóst er að sú breytingartillaga, sem hér er um fjallað við gildandi vegáætlun, gerir ráð fyrir því að ganga miklu lengra í sömu átt. Skattahækkunin á umferðina eykst gífurlega og framkvæmdafé af skatttekjum er verulega skert á sama tíma. Í ljósi þessa og framangreindrar greinargerðar ákváðu undirritaðir að lýsa ábyrgð á hendur þeim þingmönnum, sem standa að slíkri stefnu í ríkisfjármálum og vegamálum, og skilum við því sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 10. maí 1980.

Lárus Jónsson, frsm. Friðrik Sophusson. Guðm. Karlsson.

Fylgiskjal I.

VEGAGERÐ RÍKISINS

Samanburður á vegáætlun 1980 og tillögu að nýrri vegáætlun 1980.
(M. kr.)

	Vegáætlun 1980	Verðbætt vegáætlun '80	Tillaga að vegáætlun	Mismunur	Hlutfall
1. Stjórn og undirbúningur ..	995	1 325	1 206	119	0.91
2.1. Sumarviðhald	5 520	7 120	6 670	450	0.94
2.2. Vetrarviðhald	1 300	2 240	1 632	608	0.73
3.3. Nýjar framkvæmdir	11 284	14 574	11 392	3 182	0.78
5. Fjallvegir	136	176	176		1.00
6. Sýsluvegir	816	870	816	54	0.94
7. Þéttbýlisvegir	1 640	1 835	1 835		1.00
8. Vélakaup og áhaldahús	200	260	175	85	0.67
9. Tilraunir	66	73	73		1.00
Samtals	21 957	28 473	23 975	4 498	0.84

Athugasemdir.

1. **Þegar vegáætlun var til afgreiðslu á s. l. ári, var reiknað með að verðhækkanir milli '78 og '79 yrðu 35% og 25% milli '79 og '80. Verðhækkanir '78 og '79 urðu í reynd 45% og áætlað er, að verðhækkanir milli '79 og '80 verði 50%. Veldur þetta 29% hækkun á verðgrundvelli vegáætlunar 1980.**
2. Nokkrir liðir vegáætlunar eru bundnir lögum og hækka því eftir öðrum forsendum en framkvæmdaliðir. Framlag til þéttbýlisvega og tilrauna eru ákveðinn prósentuhluti af mörkuðum tekjum og framlög til sýsluvegasjóða eru miðuð við kaupgjald næsta ár á undan.
3. Í dálkum 2 og 3 er meðtalinn halli frá 1979, að upphæð 420 m.kr. (Vetrarviðhald 360 m. kr. Stjórn og undirb. 40 m. kr. Nýb. brúa 20 m. kr.).
4. Launaliðir stjórnar og undirbúnings eru á fjárlagaverðlagi og er gert ráð fyrir að verðhækkanir umfram það verði bættar með aukafjárveitingu. Getur þessi upphæð numið um 120 m. kr.

Fylgiskjal II.

VEGAGERÐ RÍKISINS

STOFNBRAUTIR OG ÞJÓÐBRAUTIR

Skipting á kjördæmi skv. tillögu að endurskoðun vegáætlunar.

	Stofnbrautir					
	Almenn verkefni	Bundin slitlög	Sérstök verkefni	Þjóðbrautir	Samtals	Hlutfall
Suðurland	494	260	84	414	1 252	12.2
Reykjanes	456	149	278	110	993	9.7
Vesturland	604	80	2 300	328	3 312	32.4
Vestfirðir	608	55	576[1])	162	1 401	13.7
Norðurland vestra	418	146	168	270	1 002	9.8
Norðurland eystra	620	180	126	218	1 144	11.2
Austurland	684	80	168	198	1 130	11.0
	3 884	950	3 700	1 700	10 234	100.0

[1]) Holtavörðuheiði telst til Vestfjarðakjördæmis.

Fylgiskjal III.

FJÁRLAGA- OG HAGSÝSLUSTOFNUN

Afborgana- og vaxtagreiðslur af lánum ríkissjóðs teknum til vegagerðar (reikningstölur skv. skýrslum um vegaframkvæmdir).

Í milljónum kr.

Ár	Afborganir	Vextir	Samtals	Vegagerðar vísitala	Samtals hækkað um vísit.
1980[1])	1 572.2	2 595.8	4 168.0	218 stig	4 168.0
1979	1 647.7	1 728.7	3 376.4	145 —	5 074.7
1978	858.8	1 402.1	2 260.9	100 —	4 928.8
1977	429.3	877.6	1 306.9	68.6 —	4 153.3
1976	510.7	669.6	1 180.3	49.3 —	5 219.3
1975	212.5	562.6	775.1	38.0 —	4 446.7
1974	205.0	440.0	645.0	22.5 —	6 249.4
1973	83.7	212.3	296.0	14.7 —	4 389.7
1972	50.3	127.4	177.7	12.1 —	3 201.6

[1]) Fjárlagatölur, en tölur fyrir önnur ár eru samkvæmt reikningi.

Fylgiskjal IV.

VEGAGERÐ RÍKISINS

Ýmsar upplýsingar um útgjöld og tekjur til vegamála.
Verðlag 1980. (M. kr.)

	1975	1976	1977	1978	Meðaltal	Vegáætlun 1980	Hlutfall
Nýjar framkvæmdir	12 550	11 520	10 740	9 960	11 190	11 570	1.03
Ríkisframlag	3 610	2 780	3 030	3 240	3 170	1 000	0.32
Fjármagnskostn. ..	3 220	2 950	2 780	3 050	3 000	2 500	0.83
Afb. af lánum	1 220	2 250	1 360	1 870	1 670	1 600	0.96

Tekjur af bensíni.

	1978 verðl. '78	1978 verðl. '80	Hlutfall	1980 áætl.	Hlutfall	Hlutfall frá '78 óbr.		Mism.
Tollur	1 860	4 090	20%	8 400	29%			
Söluskattur[1])	2 660	5 850	29%	10 100	34%			
	4 520	9 940	49%	18 500	63%	14 450	49%	÷ 4 050
Bensíngjald	4 626	10 180	51%	11 000	37%	15 050	51%	+ 4 050
Samtals	9 146	20 120	100%	29 500	100%	29 500		

[1]) Jöfnunarsjóður sveitarfélaga frádreginn.

Fylgiskjal V.

Sþ. 156. Tillaga til þingsályktunar

um varanlega vegagerð.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Ólafur G. Einarsson, Matthías Bjarnason, Lárus Jónsson, Eggert Haukdal, Friðjón Þórðarson, Eyjólfur K. Jónsson, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar að fella að nýrri vegáætlun sérstaka 15 ára áætlun um lagningu hringvegar og vega til allra þéttbýlisstaða í landinu með bundnu slitlagi.

Framkvæmdum skal hagað þannig:

1. 1979—1984:
   a) Þjórsá—Vík í Mýrdal.
   b) Kjalarnes—Akureyri—Húsavík.
   c) Egilsstaðir—Eskifjörður—Fáskrúðsfjörður.
   d) Höfn í Hornafirði—Flugvöllur.
   e) Ísafjörður—Bolungarvík og Ísafjörður—Súðavík.
   f) Tenging við Akranes, Hvammstanga Sauðárkrók, Dalvík, Þorlákshöfn, Eyrarbakka, Stokkseyri.
   g) Ólafsvík—Hellissandur.
2. 1984—1989:
   a) Borgarnes—Stykkishólmur—Búðardalur að Þorskafjarðarheiði.
   b) Patreksfjörður—Tálknafjörður—Bíldudalur.
   c) Ísafjörður—Flateyri—Þingeyri.
   d) Blönduós—Skagaströnd.
   e) Sauðárkrókur—Siglufjörður.
   f) Aðaldalur—Reynihlíð.
   g) Egilsstaðir—Jökulsá á Dal.
   h) Fáskrúðsfjörður—Höfn í Hornafirði.
   i) Biskupstungnavegur að Laugarvatni.
   j) Skeiðavegur að Þjórsárdalsvegi.
3. 1989—1994:

Lokið hringvegi og allir þéttbýlisstaðir tengdir og auk þess byggðir upp fjölförnustu dreifbýlisvegir eftir því sem fjármagn hrekkur til.

Framkvæmdir verði fjármagnaðar þannig:

1. Með happdrættisláni 2 000 millj. kr. á ári.
2. Með framlagi Byggðasjóðs 1 000 millj. kr. á ári.
3. Með umframtekjum af sérsköttum umferðarinnar frá og með næstu áramótum, þó eigi lægri fjárhæð en 2 000 millj. kr. á ári.

Allar framangreindar fjárhæðir haldi raungildi sínu ár frá ári.

Sérstaklega verði athugað að stytta framkvæmdatímabil úr 15 árum í 10 ef þess er kostur.

Tekin verði erlend lán til framkvæmdanna þegar og ef þess er þörf í samræmi við lánsfjáráætlun hverju sinni, og einnig til eftirtalinna verkefna:

1. Garður og brú yfir Botnsvog.
2. Lúkning Borgarfjarðarbrúar.
3. Göng í gegnum Breiðadalsheiði.

4. Vegsvalir á hættustöðum Óshlíðar og Ólafsfjarðarmúla.
5. Garður og brýr yfir Leirur í Eyjafirði.
6. Reykjanesbraut (Reykjavík—Kópavogur—Garðabær—Hafnarfjörður).
7. Brú á Ölfusárós.

Með fjármagni á vegáætlun hverju sinni skal leggja sérstaka áherslu á byggingu vega upp úr snjó, og enn fremur hið fyrsta byggingu eftirtalinna snjóþungra og lélegra vegakafla, þótt síðar á framkvæmdatímabili yrðu lagðir bundnu slitlagi:

a) Stykkishólmur—Grundarfjörður—Ólafsvík.
b) Djúpvegur og tenging Inn-Djúps við A.-Barð.
c) Vesturlandsvegur (efri hluti Norðurárdals).
d) Holtavörðuheiði.
e) Hrútafjarðarháls.
f) Víkurskarð.
g) Melrakkaslétta.
h) Hvalnesskriður.

Nd. 486. Nefndarálit [31. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 63 frá 29. mars 1961, sbr. lög nr. 71 frá 28. apríl 1962.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og er sammála um að mæla með samþykkt þess með áorðnum breytingum.

Friðjón Þórðarson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 12. maí 1980.

Árni Gunnarsson, form., frsm.	Skúli Alexandersson, fundaskr.	Stefán Valgeirsson.
Halldór Blöndal.	Steinþór Gestsson.	Alexander Stefánsson.

Nd. 487. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til laga um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu er gerð var í Ed.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi, 12. maí 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Karvel Pálmason.
Guðm. J. Guðmundsson.	Sverrir Hermannsson.	

Nd. 488. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar um nokkurt skeið. Nefndin hefur notið aðstoðar starfsmanna ríkisskattstjóra o. fl. við það starf.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum er fram koma á þskj. 489.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi, 12. maí 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Karvel Pálmason.

Guðm. J. Guðmundsson.

Nd. 489. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „I. kafla laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt“ komi: I. kafla laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.
2. 7. gr. orðist svo:
   Ákvæði VIII.—XIV. kafla laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.
3. 8. gr. orðist svo:
   Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1980 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1981. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 40/1978, með síðari breytingum, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.
4. Á eftir 10. gr. komi nýtt ákvæði er verði ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:
   Við ákvörðun tekjuskatts og útsvars á árinu 1980 er heimilt að draga frá tekjum ársins 1979 sem rekstrarútgjöld skatt þann er lagður var á samkvæmt lögum nr. 112/1978, um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Nd. 490. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og leggur til að það verði samþykkt.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi, 12. maí 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Karvel Pálmason.
Guðm. J. Guðmundsson. Sverrir Hermannsson.

Nd. 491. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Á fund nefndarinnar komu Hallgrímur Dalberg, formaður stjórnar Bjargráðasjóðs, og Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins.
Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu er fram kemur á þskj. 441.
Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Albert Guðmundsson og Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi, 12. maí 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Karvel Pálmason.
Guðm. J. Guðmundsson. Sverrir Hermannsson.

Ed. 492. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta.

Frá Karli Steinari Guðnasyni og Salome Þorkelsdóttur.

Á eftir 1. gr. komi ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:
Við a-lið 25. gr. laganna bætist:
Til viðbótar framlagi skv. 1. málslið skal ríkissjóður leggja sjóðnum til a. m. k. 225 millj. króna, í fyrsta sinn á árinu 1981. Skal sú fjárhæð hækka í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar miðað við árið 1980 að grunni.

Nd. 493. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Hér er á ferðinni einn af sérsköttum 2. vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar. Sjálfstæðisflokkurinn lýsti því yfir í síðustu kosningabaráttu, að hann mundi beita sér fyrir afnámi þeirra skatta.

Afstaða hans er óbreytt. Fyrir því leggur undirritaður til að frv. verði fellt.

Alþingi, 12. maí 1980.

Sverrir Hermannsson.

Sþ. 494. Þingsályktun [153. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda Evrópusamning um varnir gegn hryðjuverkum.

(Afgreidd frá Sþ. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 326.

Sþ. 495. Þingsályktun [156. mál]

um staðfestingu á samkomulagi um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna.

(Afgreidd frá Sþ. 12. maí.)

Samhljóða þskj. 332.

Nd. 496. Breytingartillaga [94. mál]

við brtt. á þskj. 468 [Sjómannalög].

Frá Steinþóri Gestssyni.

Við 3. málsgr.

Í stað orðanna „þó ekki lengur en í tvo mánuði“ komi: þó ekki lengur en í einn mánuð, nema um lengri tíma hafi verið samið milli aðila.

Sþ. 497. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]

um starfrækslu strandstöðvar til fjarskiptaþjónustu á Gufuskálum á Snæfellsnesi.

Flm.: Skúli Alexandersson, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að Landssími Íslands komi upp og starfræki strandstöð á Gufuskálum eða á öðrum stað á Snæfellsnesi, sem tryggi alhliða fjarskiptaþjónustu fyrir hafsvæðið frá sunnanverðum Vestfjörðum um djúpmið Breiðafjarðar suður fyrir Snæfellsnes.

Greinargerð.

Fjarskiptasamband skipa á milli og frá þeim til strandstöðva er einn aðalþátturinn við það að gæta öryggis sæfarenda. Jafnframt er með fjarskiptunum haldið uppi sambandi milli ættingja og vina, útgerðar- og viðskiptamanna í landi frá þeim sem á sjónum eru.

Grunnurinn undir þessari starfsemi og um leið sá þátturinn, sem öryggisþjónustan byggir mest á, eru strandstöðvar Landssíma Íslands.

Strandstöðvarnar eru ekki enn það vel búnar að þjónusta þeirra nái til alls hafsvæðisins umhverfis landið. Sérstaklega á þetta við um VHF eða metrabylgjukerfið, en sífellt fleiri skip hafa tekið upp viðskipti á metrabylgju í stað millibylgju. Í 7. gr. laga um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40 frá 1977, 2. málsgr., segir: „Landssíminn skal einnig sjá um, að skipum á þeim hafsvæðum hér við land, sem búa við mjög slæm móttökuskilyrði, verði bætt aðstaðan með uppsetningu nýrra strandstöðva.“

Svæðið frá sunnanverðum Vestfjörðum um djúpmið Breiðafjarðar suður fyrir Snæfellsnes fellur undir þær aðstæður sem nefndar eru í þessari lagagrein. Móttökuskilyrðin á svæðinu eru það vond að hin lögbundna tilkynningarskylda fiskiskipa hefur meira og minna fallið niður. Loðnunefnd hefur einnig gengið illa að hafa samband við sín viðskipta- og veiðiskip á þessu svæði. Uppsetning og rekstur strandstöðvar Landssímans fyrir þetta svæði er því öryggismál sem eðlis málsins vegna þarf ekki að fjölyrða um.

Á Gufuskálum á Snæfellsnesi hefur Landssími Íslands yfir að ráða aðstöðu, sem gerir auðvelt að koma upp slíkri strandstöð nú þegar. Þar er fyrir hendi íbúðarhúsnæði fyrir starfsmenn, og aðrar aðstæður ættu að gera auðvelt að starfrækja þar strandstöð, m. a. rafmagnsframleiðsla með vélum sem tryggir starfsemi óháða rafmagni fluttu eftir óöruggum flutningslínum.

Nú munu vera til athugunar hugmyndir um það að leggja niður vakt við sumar af strandstöðvum Landssímans og fjarstýra þeim frá Gufunesi. Slíkar hugmyndir eru að mati flutningsmanna þessarar tillögu rangar — miklu frekar er þörf á fleiri strandstöðvum en að dregið sé úr starfsemi þeirra sem fyrir eru. Á það skal bent, að eftir að strandstöð væri tekin til starfa á Gufuskálum og öruggt metrabylgjusamband komið á frá Vestfjörðum suður fyrir Snæfellsnes eru enn eftir stór svæði við landið sem ekki hafa slíkt samband frá strandstöðvum. Þar er um að ræða Húnaflóa og Skagafjörð og hafsvæði þar út af, Héraðsflóa, suðurfirði Austfjarða, þ. e. svæðið milli Nes- og Hornafjarðarradíós, sem þessar strandstöðvar ná ekki að þjóna. Því takmarki verður að ná mjög skjótt, að öllum þessum svæðum verði veitt fullnægjandi þjónusta frá strandstöð Landssíma Íslands.

Sþ. 498. Fyrirspurn [198. mál]

til félagsmálaráðherra um starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni og Stefáni Valgeirssyni.

Svar óskast skriflega.

1. Nú þegar Brunamálastofnun hefur starfað í 10 ár, að hve miklu leyti hafa lögin frá 1969, um brunavarnir og brunamál, í raun komið til framkvæmda, með hliðsjón af umfangi þeirra verkefna sem stofnunin skal sinna skv. lögum?
2. Hverjar voru tekjur stofnunarinnar á síðasta ári, og hverjir eru tekjustofnar Brunamálastofnunar ríkisins?
3. Hvaða aðstöðu og mannafla hefur brunamálastjóri sér til aðstoðar á stofnuninni til að framfylgja verkefnum Brunamálastofnunarinnar?

4. Hversu víðtæk og umfangsmikil eru verkefni og starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins, ef sinnt væri til fullnustu og í samræmi við gildandi „lög um brunavarnir og brunamál“ frá 1969, „reglugerð um brunavarnir og brunamál“ frá 1979 og ákvæði um brunamál í „byggingarreglugerð“ frá 1979?
Eftirtalin verkefni Brunamálastofnunar óskast skilgreind sérstaklega og metin í mannárum í svari ráðherra:

4.1. Rannsóknir og öflun þekkingar um brunavarnir og brunamál, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

4.2. Dreifing upplýsinga og tæknilegra gagna um brunavarnir og brunamál, samskipti og aðstoð við yfirvöld byggingarmála og brunamála í sveitarfélögum, námskeiðahald og æfingar slökkviliða og námskeið fyrir byggingarfulltrúa og iðnmeistara.

4.3. Rannsóknir á eldsvoðum, skýrslugerð til almennrar birtingar um orsakir eldsvoða, aðstoð við lögregluyfirvöld vegna brunarannsókna o. fl.

4.4. Ráðgjöf til hönnuða, þ. e. arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga, á frumstigi hönnunar, sömuleiðis við skipulagshönnuði og skipulagsyfirvöld.

4.5. Að yfirfara og samþykkja teikningar og brunatæknilega hönnun frá byggingaryfirvöldum og hönnuðum. Aðstoða byggingareftirlit sveitarfélaga.

4.6. Umsjón með olíu- og bensínbirgðastöðvum, hvað varðar skipulag og staðsetningu, byggingu, frágang og sömuleiðis yfirumsjón með eftirliti á vegum sveitarfélaga.

4.7. Yfirumsjón með eftirliti á framleiðslufyrirtækjum, skemmtistöðum, hótelum, kirkjum, stórverslunum, vöruhúsum, flugvöllum og öðrum húsum og mannvirkjum, þar sem áhætta er mikil vegna manntjóns og eignatjóns í hugsanlegum eldsvoða.

4.8. Yfirumsjón og bein aðild að brunavarnaeftirliti á byggingum, þjálfun starfsfólks og kynningarstarfsemi um brunavarnir í skólum, sjúkrahúsum, elliheimilum, heilsuhælum og barnaheimilum.

4.9. Opinbert eftirlit með framleiðslu og innflutningi með tilliti til eldvarna, t. d. á verksmiðjuframleiddum húsum og byggingarhlutum, byggingarefnum og ýmsum búnaði til eldvarna og slökkvistarfa, sem stofnunin skal yfirfara, skrásetja og samþykkja hverju sinni.

4.10. Samskipti við almenning í landinu og félög áhugamanna um brunamál, skólayfirvöld og stjórnendur fræðslumála. Einnig samskipti við fjölmiðla og ýmsar stofnanir og aðila, sem starfa að ýmsum þáttum öryggismála, svo sem við slysavarnir, almannavarnir, löggæslu og heilbrigðiseftirlit.

4.11. Gerð og útgáfa reglugerða og leiðbeiningar um brunavarnir og brunamál og að sjá um að stöðugt sé unnið að þeim málum í sem fyllstu samræmi við nýjustu þróun og þekkingu á brunamálum.

Sþ. 499. Fyrirspurn [199. mál]

til iðnaðarráðherra um aðgerðir vegna bilana á rafmagnslínum til Grundarfjarðar og Hellissands.

Frá Skúla Alexanderssyni.

Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir tjón og hættuástand vegna bilana á rafmagnsflutningslínum til Grundarfjarðar og Hellissands?

a) Er von endurbóta á flutningslínum?
b) Er fyrirhugað að setja upp vararafstöðvar á þessum stöðum?

Ed. 500. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 9 13. febr. 1970, um Iðnþróunarsjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt.

Alþingi, 13. maí 1980.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.
Stefán Jónsson, fundaskr.
Davíð Aðalsteinsson.
Egill Jónsson.
Stefán Guðmundsson.

Ed. 501. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og mælir með því að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja eða flytja breytingartillögur.

Alþingi, 13. maí 1980.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., frsm.
Stefán Jónsson, fundaskr.
Davíð Aðalsteinsson.
Egill Jónsson.
Stefán Guðmundsson.

Ed. 502. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til laga um Iðnrekstrarsjóð.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Agli Jónssyni.

Við 2. mgr. 3. gr. Í stað „Sambands íslenskra samvinnufélaga“ komi: Vinnumálasambands samvinnufélaganna.

Sþ. 503. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að staðfesta samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál.

Frá utanríkisráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál sem gert var í Osló hinn 10. maí 1980. Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Greinargerð.

Samkomulag það sem hér er lagt fram er árangur viðræðna fulltrúa Íslands og Noregs um lausn ágreinings varðandi Jan Mayen svæðið, einkum í sambandi við fiskveiði- og landgrunnsréttindi á svæðinu.

Málið á sér nokkurn aðdraganda, en eftir að Norðmenn hófu loðnuveiðar á þessum slóðum árið 1978 varð brýnt að leita samkomulags til þess að tryggja að íslenski loðnustofninn yrði ekki ofnýttur. Fyrstu formlegu viðræðurnar fóru fram í Reykjavík dagana 29. og 30. júní 1979. Var þá einkum rætt um sumarveiðar á loðnu, án þess að fullt samkomulag næðist.

Viðræðurnar hófust að nýju í Reykjavík dagana 14. og 15. apríl s. l. og héldu áfram í Osló dagana 8. til 10. þ. m. Í lok þeirra var gengið frá samkomulagi þessu, án þess að það væri undirritað. Var ákveðið að leggja samkomulagið fyrir hlutaðeigandi aðila í hvoru landi til samþykktar eða synjunar.

Um ákvæði samkomulagsins, sem varða bæði fiskveiði- og landgrunnsmál, vísast til heildartexta þess sem birtur er sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari. Gerð verður og nánari grein fyrir efni samkomulagsins í framsögu.

Í bréfi Frydenlund utanríkisráðherra Noregs til utanríkisráðherra mun því verða lýst yfir að ekki komi til norskrar efnahagslögsögu á Jan Mayen svæðinu fyrr en eftir árslok 1980.

Fylgiskjal.

SAMKOMULAG
milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál.

Ríkisstjórn Íslands og ríkisstjórn Noregs,

sem viðurkenna nauðsyn á raunhæfum ráðstöfunum til verndunar, skynsamlegrar nýtingar og endurnýjunar lifandi auðæfa hafsins og ennfremur nauðsyn skynsamlegrar nýtingar auðlinda landgrunnsins,

sem viðurkenna að samkvæmt þjóðarétti bera löndin tvö sem strandríki höfuðábyrgð á raunhæfri verndun og skynsamlegri nýtingu þessara auðlinda,

sem viðurkenna mikilvægi samræmds, náins og vinsamlegs samstarfs milli landanna tveggja til að tryggja að þessum markmiðum verði náð og viðurkenna einnig nauðsyn á skipulögðu samstarfi við önnur lönd sem hlut eiga að máli til þess að ná þessum markmiðum,

sem viðurkenna hversu mjög efnahagur Íslands er háður fiskveiðum, sbr. 71. gr. texta hafréttarráðstefnunnar,

OVERENSKOMST
mellom Island og Norge vedrørende fiskeri- og kontinentalsokkelspørsmål

Regjeringene i Island og Norge,

som erkjenner behovet for å gjennomføre effektive tiltak for bevaring, rasjonell utnyttelse og reproduksjon av de levende ressurser i havet, og videre for rasjonell utnyttelse av naturressursene på og i kontinentalsokkelen,

som erkjenner at det i henhold til folkeretten er de to land som kyststater som bærer hovedansvaret for effektiv bevaring og rasjonell utnyttelse av disse naturressurser,

som erkjenner betydningen av et koordinert, nært og vennskapelig samarbeide mellom de to land for å sikre disse mål og som likeledes erkjenner nødvendigheten av koordinert samarbeide med andre berørte land for å sikre disse mål,

som erkjenner Islands sterke økonomiske avhengighet av fiskeriene, jfr. havrettskonferansens artikkel 71,

sem hafa í huga að Ísland hefur sett 200 mílna efnahagslögsögu og að Noregur mun á næstunni ákveða fiskveiðilögsögu við Jan Mayen,

sem viðurkenna hinar sérstöku aðstæður sem mikilvægar eru við afmörkun svæða landanna tveggja á þeim hafsvæðum, sem hér um ræðir, bæði að því er varðar fiskveiðar og landgrunn,

sem láta í ljós áhyggjur sínar vegna hættu á ofveiði, sem sérstaklega steðjar að loðnustofninum,

sem hafa í huga þau störf sem unnin eru á 3. hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og enn er ólokið,

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar skulu hafa samstarf um framkvæmdaratriði á sviði fiskveiða og skal sérstök áhersla lögð á ráðstafanir vegna verndunar, skynsamlegrar nýtingar og eðilegrar endurnýjunar stofna sem ganga um hafsvæðin milli Íslands og Jan Mayen.

Aðilar skulu skiptast á upplýsingum um aflatölur og fiskveiðiráðstafanir landanna, samræma hafrannsóknir og skiptast á upplýsingum um þróun fiskveiða.

2. gr.

Aðilar skulu setja á fót fiskveiðinefnd. Hvor aðili skal tilnefna einn fulltrúa og einn varafulltrúa í nefndina. Fulltrúar mega leita aðstoðar ráðgjafa og sérfræðinga.

Nefndin skal koma saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári og skulu fundir haldnir á víxl í löndunum tveimur. Ennfremur skal nefndin koma saman eins oft og nauðsynlegt þykir.

Aðilar skulu setja á fót starfshóp fiskifræðinga í tengslum við nefndina. Starfshópurinn skal aðstoða nefndina með því að veita henni vísindaleg ráð varðandi starfsemi hennar.

3. gr.

Nefndin skal fjalla um málefni sem upp koma varðandi framkvæmd á stjórnun fiskveiða. Skal hún leggja tillögur fyr-

som tar i betraktning at Island har opprettet en økonomisk sone på 200 nautiske mil, og at Norge vil iverksette en fiskerisone ved Jan Mayen i nær fremtid,

som erkjenner de særlige omstendigheter av betydning for den innbyrdes opptrekking av delelinjen mellom de to land i de berørte havområder for fiskeriformål såvel som for kontinentalsokkelformål,

som uttrykker sin bekymring over den fare for overbeskatning som truer særlig loddebestanden,

som er oppmerksomme på det arbeide som udføres på De Forente Nasjoners tredje konferanse om havets folkerett, et arbeide som ennå ikke er avsluttet,

er blitt enige om følgende:

Artikkel 1

Partene skal samarbeide om praktiske spørsmål innen fiskerinæringen med særlig vekt på tiltak til bevaring, rasjonell utnyttelse og forsvarlig reproduksjon av de bestander som vandrer i havområdene mellom Island og Jan Mayen.

Partene skal utveksle opplysninger om fangststatistikk og nasjonale fiskeritiltak, koordinere vitenskapelig forskning og utveksle erfaringer når det gjelder utvikling av fiskeriene.

Artikkel 2

Det opprettes en fiskerikommisjon. De to parter vil hver oppnevne en representant og en stedfortredende representant til denne kommisjon. Representantene kan bistås av rådgivere og eksperter.

Kommisjonen skal møtes minst en gang hvert år, vekselvis i hvert av de to land. For øvrig skal kommisjonen møtes så ofte som det måtte vise seg nødvendig.

I tillegg til kommisjonen opprettes en arbeidsgruppe av havforskere fra de to parter. Gruppen skal bistå kommisjonen med vitenskapelige råd i forbindelse med dens arbeid.

Artikkel 3

Kommisjonen skal ha konsultasjoner om de spørsmål som reiser seg i forbindelse med gjennomføringen av reguler-

ir aðilana og veita þeim ráð um fiskveiðar á flökkustofnum á svæðinu með tilliti til leyfilegs heildarafla slíkra stofna og skiptingar heildaraflans, svo og ræða og samræma aðrar verndarráðstafanir. Samhljóða tillögur nefndarinnar verða bindandi eftir tvo mánuði enda hafi hvorug ríkisstjórnanna mótmælt þeim.

Aðilar mega fela nefndinni að fjalla um hvers kyns önnur málefni varðandi fiskveiðarnar.

4. gr.

Þar sem loðnustofninn gengur um svæði beggja aðila, skulu þeir reyna að ná samkomulagi um ákvörðun leyfilegs hámarksafla. Ef samkomulag næst ekki, getur Ísland, sem sá aðili, sem mestra hagsmuna hefur að gæta varðandi loðnustofninn, ákveðið leyfilegan hámarksafla.

Ef í ljós kemur að leyfilegum hámarksafla loðnu á veiðitímabilinu hefur verið breytt með tilliti til þess veiðimagns, sem hlutdeild Noregs í aflanum var byggð á, skal sú hlutdeild breytast til samræmis við það á sama eða næsta veiðitímabili.

Ef ákvörðunin á heildaraflamagninu er talin bersýnilega ósanngjörn getur Noregur lýst sig óbundinn af henni.

5. gr.

Hlutdeild Noregs í heildarafla loðnu á Jan Mayen svæðinu skal fjögur fyrstu árin, þ. á m. árið 1980, vera 15%.

Skipting loðnukvóta milli Noregs og Íslands má taka til endurskoðunar í fiskveiðinefndinni í síðasta lagi í lok 4ja ára tímabilsins í ljósi þeirrar þróunar, sem átt hefur sér stað á veiðisvæðinu, og á grundvelli þeirra vísindalegu niðurstaðna, sem fyrir hendi kunna að vera um dreifingu loðnunnar um hin ýmsu svæði. Náist ekki samkomulag, skulu ríkisstjórnir beggja landanna fjalla um stöðuna, með það markmið fyrir augum að ná fram lausn sem gætir þeirra sjónarmiða, sem báðir aðilar hafa lagt til grundvallar við gerð samkomulags þessa.

inger av fisket. Den skal fremsette forslag og anbefalinger til de to regjeringer vedrørende fiske på vandrende bestander i området, herunder anbefalinger m. h. t. totalkvoter for slike bestander og fordelingen av disse totalkvotene, samt drøfte og samordne andre bevaringstiltak. Enstemmige anbefalinger fra kommisjonen blir bindende etter to måneder dersom ingen av partenes regjeringer har gjort innvendinger.

Partene kan pålegge kommisjonen å behandle og utrede andre forefallende spørsmål.

Artikkel 4

I og med at loddebestanden er en bestand som vandrer i begge parters soner, skal partene søke å bli enige om fastsettelsen av de største tillatte totalfangster for lodde. Hvis enighet ikke oppnås, kan Island, som den av partene som har størst interesse i loddebestanden, fastsette den totalt tillatte fangst.

Hvis det viser seg at den totalt tillatte fangst av lodde for sesongen blir endret i forhold til det fangstkvantum som dannet grunnlaget for den norske kvoten, skal Norges kvote justeres tilsvarende i samme eller etterfølgende fiskesesong.

Norge kan anse seg ubundet av totalkvoten hvis fastsettelsen anses som klart urimelig.

Artikkel 5

Norges andel av totalkvoten for lodde i sonen ved Jan Mayen settes for de første fire år, inklusive 1980, til 15%.

Fordelingen av loddekvoten mellom Norge og Island skal kunne tas opp til revisjon i fiskerikommisjonen senest ved fire-års periodens utløp i lys av den utvikling som har funnet sted på fiskets område og på grunnlag av eventuelle forskningsresultater om loddens fordeling på de ulike soner. Hvis enighet ikke oppnås, skal de to lands regjeringer drøfte situasjonen med sikte på å nå en løsning som ivaretar de hensyn som de to parter har lagt til grunn ved utformingen av denne overenskomst.

6. gr.

Af þeim hluta leyfilegs aflahámarks, sem fellur í hlut Íslands samkvæmt 5. gr., er íslenskum fiskimönnum veitt heimild til að veiða á Jan Mayen svæðinu samsvarandi magn loðnu og fellur í hlut Noregs af leyfilegum hámarksafla samkvæmt 5. gr.

Að því er tekur til annarra flökkustofna skal tekið sanngjarnt tillit til þess hve Ísland er almennt háð fiskveiðum, svo og fiskveiðihagsmuna Íslands á Jan Mayen svæðinu. Af þeim aflahlut, sem Íslandi er veittur með samningagerð við Noreg og önnur lönd, mega Íslendingar veiða sanngjarnan hluta á Jan Mayen svæðinu. Aflamagn Íslands á Jan Mayen svæðinu er tekið til umfjöllunar á hinum árlegu fundum fiskveiðinefndarinnar.

7. gr.

Hvor aðili um sig má úthluta til þriðja lands rétti til að veiða þann hámarksafla, sem vísað er til í 5. gr. Slíkar veiðar má aðeins leyfa innan lögsögu viðkomandi aðila.

8. gr.

Aðilar viðurkenna að nauðsynlegt kunni að vera vegna raunhæfrar verndunar og skynsamlegrar nýtingar flökkustofna að ráðgast við önnur lönd og samræma fiskveiðiráðstafanir hlutaðeigandi landa, þ. á m. ákvörðun leyfilegs hámarksafla og skiptingu hans í samræmi við 63. gr. texta hafréttarráðstefnunnar og ákvæði samkomulags þessa.

9. gr.

Fjallað verður um afmörkun landgrunnsins á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen í framhaldsviðræðum.

Í þessu skyni eru aðilar ásáttir um að skipa svo fljótt sem verða má sáttanefnd þriggja manna og skal hvor aðili tilnefna mann, sem er ríkisborgari þess lands. Formaður nefndarinnar er tilnefndur með samkomulagi aðilanna.

Hlutverk nefndarinnar skal vera að gera tillögur um skiptingu landgrunnssvæðisins milli Íslands og Jan Mayen. Við gerð slíkra tillagna skal nefndin hafa hliðsjón af hinum miklu efnahags-

Artikkel 6

Av den del av totalkvoten som tilfaller Island i henhold til artikkel 5, gis islandske fiskere adgang til å fiske i sonen ved Jan Mayen et kvantum lodde som svarer til den del av totalkvoten som tilfaller Norge i henhold til artikkel 5.

Når det gjelder andre vandrende bestander, skal det tas rimelig hensyn til Islands avhengighet av fisket i sin alminnelighet og Islands interesser av fisket i Jan Mayen-sonen. Av den andel som Island blir tildelt i forhandlinger med Norge og andre land, kan Island fiske en rimelig del i sonen ved Jan Mayen. Islands kvantum i sonen ved Jan Mayen drøftes i de årlige konsultasjoner i fiskerikommisjonen.

Artikkel 7

Hver av partene kan overdra til tredjeland retten til å fiske av de kvoter som de tildeles etter artikkel 5. Slikt tredjelandsfiske kan bare finne sted i vedkommende parts egen sone.

Artikkel 8

Partene erkjenner at effektiv bevaring og rasjonell utnyttelse av vandrebestander kan nødvendiggjøre konsultasjoner og koordinering av fiskeritiltak med andre land, herunder fastsettelse av største tillatte totalfangst og fordeling av denne, i henhold til prinsippene i artikkel 63 i havrettskonferansens tekst og bestemmelsene i denne overenskomst.

Artikkel 9

Spørsmålet om delelinjen for sokkelen i området mellom Island og Jan Mayen vil bli gjenstand for fortsatte forhandlinger.

I dette øyemed er partene blitt enige om snarest mulig å oppnevne en forlikskommisjon på tre medlemmer hvorav hver av partene oppnevner et nasjonalt medlem. Kommisjonens formann skal oppnevnes av partene i fellesskap.

Kommisjonen skal ha som mandat å fremsette anbefalinger om delelinjen for sokkelområdet mellom Island og Jan Mayen. Under utarbeidelse av slike anbefalinger skal kommisjonen ta hensyn

legu hagsmunum Íslands á þessum hafsvæðum, svo og landfræðilegum, jarðfræðilegum og öðrum sérstökum aðstæðum.

Nefndin setur sér sjálf starfsreglur. Samhljóða tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir ríkisstjórnirnar svo fljótt sem verða má. Aðilar miða við að tillögurnar verði lagðar fram innan fimm mánaða frá skipun nefndarinnar.

Tillögur þessar eru án skuldbindingar fyrir aðilana, en þeir munu taka sanngjarnt tillit til þeirra í frekari málsmeðferð.

10. gr.

Þegar um er að ræða starfsemi á landgrunnssvæðunum milli Íslands og Jan Mayen að því er varðar rannsóknir eða vinnslu auðlinda á landgrunninu eða í því, skuldbinda aðilarnir sig til að hafa náin samráð og náið samstarf um setningu og framkvæmd nauðsynlegra öryggisreglna til þess að koma í veg fyrir mengun, sem gæti stofnað lifandi auðlindum á þessum hafsvæðum í hættu eða haft önnur skaðleg áhrif á umhverfi sjávar.

Hvor aðili um sig skuldbindur sig til þess að leggja fyrir hinn fastmótaðar áætlanir um slíka starfsemi varðandi rannsóknir eða vinnslu landgrunnsauðlinda með hæfilegum fyrirvara áður en slík starfsemi hefst.

11. gr.

Samkomulag þetta öðlast ekki gildi fyrr en aðilar hafa skipst á orðsendingum um að nauðsynlegum stjórnskipunarákvæðum hafi verið fullnægt.

til Islands sterke næringsmessige interesser i disse havområder, de foreliggende geografiske og geologiske forhold og andre spesielle omstendigheter.

Kommisjonen fastsetter sin egen forretningsorden. Kommisjonens enstemmige anbefalinger skal forelegges de to regjeringer snarest mulig. Partene tar sikte på at anbefalingene skal forelegges innen fem måneder etter oppnevnelsen av kommisjonen.

Disse anbefalinger er ikke bindende for partene; men partene vil under sine videre forhandlinger ta rimelig hensyn til dem.

Artikkel 10

I tilfelle av virksomhet på sokkelområdene mellom Island og Jan Mayen vedrørende undersøkelse etter eller utvinning av naturressursene på eller i sokkelen, forplikter de to parter seg til nære gjensidige konsultasjoner og et nært samarbeide om fastsettelse og håndhevelse av de nødvendige sikkerhetsbestemmelser for å forhindre enhver forurensning som kan sette de levende ressurser i disse havområder i fare eller for øvrig ha skadevirkninger for det marine miljø.

Partene forplikter seg til å forelegge for hverandre konkrete planer for slik virksomhet vedrørende undersøkelse etter eller utvinning av sokkelressursene i god tid før slik virksomhet tar til.

Artikkel 11

Denne overenskomst skal ikke bli bindende før partene ved noteveksling har meddelt hverandre at de konstitusjonelle skritt som er nødvendige er foretatt.

Nd. 504. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta á fjórum fundum. Með hliðsjón af þeirri gagnrýni, er kom fram við frumvarpið við 1. umræðu í Nd., kallaði nefndin á sinn fund eftirtalda aðila: Hallgrím Dalberg ráðuneytisstjóra, formann nefndarinnar er samdi frumvarpið, Ingimar Sigurðsson úr heilbrigðisráðuneyti, sem hefur

unnið að frumvarpsgerð um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, Þóri Hilmarsson brunamálastjóra, Magnús E. Guðjónsson framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga og Hákon Sigurgrímsson frá Stéttarsambandi bænda, og kynnti nefndin sér viðhorf þessara aðila.

Nefndin er sammála um að þær breytingar, er gerðar eru á frumvarpinu í Ed., hafi verið til bóta. Ráðgert er að afgreiða frumvarpið sem lög fyrir þinglok og tími er því naumur til að bera fram breytingartillögur.

Þrátt fyrir þau ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu, þar sem gert er ráð fyrir að endurskoðun laganna skuli fara fram eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra, telur nefndin nauðsyn bera til, vegna ágreinings um túlkun ýmissa ákvæða í frumvarpinu svo og margra óljósra atriða, að stjórnvöld láti í sumar gera úttekt á gildissviði og framkvæmd laganna, að því er varðar ýmsar stofnanir, ný lagafrumvörp og eldri lög, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að falli undir hin nýju lög að einhverju eða öllu leyti. Jafnframt verði lögð fram áætlun um rekstrarkostnað Vinnueftirlits og sparnað sem sameining stofnana leiðir til.

Nauðsynlegt er að þessi úttekt liggi fyrir áður en Alþingi kemur saman á ný næsta haust, svo að Alþingi geti gert viðeigandi lagabreytingar, ef ástæða þykir til, áður en lögin taka gildi 1. janúar 1981.

Nefndin varð sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það liggur fyrir, enda liggi fyrir að ríkisstjórnin fallist á álit nefndarinnar skv. framansögðu.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja sérstökum breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 13. maí 1980.

Alexander Stefánsson, form., frsm.	Friðrik Sophusson, fundaskr.	Jóhanna Sigurðardóttir.
Guðm. J. Guðmundsson.	Steinþór Gestsson.	Jóhann Einvarðsson.
	Eggert Haukdal.	

Ed. 505. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til laga um stöðvun verkfalls á farskipum og verkbannsaðgerða Vinnuveitendasambands Íslands.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með að það verði samþykkt.

Ólafur Ragnar Grímsson og Salome Þorkelsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 13. maí 1980.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form.	Karl Steinar Guðnason, fundaskr., frsm.	Guðm. Bjarnason.
Guðm. Karlsson.	Stefán Guðmundsson.	

Ed. 506. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haldið fjölmarga fundi og fjallað um málið.

Frumvarpið var sent til umsagnar hinum ýmsu aðilum og hafa athugasemdir og breytingartillögur borist frá þeim flestum. Þá hafa og verið kvaddir á fund nefndarinnar fulltrúar frá mörgum félagasamtökum og aðilum sem hagsmuna eiga að gæta varðandi skipulag húsnæðismála.

Félagsmálanefnd hefur lagt mikla vinnu í að yfirfara og bera saman allar þær athugasemdir og breytingartillögur sem henni bárust við frumvarpið.

Nefndin varð sammála um að leggja til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingartillögum sem hún stendur sameiginlega að og fram koma á sérstöku þingskjali. Einstakir nefndarmenn hafa fyrirvara á meðmælum sínum og áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja sérstökum breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 14. maí 1980.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form., með fyrirvara.
Karl Steinar Guðnason, fundaskr., með fyrirvara.
Guðm. Bjarnason, frsm.
Salome Þorkelsdóttir, með fyrirvara.
Guðm. Karlsson, með fyrirvara.
Stefán Guðmundsson.
Ólafur Ragnar Grímsson.

Ed. 507. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 5. gr. Greinin hljóði þannig:
   Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra Húsnæðismálastofnunar ríkisins að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.
   Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk stofnunarinnar samkvæmt tillögum húsnæðismálastjórnar.
2. Við 7. gr. Orðin „endurbóta og endurhæfingar“ falli niður. Í stað þeirra komi: og endurbóta.
3. Við 20. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, sem verði 3. mgr., svo hljóðandi:
   Lán samkvæmt þessari grein mega koma til viðbótar lánum samkvæmt 2. tl. 10. gr., en samtals mega þau lán þó aldrei nema hærri fjárhæð en lán til nýbyggingar.
4. Við 26. gr. Úr 3. mgr. falli niður orðin „fyrir milligöngu viðskiptabanka“.
5. Við 27. gr. Við málsgreinina bætist:
   og staðfesting á því að umsóknin sé ekki lánshæf hjá sérsjóðum iðnaðarins.
6. Við 29. gr.
   a) Úr 1. málslið falli niður orðið „viðurkenndum“.
   b) Í stað orðanna „Húsnæðismálastofnunar ríkisins“ í 1. mgr. komi: húsnæðismálastjórnar.

7. Við 32. gr.
   a) 2. mgr. orðist svo:
      Í reglugerð skal ákveðin stærð staðalíbúða og flokkun umsækjenda í lánaflokka.
   b) Fyrir orðin „Húsnæðismálastofnun ríkisins lætur hanna“ í 3. mgr. komi: Húsnæðismálastjórn ákveður.
8. Við 33. gr.
   1) Stafliður a orðist svo:
      Íbúðir í verkamannabústöðum sem byggðar eru eða keyptar á vegum stjórna verkamannabústaða og ætlaðar eru til sölu handa láglaunafólki, sem fullnægi skilyrðum þeim sem sett eru í þessum kafla laganna.
   2) Á eftir orðunum „sem byggðar eru“ í b-lið komi: eða keyptar.
9. Við 40. gr. Greinin hljóði svo:
   Íbúðir í verkamannabústöðum mega ekki vera stærri en staðalíbúðir, skv. 32. gr. þessara laga, fyrir hlutaðeigandi fjölskyldu.
10. Við 78. gr. Greinin hljóði svo:
    Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1980. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins með áorðnum breytingum, og reglugerðir settar á grundvelli þeirra, nema V. kafli, sbr. lög nr. 59/1973.
11. Við ákvæði til bráðabirgða. Á eftir 3. tl. komi tveir nýir töluliðir sem verði 4. og 5. tl., svo hljóðandi:
    4. Þær íbúðir í verkamannabústöðum, sem eru í byggingu og orðnar fokheldar þegar lög þessi taka gildi, skulu fjármagnaðar og hljóta lánakjör samkvæmt eldri lögum.
       Sama gildir um leigu- og söluíbúðir sveitarfélaga þar sem framkvæmdir eru hafnar eða samningar undirritaðir við gildistöku laganna, þá skal þeim lokið samkvæmt lögum nr. 38/1976. Þær íbúðir, sem ekki hafa verið samþykktar af húsnæðismálastjórn, en áætlað var að byggja samkvæmt þeim lögum, skulu falla undir kaflann um félagslegar íbúðabyggingar í þessum lögum.
    5. Stjórnir verkamannabústaða, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu starfa áfram til ársloka 1980, en fyrir þann tíma skulu allar sveitarstjórnir, sem lög þessi taka til, og félagasamtök launafólks hafa tilnefnt fulltrúa í stjórn verkamannabústaða í viðkomandi byggðarlagi samkv. 39. gr. þessara laga. Kjörtímabil þeirra stjórna verkamannabústaða, sem þá verða skipaðar, skal vera út kjörtímabil núverandi sveitarstjórna.

Ed. 508. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Guðmundi Bjarnasyni, Ólafi Ragnari Grímssyni og Stefáni Guðmundssyni.

1. Nýr kafli, sem verði I. kafli, komi framan við frv., svo hljóðandi:

Um markmið laganna.

1. gr.

Markmið laganna er
— að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála og húsbygginga að landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum,
— að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum, þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika launafólks til að eignast húsnæði.

2. Við 1. gr., sem verði 2. gr.
   a) Í stað orðanna „Húsnæðismálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. og síðar í frv. komi: Húsnæðisstofnun ríkisins.
   b) Í stað 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
      Á vegum stofnunarinnar skal unnið að samræmingu og skipulagi opinberra afskipta af húsnæðismálum. Stofnunin skal hafa forustu um stefnumótun í húsnæðismálum. Hún fer með stjórn hins opinbera veðlánakerfis til húsnæðismála.
3. Við 2. gr., sem verði 3. gr. Í stað orðanna „Húsnæðismálastofnunin skal starfa í þremur deildum“ komi: Húsnæðisstofnunin starfar sem ein heild, en skiptist í þrjár deildir.
4. Við 3. gr., sem verði 4. gr.
   a) 1. mgr. orðist svo:
      Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipa 9 menn, sjö kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum og tveir skipaðir af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Varamenn skulu kjörnir og skipaðir á sama hátt.
   b) Orðin „úr ríkissjóði“ í 3. mgr. falli niður, en í staðinn komi: á sama hátt og annar kostnaður við stofnunina samkvæmt 7. gr.
5. Við 4. gr., sem verði 5. gr. Í 6. tölulið falli út orðin „forstjóri eða framkvæmdastjórar deilda leggja“. Í staðinn komi: eða framkvæmdastjóri leggur.
6. Við 6. gr., sem verði 7. gr. 1. mgr. verði svo hljóðandi:
   Kostnaður við rekstur Húsnæðisstofnunar ríkisins greiðist af Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í hlutfalli við útlán sjóðanna.
7. Við 8. gr., sem verði 9. gr.
   a) 4. töluliður hljóði svo:
      Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða samkv. lögum nr. 57 frá 1973 og nr. 82 frá 1977 og á almennum markaði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.
   b) Tilvitnun í 5. tölulið breytist þannig: skv. VII. kafla.
8. Við 9. gr., sem verði 10. gr. Í stað 2. og 3. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
   Afgreiðslur lána úr sjóðnum og innheimtur þeirra fara fram í almennum lánastofnunum, sem húsnæðismálastjórn semur við um slíka þjónustu. Þóknun fyrir slík störf greiðist samkvæmt fyrir fram gerðu samkomulagi.
9. Við 10. gr., sem verði 11. gr. Við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Húsnæðismálastjórn er heimilt að ákveða nýja lánaflokka að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.
10. Við 11. gr., sem verði 12. gr. Á eftir orðunum „samþykktar teikningar“ í 1. mgr. komi: samkvæmt byggingarlögum og byggingarreglugerð.
11. Við 12. gr., sem verði 13. gr.
   a) Fyrir „1. tl. 10. greinar“ í 1. mgr. komi: 1. tl. 11. gr.
   b) Fyrir „32. grein“ í sömu mgr. komi: 35. gr.
   c) Í stað 3. og 4. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
      Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu til þeirra umsækjenda sem áður hafa fengið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og eiga íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.
12. Við 13. gr., sem verði 14. gr.
   a) Í stað „21 ár“ í 2. mgr. komi: 26 ár.
   b) Fyrir „30. greinar“ í sömu mgr. komi: 33. gr.

13. Við 14. gr., sem verði 15. gr. Greinin orðist svo:

Lán samkvæmt 2. tl. 11. gr. er heimilt að veita einstaklingum og sveitarfélögum sem kaupa íbúðir sem áður hafa verið í notkun og hlotið hafa samþykki viðkomandi byggingaryfirvalda. Lánsfjárhæð skal vera visst hlutfall af fullu láni til nýbygginga og skal hlutfallið ákveðið til eins árs í senn af félagsmálaráðherra, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, sbr. og ákvæði 13. gr.

14. Við 15. gr., sem verði 16. gr. Í stað „30. greinar“ í 3. mgr. komi: 33. gr.

15. Við 16. gr., sem verði 17. gr. Greinin hljóði svo:

Lán samkvæmt 3. tl. 11. gr. er heimilt að veita sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagasamtökum, sem byggja íbúðir, heimili eða dagvistarstofnanir fyrir aldraða eða dagvistarstofnanir fyrir börn.

Lánsfjárhæð til íbúða fyrir aldraða má nema sama hlutfalli af byggingarkostnaði staðalíbúðar fyrir viðkomandi aðila og lánað er á því ári samkvæmt 1. tl. 11. gr.

Lán til dvalarheimila aldraðra og dagvistarstofnana fyrir börn mega vera allt að helmingi byggingarkostnaðar.

16. Við 18. gr., sem verði 19. gr.

a) Fyrir „3. tl. 10. gr.“ í 1. mgr. komi: 3. tl. 11. gr.

b) Fyrir „30. greinar“ í 2. mgr. komi: 33. gr.

17. Við 19. gr., sem verði 20. gr. Greinin hljóði þannig:

Lán samkvæmt 4. tl. 11. gr. er heimilt að veita einstaklingum eða sveitarfélögum til meiri háttar endurnýjunar og endurbóta eða viðbygginga við eldra húsnæði, en ekki til almenns viðhalds.

Lánsfjárhæð má nema allt að 50% af byggingarláni út á staðalíbúð samkv. 35. gr.

Umsóknum um lán til endurnýjunar og viðbygginga skal fylgja kostnaðaráætlun og verklýsing gerð af trúnaðarmanni húsnæðismálastjórnar og skulu umrædd gögn hljóta samþykki tæknideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Umsóknum skal einnig fylgja samþykkt viðkomandi sveitarstjórnar þó ekki sé um útlitsbreytingar að ræða.

Lán skv. 4. tl. 11. gr. má ekki veita út á sömu íbúð oftar en á 10 ára fresti.

18. Við 20. gr., sem verði 21. gr.

a) 2. málsliður 1. mgr. hljóði svo:

Heimilt er húsnæðismálastjórn að greiða fyrri hluta láns til slíkra framkvæmda meðan á framkvæmdum stendur, í formi víxilláns, en síðari hluta lánsins má ekki greiða fyrr en framkvæmdum er lokið og þær hafa verið teknar út af trúnaðarmanni tæknideildar stofnunarinnar.

b) 2. mgr. orðist svo:

Þessi lán skal að jafnaði veita gegn 2. veðrétti, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall af fasteignamati viðkomandi íbúðar. Lánstími skal vera 16 ár, um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 33. gr.

19. Við 21. gr., sem verði 22. gr. Í stað „5. tl. 10. greinar“ komi: 5. tl. 11. gr.

20. Við 22. gr., sem verði 23. gr.

a) 1. mgr. hljóði svo:

Sveitarstjórnum er skylt að láta kanna eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti, hvort í notkun séu í sveitarfélaginu íbúðir sem talist geta heilsuspillandi. Ef í ljós kemur við slíka könnun og staðfest af viðkomandi héraðslækni að búið sé í heilsuspillandi íbúðum í sveitarfélaginu er sveitarstjórn skylt að hafa forgöngu um að bæta úr því. Skal sveitarstjórn þá senda húsnæðismálastjórn skýrslu um fjölda heilsuspillandi íbúða í sveitarfélaginu ásamt áætlun um framkvæmdahraða við útrýmingu á þeim.

b) 2. mgr. verði svo hljóðandi:

Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði geta verið með eftirtöldum hætti:

a) Lán samkv. 1. tl. 11. gr. til byggingar íbúða til endursölu handa fólki sem býr í heilsuspillandi íbúðum. Lánskjör eru hin sömu og á öðrum lánum samkv. þeim tölulið.
b) Viðbótarlán samkvæmt 24. gr. þessara laga.
c) Lán til byggingar leiguíbúða samkv. IV. kafla þessara laga um leiguíbúðir sveitarfélaga. Gilda þá ákvæði 60. gr. varðandi lánskjör og aðra skilmála.

21. Á eftir 22. gr. komi ný grein, sem verði 24. gr. og hljóði svo:

Nú sækir sveitarstjórn, sem vinnur að útrýmingu á heilsuspillandi húsnæði, um viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins samkv. b-lið 23. gr. til þess að byggja eða kaupa nýja íbúð til endursölu til fólks sem býr í heilsuspillandi húsnæði, að dómi læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi, og skal þá húsnæðismálastjórn heimilt að veita lán allt að jafnhárri fjárhæð og hámarkslán er á því ári skv. 1. tl. 11. gr., enda verði það lán að fullu notað. Aldrei mega þau lán samanlagt þó nema hærri fjárhæð en 80% af byggingarkostnaði staðalíbúðar fyrir viðkomandi fjölskyldu.

Lán samkvæmt þessari málsgrein skal greiða í tvennu lagi. Fyrri hluta lánsins má greiða þegar íbúðin er fokheld, en síðari hlutann þegar hún hefur verið tekin í notkun og hlutaðeigandi sveitarstjórn lagt fram vottorð bæjarfógeta eða sýslumanns um að fyrri íbúð viðkomandi fjölskyldu hafi verið tekin úr notkun.

Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrétti í viðkomandi íbúð samhliða láni samkvæmt 1. tl. 11. gr. og með bakábyrgð sveitarstjórnar.

Lánstími skal vera 26 ár og vextir 0.5%. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 33. gr.

22. Á eftir 22. gr. komi ný grein, sem verði 25. gr., svo hljóðandi:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita sveitarfélögum lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja heilsuspillandi íbúðir sem hagkvæmt er talið að endurnýja, að mati byggingarfróðra manna sem tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins og viðkomandi sveitarstjórn tilnefnir.

Skulu matsmenn gera úttekt á húsnæðinu og gera kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur.

Lán þessi mega nema allt að 80% af viðgerðarkostnaði. Þó má lán til endurbóta á heilsuspillandi íbúð aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af fullu láni til nýrrar íbúðar á því ári samkvæmt sama staðli.

Lán samkvæmt þessari grein skulu veitt gegn veði í viðkomandi íbúð og bakábyrgð sveitarstjórnar.

Lánstími skal vera 16 ár og vextir 0.5%. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 33. gr.

23. Við 23. gr., sem verði 26. gr.:

a) Í stað „6. tl. 10. gr.“ í 1. mgr. komi: 6. tl. 11. gr.
b) Í stað „1. tl. 10. greinar“ í 1. mgr. komi: 1. tl. 11. gr.
c) Fyrir „2. tl. 10. greinar“ í 2. mgr. komi: 2. tl. 11. gr.
d) Við bætist ný mgr., sem verði 3. mgr., svo hljóðandi:

Lán samkvæmt þessari grein má einnig veita þeim sem hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

24. Við 24. gr., sem verði 27. gr.

a) Fyrir „6. tl. 10. greinar“ í 1. mgr. komi: 6. tl. 11. gr.
b) Fyrir „30. greinar“ í 2. mgr. komi: 33. gr.

25. Við 25. gr., sem verði 28. gr. Í stað orðanna „sem Tæknideild Húsnæðismálastofnunar ríkisins nefnir til“ í síðasta málslið komi: húsnæðismálastjórnar og samþykkt af tæknideild.
26. Við 26. gr., sem verði 29. gr. Fyrir „30. greinar“ í 4. mgr. komi: 33. gr.
27. Við 28. gr., sem verði 31. gr.
    a) Fyrir „8. tl. 10. greinar“ í 1. mgr. komi: 8. tl. 11. gr.
    b) Fyrir „30. greinar“ í 2. mgr. komi: 33. gr.
28. Við 29. gr., sem verði 32. gr.
    a) Í stað „9. tl. 10. gr.“ í 1. mgr. komi: 9. tl. 11. gr.
    b) Fyrir 2. og 3. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
    Framkvæmdalán greiðast til framkvæmdaaðila á byggingartímanum samkvæmt samningum við húsnæðismálastjórn eða viðkomandi viðskiptabanka. Þau skulu veitt með lánskjörum eins og þau eru á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands og endurgreiðast með láni Byggingarsjóðs ríkisins til þeirra sem kaupa íbúðina samkvæmt reglum sjóðsins.
29. Við 30. gr., sem verði 33. gr.
    a) Í stað „1.—8. tl. 10. greinar“ í 1. mgr. komi: 1.—8. tl. 11. gr.
    b) 2. mgr. hljóði svo:
    Vextir af lánum skulu vera 2% auk lántökugjalds og þóknunar sem húsnæðismálastjórn semur um við lánastofnanir. Þó skulu lán samkvæmt 6. tl. 11. gr. vera vaxtalaus og vextir af lánum skv. 8.—9. tl. skulu ákveðnir sérstaklega hverju sinni með hliðsjón af almennum vöxtum af sambærilegum lánum.
    c) Í stað „1.—7. tl. 10. gr.“ í 3. mgr. komi: 1.—7. tl. 11. gr.
    d) Fyrir „8.—9. tl. 10. gr.“ í sömu mgr. komi: 8.—9. tl. 11. gr.
    e) Í 4. mgr. breytist „1.—7. tl. 10. gr.“ í: 1.—7. tl. 11. gr.
30. Við 31. gr., sem verði 34. gr.
    a) Fyrir orðin „skv. 10. gr.“ í 1. mgr. komi: skv. 11. gr.
    b) Í stað orðanna „sbr. 3. mgr. 32. gr.“ komi: sbr. 3. mgr. 35. gr.
31. Við 34. gr., sem verði 37. gr.
    a) Stafliður b orðist svo:
    Með árlegum framlögum úr ríkissjóði sem nemi tekjum hans af 1% launaskatti og framlagi á fjárlögum ef með þarf til þess að framlag ríkissjóðs ár hvert nemi 30% af fjármagnsþörf sjóðsins.
    b) Stafliður c hljóði þannig:
    Með framlagi sveitarfélaga sem nemi 10% af því fjármagni sem Byggingarsjóður verkamanna lánar til verkamannabústaða í viðkomandi sveitarfélagi ár hvert.
    c) Síðasta mgr. orðist svo:
    Afgreiðslur lána úr sjóðnum og innheimtur þeirra fara fram í almennum lánastofnunum sem Húsnæðisstofnun semur við um slíka þjónustu. Þóknun fyrir slík störf greiðist samkvæmt fyrir fram gerðu samkomulagi.
32. Við 35. gr., sem verði 38. gr. Síðari málsliður falli niður.
33. Við 36. gr. Greinin falli niður.
34. Við 37. gr., sem verði 39. gr. Greinin orðist svo:
    Í öllum kaupstöðum og kauptúnahreppum og öðrum sveitarfélögum, sem þess óska, skulu starfa stjórnir verkamannabústaða skipaðar mönnum sem búsetu eiga í sveitarfélaginu. Skulu sveitarstjórnir í upphafi kjörtímabils síns tilnefna 3 fulltrúa í stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu, en fulltrúaráð eða aðildarfélög ASÍ í hlutaðeigandi sveitarfélagi tilnefna 2 fulltrúa og félög opinberra starfsmanna tilnefna 1 fulltrúa í stjórnina.
    Félagsmálaráðherra skipar stjórnir verkamannabústaða og skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og sveitarstjórnar.

Varamenn skulu vera jafnmargir og tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Í kaupstöðum með yfir 10 000 íbúa skipar félagsmálaráðherra til viðbótar einn mann í stjórn verkamannabústaða án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Í öðrum sveitarfélögum skipta stjórnirnar sjálfar með sér verkum.

35. Við 38. gr., sem verði 40. gr.
    a) Orðið „Framkvæmdastjórnum“ í 1. mgr. falli niður. Í staðinn komi: Stjórnum verkamannabústaða.
    b) Fyrir „III. kafla“ í 2. mgr. komi: IV. kafla.
36. Við 39. gr., sem verði 41. gr.
    a) Fyrir „38. gr.“ í 1. mgr. komi: 40. gr.
    b) Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
    Enn fremur skal stjórn verkamannabústaða gera tillögu til sveitarstjórnar um æskilega skiptingu íbúða milli söluíbúða (verkamannabústaða) og leiguíbúða sem sveitarfélagið byggir til eignar og útleigu.
    c) Fyrir „framkvæmdastjórn“ í 2. mgr. komi: stjórn verkamannabústaða.
37. Við 41. gr., sem verði 43. gr.
    a) Fyrir „framkvæmdastjórnar“ í 1. mgr. komi: stjórnar.
    b) Fyrir „34. gr.“ í 2. mgr. komi: 37. gr.
38. Við 42. gr., sem verði 44. gr.
    a) Fyrir „framkvæmdastjórnar“ í 1. mgr. komi: stjórnar verkamannabústaða.
    b) Fyrir „framkvæmdastjórn“ í 2. mgr. komi: stjórn.
39. Við 43. gr., sem verði 45. gr.
    a) Fyrir „16. gr.“ í 1. mgr. komi: 36. gr.
    b) Fyrir „framkvæmdastjórn“ í sömu mgr. komi: stjórn verkamannabústaða.
40. Við 44. gr., sem verði 46. gr.
    a) Fyrir „framkvæmdastjórn“ í 1. málslið 1. mgr. komi: stjórn verkamannabústaða.
    b) 2. málsliður 1. mgr. orðist svo:
    Heimilt er að greiða á byggingartímanum allt að 95% af áætlaðri lánsfjárhæð samkvæmt 52. gr. Miða skal við að lánið komi til greiðslu í samræmi við verkstöðu á hverjum tíma samkv. nánari ákvæðum í reglugerð.
    c) Í stað orðsins „bankaábyrgð“ í 2. mgr. komi: fullnægjandi trygging að mati húsnæðismálastjórnar.
41. Við 45. gr., sem verði 47. gr.
    a) Fyrir „1550 stundir“ í 3. mgr. komi: 1032 stundir.
    b) Fyrir „775 árlegar“ í 4. mgr. komi: 516 árlegar.
    c) Á eftir 5. mgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
    Enn fremur er heimilt að víkja frá stafliðum b og c þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.
42. Við 46. gr., sem verði 48. gr.
    a) Fyrir „Framkvæmdastjórnir“ í 1. mgr. komi: Stjórnir.
    b) Fyrir „45. gr.“ í sömu mgr. komi: 47. gr.
    c) Fyrir „Framkvæmdastjórn“ í 3. mgr. komi: Stjórn verkamannabústaða.
    d) Við sömu mgr. bætist: samkvæmt ákvæðum 52. gr. þessara laga.
43. Við 47. gr., sem verði 49. gr. Fyrir „Framkvæmdastjórn“ í 2. mgr. komi: Stjórn.
44. Við 48. gr., sem verði 50. gr.
    a) 1. mgr. hljóði svo:
    Þegar íbúð er fullgerð skal stjórn verkamannabústaða gera upp byggingarkostnað, en tæknideild Húsnæðisstofnunar staðfesta með úttekt sinni. Stjórn verkamannabústaða fær síðan kaupanda í hendur skriflegt afsal fyrir

íbúðinni gegn yfirtöku áhvílandi skulda, enda hafi kaupandi staðið í skilum með þær greiðslur sem honum ber að inna af hendi.

b) Fyrir „framkvæmdastjórnar“ í 2. mgr. komi: stjórnar.

45. Við 50. gr., sem verði 52. gr. Greinin orðist svo:

Húsnæðismálastjórn veitir lán úr Byggingarsjóði verkamanna til hverrar íbúðar sem byggð er eða keypt sem verkamannabústaður samkv. lögum þessum. Lánið má nema allt að 90% af kostnaðarverði staðalíbúðar skv. 35. gr. þessara laga. Áður en framkvæmdir hefjast við hvern áfanga í byggingu verkamannabústaða skal tæknideild Húsnæðisstofnunar yfirfara teikningar og gera tillögur um samkvæmt hvaða staðli lán verði veitt út á hverja íbúð. Sveitarstjórn, eða stjórn verkamannabústaða í hennar umboði, ber fulla ábyrgð á framkvæmdum við byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu og verði byggingarkostnaður íbúðar meiri en sem nemur láni Byggingarsjóðs verkamanna að viðbættu framlagi kaupanda, sem nemur 10% af byggingarkostnaði, verður viðkomandi sveitarstjórn að greiða það sem umfram er. Lán Byggingarsjóðs verkamanna skulu vera að fullu verðtryggð og miðist höfuðstóll láns við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.

Ársvextir af lánum skulu vera 0.5% og lánið afborgunarlaust fyrsta árið, en endurgreiðast síðan með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á 42 árum.

Gjalddagar lána skulu vera fjórir á ári, þ. e. 1. febr., 1. maí, 1. ágúst og 1. nóv. ár hvert. Heimilt er þó að taka upp mánaðarlegar greiðslur eftir ákvörðun húsnæðismálastjórnar.

Tilsvarandi fyrirgreiðslu veitir sjóðurinn og með sömu kjörum vegna endursölu íbúða sem sveitarstjórnir leysa til sín samkvæmt ákvæðum laga þessara um forkaupsrétt þeirra.

Með reglugerð má heimila frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum ef greiðslubyrði afborgana, vaxta og verðbóta fer yfir hóflegt hlutfall dagvinnutekna hlutaðeiganda.

Reglugerðin skal sett að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

46. Við 51. gr., sem verði 53. gr. Fyrir „52. gr.“ komi: 48. gr.
47. Við 52. gr., sem verði 54. gr. Fyrir „3% kaupverðsins“ komi: 2.5% kaupverðsins.
48. Við 53. gr., sem verði 55. gr. Fyrir „52. gr.“ komi: 54. gr.
49. Við 54. gr., sem verði 56. gr.
    a) Fyrir „21. gr.“ í 1. mgr. komi: 40. gr.
    b) Fyrir „16. gr.“ í sömu mgr. komi: 36. gr.
50. Við 55. gr., sem verði 57. gr. Fyrir „42. gr.“ komi: 44. gr.
51. Við 56. gr., sem verði 58. gr. Fyrir „33. gr.“ í 1. mgr. komi: 36. gr.
52. Við 57. gr., sem verði 59. gr. Fyrir „58. gr.“ í 1. mgr. komi: 60. gr.
53. Við 58. gr., sem verði 60. gr.
    a) Fyrir „70%“ í 1. mgr. komi: 80%.
    b) Fyrir „13. gr.“ í sömu mgr. komi: 35. gr.
    c) Fyrir „30% kostnaðar“ í sömu mgr. komi: annan kostnað.
    d) Fyrir „3.5%“ í 3. mgr. komi: 2%.
54. Við 59. gr., sem verði 61. gr. Greinin verði svo hljóðandi:

Íbúðir henti sem flestum fjölskyldum og verði ekki stærri en staðalíbúðir skv. 35. gr.

55. Við 60. gr., sem verði 62. gr. Fyrir „Framkvæmdastjórn“ í upphafi greinarinnar komi: Stjórn.

56. Við 61. gr., sem verði 63. gr.:
    a) Fyrir „58. gr.“ í 1. málsl. komi: 60. gr.
    b) Síðasti málsliður falli niður.
57. Við 62. gr., sem verði 64. gr. Á eftir orðunum „samkvæmt lögum þessum“ komi: á meðan á þeim hvíla lán frá Byggingarsjóði verkamanna.
58. Við 63. gr., sem verði 65. gr.:
    a) Fyrir „51. gr.“ í 1. mgr. komi: 53. gr.
    b) Fyrir „51., 52. og 53. gr.“ í 2. mgr. komi: 53., 54. og 55. gr.
    c) Við greinina bætist:

    Við gildistöku þessara laga skal stjórn verkamannabústaða í Reykjavík taka við umráðarétti þeirra íbúða, sem byggðar voru samkvæmt lögum nr. 97 frá 1965 af Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, og annast endurkaup og endursölu þeirra. Skulu gilda um meðferð þeirra sömu reglur og um verkamannabústaði.

    Um íbúðir, sem byggðar hafa verið samkvæmt ákvæðum laga nr. 58 1973, sbr. lög nr. 38/1976, skulu gilda ákvæði laga þessara eftir því sem við getur átt.

    Félagsmálaráðherra setur, að höfðu samráði við Alþýðusamband Íslands, nánari ákvæði um meðferð þeirra mála og um réttindi íbúa í öðrum sveitarfélögum, sem aðild áttu að þeim framkvæmdum.
59. Við 66. gr., sem verði 68. gr. Fyrir „48. gr.“ í 3. mgr. komi: 50. gr.
60. Við 67. gr., sem verði 69. gr.
    a) Fyrir „hanna“ í 2. tl. a-liðar komi: ákveða.
    b) Fyrir „32. gr.“ í sama lið komi: 35. gr.
    c) Fyrir „opinberum samkeppnum“ í 2. tl. b-liðar komi: opinberri samkeppni, og fyrir „slíkum samkeppnum“ komi: slíkri samkeppni.
    d) Fyrir „framkvæmdastjórnum“ í 3. tl. b-liðar komi: stjórnum.
61. Við 69. gr., sem verði 71. gr. Fyrir „70. gr.“ í 1. mgr. komi: 73. gr.
62. Við 70. gr., sem verði 72. gr. Greinin orðist svo:

    Þegar sá, sem sparað hefur fé og lagt í sjóð samkv. 1. mgr. 71. gr., hefur náð 26 ára aldri — eða stofnað til hjúskapar verði það fyrr, kaupir eða byggir íbúð til eigin þarfa, skal hann eiga þess kost að fá endurgreitt sparifé sitt samkvæmt 1. mgr. með sömu vöxtum og gilda á hverjum tíma fyrir lán skv. 1. tl. 11. gr. að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands samkvæmt 39. gr. laga nr. 13. frá 10. apríl 1979.

    Innlagður skyldusparnaður á hverjum tíma fái grunngildi lánskjaravísitölu þess mánaðar. Þegar skyldusparnaðurinn er tekinn út, sé sömuleiðis miðað við gildandi lánskjaravísitölu í þeim mánuði. Vextir af innstæðu skulu leggjast við höfuðstól um hver áramót og verðtryggjast á sama hátt og höfuðstóllinn.
63. Við 71. gr. Greinin falli niður.
64. Við 72. gr., sem verði 73. gr. Við bætist nýr stafliður, sem verði e-liður, svo hljóðandi:

    Þeir sem búa við varanlega örorku, skv. vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins.
65. Við ákvæði til bráðabirgða. Við bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

    Ákvæði stafliðar b í 37. gr. tekur gildi frá og með 1. janúar 1981.
66. Fyrirsögn frv. breytist þannig: Í stað „Húsnæðismálastofnun ríkisins“ komi: Húsnæðisstofnun ríkisins.

Ed. **509. Breytingartillögur** [17. mál]

við frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Guðmundi Karlssyni og Salome Þorkelsdóttur.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Húsnæðismálastjórn ákveður deildaskiptingu stofnunarinnar.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk húsnæðismálastjórnar er eftirfarandi:
   1. Að fara með stjórn Húsnæðismálastofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.
   2. Að gera tillögur um skiptingu ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka, afgreiða fjárhagsáætlanir og úrskurða ársreikninga stofnunarinnar og byggingarsjóðanna.
   3. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um löggjafaratriði á sviði húsnæðismála.
   4. Að fjalla um önnur mál, sem ráðherra eða aðrir leggja fyrir hana.
3. Við 6. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Kostnaður við rekstur Húsnæðismálastofnunar ríkisins greiðist af Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í hlutfalli við útlán sjóðanna.
4. Við 8. gr.
   a) 2. tl. orðist svo:
      Með árlegum framlögum úr ríkissjóði af byggingarsjóðsgjöldum, tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum.
   b) Nýr töluliður komi er verði 6. tl. og orðist svo:
      Með 3½% launaskatti samkvæmt lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum.
   c) Nýr töluliður komi er verði 7. tl. og orðist svo:
      Með 1% lántökugjaldi af lánum, er húsnæðismálastjórn veitir.
5. Við 12. gr. 3. mgr. falli niður.
6. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera 30 ár. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 30. gr.
7. Við 15. gr. 1. mgr. falli niður.
8. Við 18. gr. 1. mgr. falli niður.
9. Við 25. gr. Greinin orðist svo:
   Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita lán skv. 7. tl. 10. gr. til orkusparandi breytinga á húsnæði. Slík lán er þó aðeins heimilt að veita einstaklingum til orkusparandi endurbóta á íbúðum, einkum þeim sem hitaðar eru með olíu. Slíkar endurbætur skulu miðast við að fullnægt sé ákvæðum VII. kafla 7.5 og 7.6 í byggingarreglugerð nr. 292/1979.
10. Við 29. gr. 2. og 3. mgr. falli út.
11. Við 30. gr.
    a) Við 2. mgr. Í stað „3.5%“ komi: 2%.
    b) Við 3. mgr. Síðasti málsliður falli niður.
    c) Við 4. mgr. Síðasti málsliður orðist svo:
       Gjalddaga lána skv. 8. tl. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.
12. Við 32. gr. Greinin orðist svo:
    Hámarkslánsfjárhæð má nema allt að 80% af áætluðum byggingarkostnaði

þeirrar staðalíbúðar sem gildir um viðmiðun fyrir hlutaðeigandi umsækjanda, miðað við fjölskyldustærð, og eiga allir umsækjendur í sama lánaflokki rétt til sama lánahlutfalls ár hvert.

Í sérstakri reglugerð skal gera nákvæma lýsingu á stærð, skipan og frágangi hverrar staðalíbúðar svo og þeim reglum sem stuðst er við til ákvörðunar á kostnaðarverði hennar.

13. Við 34. gr. Greinin orðist svo:

Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Fjár til hans skal aflað sem hér segir:

a) Með tekjum af eigin fé.
b) Með árlegu framlagi úr ríkissjóði af fjárlögum, sem nema skal 70% af áætlaðri fjármagnsþörf sjóðsins vegna byggingar verkamannabústaða.
c) Með framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags sem skal nema 20% af byggingarkostnaði þeirra íbúða sem hafin verður bygging á í verkamannabústöðum í sveitarfélaginu.
d) Með lántökum.

Eigin fé sjóðsins skal m. a. varið til lánveitinga vegna sölu á eldri verkamannabústöðum og til lækkunar á framlögum skv. stafliðunum b og c hér að framan.

Veðdeild Landsbanka Íslands annast afgreiðslur lána úr sjóðnum og innheimtu þeirra fyrir hans hönd. Heimilt er ráðherra að ákveða að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar að almennum innlánsstofnunum skuli falið að annast afgreiðslu lána og innheimtu þeirra.

14. Við 36. gr. Greinin falli niður.
15. Við 37. gr. Greinin orðist svo:

Í þeim sveitarfélögum, sem vilja bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks, skulu starfa stjórnir verkamannabústaða. Ráðherra skipar stjórn verkamannabústaða þannig: Þrír eftir tilnefningu sveitarstjórnar, tveir eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar og tveir eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi sveitarstjórnarfulltrúa. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera fjögur ár.

16. Við 38. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn verkamannabústaða skal, þegar eftir að hún hefur verið skipuð, rannsaka þörfina fyrir byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í því skyni skal hún auglýsa eftir væntanlegum umsækjendum um slíkar íbúðir. Stjórnin semur síðan rökstudda greinargerð um þörf fyrir byggingu verkamannabústaða, þar sem lýsa skal hugmyndum um stærð og fjölda íbúða sem æskilegt væri að byggja á næstu fjórum árum.

17. Við 41. gr. 2. og 3. mgr. falli niður.
18. Við 42. gr. Greinin falli niður.
19. Við 43. gr. Greinin falli niður.
20. Við 44. gr. 1. málsliður 1. mgr. orðist svo:

Húsnæðismálastofnun gerir framkvæmdalánasamning við viðkomandi stjórn verkamannabústaða.

21. Við 45. gr. 2., 3., 4. og 5. mgr. falli niður.
22. Við 46. gr. 2. mgr. falli niður.
23. Við 47. gr. 1. mgr. orðist svo:

Umsækjandi, sem fær úthlutað íbúð, skal greiða 10% af byggingarkostnaði íbúðar, þar af 5% af áætluðu kostnaðarverði, innan 8 vikna frá dagsetningu tilkynningar um úthlutunina. Standi umsækjandi ekki í skilum innan þess tíma, fellur réttur hans til íbúðarinnar niður.

24. Við 48. gr. Úr 1. mgr. falli niður orðin „af hálfu tæknideildar Húsnæðismálastofnunar“.
25. Við 50. gr. Í staðinn fyrir „á 32 árum“ í 2. mgr. komi: á 42 árum.
26. Við 54. gr. 2. mgr. falli niður.
27. Við 55. gr. Greinin falli niður.
28. Við 56. gr. Greinin falli niður.
29. Við 57. gr. 1. málsliður 1. mgr. orðist svo:
    Húsnæðismálastofnun gerir framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi sveitarstjórn.
30. Við 58. gr. Í stað „3.5%“ í 3. mgr. komi: 2%.
31. Við 59. gr. Greinin falli niður.
32. Við 60. gr. 1. málsliður 1. mgr. orðist svo:
    Sveitarstjórn ráðstafar þeim leiguíbúðum, sem reistar eru á hennar vegum.
33. Við 67. gr. Greinin orðist svo:
    Tæknideild skal starfa innan Húsnæðismálastofnunar.
    Verkefni hennar eru þessi:
    1. Að hafa á hendi eftirlit með framkvæmdum þeirra aðila, sem njóta lána úr veðlánakerfinu, eftir því sem þörf er á til þess að settum skilyrðum sé fullnægt.
    2. Að vera ráðgjafi Húsnæðismálastofnunar og stjórnar hennar um tæknileg málefni og annast samskipti við opinbera aðila, sem vinna að rannsóknum og tilraunum á sviði húsnæðis- og byggingarmála.
    3. Að gangast fyrir opinberri samkeppni um gerð uppdrátta af íbúðarhúsum og kynna bestu lausnir, sem fást úr slíkri samkeppni hverju sinni.
    4. Að vera sveitarstjórnum og stjórnum verkamannabústaða, sem þess óska, til aðstoðar við undirbúning félagslegra íbúðabygginga.

Ed. 510. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

Við 8. gr. 2. tölulið orðist svo:

Með árlegum framlögum úr ríkissjóði sem nemi tekjum hans af 2% launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum, af tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum.

Sþ. **511. Skýrsla**

dómsmálaráðherra um meðferð dómsmála.

Með bréfi dags. 30. janúar 1980, óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum um mál, sem kynnu að vera til meðferðar hjá dómstólum landsins. Miðað var við eftirtalin mál:

A. Einkamál, sem þingfest voru fyrir 1. janúar 1978 og ólokið var 1. janúar 1980.
B. Sakamál, sem ákært var fyrir 1. janúar 1979 og ólokið var 1. janúar 1980.

Svör hafa borizt frá öllum dómstólunum og fer hér á eftir yfirlit um framangreinda málaflokka:

A. Einkamál, sem þingfest voru fyrir 1. janúar 1978 og ólokið var 1. janúar 1980.
(málin eru talin upp eftir umdæmum og í tímaröð innan hvers umdæmis)

I. Reykjavík.

Þingfestingardagur:	Nr. máls:	Aðilar:
041269	1919/1969	Eigendur jarðarinnar Neðra Dals í Vestur-Eyjafjallahreppi gegn vegamálastjóra f. h. Vegagerðar ríkisins.
050473	790/1973	Hörður Bjarnason og Kristjana Albertsdóttir vegna sjálfra sín og ófjárráða sonar síns Harðar Alberts Harðarsonar gegn B. M. Vallá h.f., Þórarni Ólafssyni og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f.
161173	123/1973	Álafoss h.f. gegn Jóni Guðlaugssyni.
050974	1664/1974	Kristján Stefánsson gegn Guðjóni Andréssyni.
200575	6086/1975	Sturla Jónsson gegn Jóni Haraldssyni.
260675	6510/1975	Hulda Eygló Karlsdóttir gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.
181275	3354/1975	Guðbergur Guðjónsson gegn Agnari Bogasyni.
270476	5815/1976	Hólmfríður Sigurðardóttir gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.
300676	1632/1976	Sigurður Ólafsson gegn Trésmiðju Austurbæjar.
281076	2281/1976	Bílaleiga Neskaupstaðar gegn Páli D. Konráðssyni.
041176	2310/1976	Erla Bjarnadóttir gegn Búnaðarbanka Íslands.
121176	138/1976	Gunnar B. Kristinsson gegn Hólmar h.f. o. fl.
100177	5048/1977	Kjartan Stefánsson, Skúlína Stefánsdóttir, Höskuldur Stefánsson, Páll A. R. Stefánsson og Össur Stefánsson gegn landbúnaðarráðherra f. h. Jarðasjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.
130177	9/1977	Garðar Mýrdal gegn Kjartani Gunnarssyni o. fl.
010277	5275/1977	Elínborg Þorláksdóttir gegn Sveinbirni Sveinssyni o. fl.

Þingfestingardagur:	Nr. máls:	Aðilar:
080377	5506/1977	Breiðás s.f. gegn Árna B. Eiríkssyni vegna einkafyrirtækis hans, verksmiðjunnar Vilko.
170377	652/1977	J. P. Innréttingar h.f. gegn Herði Ólafssyni, hrl. og gagnsök.
290377	5713/1977	Jóhann Friðriksson gegn Kurt Bergsten.
050577	1048/1977	Húsfélagið Gnoðavogi 22—24 gegn Magnúsi Helgasyni.
050577	1049/1977	S. S. Gunnarsson h.f. gegn Hraðfrystih. Grundarfjarðar h.f.
240677	99/1977	Jón N. Sigurðsson, hrl. f. h. Zentraler Obstabsatz gegn Ómari Haffjörð.
240677	106/1977	Jón N. Sigurðsson, hrl. f. h. Zänker & Þittrich gegn Vörukaupum h.f.
080977	1723/1977	Jón Símon Kristjánsson gegn Energoprojekt.
080977	1928/1977	Sigurður Þorvaldsson gegn Energoprojekt.
080977	1729/1977	Reynir Guðmundsson gegn Energoprojekt.
080977	1730/1977	Þórhallur Sigurbjörnsson gegn Energoprojekt.
010977	1658/1977	Shaggy dog studios gegn Ómari Valdimarssyni o. fl.
010977	1660/1977	Einar Gunnar Bollason gegn fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs.
010977	1673/1977	Valdimar Olsen gegn fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs.
010977	1674/1977	Sigurbjörn Eiríksson gegn fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs.
010977	1675/1977	Magnús Leopoldsson gegn fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h. ríkissjóðs.
141077	136/1977	Ísleifur Haraldsson gegn Sjólastöðinni h.f.
141077	137/1977	Magnús Óskar Ólafsson gegn Sjólastöðinni h.f.
141077	138/1977	Gunnar Sigurðsson gegn Sjólastöðinni h.f.
211177	2546/1977	Stálver h.f. gegn Húsfélaginu Aðalstræti 9 o. fl.
131277	7485/1977	Jón V. Jónsson h.f. gegn Svani Þór Vilhjálmssyni.

II. Akranes.

Ekkert.

III. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

070674		Jóhannes Guðmundsson gegn Bjarna Óskarssyni.

IV. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

260575	1/1975	Eigendur Neðri-Lágar gegn eigendum Látravíkur.
190276	4/1976	Netagerðin Sigurður h.f. gegn Víkingi Halldórssyni o. fl.
090577	26/1977	Nói Jónsson gegn Þórði Sveinbjörnssyni f. h. ófjárráða sonar hans Björns.
060977	1/1977	Eigandi 1/3 hluta og ábúandi Litla-Hrauns gegn eiganda og ábúanda Snorrastaða.

V. Dalasýsla.

Þingfestingardagur:	Nr. máls:	Aðilar:

Ekkert.

VI. Barðastrandarsýsla.

Ekkert.

VII. Bolungarvík.

Ekkert.

VIII. Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla.

021075	30/1975	Hjörtur Kristjánsson gegn Samúel Jónssyni.
230976	25/1976	Kubbur h.f. gegn Helga Þórarinssyni.

IX. Strandasýsla.

Ekkert.

X. Húnavatnssýsla.

130577	1/1977	Eigandi Uppsala gegn eiganda Miðhúsa.

XI. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.

Ekkert.

XII. Siglufjörður.

Ekkert.

XIII. Ólafsfjörður.

Ekkert.

XIV. Akureyri, Dalvík og Eyjafjarðarsýsla.

161276	223/1976	Snorri Júlíus Snorrason gegn Byggingarvöruverzl. Tómasar Björnssonar h.f. og gagnsök.

XV. Húsavík og Þingeyjarsýsla.

Ekkert.

XVI. Seyðisfjörður og Norður-Múlasýsla.

Ekkert.

XVII. Neskaupstaður.

Þingfestingardagur:	Nr. máls:	Aðilar:
021177	16/1972	Jóhanna Dahlmann gegn Dráttarbrautinni h.f.
290977	24/1977	Bæjarsjóður Neskaupstaðar gegn Guðmundi Ásgeirssyni.
151277	1/1977	Sigurjón Jónsson gegn Síldarvinnslunni h.f. (Öllum málunum var lokið fyrir 1. febrúar s.l.)

XVIII. Eskifjörður og Suður-Múlasýsla.

140977	3/1977	Hlöðver Jónsson gegn bæjarstjórn Eskifjarðar og Vilberg Guðnasyni.
081277	11/1977	Póst- og símamálastofnun gegn Arnþóri Þórólfssyni.

XIX. Austur-Skaftafellssýsla.

Ekkert.

XX. Vestur-Skaftafellssýsla.

Ekkert.

XXI. Vestmannaeyjar.

020971	38/1971	Bæjarsjóður Vestmannaeyja gegn Gunnari Ólafssyni & Co. h.f.
140972	41/1972	Birna Björnsdóttir gegn Vestmannaeyjakaupstað.
290672	36/1972	Guðni Ágústsson gegn bæjarstjóra Vestmannaeyja v/ Vatnsveitu Vestmannaeyja.
290672	37/1972	Stefán Jónsson gegn bæjarstjóra Vestmannaeyja v/ Vatnsveitu Vestmannaeyja.
070673	8/1973	Belgjagerðin gegn Drífanda h.f.
131175	62/1975	Landsbanki Íslands gegn Grétari G. Péturssyni o. fl.

XXII. Rangárvallasýsla.

120675	9/1975	Bjarni Ó. Pálsson gegn Hlíðarverki s.f.
030775	14/1975	Ólafur Þórarinsson gegn Sigurjóni Sigurðssyni og Kristrúnu Sigurðardóttur.
261176	15/1976	Þórunn Árnadóttir gegn Erlu Stolzenwald.

XXIII. Árnessýsla.

281172	82/1972	Helga Helgadóttir gegn Kjartani Hannessyni.
230376	18/1976	Jarðeignadeild landbúnaðarráðuneytisins gegn eigendum Ósgerðis.
140476	19/1976	Lára Þorsteinsdóttir gegn Gústaf H. Karlssyni.
270476	20/1976	Hulda B. Ingibergsdóttir gegn Ólafi Þórarinssyni.

XXIV. Keflavík, Njarðvík, Grindavík og Gullbringusýsla.

Þingfestingardagur:	Nr. máls:	Aðilar:
070977	313/1977	Guðný Hávarðardóttir og Kristján Hávarðarson gegn Jóni B. Georgssyni, Valtý Guðjónssyni og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

XXV. Keflavíkurflugvöllur.

Ekkert.

XXVI. Hafnarfjörður, Garðakaupstaður, Seltjarnarnes og Kjósarsýsla.

140574	122/1974	Herdís Tryggvadóttir gegn Guðmundi Einarssyni.
150676	184/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Erlingi Bertelssyni.
150676	185/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Ágústi Finnssyni.
150676	186/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Ásgerði Helgadóttur.
150676	187/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Bjarna Gunnarssyni.
150676	188/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Birni Þ. Björgvinssyni.
150676	189/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Fríðu Bjarnadóttur.
150676	190/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Guðna A. Þórarinssyni.
150676	191/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Jóhönnu Björnsdóttur.
150676	192/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Jóni Jóhannessyni.
150676	193/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Kristni Jóhannessyni.
150676	194/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Ottó G. Jörgensen.
150676	195/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Reyni Markússyni.
150676	196/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Sigríði Benediktsdóttur.
150676	198/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Tómasi Kaaber.
150676	199/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Þórarni J. Magnússyni.
150676	200/1976	Kaupfélag Hafnfirðinga gegn Þorsteini Hreggviðssyni.
130876	437/1976	Aðalheiður Kristinsdóttir gegn Smára Brynjólfssyni.
200977	273/1977	Iscargo h.f. gegn Kristjáni Vilhelmssyni v/verzlunarinnar Goðaborg.

16 málum Kaupfélags Hafnfirðinga gegn ýmsum aðilum er öllum lokið.

XXVII. Kópavogur.

010476	35/1976	Kristinn Andrésson gegn Guðmundi A. Guðmundssyni.
200576	73/1976	Hafnarfjarðarkaupstaður gegn Íspani h.f. og Stólpa h.f. til réttargæslu.
310377	43/1977	Bílaaðstoð h.f. gegn Eðvarð Árnasyni.
140477	50/1977	Ragnhildur Garðarsdóttir gegn Ólafi Árnasyni.
300677	100/1977	Jóhanna Björg Ingimundardóttir gegn Kópavogskaupstað.
150977	117/1977	Halldór Friðgeirsson gegn Önnu Róberts Helgadóttur.

Samtals falla 90 mál undir þennan staflið. Skiptast þau þannig á milli ára: 1969: 1, 1971: 1, 1972: 3, 1974: 3, 1975: 8, 1976: 31, 1977: 39.

B. Sakamál, sem ákært var í fyrir 1. janúar 1979 og ekki var lokið 1. janúar 1980.
(Málin eru talin upp eftir umdæmum og dagsetningu ákæru, innan hvers embættis. Getið er um dagsetningu ákæru, skammstöfun á nafni kærða og aðalákæruefni.)

I. Reykjavík.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
130274	SB	Umferðarlagabrot.
050974	BJ	Umferðarlagabrot.
300974	PM	Líkamsárás (meiri háttar).
011174	SGB	Líkamstjón af gáleysi.
180475	JMB	Verðlagsbrot.
180475	SBJ	Verðlagsbrot.
030675	PM	Líkamsárás (meiri háttar).
020376	ÞRH	Líkamstjón af gáleysi.
300376	ÞSA	Líkamsárás (minni háttar).
300476	SF o. fl.	Tollalagabrot.
300476	GJY o. fl.	Tollalagabrot.
080576	AG	Umferðarlagabrot.
190876	SH	Líkamstjón af gáleysi.
020976	KVH	Umferðarlagabrot.
300976	GL o. fl.	Tollalagabrot.
151176	EK	Brot gegn opinberum starfsmanni við skyldustörf.
120177	PÖR	Nauðgun.
180177	PK	Líkamsárás (minni háttar).
270177	HK	Brenna.
020277	BHG	Eignaspjöll.
140277	HS o. fl.	Líkamsárás (meiri háttar).
240277	PK	Líkamsárás (minni háttar).
070377	EL	Fjársvik.
090377	RRÓ	Líkamsárás (minni háttar).
080377	GGG	Líkamsárás (minni háttar).
110377	ÞÞ o. fl.	Tollalagabrot.
300377	GTÆ	Líkamstjón af gáleysi.
140477	KK	Þjófnaður.
020577	GG o. fl.	Líkamsárás (minni háttar).
030577	ÁÓS o. fl.	Líkamsárás (minni háttar).
110577	BAJ	Líkamsárás (meiri háttar).
310577	SJ	Líkamstjón af gáleysi.
150677	JGS	Líkamsárás (minni háttar).
300677	PGG	Líkamsárás (minni háttar).
060777	IJG	Líkamsárás (minni háttar).
060777	SGJ	Líkamsárás (minni háttar).
200777	EK	Rangar sakargiftir.
041077	BAJ	Líkamsárás (meiri háttar).
041077	ÓÁS	Líkamsárás (minni háttar).
041077	KK	Þjófnaður.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
311077	OM	Nytjastuldur.
011177	SIP	Nauðgun.
311077	HS	Eignaspjöll.
021177	SN	Líkamsárás (minni háttar).
071177	SG	Líkamsárás (minni háttar).
161177	ÓRS	Líkamsárás (meiri háttar).
171177	LS	Rán.
171177	LSA o. fl.	Þjófnaður.
061277	HM	Þjófnaður.
291277	GH o. fl.	Skjalafals.
050178	ÁS	Líkamsárás (minni háttar).
110178	SGJ	
090178	ÁHM	Fjársvik.
080278	BS o. fl.	Þjófnaður.
090278	HSG o. fl.	Fjársvik.
100278	GEN	Líkamstjón af gáleysi.
220378	SSV	Líkamsárás (minni háttar).
290378	GÁE	Líkamsárás (minni háttar).
290378	HS	Líkamsárás (minni háttar).
060478	HÞS	Umferðarlagabrot.
060478	ÞHÓ	Umferðarlagabrot.
100478	GÞ o. fl.	Fjársvik.
100478	FWM	Líkamsárás (meiri háttar).
100478	MI	Tollalagabrot.
140478	JHG	Umferðarlagabrot.
140478	SGH	Umferðarlagabrot.
190478	VMB	Líkamsárás (minni háttar).
250578	HS	Áfengislagabrot.
060678	SIP o. fl.	Nauðgun.
120678	KJM	Líkamsárás (minni háttar).
120678	SSJ	Líkamsárás (minni háttar).
190678	BSJ	Líkamsárás (minni háttar).
210678	BK o. fl.	Þjófnaður, fjársvik og skjalafals.
190678	GÖH	Umferðarlagabrot.
230678	GHA	Líkamsárás (minni háttar).
260678	JES	Þjófnaður.
260678	LS	Fjársvik.
260678	SSB	Líkamsárás (minni háttar).
290678	HTM	Líkamsárás (minni háttar).
290678	SSG o. fl.	Tollalagabrot.
290678	ÁE	Tollalagabrot.
040778	RH	Þjófnaður.
050778	GÖH	Umferðarlagabrot.
110778	GHS o. fl.	Fjárdráttur.
190778	IS o. fl.	Þjófnaður.
200778	ÆÓH	Líkamsárás (meiri háttar).
100878	REB	Manndráp af gáleysi.
210878	ÞS	Líkamsárás (minni háttar).

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
111078	HS	Umferðarlagabrot.
111078	SÁ	Umferðarlagabrot.
121078	HS	Umferðarlagabrot.
131078	GBA	Umferðarlagabrot.
191078	GG	Umferðarlagabrot.
191078	HH	Umferðarlagabrot.
191078	JÞW	Líkamsárás (minni háttar).
231078	GBA	Umferðarlagabrot.
261078	JAÓ	Líkamsárás (minni háttar).
021178	HM	Fjársvik.
021178	SEG	Skjalafals.
031178	BHÁ	Líkamsárás (meiri háttar).
131178	SH	Þjófnaður.
161178	MG o. fl.	Líkamsárás (minni háttar).
171178	BGR	Líkamsárás (minni háttar).
221178	ÞÞ	Þjófnaður.
241178	EÞA o. fl.	Þjófnaður og hlutdeild í þjófnaði.
301178	ÁJ	Líkamsárás (minni háttar).
181278	RH o. fl.	Rán. Þjófnaður.
201278	SFW	Fjárdráttur.
271278	GM o. fl.	Þjófnaður. Líkamsárás (minni háttar).

II. Akranes.

Ekkert.

III. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

Ekkert.

IV. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.

110275	BÓ	Rangur framburður o. fl.
280576	HG	Brot gegn farbanni.
110577	ÁMV	Fiskveiðalagabrot.
080977	SMS	Þjófnaður.
190977	SMS	Nytjataka o. fl.
081277	SMS	Þjófnaður.
020278	FÖG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
030278	FRG o. fl.	Þjófnaður, hilming.
040478	ÁÁE	Áfengis- og umferðarlagabrot.
260778	KM	Áfengis- og umferðarlagabrot.

V. Dalasýsla.

Ekkert.

VI. Barðastrandarsýsla.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
050975	GS	Skjalafals og tékkamisferli.

VII. Bolungarvík.

Ekkert.

VIII. Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla.

061276	AG o. fl.	Líkamsárás.
080677	ÓGE	Líkamsárás.
101177	GDJ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
061277	ÓÞJ o. fl.	Rangur framburður o. fl.
250478	KH	Líkamsárás.
200278	ÁG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
290678	GÍ	Þjófnaður.

IX. Strandasýsla.

Ekkert.

X. Húnavatnssýsla.

060178	GBH	Fjárdráttur.

XI. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.

091274	JVÁ	Skjalafals.
100575	JVÁ o. fl.	Skjalafals o. fl.
270677	JVÁ	Skjalafals og þjófnaður.

XII. Siglufjörður.

Ekkert.

XIII. Ólafsfjörður.

Ekkert.

XIV. Akureyri, Dalvík og Eyjafjarðarsýsla.

290477	MÁ	Fjársvik.

XV. Húsavík og Þingeyjarsýsla.

310576	GHL	Áfengis- og umferðarlagabrot.
310576	GHL	Áfengis- og umferðarlagabrot.
140777	AL	Líkamsárás.

XVI. Seyðisfjörður og Norður-Múlasýsla.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
060978	GHS	Áfengis- og umferðarlagabrot.

XVII. Neskaupstaður.

Ekkert.

XVIII. Eskifjörður og Suður-Múlasýsla.

110774	KJS o. fl.	Nauðgun.
260678	TMF	Áfengis- og umferðarlagabrot.

XIX. Austur-Skaftafellssýsla.

120578	ÞS	Brot á lögum um sauðfjárveikivarnir o. fl.

XX. Vestur-Skaftafellssýsla.

Ekkert.

XXI. Vestmannaeyjar.

240671	GÓ	Sjóslys.
020671	KÓH	Líkamsárás (minni háttar).
250472	HG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
020472	KÓH	Líkamsárás (minni háttar).
111272	MHF	Áfengis- og umferðarlagabrot.
310872	SÁS	Líkamsárás.
031072	TS	Eignaspjöll.
181072	ÞS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
070674	BK	Líkamsárás.
221174	GTG	Eignaspjöll.
121174	LKÞ	Áfengislagabrot.
130275	FS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
220975	GTG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
210875	GG	Umferðarlagabrot.
071177	GVÆ	Fjársvik og líkamsárás.
110377	ÓS	Áfengis- og umferðarlagabrot o. fl.
010377	SVS	Fjársvik.
030578	GG	Þjófnaður.
070278	GVÆ	Fjársvik.
290878	ÞMJ	Umferðarlagabrot.

XXII. Rangárvallasýsla.

Ekkert.

XXIII. Árnessýsla.

Dags. ákæru:	Auðkenni máls:	Tegund brots:
060477	SÓ	Skjalafals.
040777	GBM	Manndráp af gáleysi.
080977	JAS	Þjófnaður.
220977	ÓSH	Skjalafals og þjófnaður.
120678	KR	Þjófnaður, gripdeild, fjárdráttur, og tékkasvik.

XXIV. Keflavík, Njarðvík, Grindavík og Gullbringusýsla.

110975	GGA	Áfengis- og umferðarlagabrot.
101075	KS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
210676	RJ	Líkamstjón af gáleysi.
201176	EBS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
200177	SAG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
110377	GJ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
130577	HJK	Líkamsárás (minni háttar), eignaspjöll og nytjastuldur.
160877	GJ	Áfengis- og umferðarlagabrot. Nytjastuldur.
160178	BHG	Áfengis- og umferðarlagabrot.

XXV. Keflavíkurflugvöllur.

071178	HZH	Áfengis- og umferðarlagabrot.

XXVI. Hafnarfjörður, Garðakaupstaður, Seltjarnarnes og Kjósarsýsla.

121174	BA o. fl.	Eignaspjöll o. fl.
250975	KV	Tékkabrot.
311075	GVG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
141175	KGJL o. fl.	Áfengis- og umferðarlagabrot.
070176	RÞM	Umferðarlagabrot.
190176	SMS	Tékkabrot.
240476	KJ	Tékkabrot.
280476	ÓT	Áfengis- og umferðarlagabrot.
240676	ÓM	Umferðarlagabrot o. fl.
260876	MPS	Tékkabrot.
150976	GM	Tékkabrot.
021176	SÖH	Tékkabrot.
021176	ISG	Tékkabrot.
171176	ÓKS	Tékkabrot.
171176	SH	Tékkabrot.
181176	PS	Tékkabrot.
181176	MS	Tékkabrot.
181176	PS	Tékkabrot.
050177	ASE	Tékkabrot.
060177	HMG	Tékkabrot.
240177	ERS	Áfengis- og umferðarlagabrot.

Þingfestingardagur:	Nr. máls:	Aðilar:	
110277	JG		Tékkabrot.
130477	HP		Tékkabrot.
250477	HIJ		Tékkabrot.
220877	BAJ o. fl.		Þjófnaður.
010977	BJ		Áfengis- og umferðarlagabrot.
220977	JÞ		Áfengis- og umferðarlagabrot.
311077	GÞP o. fl.		Áfengis- og umferðarlagabrot.
071177	BJ		Líkamsárás.
211177	HÞG		Þjófnaður.
241177	GB		Ökugjaldssvik.
141277	HE		Líkamsárás.
230178	HÞJ o. fl.		Tilraun til fjársvika.
240278	SH		Áfengis- og umferðarlagabrot.
010378	EB		Nytjataka o. fl.
230578	EB		Nytjataka.
310578	AKJ o. fl.		Tékkabrot.
190678	GÁ		Tékkabrot o. fl.
290678	ÞKW		Áfengis- og umferðarlagabrot.
250878	ÆHS		Áfengis- og umferðarlagabrot o. fl.
180978	JÓB		Áfengis- og umferðarlagabrot.
031178	SEH		Fjársvik.
101178	ÞTT		Skírlífisbrot.
221178	ERS		Áfengis- og umferðarlagabrot.
061278	JB		Manndráp af gáleysi.

XXVII. Kópavogur.

170476	RÖJ	Líkamsárás.
070277	HFE	Þjófnaður, fjársvik o. fl.
160877	GVS	Áfengis- og umferðarlagabrot.
040477	ÓJ	Skilasvik.
280278	SFR	Áfengis- og umferðarlagabrot.
160378	JKG	Áfengis- og umferðarlagabrot.
200778	GSI	Líkamsárás.
260978	GÁ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
060978	JFJ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
091178	GÞÁ	Áfengis- og umferðarlagabrot.
171178	GAG	Líkamsárás.

Auk þess, sem hér að framan er talið, voru til meðferðar 10 mál hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, sem falla undir þennan lið.

Samtals falla því 240 mál undir þennan lið. Er skipting eftir brotum eftirfarandi, miðað við aðalákæruefni:

Áfengis- og/eða umferðarlagabrot	64
Líkamsárásir	54
Þjófnaðir	23
Tékkabrot	19
Fjársvik	11
Ávana- og fíknibrot	10
Skjalafals	8
Líkamstjón af gáleysi	7
Tollalagabrot	7
Skírlífisbrot	5
Nytjastuldur	5
Eignaspjöll	5
Fjárdráttur	5
Manndráp af gáleysi	3
Verðlagsbrot	2
Rán	2
Rangur framburður	2
Brot gegn opinberum starfsmanni við skyldustörf	1
Brenna	1
Rangar sakargiftir	1
Brot gegn farbanni	1
Fiskveiðilagabrot	1
Brot á lögum um sauðfjárveikivarnir	1
Ökugjaldssvik	1
Tilraun til fjársvika	1
Skilasvik	1
Sjóslys	1
Alls:	240

Málin skiptast þannig á milli ára, miðað við dagsetningu ákæru:
1971:2, 1972:6, 1974:10, 1975:16, 1977:75, 1978:99.

Ed. **512. Nefndarálit** [120. mál]

um frv. til l. um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með að það verði samþykkt.

Alþingi, 14. maí 1980.

Helgi Seljan, form., með fyrirvara. Karl Steinar Guðnason, fundaskr., frsm. Salome Þorkelsdóttir.
Lárus Jónsson. Davíð Aðalsteinsson. Jón Helgason.
Guðm. Karlsson.

Nd. **513. Nefndarálit** [150. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. maí 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir, form. Jóhann Einvarðsson, fundaskr. Jósef H. Þorgeirsson, frsm.
Guðrún Helgadóttir. Pétur Sigurðsson. Sigurlaug Bjarnadóttir.
Guðm. G. Þórarinsson.

Sþ. **514. Þingsályktun** [164. mál]

um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1979—82.

(Afgreidd frá Sþ. 14. maí.)

Alþingi ályktar að árið 1980 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun.

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í m.kr.)

1.1.	**Fastir liðir:**	
1.	Bensíngjald	11 000
2.	Þungaskattur	3 600
3.	Gúmmígjald	75
	Markaðir tekjustofnar	14 675
4.	Ríkisframlag	1 000
1.2.	**Sérstök fjáröflun:**	
1.	Lántaka v/Borgarfjarðar	1 500
2.	Önnur lántaka	6 800
	Samtals	23 975

II. SKIPTING ÚTGJALDA
(Fjárhæðir í m.kr.)

2.1.	**Stjórn og undirbúningur:**		
1.	Skrifstofukostnaður	462	
2.	Verkfræðilegur undirbúningur	596	
3.	Umferðartalning og vegaeftirlit	89	
4.	Eftirlaunagreiðslur	59	
			1 206
2.2.	**Viðhald þjóðvega:**		
1.	Sumarviðhald		
	1. Viðhald malarvega	2 469	
	2. Viðhald vega með bundnu slitlagi	662	
	3. Viðhald brúa	311	
	4. Viðhald varnargarða	41	
	5. Heflun vega	1 251	
	6. Rykbinding	389	
	7. Vinnsla efnis	1 218	
	8. Vatnaskaðar og ófyrirséð	269	
	9. Vegmerkingar	60	
		6 670	
2.	Vetrarviðhald	1 632	
			8 302
2.3.	**Til nýrra þjóðvega:**		
1.	Stofnbrautir		
	1. Almenn verkefni	3 884	
	2. Bundin slitlög	950	
	3. Sérstök verkefni	3 700	
		8 534	
2.	Þjóðbrautir	1 700	
3.	Girðingar og uppgræðsla	158	
			10 392
2.4.	**Til brúagerða:**		
1.	Brýr 10 m og lengri	790	
2.	Smábrýr	210	
			1 000
2.5.	**Til fjallvega o. fl.:**		
1.	Aðalfjallvegir	49	
2.	Aðrir fjallvegir	52	
3.	Þjóðgarðavegir o. fl.	49	
4.	Bláfjallav., Suðurlandsv.—Hafnarfj.	21	
5.	Reiðvegir	5	
			176
2.6.	**Til sýsluvega:**		816
2.7.	**Til vega í kaupst. og kauptúnum:**		1 835
2.8.	**Til vélakaupa og áhaldahúsa:**		
1.	Til véla- og verkfærakaupa	70	
2.	Til byggingar áhaldahúsa	105	
			175
2.9.	**Til tilrauna:**		73
		Samtals	23 975

SUNDURLIÐUN

2.3. Til nýrra þjóðvega.

1. Stofnbrautir.

1.1. Almenn verkefni.

Vegur	Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1980 fjárv. m.kr.
1		Suðurlandsvegur	
	08	Um Hemruhamra	14
	14	Um Reynisfjall	75
	17	Um Steina	11
	22–27	Hvolsvöllur—Landvegur	189
30		Skeiðavegur	
	01	Suðurlandsvegur—Ólafsvallavegur	75
34		Eyrarbakkavegur	
	02	Selfoss—Gaulverjabæjarvegur	130
1		Vesturlandsvegur	
	13–14	Skálatún—Þingvallavegur	15
	16	Brautarholtsvegur—Dalsmynni	240
	17	Eiríkshóll—Fossá	65
40		Hafnarfjarðarvegur	
	03–04	Arnarnes—Hafnarfjörður	106
	06	Engidalur—Elliðavatnsvegur	15
45		Garðskagavegur	
	03	Garður—Sandgerði	15
1		Vesturlandsvegur	
	09	Um Gufá	97
	09	Um Eskiholtslæk	19
	11	Brekka—Búðardalsá	20
51		Akranesvegur	
	01	Akrafjallsvegur—Berjadalsá	157
54		Ólafsvíkurvegur	
	05	Þverá—Dalsmynni	65
	06	Um Gröf	5
	07	Um Gróulæk og Viðralæk	19
	08	Kirkjuhóll—Hofgarðar	62
55		Heydalsvegur	
	01	Ólafsvíkurvegur—sýslumörk	91
60		Vestfjarðavegur	
	05	Um Búðardal	20
	07	Um Ljá og Fáskrúð	49
60		Vestfjarðavegur	
	06	Vörðufell—Krossgil	140

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1980 fjárv. m.kr.
61	Djúpvegur	
05—06	Í Ísafirði	75
11–12	Skötufjörður	45
16	Langeyri—Súðavík	40
21	Vestfjarðavegur—Ísafjörður	70
25	Óshlíð	50
62	Barðastrandarvegur	
04	Um Kleifaheiði	75
68	Hólmavíkurvegur	
01	Ormsá—Selá	88
10	Um Miðdalsá	25
1	Norðurlandsvegur	
03	Um Hrútafjarðarháls	100
13	Í Langadal	100
15	Sýslumörk—Skagafjarðarvegur	18
75	Sauðárkróksbraut	
02–03	Norðurlandsvegur—Sauðárkrókur	50
06	Í Hegranesi	38
76	Siglufjarðarvegur	
04–07	Sleitustaðir—Reykjarhóll	20
10	Almenningsnöf—Gangamunni	92
1	Norðurlandsvegur	
04–05	Á Moldhaugnahálsi	65
11	Um Svalbarðsströnd	60
16	Kross—Fosshóll	37
19	Brún—Mývatnssveitarvegur	33
23–25	Kísiliðja—Jökulsá	58
82	Ólafsfjarðarvegur	
01	Norðurlandsvegur—Hörgárdalsvegur	55
03	Hámundarstaðaháls	70
85	Norðausturvegur	
01–02	Kaldakinn	44
10	Lón—Víkingavatn	33
17	Melrakkaslétta	70
26	Þistilfjörður	15
802	Ólafsfjarðarvegur eystri	
02	Ólafsfjörður—Ólafsfjarðarvegur	50
821	Eyjafjarðarbraut vestri	
01	Norðurlandsvegur—Kristnesvegur	30
1	Austurlandsvegur	
12	Upphéraðsvegur—Lagarfljótsbrú	23
20	Innri-Kleif—Suðurfjarðavegur	48
22	Skrúðskambur—Fossgerði	70
36	Hornvegur—Hafnarvegur	30
85	Norðausturvegur	
06	Strandhafnarvegur—Vesturárdalsvegur	87
09	Vopnafjörður—Hlíðarvegur	59

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1980 fjárv. m.kr.
92	Norðfjarðarvegur	
07	Reyðarfjörður—Eskifjörður	27
10	Göng Eskifjarðarmegin—Kirkjuból	35
11	Kirkjuból—Neskaupstaður	85
93	Seyðisfjarðarvegur	
03	Sýslumörk—Seyðisfjörður	120
96	Suðurfjarðavegur	
03	Hafranes—Vattarnes	10
08	Vík — Stöðvarfjörður	90
	Samtals	**3 884**

1.2. Bundin slitlög.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1980 fjárv. m.kr.
1	Suðurlandsvegur	
22–25	Hvolsvöllur—Rauðalækur	30
38	Þorlákshafnarvegur	
02–03	Þrengslavegur—Þorlákshöfn	230
1	Vesturlandsvegur	
18–19	Hvammsvík—Múlanes	149
1	Vesturlandsvegur	
11	Brekka—Búðardalsá	50
60	Vestfjarðavegur	
05	Við Búðardal	30
61	Djúpvegur	
21	Innan Ísafjarðar	55
1	Norðurlandsvegur	
09	Reykjabraut—Blönduós	81
75	Sauðárkróksbraut	
05	Sauðárkrókur—Flugvöllur	65
1	Norðurlandsvegur	
05	Ólafsfjarðarvegur—Dagverðareyrarvegur	120
82	Ólafsfjarðarvegur	
01	Norðurlandsvegur—Hjalteyrarvegur	60
92	Norðfjarðarvegur	
07	Við Eskifjörð	50
93	Seyðisfjarðarvegur	
03	Við Seyðisfjörð	30
	Samtals	**950**

1.3. Sérstök verkefni.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1980 fjárv. m.kr.
35	Biskupstungnabraut	
01	Suðurlandsvegur—Þingvallavegur	84
36	Þingvallavegur	68
40	Hafnarfjarðarvegur	
03–04	Arnarnes—Hafnarfjörður	210
1	Vesturlandsvegur	
05	Um Borgarfjörð	2 300
1	Vesturlandsvegur	
	Á Holtavörðuheiði	126
60	Vestfjarðavegur	
25	Um Önundarfjörð	450
1	Norðurlandsvegur	
17	Um Héraðsvötn	168
1	Norðurlandsvegur	
13	Um Vikurskarð	126
1	Austurlandsvegur	
30–32	Um Hvalnesskriður	168
	Samtals	3 700

2. Þjóðbrautir.

Vegur Vegnr.	Vegheiti Kaflaheiti	1980 fjárv. m. kr.
204	Meðallandsvegur	
01	Suðurlandsvegur—Arnardrangar	10
205	Klausturvegur	
01	Um Kirkjubæjarklaustur	35
22	Dalavegur	
01	Við Flugstöð	75
25	Þykkvabæjarvegur	
01–02	Suðurlandsvegur—Þykkvibær	35
250	Dímonarvegur	
01	Ýmsir staðir	10
252	Landeyjavegur	
01–06	Ýmsir staðir	10
261	Fljótshlíðarvegur	
02	Hvolsvöllur—Deild	45
268	Þingskálavegur	
02	Bolholt—Landvegur	15
33	Gaulverjabæjarvegur	
01	Um Hróarsholtslæk	12
35	Biskupstungnabraut	
05	Ofan Brúarár	40
37	Laugarvatnsvegur	
02	Um Laugarvatn	60
305	Villingaholtsvegur	
02	Ýmsir staðir	33
340	Auðsholtsvegur	
01	Hrunamannavegur—Langholt	19

Vegur	Vegnr. Vegheiti	Kaflaheiti	1980 fjárv. m.kr.
345		Kaldbaksvegur	
	01	Ýmsir staðir	1
365		Gjábakkavegur	
	01	Við Laugarvatn	14
425		Nesvegur	
	01	Hafnir—Reykjanesviti	67
	06	Grindavík—Þórkötlustaðahverfi	43
50		Borgarfjarðarbraut	
	02	Um Hesthála	50
	05	Hamraendar—Arnarholt	59
52		Uxahryggjavegur	
	02	Borgarfjarðarbraut—Hóll	22
523		Hvítársíðuvegur	
	01	Þverárhlíðarvegur—Þorgautsstaðir	43
526		Stafholtsvegur	
	01	Stafholt—Svarfhóll	22
566		Hítarnesvegur	
	01	Ólafsvíkurvegur—Krossholt	9
568		Skógarnesvegur	
	01	Deildarlækur—Skógarnes	9
571		Ölkelduvegur	
	01	Ólafsvíkurvegur—Hóll	6
572		Lýsuhólsvegur	
	01	Ólafsvíkurvegur—Ólafsvíkurvegur	7
574		Útnesvegur	
	01	Hamraendalækur—L.-Hnausar	17
59		Laxárdalsvegur	
	02	Laxárdalsheiði	60
590		Klofningsvegur	
	07	Um Stekkjardal	15
594		Staðarhólsvegur	
	01	Um Þurranes	9
619		Ketildalavegur	
	04	Austmannsdalur—Selárdalur	40
59		Laxárdalsvegur	
	01	Sýslumörk—Laxá	54
65		Súgandafjarðarvegur	
	02	Innan Suðureyrar	68
704		Miðfjarðarvegur	
Byggð var 14 m steypt bitabrú, sem kom í stað mjög ófullkominnar brúar. Kostnaður var áætlaður 28,0 m.kr.

Fáskrúð (60):
Byggð var 40 m forspennt bitabrú. Kemur hún í stað brúar frá 1914, sem var löngu orðin of mjó og nánast ónýt. Er þar með úr sögunni síðasta brúin á Vestfjarðavegi, sem ekki var leyfð fyrir 2,5 m breið ökutæki. Kostnaður var áætlaður 58,0 m.kr.

Ljá (60):
Byggður var 5,25 m steyptur hálfbogamyndaður stokkur, í stað gamallar ónýtrar brúar. Kostnaður var áætlaður 30,0 m.kr.

Miklagil(1):
Byggður var 5,25 m steyptur hálfbogamyndaður stokkur, og tengdur með nýrri og betri veglínu. Gamla brúin á Miklagili var ónýt orðin og aðkoma að henni alltaf talin hættuleg. Kostnaður var áætlaður 32,0 m.kr.

Bjarnadalsá (625):
Byggð var 24 m steypt bitabrú á vöðlum við Bjarnadalsá. Brúin stendur nokkru neðar en gamla brúin. Hér er um að ræða hluta af nýrri veglínu Vestfjarðavegar um Önundarfjörð. Brúin leysir af hólmi ónýta stálbitabrú á Bjarnadalsá. Kostnaður er áætlaður 40,0 m.kr.

Valadalsá(1):
Byggð var 8 m tvíbreið, steypt plötubrú. Áður var þarna mjó steypt bitabrú frá 1915 með slæmri aðkomu. Kostnaður var áætlaður 45,0 m.kr.

Grafará (76):
Byggð var 14 m steypt bitabrú. Þar með fellur niður snjóþungur og hættulegur vegarkafli með mjórri brú sunnan Hofsóss, og vegurinn færist út úr þéttbýlinu. Kostnaður var áætlaður 21,0 m.kr.

Þorvaldsdalsá (82):
Byggð var 38 m tvíbreið brú úr forspenntri steinsteypu. Kemur hún í stað brúar frá 1948, sem var of lág og hættuleg. Kostnaður var áætlaður 90,0 m.kr.

Eyvindarlækur (854):
Byggð var 10 m stálbitabrú með steyptu gólfi. Kemur hún í stað gamallar brúar með slæmri aðkomu. Kostnaður var áætlaður 23,0 m.kr.

Miðfjarðará (85):
Byggð var 48 m steypt plötubrú. Kemur hún í stað mjórrar bogabrúar frá 1916. Kostnaður var áætlaður 55,0 m.kr.

Ártúnsá (1):
Byggður var 5,25 m steyptur hálfbogamyndaður stokkur, af sömu gerð og þeir, sem byggðir voru yfir Miklagil og Ljá.
Gert er ráð fyrir að byggja brú, sem áætlað var að kostaði um 100,0 m.kr. En breytt tilhögun mun hafa sparað verulegan hluta af þeim kostnaði.

Fskj. 2.5.1.—1.

Aðalfjallvegir — Greinargerð um framkvæmdir.

1. F35 Kaldadalsvegur:
   Fjárveiting var 1,8 m.kr. og var henni verið til almenns viðhalds á veginum.
2. F37 Kjalvegur:
   Fjárveiting var 6,7 m.kr. Tengd var ný brú á Sandá, sjá fskj. 2.1.-1. Ennfremur fór fram venjulegt viðhald á veginum, svo sem heflun, uppsetning á stikum o.fl.
3. F22 Fjallabaksvegur nyrðri:
   Fjárveiting var 3,0 m.kr. Var henni varið til venjulegs viðhalds, vegurinn heflaður, mölbornir stuttir kaflar og endurnýjaðar stikur.
4. F82 Sprengisandsleið:
   Fjárveiting var 9,5 m.kr., og var henni varið til venjulegs viðhalds á leiðinni. Vegurinn var heflaður, stikur endurbættar og kaflar mölbornir, einkum á nyrsta hluta leiðarinnar, sunnan við Mýri í Bárðardal, en þar urðu verulegar skemmdir í vorleysingum. Einnig var álman F78, af Fjórðungsöldu í Vesturdal í Skagafjörð, lagfærð að venju og var í sumar valin ný leið milli Laugafells og Fjórðungsöldu og hún hefluð. Eftir er að stika þann hluta leiðarinnar.

Sþ. 517. Skýrsla

samgönguráðherra um hafnarframkvæmdir 1979.

INNGANGUR.

Á fjárlögum ársins 1979 voru veittar 1 572.3 millj. kr. til framkvæmda í almennum höfnum, auk 230.0 millj. kr. til Grundartangahafnar, sem heyrir undir almennu hafnalögin, en er nokkuð sérstaks eðlis. Til landshafna voru veittar 150.0 millj. kr. og til ferjuhafna 36.9 millj. kr. Fjárveitingar úr ríkissjóði til hafnargerða voru þannig alls 1 989.2 millj. kr.

Framkvæmdir á árinu urðu:

Í almennum höfnum í eigu sveitarfélaga	2 199.3	m.kr.
Í Reykjavík, sem heyrir undir hafnalögin, en nýtur ekki fjárveitinga úr ríkissjóði	713.0	—
Á Grundartanga	243.0	—
Í Karlsey	42.5	—
Í landshöfnum	153.5	—
Í ferjuhöfnum	13.5	—
Heildarframkvæmdir í hafnargerðum urðu því	3 364.8	m.kr.

Árið 1979 voru heildarframkvæmdir 2 752.0 m.kr.

Aðrar framkvæmdir voru við sjóvarnargarða, sem unnið var við fyrir alls 5.3 millj. kr., en fjárveiting til þeirra nam 89.0 millj. kr.

Í skýrslunni hér á eftir er stutt lýsing á framkvæmdum á hverjum stað, svo og sérstakir kaflar um áætlanagerð, rannsóknir og dýpkunartæki.

Í fylgiskjali eru töflur um fjárveitingar og framkvæmdakostnað á hverjum stað, ríkishluta framkvæmda, stöðu ríkissjóðs gagnvart einstökum hafnarsjóðum og fjárveitingar til sjóvarnargarða.

FRAMKVÆMDIR 1979 Í ALMENNUM HÖFNUM.

Akranes.

Haldið var áfram byggingu og lengingu aðalhafnargarðsins. Grjótgarðurinn var lengdur um 50 metra. Alls voru keyrðir um 57 000 m^3 af grjóti í garðinn. Hófst verkið í lok apríl og lauk í fyrstu viku september.

Á miðju sumri kom í ljós, að grjótnámið, sem nýtt hafði verið þrjú undanfarin ár, var uppurið. Var því opnuð önnur grjótnáma nokkru norðar, og reyndist hún vel líkt og fyrri náman.

Kostnaðarverð grjótsins varð rétt rúmar 3 000 kr. á rúmmetra, sem er líklega lægsta verð á rúmmetra, sem náðst hefur í slíkri framkvæmd. Veðurfar var mjög gott allan framkvæmdatímann. Notaður var hinn nýi grjótprammi Hafnamálastofnunar við útlagningu kjarnans og milligrjóts og varð það mjög hagkvæmt. Lengingu aðalhafnargarðsins er nú lokið, en það verk hófst árið 1976. Endi nýja grjótgarðsins

nær nú um 125 metra fyrir enda gamla kerjagarðsins, en alls er hafnargarðurinn 330 metra langur. Verkið skiptist þannig milli ára:

Árið 1976 voru keyrðir úr 22 500 m³ af grjóti
Árið 1977 voru keyrðir út 84 000 m³ af grjóti
Árið 1978 voru keyrðir út 44 500 m³ af grjóti
Árið 1979 voru keyrðir út 57 000 m³ af grjóti

Alls er grjótmagnið 208 000 rúmmetrar. Grjótgarðurinn á Akranesi er því stærsti grjótgarður á landinu, næst suðurgarðinum í Þorlákshöfn, sem í fóru 236 000 rúmmetrar af grjóti.

Framkvæmdakostnaður: 180.0 millj. kr.

Arnarstapi.

Verklok, athuganir, leiðrétting kostnaðar fyrra árs.
Framkvæmdakostnaður: 0.6 millj. kr.

Ólafsvík.

Haldið var áfram við byggingu grjótgarðs norðan Norðurgarðs. Var grjótgarðurinn lengdur um 80 metra. Hann er nú um 220 metra langur og nær um 100 metra fram fyrir enda gamla hafnargarðsins.

Alls voru keyrðir um 35 000 m³ af grjóti í garðinn. Hluti kjarnagrjótsins var lagður út með hinum nýja grjótpramma Hafnamálastofnunar. Er það í fyrsta skipti, sem þeirri aðferð er beitt af Hafnamálastofnun, en þessi aðferð var notuð af verktaka við byggingu grjótgarðanna í Þorlákshöfn.

Til þess að vinna stærsta grjótið varð að opna grjótnámu við Rif og jók það töluvert kostnað. Meðalkostnaður á rúmmetra í garði varð um 4 360 kr., sem er nokkru hærra en árið áður.

Verkið hófst í miðjum maí 1979 og lauk í lok september sama ár.
Framkvæmdakostnaður: 152.6 millj. kr.

Grundarfjörður.

Unnið var við vatns- og raflögn út hafnargarðinn í nýju viðleguhöfninni. Vatnslögn var lögð í garðinn frá landi út að nýja stálþilinu, en eftir er að tengja hana við bæjarkerfið.

Steypt var sambyggt tengihús undir ljósamastur. Gengið var frá raflögn við nýja stálþilið. Sett var upp lýsing og ljósamastur. Í ágúst var gert við skarð í grjótgarðinn, er myndast hafði um veturinn.

Framkvæmdakostnaður: 15.1 millj.kr.

Stykkishólmur.

Unnið var að endurbótum á dráttarbrautinni í Skipavík. Steyptir voru 2 hliðarfærslugarðar. Gengið var frá brú og stöplum ísetningarbryggju.

Keypt var efni og unnið við stillibúnað dráttarbrautar. Unnið var að rannsóknum, mælingum og borunum í sambandi við væntanlega viðgerðarbryggju og vöruhöfn í Skipavík.

Framkvæmdakostnaður: 20.4 m.kr.

Karlsey.

Steyptir voru um 100 lengdarmetrar kants á stálþili. Töluverður kantur er enn ósteyptur. Mikil vinna var að rétta stálþilið, en það hefur skekkst og dældast vegna þess að kantinn hefur vantað.

Verkið hófst 8. september og var vinnu hætt 4. desember.

Framkvæmdakostnaður: 42.5 millj. kr.

Patreksfjörður.

Haldið var áfram breikkun og dýpkun rennunnar inn í höfnina, en það verk hófst haustið 1978. Verkið var unnið með Manitovock krana Hafnamálastofnunar. Kraninn gróf upp rennuna með dragskóflu, og var uppgreftrinum jafnað utan á oddann. Fremri hluti oddans var einnig klæddur grjóti. Kraninn lauk við dýpkun rennunnar 5. febrúar og var fluttur að innsta hluta stálþilsins, þar sem hann grabbaði upp með þilinu. Lauk því verki 19. febrúar. Alls hafa verið dýpkaðir í rennu og höfn um 25 000 m³. Í rennunni varð eftir hryggur, sem var harðari en svo, að dragskófla ynni á honum. Einnig er nokkur dýpkun eftir í hafnarmynninu, sem dragskóflan náði ekki til. Þetta verður dýpkað síðar með gröfuflekanum Gretti. Gengið var frá oddanum að lokum með moldarlagi og sáð í það um vorið. Unnið var við uppsetningu hafnarvogar, steypt var gryfja og undirstöður vogarhúss. Að þessu var unnið þar til í desember.

Framkvæmdakostnaður: 63.0 millj. kr.

Tálknafjörður.

Mælingar og athuganir hafnarstæðis.

Framkvæmdakostnaður: 0.4 millj. kr.

Flateyri.

Unnið var að endurbyggingu steypts kants í vöruhöfn. Alls voru endurbyggðir 50 metrar af kanti.

Framkvæmdakostnaður: 17.8 millj. kr.

Suðureyri.

Keypt, en óuppsett hafnarvog var seld til Patreksfjarðar.

Unnið var að mælingum og rannsóknum hafnarstæðis.

Vogin var seld á 10.0 millj. kr. Rannsóknir kostuðu 10.7 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður: 0.7 millj. kr.

Bolungarvík.

Haldið var áfram framkvæmdum við nýja loðnu- og viðlegukantinn innan á Suðurgarðinum. Á árinu 1978 hafði gröfupramminn Grettir grafið skurð fyrir stálþil og dýpkað þar fyrir framan. Einnig hafði verið keypt efni, stálþil, festingar og timbur.

Verkið hófst 25. júní 1979 með því að lagður var út vegur á Suðurgarðinn og hann breikkaður. Ekið var einnig utan á hann grjóti. Alls var fyllingin og grjótið 17 000 m³.

Byrjað var að reka niður stálþil 18. ágúst og því var lokið 3. október. Alls er stálþilið 80 metrar, þar af 50 metra viðlegukantur að framan.

Gengið var frá stögum og ankerisplötum og fyllt í þilið. Reknir voru niður staurar sem bráðabirgðapollar, en eftir er að steypa kant og ganga frá lögnum og þekju. Verkinu lauk 9. nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 105.1 millj. kr.

Ísafjörður.

Steypt var þekja á norðurenda hafskipabryggjunnar, alls 825 m². Gert var við vatnslögn og hún endurbætt. Unnið var á Ísafirði frá 22. júní til 28. september.
Framkvæmdakostnaður: 32.1 millj. kr.

Súðavík.

Haldið var áfram byggingu grjótgarðs, sem byrjað var á 1977. Keyrðir voru út 21 000 m³ af grjóti. Meðalverð rúmmetra varð 4 452 kr. Garðurinn var lengdur um 145 metra. Dýpi innan við hann er 4—4.5 metrar. Efnið í garðinn var unnið við Eyrardalsá í tæpra 2 km fjarlægð frá garðinum. Grjótflutningum var lokið 9. október, en byrjað hafði verið 26. júlí. Byrjað var 30. október á smíði trébryggju innan á nýja grjótgarðinn. Bryggjan verður 20 metra löng með 4 metra dýpi. Bryggjusmíðinni var fram haldið til 22. desember, en var ólokið um áramót.
Framkvæmdakostnaður: 138.3 millj. kr.

Norðurfjörður.

Tæknivinna og athuganir.
Framkvæmdakostnaður: 0.8 millj. kr.

Drangsnes.

Tæknikostnaður og athuganir.
Framkvæmdakostnaður: 0.7 millj. kr.

Hólmavík.

Tæknivinna.
Framkvæmdakostnaður: 0.5 millj. kr.

Hvammstangi.

Endurbyggð vatnslögn. Byggt vatns- og rafmagnstengihús. Gert við klæðningu á Norðurbryggju, komið fyrir niðurföllum o. fl.
Framkvæmdakostnaður: 14.8 millj. kr.

Blönduós.

Unnið var að athugunum vegna mögulegrar hafnargerðar. Leitað var að grjótnámi með nokkrum árangri. Reyndist unnt að fá kjarnaefni stutt frá höfninni, en stóra grjótið verður að sækja um 27 km veg.
Hafnarsvæðið var mælt og kannað með borunum. Gert var við innri hluta vörukantsins þar sem miklar steypuskemmdir voru komnar fram. Þetta verk var unnið með aðstoð kafara. Unnið var að þessu frá ágúst og fram á haustið.
Framkvæmdakostnaður: 24.6 millj. kr.

Skagaströnd.

Steyptur var kantur á nýja stálþilið fyrir framan fiskimjölsverksmiðjuna. Eftir er að steypa þekjuna og leggja lagnir.
Steypti kanturinn er alls 108 m. Verkið hófst 15. maí og lauk 14. júlí 1979.
Framkvæmdakostnaður: 16.8 millj. kr.

Sauðárkrókur.

Rekið var niður stálþil í stað gamla timburþilsins við olnbogann á aðalhafnargarðinum. Hefur timburþilið, sem komið var til ára sinna, verið að láta undan síðustu ár.

Nýja stálþilið er 72 metra langt. Fyllt var í þilið og settir niður bráðabirgðapollar. Eftir er að steypa kant og þekju og leggja lagnir.

Verkið hófst 24. september 1979 og vinnu var hætt 22. nóvember. Lokið var við hafnarvog og settur upp hafnarkrani.

Framkvæmdakostnaður: 120.1 millj. kr.

Siglufjörður.

Steyptur var kantur á nýja stálþilsgarðinn í innri hluta hafnarinnar. Steypti kanturinn er alls 145 metrar. Eftir er að steypa þekju og ganga frá lögnum. Verkið hófst 16. júlí 1979 og lauk 6. október.

Gerð var tilraun til að nýta steinnökkva þá, er legið hafa fyrir innan Siglufjarðarhöfn í áratugi, til bryggjugerðar á Siglunesi. Dælt var upp úr öðrum nökkvanum leðju, sem í hann hafði sest. Kom í ljós, að botninn vantaði að hluta, og eru nökkvarnir ónothæfir til bryggjugerðar. Er því bryggjuvandinn á Siglunesi óleystur enn.

Þessar tilraunir stóðu frá 9. september til 19. sama mánaðar. Hinn 20. nóvember 1979 kom gröfupramminn Grettir til Siglufjarðar og var strax hafin dýpkun innri hluta hafnarinnar upp að nýja stálþilsgarðinum. Var unnið að dýpkuninni til 19. desember og hafði þá verið grafið upp um 22 000 m^3 af lausu efni. Voru afköst Grettis mjög góð við þær aðstæður, sem þarna eru.

Framkvæmdakostnaður: 80.4 millj. kr.

Ólafsfjörður.

Unnið var við viðgerð og endurbyggingu trébryggju innan á Norðurgarði. Nokkrir staurar í þessari bryggju höfðu gefið sig, þegar dýpkað var í innri hluta hafnarinnar fyrir framan frystihúsið.

Steyptur var kantur á nýja stálþilið fyrir framan frystihúsið, alls 82 metrar. Unnið var við viðgerð trébryggjunnar frá 29. ágúst til 2. október. Kanturinn á stálþilið var steyptur af verktaka samkvæmt samningi.

Framkvæmdakosnaður: 36.5 millj. kr.

Dalvík.

Seinni hluta vetrar og vorið 1979 var byggt líkan af Dalvíkurhöfn í straumfræðistöð Hafnamálastofnunar. Tilraunum með líkanið lauk í júlí. Voru niðurstöðurnar gefnar út í skýrslu.

Hinn 28. ágúst hófst vinna við gerð smábátahafnar í Dalvíkurhöfn, með því að keyrður var út grjótgarður í suðurhluta hafnarinnar. Í garðinn fóru um 3000 m^3 af kjarnagrjóti. Dýpkað var við þennan garð að hluta. Þessari framkvæmd lauk 7. september. Keypt var timbur í viðlegubryggju fyrir smábáta.

Framkvæmdakostnaður: 49.9 millj. kr.

Hrísey.

Tæknivinna.

Framkvæmdakostnaður: 0.1 millj. kr.

Árskógssandur.

Steyptur var 30 metra kantur á stálþilið frá árinu áður. Einnig var steypt hús undir ljósamastur, það sett upp og lögð raflögn. Lögð var vatnslögn og gert við þekju. Settar voru þybbur á hafnarkantinn.

Verkið hófst 1. júní og lauk 25. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 10.0 millj. kr.

Hauganes.

Unnið var að gerð grjótgarðs, sem kom utan á og fram fyrir hafnargarðinn, sem er úr steyptum kerjum. Skýlir nýi grjótgarðurinn þannig fyrir norðlægum áttum. Í grjótgarðinn var ekið tæpum 14 000 m³ af grjóti úr námu í um 1 km fjarlægð. Náman reyndist mjög vel, en hún var opnuð í þessu verki. Meðalverð grjótsins varð um 4 800 kr. á m³. Lengd nýja grjótgarðsins er 73 metrar og er dýpi um 6 m við enda hans.

Verkið hófst 3. júlí og lauk 24. ágúst.

Framkvæmdakostnaður: 66.8 millj. kr.

Hjalteyri.

Mælingar, tæknivinna.

Framkvæmdakostnaður: 0.5 millj. kr.

Akureyri.

Keypt var ný hafnarvog, sem er óuppsett.

Haldið var áfram frágangi viðgerðakants við Slippstöðina. Steyptur var kantur, 14 m, sett upp kanttré og þybbur, svo og stormpolli. Keypt var bryggja fyrir 35.0 millj. kr. svokölluð Sverrisbryggja, um 65 m langur timburkantur utan á Oddeyrinni.

Af lánum vegna framkvæmda fyrri ára voru alls 49.0 millj. kr. taldar til framkvæmdakostnaðar ársins.

Kostnaður: 101.1 millj. kr.

Grenivík.

Unnið var við lengingu hafnargarðsins á Grenivík. Þessi lenging grjótgarðsins mun auka skjól í norðlægum áttum. Ekið var um 9500 m³ af grjóti í garðinn úr námu í um 4½ km fjarlægð í svokölluðu Gljúfurárgili. Náma þessi reyndist mjög vel.

Kostnaður á rúmmetra í garði varð um 5 900 kr.

Verkið hófst 21. maí og lauk 30. júní.

Framkvæmdakostnaður: 56.1 millj. kr.

Grímsey.

Lok verks frá árinu áður.

Framkvæmdakostnaður: 1.0 millj. kr.

Húsavík.

Unnið var áfram við byggingu smábátahafnarinnar. Byggður var 60 m langur léttur viðlegukantur úr timbri, og gengið var frá harðviðarkanti á stálþilið frá árinu áður, alls um 90 metrar.

Vinna við bryggjugerðina hófst í marsbyrjun 1979, þegar breikkuð var uppfylling bak við væntanlega bryggju. Þeirri vinnu lauk í fyrstu viku apríl. Höfðu þá verið keyrðir út um 4400 m³.

Verkinu við bryggjusmíðina var svo haldið áfram 17. september og stóð til 22. nóvember.
Framkvæmdakostnaður: 51.1 millj. kr.
Leiðrétt frá fyrra ári ÷ 4.5 millj. kr.

Kostnaður 46.6 millj. kr.

Kópasker.

Tæknikostnaður: 0.1 millj. kr.

Raufarhöfn.

Unnið var að byggingu viðlegukants fyrir minni báta í innri hluta hafnarinnar. Þar var árið 1977 byggður grjótgarður, sem skýlir innsta hluta hafnarinnar. Er ætlunin, að þar verði viðlega og aðstaða minni báta, en bryggjur þær, sem nýttar hafa verið hingað til, falla nú hver af annarri aldurs vegna.
Rekið var niður stálþil, sem gefur 50 metra langan viðlegukant. Ætlunin var, að hægt yrði að nota það án festinga. En vegna erfiðs rekstrar tókst ekki að reka það svo djúpt.
Verkið hófst 3. október og lauk 19. desember.
Framkvæmdakostnaður: 68.3 millj. kr.

Þórshöfn.

Verklok frá fyrra ári.
Framkvæmdakostnaður: 0.9 millj. kr.

Bakkafjörður.

Tæknikostnaður.
Athuganir á væntanlegu hafnarstæði.
Kostnaður: 1.1 millj. kr.

Vopnafjörður.

Haldið var áfram frágangi stálþilsbakkans í nýju höfninni. Steyptur var hluti þekjunnar við stálþilið, alls um 420 m², en eftir eru um 450 m². Byggt var tengihús og gengið frá lögnum, vatni og rafmagni. Einnig var gert við tærða steypta staura undir Nýju bryggju.
Sú bryggja er byggð úr forspenntum steyptum einingum á steyptum staurum. Forspenntu bitarnir undir þekjunni sýna einnig merki tæringar og má reikna með töluverðri viðgerð á þeim á næstunni.
Verkið hófst 12. júní og lauk 26. september.
Framkvæmdakostnaður: 47.1 millj. kr.

Borgarfjörður eystri.

Tæknikostnaður o. fl.: 1.0 millj. kr.

Seyðisfjörður.

Byrjað var á löndunarkanti fyrir framan frystihús Fiskvinnslunnar h.f.
Byggður var landveggur ásamt þekju fyrir væntanlegan löndunarkant úr harðviði. Þekjan og landveggurinn voru byggð á stálstaurum, sem reknir voru djúpt niður í undirstöðuna.

Mjög erfitt og dýrt er að byggja þarna kant vegna þess hversu framarlega frystihúsið stendur og fyllingin undir því og framan við það stendur á mjög lausum og veikum jarðlögum.

Væntanlegur löndunarkantur verður 42 metra langur.

Verkið hófst 13. ágúst og lauk 27. október.

Framkvæmdakostnaður: 49.3 millj. kr.

Neskaupstaður.

Kostnaður vegna greiðslu lána, sem tekin voru til uppbyggingar hafnarinnar eftir snjóflóðið veturinn 1974—1975, var talinn til framkvæmdakostnaðar á árinu.

Kostnaður: 32.5 millj. kr.

Eskifjörður.

Unnið var að undirbúningi og hönnun löndunarkants við frystihúsið. Þarna eru tæknilega erfiðar aðstæður, líkt og á Seyðisfirði. Þurfti því töluverðar rannsóknir og tæknilega vinnu til að fá niðurstöðu um lausn þessa verkefnis.

Kostnaður: 9.0 millj. kr.

Reyðarfjörður.

Gengið var frá þekju við nýja stálþilið. Steyptir voru 560 m² af þekju.

Vinna hófst 12. september og lauk 22. október.

Framkvæmdakostnaður: 8.0 millj. kr.

Fáskrúðsfjörður.

Unnið var við frágang stálþils, sem er aðalvöruflutningakantur staðarins. Steyptur var á það kantur og gengið frá lögnum. Unnið var einnig að rannsóknum vegna væntanlegs löndunarkants við frystihús.

Selt var smávegis af harðviði úr dráttarbrautarefni til Seyðisfjarðar.

Verkið hófst 13. ágúst og lauk 15. október.

Framkvæmdakostnaður: 19.7 millj. kr.

Stöðvarfjörður.

Verklok frá fyrra ári.

Kostnaður: 1.0 millj. kr.

Djúpivogur.

Tæknikostnaður: 0.3 millj. kr.

Höfn í Hornafirði.

Rekið var niður 70 m stálþil í Óslandi í suðurhluta hafnarinnar. Gekk það verk mjög vel. Eftir er að ganga frá þilinu, steypa kant og þekju og leggja lagnir. Þarna verður 50 m viðlegukantur. Ætlunin er, að þarna verði einnig landað síld. Síðan verður dýpkað við þilið og í höfninni með dælingu. Verður því efni dælt í uppfyllingu upp af þilinu. En þar er ætlunin að komi aðstaða fyrir verbúðir og fleira.

Í ársbyrjun urðu breytingar í innsiglingunni inn í höfnina. Sanddæluskip Björgunar h.f., Sandey I, var fengið til að dæla úr rennunni og var því efni, sem var smágerð möl, dælt á land við höfnina og notað í fyrirstöðugarð og fyllingu við stálþilið.

Alls var dælt upp 15 000 m³ úr rennunni. Síðar á árinu og í ársbyrjun 1980 urðu þær breytingar í Hornafjarðarós, að hann fór í sitt fyrra horf og Austurfjörutanginn lengdist aftur um þá 50—100 metra, sem hann hafði styst um.

Byggð var hafnarvog ásamt húsi.

Vinna við stálþilið hófst 16. október og lauk 15. desember.
Unnið var að mælingum og rannsóknum á Ósnum. Í árslok var unnið að undirbúningi dýpkunar með dæluprammanum Hák.
Framkvæmdakostnaður: 140.3 millj. kr.

Dyrhólaey.

Unnið var að lendingarbótum við Kirkjufjöru sunnan Dyrhólaeyjar. Sprengdur var skurður eða niðurkeyrsla í bergið, sem er þarna 10—15 metra hátt.
Unnið var við þetta á sama tíma og vegagerðin byggði upphækkaðan veg út í Dyrhólaey. Leiðin út í eyjuna hefur viljað lokast, þegar hleðst upp í Dyrhólaós og vatn í ósnum hækkar. Grjótið sem sprengt var úr skarðinu var nýtt af vegagerðinni og keyrt utan á veginn. Urðu því bæði þessi verk miklu ódýrari og hagstæðari en hefði orðið, ef þau hefðu ekki verið unnin samtímis.
Nýi vegurinn kemur nú í veg fyrir, að vatnið í ósnum flæmist vestur fyrir Dyrhólaey og hefur því dregið mjög úr því, að ósinn lokist í suðaustanátt.
Framkvæmdakostnaður: 16.3 millj. kr.

Vestmannaeyjar.

Rekið var niður um 160 m langt stálþil fyrir framan Friðarhöfn Eyðis megin. Þarna er ætlunin, að verði flutningsaðstaða og vöruskemmur skipafélaga.
Vinna við þilreksturinn gekk mjög vel. Um haustið var unnið við að steypa kant á þetta þil, en eftir var að leggja lagnir, steypa þekju og dýpka frá því.
Settur var upp löndunarkrani fyrir smábáta.
Unnið var að undirbúningi og hönnun skipalyftunnar. Þetta starf hefur Verkfræðistofan Hönnun hf. unnið í samvinnu við Hafnamálastofnun og heimamenn. Malbikað var á Básaskersbryggju, alls 5340 m^2. Unnið var við dýpkun með dælupramma heimamanna. Unnið var að þessum verkum mestan hluta ársins.
Framkvæmdakostnaður: 153.1 millj. kr.

Stokkseyri.

Tæknikostnaður: 0.4 millj. kr.

Eyrarbakki.

Hreinsað var frá bryggju með krana.
Framkvæmdakostnaður: 7.3 millj. kr.

Grindavík.

Keypt var efni til væntanlegra dýpkunarframkvæmda, sprengiefni o. fl.
Unnið var að endurbótum bryggja o. fl.
Tæknilegar athuganir.
Framkvæmdakostnaður: 8.6 millj. kr.

Hafnir.

Kostnaður frá fyrri árum: 0.5 millj. kr.

Sandgerði.

Haldið var áfram byggingu stálþilsgarðs, sem byrjað hafði verið á í árslok 1978. Um áramótin var unnið að útkeyrslu fyllingar eða garðs, og stóð það verk til febrúarbyrjunar. Var þá hafin undirbúningur þilreksturs. Þilið var rekið, stagað

og fyllt í það. Steypt var hús undir ljósamastur og sett á það ljósamastur. Gengið var frá þybbum á stálþilið og settir á það bráðabirgðapollar.

Þessari vinnu var lokið 5. júlí.

Stálþilið er alls 160 m langt og skapast við það 144 metra viðlegu- og löndunarkantur með 6—6.5 m dýpi. Stálþilsgarðurinn er 24 m breiður og 60 metra langur, en ef landgangur er meðtalinn er hann 140 metrar.

Unnið var við lendingarbætur í Stafnesvör.

Framkvæmdakostnaður: 120.5 millj. kr.

Garður.

Verklok: 0.1 millj. kr.

Vogar.

Tæknikostnaður: 0.1 millj. kr.

Hafnarfjörður.

Unnið var að byggingu 85 metra stálþils við Suðurhafnargarð. Verður þar væntanlega aðstaða til skipaviðgerða í Hafnarfjarðarhöfn.

Takmarkað dýpi er á fastan botn í þilstæðinu og fyrir framan það. Varð að bora og sprengja skurð fyrir þilinu og á svæðinu fyrir framan.

Gröfuflekinn „Grettir" hreinsaði fyrst svæðið milli væntanlegs stálþilsbakka og bryggjunnar þvert á Suðurgarð. Var það verk unnið frá 25. febrúar til 19. mars. Grafið var í kota- 6.0 m, þar sem hægt var, annars á klöpp. Alls voru grafnir 18 000 m^3 af lausu efni. Dagana 4. apríl til 19. júní var unnið að borunum og sprengingum í og við þilstæðið. Hinn 1. október hófst aftur gröftur með Gretti. Gróf hann uppúr skurðinum, sem sprengdur hafði verið og hreinsaði svæðið fyrir framan.

Alls gróf Grettir um 6000 m^3 af sprengdu efni.

Einnig dýpkaði Grettir við Óseyrarbryggju og Norðurbakka alls um 5250 m^3.

Þessu verki lauk 23. október. Í byrjun október var hafin útkeyrsla uppfyllingar við þilstæðið. Var einnig fyllt í sprengda skurðinn. Þessi verk voru bæði unnin samkvæmt verksamningi.

Unnið var einnig að steypu ankerisplata.

Vinnu var hætt í lok nóvember. Haldið var áfram öldumælingum með líkantilraun á höfninni í huga.

Selt var efni, sem keypt hafði verið í trébryggju á árinu 1978, fyrir 13.0 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður: 163.7 millj. kr.

Grundartangi.

Haldið var áfram frágangi hafnarmannvirkja. Lokið var steypu kants á stálþil. Fyllt var og undirbúin malbikun á hafnargarði. Ólokið var hluta malbikunar á enda hafnargarðs. Settar voru upp þybbur og gengið frá lögnum og lýsingu.

Steyptar voru undirstöður væntanlegs hafnarkrana.

Vinna við höfnina hófst 20. júní 1979 og lauk í nóvember þegar annar grjótprammi Grettis lagði út möl meðfram stálþilinu.

Viðlegubakkar eru nú aðallega tveir og sá þriðji mót vestri til bráðabirgða. Sá á móti norðaustri er 120 metra langur með 7.5 m dýpi. Hinn bakkinn er á móti suðaustri og er 55 metra langur með 10 m dýpi. Er miðað við að hægt sé að lengja hann síðar.

Framkvæmdakostnaður: 243.0 millj. kr.

Landshafnir.

Landshöfnin Keflavík—Njarðvík.

Unnið var við malbikun á Norðurgarði í Njarðvík. Alls voru malbikaðir 1125 m². Settir voru niður úrtaksbrunnar og gengið frá lögnum. Einnig var unnið við rannsóknir á höfninni. Gert var líkan af höfninni og öldumælingar. Unnið var við dýpkun með dýpkunarflekanum Gretti og grafnir alls 8460 m³.

Framkvæmdakostnaður: 73.0 millj. kr.

Landshöfnin Rifi.

Unnið var við 50 m stálþil. Stálþilið var rekið niður og fyllt í það og steyptur kantur. Eftir er kantur, lagnir og þekja. Dýpka verður einnig nokkuð til viðbótar, en nokkuð efni var grabbað upp við þilið.

Verkið hófst 12. júní og lauk 8. september.

Framkvæmdakostnaður: 78.8 millj. kr.

Landshöfn Þorlákshöfn.

Á árinu var unnið við athuganir á sandburði í höfninni.

Kostnaður: 1.7 millj. kr.

Ferjubryggjur.

Unnið var við ferjubryggjur. Athugaðar voru aðstæður á ýmsum eyjum í Breiðafirði og gerðar áætlanir um bryggjuaðstöðu.

Hluti hafnarframkvæmda á Árskógssandi var fjármagnaður sem ferjubryggja vegna ferjunnar til Hríseyjar, eða um 10.0 millj. kr.

Unnið var að endurbyggingu bryggjunnar að Hnúksnesi við Hvammsfjörð fyrir 3.5 millj. kr.

Framkvæmdakostnaður: 13.5 millj. kr.

Reykjavíkurhöfn.

Framkvæmdir Reykjavíkurhafnar á árinu 1979 námu samtals 713 millj. kr. Í Vesturhöfn var settur upp löndunarkrani fyrir smábáta. Byggð var skábraut aftan við viðlegu á Grandabryggju og smíðuð brú fyrir skip með skutopi. Fylltur var upp ½ ha. við olíustöð í Örfirisey. Þar verður lestunarstöð olíuflutningsbíla.

Haldið var áfram klæðningu Verbúðarbryggju. Dýpkað var og hreinsað við Grandabakka.

Í Austurhöfn var unnið að endurbótum Ingólfsgarðs. Vatnslagnir voru endurnýjaðar, lagðar rafdreifilagnir og hitaveitulagnir. Bryggjuþekja var endurnýjuð með malbiki.

Lagt var malbik á götur að Ingólfsgarði, Faxagarði og Ægisgarði. Lýsing að Ægisgarði og Grófarbryggju var bætt.

Dýpkað var við ýmsar bryggjur.

Unnið var í Sundahöfn við Holtabakka og Kleppsbakka. Við Holtabakka var skipt um jarðveg. Grafnir voru upp 30 000 m³ og fylling var 20 000 m³. Þetta verk var unnið samkvæmt verksamningi.

Gerð Holtabakka eða 80 m viðleguþils var boðin út. Eftir er malbikun, vegagerð o. fl.

Unnið var við 50 000 m³ fyllingar í Kleppsskafti.

Boðin var út gerð 140 m stálþils í Kleppsbakka. Lokið var við að reka stálþilið niður um áramót.

Kostnaður við Holtabakka og Kleppsbakka nam 655 millj. kr. á árinu 1979.

Sjóvarnargarðar.

Ekkert var unnið í sjóvarnargörðum á árinu 1979. Kostnaður við sjóvarnargarð við höfnina í Garði var fjármagnaður á þessu ári. Í hann var keyrt grjóti á árinu 1978 í sambandi við hafnargerðina í Njarðvík.

Kostnaður: 5.3 millj. kr.

Áætlanagerð og rannsóknir.

Á árinu 1979 var haldið áfram almennum rannsóknum á hafnarstæðum.

Boranir og jarðvegskannanir voru gerðar á eftirtöldum stöðum:

Akranesi
Stykkishólmi: kannað hafnarstæði í Skipavík
Súgandafirði: kannað hafnarstæði
Blönduósi: kannað hafnarstæði
Seyðisfirði: könnun undirstöðu löndunarkants
Eskifirði: könnun undirstöðu löndunarkants
Fáskrúðsfirði: könnun undirstöðu löndunarkants
Stöðvarfirði: könnun hafnarstæðis
Hornafirði: yfirborðssýni
Þorlákshöfn
Njarðvík
Keflavík
Stálvík—Garðabæ: könnun vegna viðgerðarkants.

Mælingar á höfnum og umhverfi voru gerðar á eftirtöldum stöðum:

Akranesi, Ólafsvík, Stykkishólmi, Karlsey, Tálknafirði, Súgandafirði, Bolungarvík, Ísafirði, Súðavík, Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd, Siglufirði, Árskógssandi, Hauganesi, Hjalteyri, Grenivík, Húsavík, Bakkafirði, Seyðisfirði, Eskifirði, Djúpavogi, Hornafirði, Kirkjufjöru við Dyrhólaey, Vestmannaeyjum, Eyrarbakka, Þorlákshöfn, Sandgerði, Keflavík, Njarðvík, Hafnarfirði, Fossvogi og Grundartanga.

Sandburðarmælingar voru gerðar í Hornafjarðarósi.

Unnið var að lausn hafnarstæða í samvinnu við heimamenn í Stykkishólmi, Tálknafirði, Súgandafirði, Blönduósi, Hauganesi, Húsavík, Bakkafirði, Hornafirði og víðar.

Unnið var að úttekt á vandamálum skipasmíða og viðgerða á vegum vinnuhóps skipuðum af iðnaðarráðherra.

Gerðar voru úthafsöldumælingar með ölduduflum út af mynni Eyjafjarðar, Hornafjarðaróss og mynni Súgandafjarðar.

Öldumælingar með ölduduflum voru gerðar við eftirtaldar hafnir: Suðureyri, Dalvík, Hafnarfirði og Reykjavíkurhöfn.

Mælingar með þrýstimælum inni í höfnum voru gerðar á eftirtöldum stöðum: Suðureyri, Dalvík, Grímsey, Bakkafirði og Hafnarfirði.

Í Straumfræðistöð Hafnamálastofnunar að Funahöfða 13 var lokið líkantilraunum með Dalvíkurhöfn í júlí 1979.

Unnið var að líkantilraunum með Keflavíkurhöfn frá ágúst til nóvember.

Skýrslur voru gefnar út um báðar þessar líkantilraunir.

Dýpkunartæki Hafnamálastofnunar.

Verkefni Grettis voru við hafnargerðir á eftirtöldum stöðum, en frekari upplýsingar um framkvæmdir og framkvæmdatíma á hverjum stað er að finna hér að framan.

	Gröftur í m^3
Hafnarfjörður	30 000
Keflavík—Njarðvík	8 500
Siglufjörður	22 000
	60 500

Árið 1978 voru grafnir alls 128 500 m^3 með Gretti og á þessi minnkun á afköstum rætur sínar að rekja til umfangsmikillar viðgerðar á gröfutæki Grettis, sem stóð frá því í maí til septemberloka og kostaði um 70 millj. kr.

Dælupramminn Hákur varð fyrir því óhappi haustið 1978, að honum hvolfdi, þegar verið var að draga hann frá Hólmavík til Fossvogsstöðvar. Fór stjórnhúsið af Háki og nokkrar skemmdir urðu aðrar.

Ákveðið var að endurbyggja og gera við Hák. Allt vökvakerfið, spil, slitfletir, kælikerfi, flottankar og stjórnkerfi var endurnýjað. Sett var á hann nýtt stjórnhús og skrokkur endurbyggður. Þetta verk var unnið undir eftirliti Siglingamálastofnunar ríkisins. Verktaki, Normi hf., byggði nýja stjórnhúsið, en önnur vinna var að töluverðu leyti unnin af starfsmönnum Hafnamálastofnunar. Kostnaður við þetta verk varð um 100 millj. kr.

Í árslok hófst undirbúningur dýpkunar með „Hák“ á Höfn í Hornafirði, með flutningi hans austur.

Annar grjótprammi Grettis, sem verið hefur án húss og vélar var endurbyggður. Sett var í hann 185 hestafla vél. Settur var á hann skrúfubúnaður. Við þetta verk unnu starfsmenn Hafnamálastofnunar undir eftirliti Siglingamálastofnunar ríkisins. Húsið var smíðað af Bátalóni hf. Kostnaður varð 10 millj. kr. á árinu 1979, en verkinu var ólokið um áramót..

Fylgiskjal.

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1979
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %		Heildarkostn.	Ríkishluti
I. Almennar hafnir:					
Akranes:	Grjótgarður	75%		180 000	135 000
Arnarstapi	Verklok — hreinsun	75%	610		
	Leiðr. f. f. árum — styrkur	75%	÷ 3 000		
				÷ 2 390	÷ 1 795
Ólafsvík	Grjótgarður	75%	151 915		
	Löndunarkrani	40%	1 000		
	Leiðr. módel 1978	75%	÷ 300		
				152 615	114 110
Grundarfjörður	Lagnir, þekja	75%	10 135		
	Lagf. grjótgarður	75%	5 000		
				15 135	11 350
Stykkishólmur	Dráttarbraut	40%	13 500		
	Hafnarvog	40%	1 860		
	Mæl. Skipavík	75%	5 000		
				20 360	9 895
Patreksfjörður	Lagfæring Granda	75%	30 000		
	Hafnarvog	40%	33 350		
	Leiðr. mælingar 1978	75%	÷ 350		
				63 000	35 575
Tálknafjörður	Tæknikostnaður	75%		400	300
Bíldudalur	Leiðr. frá 1978	75%	÷ 1 150		
	Tæknikostnaður	75%	200		
				÷ 950	÷ 710
Þingeyri	Leiðr. dýpkun Háks	75%	÷ 200		
	Leiðr. stálþil	75%	÷ 60		
	Tæknikostnaður	75%	100		
				÷ 160	÷ 120
Flateyri	Leiðr. Háksdýpkun o. tilh...	75%	3 785		
	Viðgerð á kanti o. fl.	75%	14 040		
				17 825	13 370
Suðureyri	Seld hafnarvog	40%	÷ 10 000		
	Mælingar o. fl.	75%	10 665		
				665	4 000
Bolungarvík	Stálþil	75%	104 820		
	Leiðr. mælingar 1979	75%	250		
				105 070	78 800
Ísafjörður	Steypt þekja	75%	32 810		
	Leiðr. löndunarkrani	40%	500		
	Leiðr. kantur	75%	÷ 340		
				32 970	24 550
Súðavík	Grjótgarður	75%	94 640		
	Trébryggja	75%	43 670		
				138 310	103 730
Norðurfjörður	Tæknikostnaður	75%		750	560
Drangsnes	Tæknikostnaður	75%		720	540
Hólmavík	Lagnir, kantur frá 1977	75%	680		
	Háksdýpkun 1978	75%	÷ 350		
	Tæknikostnaður	75%	200		
				530	400
Hvammstangi	Vatns- og rafm.hús	75%	14 440		
	Leiðr. verklok 1978	75%	360		
				14 800	11 110
Blönduós	Viðgerð á bryggju	75%	17 600		
	Grjótleit, vörn	75%	4 000		
	Mælingar	75%	3 000		
				24 600	18 455

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1979
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostn.	Ríkishluti
Skagaströnd	Kantur á þil	75%	19 780	
	Leiðr. dýpkun Grettis	75%	÷ 2 500	
	Leiðr. dýpkun Háks	75%	÷ 480	
			16 800	12 600
Sauðárkrókur	Stálþil	75%	87 000	
	Hafnarvog	40%	21 000	
	Löndunarkrani	40%	3 000	
	Leiðr. frá 1976	75%	2 200	
	Þekjusteypa 1977	75%	1 840	
	Mastursh. lagnir 1978	75%	4 450	
	Mælingar	75%	610	
			120 100	81 675
Siglufjörður	Kantur o. fl. togarabr.	75%	34 400	
	Siglunes	75%	4 500	
	Dýpkun Grettis (21 990 m³)	75%	41 500	
			80 400	60 300
Ólafsfjörður	Trébryggja o. fl.	75%	21 500	
	Kantur	75%	14 500	
	Löndunarkrani	40%	500	
			36 500	27 200
Dalvík	Módeltilraun	75%	14 000	
	Grjótgarður	75%	16 000	
	Bryggja	75%	19 910	
			49 900	37 430
Hrísey	Tæknikostnaður	75%	60	45
Árskógssandur	Þekja, lagnir (+10.0)	75%	10 000	7 500
Hauganes	Grjótgarður	75%	66 770	50 080
Hjalteyri	Tæknikostnaður	75%	535	400
Akureyri	Hafnarvog	40%	7 000	
	Kantur o. fl.	75%	10 060	
	Sverrisbryggja keypt	75%	35 000	
	Gengistap	75%	49 000	
			101 060	73 345
Grenivík	Grjótgarður	75%	56 065	42 050
Grímsey	Verklok	75%	985	740
Húsavík	Garður og trébryggja	75%	51 080	
	Leiðr. löndunarkrani	40%	1 000	
	— Grettis dýpk.	75%	÷ 1 000	
	— Þil, garður, lagnir	75%	÷ 4 475	
			46 605	34 605
Kópasker	Tæknikostnaður	75%	135	100
Raufarhöfn	Stálþil	75%	68 320	51 240
Þórshöfn	Verklok, tæknikostnaður	75%	880	660
Bakkafjörður	Tæknikostnaður	75%	1 105	830
Vopnafjörður	Kantur, lagnir, lýsing	75%	47 070	35 300
Borgarfjörður eystri	Tæknikostnaður o. fl.	75%	935	700
Seyðisfjörður	Landveggur o. fl.	75%	49 335	37 000
Neskaupstaður	Tæknikostnaður	75%	435	
	Kostnaður vegna lána	75%	32 100	
			32 535	24 400
Eskifjörður	Mælingar	75%	9 035	6 775
Reyðarfjörður	Steypt þekja	75%	8 000	6 000
Búðir, Fáskrúðsfirði	Kantur o. fl.	75%	19 650	14 735
Stöðvarfjörður	Kostnaður v/verk 1978	75%	1 000	750
Djúpivogur	Tæknikostnaður	75%	340	255
Höfn í Hornafirði	Stálþilsbakki, Óslandi	75%	73 500	
	Hafnarvog	40%	30 500	
	Dýpkun Perlunnar	75%	26 000	
	Mælingar (+ styrkur 8 250)	75%	5 250	
	Dýpkun Háks — undirbún.	75%	5 090	
			140 340	94 580

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1979
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %		Heildarkostn.	Ríkishluti
Dyrhólaey	Sprengja vör	75%		16 295	12 220
Vestmannaeyjar	Rekið stálþil o. fl.	75%	111 950		
	Steyptur kantur	75%	23 000		
	Löndunarkrani	40%	3 000		
	Skipalyfta kostn. frá 1978 ..	40%	÷ 9 240		
	Básaskersbryggja, malbik ..	75%	12 000		
	— 1978	75%	12 350		
				153 060	116 975
Stokkseyri	Tæknikostnaður	75%		400	300
Eyrarbakki	Hreinsun við bryggju	75%		7 330	5 500
Grindavík	Undirbún. framkv.	75%		8 570	6 430
Hafnir	Leiðr. f. f. árum	75%		495	370
Sandgerði	Hreinsun innsiglingar	75%	2 480		
	Fylling, þil, lagnir og lýsing	75%	115 000		
	Stafnesvör	75%	3 000		
				120 480	90 360
Gerðar	Verklok	75%		115	85
Vogar	Tæknikostnaður	75%		120	90
Hafnarfjörður	Dýpkun Grettis (29 045 m³)	75%	50 000		
	Sprengdur skurður	75%	38 000		
	Fylling í skurð	75%	25 500		
	Stálþil — efni o. fl.	75%	51 030		
	Mælingar	75%	7 500		
	Trébryggja — selt efni	75%	÷ 13 000		
	Óseyrarbryggja o. fl. 1978 ..	75%	4 700		
				163 730	122 795
		Samtals		2 199 305	1 615 540

Tafla 1. Hafnarframkvæmdir 1979
(Fjárhæðir í þús.kr.)

Höfn	Verkefni	Ríkishluti %	Heildarkostn.	Ríkishluti
II. Sérstakar framkvæmdir:				
Grundartangi	Bygging hafnarbakka	75%	243 000	182 250
Karlsey	Steyptur kantur	75%	42 500	31 875
			285 500	214 125
III. Landshafnir:				
Keflavík — Njarðvík	Dýpkun með Gretti		33 000	
	Rannsóknir		10 000	
	Malbik o. fl., endurbætur ..		30 000	
			73 000	
Rif	Stálþil		78 800	
Þorlákshöfn	Mælingar		1 700	
			153 500	
IV. Ferjuhafnir:				
Hnúksnes	Endurbygging		3 500	
Árskógssandur	Hluti kostnaðar við bryggju		10 000	
			13 500	
V. Reykjavíkurhöfn:				
	Framkvæmdir við Holtabakka og Kleppsbakka		655 000	
	Ýmsar framkvæmdir		58 000	
			713 000	
	Framkvæmdir alls 1979		**3 364 805**	

Framkvæmdir við sjóvarnargarða.

		Þús. kr.
Gerðar/Garðskagi	Grjótvörn	5 100
Miðneshreppur	Grjótvörn	200
		5 300

Tafla 2. Staða ríkissjóðs gagnvart hafnarsjóðum í árslok 1979.

(Fjárhæðir í þús.kr.)

	Staða við ríkissjóð í árslok 1978		Ríkishluti framkv. 1979	Fjárveiting 1979	Staða við ríkissjóð í árslok 1979	
	Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)			Vangreitt	Ofgreitt (ofveitt)
1. Akranes	11 100		135 000	109 000	37 100	
2. Borgarnes		7 300				7 300
3. Arnarstapi	45		÷ 1 795			1 750
4. Hellnar	40				40	
5. Ólafsvík	8 390		114 110	101 500	21 000	
6. Grundarfjörður	150		11 350	12 500		1 000
7. Stykkishólmur		745	9 895		9 150	
8. Patreksfjörður	4 425		35 575	38 000	2 000	
9. Tálknafjörður	300		300	300	300	
10. Bíldudalur	3 260		710	2 500	50	
11. Þingeyri		600	÷ 120			720
12. Flateyri	2 330		13 370	11 000	4 700	
13. Suðureyri		2 500	4 000		1 500	
14. Bolungarvík	8 600		78 000	57 800	29 600	
15. Ísafjörður	11 450		24 550	30 500	5 500	
16. Súðavík	2 920		103 730	58 900	47 750	
17. Norðurfjörður	640		560		1 200	
18. Gjögur	600				600	
19. Drangsnes	860		540	1 200	200	
20. Hólmavík	8 700		400	6 000	3 100	
21. Hvammstangi	1 690		11 110	16 500		3 700
22. Blönduós		14 455	18 455	10 000		6 000
23. Skagaströnd	49 900		12 600	67 000		4 500
24. Sauðárkrókur		5 375	81 675	47 300	29 000	
25. Hofsós		800				800
26. Siglufjörður		5 000	60 300	45 800	9 500	
27. Ólafsfjörður	21 100		27 200	31 300	17 000	
28. Dalvík	9 570		37 430	34 500	12 500	
29. Hrísey		1 305	45			1 260
30. Árskógssandur	26 000		7 500	30 800	2 700	
31. Hauganes		7 560	50 080	45 000		2 480
32. Hjalteyri		400	400			
33. Akureyri	41 655		73 345	54 000	61 000	
34. Grenivík	450		42 050	30 500	12 000	
35. Grímsey	7 460		740	8 000	200	
36. Húsavík	22 895		34 605	50 000	7 500	
37. Kópasker	900		100		1 000	
38. Raufarhöfn	260		51 240	22 500	29 000	
39. Þórshöfn	5 440		660		6 100	
40. Bakkafjörður		5 500	830			4 670
41. Vopnafjörður	9 000		35 300	38 300	6 000	
42. Borgarfjörður eystri	11 700		700	4 500	7 900	
43. Seyðisfjörður	9 200		37 000	30 000	16 200	
44. Neskaupstaður	14 000		24 400	30 700	7 700	
45. Eskifjörður	15 725		6 775	45 000		22 500
46. Reyðarfjörður	1 900		6 000	6 500	1 400	
47. Fáskrúðsfjörður		6 635	14 735	5 600	2 500	
48. Stöðvarfjörður			750		750	
49. Breiðdalsvík	810			700	110	
50. Djúpivogur	1 245		255	20 000		18 500
51. Höfn í Hornafirði	12 265		94 580	98 900	7 945	
52. Dyrhólaey		8 520	12 220	4 500		800
53. Vestmannaeyjar	22 525		116 975	94 500	45 000	
54. Stokkseyri		1 100	300	6 400		7 200
55. Eyrarbakki	5 500		5 500	27 500		16 500
56. Grindavík		430	6 430	40 000		34 000
57. Hafnir		1 270	370			900
58. Sandgerði	3 140		90 360	78 000	15 500	
59. Gerðar		85	85			
60. Vogar	60		90	3 800		3 650
61. Hafnarfjörður	17 205		122 795	90 000	50 000	
Samtals	375 405	69 580	1 615 540	1 547 300	512 295	138 230

Tafla 3. Fjárveitingar til hafnarframkvæmda 1979.

		Þús. kr.
Almennar hafnir samkv. töflu 2		1 547 300
Landshafnir:		
Keflavík — Njarðvík	100 000	
Rif	50 000	150 000
Ferjuhafnir:		
Árskógssandur	10 000	
Gemlufall	2 200	
Hnjúksnes	3 000	
Hvítanes	10 000	
Æðey	6 700	
Viðhald	5 000	
		36 900
Sérstakar hafnir:		
Grundartangi	230 000	
Karlsey	25 000	
		255 000
	Samtals	1 789 200

Tafla 4. Fjárveitingar til sjóvarnargarða 1979.

	Þús. kr.
Akranes	3 000
Álftanes	2 000
Bolungarvík	5 000
Eyrarbakki	45 000
Stokkseyri	3 000
Gerðar	4 000
Grindavík	4 000
Húsavík	5 000
Hvaleyri, Hafnarfirði	3 000
Reykjanesskagi, rannsóknir	3 000
Saurbær á Kjalarnesi	3 000
Selvogur	6 000
Vogar	3 000
Samtals	89 000

Nd. 518. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið eins og það kom frá Ed. Hún fékk til athugunar nýjar umsóknir, sem hún telur rétt að verði samþykktar. Samkvæmt því mælir nefndin með því að 5 mönnum til viðbótar verði veittur íslenskur ríkisborgararéttur, eins og fram kemur tillaga um á sérstöku þingskjali.

Jósef H. Þorgeirsson og Matthías Á. Mathiesen voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Alþingi, 14. maí 1980.

Vilmundur Gylfason, form., frsm. Ingólfur Guðnason, fundaskr. Friðrik Sophusson.
Guðm. J. Guðmundsson. Ólafur Þ. Þórðarson.

Ed. 519. Lög [120. mál]

um breyting á lögum um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir, nr. 64/1971.

(Afgreidd frá Ed. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 203.

Nd. 520. Nefndarálit [97. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og tryggingarnefnd.

Frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar, sem fjallar um fæðingarorlof, kom til nefndarinnar 28. mars og var þá þegar sent til umsagnar eftirtalinna aðila: A.S.Í., B.S.R.B., Tryggingastofnunar ríkisins, Vinnuveitendasambandsins og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. En frá Jafnréttisráði og Kvenréttindafélagi Íslands höfðu þá borist umsagnir.

Mjög margar athugasemdir hafa komið fram við frv. og tillögur um breytingar.

Sú veigamesta er mikil gagnrýni á greiðslutilhögun, sem nokkrir umsagnaraðila telja að muni skerða atvinnumöguleika foreldra, ef framkvæmd verður á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir, þar sem verulegur hluti greiðslna í fæðingarorlofi er greiddur af atvinnurekendum samkvæmt frv.

A.S.Í. hefur sett fram mjög umfangsmiklar breytingartillögur, sem byggjast á því að foreldri skuli eftir 10 mánuði í starfi halda fullum launum í fæðingarorlofi og skuli þau reiknuð út frá meðaltalstekjum síðustu 6 mánaða að teknu tilliti til kaupbreytinga á tímabilinu. Auk þess sem Tryggingastofnunin ber samkvæmt tillögum A.S.Í. að endurgreiða þennan launakostnað, þá endurgreiði hún atvinnurekendum 6% lífeyrissjóðsiðgjalda og 8⅓% af beinum launakostnaði vegna orlofs.

Erfitt er að sjá, hvað útgjöld lífeyristrygginga mundu aukast mikið ef farið yrði að tillögum A.S.Í., þar sem ekki er um staðlaðar greiðslur að ræða, heldur fæðingarorlof látið ráðast af meðaltalstekjum síðustu 6 mánuði hjá hverjum bótaþega. Ljóst er einnig, að ef farið yrði inn á þessa braut mundi það kalla á verulega aukningu starfsfólks hjá Tryggingastofnuninni, en sá kostnaðarþáttur liggur ekki heldur fyrir enn.

Í tillögum A.S.Í. koma ekki fram neinar tillögur um kostnaðarskiptingu að öðru leyti en því er að framan greinir, en útgjöld lífeyristrygginganna eru nú fjármögnuð á þann hátt, að ríkissjóður greiðir 86% og atvinnurekendur 14%. — Nefndin hefur ekki fengið neinar tillögur um kostnaðarskiptingu frá ríkisstjórninni í því efni, ef fallist yrði á tillögur A.S.Í., og því er óljóst hve stór hluti þessara greiðslna er ætlað að Tryggingastofnunin greiði. Einnig hefur nefndinni borist ósk félagsmálaráðherra um að nefndin haldi að sér höndum meðan verið sé að kanna útreikninga og ræða þessi mál við aðila vinnumarkaðarins.

Nefndin telur að margar skynsamlegar ábendingar, sem horfi til bóta, hafi komið fram hjá umsagnaraðilum — og gagnrýnin á greiðslutilhögun hafi við viss rök að styðjast. Nefndin telur þó varhugavert að fara inn á þá braut, að greiðslur í fæðingarorlofi verði að verulegum hluta greiddar af Tryggingastofnun og framkvæmdin hvíli að mestu eða öllu leyti á henni, án þess að sett verði ákveðið hámark eða að einhverju leyti staðlaðar greiðslur í fæðingarorlofi.

Benda má einnig á, að í tillögum A.S.Í. hefur komið fram sú ósk, að inn í frv. um fæðingarorlof verði tekið leyfi foreldra frá störfum í allt að 15 daga vegna veikinda barna yngri en 10 ára og annarra þeirra tilvika sem fram koma í umsögn A.S.Í.

Í ljósi alls þessa og einkum að útreikningar um kostnað vegna tillagna A.S.Í. liggja ekki fyrir — og kostnaðarskipting vegna fæðingarorlofs er ekki ráðin, auk þess sem nauðsyn ber til að kanna ítarlega framkvæmdahlið tillagnanna sem að Tryggingastofnun ríkisins snýr, þá telur nefndin, með tilliti til þess, hve stuttur tími sé til þingslita, að rétt sé að endurskoðunarnefnd almannatryggingalaga, sem samdi frv., verði fengið málið aftur og henni falið að samræma þær tillögur og umsagnir sem fram hafa komið í þessu máli.

Leggur nefndin áherslu á, að endurskoðunarnefndinni verði falið að hraða afgreiðslu þessa máls eins og kostur er og fullt samráð verði haft við aðila vinnumarkaðarins um lausn málsins, — einnig að lögin taki gildi eigi síðar en 1. janúar 1981, eins og ráðgert er í frumvarpinu.

Í trausti þessa leggur nefndin til að **málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 14. maí 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Jósef H. Þorgeirsson.
Guðrún Helgadóttir.	Sigurlaug Bjarnadóttir.	Pétur Sigurðsson.
	Guðm. G. Þórarinsson.	

Nd. 521. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Andersen, Freda Bonnie, nemi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 21. maí 1964.
2. Andersen, Karl Konráð, nemi í Reykjavík, f. á Íslandi 4. jan. 1961.
3. Gulgowski, Wojciech Jerzy, tölvufræðingur í Reykjavík, f. í Póllandi 22. apríl 1945.
4. Olsen, Frits Ómar, nemi í Mosfellssveit, f. á Íslandi 26. júlí 1958.
5. Stefánsson, Ragnar Daníel, verkfræðingur í Hafnarfirði, f. á Íslandi 26. janúar 1952.

Sþ. 522. Tillaga til þingsályktunar [201. mál]

um rafknúna járnbraut.

Flm.: Þórarinn Sigurjónsson, Guðmundur G. Þórarinsson, Jóhann Einvarðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara könnun á hagnýtu gildi þeirra hugmynda, sem upp hafa komið um rafknúna járnbraut til notkunar á mestu þéttbýlissvæðum suðvestanlands og austur yfir fjall.

Greinargerð.


Í þeirri miklu orkukreppu, sem skollið hefur yfir þjóðina á undanförnum árum, hefur nauðsyn þess komið æ betur í ljós að nýta innlenda orkugjafa í stað innfluttra á sem flestum sviðum. Þegar eru í framkvæmd áform um að útrýma notkun olíu til upphitunar húsa, en ljóst er að enn um nokkra framtíð verða Íslendingar að nota innflutta orkugjafa á farartæki sín.


Með þetta í huga, ásamt hagkvæmni, gjaldeyrissparnaði og öryggi, telja flutningsmenn afar brýnt að kannað sé í hve miklum mæli Íslendingar geti notfært sér rafknúin farartæki.

Ýmsir telja að rafknúin járnbraut sé ódýrasta og afkastamesta flutningatækið, sem unnt sé að fá, þar sem hún hentar. Hinrik Guðmundsson, framkvæmdastjóri Verkfræðingafélags Íslands, hefur nokkuð velt þessum hugmyndum fyrir sér og aflað sér upplýsinga um þróun og viðhorf í þessum málum. Bréf hans til Þórarins Sigurjónssonar alþm. fylgir þessari þingsályktunartillögu sem fylgiskjal, ásamt lýsingu á hagkvæmnisathugun frá Deutsche Eisenbahn Consulting GmbH, og umsögn Almennu verkfræðistofunnar hf. þar um.

Fram kemur, að fullkomin hagkvæmnisathugun mundi kosta um 450 þús. DM. og taka um 6 mánuði. Flutningsmenn telja, að rétt væri að byrja á viðaminni áætlun til þess að sjá hvort rétt væri að ráðast í svo kostnaðarsama rannsókn. Jafnframt því væri hægt að vinna verulegan hluta hennar innanlands.

Þar sem hér er um að ræða mál, sem stuðlar að auknu öryggi og sjálfstæði þjóðarinnar með því að gera hana minna háða erlendum innfluttum orkugjöfum, telja flutningsmenn eðlilegt að nú þegar verði gaumgæfilega athugað, hvort ekki sé hagkvæmt að koma upp rafknúinni járnbraut um þau svæði sunnan- og suðvestanlands þar sem flutningar eru mestir.


REYKJAVÍK
Garðar
HAFNARFJÖRÐUR
Hvaleyri
STRAUMSVÍK
Kapelluhraun
Kálfatjörn
Stakksfjörður
KEFLAVÍK
Hvalsnes
YTRI-NJARÐVÍK
INNRI-NJARÐVÍK
Njarðvíkur
Vogaheiði
Strandarheiði
Dyngnahraun
HAFNIR
Hafnaberg
Hafnaesandur
Sandvíkurh.
Reykjanes
GRINDAVÍK
Staður
Fagradalsfjall
Ögmundarhraun
Keilir
Lambafell
Sýrfell
Sýrfellshraun
Selvogsheiði
Kleifarvatn
Herdísarvíkurheiði
Krýsuvíkurberg
Útskálar
GERÐAR
SANDGERÐI
Bergvík
Leira
Hraunsvík
Þorkötlustaðir
Reykjanesvit.
Reykjanesta
Kálfatjarnarh.
Innnesmúli
Hvaleyrarvatn
Kaldárhraun
Hvaleyrarholt
Hraunholt
Kjalar
Kollafjörður
Sýrnahraun
Skeljafell
Hrauntjörn
Hraunsholtsvatn
Bessastaðir
Álftanes
Garðahraun
Hafnarfjarðarvegur
Reykjanesbraut
Grindavíkurvegur
Krýsuvíkurvegur
Suðurlandsvegur
Hafnavegur
Keflavíkurvegur
Reykjanesbraut
Hafnarfjarðarvegur
Grindavíkurvegur
Suðurlandsvegur
Krýsuvíkurvegur
Hafnavegur
Keflavíkurvegur
3


PINGVALLA
VATN
LYNGDALS
2
ÖLFUS
BREIÐAMÝRI
EYRARBAKKI
STOKKSEYRI
JÁRNBRAUT
KEFLAVÍK - REYKJAVÍK - SELFOSS

Fylgiskjal II.

Reykjavík, 28/3 1980.

Hr. Þórarinn Sigurjónsson, alþm.
Laugardælum,
Árnessýslu.

Varðar: Járnbraut á Íslandi.

Það er öllum kunnugt, sem vita vilja, að sérfróðir menn í jarðfræði og olíuvinnslu telja, að með sama áframhaldi og verið hefur í olíunotkun verði allur vinnanlegur olíuforði jarðarinnar uppurinn eftir örfáa áratugi, sumir segja skömmu eftir næstu aldamót. Af þessu leiðir fyrirsjáanlega, að öll olía hækkar stöðugt í verði héðan af. Sama gildir að sjálfsögðu um benzín, og aðrar olíuvörur, svo og önnur brennsluefni, sem geta komið í stað olíu. Þessi fyrirsjáanlega þróun, sem endar innan tiltölulega skamms tíma í algerum olíuskorti, leiðir óhjákvæmilega til síhækkandi flutningskostnaðar með öllum farartækjum, sem ganga fyrir benzíni eða öðrum olíuvörum í einhverri mynd. Fyrir slysni eða ábyrgðarleysi í samskiptum þjóða gæti slíkur olíuskortur dunið yfir án mikils fyrirvara, og hvernig geta Íslendingar brugðizt við? Það er alvarlegt íhugunarefni og ábyrgðarhluti að gera sér ekki grein fyrir, hvernig leysa beri slíkan vanda. Ef innflutningur á olíu og olíuvörum stanzar, stanza innan skamms bifreiðir, flugvélar og skip og þjóðin kemst í óviðráðanlegan vanda, sem leiðir til hörmunga og mannfellis, ef langt um líður.

Íslendingar þurfa undir öllum kringumstæðum og hvenær sem er að geta haldið uppi flutningum á fólki og varningi í landinu. Hérlendis eru engin brúkleg brennsluefni, svo sem olía, kol eða timbur, hins vegar nógir möguleikar á raforkuvinnslu úr fallvötnum landsins. Það virðist því einsýnt, að leysa beri flutningavandamál þjóðarinnar á landi með rafknúnum ökutækjum. Eitt þeirra er rafknúin járnbraut, en járnbrautir hafa löngum verið afkastamestu og ódýrustu flutningatæki á landi í heiminum og þær hafa tekið framförum ekki síður en önnur farartæki. Það er augljóst, að járnbraut leysir ekki allan vanda, en á suðvesturhluta landsins, þar sem um 70% þjóðarinnar eiga heima, getur járnbraut annazt alla stórflutninga og tryggt samgöngur milli Reykjavíkursvæðisins, Suðurnesja og Suðurlandsundirlendisins, en rafmagnsbifreiðir gætu annazt smáflutninga stuttar leiðir og innanbæjarumferð.

Mér þótti þetta svo mikilsvert mál, að nauðsynlegt væri að kanna það nánar, og kynnti mér því skýrslur um járnbrautarmálið svokallaða í Tímariti Verkfræðingafélags Íslands 9. árg. 1924 og 11. árg. 1926, en þá var athugaður möguleiki á lagningu járnbrautar milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins og víðar og mælt fyrir járnbrautarlínum. Niðurstaða þeirrar athugunar varð jákvæð og kom til kasta Alþingis, en ekkert varð úr framkvæmdum. Enn fremur tók ég upp bréfaskipti við Deutsche Eisenbahn Consulting GmbH í Frankfurt/Main, sem ég vissi hæfasta til ráðgjafaverka í járnbrautarmálum.

Deutsche Eisenbahn Consulting GmbH er dótturfyrirtæki Deutsche Bundesbahn og Deutsche Bank. Fyrirtækið hefur tekið að sér að rafvæða 11 000 km af þýzka járnbrautarnetinu og auk þess hefur það haft á hendi mikil verkefni í um 40 löndum. Það er ljóst af þessu, að Þjóðverjar búa sig af kappi undir olíuskortinn og að fyrirtækið býr yfir tækniþekkingu og reynslu og fjárhagslegu bolmagni til þess sem gera þarf.

Ég hef einnig rætt þetta mál við Almennu verkfræðistofuna hf. í Reykjavík, sem er mér sammála um mikilvægi þess að taka möguleikann á lagningu járnbrautar um

suðvesturhluta landsins til viðhlítandi athugunar. Bæði fyrirtækin, Almenna verkfræðistofan hf. og Deutsche Eisenbahn Consulting GmbH, hafa lýst sig fús til að vinna saman að þessu verkefni.

Deutsche Eisenbahn Consulting GmbH telur, að þessi athugun taki um 6 mánuði og muni kosta um 450 000 DM, en Almenna verkfræðistofan hf. telur, að lækka megi þennan kostnað eftir nánari athugun málsins með hinu þýzka fyrirtæki, sbr. athugasemdir AV við tilboð DEC. Bréf DEC með tilboðinu fylgir hjálagt í þýðingu minni ásamt ljósriti af frumritinu, svo og athugasemdir AV og uppdrættir af hugsanlegum járnbrautarlínum.

Með kveðju.

Hinrik Guðmundsson.

Fylgiskjal III

ÞÝÐING.

Deutsche Eisenbahn Consulting GmbH. Frankfurt (Main) 20/2 1980.

Varðar: Áætlun um járnbraut á Íslandi.

Háttvirti herra Guðmundsson.

Við þökkum bréf yðar frá 15/1 1980 með hjálögðu ljósriti af bréfi yðar frá 16/11 1979.

Í fylgiskjali með bréfi okkar frá 25/10 1979 höfðum við þegar gefið yður upp kostnað á 100 km og 200 km járnbrautarlinu. Þessi grófa kostnaðaráætlun byggist **á meðalverði og getur auðvitað vikið frá raunverulegum kostnaði innan vissra fráviksmarka með tilliti til sérstakra kringumstæðna á Íslandi — þér minntuzt í bréfi yðar frá 17/9 1979 á auðunnin hraun.**

Hagfræðileg og tæknileg framkvæmanleikakönnun, sem þér hafið hvatt til, mun gefa nákvæmari kostnaðarupplýsingar, en við áætlum fyrir hana **6 mánaða starfstíma.**

Könnunin innihéldi í stórum dráttum eftirfarandi:

1. Afmörkun áhrifasvæðis fyrirhugaðra járnbrautarlína.
2. Mat á hagfræðilegri og félagslegri skipan á áhrifasvæðinu.

2a. Útreikningur á þróuninni á hagfræðilegri og félagslegri skipan áhrifasvæðisins á 5, 10 og 20 árum.

3. Öflun upplýsinga um vörumagn og farþegafjölda á fyrirhuguðum járnbrautarlínum, einnig með tilliti til hugsanlegrar viðbótar frá svæðum utan áhrifasvæðisins.

3a. **Útreikningur á flutningamagninu fyrir 5, 10 og 20 ár.**

4. Gerð áætlunar um rekstursfyrirkomulag. Ákvörðun hámarkshraða fyrir vöru- og farþegalestir, ferðatíma lesta, vagna og dráttarvagna. Lýsing á rekstursframkvæmd á skiptibrautarstöðvum. Ákvörðun á nauðsynlegum fjölda af dráttarvögnum, farþega- og vöruvögnum (eftir tegundum).

Almennar upplýsingar um uppbyggingu íslenzks járnbrautarfélags og nauðsynlegt tæknilegt og stjórnunarlegt starfslið til þess. Myndlýsing á fyrirkomulaginu með skipuriti.

Gerð á almennum starfsáætlunum fyrir aðalhópa hinna tæknilegu og ófaglærðu starfsmanna í samræmi við íslenzka vinnulöggjöf o. s. frv.

5. Lýsing á legu fyrirhugaðrar járnbrautarlínu með undirstöðuuppdráttum og langskurðum skv. fyrirliggjandi landakortum í mælikvarða 1:10 000 og 1:25 000.
   Lausleg lýsing með uppdráttum af ýmiss konar brautarstöðvum með brautarpöllum, brautarstöðvabyggingum og öðrum húsum, forgörðum, lýsingum o. s. frv.
   Lýsing með uppdráttum á stórum brautarstöðvum og brautarsporum þeirra, eins og t. d. í Reykjavík, Keflavík, Eyrarbakka og annars staðar í hentugum mælikvarða (þó ekki stærri en 1:1 000).
6. Val á teinaþversniði samsvarandi væntanlegu álagi. Ákvörðun um sporvídd. Ákvörðun um timbur-, stál- eða steinsteypujárnbrautarbjálka og teinafestingar. Val á hentugu mætinga- og krossunarfyrirkomulagi.
7. Val og tillögur um hentug merkja- og fjarskiptakerfi fyrir rekstursfyrirkomulagið. Lýsing á kerfunum og ákvörðun staða fyrir hvert tæki um sig. Áætlun um rafmagnsþörf.
8. Vegna rafmagns frá vatnsorkuverum, sem eru fyrir hendi, er gengið út frá því, að reksturinn fari eingöngu fram með rafknúnum dráttarvögnum. Dráttarvagnarnir verða hannaðir samkvæmt gefnum hámarkshraða og dráttarþunga. Öllum aðalhlutum verður lýst.
9. Vöru- og farþegavögnum og einstökum hlutum þeirra, eins og snúningsgrindum, tengingum, hemlum, þrýstiloftskerfum, upphitun o. s. frv., verður lýst fyrir hverja vagngerð fyrir sig (sjá 4) og gerðir af því frumuppdrættir.
10. Raforkuflutningur fer fram um loftlínu, sem fær rafmagn frá dreifistöðvum. Gengið er út frá því, að dreifistöðvarnar fái nægan straum frá íslenzku raforkuverunum. Möstrum, loftlínum með ökuvír, svo og tækjabúnaði dreifistöðva verður lýst og gerðir uppdrættir af því.
    Áætluð verður heildarraforkuþörf.
11. Gerð verður áætlun um miðlægt aðalverkstæði í Reykjavík fyrir alla vagna, merkja- og fjarskiptakerfi, svo og um miðlæga sporasmiðju.
    Gert er ráð fyrir tveimur minni háttar verkstæðum, t. d. í Keflavík og á Eyrarbakka.
12. Að lokinni skilgreiningu og magnákvörðun allra hluta, sem taka þarf tillit til, fer fram fjárfestingarkostnaðaráætlun fyrir:
    jarðvinnu,
    byggingarmannvirki (jarðgöng, brýr, ræsi o. s. frv.),
    brautarstöðvar (brautarpallar, hús, forgarðar o. s. frv.),
    teinalögn,
    merkjakerfi,
    fjarskiptakerfi,
    raforkuflutning,
    vagna (dráttarvagnar, vöru- og farþegavagnar),
    verkstæði, sporasmiðju o. s. frv.,
    svo og fyrir kostnað af öllum öðrum búnaði fyrir járnbrautarfélagið.
13. Áætlun reksturskostnaðar. Reksturskostnaðurinn er aðallega fólginn í launa- og orkukostnaði, svo og notkunarkostnaði.
14. Tillögur um gjaldskrár fyrir vöru- og farþegaflutninga. Notaðar verða sem fyrirmynd hliðstæðar evrópskar gjaldskrár og gengið úr skugga um, hvaða gjaldskrár skila kostnaði og eru framkvæmanlegar á Íslandi.
15. Framkvæmd **rekstrshagslegra** notkunar-kostnaðar-útreikninga, þar sem ávöxtunin er mælikvarði hinnar rekstrshagslegu arðsemi.
16. Framkvæmd **þjóðhagslegra** notkunar-kostnaðar-útreikninga, þar sem ávöxtunin er mælikvarði hinnar þjóðhagslegu arðsemi.
    Með tilliti til þeirrar staðreyndar, að Ísland hefur nóg rafmagn frá vatnsorkuverum, en að öll brennsluefni verður hins vegar að flytja inn, er niðurstaða hinnar þjóðhagslegu arðsemi þyngri á metunum en hinar rekstrshagslegu.

Fyrir framangreinda hagfræðilega og tæknilega könnun höfum við áætlað **6 mánaða tímabil** og **heildarkostnað um 450 000 DM.**

Við gerum ráð fyrir því, að sérfræðingar okkar séu lausir við hvers konar skatta, tolla og önnur gjöld á meðan á dvöl þeirra á Íslandi stendur.

Við kostnaðaráætlunina höfum við gert ráð fyrir samvinnu við ráðgjafarfyrirtækið Almenna verkfræðistofan hf., sem þér hafið stungið upp á sem innlendum samstarfsaðila, að eftirfarandi verkefnum:

1. Útvegun eins til tveggja byggingaverkfræðinga fyrir jarðvinnu (þar með talin jarðvegstækni) með kostnaðaráætlun, byggingarmannvirki við járnbrautarlínur (brýr, göng, ræsi) með kostnaðaráætlun,
   brautarstöðvabyggingar og frágang brautarstöðvanna (vatnslögn, holræsi, rafmagn, o. s. frv.) með kostnaðaráætlun.
2. Útvegun skrifstofuhúsnæðis fyrir verkfræðinga okkar með skrifborðum, afnotum af vélum til að ljósrita uppdrætti og bréf. Við gerum ráð fyrir að um tveir — í mesta lagi fjórir sérfræðingar dvelji í Reykjavík samtímis.
3. Útvegun teiknara.
4. Útvegun þýðenda, sérstaklega fyrir skýrslugerðina.
5. Útvegun ritara.
6. Aðstoð frá reyndum verkfræðingi gagnvart nauðsynlegum yfirvöldum o. s. frv., sérstaklega gagnvart rafmagnsveitunum varðandi rafmagnssölu.
7. Útvegun aðstoðarmanna við umferðartalningu og hugsanlegar fyrirspurnir um heimilisrekstur, ef á þarf að halda.
8. Útvegun farartækja til skoðunar á leiðum og hugsanlega innan Reykjavíkur.
9. Aðstoð í tolla- og skattamálum.

Auðvitað væri önnur verkaskipting möguleg, t. d. samstarf AV við rekstrshagslega og þjóðhagslega notkunar-kostnaðar-útreikninga.

Ef verkkaupinn hefur áhuga, erum við mjög fúsir til að semja við yður og AV um öll atriði málsins.

Við vonum að við höfum veitt yður allar nauðsynlegar upplýsingar með framangreindri skilgreiningu á innihaldi, væntanlegum kostnaði og tímalengd tæknilegrar og hagfræðilegrar framkvæmdaleikakönnunar fyrir járnbraut í landi yðar og óskum yður góðs árangurs í viðræðum yðar við vini yðar um þetta mál.

Okkur þætti vænt um, ef þér vilduð skýra okkur við hentugleika frá stöðu þessa máls.

Á meðan bíðum við

með alúðar kveðjum

DEUTSCHE EISENBAHN CONSULTING GmbH

G. F. Scheller Chr. Müller-Haude

Fylgiskjal IV.

24/3 1980.

JÁRNBRAUT Á ÍSLANDI.

Hugleiðingar varðandi þjónustutilboð Deutsche Eisenbahn Consulting GmbH (DEC) dags. 20/2 1980.

1. DEC hefur vafalaust mikla reynslu í gerð áætlana um járnbrautir, umferðarspám og hagkvæmnisathugunum og því vel til verksins treystandi.
2. Tillögur DEC eru mjög ítarlegar.

Í 16 liðum er gerð grein fyrir þeim verkþáttum, sem athugaðir verða í fyrirhugaðri áætlun DEC.

Virðist jafnvel gengið of langt miðað við fyrstu frumáætlun.

Æskilegt væri að ræða við DEC um að draga úr verkinu og lækka kostnaðinn samsvarandi, þó þannig að tryggt sé að marktæk niðurstaða fáist.

3. Með hliðsjón af sérislenskum aðstæðum, landfræðilegum, veðurfræðilegum, félagslegum o. s. frv. er æskilegt að íslenskir aðilar taki þátt í sem flestum þáttum athugunarinnar. Einkum á þetta við um félagsleg áhrif, hagkvæmnisforsendur, framtíðarspár, flutningsmagn, stofn- og rekstrarkostnað, gjaldskrár o. fl. þess háttar.
4. Kostnaður við áætlanagerðina er skv. tilboði DEC DM 450 000 eða liðlega 100 milljónir króna. Athugandi væri að semja um lækkun þessa kostnaðar, ef tök eru á, jafnframt því sem kanna ber hámarksþátttöku íslenskra aðila, enda sparar það gjaldeyri og eykur þekkingu Íslendinga á þessum málum.

Því er lagt til að taka upp viðræður við DEC um:

a) að fækka eða draga úr verkþáttum fyrirhugaðrar hagkvæmnisathugunar að því lágmarki, sem gera verður kröfur til við slíkar athuganir,
b) hugsanlega skiptingu könnunarinnar í tvo sjálfstæða áfanga. Niðurstöður fyrri áfanga ákvarða um gerð hins síðari.
c) lækkun heildarkostnaðar og/eða áfangakostnaðar við áætlanagerðina,
d) aukna þátttöku íslenskra aðila í áætlanagerðinni, bæði með tilliti til staðarþekkingar og gjaldeyrissparnaðar. Auk AV má hér nefna Framkvæmdastofnun, Vegagerð ríkisins, Þjóðhagsstofnun, o. fl. kunna að koma til greina.

Bent er sérstaklega á að þátttaka íslenskra aðila er möguleg og æskileg í verkþáttum 1, 2, 2a, 3, 3a, 5, 11, 12, 13, 14, 15 og 16 í þjónustuboði DEC.

Hugsanlegt væri að t. d. Framkvæmdastofnun ynni að gerð forsendna fyrir áætlun DEC.

Mætti þannig draga úr vinnu hýska aðilans við verkþætti 1, 2 og 3.

Að lokum skal vakin athygli á, að legu járnbrautarlínu þarf að kanna að sumri til, er því æskilegt að hraða undirbúningi og ákvarðanatöku um áætlanagerðina svo að sumarið 1980 nýtist til nauðsynlegra rannsókna.

Almenna verkfræðistofan hf.

Svavar Jónatansson.

Nd. 523. Nefndarálit [52. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1980.

Vilmundur Gylfason, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Jósef H. Þorgeirsson, frsm.
Ólafur Þ. Þórðarson.	Friðrik Sophusson.	Guðm. J. Guðmundsson.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Nd. 524. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Árna Gunnarssyni.

Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein er verði 2. gr. og orðist svo:
Við a-lið 25. gr. laganna bætist:
Til viðbótar framlagi skv. 1. málslið skal ríkissjóður leggja sjóðnum til a. m. k. 225 millj. króna, í fyrsta sinn á árinu 1981. Skal sú fjárhæð hækka í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar miðað við árið 1980 að grunni.

Nd. 525. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á sjómannalögum, nr. 67 frá 31. des. 1963, sbr. lög nr. 53 frá 20. maí 1969.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

18. gr. laganna hljóði svo:

Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips tekur hann kaup frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum er ráðningu hans lýkur samkvæmt ráðningar- eða kjarasamningi og skiptir þá ekki máli þótt hann hafi áður verið afskráður.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausu fríi, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfellt skal hann, auk þess sem í 3. mgr. segir, halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð, en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma sem orsakast af vinnunni, skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjá mánuði til viðbótar greiðslum samkvæmt 3. mgr. og 4. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur leynt vísvitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns samkvæmt 3., 4. og 5. mgr., og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið, er sýni, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 526. Lög [31. mál]

um breyting á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 63 frá 29. mars 1961, sbr. lög nr. 71 frá 28. apríl 1962.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 427.

Nd. 527. Frumvarp til laga [154. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

a. Framlög sveitarfélaga, sem nema skulu 300 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. desember undanfarið ár. Fjárhæð þessi er miðuð við framfærsluvísitölu 1. janúar 1980 og skal síðan breytast árlega miðað við framfærsluvísitölu 1. janúar ár hvert.
b. 0.6% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.
c. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun í fjárlögum ár hvert.
d. Vextir af fé sjóðsins.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laga nr. 51/1972 orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins skv. 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingu styrkja og/eða lána, eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Stjórn sjóðsins ákveður kjör á lánum þ. m. t. lánstíma, vexti og hvort lán skuli bundin verðtryggingu.

3. gr.

1. gr. laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1981, en 2. gr. öðlast þegar gildi.

Nd. 528. Frumvarp til laga [8. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. maí.)

1. gr.

Eigendur þeirra fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1980 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs.

2. gr.

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og auk þess á bönkum og innlánsstofnunum.

3. gr.

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1979 á þeirri fasteign, sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgjaldskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

4. gr.

Við ákvörðun á því, hvaða eignir myndi stofn sérstaks eignarskatts, skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1979.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

5. gr.

Með skattframtali 1980 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1979. Ennfremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1980 skila skrám skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

6. gr.

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,4% af skattstofni skv. 3. grein. Skattinn skal leggja á í heilum þúsundum króna þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. sé sleppt.

Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 100 000 kr., skal fella niður við álagningu.

7. gr.

Ákvæði VIII.—XIV. kafla laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

8. gr.

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1980 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1981. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 40/1978, með síðari breytingum, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1980.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við ákvörðun tekjuskatts og útsvars á árinu 1980 er heimilt að draga frá tekjum ársins 1979 sem rekstrarútgjöld skatt þann er lagður var á samkvæmt lögum nr. 112/1978, um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Nd. **529. Lög** [5. mál]

um ábyrgðarheimildir vegðna lántöku Bjargráðasjóðs.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 393.

Nd. **530. Lög** [93. mál]

um breyting á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 142.

Nd. **531. Lög** [18. mál]

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

(Afgreidd frá Nd. 14. maí.)

Samhljóða þskj. 426 (sbr. 18).

Nd. **532. Nefndarálit** [181. mál]

um frv. til l. um Iðnþróunarsjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Birgir Ísl. Gunnarsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1980.

Páll Pétursson, form., frsm.	Magnús H. Magnússon, fundaskr.	Guðm. G. Þórarinsson.
Friðrik Sophusson.	Jósef H. Þorgeirsson.	Skúli Alexandersson.

Nd. **533. Nefndarálit** [184. mál]

um frv. til l. um Iðnrekstrarsjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Leggur nefndin til að það verði samþykkt. Friðrik Sophusson mun þó flytja breytingartillögu. Nefndin leggur þann skilning í

3. tölulið 6. greinar, að sjóðnum sé bæði heimilt að ábyrgjast lán sem veitt eru vegna fjárfestingar og vegna framleiðslu.

Birgir Ísl. Gunnarsson var fjarstaddur.

Alþingi, 16. maí 1980.

Páll Pétursson, form., frsm.	Magnús H. Magnússon, fundaskr.	Guðm. G. Þórarinsson.
Jósef H. Þorgeirsson, með fyrirvara.	Friðrik Sophusson, með fyrirvara.	Skúli Alexandersson.

Nd. 534. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið um nokkurt skeið og unnið að því í samstarfi með fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.

Nefndin hefur meðal annars rætt við eftirgreinda aðila og undirritaðir nefndarmenn vilja í því sambandi taka fram:

1. Lífeyrissjóðir.

Nefndin ræddi við fulltrúa frá Sambandi almennra lífeyrissjóða og landssambandi lífeyrissjóða. Mótmæltu þeir ákvæðum 3. gr. frv. um skuldabréfakaup lífeyrissjóða. Undirritaðir nefndarmenn telja að nauðsynlegt sé að eiga sem best samstarf við lífeyrissjóðina um skuldabréfakaup, er byggi á samkomulagi og skilningi lífeyrissjóðanna á nauðsyn þess að draga úr erlendum lántökum eftir því sem kostur er. Fulltrúar lífeyrissjóðanna hafa lýst sig fúsa til að gera hvað þeir geta til að stuðla að þeim markmiðum, sem sett eru fram í lánsfjáráætlun um innlenda fjáröflun.

Með tilliti til þessa leggja undirritaðir nefndarmenn fram breytingartillögu á þskj. 535 sem gerir ráð fyrir óbreyttum reglum frá fyrra ári, að því undanskildu að verðtryggð skuldabréfakaup frá sjóðsfélögum lífeyrissjóðanna eru ekki talin rúmast innan 40% reglunnar.

2. Byggingarsjóður ríkisins.

Fulltrúar frá Byggingarsjóði ríkisins lögðu fram fjárhagsáætlun fyrir árið 1980, er gerir ráð fyrir ráðstöfunarfé 22 300 þús. kr. Áætlunin er samin með tilliti til útlánaáforma þeirra, en þeir höfðu óskað eftir meira innstreymi fjár.

Við athugun kom í ljós að villa var í 18. gr., er snertir sjóðinn, og er flutt breytingartillaga til að leiðrétta hana. Það fjármagn, sem ríkissjóður leggur fram til Byggingarsjóðs vegna ársins 1980, er eftirfarandi (í þús. kr.), með tilvísun til 4. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins:

a-liður	6 226 550	
c-liður	759 900	
		6 986 450
b-liður		63 750
Heilsuspillandi húsnæði, sbr. fjárlög		50 300
		7 100 500

Ríkissjóður átti í ársbyrjun ógreitt vegna ársins 1979 1544 þús. kr. og er það ekki talið með hér.

3. Byggingarsjóður verkamanna.

Fulltrúar frá sjóðnum lýstu áhyggjum varðandi hvernig skilja bæri 19. gr., en þar er gert ráð fyrir 432 500 þús. kr. framlagi.

Á árinu 1979 fékk sjóðurinn aukaframlag 390 000 þús. kr. og í ársbyrjun 1980 fékk sjóðurinn 595 276 þús. kr.

Undirritaðir nefndarmenn vilja taka það skýrt fram, að framlag samkv. 19. gr. er framlag ársins 1980, sem sveitarfélögin leggja til á móti. Hvort framlagið verði að fullu greitt á árinu 1980 er að sjálfsögðu samningsatriði aðila, eins og ávallt hefur verið.

4. Erfðafjársjóður.

Fulltrúar endurhæfingarráðs komu á fund nefndarinnar og höfðu sent nefndinni bréf.

Á árinu 1979 fékk sjóðurinn samkv. fjárlögum 144 000 þús. kr. og auk þess aukafjárveitingu 36 000 þús. kr. Á árinu var innheimtur erfðafjárskattur 496 800 þús. kr. Hluti af skattinum var vegna fyrri ára þar sem mikið átak var gert í innheimtumálum. Í fjárlögum 1980 er gert ráð fyrir að tekjur af skattinum verði 700 000 þús. kr., sem er sennilega of há áætlun, og má benda á að innheimta fyrstu þrjá mánuði ársins var 61 500 þús. kr. Undirritaðir nefndarmenn telja að sinna verði vel þeim verkefnum sem hér er staðið að og eru undirstöðuþáttur í endurhæfingarstarfi og málefnum fatlaðra.

Þótt framlagið hækki frá fyrra ári um 81.7% telja undirritaðir nefndarmenn að alls ekki megi skerða þessi framlög umfram önnur lögákveðin framlög, vegna þeirra miklu viðfangsefna er hér bíða.

Óvissan er mikil um tekjur af erfðafjárskatti og teljum við að taka beri mál Erfðafjársjóðs upp í haust, þegar ljósara er hverjar tekjurnar verða af erfðafjárskatti, og taka framlagið til endurskoðunar með tilliti til þess og þeirra sjónarmiða, er áður hafa komið fram.

Frumvarp það, sem hér er um fjallað, er þýðingarmikið og gerir það kleift að hefja ýmsar mikilvægar framkvæmdir. Málið er einnig mikilvægt af ýmsum efnahagslegum ástæðum og varðar því miklu að vel sé á haldið. Í því sambandi viljum við undirritaðir nefndarmenn taka fram eftirfarandi:

1. Í lánsfjáráætluninni er gert ráð fyrir aukinni verðbréfasölu til lífeyrissjóða og sölu á verðtryggðum skuldabréfum til innlánsstofnana. Auk þess er gert ráð fyrir verulegri sölu á ríkisskuldabréfum. Undirritaðir nefndarmenn telja að halda verði erlendum lántökum innan þeirra marka er fram kemur í frv. og ekki megi stofna til frekari erlendra lána.

Í þessu sambandi viljum við m. a. vísa til meðfylgjandi áætlunar um greiðslubyrði langra erlendra lána á árinu 1981.

Framkvæmd lánsfjáráætlunar er mjög háð sparifjármyndun í landinu. Við viljum því leggja áherslu á þann þátt mála, ef tryggja á farsæla framkvæmd lánsfjáráætlunar. Ef þess er ekki gætt er fyrirsjáanlegt að nægilegt fjármagn verður ekki fyrir hendi til að standa við framkvæmdaáform.

2. Mikilvægt er að þess sé gætt í hvívetna að fjármagni því, sem ráðstafað er samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sé vel varið. Í því sambandi má geta þess, að ef spenna verður á vinnumarkaði er hætt við að tilboð verði hærri en kostnaðaráætlanir. Fari hagstæðasta tilboð í verk í heild — eða einstaka verkhluta — fram úr þeim kostnaðaráætlunum, sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlun miðast við, er nauðsynlegt að endurmeta heimildir áður en ráðist er í viðkomandi verk.

Með tilliti til ofanritaðs leggjum við undirritaðir nefndarmenn til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum er fram koma á þskj. 535.

Alþingi, 16. maí 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Guðm. J. Guðmundsson.

Fylgiskjal I.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN 29/4/1980.

Áætluð skipting fjármyndunar í erlendan og innlendan hluta 1974—1980.
Milljónir króna. Verðlag hvers árs.

	1974	1975	1976	1977	1978	Bráðabirgðatölur 1979	Spá 1980
Erlendur hluti:							
Þjórsárvirkjanir, Kröfluvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	1 146	3 849	7 443	6 186	8 541	13 759	25 960
Innflutt skip og flugvélar	5 980	6 960	4 530	12 270	6 385	8 505	20 000
Önnur fjármunamyndun	12 898	17 409	21 037	30 460	45 974	67 588	94 563
Erlendur hluti, alls	**20 024**	**28 218**	**33 010**	**48 916**	**60 900**	**89 852**	**140 523**
Innlendur hluti:							
Þjórsárvirkjanir, Kröfluvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja	764	2 971	4 962	4 124	6 919	11 151	25 360
Önnur fjármunamyndun	24 362	32 371	40 038	55 710	82 721	111 937	162 267
Innlendur hluti, alls	**25 126**	**35 342**	**45 000**	**59 834**	**89 640**	**123 088**	**187 627**
Fjármunamyndun, alls	**45 150**	**63 560**	**78 010**	**108 750**	**150 540**	**212 940**	**328 150**
Erlendur hluti, %	44.4	44.4	42.3	45.0	40.5	42.2	42.8
Innlendur hluti, %	55.6	55.6	57.7	55.0	59.5	57.8	57.2
Samtals	**100.0**	**100.0**	**100.0**	**100.0**	**100.0**	**100.0**	**100.0**
Erlendur hluti fjármunamyndunar sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu, %	**14.2**	**14.6**	**12.4**	**12.8**	**10.5**	**10.7**	**11.4**

Fylgiskjal II.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Greiðslujafnaðardeild

8. maí 1980

Til: Halldórs Ásgrímssonar, alþingismanns
Frá: Seðlabanka Íslands, greiðslujafnaðardeild, Ólafur Tómasson

Efni: Fyrirspurn um áætlaða greiðslubyrði langra erlendra lána á árinu 1981

Hér fer á eftir lausleg spá um afborganir, vexti og greiðslubyrðarhlutfall af löngum erlendum lánum á árinu 1981.

Í milljörðum króna[1])	Afborganir	Vextir	Samtals
Af skuld í árslok 1979	46.6	38.4	85.0
Af lántökum 1980[2])	8.5	12.8	21.3
Af lántökum 1981[3])	—	4.5	4.5
Samtals	55.1	55.7	110.8
Áætlaðar útflutningstekjur[4])			617.0
Áætluð greiðslubyrði í hlutfalli af útflutningstekjum			18.0%

1) Á áætluðu meðalgengi 1980.
2) Miðað við 85 milljarða króna nýjar lántökur.
3) Miðað við 60 milljarða króna nýjar lántökur, sem svarar rúmlega til áætlaðra afborgana á árinu.
4) Gert er ráð fyrir að útflutningstekjur (útflutningur vöru og þjónustu) aukist um 10% á árinu.

Framangreindar tölur eru miðaðar við áætluð vaxtakjör á árinu 1980 að því er varðar nýjar lántökur og þau lán, sem eru með breytilegum vöxtum. Ef miðað væri hins vegar við vaxtakjör á árinu 1979 mundi greiðslubyrði á árinu 1981 vera rétt innan við 17% af útflutningstekjum.

Nd. 535. Breytingartillögur [180. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

1. 3. gr. hljóði svo:

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tölulið D-liðs 30. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VIII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall verðbréfakaupa af ráðstöfunarfé.

Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er ríkissjóði, Framkvæmdasjóði Íslands og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað sam-

kvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupi bréf af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár svo og ákvæði um lánstíma og lánskjör.

2. 18. gr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði a- og c-liðar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skulu samanlagðar tekjur Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt greindum stafliðum ekki fara fram úr 6 986 450 þús. kr. á árinu 1980. Fari tekjur skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977, og skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laganna fram úr þessari fjárhæð skal það sem umfram er renna í ríkissjóð. Þá skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skv. b-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970 eigi fara fram úr 63 750 þús. kr. á árinu 1980.

3. Á eftir 27. gr. komi ný grein er verði 28. gr. og orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka áformuð lánsfjármögnuð útgjöld fyrirtækja og stofnana í B-hluta fjárlaga um 2 612 millj. kr. á árinu 1980.

Sþ. 536. Tillaga til þingsályktunar [202. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

(Lögð fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1980.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 144 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, sem gerð var á 61. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf 1976, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT

nr. 144 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 61. þingsetu sinnar í Genf hinn 2. júní 1976 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist ákvæða gildandi samþykkta og tillagna um vinnumál, einkum Samþykktar um félagafrelsi og verndun þess, 1948, Samþykktar um réttinn til þess að stofna félög og semja sameiginlega, 1949, og Tillögu um samráð og samvinnu ríkisstjórna

CONVENTION

concerning tripartite consultations to promote the implementation of international labour standards

The General Conference of the International Labour Organisation.

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Sixty-first Session on 2 June 1976, and

Recalling the terms of existing international labour Conventions and Recommendations — in particular the Freedom of Association and Protection of the Right to Organise Convention, 1948, the Right to Organise and Collective Bar-

og aðila vinnumarkaðarins, 1960, sem staðfesta rétt atvinnurekenda og verkamanna til að stofna frjáls og sjálfstæð félög og krefjast aðgerða til þess að stuðla að raunhæfum samráðum milli stjórnvalda og félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna í landinu, svo og ákvæða fjölmargra alþjóðlegra samþykkta og tillagna, sem kveða á um samráð félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna um aðgerðir til að framfylgja þeim,

hefur fjallað um 4. dagskrármál þingsins, sem nefnist „Að koma á fót samstarfi þriggja aðila til þess að stuðla að framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála“ og hefur þingið samþykkt ákveðnar ábendingar um samstarf til þess að stuðla að framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála, og

þar sem þingið hefur ákveðið að þessar ábendingar skuli gerðar í formi alþjóðasamþykktar, gerir það í dag hinn 21. júní 1976 eftirfarandi samþykkt, sem nefna má Samþykkt varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála 1976:

1. gr.

Í þessari samþykkt merkir hugtakið „aðalsamtök“ þau samtök, sem eru helstu málsvarar atvinnurekenda og verkamanna, sem njóta félagafrelsis.

2. gr.

1. Hvert það aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem fullgildir þessa samþykkt skuldbindur sig til þess að beita aðferðum sem tryggi raunhæft samstarf fulltrúa ríkisstjórnarinnar, atvinnurekenda og verkamanna um þau atriði, er varða starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og nefnd eru í 1. tölulið 5. greinar hér á eftir.

2. Eðli og form þeirra aðgerða, sem um getur í 1. tölulið þessarar greinar

gaining Convention, 1949, and the Consultation (Industrial and National Levels) Recommendation, 1960 — which affirm the right of employers and workers to establish free and independent organisations and call for measures to promote effective consultation of the national level between public authorities and employer's and workers' organisations, as well as the provisions of numerous international labour Conventions and Recommendations which provide for the consultation of employers' and workers' organisations on measures to give effect thereto, and

Having considered the fourth item on the agenda of the session which is entitled „Establishment of tripartite machinery to promote the implementation of international labour standards", and having decided upon the adoption of certain proposals concerning tripartite consultations to promote the implementation of international labour standards, and

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

adopts this twenty-first day of June of the year one thousand nine hundred and seventy-six the following Convention, which may be cited as the Tripartite Consultation (International Labour Standards) Convention, 1976:

Article 1

In this Convention the term 'representative organisations" means the most representative organisations of employers and workers enjoying the right of freedom of association.

Article 2

1. Each Member of the International Labour Organisation which ratifies this Convention undertakes to operate procedures which ensure effective consultations, with respect to the matters concerning the activities of the International Labour Organisations set out in Article 5, paragraph 1, below, between representatives of the government, of employers and of workers.

2. The nature and form of the procedures provided for in paragraph 1 of

skal ákvarða í hverju landi fyrir sig í samræmi við landsvenjur að höfðu samráði við aðalsamtökin, þar sem slík samtök starfa, ef slíkum aðferðum hefur ekki þegar verið komið á.

this Article shall be determined in each country in accordance with national practice, after consultation with the representative organisations, where such organisations exist and such procedures have not yet been established.

3. gr.

1. Fulltrúar atvinnurekenda og verkamanna í sambandi við aðgerðir þær sem kveðið er á um í þessari samþykkt skulu kjörnir með frjálsum kosningum af aðalsamtökum þeirra, þar sem þau fyrirfinnast.

2. Atvinnurekendur og verkamenn skulu eiga jafnmarga fulltrúa í öllum nefndum sem samstarf annast.

Article 3

1. The representatives of employers and workers for the purposes of the procedures provided for in this Convention shall be freely chosen by their representative organisations, where such organisations exist.

2. Employers and workers shall be represented on an equal footing on any bodies through which consultations are undertaken.

4. gr.

1. Hlutaðeigandi stjórnvald skal annast stjórnun þeirra aðgerða, sem þessi samþykkt kveður á um.

2. Hlutaðeigandi stjórnvald og aðalsamtökin, þar sem þau fyrirfinnast, skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fjármagna nauðsynlega þjálfun þátttakenda í þessum aðgerðum.

Article 4

1. The competent authority shall assume responsibility for the administrative support of the procedures provided for in this Convention.

2. Appropriate arangements shall be made between the competent authority and the representative organisations, where such organisations exist, for the financing of any necessary training of participants in these procedures.

5. gr.

1. Tilgangur þeirra aðgerða, sem þessi samþykkt kveður á um skal vera að haft sé samráð um:

a. svör ríkisstjórna við spurningum varðandi dagsskrármál Alþjóðavinnumálaþingsins og athugasemdir ríkisstjórna við þá tillögutexta, sem ræða skal á þinginu;

b. þær tillögur til hlutaðeigandi stjórnvalda, sem gera skal um leið og samþykktir og tillögur eru lagðar fyrir þau í samræmi við 19. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar;

c. endurtekna athugun á hæfilegum fresti á ófullgiltum samþykktum og tillögum, sem ekki hafa enn verið framkvæmdar, til þess að athuga hvað gera mætti til þess að stuðla að

Article 5

1. The purpose of the procedures provided for in this Convention shall be consultations on —

(a) government replies to questionnaires concernig items on the agenda of the International Labour Conference and government comments on proposed texts to be discussed by the Conference;

(b) the proposals to be made to the competent authority or authorities in connection with the submission of Conventions and Recommendations pursuant to article 19 of the Constitution of the International Labour Organisation;

(c) the re-examination at appropriate intervals of unratified Convention and of Recommendations to which effect has not yet been given, to consider what measures might be taken

framkvæmd þeirra eða fullgildingu, eftir því sem við á;
d. spurningar, sem upp kunna að koma í sambandi við skýrslur, sem gefa skal Alþjóðavinnumálaskrifstofunni samkvæmt 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar;
e. tillögur um uppsagnir fullgiltra samþykkta.

2. Til þess að tryggja nægilega athugun á þeim málum, sem um ræðir í 1. tölulið þessarar greinar skulu fundir haldnir á hæfilegum fresti, er ákveðinn skal með samkomulagi, en eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

6. gr.

Þegar hæfilegt þykir, að höfðu samráði við aðalsamtökin, þar sem þau fyrirfinnast, skal hlutaðeigandi stjórnvald gefa út ársskýrslu um starfsemi þá, sem um ræðir í þessari samþykkt.

7. gr.

Formlegar fullgildingar á þessari samþykkt skulu sendar framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar.

8. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún gengur í gildi tólf mánuðum eftir að fullgildingar tveggja aðildarríkja hafa verið skráðar hjá framkvæmdastjóranum.

3. Síðan gengur þessi samþykkt í gildi, að því er snertir hvert aðildarríki, tólf mánuðum eftir að fullgilding þess hefur verið skráð.

9. gr.

1. Aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar. Tilkynningu um uppsögn skal senda framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skrásetningar. Slík upp-

to promote their implementation and ratification as appropriate;
(d) questions arising out of reports to be made to the International Labour Office under article 22 of the Constitution of the International Labour Organisation;
(e) proposals for the denunciation of ratified Conventions.

2. In order to ensure adequate consideration of the matters referred to in paragraph 1 of this Article, consultations shall be undertaken at appropriate intervals fixed by agreement, but at least once a year.

Article 6

When this is considered appropriate after consultation with the representative organisations, where such organisations exist, the competent authority shall issue an annual report on the working of the procedures provided for in this Convention.

Article 7

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 8

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.

2. It shall come into force twelve months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.

3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

Article 9

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an act communicated to the Director-General of the International

sögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skrásetningardegi hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa, en notfæri sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins, sem um getur í fyrri tölulið, rétt þann til uppsagnar, sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af henni annað tíu ára tímabil, og síðan getur það sagt þessari samþykkt upp að loknu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

10. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar skráningu allra fullgildinga og uppsagna, sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar framkvæmdastjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar skrásetningu annarrar fullgildingarinnar, sem honum berst, skal hann vekja athygli þeirra á, hvaða dag samþykktin gangi í gildi.

11. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalritara Sameinuðu þjóðanna til skrásetningar samkvæmt 102. grein sáttmála Sameinuðu þjóðanna, allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir, sem hann hefur skrásett í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

12. gr.

Þegar stjórn Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþingið skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt, hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins breytingar á henni allri eða hluta hennar.

13. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt, sem breytir þessari samþykkt að meira eða

Labour Office for registration. Such denunciation shall not take effect until one year after the date on which it is registered.

2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and, thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

Article 10

1. The Director-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organisation of the registration of all ratifications and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.

2. When notifying the Members of the Organisation of the registration of the second ratification communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

Article 11

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all ratifications and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding Articles.

Article 12

At such times it may consider necessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

Article 13

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in

minna leyti og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg, þá skal:

a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju samþykkt ipso jure hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 9. gr. hér að framan líður, ef hin nýja samþykkt öðlast gildi og þá frá þeim tíma er það gerist;

b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt, eftir að hin nýja samþykkt gekk í gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni hvað snertir þau aðildarríki, sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju samþykkt.

14. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides —

(a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall ipso jure involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 9 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;

(b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.

2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

Article 14

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) er svo sem kunnugt er byggð upp á annan hátt en aðrar alþjóðlegar stofnanir. Allsherjarþing hennar og stjórn eru skipuð fulltrúum ríkisstjórna atvinnurekenda og verkalýðs í hlutföllunum 2:1:1. Sama regla gildir um nefndir allar á vegum stofnunarinnar. Þannig byggist Alþjóðavinnumálastofnunin og öll starfsemi hennar á samstarfi þessara þriggja aðila.

Stofnunin hefur leitast við að stuðla að sams konar samvinnu innan einstakra aðildarríkja og hafa fjölmargar samþykktir Alþjóðavinnumálaþings að geyma ákvæði um að stjórnvöld skuli hafa fulltrúa atvinnurekenda og launþega með í ráðum um framkvæmd ákvæða þeirra eða reglna, sem í þeim felast.

Á fundi sínum í nóvember 1973 ákvað svo stjórn ILO að allsherjarþingið skyldi fjalla um samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til þess að stuðla að framkvæmd alþjóðlegra samþykkta og reglna á sviði vinnumála. Var ákveðið að fyrri umræða um málið skyldi fara fram á þinginu 1975.

Á Alþjóðavinnumálaskrifstofunni var samin skýrsla um málið. Í henni var gerð grein fyrir viðleitni ILO til eflingar samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Þar er og gerð grein fyrir því, hvernig þessum málum er háttað í einstökum aðildarríkjum. Í skýrslunni voru einnig bornar fram ýmsar spurningar til ríkisstjórna til þess að kynnast afstöðu þeirra til þess hvort setja bæri alþjóðlegar reglur um þetta efni og hvað í þeim skyldi felast ef settar yrðu.

Að fengnum svörum ríkisstjórna samdi Alþjóðavinnumálaskrifstofan aðra skýrslu. Hefur hún að geyma greinargerð um svör ríkisstjórna við fyrr nefndum spurningum svo og drög að samþykkt, sem samin voru með hliðsjón af þeim.

Þessi síðari skýrsla var svo lögð fyrir allsherjarþingið árið 1975 og fjallaði sérstök þingnefnd um málið. Gerðar voru ýmsar breytingar á þeim texta, sem fyrir lá og samþykkt ný drög að samþykkt og tillögu. Einnig var samþykkt að taka þetta mál til síðari umræðu á næsta reglulega þingi árið 1976.

Aðildarríkjunum var síðan send skýrsla um umræður um málið á þinginu 1975 og þá afgreiðslu, sem það fékk. Var ríkisstjórnum gefinn kostur á að gera

sínar athugasemdir við þau drög, sem höfðu verið samþykkt. Að þeim athugasemdum fengnum samdi Alþjóðavinnumálaskrifstofan ný drög að samþykkt og tillögu, sem lögð voru fyrir þingið 1976.

Á þinginu var mikill áhugi fyrir þátttöku í þeirri nefnd, sem um þetta mál fjallaði svo að nefndin varð fjölmenn. Í almennum umræðum í nefndinni lögðu fulltrúar bæði atvinnurekenda og verkamanna áherslu á nauðsyn þess að setja samþykkt, (convention) sem tryggði það, að samtök þeirra væru höfð með í ráðum um framkvæmd samþykkta ILO, en samþykkt er bindandi fyrir þau aðildarríki, sem hana fullgilda. Hins vegar vildu fulltrúar sumra ríkisstjórna láta nægja að samþykkja tillögu (recommendation) en í því formi felast einungis tilmæli til ríkisstjórna um að taka til greina það sem í tillögunni felst.

Niðurstaðan varð sú að gerð var samþykkt um málið og einnig tillaga, sem hefur að geyma nokkru víðtækari ákvæði. Með samþykktinni greiddu 305 þingfulltrúar atkvæði, en enginn á móti. Tillagan var samþykkt með 354 atkvæðum án mótatkvæða. Tillaga þessi er prentuð sem viðauki við athugasemdir þessar.

Með fullgildingu umræddrar samþykktar skuldbindur aðildarríki sig til þess að tryggja það, að ríkisstjórn þess hafi raunhæf samráð og samvinnu við samtök atvinnurekenda og launþega um málefni, er varða Alþjóðavinnumálastofnunina eða samskipti ríkisins við hana. Á Norðurlöndum hefur slíkri samvinnu verið komið á fyrir löngu með stofnun samstarfsnefnda, sem skipaðar eru fulltrúum hinna þriggja aðila. Mundi sá háttur sjálfsagt verða á hafður hér á landi ef Ísland fullgildir samþykktina.

Alls hafa nú 20 aðildarríki fullgilt þessa samþykkt þ. á m. Norðurlöndin fjögur.

Leitað var álits Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands á því hvort Ísland ætti að fullgilda samþykktina. Í svari Alþýðusambandsins segir að miðstjórn þess hafi á fundi sínum 18. desember 1979 samþykkt einróma að leggja til að Ísland fullgilti samþykktina. Vinnuveitendasambandið lýsti því yfir að það sjái ekkert því til fyrirstöðu að Ísland fullgilti samþykktina.

Ísland hefur verið aðili að Alþjóðavinnumálastofnuninni síðan 1945, en málefnum hennar hefur hingað til ekki verið sinnt sem skyldi. Frá upphafi hefur Alþjóðavinnumálaþingið gert 153 samþykktir (conventions) og hefur Ísland fullgilt 13 þeirra.

Með því samstarfi stjórnvalda og samtaka launþega og atvinnurekenda, sem kveðið er á um í þessari umræddu samþykkt, má ætla að betri skipan verði komið á samskipti við Alþjóðavinnumálastofnunina og betur verði unnið að framgangi þeirra mála sem hún beitir sér fyrir. Er því lagt til að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til þess að fullgilda þessa samþykkt.

Viðauki.

Tillaga nr. 152 varðandi samstarf um framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála og viðbrögð ríkja við starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 61. þingsetu sinnar í Genf hinn 2. júní 1976 eftir kvaðningu stjórnar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist ákvæða gildandi samþykkta og tillagna um vinnumál, einkum Samþykktar um félagafrelsi og verndun þess, 1948, Samþykktar um réttinn til þess að stofna félög og semja sameiginlega, 1949, og tillögu um samráð og samvinnu ríkisstjórna og aðila vinnumarkaðarins, 1960, sem staðfestir rétt atvinnurekenda og verkamanna til að stofna frjáls og sjálfstæð félög og krefjast aðgerða til þess að stuðla að raunhæfu samstarfi stjórnvalda og félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna í landinu svo og ákvæða fjölmargra alþjóðlegra samþykkta og tillagna, sem

kveða á um samstarf félagssamtaka atvinnurekenda og verkamanna til að framfylgja þeim,

hefur fjallað um 4. dagskrármál þingsins, sem nefnist „Að koma á fót samstarfi þriggja aðila til þess að stuðla að framgangi alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála“ og hefur þingið samþykkt ákveðnar ábendingar um samstarf til þess að stuðla að framkvæmd alþjóðlegra reglna á sviði vinnumála og viðbrögð ríkja við starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, og

þar sem þingið hefur ákveðið að ábendingar þessar skuli gerðar í tillöguformi gerir það í dag hinn 21. júní 1976 eftirfarandi tillögu, sem nefna má Tillögu varðandi samstarf um málefni Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, 1976:

1. Í þessari tillögu merkir hugtakið „aðalsamtök“ þau samtök, sem eru helstu málsvarar atvinnurekenda og verkamanna, sem njóta félagafrelsis.

2. (1) Sérhvert aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar ætti að beita aðgerðum, sem tryggi raunhæft samstarf fulltrúa ríkisstjórnar, atvinnurekenda og verkamanna um málefni, sem varða starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í samræmi við 5.—7. gr. þessarar tillögu.

(2) Eðli og form þeirra aðgerða, sem um getur í málsgrein (1) í þessari grein, ætti að ákvarða í hverju landi fyrir sig í samræmi við landsvenjur að höfðu samráði við aðalsamtökin þar sem slíkum aðgerðum hefur ekki verið komið á.

(3) Til dæmis gæti samstarf átt sér stað:

a. í nefndum, sem skipaðar væru sérstaklega til þess að fjalla um málefni varðandi starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar;
b. í stofnunum, sem hafa almennu hlutverki að gegna á sviði efnahagsmála, félagsmála eða vinnumála;
c. í ýmsum stofnunum, sem hafa sérstöku hlutverki að gegna í sérstökum málaflokkum; eða
d. skriflega ef þeir, sem annast þetta samstarf, eru ásáttir um að sá háttur eigi við og sé fullnægjandi.

3. (1) Fulltrúa atvinnurekenda og verkamanna í því samstarfi, sem um ræðir í þessari tillögu, ætti að kjósa í frjálsum kosningum í samtökum þeirra.

(2) Atvinnurekendur og verkamenn skulu eiga jafnmarga fulltrúa í nefndum sem samstarf annast.

(3) Í samvinnu við hlutaðeigandi samtök atvinnurekenda og verkamanna ætti að gera, ráðstafanir til þess að kostur sé á viðeigandi þjálfun, sem geri þeim, sem þátt taka í samstarfinu, fært að inna starf sitt af hendi með góðum árangri.

4. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að annast stjórnun og fjármögnun þeirrar starfsemi sem um ræðir í þessari tillögu þ. á m. fjármögnun þjálfunarstarfsemi ef nauðsyn krefur.

5. Tilgangur þeirra aðgerða, sem þessi tillaga kveður á um ætti að vera að haft sé samráð:

a. um svör ríkisstjórna við spurningum varðandi dagskrármál Alþjóðavinnumálaþingsins og athugasemdir ríkisstjórna um þá tillögutexta, sem ræða skal á þinginu;
b. um þær tillögur til hlutaðeigandi stjórnvalda, sem gera skal um leið og samþykktir og tillögur eru lagðar fram í samræmi við 19. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar;
c. í samræmi við landsvenjur, um undirbúning lagasetningar eða annarra aðgerða til þess að framfylgja alþjóðavinnumálasamþykktum og tillögum, sér í lagi fullgiltum samþykktum (þ. á m. aðgerða til að framfylgja ákvæðum um samráð eða samvinnu fulltrúa atvinnurekenda og verkamanna);
d. um endurtekna athugun á hæfilegum fresti á ófullgiltum samþykktum og tillögum, sem ekki hafa enn verið framkvæmdar, til þess að athuga hvað gera mætti til þess að stuðla að framkvæmd þeirra eða fullgildingu, eftir því sem við á;

e. um spurningar, sem upp kunna að koma í sambandi við skýrslur, sem gefa skal Alþjóðavinnumálaskrifstofunni samkvæmt 19. og 22. grein stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar;
f. um tillögur um uppsögn fullgiltra samþykkta.

6. Að höfðu samráði við aðalsamtökin ætti hlutaðeigandi stjórnvald að ákvarða að hve miklu leyti ætti að nota þessar aðferðir við samstarf í öðrum sameiginlegum hagsmunamálum svo sem:
a. undirbúningi, framkvæmd og mati á tæknilegu samstarfi, sem Alþjóðavinnumálastofnunin tekur þátt í;
b. aðgerðum samkvæmt ályktunum og öðrum ákvörðunum gerðum af Alþjóðavinnumálaþinginu, svæðisþingum, fagnefndum og öðrum fundum, sem Alþjóðavinnumálastofnunin hefur boðað til;
c. til að stuðla að aukinni þekkingu á starfsemi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, sem veigamikils þáttar í mótun stefnu í efnahags- og félagsmálum.

7. Í því skyni að tryggja nægilega athugun þeirra mála, sem um ræðir í undanfarandi greinum ætti að hafa fundi á hæfilegum fresti, sem ákveðinn sé með samkomulagi, en a. m. k. einu sinni á ári.

8. Gera ætti ráðstafanir, sem hæfa aðstæðum og venju í hverju landi, til þess að tryggja samræmi milli þeirra aðgerða, sem kveðið er á um í þessari tillögu og starfsemi þeirra stofnana í landinu, sem fjalla um hliðstæð málefni.

9. Hlutaðeigandi stjórnvald ætti að gefa út ársskýrslu um árangur þeirra aðgerða, sem kveðið er á um í þessari tillögu, þegar ástæða er talin til þess, að höfðu samráði við aðalsamtökin.

Ed. 537. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt.

Alþingi, 15. maí 1980.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. — Davíð Aðalsteinsson, fundaskr. — Jón Helgason.
Karl Steinar Guðnason. — Salome Þorkelsdóttir. — Ólafur Ragnar Grímsson.
Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 538. Nefndarálit [166. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá Nd.

Alþingi, 15. maí 1980.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm. — Davíð Aðalsteinsson, fundaskr. — Jón Helgason.
Salome Þorkelsdóttir. — Karl Steinar Guðnason. — Þorv. Garðar Kristjánsson.

Nd. 539. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til laga um Iðnrekstrarsjóð.

Frá Friðrik Sophussyni.

Síðari málsgrein 6. gr. falli brott.

Nd. 540. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973 og lög nr. 24/1976.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. maí 1980.

Vilmundur Gylfason, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Jósef H. Þorgeirsson, frsm.
Friðrik Sophusson.	Ólafur Þ. Þórðarson.	Guðm. J. Guðmundsson.

Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 541. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það frv. til lánsfjárlaga, sem hér liggur fyrir, er enn eitt dæmið um þá eindæma áráttu hæstv. ríkisstjórnar að láta einskis ófreistað í því að skattkrumla ríkisvaldsins teygi sig til allra átta, ekki einungis í vasa einstaklingsins sem skattþegns, heldur og til þeirra sjóða, sem almenningur í landinu hefur lagt til af launum sínum og eru því afdráttarlaus eign fólksins.

Þetta frv. ríkisstjórnarinnar gerir m. a. ráð fyrir að ríkið taki traustataki 40% þess ráðstöfunarfjár, sem lífeyrissjóðirnir í landinu hafa til ráðstöfunar.

Hér er um að ræða ósvífna aðför ríkisstjórnarinnar að eignarrétti þess fólks, sem lífeyrissjóðina á. Það, sem þó vekur mesta furðu, er að fjármálaráðherra Alþýðubandalagsins, Ragnar Arnalds, skuli hafa frumkvæði að slíkri lögþvingun sem hér um ræðir og ganga manna harðast fram í málinu. Þetta er furðulegt þegar til þess er litið, hver afstaða fulltrúa Alþýðubandalagsins, þar á meðal Ragnars Arnalds, hefur verið hér á Alþingi til síkrar lögþvingunar.

Til sannindamerkis um þá afstöðu eru hér látnar fylgja nokkrar tilvitnanir í orð helstu forustumanna Alþýðubandalagsins, flokks öreiganna, um lögþvingun sem þessa.

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson sagði í ræðu í Nd. 19. des. 1977. Þá var íhaldsstjórn við völd:

„Það er allt annað að ganga til samninga á frjálsum jafnréttisgrundvelli heldur en hitt að fá á sig þvingunarlög, og svo mikið í sálfræði veit ég að allir hæstv. ráðh. kunna, að mannleg viðbrögð fara að sjálfsögðu eftir því, hvernig fram er komið við menn.“

Hv. þm. Eðvarð Sigurðsson ætlaðist til þess að ráðh. íhaldsstjórnarinnar skildu þessi sannindi, þeir kynnu það mikið í sálfræði að þeir vissu að mannleg viðbrögð færu eftir því, hvernig fram er komið við menn. En flokksbróðir hans, þáv. formaður þingflokks hans, fyrrv. formaður flokks hans, núv. fjmrh., kann ekki svona mikið í sálfræði, vegna þess að hann leggur það nú til í umboði flokks síns, sem flokkur hans krafðist að fellt yrði fyrir tveimur árum.

Og það voru fleiri sem höfðu sitthvað um þetta að segja. Ég vitna í hv. þm. **Lúðvík Jósepsson.** Hann sagði um íhaldsstjórnina út af þessu máli í þingræðu 19. des.:

„Það er ekki ein báran stök hjá hæstv. ríkisstj. í þessum efnum. Það virðist vera, að hún velji í öllum greinum þá leiðina sem vitlausust er.“

Þetta sagði hv. þm. Lúðvík Jósepsson um ríkisstj. íhaldsflokkanna árið 1977, þegar hún lagði það til sem fjmrh. og ráðh. Alþb. leggja nú til í umboði síns flokks. Þá sagði formaður þingflokks Alþb.: „Það er ekki ein báran stök hjá ríkisstj. Það virðist vera, að hún velji í öllum greinum þá leiðina sem vitlausust er.“

Og hv. þm. núv. hæstv. fjmrh., **Ragnar Arnalds,** hafði líka skoðun á þessum málum þá. Hann var frsm. minni hl. fjh.- og viðskn. í Ed. Alþingis og lagði þar **til ásamt fulltrúa Alþfl. í fjh.- og viðskn. að þetta ákvæði um 40% lögþvingun á lífeyrissjóðina yrði fellt.** Og hv. þm. hafði sjálfur framsögu fyrir þessu nál., hvorki meira né minna. Hvað sagði hv. þm. Ragnar Arnalds þá um þá aðgerð, sem hann nú ber fram í nafni flokks síns? Hann sagði:

„Það er hinn þáttur málsins, sem er okkur fyrst og fremst þyrnir í augum, að hér er verið að taka fjármagn lífeyrissjóðanna traustataki með löggjöf og ráðstafa því á ákveðinn hátt. Þetta fjármagn og þessir sjóðir eru að nokkru leyti bein eign verkalýðshreyfingarinnar. Verkalýðshreyfingin fékk því framgengt, að þessir sjóðir tóku til starfa og hafa verið byggðir upp, og hún varð á sínum tíma að kosta því til að slá af launakröfum sínum, fórna nokkru til þess að þetta spor yrði stigið. Það er því jafnljóst, að verkalýðshreyfingin lætur sig miklu skipta, hvað verður um þetta fjármagn, og það er ekki eðlilegt að þetta fjármagn sé af henni tekið nema að undangengnum frjálsum samningum við þá, sem raunverulega eiga þetta fjármagn og hafa ráðstöfunarrétt á því. Lágmark væri að gerðir yrðu samningar um til hvaða þarfa þetta fjármagn verði notað, en það ekki tekið traustataki með löggjöf.“

Þetta sagði hv. þm. Ragnar Arnalds, núv. hæstv. ráðh., á Alþingi 20. des. árið 1977, þegar hann hafði forustu um það í nafni síns flokks að heimta að felld yrði sú lögþvingun, sem hann nú í nafni síns flokks krefst að Alþingi samþykki á lífeyrissjóðina umræðu- og samningalaust. Þetta er sú stórkostlega breyting sem orðið hefur á Alþb. Þetta er skoðun og stefna hinnar nýju stéttar, hinna ungu framkvæmdamanna, pappírstígranna, hlaupastrákanna úr Framsfl. og gáfumannafélagsins í Alþýðubandalaginu.

En það er fleira athyglisvert í þessu frv. fjármálaráðherra.

Það hlýtur að vekja athygli, að Ragnar Arnalds, fulltrúi Alþýðubandalagsins, þess flokks sem að eigin mati telur sig byggðastefnufokk, skuli leggja til að skerða tekjur Byggðasjóðs á árinu 1980 um 50%, en það er gert samkv. 12. gr. frv., og ekki er að **sjá að fulltrúa Framsóknarflokksins, sem telur sig „guðföður byggðastefnu“ í landinu,** klígi við því að standa að svo stórkostlegum niðurskurði á tekjum Byggðasjóðs.

Þá skal vakin sérstök athygli á því, að verði 19. gr. frv. samþ. eins og ríkisstjórnin leggur til og með Byggingarsjóð verkamanna farið eins og félagsmálaráðherra Alþýðubandalagsins, Svavar Gestsson, leggur til með bréfi dags. 7. maí s. l. og hjálagt fylgir, er verið að stöðva nú þegar allar framkvæmdir á vegum Byggingarsjóðs verkamanna. Kannske er það hin nýja stefna Alþýðubandalagsins og þar með auðvitað ríkisstjórnarinnar.

Hér hefur að fáu einu verið vikið að því er varðar frv. það, sem hér um ræðir, og vissulega ástæða til að víkja að fleiri ákvæðum, en þetta látið nægja til þess að sýna fram á hversu hæstv. ríkisstj. er gersamlega heillum horfin í öllu er varðar stjórn landsins, hvað þá að flokka megi hana undir stjórn sem líkleg er til að ráða bót á þeim vanda, sem við er að glíma í stjórn efnahagsmála.

Það, sem sker þó hvað mest í augu varðandi þetta frv. er hversu Alþýðubandalagið, hinn svokallaði verkalýðsflokkur, fótum troðnir öll þau fyrirheit og markmið, sem ráða ættu ríkjum í flokki með því nafni, til þess eins að „gáfumannabroddarnir" í flokknum geti hjúfrað sig í hinum dúnmjúku ráðherrastólum. Þegar það eitt er orðið markmið stjórnmálaflokks, eins og nú er með Alþýðubandalagið, er vissulega lágt lagst.

Með hliðsjón af framansögðu er ljóst, að ýmis ákvæði frv. eru meingölluð og þess eðlis, að breytinga er þörf. En þó ljóst sé, að litlar sem engar líkur muni á því að koma viti fyrir ríkisstjórn og stjórnarliða hér á Alþingi með breytingum á frv., verður þess þó freistað að fá fellda niður 3. gr. frv. og mun undirritaður flytja breytingartillögu um það á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. maí 1980.

Karvel Pálmason.

Fylgiskjal.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 7. maí 1980.

Í janúarmánuði s. l. var greitt framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna vegna ársins 1979 að fjárhæð 595 276 245 kr. í samræmi við ákvæði 20. greinar laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Þegar þessi greiðsla var innt af hendi var þess ekki gætt að með lögum nr. 20/1979 um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979 eru framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna verulega skert, en 16. gr. þeirra laga hljóðar svo: „Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1979 eigi fara fram úr 297 000 þús. kr." Samkvæmt þessu hafa Byggingarsjóði verkamanna verið greiddar 298 276 245 kr. umfram heimild vegna ársins 1979 og verður sú fjárhæð væntanlega dregin frá framlagi til sjóðsins á þessu ári.

Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir að framlag til Byggingarsjóðs verkamanna verði 432 500 þús. kr. og í 19. grein frumvarps til lánsfjárlaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, segir að þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/1970 skuli framlag ríkissjóðs ekki fara fram úr þeirri fjárhæð.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að eftirstöðvar af framlagi ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna á þessu ári fara ekki fram úr kr. 134 233 755 ef nefnt lánsfjárlagafrumvarp verður samþykkt með 19. grein óbreyttri.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Byggingarsjóður verkamanna
b.t. Guðmundar Vigfússonar
Húsnæðismálastofnun ríkisins,
Laugavegi 77,
Reykjavík.

Nd. 542. Breytingartillaga [180. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá Karvel Pálmasyni.

3. gr. frv. falli niður.

Ed. 543. Frumvarp til laga [17. mál]

um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. maí.)

I. KAFLI
Um markmið laganna.

1. gr.

Markmið laganna er:

— að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála og húsbygginga að landsmenn geti búið við öryggi í húsnæðismálum,
— að stuðla að jafnrétti í húsnæðismálum, þannig að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika launafólks til að eignast húsnæði.

II. KAFLI
Um hlutverk og skipulag stofnunarinnar.

2. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Á vegum stofnunarinnar skal unnið að samræmingu og skipulagi opinberra afskipta af húsnæðismálum. Stofnunin skal hafa forustu um stefnumótun í húsnæðismálum. Hún fer með stjórn hins opinbera veðlánakerfis til húsnæðismála.

Opinber veðlán til byggingar, kaupa og endurbóta á íbúðarhúsnæði teljast samkvæmt lögum þessum lán úr Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna.

3. gr.

Húsnæðisstofnunin starfar sem ein heild, en skiptist í þrjár deildir:

Deild fyrir almenn íbúðaveðlán, sem fari með málefni Byggingarsjóðs ríkisins og lánveitingar úr honum.

Deild fyrir félagslegar íbúðir, sem annist málefni Byggingarsjóðs verkamanna og leiguíbúðir sveitarfélaga.

Tæknideild, sem hafi með höndum tæknileg málefni stofnunarinnar og þjónustu við lántakendur.

Rekstrarbókhald stofnunarinnar skal ríkisbókhald annast.

4. gr.

Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipa 9 menn, sjö kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum og tveir skipaðir af félagsmálaráðherra eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands. Varamenn skulu kjörnir og skipaðir á sama hátt.

Félagsmálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnarinnar en að öðru leyti skiptir hún sjálf með sér verkum.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar og greiðist hún á sama hátt og annar kostnaður við stofnunina samkvæmt 7. gr.

5. gr.

Hlutverk húsnæðismálastjórnar er eftirfarandi:

1. Að marka meginstefnu í málefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.
2. Að hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og gæta þess að hún starfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
3. Að skera úr vafa eða ágreiningsmálum varðandi einstakar lánveitingar og ákveða greiðsludaga þeirra.
4. Að gera tillögur um skiptingu ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka, afgreiða fjárhagsáætlanir og úrskurða ársreikninga stofnunarinnar og byggingarsjóðanna.
5. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um löggjafaratriði á sviði húsnæðismála.
6. Að fjalla um önnur mál, sem ráðherra eða framkvæmdastjóri leggur fyrir hana.

6. gr.

Félagsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ræður starfsfólk stofnunarinnar samkvæmt tillögum húsnæðismálastjórnar.

7. gr.

Kostnaður við rekstur Húsnæðisstofnunar ríkisins greiðist af Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna í hlutfalli við útlán sjóðanna.

Kostnaður við rekstur tæknideildar skal borinn uppi af sölu á þjónustu deildarinnar.

III. KAFLI

Um Byggingarsjóð ríkisins og almenn veðlán til íbúðarhúsnæðis.

8. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins er að veita lán til byggingar eða kaupa á nýjum eða notuðum íbúðum, til viðhalds og endurbóta á eldri íbúðum og til nýjunga í byggingariðnaði í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða settra á grundvelli þeirra.

9. gr.

Fjár í Byggingarsjóð ríkisins skal aflað á þann hátt sem hér segir:

1. Með tekjum af eigin fé sjóðsins, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.
2. Með árlegum framlögum úr ríkissjóði af launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum, af tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum.
3. Með árlegum framlögum úr ríkissjóði skv. fjárlögum.
4. Með sölu skuldabréfa til Atvinnuleysistryggingasjóðs og lífeyrissjóða samkv. lögum nr. 57 frá 1973 og nr. 82 frá 1977 og á almennum markaði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar.
5. Með tekjum af skyldusparnaði skv. VII. kafla.

10. gr.

Byggingarsjóður ríkisins er í vörslu Seðlabanka Íslands.

Afgreiðslur lána úr sjóðnum og innheimtur þeirra fara fram í almennum lánastofnunum, sem húsnæðismálastjórn semur við um slíka þjónustu. Þóknun fyrir slík störf greiðist samkvæmt fyrir fram gerðu samkomulagi.

11. gr.

Úr Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að veita lán samkvæmt töluliðum 1—9, enda hafi verið gert ráð fyrir þessum lánaflokkum í fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir það ár, sem veiting láns fer fram:

1. Lán til kaupa eða byggingar á nýjum íbúðum.
2. Lán til kaupa á eldri íbúðum.
3. Lán til byggingar íbúða eða heimila fyrir aldraða og dagvistarstofnana fyrir börn og aldraða.
4. Lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á eldra íbúðarhúsnæði.
5. Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.
6. Sérstök viðbótarlán til einstaklinga með sérþarfir.
7. Lán til orkusparandi breytinga á húsnæði.
8. Lán til tækninýjunga í byggingariðnaði.
9. Lán til framkvæmdaaðila í byggingariðnaði.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að ákveða nýja lánaflokka að fengnu samþykki félagsmálaráðherra.

12. gr.

Umsóknir um lán skulu sendar á sérstöku umsóknareyðublaði, sem stofnunin lætur í té. Með umsókn skal senda öll þau gögn, sem tilskilin eru, svo sem samþykktar teikningar samkvæmt byggingarlögum og byggingarreglugerð, og er ella ekki skylt að veita umsókn viðtöku.

Sækja ber um lán til nýbygginga áður en framkvæmdir hefjast.

13. gr.

Lán skv. 1. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita einstaklingum, og fer um fjárhæð þeirra eftir fjölskyldustærð umsækjanda og stærð íbúðar, sbr. nánar 35. gr.

Eigi er heimilt að veita umsækjanda lán, ef högum hans er þannig háttað sem hér segir:

1. Umsækjandi á íbúð, sem ekki er fyrirhugað að selja.
2. Umsækjandi hefur brotið gegn ákvæðum byggingarlaga eða byggingarreglugerðar.
3. Umsækjandi byggir fleiri en eina íbúð.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu til þeirra umsækjenda sem áður hafa fengið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna og eiga íbúð sem talist getur fullnægjandi að dómi húsnæðismálastjórnar.

14. gr.

Þegar fyrir liggur að umsókn uppfyllir lánshæfnisskilyrði, skal senda umsækjanda skriflega staðfestingu á því, ásamt upplýsingum um þær reglur, sem ákvarða lánsfjárhæð, og um væntanlega greiðsludaga lánsins.

Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera 26 ár. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr.

15. gr.

Lán samkvæmt 2. tl. 11. gr. er heimilt að veita einstaklingum og sveitarfélögum sem kaupa íbúðir sem áður hafa verið í notkun og hlotið hafa samþykki viðkomandi byggingaryfirvalda. Lánsfjárhæð skal vera visst hlutfall af fullu láni til nýbygginga og skal hlutfallið ákveðið til eins árs í senn af félagsmálaráðherra, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, sbr. og ákvæði 13. gr.

16. gr.

Húsnæðisstofnun skal tilkynna umsækjendum skriflega, hvort þeir geti vænst láns, og tilgreina lánsfjárhæð og greiðslutíma eins nákvæmlega og unnt er. Ef umsókn er synjað, skal getið forsendna synjunar.

Lánið skal veitt gegn 2. veðrétti að jafnaði, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall brunabótamats eða fasteignamats.

Lánstími skal vera 16 ár, en um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr.

17. gr.

Lán samkvæmt 3. tl. 11. gr. er heimilt að veita sveitarfélögum, stofnunum á þeirra vegum og/eða ríkisins eða félagssamtökum, sem byggja íbúðir, heimili eða dagvistarstofnanir fyrir aldraða eða dagvistarstofnanir fyrir börn.

Lánsfjárhæð til íbúða fyrir aldraða má nema sama hlutfalli af byggingarkostnaði staðalíbúðar fyrir viðkomandi aðila og lánað er á því ári samkvæmt 1. tl. 11. gr.

Lán til dvalarheimila aldraðra og dagvistarstofnana fyrir börn mega vera allt að helmingi byggingarkostnaðar.

18. gr.

Sá, sem hyggst hefjast handa um byggingu íbúða fyrir aldraða eða dvalarheimilis, skal fyrst láta fara fram athugun á þörf fyrir slíkar íbúðir eða heimili í samvinnu við sveitarstjórn.

Umsókn um lán til byggingar íbúða, dagvistarstofnana eða dvalarheimila samkvæmt niðurstöðum slíkrar könnunar skal fylgja umsögn heilbrigðisráðuneytis. Ef umsögn er neikvæð er óheimilt að veita lán til framkvæmdanna. Umsókn um lán til byggingar dagvistarstofnunar fyrir börn skal fylgja umsögn menntamálaráðuneytis. Er það skilyrði lánveitingar að sú umsögn sé jákvæð.

19. gr.

Heimilt er að greiða út lán skv. 3. tl. 11. gr. í samræmi við framkvæmdahraða og gera sérstakan framkvæmdalánssamning þess efnis. Lokagreiðsla láns skal þó aldrei fara fram fyrr en framkvæmdum er að fullu lokið.

Lán þessi eru til 16 ára og eru veitt gegn 1. og 2. veðrétti. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr.

20. gr.

Lán samkvæmt 4. tl. 11. gr. er heimilt að veita einstaklingum eða sveitarfélögum til meiri háttar endurnýjunar og endurbóta eða viðbygginga við eldra húsnæði, en ekki til almenns viðhalds.

Lánsfjárhæð má nema allt að 50% af byggingarláni út á staðalíbúð samkv. 35. gr.

Umsóknum um lán til endurnýjunar og viðbygginga skal fylgja kostnaðaráætlun og verklýsing gerð af trúnaðarmanni húsnæðismálastjórnar og skulu umrædd gögn hljóta samþykki tæknideildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Umsóknum skal einnig fylgja samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, þó ekki sé um útlitsbreytingar að ræða.

Lán skv. 4. tl. 11. gr. má ekki veita út á sömu íbúð oftar en á 10 ára fresti.

21. gr.

Stofnunin skal staðfesta skriflega, hvort umsókn uppfyllir lánshæfnisskilyrði, og geta um lánsfjárhæð og væntanlegan afgreiðslutíma. Heimilt er húsnæðismálastjórn að greiða fyrri hluta láns til slíkra framkvæmda meðan á framkvæmdum stendur, í formi víxiláns, en síðari hluta lánsins má ekki greiða fyrr en framkvæmdum er lokið og þær hafa verið teknar út af trúnaðarmanni tæknideildar stofnunarinnar. Greiðslu láns til meiri háttar viðbygginga má þó haga í samræmi við reglur um greiðslu nýbyggingarlána.

Þessi lán skal að jafnaði veita gegn 2. veðrétti, en heimilt er að miða við tiltekið hlutfall af fasteignamati viðkomandi íbúðar. Lánstími skal vera 16 ár, en um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 33. gr.

Lán samkvæmt þessari grein mega koma til viðbótar lánum samkvæmt 2. tl. 10. gr., en samtals mega þau lán þó aldrei nema hærri fjárhæð en lán til nýbyggingar.

22. gr.

Lán samkvæmt 5. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita sveitarstjórnum, sem með skipulegum hætti vinna að útrýmingu heilsuspillandi íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu.

23. gr.

Sveitarstjórnum er skylt að láta kanna, eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti, hvort í notkun séu í sveitarfélaginu íbúðir sem talist geta heilsuspillandi. Ef í ljós kemur við slíka könnun og staðfest af viðkomandi héraðslækni að búið sé í heilsuspillandi íbúðum í sveitarfélaginu er sveitarstjórn skylt að hafa forgöngu um að bæta úr því. Skal sveitarstjórn þá senda húsnæðismálastjórn skýrslu um fjölda heilsuspillandi íbúða í sveitarfélaginu ásamt áætlun um framkvæmdahraða við útrýmingu á þeim.

Lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði geta verið með eftirtöldum hætti:

a) Lán skv. 1. tl. 11. gr. til byggingar íbúða til endursölu handa fólki sem býr í heilsuspillandi íbúðum. Lánskjör eru hin sömu og á öðrum lánum skv. þeim tölulið.
b) Viðbótarlán skv. 24. gr. þessara laga.
c) Lán til byggingar leiguíbúða samkv. IV. kafla þessara laga um leiguíbúðir sveitarfélaga. Gilda þá ákvæði 60. gr. varðandi lánskjör og aðra skilmála.

Heimilt er að greiða þessi lán út með sama hætti og greinir í 1. mgr. 19. gr.

24. gr.

Nú sækir sveitarstjórn, sem vinnur að útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, um viðbótarlán úr Byggingarsjóði ríkisins samkv. b-lið 23. gr. til þess að byggja eða kaupa nýja íbúð til endursölu til fólks sem býr í heilsuspillandi húsnæði, að dómi læknis eða heilbrigðisfulltrúa í viðkomandi sveitarfélagi, og skal þá húsnæðismálastjórn heimilt að veita lán allt að jafnhárri fjárhæð og hámarkslán er á því ári skv. 1. tl. 11. gr., enda verði það lán að fullu notað. Aldrei mega þau lán samanlagt þó nema hærri fjárhæð en 80% af byggingarkostnaði staðalíbúðar fyrir viðkomandi fjölskyldu. Lán samkvæmt þessari málsgrein skal greiða í tvennu lagi. Fyrri hluta lánsins má greiða þegar íbúðin er fokheld, en síðari hlutann þegar hún hefur verið tekin í notkun og hlutaðeigandi sveitarstjórn lagt fram vottorð bæjarfógeta eða sýslumanns um að fyrri íbúð viðkomandi fjölskyldu hafi verið tekin úr notkun.

Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrétti í viðkomandi íbúð samhliða láni samkvæmt 1. tl. 11. gr. og með bakábyrgð sveitarstjórnar.

Lánstími skal vera 26 ár og vextir 0.5%. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 33. gr.

25. gr.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita sveitarfélögum lán úr Byggingarsjóði ríkisins til þess að endurbyggja heilsuspillandi húsnæði sem hagkvæmt er talið að endurnýja, að mati byggingarfróðra manna sem tæknideild Húsnæðisstofnunar ríkisins og viðkomandi sveitarstjórn tilnefnir.

Skulu matsmenn gera úttekt á húsnæðinu og gera kostnaðaráætlun um nauðsynlegar endurbætur.

Lán þessi mega nema allt að 80% af viðgerðarkostnaði. Þó má lán til endurbóta á heilsuspillandi íbúð aldrei nema hærri fjárhæð en 70% af fullu láni til nýrrar íbúðar á því ári samkvæmt sama staðli.

Lán samkvæmt þessari grein skulu veitt gegn veði í viðkomandi íbúð og bakábyrgð sveitarstjórnar.

Lánstími skal vera 16 ár og vextir 0.5%. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 33. gr.

26. gr.

Lán samkv. 6. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita ellilífeyrisþegum og öryrkjum, sem búa við skerta starfsorku eða eru hreyfihamlaðir. Lánin eru veitt til byggingar íbúðarhúsnæðis vegna aukins kostnaðar af völdum sérþarfa umsækjanda og geta komið til viðbótar lánum skv. 1. tl. 11. gr.

Lán þessi má enn fremur veita til endurbóta á eldra húsnæði og er þá heimilt að þau komi til viðbótar lánum samkv. 2. tl. 11. gr.

Lán samkv. þessari grein má einnig veita þeim sem hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

27. gr.

Fjárhæð láns samkv. 6. tl. 11. gr. má nema allt að 80% af viðbótarbyggingarkostnaði eða endurbótakostnaði, enda séu framkvæmdirnar nauðsynlegar að mati húsnæðismálastjórnar.

Heimilt er að veita lánið gegn 2. veðrétti og er lánstími 11 ár. Um lánskjör gilda að öðru leyti ákvæði 33. gr.

28. gr.

Lán samkvæmt 7. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita einstaklingum til orkusparandi endurbóta á íbúðum, einkum þeirra sem hitaðar eru með olíu. Slíkar endurbætur skulu miðast við að fullnægt sé ákvæðum 7. kafla 7.5 og 7.6 í Byggingarreglugerð nr. 292/1979. Óheimilt er að veita lán nema fyrir liggi verklýsing og kostnaðaráætlun, sem gerð sé af sérstökum trúnaðarmanni húsnæðismálastjórnar og samþykkt af tæknideild.

29. gr.

Fjárhæð láns má nema allt að 75% endurbótakostnaðar.

Sjóðurinn skal staðfesta skriflega hvort umsókn uppfyllir lánshæfnisskilyrði, greina frá lánsfjárhæð og væntanlegum afgreiðslutíma.

Fullnaðarafgreiðsla láns skal eigi fara fram fyrr en að framkvæmdum loknum og þær verið teknar út. Þó er heimilt að veita skammtímafyrirgreiðslu vegna endurbótavinnunnar.

Þessi lán eru veitt gegn 1. eða 2. veðrétti og lánstími 11 ár. Um lánskjör fer að öðru leyti eftir ákvæðum 33. gr.

30. gr.

Lán samkvæmt 8. tl. 11. gr. er heimilt að veita til þess að taka í notkun tækninýjungar, enda fylgi útreikningar, sem sýna á hvern hátt hún getur leitt til lækkunar byggingarkostnaðar, og staðfesting á því, að umsóknin sé ekki lánshæf hjá sérsjóðum iðnaðarins.

31. gr.

Fjárhæð láns samkvæmt 8. tl. 11. gr. og lánstími skal ákveðið hverju sinni af húsnæðismálastjórn með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjunginni í notkun, svo og mikilvægi hennar fyrir byggingariðnaðinn.

Að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr. um lánskjörin.

32. gr.

Lán samkvæmt 9. tl. 11. gr. er aðeins heimilt að veita framkvæmdaaðilum og framleiðendum staðlaðra einingahúsa sem staðið hafa fyrir fjöldaframleiðslu íbúðar-

húsnæðis með góðum árangri, að dómi húsnæðismálastjórnar. Skulu þeir, sem sannanlega byggja og selja ódýrast miðað við hliðstæð gæði húsnæðis, ganga fyrir um framkvæmdalán.

Framkvæmdalán greiðast til framkvæmdaaðila á byggingartímanum samkvæmt samningum við húsnæðismálastjórn eða viðkomandi viðskiptabanka. Þau skulu veitt með lánskjörum eins og þau eru á hverjum tíma samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands og endurgreiðast með láni Byggingarsjóðs ríkisins til þeirra sem kaupa íbúðina samkvæmt reglum sjóðsins.

33. gr.

Öll lán Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt 1.—8. tl. 11. gr. laga þessara skulu vera að fullu verðtryggð og miðast höfuðstóll lánsins við lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 39. gr. laga nr. 13 frá 10. apríl 1979. Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

Vextir af lánum skulu vera 2% auk lántökugjalds og þóknunar sem húsnæðismálastjórn semur um við lánastofnanir. Þó skulu lán samkv. 6. tl. 11. gr. vera vaxtalaus og vextir af lánum samkvæmt 8.—9. tl. skulu ákveðnir sérstaklega hverju sinni með hliðsjón af almennum vöxtum af sambærilegum lánum.

Lán samkvæmt 1.—7. tl. 11. gr. skulu vera afborgunarlaus fyrsta árið en endurgreiðast síðan að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands á eftirstöðvum lánstímans. Heimilt skal þó lántakanda að greiða lán upp á skemmri tíma og skal þess getið á skuldabréfi. Af lánum samkvæmt 8.—9. tl. 11. gr. skal að jafnaði greiða afborgun strax á fyrsta ári nema húsnæðismálastjórn ákveði annað.

Gjalddagar lána samkvæmt 1.—7. tl. 11. gr. skulu vera eigi færri en fjórir á ári, þ.e. 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert. Húsnæðisstofnun ríkisins skal fjölga gjalddögum svo fljótt sem kostur er. Gjalddaga lána skv. 8. tl. ákveður húsnæðismálastjórn hverju sinni.

34. gr.

Að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar ákveður félagsmálaráðherra skiptingu áætlaðs ráðstöfunarfjár Byggingarsjóðs ríkisins milli einstakra lánaflokka skv. 11. gr. fyrir eitt almanaksár í senn.

Enn fremur ákveður ráðherra lánahlutfall í þeim útlánaflokkum, þar sem lán eru ákveðin sem hlutfall af áætluðum byggingarkostnaði staðalíbúðar, sbr. 3. mgr. 35. gr.

Ráðherra er heimilt að flytja ráðstöfunarfé milli útlánaflokka innan fjárhagsárs, að tillögu húsnæðismálastjórnar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

35. gr.

Hámarkslánsfjárhæð má nema allt að 80% af áætluðum byggingarkostnaði þeirrar staðalíbúðar sem gildir sem viðmiðun fyrir hlutaðeigandi umsækjanda, miðað við fjölskyldustærð, samkvæmt þeim reglum sem húsnæðismálastjórn setur, og eiga allir umsækjendur í sama lánaflokki rétt til sama lánahlutfalls ár hvert.

Í reglugerð skal ákveðin stærð staðalíbúða og flokkun umsækjenda í lánaflokka.

Húsnæðismálastjórn ákveður staðalíbúðir fyrir einstaklinga og þrjár mismunandi fjölskyldustærðir. Miðað skal við að íbúðir séu hagkvæmar, einfaldar að allri gerð, hóflegar að stærð en vandaðar og uppfylli kröfur um hönnun, gerð og búnað á hverjum tíma. Byggingarkostnaður þessara staðalíbúða skal áætlaður í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og endurskoðaður ársfjórðungslega í samræmi við þróun byggingarkostnaðar.

Í sérstakri reglugerð, sem ráðherra staðfestir, skal gera nákvæma lýsingu á stærð, skipan og frágangi hverrar staðalíbúðar svo og þeim reglum sem stuðst er við til ákvörðunar á kostnaðarverði hennar.

IV. KAFLI
Um Byggingarsjóð verkamanna og félagslegar íbúðabyggingar.

36. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs verkamanna er að annast lánveitingar til félagslegra íbúðabygginga, með það að markmiði að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks.

Félagslegar íbúðir teljast samkvæmt lögum þessum:

a) Íbúðir í verkamannabústöðum sem byggðar eru eða keyptar á vegum stjórna verkamannabústaða og ætlaðar eru til sölu handa láglaunafólki, sem fullnægi skilyrðum þeim sem sett eru í þessum kafla laganna.
b) Leiguíbúðir, sem byggðar eru eða keyptar af sveitarfélögum og ætlaðar eru til útleigu við hóflegum kjörum handa láglaunafólki eða öðrum þeim, sem þarfnast af félagslegum ástæðum aðstoðar við húsnæðisöflun.

37. gr.

Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Fjár til hans skal aflað sem hér segir:

a) Með tekjum af eigin fé, þ. e. afborgunum, vöxtum og verðtryggingu af veittum lánum.
b) Með árlegum framlögum úr ríkissjóði sem nemi tekjum hans af 1% launaskatti og framlagi á fjárlögum ef með þarf til þess að framlag ríkissjóðs ár hvert nemi 30% af fjármagnsþörf sjóðsins.
c) Með framlagi sveitarfélaga sem nemi 10% af því fjármagni sem Byggingarsjóður verkamanna lánar til verkamannabústaða í viðkomandi sveitarfélagi ár hvert.
d) Með sérstökum lántökum sem ákveðnar verða í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hverju sinni, þegar ráðstöfunarfé skv. stafliðum a, b, c og e nægir ekki til áformaðra framkvæmda.
e) Með greiðslum frá kaupendum íbúða í verkamannabústöðum, sem skulu nema 10% af söluverði íbúðar.

Stefna skal að því að fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna verði með þeim hætti, að sjóðurinn geti fjármagnað a. m. k. einn þriðja hluta af árlegri íbúðaþörf landsmanna.

Eigin fé sjóðsins skal varið til lánveitinga vegna endursölu á verkamannabústöðum, til greiðslu hugsanlegs vaxtamunar og síðar til lækkunar á framlögum skv. stafliðum b og c hér að framan.

Afgreiðslur lána úr sjóðnum og innheimtur þeirra fara fram í almennum lánastofnunum sem Húsnæðisstofnun semur við um slíka þjónustu. Þóknun fyrir slík störf greiðist samkvæmt fyrir fram gerðu samkomulagi.

38. gr.

Framlög ríkissjóðs og sveitarfélaga skv. 37. gr. skulu greidd Byggingarsjóði verkamanna í samræmi við greiðslubyrði hans.

39. gr.

Í öllum kaupstöðum og kauptúnahreppum og öðrum sveitarfélögum, sem þess óska, skulu starfa stjórnir verkamannabústaða skipaðar mönnum sem búsetu eiga í sveitarfélaginu. Skulu sveitarstjórnir í upphafi kjörtímabils síns tilnefna þrjá fulltrúa í stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu, en fulltrúaráð eða aðildarfélög ASÍ í hlutaðeigandi sveitarfélagi tilnefna tvo fulltrúa og félög opinberra starfsmanna tilnefna einn fulltrúa í stjórnina.

Félagsmálaráðherra skipar stjórnir verkamannabústaða og skal kjörtímabil þeirra vera hið sama og sveitarstjórnar.

Varamenn skulu vera jafnmargir og tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Í kaupstöðum með yfir 10 000 íbúa skipar félagsmálaráðherra til viðbótar einn mann í stjórn verkamannabústaða án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Í öðrum sveitarfélögum skipta stjórnirnar sjálfar með sér verkum.

40. gr.

Stjórnum verkamannabústaða er skylt að hafa frumkvæði að því að leysa húsnæðisþörf láglaunafólks í hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Í því skyni að kanna þörf fyrir nýjar íbúðir láglaunafólks í sveitarfélaginu lætur stjórnin fara fram skipulega könnun meðal þeirra sem ákvæði IV. kafla laga þessara taka til, í fyrsta sinn í upphafi kjörtímabils síns og síðan eftir því sem þörf er á að mati stjórnarinnar.

Nánari reglur um framkvæmd könnunarinnar setur ráðherra með reglugerð.

41. gr.

Að lokinni könnun skv. 40. gr. skal stjórn verkamannabústaða skila greinargerð um hana og tillögum um byggingu íbúða í samræmi við niðurstöður hennar til **hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Gera skal grein** fyrir fjölda íbúða sem nauðsynlegt er að byggja, æskilegum stærðum íbúða, húsagerð og áætluðum byggingartíma.

Enn fremur skal stjórn verkamannabústaða gera tillögu til sveitarstjórnar um æskilega skiptingu íbúða milli söluíbúða (verkamannabústaða) og leiguíbúða sem sveitarfélagið byggir til eignar og útleigu.

Afrit af greinargerð sinni og tillögum skal stjórn verkamannabústaða senda Húsnæðisstofnun ríkisins.

42. gr.

Íbúðir í verkamannabústöðum mega ekki vera stærri en staðalíbúðir, skv. 35. gr. þessara laga, fyrir hlutaðeigandi fjölskyldu.

43. gr.

Sveitarstjórn skal fjalla um tillögur stjórnar verkamannabústaða, svo fljótt sem við verður komið, og tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins ákvörðun sína. Skal sveitarstjórn jafnframt sækja formlega um lán úr Byggingarsjóði verkamanna og komi þar fram fjöldi, gerð og stærð fyrirhugaðra íbúða, framkvæmdatími, áætlaður byggingarkostnaður og annað það, sem nauðsynlegt er til þess að stofnunin geti tekið afstöðu til lánveitingar til framkvæmdanna.

Með umsókn sinni skuldbindur sveitarstjórn sig til framlags skv. staflið c í 37. gr. laga þessara.

Sveitarstjórn skal tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins fyrirhugaðar byggingaframkvæmdir fyrir 1. ágúst árið áður en framkvæmdir skulu hafnar.

44. gr.

Tæknideild skal yfirfara tillögur stjórnar verkamannabústaða. Deildin skal huga sérstaklega að hagkvæmni íbúða og leiðum til að tryggja sem lægst íbúðaverð, svo sem með stöðlun, samkeppnisútboðum og sameiginlegum efniskaupum eftir því sem við verður komið.

Tæknideild skilar skriflegri álitsgerð um framangreind atriði og skal hlutaðeigandi sveitarstjórn og stjórn verkamannabústaða gefinn kostur á að tjá sig um hana.

45. gr.

Þegar húsnæðismálastjórn hefur fengið álitsgerð tæknideildar og athugasemdir umsagnaraðila tekur hún ákvörðun um það, hvort framkvæmdin falli undir ákvæði

36. gr. laga þessara. Sé sú raunin að mati stjórnarinnar, heimilar hún stjórn verkamannabústaða að hefjast handa um lokaundirbúning og framkvæmdir.

Húsnæðisstofnun ríkisins skal vera framkvæmdaaðilum til ráðuneytis um fjárhagsleg og tæknileg atriði framkvæmda.

46. gr.

Jafnframt veitingu framkvæmdaheimildar gerir Húsnæðisstofnunin framkvæmdalánssamning við hlutaðeigandi stjórn verkamannabústaða. Heimilt er að greiða á byggingartímanum allt að 95% af áætlaðri lánsfjárhæð samkvæmt 52. gr. Miða skal við að lánið komi til greiðslu í samræmi við verkstöðu á hverjum tíma samkv. nánari ákvæðum í reglugerð.

Heimilt er þó að greiða út lánsfé umfram verkstöðu þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna fyrirframgreiðslu við gerð stórra verksamninga og efniskaupa, enda komi þá til fullnægjandi trygging að mati húsnæðismálastjórnar fyrir því lánsfé, sem er umfram verkstöðu. Að öðru leyti skulu framkvæmdirnar sjálfar standa til tryggingar framkvæmdaláni og bakábyrgð sveitarstjórnar.

Framkvæmdalán skulu vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu en vaxtalaus. Verðbætur teljast til byggingarkostnaðar.

47. gr.

Réttur til kaupa á íbúð í verkamannabústöðum er bundinn við þá sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a) Eiga lögheimili í hlutaðeigandi sveitarfélagi þegar könnun fer fram.
b) Eiga ekki íbúð fyrir eða samsvarandi eign í öðru formi.
c) Hafa haft í meðaltekjur þrjú síðustu árin áður en úthlutun fer fram eigi hærri fjárhæð en sem svarar 2 600 þús. kr. fyrir einhleyping eða hjón og 230 þús. kr. fyrir hvert barn á framfæri innan 16 ára aldurs.

Með tekjum er átt við heildartekjur umsækjanda, maka hans og barna, samkv. skattframtali. Ofangreindar fjárhæðir eru miðaðar við meðaltal áranna 1976, 1977 og 1978. Meðaltekjur þessar skulu framreiknaðar af Þjóðhagsstofnun í byrjun hvers árs, á grundvelli áætlana um breytingu á meðaltekjum verkamanna á næstliðnu ári og skýrslna Hagstofu Íslands um tekjur starfsstétta eftir skattframtölum árin tvö næstu þar á undan.

Skilyrði er að viðkomandi hafi unnið a. m. k. 1 032 stundir árlega síðustu þrjú árin. Jafngildar unnum klukkustundum teljast þó fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla eða verkbanna, allt að 8 klst. fyrir hvern fjarvistardag, svo og skráðir atvinnuleysisdagar. Jafngildar unnum stundum teljast hins vegar ekki álags- og ákvæðisgreiðslur eða aðrar þess háttar greiðslur.

Þeim sem vinna fasta hlutavinnu skal þó rétt að kaupa íbúð í verkamannabústað og skal þá miða við 516 árlegar vinnustundir hið minnsta.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum b-liðar, þegar um er að ræða umsækjendur, sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu. Frá ákvæði c-liðar er heimilt að víkja, að því er varðar fjölda árlegra vinnustunda, gagnvart umsækjendum sem hafa orðið fyrir varanlegri örorku.

Enn fremur er heimilt að víkja frá stafliðum b og c þegar umsækjendur hafa orðið fyrir meiri háttar röskun á högum og hafa vegna fráfalls maka eða af öðrum ástæðum lækkað svo í tekjum að þeir geta ekki haldið íbúðum sínum. Umsóknum um lán samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja umsögn félagsmálastofnunar eða viðkomandi sveitarstjórnar.

48. gr.

Stjórnir verkamannabústaða annast ráðstöfun íbúða í verkamannabústöðum, sem byggðar eru samkvæmt lögum þessum, eftir þeim meginreglum, sem ákveðnar eru í 47. gr., og nánari ákvæðum, sem sett verða í reglugerð.

Í auglýsingu um ráðstöfun íbúðanna skal taka fram hverjir eigi rétt til kaupa á verkamannabústað, stærð og gerð íbúða, afhendingartíma og greiðsluskilmála. Umsóknarfrestur má eigi vera skemmri en 3 vikur frá birtingu auglýsingar.

Stjórn verkamannabústaða ákveður skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á einstakar íbúðir samkvæmt ákvæðum reglugerðar um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum. Söluverð íbúðar skal vera kostnaðarverð hennar samkvæmt ákvæðum 52. gr. þessara laga.

49. gr.

Umsækjandi, sem fær úthlutað íbúð, skal inna af hendi greiðslu sem nemur 5% af áætluðu kostnaðarverði innan 8 vikna frá dagsetningu tilkynningar um úthlutunina. Standi umsækjandi ekki í skilum innan þess tíma, fellur réttur hans til íbúðarinnar niður.

Stjórn verkamannabústaða ákveður gjalddaga síðari hluta af greiðslu kaupanda og skal greiðslufrestur vera hinn sami og að framan greinir og viðurlög við greiðslufalli þau sömu.

50. gr.

Þegar íbúð er fullgerð skal stjórn verkamannabústaða gera upp byggingarkostnað, en tæknideild Húsnæðisstofnunar staðfesta með úttekt sinni. Stjórn verkamannabústaða fær síðan kaupanda í hendur skriflegt afsal fyrir íbúðinni gegn yfirtöku áhvílandi skulda, enda hafi kaupandi staðið í skilum með þær greiðslur sem honum ber að inna af hendi.

Í afsali skal taka fram, að íbúðin sé háð ákvæðum laga þessara eins og þau verða á hverjum tíma. Enn fremur skal í afsali kveða á um skyldu íbúðareiganda til þátttöku í húsfélagi með öðrum íbúðareigendum í sambýlishúsinu, sem annist sameiginleg verkefni eftir nánari ákvörðun stjórnar verkamannabústaða.

Eigi skal greiða stimpilgjald af afsölum fyrir verkamannabústöðum, en kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

51. gr.

Óheimilt er íbúðareiganda að veðsetja íbúð í verkamannabústöðum fyrir öðrum lánum en þeim, sem greinir í 52. gr. laga þessara, fyrstu 15 árin frá útgáfu afsals. Eftir þann tíma er veðsetning heimil með samþykki Byggingarsjóðs verkamanna. Slík veðsetning má þó aldrei fara yfir 75% af brunabótamati íbúðarinnar að meðtöldu áhvílandi láni frá Byggingarsjóði verkamanna.

Óhægt er að fullyrða að heildarsala á sauðfjár- og nautgripaafurðum hér á landi sé mikil miðað við flest önnur lönd. Nautgripakjötssala er ef til vill ekki mikil, en þess í stað er sala á kindakjöti og mjólkurafurðum mjög mikil. Svigrúm til aukningar á innanlandsneyslu er því ekki mikið og má teljast gott ef tekst að halda þeirri heildarneyslu á íbúa sem verið hefur undanfarin ár.

Spurningin er því heldur, hvort hægt sé að finna markaði innanlands fyrir sauðfjár- og nautgripaafurðir, sem fullnægt er í dag með innflutningi eða með hráefnum frá óskyldum greinum. Hafa verður í huga að verð afurðanna má í slíkum tilvikum vera töluvert undir skráðu innanlandsverði. Öll slík sala á verði umfram útfutningsverð er beinn hagnaður fyrir framleiðendur eða, þegar útfutningsbætur eru nægar, fyrir ríkissjóð.

Áhugi framleiðenda til að nýta þennan möguleika hefur til skamms tíma verið takmarkaður vegna þess að útflutningsuppbótakerfið hefur ekki boðið upp á, að sala á innanlandsmarkaði sé bætt upp með fé af útflutningsbótum. Halla af slíkri sölu hafa framleiðendur því orðið að bera sjálfir.

Sem dæmi má nefna að á undanförnum 2—3 árum hefur töluvert verið selt af undanrennumjöli til fóðurframleiðenda hér á landi á verði sem hefur verið verulega undir skráðu innanlandsverði, en samt verulega yfir útflutningsverði. Mjólkurframleiðendur hafa tekið á sig þennan skaða, einfaldlega vegna þess að þar sem vöntun hefur verið á útflutningsbótum, þá hefði skaði þeirra orðið enn þá meiri ef mjölið hefði verið flutt út.

Vafalaust eru fleiri aðilar, sem gætu nýtt sér afurðir frá landbúnaðinum og greitt fyrir hærra verð en útflutningsverð, án þess að það hefði áhrif á hefðbundna sölu landbúnaðarafurða innanlands.

Hvað mundu smjörlíkisframleiðendur vilja greiða fyrir smjörið, sem hráefni í sína framleiðslu?

Hvað mundu framleiðendur á ýmiss konar dýramat (minka-, refa-, fiska-, hunda- og kattafóðri) vilja greiða fyrir t. d. ærkjötið eða annað lélegt kjöt sem flutt hefur verið út — eða undanrennumjöl?

Hvað mundu bakarar vilja greiða fyrir undanrennumjölið?

Hvað mundu mjólkurframleiðendur sjálfir vilja borga fyrir mjólk til kálfaeldis o. s. frv.?

Hafa verður í huga að þessar vörur hafa undanfarið verið fluttar út fyrir verð sem hefur verið á milli 10 og 40% af innanlandsverðinu. Til þess að nýta þennan möguleika til aukningar á sölu innanlands þarf að breyta þeim reglum sem gilda um notkun útflutningsbóta.

c. Lækkun innanlandsverðs.

Lækkun innanlandsverðs á landbúnaðarafurðum á annan máta en með beinum niðurgreiðslum á afurðirnar mundi að sjálfsögðu minnka þörf fyrir útflutningsbætur. En hvernig er hægt að lækka innanlandsverð án þess að það skaði framleiðendur? Innlent heildsöluverð á sauðfjár- og nautgripaafurðum er nær eingöngu samsett úr grundvallarverði til framleiðenda og kostnaði vinnslustöðva.

Lækkun vinnslukostnaðar er hægt að ná fram með ýmsu móti, en í flestum

tilvikum þarf að koma til fyrirgreiðsla frá ríkinu, t. d. í formi lækkunar ýmissa opinberra gjalda á fjárfestingar- og rekstrarvörum eða á annan máta.

Það er þó ástæða til að nefna sérstaklega tvennt sem orsakað hefur háan vinnslukostnað hér á landi, en það er léleg nýting mjólkursamlaga og sláturhúsa.

Sauðfjárslátrun tekur hér yfirleitt 6—8 vikur á haustin, en utan þess tíma er nýting sláturhúsanna yfirleitt mjög lítil eða engin. Afar mikilvægt er fyrir rekstur þessara húsa að fundin séu verkefni fyrir þau allt árið.

Árstíðasveifla í mjólkurframleiðslunni er gífurlega mikil hér á landi, en um tvöfalt meira magn af mjólk er frameitt á dag í júlí en í janúar. Þessi mismunur er mun meiri en hjá okkar nágrannaþjóðum.

Afkastagetu mjólkursamlaganna verður að miða við hámarksframleiðslu sumarsins og nýtist því illa yfir vetrartímann. Með minnkun árstíðasveiflunnar á að vera hægt að ná fram verulegum sparnaði í mjólkursamlögunum, ekki bara í fjárfestingu, heldur einnig í vinnuafli.

Einnig má benda á að meiri samvinna milli vinnsluaðilanna og betra heildarskipulag á að geta lækkað vinnslukostnað.

Lækkun grundvallarverðs er einnig hægt að ná fram með ýmsu móti, en eins og með vinnslukostnaðinn þarf í flestum tilvikum að koma til fyrirgreiðsla frá ríkinu. Rætt hefur verið um niðurgreiðslu á ýmsum kostnaðarliðum grundvallarbúsins, eins og t. d. áburði, kjarnfóðri og fjármagnskostnaði. Slíkum niðurgreiðslum væri jafnframt hægt að haga á ýmsan máta þannig að þær kæmu þeim bændum helst til góða sem frekast þurfa á þeim að halda.

Einn aðalkostur við slíkt fyrirkomulag fyrir framleiðendur er að þeir fá miklu fyrr hluta afurðaverðsins óbeint greiddan með lægri rekstrarkostnaði. Sem dæmi má nefna að áburður, sem keyptur er vorið 1980, skilar sér í mjólkurverði til framleiðenda veturinn 1980/1981 og það síðasta í eftirstöðvum mjólkurverðs vorið 1982. Í sauðfjárafurðunum skilar þessi áburður sér að litlum hluta í afurðaverðinu haustið 1980, en aðallega haustið 1981 og það síðasta við uppgjör í ágúst/sept. 1982. Með niðurgreiðslu á áburði fengju þeir hluta afurðaverðsins strax. Þetta er því verulegt hagsmunamál fyrir framleiðendur, svo lengi sem verðbólgan er jafnmikil og hún hefur verið undanfarið og svo lengi sem útborgun söluaðila er aðeins 70—80% af grundvallarverði.

Einnig má benda á að niðurgreiðsla á áburði ætti að vera mikill styrkur fyrir rekstur Áburðarverksmiðjunnar, ef niðurgreiðslurnar fengjust greiddar á réttum tíma. Verksmiðjan á stöðugt í miklum rekstrarfjárerfiðleikum, í fyrsta lagi vegna mikillar birgðasöfnunar mikinn hluta ársins og í öðru lagi vegna lítillar útborgunargetu áburðarkaupenda.

Niðurgreiðsla á fjármagnskostnaði kæmi framleiðendum og þá sérstaklega frumbýlingum mjög vel. Lánakjör til bænda eins og annarra hafa breyst mikið á undanförnum árum og eru verulega óhagstæðari í dag en þau voru fyrir 10—15 árum, eins og fram kemur í töflu I.

Tafla I. Almenn lánakjör Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

	Vextir %	Verðtrygging %	Lánstími ár
1962	6.0—6.5	0.0	25
1970	6.0—6.5	0.0	20—25
1976	12.0	25.0	20
1980	1.0—5.0	100.0	20

Niðurgreiðsla einstakra kostnaðarliða kemur framleiðendum misjafnlega vel, eftir því hve stór hlutfallslega viðkomandi liður er í þeirra rekstri. Niðurgreiðsla áburðar kæmi t. d. sauðfjárframleiðendum betur en mjólkurframleiðendum þar sem áburðarnotkun er talin 40% meiri á ærgildi sauðfjár en á ærgildi nautgripa. Aftur

á móti kæmi niðurgreiðsla fóðurbætis sér betur fyrir mjólkurframleiðendur. Niðurgreiðsla á fjármagnskostnaði kæmi sér vel fyrir þá sem standa í miklum framkvæmdum og þá sem skulda mikið, en aftur á móti verr fyrir þá sem skulda lítið o. s. frv.

Með því að greiða niður verð á aðföngum er í reynd verið að greiða niður verð allra landbúnaðarafurða. Niðurgreiðslan nær til heimanotaðra afurða, afurða, sem seldar eru beint frá framleiðendum til neytenda, og afurða til útflutnings. Ef litið er á kostnað ríkissjóðs við niðurgreiðslu á verðlagi innanlands er því augljóst að niðurgreiðsla aðfanga er mun dýrari á hvert vísitölustig framfærslukostnaðar en beinar niðurgreiðslur á ákveðnar afurðir.

Annað, sem einnig verður að hafa í huga við niðurgreiðslur aðfanga, er að hún má ekki verða til þess að framleiðslan aukist. Niurgreiðsla áburðar, kjarnfóðurs eða fjármagnskostnaðar getur auðveldlega orsakað framleiðsluaukningu ef ekki er fylgt mjög ákveðnum reglum.

Með breytingu á lögum um verðlagningu landbúnaðarafurða á þann veg, að ríkið verði beinn samningsaðili við framleiðendur í stað fulltrúa neytenda í sexmannanefnd, mundi skapast vettvangur þar sem hægt væri að hafa áhrif á innanlandsverð landbúnaðarafurða með ýmsum hliðarráðstöfunum. Vafalaust er hægt að koma til móts við launakröfur framleiðenda á annan máta en að hækka afurðaverðið. Sexmannanefnd, sem nú ákvarðar verð landbúnaðarafurða, hefur ekki heimild til að semja um annað en verðið.

d. Hækkun útflutningsverðs.

Einfaldasta leiðin til að hækka útflutningsverðið í krónutölu er að lækka gengið. Gengissig hefur verið mikið á undanförnum árum, en það nægir lítið þegar allur framleiðslukostnaður hefur hækkað mun meira og þar með innanlandsverð afurðanna. Mjög verulegur hluti þess vanda, sem landbúnaðurinn stendur nú frammi fyrir, á einmitt rætur sínar að rekja til þessarar þróunar á undanförnum 5 árum, en að sjálfsögðu einnig til aukinnar framleiðslu.

Markaðsnefnd landbúnaðarins, sem starfað hefur um nokkurra ára skeið, hefur einmitt haft það verkefni að finna leiðir til að fá hærra verð fyrir útfluttar landbúnaðarafurðir. Því miður hefur starf hennar borið fremur lítinn árangur til þessa, enda aðstæður mjög erfiðar. Veruleg umframframleiðsla er í hinum vestræna heimi á þeim landbúnaðarafurðum, sem hér er offramleiðsla á, auk þess sem mikið framboð er á þeim frá löndum eins og Ástralíu og Nýja-Sjálandi, þar sem allur framleiðslukostnaður er miklu lægri en hér. Útflutningur landbúnaðarafurða nýtur nær alls staðar verulegs stuðnings af opinberu fé á einn eða annan máta, enda útflutningsverð lágt vegna mikillar samkeppni um þá innflutningsmarkaði sem finnast.

Á undanförnum árum hafa verulegar vonir verið bundnar við að takast mætti að skapa öruggan markað fyrir óðalsost í Bandaríkjunum, en fyrir hann hefur fengist töluvert hærra verð en fyrir aðrar mjólkurafurðir. Vegna fremur slælegrar frammistöðu íslenskra stjórnvalda og útflytjenda mjólkurafurða virðist nú sem þessi markaður sé glataður, að minnsta kosti í bili.

Verulegra hækkana á útflutningsverði á kindakjöti og mjólkurafurðum er því varla að vænta í næstu framtíð, en ef horft er lengra fram í tímann er ótrúlegt annað en verðlag á matvælum almennt í heiminum eigi eftir að hækka mikið í þegar sveltandi heimi.

Fylgiskjal II.

Gunnar Sigurðsson sérfræðingur.

Hve mikill hluti landbúnaðarframleiðslunnar er framleiddur á innfluttu fóðri?

Á árinu 1979 voru alls flutt inn um 85 þúsund tonn af fóðurbæti. Við þetta bætist innlendur fóðurbætir, sem er aðallega grasköggglar og fiskimjöl. Árið 1979 var mjög slakt sprettusumar hvað heildina varðar. Þá voru framleidd 9671 tonn af grasköggglum, þó svo að í venjulegu sumri eigi að vera hægt að framleiða allt að 12 þús. tonnum við núverandi aðstæður. Innfluttur fóðurbætir og grasköggglar gera því samtals um 95 þúsund tonn árið 1979.

Við samanburð á heimildum um heyafla og fóðurbætisinnflutning kemur í ljós að á árabilinu 1950—1960 er innfluttur fóðurbætir innan við 10% af samanlagðri orku heyja og innflutts fóðurbætis (tafla V4). Á árabilinu 1960—1970 virðist hlutdeild innflutningsins vaxa í um eða yfir 20% og var á árinu 1978 um 25%.

Við mat á hlutdeild nautgripa- og sauðfjárbúskapar í heildarfóðurbætisnotkuninni er fróðlegt að skoða niðurstöður búreikninga. Þar er til yfirlit um heildarfóðurbætisnotkun annars vegar og framleiðslumagn mjólkur á kúabúum og kindakjöts á sauðfjárbúum hins vegar. Þetta samhengi er sýnt fyrir 3 ár í töflu 1.

Tafla 1. Afurðir fyrir hvert kg af fóðurbæti á kúabúi (lítrar mjólkur) og sauðfjárbúi (kg kindakjöts). (Ársskýrslur Búreikningastofu '76, '77 og '78.)

Ár	1976	1977	1978	Meðaltal
Kúabú	2.69	2.66	2.83	2.73
Sauðfjárbú	1.36	1.43	1.42	1.40

Eins og fram kemur í töflu 1, þá framleiddu þeir búreikningabændur, sem kúabúskap stunda, að meðaltali 2.73 lítra af mjólk fyrir hvert kg af aðkeyptum fóðurbæti. Á sama hátt framleiddu þeir sauðfjárbændur, sem skýrslurnar ná til, um það bil 1.40 kg af kindakjöti fyrir hvert kg af fóðurbæti sem keyptur var.


Ef þessi hlutföll eru notuð til að áætla fóðurbætisnotkun til viðkomandi framleiðslu á landinu öllu, má reikna með þeim tölum, sem fram koma í töflu 2. Árið 1979 voru framleidd 15170 tonn af kindakjöti, en af mjólk er reiknað með að framleiddir verði um 126 milljónir lítra á því framleiðsluári, sem nú er að ljúka.

Tafla 2. Áætluð ársnotkun á fóðurbæti til framleiðslu á mjólk og kindakjöti.

	Framleiðsla	Stuðull	Fóðurbætisnotkun (tonn)
Kýr	126 000 000 l	2.73	46 154
Sauðfé	15 170 000 kg	1.40	10 800
		Alls	56 954

Samkvæmt þessu eru notuð um það bil 60 þúsund tonn af fóðurbæti til framleiðslu á mjólk og kindakjöti. Má því ætla að aðrar búgreinar noti afganginn eða um 35 þús. tonn.

Þó svo að þarna sé komin nokkuð sæmileg vísbending um fóðurbætisnotkun kúabænda, er erfitt að segja til um hve mikill hluti þessa magns er notaður við sjálfa mjólkurframleiðsluna og hve stór hluti er notaður sem fóður handa geldpeningi. Við venjulegar aðstæður má reikna með að hvert kílógramm af fóðurbæti skili um það bil 2 kílógrömmum af mjólk, þó svo að fræðilega eigi að fást 2.5 kg af mjólk. Erfitt er sem sagt að slá neinu föstu, en ef 2 kg eru lögð til grundvallar,



Mynd 1. Áhrif heygæða á fóðurbætisþörf til mjólkurframleiðslu.

þá eru rúmlega 90 millj. lítra framleiddar á fóðurbæti eða rúmlega 70% af mjólkurframleiðslunni.

Í þeirri mynd, sem hér hefur verið dregin upp, hefur ekki verið tekið tillit til þess fóðurs, sem þarf til viðhalds og endurnýjunar mjólkurkúastofninum. Við athugun á heildarfóðurafla búreikningabúanna 1976—1978 kemur í ljós að um það bil 30% af fóðurorkunni er aðkeyptur fóðurbætir, þ. e. kjarnfóður og grasköggla (sbr. töflu V3). Hvað sauðfjárframleiðslu varðar þýðir þessi tala í töflu 2 að notuð séu á milli 12 og 14 kg af fóðurbæti á hverja vetrarfóðraða kind í landinu.

Við athugun á niðurstöðum búreikninga kemur í ljós að á sauðfjárbúum er aðkeypt fóður um 15% af vetrarfóðrinu og er það nokkuð stöðugt síðan 1970.

Hve mikið má framleiða af innlendu fóðri eingöngu? Þessi spurning er samsett. Fyrsti og stærsti hluti spurningarinnar er hve langt er hægt að ná í mjólkurframleiðslu með heyfóðrun eingöngu. Mynd 1 sýnir mjaltaferil þriggja kúa. Nythæsta kýrin er með 5300 kg ársnyt, en nytlægsta kýrin er í 3500 kg ársnyt. Neðst á myndinni kemur fram sá breytileiki, sem mældur hefur verið á nothæfni heyja til mjólkurframleiðslu. Ef hægt væri að hækka úr neðri línunni upp í þá efri þýddi það að fyrir hverja kú í nytarlægsta flokknum (mynd 1) yrði aukning í verðmætamyndun vegna bættrar nýtingar, sem þegar er búið að gera í kúabúskap, milli 4 og 5 hundruð þúsund. Bein tekjuaukning yrði rúm 100 þús. Fyrir vísitölubúið þýddi þetta að afurðir fyrir um það bil níu milljónir króna yrðu framleiddar fyrir þá fjárfestingu sem þegar hefði verið gerð. Nythæstu kúna í mynd 1 er einfaldlega ekki hægt að fóðra með svo slöku heyi sem neðri lína sýnir. Seinni hluti þessarar spurningar, þ. e. hve mikið af mjólk er hægt að framleiða af innlendu fóðri, snýr svo að fóðurbæti. Í tilraunum með mjólkurkýr hefur verið sýnt, að ná megi a. m. k. 12 fóðureininga dagfóðrun með heyi og grasköglum. Þá er búið að fullnægja fóðurþörf verulegs hluta af kúastofninum, þ. e. svo fremi sem nægilegt framboð er af grasköglum. Ef ársframleiðslunni af mjólk er skipt niður á 35 000 mjólkurkýr, þá

koma um 3600 lítrar í hlut hverrar. Af framansögðu má ljóst vera að þessa mjólk má alla framleiða með innlendu fóðri. Meginverkefni í landbúnaði hlýtur því að vera að færa neðri línuna upp í mynd 1, þ. e. að bæta heygæðin. Nú er unnið að þessu með áróðri fyrir aukinni súgþurrkun, en þar þarf meira til. Öflug súgþurrkun er ein af forsendunum, en ræktunarþátturinn er engu síður mikilvægur. Flóra þeirra túna, sem bændur nota í dag, er víða þannig að þar verður ekki framleitt afurðahey. Þar þarf stórátak í endurræktun.

Eitt er víst, að meðalkúna íslensku er hægt að fóðra á innlendu fóðri að langmestum hluta. Miklar afurðakýr verða eftir sem áður að fá kornfóður meðan þær eru í hæstri nyt. Spurningarnar, sem skoða þarf í þessu sambandi, eru því bætt fóðuröflunaraðstaða hvers bónda og aukin grasköglaframleiðsla. Hvað sauðfé áhrærir er engin spurning um að það er hægt að fóðra á innlendu fóðri eingöngu og sennilega hægt að komast af með fjórða hluta af því fóðurbætismagni, sem tilgreint er í töflu 2. Þar er bætt heyverkun einnig þýðingarmikil forsenda.

TAFLA V1.

Þróun mjólkurframleiðslu og íbúafjölda og samhengi þeirrar þróunar.

Ár	Innv. mjólk (þús. lítrar)	íbúafjöldi	Lítrar/íbúa
1960	97 672	175 680	556
1965	106 515	193 758	550
1970	100 568	204 578	492
1971	105 261	206 818	509
1972	109 751	210 352	522
1973	112 537	213 070	528
1974	115 964	216 172	536
1975	111 525	218 682	510
1976	112 008	220 918	507
1977	118 927	222 055	536
1978	120 172	223 917	537
1979	126 000	226 339	557

TAFLA V2

Þróun mjólkurframleiðslu, verðsamhengi mjólkur og fóðurbætis, heyskapur.

Ár	Verðhlutfall mjólk/fóðurb.	Mjólk lítrar/íbúa	heyafli (m^3)
1960	1.07	556	2 850 000
1965	1.23	550	3 037 359
1970	1.56	492	2 293 086
1971	1.38	509	3 217 877
1972	1.90	522	3 730 511
1973	1.53	528	3 564 979
1974	1.50	536	3 429 387
1975	1.46	510	3 481 740
1976	1.60	510	3 740 107
1977	2.20	536	3 897 271
1978	1.99	537	3 630 261
1979	2.20	557	

TAFLA V3.

Fóðurafli búreikningabúa og hluti aðkeypts fóðurs.

Kúabú: Ár	Fóðureiningar: Hey	Fóðurb.	Alls	Fóðurb. %
1970	48 210	10 979	59 189	18.5%
1971	53 580	15 865	69 445	22.8%
1972	54 150	20 000	74 150	27.0%
1973	57 720	20 525	78 255	26.0%
1974	60 753	21 277	82 030	26.0%
1975	58 830	20 395	79 225	25.7%
1976	69 260	28 260	97 520	29.0%
1977	76 020	31 466	107 486	29.3%
1978	74 360	31 970	106 330	30.0%
			Meðaltal	26.0%
Sauðfjárbú:				
1970	34 780	6 517	41 298	15.8%
1971	40 510	7 554	48 064	15.7%
1972	46 650	8 521		18.3%
1973	51 630	9 537	61 161	15.6%
1974	52 924	8 486	61 410	13.8%
1975	48 880	8 674	57 554	15.0%
1976	57 590	10 158	67 748	15.0%
1977	61 780	10 748	72 528	14.8%
1978	57 240	9 749	66 989	14.6%
			Meðaltal	15.4%

TAFLA V4.

Fóðurbætisinnflutningur og heyskapur 1950—1979
(Hagtíðindi 1951—1980).

Ártal	Heyfengur (m^3)	FE Þús.	Fóðurbætis-notk. þús. FE	Innflutn-ingur í %
1950	1 762 620[1])	103 300	9 182	8
1955	2 099 230[1])	125 000	21 814	15
1960	2 850 000[1])	180 400	18 690	9
1965	3 037 359	168 906	35 007	17
1970	2 293 086	140 000	70 910	30
1971	3 217 877	190 000	59 903	24
1972	3 730 511	220 000	58 134	21
1973	3 564 979	215 000	65 309	23
1974	3 429 387	205 000	58 134	22
1975	3 481 740	210 000	55 367	21
1976	3 740 107	220 000	67 046	23
1977	3 897 271	234 000	71 194	23
1978	3 630 261	218 000	73 460	25
1979			84 918	

[1]) Rúmmetrar umreiknast úr hestburðum 1.3 hb/m^3.

Fylgiskjal III.

Sigurjón B. Jónsson ráðunautur.

Þáttur nýbúgreina í framtíðinni.

Ekki getur hjá því farið, að eigi íslenskur landbúnaður að halda áfram að gegna sínu hlutverki og halda uppi matvælaframleiðslunni í landinu, atvinnu- og byggðajafnvægi í dreifbýlinu ásamt gjaldeyrisöflun, verður hann að laga sig að breyttum aðstæðum og fara inn á nýjar brautir búgreina.

Þessar nýju búgreinar þurfa að falla vel að þeim sem fyrir eru og geta komið í staðinn fyrir þær í sumum tilvikum ásamt því að taka við því vinnuafli sem er og kemur úr dreifbýlinu, bæta og halda uppi byggðajafnvægi, sjá iðngreinum fyrir hráefni, eftir því sem hægt er, og auka hlutdeild bændastéttarinnar í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Loðdýrarækt.

Helstu tegundir loðdýra sem má rækta hér á landi:

Kjötætur:	Minkar
	Refir
	Þvottabirnir
	Ildar
Grasætur:	Chinchillur
(jurtaætur):	Ullar- og kjötkanínur
	Buslur (vatnarottur)

Nokkrar greinar loðdýraræktar hafa sýnt sig að vera heppilegar sem auka- eða aðalbúgreinar hjá bændum í nágrannalöndum okkar. Einkum eru það kjötæturnar minkar, refir, ildar og þvottabirnir, sem henta vel í því sambandi, og gras- eða jurtaæturnar chinchillur, ullar- og kjötkanínur og buslur (vatnarottur).

Afurðirnar, skinnin, eru seld á opinberum uppboðum erlendis þar sem verð þeirra ræðst af framboði og eftirspurn að undanskráðu lágmarksverði, en framleiðsla ullarkanínunnar, sem er angoruullin, er seld hjá iðnfyrirtækjum í V-Evrópu á föstu verði. Afsetning afurðanna, skinna og angóruullar, koma okkur vel þar sem við þurfum ekki að búa eingöngu við takmarkaðan innanlandsmarkað.

Loðskinn eru heimsins stöðugasta tískuvara sem varað hefur síðan maðurinn fyrst fór að klæðast fötum (skinnfatnaði). Eftirspurn eykst stöðugt eftir loðkápum, þar sem nú hafa fleiri og fleiri efni á að fá sér þessar flíkur.

Skinnum af villtum dýrum fer jafnt og þétt fækkandi á skinnamörkuðum og veldur því fækkun villidýra í heiminum og friðun dýra- og landssvæða, þar sem veiðar hafa áður verið stundaðar.

Framboð skinna af ræktuðum loðdýrum hefur lítið breyst síðustu árin og hefur eftirspurnin verið lítið eitt meiri en framleiðslan eða sem svarar einni milljón skinna. Það, sem veldur því að framboðið fylgir ekki eftirspurninni, er, að hráefni í fóður fyrir ræktuð loðdýr er hvarvetna á þrotum í V-Evrópu og N-Ameríku. Aðstaða okkar Íslendinga er því mjög góð nú til að fara af stað með loðdýrarækt. Hráefni til fóðurgerðar frá frysti- og sláturhúsum landsins höfum við nóg af sem dugar til framleiðslu á 3—5 millj. loðskinna. Lega landsins hjálpar til og tryggir framleiðslu úrvalsskinna með sínu kalda og raka loftslagi, sem er gagnstætt við hinn hefðbundna búskap.

Loðdýraræktin fellur því vel að kröfum og þörfum okkar fyrir nýjar búgreinar og iðnað, hvað varðar atvinnu, byggðajafnvægi, markaði og gjaldeyrisöflun og veðurfar landsins.

Til að gefa einhverja hugmynd um stofnkostnað og rekstur loðdýra samanborið við hefðbundinn búskap er sett hér upp gróft dæmi með refa-, minka- og sauðfjárbúskap sem grundvallast á afurðaeiningum.

Dæmi:

	1 refalæða	3 minkalæður	5 ær
Hús	kr. 500 000	kr. 400 000	kr. 700 000
Bústofn	— 80 000	— 90 000	— 150 000
Fóður	— 40 000	— 45 000	— 84 000
Afurðir	— 168 000	— 168 000	— 168 000

Feldfjárrækt.

Ræktun feldfjár af íslenska landkyninu, þar sem pelsgæðin, hreinleiki og lokkmyndun, eru meginmarkmið, en frjósemi og kjötafurðir koma þar á eftir. Byrjað væri á ræktun á gráum feldgærum, en síðar meir athugað með markað fyrir svartar og dökkmórauðar gærur.

Unglambaskinn til feldframleiðslu væru nýtt eftir því sem hægt væri og bændum kennt að flá og verka skinnin eins og gert er með karakúllömb, til að auka verðmæti þeirra. Einnig væri gerð á því athugun í tilraunaskyni, hvort ekki mætti með ræktun og notkun hormóna reka hér sauðfjárbúskap með marglembur, þar sem unglambaskinnin væru meginframleiðslan.

Feldfjárrækt með íslenskt, grátt sauðfé hófst hér á árunum milli 1950 og 1960. Segja má að vel hafi gengið að fá fram og fjölga gráa fjárstofninum í landinu, en erfiðara gekk og lítið reynt að finna gæruframleiðslunni tilskilinn markað. Fór þá svo, að stór hluti þessara feldgæra var seldur úr landi sem óunnar gærur, sem keyptar voru af skinnakaupmönnum, sem klipptu þær, sútuðu og gerðu úr þeim verðmikil pelsskinn. Síðar, þegar uppboðsfyrirtækið Hudsons Bay í London fór að spyrjast fyrir um hvort íslensku sútunarverksmiðjurnar vildu ekki sjálfar prófa að að selja lambaskinnin hjá uppboðshúsinu, í stað þess að láta önnur lönd vera þar milliliði, vaknaði áhugi fyrir feldfjárrækt að nýju. Bentu skinnasérfræðingar Hudsons Bay, eftir að hafa kynnt sér íslensku lambaskinnin, á að þau væru létt og blæhrein miðað við sænsku Cotlands-skinnin, en nokkuð vantaði á að lokkmyndun þeirra væri jafngóð, enda hefðu íslensku lömbin ekki verið ræktuð með tilliti til þess. Töldu þeir fyllilega tímabært fyrir íslenskan landbúnað að þróa hér pelsfjárframleiðslu, eins og Svíar gera, og nýta jafnframt öll unglambaskinn, sem til falla, í sama tilgangi.

Hjá þeim sauðfjárbændum, þar sem feldgærur væru meginframleiðslumarkmiðið, mundi það draga nokkuð úr dilkakjötsframleiðslunni og vandamálum hennar, og allverulega ef unglambaskinn gætu orðið aðalframleiðsla.

Fuglakjötsframleiðsla með íslensku fóðri til innanlandsneyslu.

Til að svara kröfum og þörfum neytenda hvað varðar fuglakjöt kemur aligæsa- og andakjöt helst til greina. Þessar fuglategundir nýta beit á ræktað land, grænfóður og grasköggla fugla best, auk þess sem kjöt þeirra er með því besta sem völ er á.

Þær rannsóknir og reynsla, sem til er, benda eindregið til þess, að aligæsa- og andarækt séu þær fuglabúgreinar, sem henti best við íslenskar aðstæður til kjötframleiðslu

Ef rétt er staðið að málunum geta nýbúgreinar tekið við af hefðbundnum búskap að hluta til. Þáttur nýju búgreinanna þarf að þróast á 6—7 árum upp í það að vera 25—100% af tekjum 600—800 bænda, svo markverður árangur náist.

Með stjórnun á fjármagni til uppbyggingar á þessum búgreinum, fullkominni leiðbeiningaþjónustu og nýjum skipulögðum tilraunum fyrir þennan búskap má

gera hann aðgengilegan og arðbæran. Þær nýbúgreinar, sem sýna sig að geta staðið fyrir utan styrkjakerfi landbúnaðarins, þarf að efla umfram aðrar með því að veita þeim hagstæð stofnlán, sem auðvelda stofnun þeirra.

Veita þarf þeim búvöruframleiðendum, sem selja afurðir sínar á erlendan markað, hliðstæð rekstrarlán og sjávarútvegurinn nýtur, ásamt því að þeir hafi aðgang að sérstökum afurðalánum til stutts tíma, verði verðfall á mörkuðum erlendis.

Landbúnaðarafurðir fyrir innanlandsmarkað, eins og aligæsa- og andakjöt o. fl., þarf að vernda fyrir samkeppni og annarri framleiðslu, sem framleidd er að mestu eða öllu leyti á innfluttu niðurgreiddu fóðri, svo til hagsbóta verði landbúnaði og þjóðinni allri.

Fylgiskjal IV.

HAGSTOFA ÍSLANDS 6/4 1980.

Nýting 10% verðábyrgðar útflutnings búvöru hefur verið sem hér segir frá og með verðlagsárinu 1963/64.

Verðlagsárið	Hámark verðábyrgðar millj. kr.	Nýting millj. kr.	Nýting verðábyrgðar %
1963/64	160	160	100
1964/65	185	179	96.2
1965/66	218	218	100
1966/67	229	229	100
1967/68	256	256	100
1968/69	301	301	100
1969/70	332	332	100
1970/71	407	404	99.3
1971/72	483	379	78.5
1972/73	627	438	69.9
1973/74	927	927	100
1974/75	1 327	1 140	85.9
1975/76	1 800	1 650	92.1
1976/77	2 301	2 652	15.3% umfram
1977/78	3 597	3 597[1])	
1978/79	5 622	5 622[2])	

1) Auk þess viðbótaverðábyrgð samkvæmt stjórnarsáttmála síðast í ágúst 1978 og tilheyrandi lagaákvæðum: 1300 millj. kr., þar af 1000 millj. kr. til greiðslu 1978 og 300 millj. kr. til greiðslu 1979. Umframgreiðsla vegna verðlagsárs 1977/78 nam þannig 36.1%.

2) Auk þess 3000 millj. kr. teknar að láni samkvæmt ákvörðun Alþingis. Umframgreiðsla vegna verðlagsárs 1978/79 nemur þannig 53.4%. — Ekki liggur endanlega fyrir, hve mikið muni þurfa til viðbótar til greiðslu fullrar verðábyrgðar vegna verðlagsárs 1978/79, en talið er, að það séu 3100—3200 millj. kr. (umfram 5622 millj. kr. samkvæmt ofan greindu).

Fylgiskjal V.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN 30/4 1980

Landbúnaðarframleiðslan að meðtöldum bústofnsbreytingum. Lauslegar áætlanir um verð- og magnvísitölur 1963/64—1978/79. Verðlagsárið 1969/70 = 100.

Verðlagsárið	Verðvísitala	Magnvísitala	Til samanburðar Vísitala hámarks-verðábyrgðar skv. Hagstofu Íslands
1963/64	50.0	95.5	48.2
1964/65	53.0	105.6	56.0
1965/66	60.5	106.7	65.7
1966/67	66.1	103.0	69.0
1967/68	69.9	105.3	77.1
1968/69	83.5	102.7	90.7
1969/70	100.0	100.0	100.0
1970/71	118.0	102.4	122.6
1971/72	137.6	111.2	145.5
1972/73	170.6	115.7	188.9
1973/74	229.6	120.5	279.2
1974/75	323.7	121.9	399.7
1975/76	439.8	120.2	542.2
1976/77	579.4	124.5	693.1
1977/78	863.1	129.0	1 083.4
1978/79	1 251.6	129.5	1 693.4

Skýringar:

Að hluta til er hér byggt á lauslegum áætlunum Þjóðhagsstofnunar um tilfærslu framleiðslunnar frá almanaksári yfir á verðlagsár.

Af tölunum hér að ofan má ráða, að síðustu tvö verðlagsár, þ. e. 1977/78 og 1978/79, hefur landbúnaðarframleiðslan orðið um 30% meiri en verðlagsárið 1969/70 og frá verðlagsárinu 1971/72 fer framleiðslan að aukast að marki.

Fylgiskjal VI.

Stéttarsamband bænda.

Í dæmi I er reiknað með að 25% framleiðslukostnaðar séu greidd hverjum bónda upp að 500 ærgilda búi, en eftir það jöfn greiðsla til hvers bónda, 3 milljónir kr. til hvers.

Dæmi I 25% framleiðslukostnaðar.

Tala bænda		Bústærð		Greiðsla á ærgildisafurðir	Kr.	Kr.
232	×	80	×	6 000	111 360 000	
731	×	150	×	6 000	657 900 000	
897	×	250	×	6 000	1 345 500 000	
855	×	350	×	6 000	1 795 500 000	
668	×	450	×	6 000	1 803 600 000	5 713 860 000
1 089	×	3 000 000				3 267 000 000
					Samtals kr.	8 980 860 000

80 ærgildisafurðir gera kr. 480 000
150 ærgildisafurðir gera kr. 900 000
250 ærgildisafurðir gera kr. 1 500 000
350 ærgildisafurðir gera kr. 2 100 000
450 ærgildisafurðir gera kr. 2 700 000
500 ærgildisafurðir gera kr. 3 000 000

Dæmi I mundi leiða til eftirfarandi:

Nú kostar 1 lítri nýmjólkur í tveggja lítra fernum kr.	135
Niðurgreiðsla á mjólk er nú —	111
Samtals kr.	246
Grundvallarverð á mjólk er nú —	162
Kostnaður er því kr.	84

Verð á 1 lítra yrði því í dæmi I: Grundvallarverð kr. 121 + kostnaður kr. 84 = kr. 205. Verðið yrði því kr. 70 hærra.

Heildsöluverð á 1 kg af fyrsta flokks dilkakjöti er nú kr.	711
Niðurgreiðslur —	774
Samtals kr	1 485
Grundvallarverð er nú —	1 153
Kostnaður er því kr.	332

75% grundvallarverðs er kr.		865
Kostnaður	—	332
Samtals kr.		1 197
Heildsöluverðið yrði því —		486 hærra.

Ed. 547. Breytingartillaga [17. mál]

við frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá félagsmálaráðherra.

Við 69. gr. Í 2. tl. a-liðar komi fyrir „ákveða“: gera tillögu um.

Nd. 548. Breytingartillaga [76. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
Champion, Denise Kristín, flugfreyja í Reykjavík, f. í Englandi 21. desember 1949.

Sþ. 549. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um raforkuvinnslu og skipulag orkumála.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Pétur Sigurðsson, Halldór Blöndal, Egill Jónsson, Salome Þorkelsdóttir, Sigurlaug Bjarnadóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson.

Alþingi ályktar, að meginmarkmið í raforkuvinnslu sé að sjá landsmönnum fyrir nægilegri og öruggri orku á sem lægstu verði og að sjá atvinnulífi landsmanna fyrir þeirri orku, sem talin er nauðsynleg á hverjum tíma til að viðhalda hér traustu efnahagslífi.

Til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu orkuvera í landinu og jafnframt heppilegt skipulag meginraforkuvinnslu er nauðsynlegt að koma á sem bestri samvinnu þeirra aðila í þjóðfélaginu, sem hafa mesta tækniþekkingu í hönnun, byggingu og rekstri stórvirkjana í landinu (Landsvirkjunar), hafa mesta möguleika til fjármagnsútvegunar (ríkisstjórn, Landsvirkjun) og hafa mesta staðarþekkingu og tengsl við íbúana í þeim landshlutum, þar semi virkja þarf (sveitarfélög og samtök þeirra, dreifiveitur og virkjanir í landshlutum).

Af því tilefni ályktar Alþingi að rétt sé að stefna að því að stofna hið allra fyrsta tvö virkjunarfyrirtæki í þeim landshlutum þar sem ný orkuver eru í undirbúningi utan Landsvirkjunarsvæðisins. Skal annað vera á Norðurlandi og hitt á Austurlandi.

Þessum fyrirtækjum verði tryggð tækniþekking og fjármagn. Jafnframt verði áhrif og þátttaka heimamanna í stjórn þeirra tryggð. Undirbúningi fyrirtækjanna verði hagað sem hér segir:

Norðurlandsvirkjun.

Stofnuð verði 7 manna nefnd til að kanna möguleika á stofnun virkjunarfyrirtækis á Norðurlandi. Nefndin verði þannig skipuð, að Fjórðungssamband sveitarfélaga á Norðurlandi skipi einn mann, Laxárvirkjun einn, Landsvirkjun einn, en fjórir skulu kosnir af Alþingi. Iðnaðarráðherra skipi formann nefndarinnar og skapi henni starfsaðstöðu.

Nefndin kanni sérstaklega eftirfarandi: Landfræðileg mörk fyrirtækisins og orkuöflunarkosti á Norðurlandi. Þátttöku sveitarfélaga, samtaka þeirra, dreifiveitna og virkjunarfyrirtækja á Norðurlandi í hinu nýja fyrirtæki. Samstarf við aðra virkjunar-

aðila. Möguleika fyrirtækisins til að afla sér tækniþekkingar og fjármagns, t. d. með þátttöku Landsvirkjunar í fyrirtækinu. Leiði störf nefndarinnar til jákvæðrar niðurstöðu skal hún gera tillögur um eignaraðild, stjórnun og innri uppbyggingu fyrirtækisins.

Nefndin skal hraða störfum sínum eins og mögulegt er og skila áliti eigi síðar en í lok þessa árs. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Austurlandsvirkjun.

Stofnuð verði sjö manna nefnd til að kanna möguleika á stofnun virkjunarfyrirtækis á Austurlandi. Nefndin verði þannig skipuð, að Samband sveitarfélaga á Austurlandi skipi einn mann, Rafmagnsveitur ríkisins einn mann, Landsvirkjun einn mann, en fjórir verði kjörnir af Alþingi. Iðnaðarráðherra skipi formann nefndarinnar og skapi henni starfsaðstöðu.

Nefndin kanni sérstaklega eftirfarandi: Landfræðileg mörk fyrirtækisins og orkuöflunarkosti á Austurlandi. Þátttöku sveitarfélaga og samtaka þeirra í fyrirtækinu. Þáttöku ríkisins vegna virkjana Rafmagnsveitna ríkisins á svæðinu. Möguleika fyrirtækisins til að afla sér tækniþekkingar og fjármagns, t. d. með þátttöku Landsvirkjunar. Leiði störf nefndarinnar til jákvæðrar niðurstöðu skal hún gera tillögur um eignaraðild, stjórnun og innri uppbyggingu fyrirtækisins.

Nefndin skal hraða störfum sínum eins og mögulegt er og skila áliti eigi síðar en í lok þessa árs. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Skipulag meginraforkuvinnslunnar í landinu hefur verið mikið til umræðu undanfarin ár. Komið hafa fram ítarlegar tillögur um að eitt fyrirtæki, eins konar ný Landsvirkjun, hefði með höndum alla meginraforkuvinnslu í landinu. Voru settar fram á s. l. ári tillögur um fyrsta skref í þessa átt, þ. e. að Landsvirkjun og Laxárvirkjun skyldu sameinast og jafnframt yfirtaka allt 132 kv. stofnlínu í landinu.

Tillögur þessar sættu mikilli mótspyrnu, enda var í þeim gert ráð fyrir mikilli miðstýringu þessara mála. Aðeins eitt fyrirtæki átti að annast alla meginraforkuvinnslu í landinu og stjórnaraðild heimamanna í virkjununum í sínum landshlutum var útilokuð.

Þessari þingsályktunartillögu er ætlað að miðla málum milli þeirra sjónarmiða, sem helst hafa vegist á þegar rætt er um skipulag orkumála.

Enginn vafi er á því, að Landsvirkjun býr yfir mestri reynslu og þekkingu í hönnun, byggingu og rekstri meiri háttar orkuvera og er tæknilega og fjárhagslega öflugt fyrirtæki. Þátttaka Landsvirkjunar í stofnun nýrra orkuöflunarfyrirtækja á Norðurlandi og Austurlandi mundi því verða þeim mikill styrkur og tryggja rekstrargrundvöll þeirra.

Fyrir eru í landshlutunum smærri virkjanir, sem mjög er æskilegt að geti gengið til samstarfs við ný virkjunarfyrirtæki í landshlutunum. Má þar nefna Laxárvirkjun. Skeiðsfossvirkjun og virkjanir Rafmagnsveitna ríkisins á Norðurlandi og Austurlandi.

Samstarf við heimamenn í þeim landshlutum, þar sem virkja þarf, er mögulegt með því að sveitarfélög eða samtök þeirra taki þátt í virkjunarfyrirtækjunum. Enn fremur gætu dreifiveitur raforku og hitaorku gerst eignaraðilar að virkjunarfyrirtækjunum.

Með því að stofna slík virkjunarfyrirtæki í landshlutunum með samstarfi og þátttöku ofangreindra aðila má tryggja allt það, sem æskilegt er talið í slíku fyrirtæki, þ. e. fjármagn, tækniþekkingu og reynslu, staðarþekkingu og stjórnunaraðild heimamanna.

Skammt er nú í það að allt raforkukerfi landsmanna verði samtengt. Með því hafa skapast möguleikar á því að landshlutarnir sjái hver öðrum fyrir rafmagni eftir því sem aðstæður leyfa. Samhæfingu og samræmingu á rekstri og byggingu orkuvera þarf að sjálfsögðu að koma fyrir. Samhæfing í rekstri færi best í höndum Lands-

virkjunar í upphafi, en síðar með formlegri samvinnu virkjunarfyrirtækjanna. Eðlilegt er að ákvörðun um röð virkjunarframkvæmda verði áfram í höndum Alþingis og iðnaðarráðherra.

Þegar rætt er um virkjunarfyrirtæki í landshlutunum verður að hafa í huga að orkumál hafa þróast þar sitt með hverjum hætti og aðstæður eru ólíkar.

Hér fer á eftir lýsing á því í stórum dráttum, hvernig orkumál hafa þróast og hvernig útlitið er í hverjum landshluta fyrir sig.

1. Suðurland.

Raforkuöflun fyrir Suðurland er nú að öllu leyti í höndum Landsvirkjunar. Með Suðurlandi er þá átt við Suðurlandskjördæmi, þótt Vestur-Skaftafellssýsla geti með vissum rökum talist með Austurlandi í þessu tilliti.

Dreifing raforku er í höndum Rafmagnsveitna ríkisins og rafveitna fjögurra sveitarfélaga, sem hafa mjög náið samband sín á milli.

Ekki virðist þörf skipulagsbreytinga varðandi raforkuöflun í þessum landshluta, en þó kemur eignaraðild að Landsvirkjun mjög til greina. Dreifingu raforku mætti hins vegar hugsa sér í höndum einnar dreifiveitu.

2. Suðurnes.

Orkuþörf á Suðurnesjum hefur á undanförnum áratugum verið fullnægt með tengingu við raforkukerfi Landsvirkjunar.

Dreifing og sala raforku er í höndum rafveitna sveitarfélaga, svo og Rafmagnsveitna ríkisins — en samkvæmt sérstökum samningi milli ríkisstjórnar Íslands og varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli annast Rafmagnsveiturnar raforkusölu til varnarliðsins. Nefnd, skipuð af iðnaðarráðherra árið 1976, hefur fjallað um endurskipulagningu raforkudreifingar í Reykjaneskjördæmi, en ekki skilað áliti.

Með tilkomu Hitaveitu Suðurnesja hafa orkumál þessa landshluta tekið miklum stakkaskiptum. Allar líkur benda nú til, að leysa megi orkuþörf Suðurnesja að verulegu leyti með skynsamlegri nýtingu jarðvarma, bæði til hitunar og raforkuframleiðslu. Hitaveita Suðurnesja hefur nú fengið lagaheimild til að koma upp 8 mw raforkuveri og í athugun er nú stækkun þess.

Skipulagning orkumála á Suðurnesjum hefur nú mótast á þann veg, að fyrirhuguð er sameining allra rafveitna á svæðinu. Er þá og hafður í huga sá möguleiki, að sameinaðar dreifiveitur raforku gætu gerst aðilar að Hitaveitu Suðurnesja, þannig að úr gæti orðið eins konar orkubú á Suðurnesjum. Að þessu er nú unnið af hálfu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum í samvinnu við Samband íslenskra rafveitna. Virðist þetta geta orðið æskilegt skipulag í þessum landshluta.

3. Höfuðborgarsvæðið.

Rafmagnsveita Reykjavíkur, Sogsvirkjun og síðar Landsvirkjun hafa annast orkuvinnslu fyrir þennan landshluta, en dreifing raforku er nú í höndum Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafveitu Hafnarfjarðar.

Með höfuðborgarsvæðinu er átt við orkuveitusvæði þessara tveggja dreifiveitna, sem falla nokkurn veginn saman við sveitarfélögin Reykjavík, Seltjarnarnes, Kjalarneshrepp, Mosfellshrepp, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð.

Orkuöflun, bæði raforku og hitaveitu, fyrir þennan landshluta, er í höndum öflugra fyrirtækja. Sama gildir um dreifiveitur sveita, sem hafa sín á milli gott samstarf og tryggja fullnægjandi þjónustu. Skipulag raforkumála í þessum landshlutum virðist því fullnægjandi.

4. Vesturland.

Raforkuöflun innan þessa landshluta er og verður tiltölulega lítil, og verður því að afla meginhluta raforkunnar með kaupum frá virkjunum utan landshlutans. Stofnun Vesturlandsvirkjunar, með Andakílsárvirkjun og nýja virkjun við Kljáfoss í

Hvítá sem kjarna, hefur að vísu verið rædd og lagafrumvarp um slíkt fyrirtæki samþykkt. Er þar gert ráð fyrir að ríkið ásamt sýslu- og sveitarfélögum verði eignaraðilar.

Hvort sem af stofnun Vesturlandsvirkjunar verður eða ekki, verður Vesturland að treysta í verulegum mæli á orkuöflun virkjunarfyrirtækja í öðrum landshlutum.

Raforkudreifing er nú í höndum Rafmagnsveitna ríkisins, svo og Rafveitu Borgarness og Rafveitu Akraness. Frumvarp til laga um nýskipan raforkudreifingar hefur verið samið, en þar er Akraneskaupstaður ekki þátttakandi. Sérstök nefnd, skipuð af iðnaðarráðherra árið 1976, fjallaði um raforkumál Vesturlands í heild og gerði tillögu, er leiddi til framangreindra lagafrumvarpa.

5. Vestfirðir.

Orkubú Vestfjarða annast nú raforkuöfun fyrir Vestfjarðakjördæmi með eigin orkuvinnslu, en mun í framtíðinni auk þess ætla sér að treysta á orkukaup frá stofnlínukerfi landsins, þegar Vestfjarðalína hefur verið tengd, enda takmarkaðir möguleikar á verulegri virkjun vatnsafls í þessum landshluta.

Orkubú Vestfjarða annast einnig raforkudreifingu í kjördæminu öllu, þótt landfræðileg rök hnígi að því, að suðausturhluti þess sé í eðlilegra sambandi við Vesturland eða Norðurland vestra.

Loks annast Orkubúið einnig byggingu og rekstur hitaveitna á Vestfjörðum og er því eina alhliða landshlutaorkuveita landsins fram til þessa.

Skipulag raforkumála í þessum landsfjórðungi er því í föstum skorðum og ekki ástæða til að gera tillögur um breytingar á því.

6. Norðurland.

Þótt líta megi á Norðurland sem tvískipt orkuveitusvæði, sem þá félli að kjördæmunum Norðurlandi vestra og eystra, er hér litið á það sem einn landshluta að því er orkuöflun varðar.

Ljóst er, að Norðurland býr yfir umtalsverðu óvirkjuðu vatnsafli til viðbótar því, sem sveitarfélög, ríkið og sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga (Laxárvirkjun) hafa þegar virkjað. Núverandi raforkuver anna þó engan veginn orkuþörf í þessum landshluta og í ljósi þeirrar óvissu, sem ríkir um orkuvinnslu Kröfluvirkjunar og frekari nýtingu Laxár til orkuvinnslu, hlýtur að teljast æskilegt að gera verulegt átak í virkjunarmálum á Norðurlandi.

Iðnaðarráðherra skipaði árið 1975 nefnd til að athuga möguleika á stofnun sérstaks fyrirtækis um orkuöflun fyrir Norðurland. Sú tilraun, sem þannig var gerð til stofnunar Norðurlandsvirkjunar, með Laxárvirkjun og hugsanlega Kröfluvirkjun sem upphaflegan kjarna, hefur ekki orðið að veruleika. Hér þarf því nýtt átak til að koma, ef nýta skal óvirkjað vatnsafl í þessum landshluta.

Dreifing raforku á Norðurlandi er í höndum Rafmagnsveitna ríkisins og rafveitna fjögurra sveitarfélaga, sem starfa algerlega sjálfstætt, enda fjarlægðir milli þeirra allmiklar. Ekki hefur verið gerð tilraun með sérstakri nefndarskipun til að gera tillögur um breytt skipulag raforkudreifingar á Norðurlandi.

7. Austurland.


Undanfarna áratugi hefur raforkuöflun og dreifing verið að öllu leyti í höndum Rafmagnsveitna ríkisins, ef frá er talin ein rafveita sveitarfélags. Orkuþörf Austurlands hefur engan veginn verið fullnægt með orkuverum innan landshlutans, heldur hefur lausnin falist í tengingu við stofnlínukerfið um Austurlínu.

Sérstök nefnd, sem iðnaðarráðherra skipaði árið 1975 til könnunar á stofnun sérstaks fyrirtækis til orkuöflunar fyrir Austurland, lagði til að ríkið annaðist þetta hlutverk áfram, en sveitarfélög á Austurlandi fengju aukin stjórnaráhrif.

Vitað er, að á Austurlandi er gífurlegt óvirkjað vatnsafl, og hlýtur að þurfa að gera sérstakt átak til virkjunar þess.

Fylgiskjal.

MYND 1



Nd. 550. Breytingartillaga [160. mál]

við frv. til l. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Frá Sigurgeir Bóassyni.

Við 1. málsgrein 4. greinar bætist: og skulu greiðslur fara fram í síðasta lagi 10. dag hvers ársfjórðungs.

Sþ. 551. Tillaga til þingsályktunar [205. mál]

um launasjóð rithöfunda.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Halldór Blöndal, Guðmundur G. Þórarinsson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Eiður Guðnason, Salome Þorkelsdóttir, Árni Gunnarsson, Friðrik Sophusson, Davíð Aðalsteinsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar, að skipuð verði hið fyrsta, að tilhlutan menntamálaráðuneytisins, nefnd til að athuga og endurskoða lög nr. 29/1975, um launasjóð rithöfunda, og reglugerð þeim lögum samkvæmt.

Nefndin skal skipuð eftir tilnefningu þingflokkanna og skila áliti, er næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt vegna mikillar óánægju og andmæla fjölmenns hóps íslenskra rithöfunda út af síðustu úthlutun starfslauna úr launasjóði rithöfunda í s.l. marsmánuði.

Undanfarnar deilur um mál þetta skulu ekki raktar hér né dómur á þær lagður. Þær hafa nýlega verið til umræðu á Alþingi. Menntamálaráðherra núverandi gaf þar fyrirheit um, að reynt skyldi að kanna, hvort ásakanir á hendur stjórn launasjóðsins um flokkpólitíska hlutdrægni og önnur ámælisverð vinnubrögð við úthlutun starfslauna ættu við rök að styðjast.

Í slíku máli er erfitt að leggja fram óyggjandi sannanir, en með tilliti til þess, sem á undan er gengið, virðist eðlilegt og nauðsynlegt að tekin verði til endurskoðunar lög þau og reglugerð, sem launasjóðurinn starfar eftir. Sú endurskoðun og hugsanlegar lagfæringar á starfsreglum sjóðsins mundu að dómi flutningsmanna geta komið í veg fyrir deilur af því tagi, sem nú eru uppi.

Tillaga þessi felur ekki í sér ákveðnar tillögur um breytingar hér að lútandi, það yrði hlutverk væntanlegrar þar til skipaðrar nefndar, þó skal á það bent, að vænlegra virðist að stjórn launasjóðsins, sem fer með úthlutun starfslaunanna, væri fjölmennari en nú er, t. d. fimm eða sjö menn í stað þriggja. Þannig væri tryggð meiri yfirsýn, fleiri sjónarmið kæmu fram og um leið væri dregið úr þeirri hættu, að óeðlilega mikið vald safnaðist á hendur eins eða tveggja manna í sjóðsstjórninni.

Þá bæri einnig að skoða þá hugmynd, hvort ekki væri farsælast, þegar öll kurl koma til grafar, að stjórn launasjóðsins yrði skipuð af Alþingi, en samkv. núverandi skipan er það stjórn Rithöfundasambands Íslands, sem tilnefnir alla stjórnarmenn, þrjá talsins. Til launasjóðsins var stofnað með lögum frá Alþingi og sjóðurinn nýtur árlega framlaga af almannafé. Í ár nemur sú upphæð á fjárlögum fyrir 1980 114 milljónum króna. Alþingi getur því ekki leitt hjá sér svo alvarlega misklíð sem nú er upp komin um ráðstöfun þessara fjármuna.

Það er skoðun flutningsmanna, að sú tilhögun á úthlutun starfslaunanna, sem hér er bent á, væri líkleg til að skapa meira jafnvægi og frið um úthlutunina. Margir

íslenskir rithöfundar munu þeirri skoðun hlynntir sem illskástu lausninni á þessu viðkvæma máli eins og það stendur nú.

Gera verður ráð fyrir, að þingflokkarnir mundu vanda svo sem kostur er til útnefningar á fulltrúum sínum í sjóðsstjórnina. Til þessa trúnaðarstarfs þurfa að veljast gagnmenntaðir og víðsýnir menn með haldgóða þekkingu á íslenskum bókmenntum og aðstæðum íslenskra rithöfunda í dag, — menn, sem treystandi er til fyllstu óhlutdrægni og trúmennsku í því vandasama hlutverki, sem úthlutun starfslaunanna er hverju sinni.

Það varðar miklu fyrir framtíð íslenskra rithöfunda og ritmenntar í landinu, að takast megi að lægja þær öldur óánægju og missættis, sem nú hafa risið um málefni launasjóðsins. Í þeim tilgangi er þessi tillaga fram borin.

Nd. 552. Frumvarp til laga [17. mál]

um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Ed., 16. maí.)

Samhljóða þskj. 543 með þessari breytingu:

69. gr. hljóðar svo:

Hlutverk deildarinnar er tvíþætt. Annars vegar skal hún vera húsnæðismálastjórn til ráðuneytis um tæknileg atriði. Hins vegar skal hún veita húsbyggjendum þjónustu með ráðgjöf um byggingarmál og sölu íbúðateikninga.

Verkefni tækni- og þjónustudeildar eru þessi:

a) **Tækniskor:**

1. Að semja skilyrði fyrir lánshæfni íbúða og endurmeta þau að staðaldri með hliðsjón af breyttum þjóðfélagsháttum og nýjungum í byggingartækni. Gera skal grein fyrir gæða- og stærðarkröfum og nauðsynlegum tæknilegum atriðum. Heimilt er að áskilja að forsenda lánshæfni sé hönnun húss í MÁT-kerfi og notkun almennra byggingarstaðla.
2. Að gera tillögu um staðalíbúðir skv. 35. gr. laga þessara til viðmiðunar við ákvörðun lánsréttar og áætla byggingarkostnað slíkra íbúða í samráði við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.
3. Að hafa á hendi eftirlit með framkvæmdum þeirra aðila, sem njóta lána úr veðlánakerfinu, eftir því sem þörf er á, og sjá um að settum skilyrðum sé fullnægt.
4. Að vera ráðgjafi Húsnæðisstofnunar og stjórnar hennar um tæknileg málefni og annast samskipti við aðra opinbera aðila sem vinna að áætlunargerð, rannsóknum og tilraunum á sviði húsnæðis- og byggingarmála.

b) **Þjónustuskor:**

1. Að veita umsækjendum um íbúðalán almennar upplýsingar og ráðgjöf á sviði byggingarmála, svo sem um þær reglur sem gilda um hönnun, gerð og gæði íbúðarhúsnæðis, byggingaraðferðir og val byggingarefnis.
2. Að sjá um viðhald og dreifingu teikningasafns stofnunarinnar og afla nýrra lausna með því að gangast fyrir opinberri samkeppni um gerð uppdrátta af húsum og/eða byggingarhlutum og dreifa til byggjenda bestu lausnum sem fást úr slíkri samkeppni.
3. Að vera sveitarstjórnum og stjórnum verkamannabústaða, sem þess óska, til aðstoðar við undirbúning, útboð og samningsgerð vegna félagslegra íbúðarbygginga.
4. Að fylgjast með og kynna tækninýjungar sem stuðlað geta að lækkun byggingarkostnaðar.

Ed. 553. Lög [165. mál]

um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 350.

Ed. 554. Lög [166. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Afgreidd frá Ed. 16. maí.)

Samhljóða þskj. 471.

Ed. 555. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 32/1933, um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarstaddir við afgreiðslu málsins voru Þorv. Garðar Kristjánsson og Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi, 17. maí 1980.

Egill Jónsson, form., frsm. Helgi Seljan, fundaskr. Jón Helgason.
Eiður Guðnason. Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 556. Nefndarálit [173. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um eyðingu refa og minka, nr. 52 5. júní 1957.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarstaddir við afgreiðslu málsins voru Þorv. Garðar Kristjánsson og Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi, 17. maí 1980.

Egill Jónsson, form., frsm. Helgi Seljan, fundaskr. Jón Helgason.
Eiður Guðnason. Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 557. Nefndarálit [67. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt óbreytt.

Karl Steinar Guðnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. maí 1980.

Þorv. Garðar Kristjánsson, form. Salome Þorkelsdóttir, frsm. Stefán Guðmundsson.
Guðm. Karlsson. Guðm. Bjarnason. Ólafur Ragnar Grímsson.

Nd. 558. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. um nokkurt skeið og hafa fundir verið sameiginlegir með fjárhags- og viðskiptanefnd Ed.

Í nefndinni kom fram sjónarmið um að nauðsynlegt væri að greiða olíustyrk vegna atvinnuhúsnæðis og ýmissa opinberra bygginga annarra en skólahúsnæðis og heimavista, sbr. 7. gr. Þar sem fjármagn til þessara mála hefur verið ákveðið samkv. fjárlögum, gerir nefndin ekki tillögu um þetta, þar sem slíkt framlag kæmi þá til lækkunar öðrum styrkjum.

Breytingartillaga kom fram á þskj. 463. Nefndin getur ekki mælt með samþykkt hennar og verður nánari grein gerð fyrir ástæðum þess í framsögu.

Breytingartillaga kom fram á þskj. 550 um að greiðslur fari fram innan ákveðins tíma. Ekki þykir rétt að festa slíkt í lög að svo komnu máli, en nauðsynlegt er að setja um það ákvæði í reglugerð til þess að tryggja að ekki verði dráttur á að styrkurinn verði greiddur til móttakanda. Fjármálaráðuneytið greiðir styrkinn reglulega samkv. upplýsingum þaðan.

Athygli nefndarinnar beindist einkum að ákvæðum 15. gr. frv. Greininni er ætlað að tryggja að ekki dragi úr áhuga við nýtingu hagkvæmra innlendra orkugjafa vegna styrks til húshitunar með olíu. Nefndinni þykir nauðsynlegt að settar verði reglur um framlög til varmaveitna sem eru „þjóðhagslega hagkvæmar", en eru fyrst í stað ekki samkeppnisfærar við húshitun með olíu að frádregnum olíustyrk. Nefndin telur að hér verði eingöngu um undantekningartilvik um takmarkaðan tíma að ræða. Til viðmiðunar í þessu sambandi vill nefndin taka fram eftirfarandi:

Greiða má tímabundið framlag til varmaveitna, sem starfa á vegum opinberra aðila og hafa samþykktar gjaldskrár, sem fela í sér hærra orkuverð en nemur húshitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk, en lægra en nemur olíuhitunarkostnaði. Framlagið miðist við það að hjá varmaveitum, þar sem hitunarkostnaður fer fram úr 90% af hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk, er heimilt að greiða viðkomandi varmaveitu sem nemur 90% af þeim mun sem þannig myndast. Framlagið má þó ekki vera hærra en sem nemur þeim olíustyrk, er fallið hefði til íbúa þeirra húsa sem tengd eru slíkum veitum. Framlaginu skal fyrst og fremst

varið til að lækka stofnkostnað viðkomandi veitu. Matið á gjaldskrám og samanburður við olíuverð skal miðast við samræmdar reglur sem iðnaðarráðuneytið setur um viðmiðunarhúsnæði, dreifingu stofnkostnaðar, fjármagnskostnað, ákvörðun heimæðagjalds sem hlutfalls af stofnkostnaði og annarra atriða er máli skipta.

Nefndin er sammála um að óska eftir að Alþingi verði gerð grein fyrir framkvæmd laganna fyrir þinglok 1981.

Með tilvísun til framanritaðs leggur nefndin til að frv. verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Alþingi, 17. maí 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Guðm. J. Guðmundsson.
Karvel Pálmason, með fyrirvara.	Sverrir Hermannsson, með fyrirvara.	Matthías Á. Mathiesen, með fyrirvara.

Nd. 559. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og mælir með að það verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Alþingi, 17. maí 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Sverrir Hermannsson.
Karvel Pálmason.	Guðm. J. Guðmundsson.	Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 560. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um skráningu lífeyrisréttinda.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með því að það verði samþykkt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Albert Guðmundsson.

Alþingi, 17. maí 1980.

Halldór Ásgrímsson, form., frsm.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Sverrir Hermannsson.
Karvel Pálmason.	Guðm. J. Guðmundsson.	Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 561. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir svo um meginverkefni ríkisstjórnarinnar: „Ríkisstjórnin mun berjast gegn verðbólgunni með aðhaldsaðgerðum er varða verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingu og ríkisfjármál.“

Frumvarp þetta svo og fjárlög og aðrar aðgerðir núv. ríkisstjórnar í fjármálum og peningamálum virðast fara alveg á svig við öll framangreind atriði, sem ríkisstjórnin taldi í upphafi vera meginverkefni sín. Ríkisstjórnin lagði aldrei til atlögu við verðbólguna. Þvert á móti er boginn spenntur til hins ítrasta í eyðslufjárlögum og nú í þessum lánsfjárlögum. Verðlagsforsendur fjárlaga og lánsfjárlaga eru rangar svo skiptir sköpum. Í stað 30% verðbólguvaxtar blasir við 50% að lágmarki og ber öllum útreikningum saman um það. Stórkostleg hætta er á ferðum að verðbólgan komist í áður óþekktar hæðir er líða tekur á árið. Um kauplagsforsendur verður engu spáð eins og sakir standa, en mjög mikil óvissa er ríkjandi, enda allir kjarasamningar lausir. Á hinn bóginn hefur ríkisstjórnin með skattaherferð sinni á hendur almenningi stórspillt fyrir því, að kyrrð og jafnvægi verði á vinnumarkaði, og engan skilning sýnt á samráði við aðila, jafnvel þótt lög mæli svo fyrir um.

Að einu leyti er stefna núverandi ríkisstjórnar óhvikul og markviss. Allar aðgerðir hennar stefna að stórauknum ríkisafskiptum á öllum sviðum. Þetta frv. er skýrasta dæmið um þá stefnu. Um leið og framkvæmdir hins opinbera eru stórauknar er sorfið svo að lánamarkaði atvinnuveganna að þeim mun halda við stöðvun er líða tekur á árið.

Undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins flytja brtt. við frv. þetta á sérstöku þskj.

Alþingi, 17. maí 1980.

Sverrir Hermannsson, frsm. Matthías Á. Mathiesen. Albert Guðmundsson.

Nd. 562. Breytingartillögur [180. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SvH, MÁM, AG).

1. Við 3. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma, er Seðlabanki Íslands metur gild í þessu efni. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall verðbréfakaupa af ráðstöfunarfé.

Af því marki sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er fjármálaráðuneytinu skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu — bæði eigin skuldabréf og bréf Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggingarsjóðs ríkisins — og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að

gefa út og selja lífeyrissjóðum skuldabréf er fullnægja verðtryggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár.

2. 13. gr. falli brott.
3. 19. gr. falli brott.
4. 21. gr. falli brott.
5. 22. gr. falli brott.
6. 23. gr. falli brott.

Nd. 563. Breytingartillögur [160. mál]

við frv. til laga um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Frá Sverri Hermannssyni og Matthíasi Á. Mathiesen.

1. Ný grein komi, er verði 5. gr. og orðist svo:
   Olíustyrkir skulu enn fremur greiddir þessum aðilum:
   1. Þeim sem nota olíu til upphitunar atvinnuhúsnæðis.
   2. Skólum og öðrum menningarstofnunum, sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum og dvalarheimilum fyrir aldraða og unga.
   3. Þeim sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva.
   4. Hitaveitum, sem nota olíu sem orkugjafa, og rafveitum, sem nota olíu til framleiðslu rafmagns og upphitunar húsa.

   Í reglugerð skal kveða á um með hverjum hætti skal ákveða upphæð styrkja samkvæmt þessari grein. Skal þá miða við að olía verði í hverju tilfelli greidd niður sem mest að sama hundraðshluta og nemur meðalniðurgreiðslum samkvæmt 4. gr.
2. Við 7. gr. Greinin falli niður.
3. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Iðnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Ed. 564. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 14 8. maí 1978, um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og m. a. fengið á sinn fund fulltrúa kvikmyndagerðarmanna og kvikmyndahúsaeigenda. Eru nefndarmenn sammála um að brýna nauðsyn beri til að efla Kvikmyndasjóð. Hins vegar náðist ekki samkomulag um að gera það með þeim hætti að leggja enn eitt gjald á aðgangseyri kvikmyndahúsa. Aftur á móti var um það rætt, að söluskattur af öllum kvikmyndasýningum rynni að hluta til í Kvikmyndasjóð, að skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum rynni að einhverju leyti í sjóðinn eða svonefnt „sætagjald“ af kvikmyndasýningum samkv. lögum nr. 28/1952.

Samráð var haft við fjármálaráðherra og lýsti hann yfir, að söluskattur af sýningum innlendra kvikmynda yrði á þessu ári allur greiddur í Kvikmyndasjóð.

Nefndin var sammála um að una við þá lausn, enda verði málið tekið upp að nýju strax á haustþingi.

Í trausti þess, að þetta mikilvæga málefni fái viðunandi lausn síðar á árinu, leggur nefndin til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 17. maí 1980.

Ey. Kon. Jónsson, form., frsm.	Davíð Aðalsteinsson, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Salome Þorkelsdóttir.	Jón Helgason.	Karl Steinar Guðnason.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Sþ. 565. Nefndarálit [200. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina að staðfesta samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leggja undirritaðir nefndarmenn til að tillagan verði samþykkt. Einn nefndarmanna, Ólafur Ragnar Grímsson, mun skila séráliti.

Alþingi, 17. maí 1980.

Geir Hallgrímsson, form., frsm.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Birgir Ísl. Gunnarsson.	Ey. Kon. Jónsson.	Benedikt Gröndal.

Sþ. 566. Tillaga til þingsályktunar [206. mál]

um mál Skúla Pálssonar á Laxalóni.

Flm.: Árni Gunnarsson, Ólafur G. Einarsson, Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að fylgja þegar eftir tillögum nefndar, sem sameinað Alþingi kaus 23. maí 1979 til að gera úttekt á málum Skúla Pálssonar á Laxalóni í samræmi við samþykkt Alþingis frá sama tíma.

Greinargerð.

Alþingi samþykkti hinn 23. maí 1979 að kjósa þriggja manna nefnd til að gera úttekt á málefnum Skúla Pálssonar á Laxalóni, en málið er öllum kunnugt og þarf ekki að rekja. Í nefndina voru kjörnir dr. Jónas Bjarnason, Jón Sveinsson og Kristján Gíslason. Þeir hafa nú skilað áliti sínu og tillögum um bætur til Skúla Pálssonar. Mikilvægt er, að ekki dragist að afgreiða þessar tillögur.

Nd. 567. Breytingartillögur [184. mál]

við frv. til laga um Iðnrekstrarsjóð.

Frá Vilmundi Gylfasyni og Sighvati Björgvinssyni.

1. Við 5. gr. a-liður 2. mgr. orðist svo:
   Viðbótarframlag ríkissjóðs með hliðsjón af vinnsluvirði iðnaðar undanfarin ár, skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar, eins og ákveðið kann að vera af Alþingi hverju sinni.
2. Við 7. gr. Við 2. mgr. bætist: enda verði fyrir árslok 1980 komið á fullri verðtryggingu útlána.

Nd. 568. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Tilgangur þess er að ákveða í lögum að heimili sjálfseignarstofnana og vistheimili fyrir vangefna svo og aðrir aðilar, er vinna að málefnum þroskaheftra, fái rétt til fjárveitinga úr Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra.

Með þessari breytingu á lögunum er sá skilningur staðfestur, að allir þessir aðilar falli undir Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra. Við afgreiðslu fjárlaga 1980 kom fram þessi skilningur fjárveitinganefndar.

Félagsmálanefnd neðri deildar leggur til, að frv. verði samþykkt, og leggur áherslu á að fjárlaga- og hagsýslustofnun taki tillit til þessarar aukningar á verkefni Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra við fjárlagagerð árið 1981. Jafnframt vill nefndin láta koma fram þá skoðun nefndarinnar, að við fjárlagagerð 1981 eigi að ná fram verðtryggingu á framlagi til sjóðsins í samræmi við 25. gr. laganna.

Alþingi, 17. maí 1980.

Alexander Stefánsson, form., frsm.
Friðrik Sophusson, fundaskr.
Jóhann Einvarðsson.
Jóhanna Sigurðardóttir, með fyrirvara.
Steinþór Gestsson.
Eggert Haukdal.
Guðm. J. Guðmundsson.

Ed. 569. Lög [67. mál]

um breyting á lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 102.

Ed. 570. Lög [173. mál]

um breyting á lögum um eyðingu refa og minka, nr. 52 5. júní 1957.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 394.

Ed. 571. Lög [161. mál]

um breyting á lögum nr. 32/1933, um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 17. maí.)

Samhljóða þskj. 474.

Nd. 572. Frumvarp til laga [76. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. maí.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Aðalbjörg Hermannsdóttir, barn á Egilsstöðum, f. í Kóreu 21. febrúar 1974.
2. Aichy, Steinar Bjarni, barn í Reykjavík, f. í Frakklandi 30. nóvember 1971.
3. Andersen, Freda Bonnie, nemi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 21. maí 1964.
4. Andersen, Karl Konráð, nemi í Reykjavík, f. á Íslandi 4. janúar 1961.
5. Andersen, Lise Lotte Reynis, gangastúlka í Reykjavík, f. í Danmörku 23. maí 1958.
6. Anna Sigríður Pálsdóttir, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 20. október 1979.
7. Autrey, Stephan Mattias Gregory, flugvirki í Keflavík, f. í Bandaríkjunum 10. mars 1957. Fær réttinn 10. des. 1980.
8. Brink, Mark Kristján, sjómaður í Reykjavík, f. á Íslandi 25. maí 1954.
9. Champion, Denise Kristín, flugfreyja í Reykjavík, f. í Englandi 21. desember 1949.
10. Christiansen, Margret Rósa Dahl, húsmóðir í N-Ísafjarðarsýslu, f. á Íslandi 8. september 1952.
11. Chu Ngan Fu, klæðskeri í Kópavogi, f. í Kína 14. júlí 1949.
12. Eagles, Rose, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 6. mars 1925.
13. Grönvaldt, Lisbeth, húsmóðir á Akureyri, f. í Danmörku 17. júlí 1944.
14. Gulgowski, Wojciech Jerzy, tölvufræðingur í Reykjavík, f. í Póllandi 22. apríl 1945.
15. Hafsteinsson, Jonhard, verkamaður í Sandgerði, f. í Færeyjum 17. janúar 1959.
16. Hansen, Anders, blaðamaður í Reykjavík, f. í Danmörku 7. janúar 1952.
17. Heiða Björg Pálmadóttir, barn í Reykjavík, f. í Líbanon 2. apríl 1979.
18. Hólm, Jakob, verkamaður í Reykjavík, f. á Íslandi 25. maí 1954.
19. Hördal, Richard Halldór, kennari í Reykjavík, f. í Kanada 18. desember 1946.
20. Jakob, Hilke Lina Ilse, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 25. mars 1941.
21. Jensen, Erik, iðnnemi í Glæsibæjarhreppi, Eyjafirði, f. í Noregi 11. september 1961.
22. Krämmer, Emma Maria, flugfreyja í Reykjavík, f. í Austurríki 15. febrúar 1943.
23. Lund, Gunnar Guðmundur William, sendill í Reykjavík, f. í Danmörku 1. mars 1956.

24. Lund, Stefán Carl, verkamaður í Mosfellssveit, f. í Danmörku 26. ágúst 1953.
25. Marx, Erhard Richard Franz, útvarpsvirki í Reykjavík, f. í Þýskalandi 21. nóvember 1954. Fær réttinn 1. sept. 1980.
26. Meiling, Roger, fulltrúi í Kópavogi, f. í Englandi 21. apríl 1944.
27. Mundell, Derek Charles, landbúnaðarfræðingur í Kópavogi, f. í Englandi 17. mars 1951.
28. Nielsen, Rut, húsmóðir í Kópavogi, f. á Íslandi 14. júní 1956.
29. O'Keeffe, Paul David, verslunarmaður í Reykjavík, f. í Englandi 14. mars 1948.
30. Olesen, Bjarni, vélstjóri á Selfossi, f. á Íslandi 7. júní 1955.
31. Olsen, Frits Ómar, nemi í Mosfellssveit, f. á Íslandi 26. júlí 1958.
32. Ryggstein, Ulla, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 20. júní 1935.
33. Saleh, Mohammad Ali Ahmad, verkamaður í Reykjavík, f. í Palestínu 25. janúar 1948.
34. Samson, Lamberto, verkamaður í Garðakaupstað, f. á Filippseyjum 28. ágúst 1953.
35. Speight, John Anthony, tónlistarkennari í Reykjavík, f. í Englandi 27. febrúar 1945.
36. Spur, Inga Birgitte, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 28. desember 1931.
37. Stefánsson, Ragnar Daníel, verkfræðingur í Hafnarfirði, f. á Íslandi 26. janúar 1952.
38. Sörby, Rolf, listmálari í Reykjavík, f. í Noregi 21. mars 1950.
39. Thomasdóttir, Jara Kristina, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 5. maí 1976.
40. Thomasson, Stefán Peter, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 13. júlí 1978.
41. Türker, Savas, verkfræðingur í Reykjavík, f. í Tyrklandi 16. september 1941.
42. Undall-Behrend, Daniel Jakob, vélvirkjanemi í Neskaupstað, f. á Íslandi 19. desember 1949.
43. Villalobos, Anna Steinunn, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 5. nóvember 1974.
44. Villalobos, Ricardo Mario, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 27. mars 1968.
45. Wood, Dennis Leo, aðstoðardeildarfulltrúi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 4. október 1946.
46. Zempléni, Eva, menntaskólakennari í Kópavogi, f. í Þýskalandi 6. maí 1946.
47. Örn Jónsson, barn í Kópavogi, f. í Líbanon 26. nóvember 1979.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenskt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslensk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 573. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Magnúsi H. Magnússyni og Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Hún fer með stjórn hins opinbera veðlánakerfis til húsnæðismála.
2. Við 9. gr. 2. tl. orðist svo:
   Með árlegum framlögum úr ríkissjóði af 2% launaskatti, byggingarsjóðsgjöldum, af tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum.
3. Við 11. gr. Síðari mgr. falli niður.

4. Við 13. gr. 3. mgr. orðist svo:
   Heimilt er húsnæðismálastjórn að hafna eða skerða lánveitingu til þeirra umsækjenda, sem áður hafa fengið fullt lán úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna, skv. nánari ákvæðum í reglugerð, sem félagsmálaráðherra setur.
5. Við 15. gr. Orðin „og sveitarfélögum“ falli niður.
6. Við 20. gr.
   a. Orðin „eða sveitarfélögum“ í 1. mgr. falli niður.
   b. Orðin „gerð af trúnaðarmanni húsnæðismálastjórnar“ í 3. mgr. falli niður.
7. Við 37. gr. c-liður orðist svo:
   Með framlagi sveitarfélaga sem nemi 20% af því fjármagni, sem Byggingarsjóður verkamanna lánar til verkamannabústaða í viðkomandi sveitarfélagi ár hvert.
8. Við 39. gr.
   a. 3. mgr. orðist svo:
      Varamenn skulu vera jafnmargir og tilnefndir á sama hátt og aðalmenn. Í kaupstöðum með yfir 10 000 íbúa skal sveitarstjórn tilnefna 4 fulltrúa.
   b. Við bætist ný mgr., sem verði 4. mgr. og orðist svo:
      Sveitarstjórnir kjósa formenn og varaformenn stjórna verkamannabústaða.
9. Við 52. gr.
   a. Í stað „Lánið má nema allt að 90% af kostnaðarverði staðalíbúðar skv. 35. gr. þessara laga“ í 1. mgr. komi: Lánið skal vera 90% af kostnaðarverði staðalíbúðar skv. 35. gr. þessara laga.
   b. Niður falli úr sömu mgr. orðin „og verði byggingarkostnaður íbúðar meiri en sem nemur láni úr Byggingarsjóði verkamanna að viðbættu framlagi kaupanda, sem nemur 10% af byggingarkostnaði, verður viðkomandi sveitarstjórn að greiða það sem umfram er“.
   c. Í stað „dagvinnutekna“ í 4. mgr. komi: tekna.
10. Við 60. gr. Í stað „80%“ í 1. mgr. komi: 70%.

Sþ. 574. Tillaga til þingsályktunar [207. mál]

um fjármögnun undirbúnings og framkvæmda við Reykjanesbraut.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Kjartan Jóhannsson, Ólafur G. Einarsson, Geir Gunnarsson, Jóhann Einvarðsson, Karl Steinar Guðnason, Salome Þorkelsdóttir.

Alþingi ályktar að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, að á árinu 1980 verði af fé til verkfræðilegs undirbúnings á vegáætlun veitt framlag til slíks undirbúnings við Reykjanesbraut og við endurskoðun vegáætlunar fyrir árið 1981 verði stefnt að fjárveitingu til framkvæmda við Reykjanesbraut: Reykjavík—Hafnarfjörður.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur verið unnið að tillögugerð varðandi lagningu Hafnarfjarðarvegar um Garðabæ og Reykjanesbrautar frá Reykjavík til Hafnarfjarðar.

Hafnarfjarðarvegur er langfjölfarnasti þjóðvegur landsins með um 20 þús. bíla umferð á dag allt árið um kring. Þá er og slysafjöldinn þar með því mesta sem gerist, hvort heldur er tölulega eða hlutfallslega.

Það er því brýn nauðsyn að hafist sé handa um undirbúning að lagningu Reykjanesbrautar til að létta umferðinni eftir því sem hægt er af Hafnarfjarðarvegi.

Bæjarstjórnir Garðabæjar og Hafnarfjarðar hafa leitað liðsinnis alþingsmanna kjördæmisins varðandi fjármögnun þessara framkvæmda og er tillaga þessi flutt þar að lútandi í framhaldi af samþykkt vegáætlunar. Erindi bæjarstjóra Garðabæjar og Hafnarfjarðar er birt sem fylgiskjal ásamt öðrum þeim skjölum, sem erindinu fylgdu, og skýra þau málið nánar.

Fylgiskjal I.

Til þingmanna, Reykjaneskjördæmis.

Hafnarfirði, 28. mars 1980.

Hjálagt sendast yður samþykktir bæjarstjórna Garðabæjar og Hafnarfjarðar um vegamál frá 27. 03. '80, áskorun um útvegun fjármagns til framkvæmda við þjóðvegi um Garðabæ ásamt afritum af bréfum til samgöngu- og fjármálaráðherra um sama efni. Það eru ákveðin tilmæli undirritaðra til yðar að mál þetta fái nauðsynlega umfjöllun á Alþingi hið fyrsta.

Virðingarfyllst,

Einar I. Halldórsson,
bæjarstjóri í Hafnarfirði.

Jón Gauti Jónsson,
bæjarstjóri í Garðabæ.

Fylgiskjal II.

Til þingmanna Reykjaneskjördæmis.

Hafnarfirði, 28. mars 1980.

Efni: Auknar fjárveitingar til Hafnarfjarðarvegar um Garðabæ.

Í framhaldi af samþykktum bæjarstjórna Garðabæjar og Hafnarfjarðar um vegamál í Garðabæ skorum við undirritaðir á þingmenn Reykjaneskjördæmis að beita sér fyrir auknum fjárveitingum til framkvæmda við Hafnarfjarðarveg um Garðabæ, svo ljúka megi þeim á árinu 1981.

Sýnilegt er að með fyrirliggjandi fjárveitingu í gildandi vegáætlun verður ekki unnt að ljúka framkvæmdum fyrr en eftir 3—4 ár, en miðað við það ástand, sem ríkir í umferðarmálum á svæðinu, er það með öllu óviðunandi.

Virðingarfyllst,

Einar I. Halldórsson,
bæjarstjóri í Hafnarfirði.

Jón Gauti Jónsson,
bæjarstjóri í Garðabæ.

Fylgiskjal III.

Garðabær
Bæjarstjórinn

Til þingmanna
Reykjaneskjördæmis.

Garðabæ, 28. mars 1980.

Efni: Fjármagn til framkvæmda við Reykjanesbraut.

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 27-03-1980 var samþykkt eftirfarandi áskorun til þingmanna Reykjaneskjördæmis:

„Bæjarstjórn Garðabæjar skorar á þingmenn Reykjaneskjördæmis að tryggja fjármagn til að hægt verði að hefja framkvæmdir við lagningu Reykjanesbrautar á árinu 1980. Ljóst er að framkvæmd þessi er ekki á vegáætlun, því er þörf sérstakra ráðstafana til að fjármagna verkið.

Bæjarstjórn óskar því eftir að þingmenn kjördæmisins beiti sér fyrir, að Alþingi veiti aukafjárveitingu til þessa verks eða heimild til lántöku. Stefnt verði að því, að verkinu verði lokið á 2 árum."

Athygli er vakin á því, að ekki fæst viðunandi lausn á samgöngumálum á svæðinu fyrr en lagningu Reykjanesbrautar er lokið.

Virðingarfyllst,

Jón Gauti Jónsson,
bæjarstjóri.

Fylgiskjal IV.

Garðabær
Bæjarstjórinn

Samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar um vegamál frá 27. 03. 1980.

Bæjarstjórn Garða samþykkir þá verktilhögun við gerð þjóðvega í Garðabæ, sem lögð er til í bréfi vegamálastjóra frá 4. mars 1980, þó þannig:

1. Gerð Gatnamótamannvirkja á Arnarneshæð og lagður verði 1. áfangi Sjávarbrautar að Vífilsstaðavegi, ásamt neðri hluta Vífilsstaðavegar í samræmi við aðalskipulagstillögu fyrir Garðabæ. Mælst er til þess, að tenging Sjávarbrautar við Vífilsstaðaveg verði sem næst því, sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagstillögunni.
2. Umferðarljós verði sett á gatnamót Hafnarfjarðarvegar og Vífilsstaðavegar. Endurbyggð verði brú yfir Hraunholtslæk. Aðeins verði um minni háttar lagfæringar að ræða á Hafnarfjarðarvegi sunnan Vífilsstaðavegar að Lyngás/Lækjarfit. Ekki verði gengið á lóðir, sem liggja að núverandi vegstæði. Endurbætur þessar miði fyrst og fremst að því að auka öryggi vegfarenda, akandi og gangandi, og að greiða fyrir umferð að og frá áðurnefndum umferðarljósum.
3. Reykjanesbraut verði lögð í einum áfanga frá Kaplakrika að Arnarnesvegi. Arnarnesvegur verði lagður að Reykjanesbraut.
4. Reykjanesbraut verði lögð frá Arnarnesvegi í Breiðholt.
5. Bæjarstjórnin leggur áherslu á að byrjað verði á lagningu Reykjanesbrautar á þessu ári, til þess að sem allra fyrst fáist lausn á samgöngumálum svæðisins.

Staðfest með 7 atkvæðum.

Fylgiskjal V.

VEGAGERÐ RÍKISINS

Bæjarstjóri Garðabæjar,
Sveinatungu v/Vífilsstaðaveg, 1980 03 04.
210 Garðabæ.

Í framhaldi af viðræðum við fulltrúa frá bæjarstjórnum Garðabæjar og Hafnarfjarðar sendum vér yður hér með til umsagnar eftirfarandi teikningar:

1. Hugmynd að framtíðar aðalvegakerfi í og milli Garðabæjar og Hafnarfjarðar.
2. Hugmynd að mögulegri áfangaskiptingu nauðsynlegustu framkvæmda við aðalvegakerfi þetta.

Framkvæmdir þessar eru eftirfarandi:

Gerð gatnamótamannvirkja í Arnarneshæð. Fyrsti áfangi „Sjávarbrautar", tvær akreinar með bráðabirgðatengingu við Vífilsstaðaveg (gert er ráð fyrir að núverandi Hafnarfjarðarvegur haldi sér til bráðabirgða meðfram Silfurtúni). Breyting á Vífilsstaðavegi við Hafnarfjarðarveg. Endurbætur og breikkun (í fjórar akreinar) Hafnarfjarðarvegar frá Vífilsstaðavegi í Engidal, ásamt lagfæringu gatnamóta í Engidal og við Lyngás/Lækjarfit. Gerð tveggja akreina Reykjanesbrautar frá Breiðholtsbraut til Hafnarfjarðar ásamt breytingum sem við það verða nauðsynlegar á Vífilsstaðavegi og núverandi Reykjanesbraut. Gerð tveggja akreina Arnarnesvegar frá Bæjarbraut að Reykjanesbraut.

Það er skoðun okkar að hraða þurfi öllum framantöldum framkvæmdum svo sem kostur er. Líklegt er að í beinu framhaldi af áðurnefndum framkvæmdum þurfi að ráðast í gerð gatnamótamannvirkja á Reykjanesbraut við Breiðholtsbraut, en síðari framkvæmdir yrðu m. a. framhald „Sjávarbrautar", gerð gatnamótamannvirkja í Engidal og breikkun Reykjanesbrautar.

Við væntum umsagnar yðar og bæjarstjórnar Garðabæjar um framangreindar hugmyndir við fyrstu hentugleika.

Virðingarfyllst,

Snæbjörn Jónasson,
vegamálastjóri.

Fylgiskjal VI.

Samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um Hafnarfjarðarveg frá 27. mars 1980.

Með bréfi, dags. 4. mars 1980, hefur Vegagerð ríkisins óskað eftir umsögn bæjarstjórnar Hafnarfjarðar um tvær teikningar, sem sýna annars vegar framtíðarvegakerfi í og á milli Hafnarfjarðar og Garðabæjar, hér eftir nefnt kort I, og hins vegar mögulega áfangaskiptingu nauðsynlegustu framkvæmda við vegakerfi þetta, hér eftir nefnt kort II.

Enn fremur hafa verið kynntar tvær tillögur um úrbætur á Hafnarfjarðarvegi. sem Vegagerð ríkisins sendi til umsagnar bæjarstjórnar Garðabæjar í nóvember s. l. Önnur tillagan gerir ráð fyrir því, að núverandi vegur verði breikkaður í fjórar akreinar, en hin miðar að því að færa veginn nær sjónum, fara yfir Hraunsholtið og inn í Engidal.

Af þessu tilefni samþykkir bæjarstjórnin eftirfarandi, sem umsögn um hugmyndir þessar:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar telur að tillögurnar frá því í nóvember 1979 séu hvor um sig æskileg sem framtíðarlausn á umferð á þessu svæði í stað núverandi

vegar. Bæjarstjórn telur að leiðin vestan Hraunsholts og inn í Engidal hafi þá kosti, að þar er ekki gert ráð fyrir umferðarljósum og gatnamótum. Hins vegar er þessi leið aðeins lengri en gamli Hafnarfjarðarvegurinn.

Nauðsynlegt er að síðar komi einnig nýr vegur af Breiðholtsbraut í Reykjavík á Reykjanesbraut.

Ef ekki reynist unnt að ná samkomulagi um framkvæmdir á grundvelli nefndra tillagna vegamálastjóra frá því í nóvember s. l., þá samþykkir bæjarstjórnin fyrir sitt leyti, sem málamiðlun, að legu annarrar akbrautar Hafnarfjarðarvegar verði breytt á kaflanum frá Vífilsstaðavegi að Arnarneslæk, eins og sýnt er á korti II frá mars 1980 um mögulega áfangaskiptingu og kaflinn frá Engidal að Vífilsstaðavegi verði gerður skv. fyllstu gæðakröfum, sem gerðar eru til vega með svipaðan umferðarþunga, eins og skýrt er í bréfi Vegagerðarinnar frá 18. mars s. l., enda komi ekki til þess að leið þessari verði breytt eða núverandi vegi frá Vífilsstaðavegi að Arnarneslæk verði lokað, nema að áður fengnu samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Samþykktin er gerð með því skilyrði, að þannig verði frá málum gengið að framkvæmd allra áfanga verði tryggð.

Enn fremur getur bæjarstjórnin samþykkt legu tengibrautar fyrir Hafnarfjörð af fyrirhugaðri Reykjanesbraut á núverandi Reykjanesbraut við Kaplakrika, en ítrekar fyrri samþykktir um framtíðarlegu Reykjanesbrautar ofan Setbergs og Ásfjalls.

Þá er áskilið að haft verði fullt samráð við bæjarstjórnina um hönnun gatnamóta við Engidal og tengibrautar við Kaplakrika.

Bæjarstjórnin telur hagkvæmast vegna öryggis akandi og gangandi vegfarenda að hefjast fyrst handa við framkvæmdir á leiðinni í gegnum byggðina í Garðabæ, þ. e. sem sýnt er grannt á korti II. Síðan verði ráðist í framkvæmdir á svæðinu frá Vífilsstaðavegi að Akranesi og að þeim loknum verði lagður vegur af Breiðholtsbraut á Reykjanesbraut.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar getur ekki fallist á hugmyndir að framtíðarvegakerfi í og milli Hafnarfjarðar og Garðabæjar, sem sýndar eru á korti I frá mars 1980. Bæjarstjórn telur að hugmyndir þessar að framtíðarvegakerfi þurfi endurskoðunar við í ýmsum atriðum.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar leggur áherslu á, að það hlýtur að vera sameiginlegt hagsmunamál Hafnarfjarðar og Garðabæjar að ekki dragist lengur að fá niðurstöðu um framtíðarlausn á umferðarleiðum á þessu svæði, sem tryggi greiða og örugga umferð til Hafnarfjarðar með sem minnstri truflun af umferð í og úr Garðabæ og fyrir íbúa Garðabæjar. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar undirstrikar að af hennar hálfu er það ófrávíkjanlegt, að í slíkri framtíðarlausn tengist Hafnarfjarðarvegur inn á Reykjavíkurveg og Reykjanesbraut við Engidal.

Að lokum leggur bæjarstjórn Hafnarfjarðar þunga áherslu á nauðsyn þess, að vegaframkvæmdir hefjist þegar í stað.

Fylgiskjal VII.

Hr. fjármálaráðherra
Ragnar Arnalds,
Arnarhváli,
101 Reykjavík.

Garðabæ, 28. mars 1980.

Efni: Fjármagn til framkvæmda við Reykjanesbraut.

Hjálagt sendast yður samþykktir bæjarstjórna Garðabæjar og Hafnarfjarðar frá 27. 03. 1980 ásamt áskorun til þingmanna Reykjaneskjördæmis um útvegun fjármagns til lagningar Reykjanesbrautar. Þar sem ljóst er, að Reykjanesbraut er

einn veigamesti þátturinn í lausn vegamála á svæðinu, eru það ákveðin tilmæli undirritaðra til yðar, herra fjármálaráðherra, að þér beitið yður fyrir því, að byrjunarframkvæmdir við lagningu Reykjanesbrautar verði fjármagnaðar af lánsfjáráætlun fyrir árið 1980.

Virðingarfyllst,

Einar I. Halldórsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði.

Jón Gauti Jónsson, bæjarstjóri í Garðabæ.

Fylgiskjal VIII.

Hr. samgönguráðherra
Steingrímur Hermannsson,
Arnarhváli,
101 Reykjavík.

Hafnarfirði, 28/3 1980.

Efni: Auknar fjárveitingar til Hafnarfjarðarvegar um Garðabæ.

Hjálagt sendast yður samþykktir bæjarstjórnar Garðabæjar og Hafnarfjarðar frá 27/3 1980, ásamt áskorun til þingmanna Reykjaneskjördæmis um útvegun aukinna fjárveitinga til Hafnarfjarðarvegar.

Sýnilegt er að það muni taka Vegagerð ríkisins 3—4 ár að ljúka framkvæmdum á Hafnarfjarðarvegi um Garðabæ með fyrirliggjandi fjárveitingum.

Þess vegna eru það ákveðin tilmæli undirritaðra, að fjárveitingar til ofannefndra mannvirkja verði auknar svo á árinu 1981 að unnt verði að ljúka framkvæmdum á því ári.

Virðingarfyllst,

Einar I. Halldórsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

Jón Gauti Jónsson, bæjarstjóri Garðabæjar.

Nd. 575. Frumvarp til laga [208. mál]

um söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Söngmálastjóri starfar innan þjóðkirkjunnar. Skal hann hafa sérmenntun í orgelleik, litúrgíu og kórstjórn. Kirkjumálaráðherra skipar söngmálastjóra að fenginni tillögu biskups Íslands. Laun hans, svo og embættis- og ferðakostnaður, greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Söngmálastjóri hefur með höndum yfirumsjón og skipulagningu kirkjusöngs innan þjóðkirkjunnar. Hann heldur námskeið með kirkjuorganistum, leiðbeinir þeim í orgelleik, söngkennslu og söngstjórn og aðstoðar þá við stofnun kirkjukóra. Hann skal eftir því sem við verður komið heimsækja kirkjukóra og organista og vera þeim í hvívetna til leiðbeiningar og hvatningar um kirkjusöng. Hann hefur jafnframt samstarf við sóknarpresta og sóknarnefndir og er þeim til aðstoðar við ráðningu organista og útvegun og val kirkjuhljóðfæra.

Biskup Íslands setur í erindisbréfi nánari ákvæði um starf söngmálastjóra.

3. gr.

Heimilt er ráðherra að fengnum tillögum söngmálastjóra og biskups Íslands að ráða tvo menn til aðstoðar söngmálastjóra við raddþjálfun og söngkennslu.

Biskup Íslands setur þeim erindisbréf í samráði við söngmálastjóra.

4. gr.

Þjóðkirkjan starfrækir tónskóla, sem söngmálastjóri veitir forstöðu. Skal skól**inn vera búinn nauðsynlegum hljóðfærum svo sem pípuorgeli og píanói til kennslu** og æfinga.

Hlutverk tónskólans er að veita verðandi og starfandi kirkjuorganistum menntun í orgelleik, söngstjórn, raddþjálfun, litúrgíu, tónfræði, hljómfræði, tónheyrn og öðru því, er að kirkjutónlist lýtur.

Skólanefnd skipa 3 menn: Starfandi prestur tilnefndur af biskupi Íslands, kennari í messusöng við Háskóla Íslands og maður tilnefndur af kirkjumálaráðherra.

Kostnaður við stofnbúnað og rekstur tónskólans greiðist úr ríkissjóði.

Nánari ákvæði um hlutverk skólans og starfrækslu skulu sett í reglugerð.

Heimilt er ráðherra að setja ákvæði um að nemendur skólans greiði skólagjöld.

5. gr.

Þeir sem æskja inngöngu í Tónskóla þjóðkirkjunnar, skulu hafa hæfileika til tónlistarnáms. Þeir skulu hafa meðmæli sóknarprests síns.

6. gr.

Lokapróf frá Tónskóla þjóðkirkjunnar veitir sömu réttindi og aðrir tónlistarskólar, þ. e. til starfa sem organisti og sem kennari í tónlist. Tónskóli þjóðkirkjunnar skal kenna í samræmi við námsskrá, sem hlotið hefur staðfestingu menntamálaráðuneytisins.

Nemendur Tónskólans öðlast að öðru leyti réttindi í samræmi við þá áfanga (námsstig), sem þeir ljúka í námi og í samræmi við ákvæði í reglugerð.

7. gr.

Störf organista skulu tengd tónlistarkennslu, þar sem því verður við komið.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felld úr gildi lög nr. 73 27. júní 1941 um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það sem hér er lagt fram byggist í meginatriðum á frumvarpi er samþykkt var á síðasta Kirkjuþingi. Á frumvarpinu, eins og Kirkjuþing gekk frá **því, hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið gert óverulegar breytingar og verður** þeirra getið hér á eftir.

Frumvarpinu er ætlað að koma í stað laga nr. 73/1941 um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar. Helztu nýmæli frumvarpsins er að gert er ráð fyrir að stofnaður verði Tónskóli þjóðkirkjunnar í tengslum við embætti söngmálastjóra og er það eðlilegt framhald af þeirri starfsemi sem hefur þróast á undanförnum árum. Undir stjórn söngmálastjóra hefur í mörg ár verið rekinn vísir að skóla, þar sem starfandi organistar og væntanlegir organistar hafa fengið kennslu. Um þetta vísast nánar til skýrslu söngmálastjóra er fylgir frumvarpi þessu.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæði þessarar greinar er efnislega í samræmi við 1. gr. laga nr. 73/1941.

Um 2. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við verksvið söngmálastjóra eins og það hefur þróast undanfarandi ár.

Um 3. gr.

Í frumvarpi Kirkjuþings hljóðaði þessi grein þannig: Biskup Íslands, með samþykki ráðherra og að fengnum tillögum söngmálastjóra fastráði í tvö störf menn til aðstoðar við raddþjálfun, kennslu o. fl. Biskup Íslands setur þeim erindisbréf í samráði við söngmálastjóra."

Ráðuneytið taldi rétt að breyta þessari grein til samræmis við reglur um ráðningu annarra starfsmanna ríkisins.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir að stofnaður verði tónskóli er starfi í þágu þjóðkirkjunnar. Þótt hér sé um nýmæli í lögum að ræða er aðeins verið að festa í lög framkvæmd sem hefur þróast í tengslum við embætti söngmálastjóra.

Í frumvarpi Kirkjuþings segir að hlutverk skólans sé að veita verðandi kirkjuorganistum menntun í organleik. Hér er einnig tilgreint að starfandi organistar geti notið menntunar í tónskólanum.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að kostnaður við stofnbúnað og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

Nánari ákvæði um hlutverk skólans og starfrækslu skulu sett í reglugerð.

Í niðurlagi greinarinnar er tiltekið að ráðherra sé heimilt að setja ákvæði um skólagjöld. Þetta síðastnefnda ákvæði er ekki í frumvarpi Kirkjuþings. Þótt gert sé ráð fyrir að haldið verði við þá meginstefnu að nemendur njóti kennslu án greiðslu skólagjalda þykir rétt að ráðherra hafi þessa heimild ef þau tilvik koma upp sem gerir slíkt réttlætanlegt.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Í frumvarpi Kirkjuþings hljóðaði fyrri hluti greinarinnar þannig: „Lokapróf frá Tónskóla þjóðkirkjunnar veitir réttindi til organistastarfa og tónlistarkennslu."

Að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið þótti rétt að breyta greininni í það form sem hún er nú í.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal.

Skýrsla um starf söngmálastjóra.

Í tíð Sigurðar Birkis, fyrsta söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, var starfsemin aðallega fólgin í stofnun kirkjukóranna og þjálfun þeirra eftir því sem tími og starfskraftar leyfðu. Þá varð og söngskóli þjóðkirkjunnar til (síðar með breyttu nafni, Tónskóli þjóðkirkjunnar), sem gegndi sama hlutverki og nú í dag. Stofnað

var einnig af Sigurði Birkis Kirkjukórasamband Íslands, sem í þá tíð hafði fjárráð sem svaraði til kr. 4 000 000 á núverandi verðgildi úr ríkissjóði. Með þeim fjármunum voru kórarnir styrktir til raddþjálfunar. Styrkurinn í dag er kr. 300 000

Dr. Róbert A. Ottósson tengdi Tónskóla þjóðkirkjunnar við kennslu guðfræðinema og hafði nemendurna einnig í kennslustundum í Tónlistarskóla Reykjavíkur. Þá hélt hann og námskeið og kom víða við eins og forveri hans, í sambandi við útveganir hljóðfæra og ýmsar ráðleggingar varðandi kirkjusöng og var ætíð til taks.

Störf þessara tveggja ágætu manna verða ekki nánar skilgreind hér, þar sem ætlunin er að greina nánar frá þeirri starfsemi sem nú fer fram. Verður þá stuðst við þær starfsskýrslur söngmálastjóra sem birtast árlega á prestastefnum Íslands og er hér um 5 ára yfirlit að ræða, frá 1975.

Nemendur í Tónskólanum 1974—75 voru 9 en eru nú 30. Námsgreinar eru: Orgelleikur, pianóleikur, söngstjórn, söngur, raddþjálfun, tónfræði, hljómfræði og hljómborðsfræði. Nemendatónleikar hafa verið haldnir í Dómkirkjunni í Reykjavík á hverju vori. Vegna Tónskólans hefur söngmálastjóri átt sæti í nefnd sem gert hefur námsskrá í orgelleik og er hún þegar tilbúin sem handrit og kemur væntanlega út nú í haust.

Þá hefur söngmálastjóri miðað að því í sambandi við skólann að allt það námsefni sem notað er verði til á íslensku, með það fyrir augum að um ákveðna námsbraut geti verið að ræða fyrir þá sem hyggja á kirkjutónlistarnám. Myndu aðrir tónlistarskólar einnig njóta góðs af því efni. Það efni sem þegar er komið út, eða er langt komið í undirbúningi, er: Kennslubók í söngstjórn, „Messa", Leiðbeiningar í orgelleik, Upptökur fyrir kórfólk á sálmalögum, Kóræfingin, — leiðbeiningar í kórþjálfun (með tónböndum), Sálmalög útfærð með sérstakri fótspilsrödd, einnig endurútgáfa á Hátíðasöng sr. Bjarna Þorsteinssonar o. fl.

Í heimsóknum til kirkjukóranna hefur söngmálastjóri haldið æfingar með kórum og leiðbeint organistum og hefur s. l. 5 ár komist yfir að heimsækja nær alla kóra í 9 prófastsdæmum af 15.

Þá var tekið upp nokkuð reglulegt bréfasamband við alla starfandi organista, en þeir eru 180 talsins. Þá er og nokkurt bréfasamband við presta. Í þeim bréfum er sent fjölritað efni svo sem kennsluefni og kórlög.

Aðal námskeiðið sem er á vegum starfsins er haldið árlega í Skálholti og sækja það bæði organistar og kórfólk og hefur orðið æ fjölsóttara með hverju námskeiði og nú síðast 120 manns.

Stefnt er að heildarátaki kirkjukórasambandsins í formi kóramóta vegna 1000 ára afmælis kristniboðs á Íslandi 1981 og síðar 300 ára fæðingarafmælis J. S. Bach, árið 1985, sem væntanlega verður með almennri þátttöku af þeim rúmlega 3000 félögum kirkjukóranna.

Þá er og í verkahring söngmálastjóra að vera til ráðlegginga vegna hljóðfæra í kirkjur og kirkjuklukkur og hefur söngmálastjóri leitað eftir hentugum hljóðfærum erlendis, m. a. frá Ítalíu, sem reynst hafa mun hagstæðari í innkaupi.

Þá hefur verið höfð hönd í bagga með hljóðfæraviðgerðum og nú er í námi ungur maður í Þýskalandi sem lærir pípuorgela- og harmoniumsmíði.

Söngmálastjóri hefur einnig fastan skrifstofu- og viðtalstíma í Reykjavík.

Af þessari samantekt sést, að höfuðatriði starfsins eru Tónskóli þjóðkirkjunnar, heimsóknir til kirkjukóra, námskeiðshald og síðast en ekki síst gerð námsefnis, sem mun hafa mikla þýðingu fyrir starfsemina í heild.

Benda má á að stjórnun og kennsla í skóla sem Tónskóla þjóðkirkjunnar gæti verið aðalstarf. Þar að auki eru heimsóknir til hinna 250 kóra ærið verkefni og tæki starfsdag söngmálastjóra allan, ef aðeins þeim þætti starfsins væri sinnt. Allir vita hve útgáfustarfsemi er tímafrek, en hjá henni verður ekki komist ef um verulega framþróun á að vera að ræða í þessu starfi, sem aðeins hefur einn mann fastráðinn, en það er söngmálastjóri.

Allt frá upphafi hefur verið lögð á það áhersla af söngmálastjóra, að Tónskólinn fái fasta stoð í lögum. Þá hefur og verið eindregið mælst til að ráðnir verði tveir raddþjálfarar, þar sem lausráðið fólk hefur ætíð verið bundið annars staðar og öll kennsla því í ígripum. Fengist að ráða tvo raddþjálfara, þá myndu þeir rúmlega 3000 félagar í kórum landsins fá þjálfun sem lengi hefur verið beðið eftir og yrði ómetanlegur stuðningur við einhverja víðtækustu fullorðinsfræðslu og félagsstarfsemi sem til er í landinu. Nyti þá starfsemi þessi svipaðrar aðstöðu og æskulýðsstarf þjóðkirkjunnar hvað starfskrafta snertir, en í því starfi eru 3 fastráðnir. Svo vikið sé aftur að hinum tveimur raddþjálfurum sem farið er fram á að fá að ráða þá hefur það verið sá þáttur sem allir eru sammála um að sé sá mikilvægasti vegna allrar framþróunar söngs kirkjukóranna. Núverandi söngmálastjóri hefur þegar hvatt ungan mann til að leggja stund á nám í söng- og raddþjálfun og er hann nú við nám í Hamborg. Það væri mikið hagsmunamál að mega ráða hann sem annan af þeim er tækju að sér raddþjálfun við kirkjukóra landsins og stilltu dýrmætt hljóðfæri þjóðarinnar til allra helgiathafna. Það yrðu verðug laun til þeirra fórnfúsu kórfélaga sem ekki taka nein veraldleg laun fyrir störf sín, sem jafnt eru unnin á venjulegum hátíðisdögum sem stórhátíðum, þar sem í mörgum starfsgreinum þekkist að tekið sé allt að fjórföldu dagvinnukaupi ef um útkall er að ræða.

12. maí 1980.

Haukur Guðlaugsson.

Sþ. 576. Nefndarálit [200. mál]

um till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina að staðfesta samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Í viðræðum við Norðmenn um Jan Mayen-svæðið hafa Íslendingar byggt stefnu sína á sögulegum rétti eins og hann birtist m. a. í yfirlýsingu ríkisstjórnar Jóns Þorlákssonar 1927, á efnahagslegu mikilvægi svæðisins fyrir Ísland, á landfræðilegum samanburði, alþjóðlegum rétti og þeirri staðreynd að Jan Mayen er óbyggð eyja, en Ísland byggir þjóð sem er algjörlega háð auðlindum hafsins.

Í samræmi við þessi grundvallarviðhorf hafa Íslendingar í samningum við Norðmenn sett fram tillögur um sameiginleg yfirráð, sameiginlega fiskveiðilögsögu, sameiginlega stjórnun á nýtingu auðlinda hafs og hafsbotns og um helmingsrétt Íslendinga til veiða á öllum fiskstofnum svæðisins, bæði flökkustofnum og staðbundnum stofnum. Norðmenn hafa hafnað öllum þessum tillögum. Þeir hafa enn fremur neitað Íslendingum um samkomulag, sem fæli í sér tryggingar fyrir Íslendinga varðandi:

a) Veiðar á loðnu og öðrum flökkustofnum; Norðmenn samþykki afdráttarlausan rétt Íslendinga til ákvörðunar á hámarksafla loðnu og viðurkenni hann í viðræðum við þriðja aðila; hlutfall Norðmanna af heildarafla loðnu verði bundið við svæðið utan efnahagslögsögu Íslands og taki ekki breytingum nema með samþykki íslenskra stjórnvalda;
b) að samningar um skiptingu landgrunnsins takist **áður en** Norðmenn taki sér 200 mílna efnahagslögsögu við Jan Mayen;
c) að rannsóknir og vinnsla á landgrunni Jan Mayen-svæðisins verði háðar samþykki Íslendinga eða óháðs úrskurðaraðila til að tryggja að lífríki hafsins verði ekki stefnt í hættu.

Þótt það samkomulag, sem gert var í Osló hinn 10. maí s. l. og Alþingi er nú ætlað að heimila ríkisstjórninni að staðfesta, sýni að á síðasta sólarhring viðræðn-

anna hafi Norðmenn loksins verið farnir að þokast í áttina að sjónarmiðum Íslendinga, felur samkomulagið ekki í sér neinar þær **tryggingar**, sem Íslendingum eru nauðsynlegar. Þingflokkur Alþýðubandalagsins er því þeirrar skoðunar, að ekki eigi að staðfesta samkomulagið nú, heldur óska eftir áframhaldandi viðræðum til þess að samkomulag þjóðanna sé hvað hagsmuni Íslendinga snertir búið nauðsynlegum tryggingarákvæðum.

Í samræmi við þessa skoðun þingflokks Alþb. hefur undirritaður, minni hl. utanríkismálanefndar, flutt breytingartillögu við þáltill. á sérstöku þskj. Í breytingartillögunni er að finna lýsingu á grundvelli áframhaldandi viðræðna og þeim tryggingarákvæðum, sem Íslendingum eru nauðsynleg. Jafnframt er kveðið á um að Alþingi lýsi yfir, að með tilliti til sögulegs réttar Íslendinga, efnahagslegs mikilvægis Jan Mayen-svæðisins fyrir þjóðina og langvarandi vináttu Íslands og Noregs treystir Alþingi því að Norðmenn sýni Íslendingum þá sanngirni að fallast á áframhaldandi viðræður við Íslendinga um þau tryggingarákvæði sem hagsmunum Íslendinga eru nauðsynleg.

Fallist Alþingi ekki á að samþykkja þá breytingartillögu, sem minni hl. utanríkismálanefndar flytur á sérstöku þingskjali, leggur undirritaður til að þingsályktunartillagan um að heimila ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið verði felld.

Það er bjargföst skoðun undirritaðs, að samkomulagið sem gert var í Osló, muni á engan hátt leysa deilur Norðmanna og Íslendinga um fiskveiðar og landgrunnsréttindi á Jan Mayen-svæðinu, þrátt fyrir þetta samkomulag muni Íslendingar þurfa á næstu misserum og árum að sækja áfram rétt sinn. Þá er betra að vera óbundinn af viðurkenningu á 200 mílna lögsögu Norðmanna við Jan Mayen, einkum þegar haft er í huga að það samkomulag, sem nú liggur fyrir, veitir Íslendingum engar tryggingar og Norðmenn geta á margvíslegan hátt túlkað það Íslendingum í óhag og talið sig óbundna af mikilvægum ákvæðum þess, þegar kemur til viðræðna við þriðja aðila, svo sem Efnahagsbandalag Evrópu.

Undirritaður telur því að fyrri kröfugerð Íslendinga, allt frá yfirlýsingu ríkisstjórnar Jóns Þorlákssonar 1927 og til þeirra tillagna, sem Íslensk stjórnvöld lögðu fram í síðustu viðræðunum í Osló, standi enn óhögguð og muni koma þjóðinni að fullum notum í þeim óhjákvæmilegu áframhaldandi deilum, sem verða við Norðmenn varðandi Jan Mayen-svæðið.

Samkomulagið, sem gert var í Osló, felur ekki í sér viðurkenningu á grundvallarréttindum Íslendinga og veitir þjóðinni ekki þær tryggingar, sem nauðsynlegar eru. Því ber að halda áfram baráttunni fyrir viðurkenningu þessara réttinda. Samkomulagið leysir ekki deilur Norðmanna og Íslendinga um auðlindir hafs og hafsbotns á Jan Mayen-svæðinu.

Alþingi, 19. maí 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Sþ. 577. Breytingartillögur [200. mál]

við till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina að staðfesta samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

1. Tillögugreinin orðist svo:

   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að óska eftir áframhaldandi viðræðum við ríkisstjórn Noregs um réttindi þjóðanna til stjórnunar og nýtingar á auðlindum hafs og hafsbotns á Jan Mayen-svæðinu.

Viðræðurnar miðist við að veita Íslendingum eftirfarandi tryggingar:

1. Réttur til ákvörðunar á hámarksafla loðnu sé afdráttarlaus og Norðmenn viðurkenni hann í viðræðum við þriðja aðila.
2. Hlutfall Norðmanna af heildarafla af loðnu verði bundið við svæðið utan efnahagslögsögu Íslands og taki ekki breytingum nema með samþykki íslenskra stjórnvalda.
3. Norðmenn viðurkenni jafnaðarrétt Íslendinga til veiða á öðrum flökkustofnum en loðnu, svo sem á kolmunna og síld, og á staðbundnum fiskstofnum á Jan Mayen-svæðinu.
4. Samningar við Íslendinga um skiptingu landgrunnsins á svæðinu frá efnahagslögsögu Íslands og til Jan Mayen séu forsenda þess, að Norðmenn geti lýst yfir 200 mílna efnahagslögsögu við Jan Mayen.
5. Allar rannsóknir og vinnsla, einkum á olíu, á landgrunni Jan Mayen-svæðisins verði háðar samþykki Íslendinga eða óháðs úrskurðaraðila til að tryggja að lífríki hafsins verði ekki stefnt í hættu.

Alþingi treystir því, að með tilliti til sögulegs réttar Íslendinga á Jan Mayen-svæðinu, efnahagslegs mikilvægis þess fyrir þjóðina og vináttu Noregs og Íslands muni norsk stjórnvöld sýna Íslendingum þá sanngirni að fallast á áframhaldandi viðræður um framangreind tryggingarákvæði.

2. Fyrirsögn orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um áframhaldandi viðræður ríkisstjórna Íslands og Noregs um réttindi þjóðanna á Jan Mayen-svæðinu.

Sþ. 578. Tillaga til þingsályktunar [209. mál]

um hafsbotnsréttindi Íslands og samvinnu við Færeyinga.

Frá utanríkismálanefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fylgja fast eftir, á grundvelli tillögu þeirrar sem afgreidd var á Alþingi hinn 22. desember 1978, kröfum um hafsbotnsréttindi sunnan 200 mílna efnahagslögsögu Íslands, að því marki sem þjóðréttarreglur frekast leyfa, og efna í því sambandi hið allra fyrsta til viðræðna við aðrar þjóðir sem gert hafa kröfur á þessu svæði.

Jafnframt er mótmælt hvers kyns tilraunum Breta og Íra til að taka sér réttindi vestan svonefnds Rockall-trogs, utan 200 mílna þeirra, þ. á m. á Hattonbanka, enda mæla jarðfræðileg og önnur rök eindregið gegn slíku og þarna um að ræða svæði sem Íslendingar og Færeyingar telja tilheyra sér.

Alþingi lýsir yfir, að það telur fyrir sitt leyti unnt að leysa mál varðandi yfirráðarétt þessa hafsbotnssvæðis milli Íslendinga og Færeyinga, annaðhvort með sameiginlegum yfirráðum eða skiptingu svæðisins.

Er ríkisstjórninni heimilað að semja um, að gerðardómur ákveði skiptingu svæðisins milli Íslendinga og Færeyinga, ef Færeyingar æskja þess.

Ed. 579. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á því í neðri deild.

Alþingi, 19. maí 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson.

Kjartan Jóhannsson.

Ed. 580. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Þessi skattur var lagður á upphaflega í tíð vinstri stjórnar fyrir áramótin 1978—1979. Allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lýst andstöðu sinni við þetta mál frá upphafi. Við undirritaðir nefndarmenn leggjum til að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. maí 1980.

Lárus Jónsson, frsm. Ey. Kon. Jónsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 581. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og síðari breytingar á þeim.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. maí 1980.

Kjartan Jóhannsson, fundaskr. Ey. Kon. Jónsson, frsm. Lárus Jónsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Ed. 582. Nefndarálit [115. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 56 frá 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, og síðari breytingar á þeim.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt málið. Minni hluti nefndarinnar telur að málið þurfi nánari athugunar við og leggur til að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Alþingi, 19. maí 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 583. Nefndarálit [62. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 23 6. maí 1976.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og er sammála um að mæla með að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 19. maí 1980.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm. Ey. Kon. Jónsson. Eiður Guðnason.
Jón Helgason. Stefán Guðmundsson. Egill Jónsson.
Stefán Jónsson.

Sþ. 584. Tillaga til þingsályktunar [210. mál]

um samgöngur um Hvalfjörð.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Alexander Stefánsson, Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason, Jósef H. Þorgeirsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að gerð verði athugun vegna hagkvæmustu samgönguleiða um Hvalfjörð.

Greinargerð.

Í september 1972 var birt álit nefndar, sem skipuð var samkvæmt þingsályktun frá 18. apríl 1967 til þess að annast alhliða rannsókn á því, hvernig hagkvæmast muni að leysa samgönguþörfina milli þéttbýlis í og við Reykjavík annars vegar og Akraness, Borgarfjarðar og til Vestur- og Norðurlands hins vegar. Nefndarálit þetta var mjög ítarlegt, en byggt á forsendum, sem nú eru orðnar um eða yfir áratugsgamlar.

Eins og áður er um fjóra aðalmöguleika að ræða, þ. e.:

1) ferju yfir fjörðinn,
2) brú yfir fjörðinn,
3) göng undir fjörðinn,
4) veg fyrir fjörðinn.

Í þessari greinargerð verður ekki reynt að endurmeta þær forsendur, sem liggja til grundvallar hinum ýmsu valkostum að því er varðar samgöngur um Hvalfjörð, enda gerir sú tillaga, sem hér er lögð fram, ráð fyrir slíku endurmati. — Augljóst er þó að með tilkomu málmblendiverksmiðjunnar við Grundartanga ásamt auknum þungaflutningum frá sementsverksmiðjunni á Akranesi landleiðina um Hvalfjörð og aukinni almennri umferð um fjörðinn eru forsendur orðnar aðrar en byggt var á í framangreindu nefndaráliti. Einnig er ástæða til að ætla að á síðustu tíu árum hafi orðið tæknilegar framfarir í byggingu ferja, brúa og jarðganga. Ef litið er til þeirra möguleika, sem eru fyrir hendi varðandi ferjusamband yfir fjörðinn, má minna á, hvort ekki mætti nýta þau hafnarmannvirki, sem þegar hafa verið reist við Grundartanga.

Samkvæmt nefndarálitinu frá 1972 gaf vegur og ferja á milli Kiðafells og Galtarvíkur 10—12% afkastavexti, en vegur með bundnu slitlagi fyrir Hvalfjörð 14—15% afkastavexti. Hér hefur verið mjótt á munum og með vísan til þess, sem áður er sagt, er full ástæða til að ætla að niðurstöður yrðu aðrar í dag.

Flutningsmönnum að tillögu þessari er ljóst, að athugun sem þessi muni hafa einhvern kostnað í för með sér, en í það megi ekki horfa af þeirri einföldu ástæðu, að á hverri tíð þurfa að liggja fyrir hagkvæmustu valkostir í samgöngumálum.

Nd. 585. Breytingartillaga [180. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá fjármálaráðherra.

1. Á eftir 9. gr. komi ný grein, sem verði 10. gr., svo hljóðandi:
   Undirbúningsfélagi saltverksmiðju á Reykjanesi hf. er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að 100 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til greiðslu skammtímaskulda sem á fyrirtækinu hvíla.
2. 11. gr., sem verði 12. gr., hljóði svo:
   Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 5., 6., 7., 8., 9. og 10. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.
   Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt f. h. ríkissjóðs, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, er standa munu að nýjum iðnaðarverkefnum, að fjárhæð allt að 250 millj. kr.

Sþ. 586. Þingsályktun [200. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að staðfesta samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 503.

Ed. 587. Breytingartillaga [154. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977.

Frá Guðmundi Bjarnasyni, Agli Jónssyni og Helga Seljan.

C-liður 1. gr. orðist svo:

Framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun í fjárlögum ár hvert, þó eigi lægra en sameiginlegar tekjur samkvæmt a-lið og sem svarar 0.35% af söluvörum landbúnaðarins samkvæmt b-lið.

Sþ. 588. Þingsályktun [209. mál]

um hafsbotnsréttindi Íslands og samvinnu við Færeyinga.

(Afgreidd frá Sþ. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 578.

Ed. 589. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og fengið á sinn fund Jón Sigurðsson þjóðhagsstjóra, sem útskýrði þær breytingartillögur, sem nefndin hefur tekið upp sem sínar og flytur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. maí 1980.

Helgi Seljan, form., frsm. — Kjartan Jóhannsson, fundaskr. — Davíð Aðalsteinsson.
Guðm. Karlsson. — Lárus Jónsson. — Jón Helgason.
Salome Þorkelsdóttir.

Ed. 590. Breytingartillögur [182. mál]

við frv. til laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Síðasti málsl. 2. gr. orðist svo:
   Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneytið hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands og/eða þeirra aðila annarra, sem hlut eiga að máli.

2. Síðasti málsl. 3. gr. orðist svo:
Sé tryggingarskyldu ekki fullnægt með þessum hætti, skal henni fullnægt með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs, er úrskurðaraðili skv. 2. gr. visar til, og með samkomulagi við viðkomandi lífeyrissjóð.
3. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:
Sé ekki greitt iðgjald vegna einhvers starfandi manns í lífeyrissjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, að minnsta kosti 10% af viðurkenndum stofni iðgjalda, hvort sem hann er dagvinnulaun, kaupviðmiðun eða heildarlaun, eftir því sem kveðið er á um í reglugerðum eða lögum, eða af reiknuðu endurgjaldi fyrir starf við eigin rekstur sjálfstæðra atvinnurekenda skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978, sbr. 59. gr. sömu laga, skal greiða það sem á vantar til lífeyrissjóðs. Greiðslur skulu vera í samræmi við reglur viðkomandi manns. sbr. ákvæði 2. og 3. gr. þessara laga, eða samkvæmt ábendingu úrskurðaraðila skv. 2. gr. Heimilt er að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð, m. a. um stofn iðgjalda og hámark fyrir greiðslu iðgjalda.

Nd. 591. Lög [3. mál]

um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimildar vegna framkvæmda á sviði orkumála 1979 o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 3.

Nd. 592. Lög [52. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 101/1976.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 82.

Nd. 593. Lög [53. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 41/1973 og lög nr. 24/1976.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 83.

Nd. 594. Lög [133. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1976, um skipulag ferðamála.

(Afgreidd frá Nd. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 238.

Nd. 595. Frumvarp til laga [154. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977.

(Eftir eina umr. í Ed., 19. maí.)

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

a. Framlög sveitarfélaga, sem nema skulu 300 kr. fyrir hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. desember undanfarið ár. Fjárhæð þessi er miðuð við framfærsluvísitölu 1. janúar 1980 og skal síðan breytast árlega miðað við framfærsluvísitölu 1. janúar ár hvert.
b. 0.6% af söluvörum landbúnaðarins, sbr. 2. gr. laga nr. 38 frá 15. febrúar 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.
c. Framlag ríkissjóðs samkvæmt ákvörðun í fjárlögum ár hvert, þó eigi lægra en sameiginlegar tekjur samkvæmt a-lið og sem svarar 0.35% af söluvörum landbúnaðarins samkvæmt b-lið.
d. Vextir af fé sjóðsins.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laga nr. 51/1972 orðist svo:

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins skv. 8. og 9. gr. laga þessara er fólgin í veitingu styrkja og/eða lána, eftir reglum, sem sjóðsstjórn setur. Stjórn sjóðsins ákveður kjör á lánum þ. m. t. lánstíma, vexti og hvort lán skuli bundin verðtryggingu.

3. gr.

1. gr. laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1981, en 2. gr. öðlast þegar gildi.

Ed. 596. Lög [62. mál]

um breyting á lögum nr. 74 21. ágúst 1974, um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 23 6. maí 1976.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 93.

Ed. 597. Lög [76. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 572.

Ed. 598. Lög [8. mál]

um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

(Afgreidd frá Ed. 19. maí.)

Samhljóða þskj. 528.

Ed. **599 Frumvarp til laga** [182. mál]

um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

(Eftir 2. umr. í Ed., 19. maí.)

Samhljóða þskj. 420 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Öllum launamönnum og þeim, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, er rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, enda starfi lífeyrissjóðurinn skv. sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hefur verið af fjármálaráðuneytinu. Atvinnurekendum er skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldshluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, ásamt mótframlagi sínu, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldagreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs eða lögum. Verði ágreiningur um það, til hvaða lífeyrissjóðs iðgjöld skuli greidd, úrskurðar fjármálaráðuneytið hann, að fenginni umsögn Vinnuveitendasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands og/eða þeirra aðila annarra, sem hlut eiga að máli.

3. gr. hljóðar svo:

Tryggingarskylda skal innt af hendi með þátttöku í lífeyrissjóðum skv. 2. gr. eftir því sem kostur er og samkvæmt reglum einstakra sjóða um sjóðsaðild. Eigi maður ekki sjálfsagða aðild að sjóði skv. 2. gr. velur hann sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Sé tryggingarskyldu ekki fullnægt með þessum hætti, skal henni fullnægt með iðgjaldagreiðslum til lífeyrissjóðs, er úrskurðaraðili skv. 2. gr. vísar til, og með samkomulagi við viðkomandi lífeyrissjóð.

4. gr. hljóðar svo:

Sé ekki greitt iðgjald vegna einhvers starfandi manns í lífeyrissjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, að minnsta kosti 10% af viðurkenndum stofni iðgjalda, hvort sem hann er dagvinnulaun, kaupviðmiðun eða heildarlaun, eftir því sem kveðið er á um í reglugerðum eða lögum, eða af reiknuðu endurgjaldi fyrir starf við eigin rekstur sjálfstæðra atvinnurekenda skv. 2. mgr. 1. tl. A-liðar 7. gr. laga nr. 40/1978, sbr. 59. gr. sömu laga, skal greiða það sem á vantar til lífeyrissjóðs. Greiðslur skulu vera í samræmi við reglur viðkomandi sjóðs, annaðhvort eftir vali viðkomandi manns, sbr. ákvæði 2. og 3. gr. þessara laga, eða samkvæmt ábendingu úrskurðaraðila skv. 2. gr. Heimilt er að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar í reglugerð, m. a. um stofn iðgjalda og hámark fyrir greiðslu iðgjalda.

Greiðsla iðgjalda skal fara eftir reglugerðum viðkomandi lífeyrissjóðs. Sé iðgjald miðað við reiknað endurgjald fyrir störf við eigin rekstur skal stofn iðgjaldsins ákvarðaður sem reiknað endurgjald á næstliðnu ári, samkvæmt skattframtali eða ákvörðun skattstjóra, uppfært til þess tímabils sem greiðslan tekur til. Fjármálaráðuneytið ákveður og birtir uppfærslustuðul endurgjaldsins með hliðsjón af almennum launabreytingum.

Sþ.

600. Skýrsla

iðnaðarráðherra um Kröfluvirkjun vegna óska frá Alþingi á þskj. 398.

1. Inngangur

Hér fer á eftir yfirlit um málefni Kröfluvirkjunar, tekið saman vegna fyrirspurnar í Sameinuðu þingi frá nokkrum af þingmönnum Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks. Vegna þess hve fyrirspurn þessi kom seint fram, hefur verið naumur tími til að svara henni og taka saman yfirlit um málefni virkjunarinnar að öðru leyti.

Auk svara við spurningum fyrirspyrjenda, er gerð nokkur grein fyrir breyttri tilhögun um stjórnun virkjunarinnar frá ársbyrjun 1979 og rakin viðbrögð við tillögum iðnaðarráðuneytisins um að reyna að afla orku fyrir virkjunina frá hausti 1978 til vors 1980.

2. Yfirtaka Rafmagnsveitna ríkisins á Kröfluvirkjun

Eins og kunnugt er hófust framkvæmdir við Kröfluvirkjun á árinu 1974.

Var Kröflunefnd þá skipuð og henni falið að annast framkvæmdir við stöðvarhús og vélbúnað virkjunarinnar. Orkustofnun var hins vegar falið að annast framkvæmdir við gufuöflun og gufuveitu. Rafmagnsveitur ríkisins önnuðust lögn háspennulína frá virkjuninni en línan frá Kröfluvirkjun er hluti byggðalína frá Akureyri til Austurlands. Þessi verkaskipting hélst til loka ársins 1978.

Haustið 1978 var skipulag þessara mála tekið til gagngerrar endurskoðunar.

Niðurstöður þeirrar endurskoðunar voru, að með ríkisstjórnarsamþykkt 30. nóvember 1978 var Rafmagnsveitum ríkisins skv. tillögu iðnaðarráðuneytisins falið að annast fyrst um sinn rekstur og hafa umsjón með frekari framkvæmdum við Kröfluvirkjun, enda standi ríkið sem eignaraðili undir fjármagnskostnaði af stofnkostnaði og áframhaldandi framkvæmdum svo og hugsanlegum halla af rekstri virkjunarinnar.

Var síðan skipuð nefnd viðkomandi aðila, þ.e. iðnaðarráðuneytisins, Rafmagnsveitna ríkisins, Orkustofnunar og Kröflunefndar til að ganga frá yfirtöku Rafmagnsveitna ríkisins á Kröfluvirkjun.

Frá og með 1. janúar 1979 tóku Rafmagnsveiturnar við öllum eignum og rekstri Kröfluvirkjunar, svo og yfirstjórn frekari framkvæmda við virkjunina í samræmi við ofangreinda samþykkt.

Jafnframt féll niður umboð Kröflunefndar, svo og fyrirmæli iðnaðarráðuneytisins til Orkustofnunar um þátt hennar í framkvæmdum við borholur og gufuveitu. Hefur Orkustofnun síðan annast aðgerðir til gufuöflunar sem verktaki auk almennra rannsókna á jarðhitasvæðinu við Kröflu.

3. Tillögur iðnaðarráðuneytis um gufuöflun 1978-1980

Alls hafa verið boraðar 12 holur við Kröfluvirkjun. Boranir hófust árið 1974 og voru boraðar 2 rannsóknaholur það ár. Árið 1975 voru boraðar 3 holur og árið 1976 5 holur. Ekkert var borað árið 1977, en árið 1978 var boruð 1 hola. Síðan hefur ekkert verið borað á Kröflusvæðinu.

Vegna undirbúnings fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar ársins 1979 var gerð sérstök athugun á framhaldi gufuöflunar vegna Kröfluvirkjunar. Kom álit iðnaðarráðuneytisins m.a. fram í minnisblaði til ríkisstjórnar frá 12. des. 1978 þar sem segir m.a.: "Telur ráðuneytið rétt að fá úr því skorið á næstu árum, hvort unnt sé að afla gufu að einhverju marki á fyrirhuguðu vinnslusvæði í suðurhlíðum Kröflu. Rannsóknir með borunum munu leiða í ljós hvort unnt verði að koma virkjuninni í gagnið með sæmilegu rekstraröryggi og framleiðslugetu, t.d. fyrir veturinn 1980/81, en þá er talið að nokkur vöntun geti orðið á orku frá vatnsaflsstöðvum í landskerfinu.

Ráðuneytið telur hins vegar ekki rétt, m.a. með áhættu af náttúruhamförum í huga, að verja stórum fjárhæðum árlega til gufuleitar fyrir virkjunina á næstunni og telur hóflegt að boraðar verði 2 holur á umræddu svæði á næsta ári og þær ekki tengdar fyrr en sumarið 1980, eftir því sem ástæða þykir til. Ákvarðanir um borun á árinu 1980 verða síðan teknar með hliðsjón af árangri af borun og öðrum rannsóknum ársins 1979.

Óhjákvæmilegt er að verja nokkru fé til rannsókna á virkjunarsvæðinu, óháð því hvort um borun verður að ræða eða ekki. Fylgjast þarf með þeim holum sem þegar hafa verið boraðar, gera athuganir til staðsetningar nýrra borhola og mælinga á meðan á borun stendur. Undir þetta fellur einnig svonefnd gosvakt, þ.e. rekstur jarðskjálftamæla og annars eftirlitskerfis vegna náttúruhamfara á svæðinu.

Talið er að tæknibúnaður Jarðborana ríkisins sé ófullnægjandi til borana á háhitasvæðum og megi rekja skemmdir á nokkrum borholum við Kröflu til þessa. Er þar með ekki fullyrt að meiri virkjanleg gufa hefði fengist en ella. Hins vegar telur ráðuneytið nauðsynlegt að úr þessu verði bætt sem fyrst og nokkru fé veitt til Jarðborana ríkisins til tækjakaupa á næsta ári."

Við undirbúning fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979 lagði iðnaðarráðuneytið þannig til eftirfarandi:

1. Boraðar yrðu 2 holur í suðurhlíðum Kröflu, en ekki var gert ráð fyrir því að þær yrðu tengdar á árinu. Borkostnaður tveggja hola var áætlaður 520 Mkr.
2. Til rannsókna á kröflusvæði yrði varið 120 Mkr.
3. Að Jarðborunum ríkisins yrði útvegaðar 180 Mkr. til kaupa á borholudælu.

Tillögur þessar mættu frá upphafi harðri andstöðu af hálfu ráðherra og þingflokks Alþýðuflokksins, og málamiðlunartillaga um borun einnar holu náði heldur ekki fram að ganga. Niðurstaða lánsfjáráætlunar fyrir árið 1979 birtist í eftirfarandi texta:

> "Frekari framkvæmdum við Kröfluvirkjun verður slegið á frest og eingöngu fylgst með þróun svæðisins næstu tvö árin. Lánsfé vegna Kröfluvirkjunar verður í samræmi við þetta 270 Mkr. 1979. Af þessari fjárhæð er heimilt að verja 150 Mkr. til þess að standa undir útgjöldum vegna gæslu við virkjunina og 120 Mkr. til rannsókna á Kröflusvæðinu. Fjárveiting til rannsókna er einkum við það miðuð að afla frekari vitneskju um jarðhitasvæði í suðurhlíðum Kröflu."

Ákveðið var jafnframt að afla fjár vegna kaupa Jarðborana á bortækjum.

Vegna síhækkandi olíuverðs á fyrri hluta ársins 1979, gerði iðnaðarráðuneytið sérstaka athugun á aðgerðum í orkukerfinu, er orðið gætu til að spara olíu og flýta fyrir að innlendir orkugjafar kæmust í gagnið. Var greinargerð, dags. 23. apríl 1979, skilað til ríkisstjórnar og á grundvelli hennar og síðari tillagna undirbjó ríkisstjórnin í júnímánuði setningu bráðabirgðalaga um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimilda vegna framkvæmda á sviði orkumála. Í því sambandi lagði iðnaðarráðuneytið enn til að boraðar yrðu 2 holur við Kröflu. Voru leidd rök að því að verulegur efnahagslegur ávinningur gæti orðið af því að halda áfram borunum, þannig að virkjunin komist í full afköst, borið saman við þann kost að leggja árar í bát og hætta borunum um fyrirsjáanlega framtíð.

Í álitsgerð ráðuneytisins frá 23. apríl 1979 um þetta efni segir m.a.:

"Hluti af þessum ávinningi er fólginn í minni raforkuvinnslu með eldsneyti veturinn 1980-81, hinn næsta áður en Hrauneyjafossvirkjun kemur í gagnið. Nemur þessi hluti nokkrum hundruðum milljóna króna. Raunar getur hann numið mun hærri fjárhæð ef vatnsárferði verður óhagstætt þennan vetur, þótt ekki sé með því reiknað í athugun þeirri, sem gerð var og byggist á meðaltalsreikningum (væntanlegu gildi). Umtalsverð aukning í afköstum Kröflu geta gjörbreytt þessu, og frekari borun þar, sem er einasta leiðin til að auka afköst virkjunarinnar yrði þannig beinlínis til að spara olíu hér á landi þann vetur (80-81). Þangað til eru tvær borvertíðir, 1979 og '80. Nota þarf báðar. Verði ekkert borað við Kröflu í ár og eingöngu treyst á boranir 1980 gefst mjög naumur tími til að prófa og mæla holur áður en þær eru tengdar virkjuninni, og þarf að starfa að lagningu gufuveitu frá þeim áður en vitað er um afköst, sem eru í rauninni óhæf vinnubrögð.

Því er lagt til að í ár verði boraðar tvær holur við Kröflu í því skyni að draga úr eða útrýma nær alveg notkun olíu til raforkuvinnslu hér á landi veturinn 1980-'81, og að útvegaðar verði 650 Mkr. í því skyni. Gert er ráð fyrir að tenging bíði til 1980, en auk sjálfrar borunarinnar þarf að kosta nokkru fé í ár til vegagerðar að væntanlegum borstæðum í suðurhlíðum Kröflu."

Tillögur þessar mættu eindreginni andstöðu þingflokks Alþýðuflokksins og varð niðurstaðan því sú, að ekkert fé var veitt til borana við Kröflu á árinu 1979.

Tillaga iðnaðarráðuneytisins um að veita jafnhárri upphæð í staðinn í styrkingu innanbæjarkerfa til að greiða fyrir rafhitun, strandaði einnig á andstöðu Alþýðuflokksins.

Í byrjun október 1979 óskaði iðnaðarráðuneytið enn eftir fjárveitingu, 54 Mkr., til að undirbúa borframkvæmdir fyrir vorið 1980, en það erindi hlaut sömu viðbrögð og hin fyrri varðandi tilraunir til að stuðla að gufuöflun fyrir virkjunina.

Þó brá svo við eftir að Alþýðuflokkurinn var orðinn einn aðili að ríkisstjórn haustið 1979, að í frumvarpi Sighvats Björgvinssonar til fjárlaga fyrir árið 1980 var gert ráð fyrir 1200 Mkr. framlagi til Kröfluvirkjunar, m.a. til að bora a.m.k. tvær holur til gufuöflunar og ganga frá nauðsynlegum tengingum þeirra við virkjunina.

Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1980 var af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins gerð tveggja ára áætlun um framkvæmdir og rekstur Kröfluvirkjunar.

Í þessari áætlun er lagt til að boraðar verði a.m.k. 3 vinnsluholur á árinu 1980 og 4 holur árið 1981. Miðar þessi áætlun við að fá endanlega úr því skorið hvort vænta megi betri boranaárangurs í suðurhlíðum Kröflu en á þeim svæðum sem borað var á á árunum 1975 og 1976. Einungis hefur verið boruð ein hola í suðurhlíðum Kröflu, hola 12, sem boruð var árið 1978 og gaf góðan árangur.

Áætlun þessari fylgir rekstraráætlun sem sýnir að rekstrarhalli gæti orðið um 180 millj.kr. árið 1980, ef engar holur verði boraðar 1979, en hins vegar boraðar 2 holur 1980. Rekstrarafgangur yrði [illegible] 53 Mkr., verði boraðar 3 holur með árangri það ár.

Áætlanir þessar miðast við beinan rekstrarkostnað án greiðslu fjármagnskostnaðar og afskrifta. Áætlunin sýnir að hefðu verið boraðar 2 holur árið 1979 og 3 holur 1980, hefði hugsanlega fengist rekstrarhagnaður þegar árið 1980.

Að tillögu núverandi ríkisstjórnar eru niðurstöður samkvæmt lánsfjáráætlun 1980, að útvegað skuli lánsfé, að upphæð 1.750 Mkr., til að bora 2 holur fyrir virkjunina, auk greiðslu reksturs- og stofnkostnaðar. Miðað við nokkra frestun á greiðslum fram yfir næstu áramót verða 1.575 Mkr. til reiðu vegna Kröfluvirkjunar í ár.

Vegna þeirra fyrirspurna, sem leitast er við að svara hér á eftir, er rétt að minna á, að frá árinu 1976 hefur aðeins verið boruð 1 hola til gufuöflunar fyrir Kröfluvirkjun og gaf hún allgóða raun.

Ástæðan fyrir þessu aðgerðaleysi er ekki síst andstaða Alþýðuflokksmanna gegn fjárveitingum til að reyna að tryggja gufu fyrir virkjunina. Sömu aðilar hafa hins vegar verið ötulir við að spyrjast fyrir um gang mála við Kröflu og býsnast yfir bágum horfum og fjármagnskostnaði vegna framkvæmda, sem ekki hafa orðið að notum nema að mjög takmörkuðu leyti.

Með þessu er engan veginn sagt, að ekki hefði sitthvað mátt betur fara við undirbúning og tilhögun framkvæmda við virkjunina, en eftir að stöðvarhús var risið mátti öllum ljóst vera, að virkjunin kæmist því aðeins í gagnið, að unnt reyndist að afla til hennar gufu.

4. Svör við fyrirspurnum á þingskjali nr. 398.

1. Sundurliðaður heildarkostnaður við framkvæmdir vegna Kröfluvirkjunar á núgildandi verðlagi. Þar á meðal verði sundurliðaður launakostnaður við Kröflu og viðskipti Kröflunefndar við Bílaleigu Akureyrar svo og önnur einstök fyrirtæki.

Svar:

a) Heildarkostnaður Kröfluvirkjunar framreiknaður til verðlags í janúar 1980 og sundurliðun eftir árum er sýndur í töflu 1, án vaxta á byggingartíma og í töflu 2 með vöxtum á byggingartíma. Samkvæmt þeim er framreiknaður heildarkostnaður 28,0 milljarðar kr. án vaxta, en 32,6 Mkr. með vöxtum á byggingartíma.

Kostnaður er framreiknaður frá meðalvísitölu byggingarkostnaðar hvers árs til byggingarvísitölu 398 eins og hún var í janúar 1980.

TAFLA 1

Heildarstofnkostnaður við Kröfluvirkjun án vaxtakostnaðar framreiknaður til verðlags í janúar 1980. Upphæðir í Mkr.

Ár	Bókfærður kostn. virkjun	Bókfærður kostn. borh. og aðv.kerfi	Vísitölu hækkun	Kostnaður verðl. jan.'80.
1974	1,6	-	6,12	9,8
1975	603,3	227,2	4,20	3.488,1
1976	3.414,0	1.124,5	3,59	16.293,2
1977	1.375,9	865,9	2,88	6.456,4
1978	694,3	95,0	1,83	1.444,4
1979	221,5	- 13,0	1,29	269,0
				27.960,9

TAFLA 2

Heildarstofnkostnaður við Kröfluvirkjun með vaxtakostnaði til ársloka 1978, framreiknaður til verðlags í janúar 1980. Upphæðir í Mkr.

Ár	Bókfærður kostn. virkjun	Bókfærður kostn. borh. og aðv.kerfi	Vísitölu hækkun	Kostnaður verðl. jan.'80
1974	1,6	-	6,12	9,8
1975	627,4	227,2	4,20	3.589,3
1976	3.629,4	1.138,1	3,59	17.115,3
1977	1.845,6	917,9	2,88	7.958,9
1978	1.615,6	394,4	1,83	3.678,3
1979	221,5	- 13,0	1,29	269,0
				32.620,6

Í töflu 3 er sýndur sundurliðaður framkvæmdakostnaður við Kröfluvirkjun án borhola og aðveitukerfis (verkefni Kröflunefndar) og í töflu 4 sundurliðaður framkvæmdakostnaður við borholur og aðveitukerfi (verkefni Orkustofnunar). Þessar töflur eru á verðlagi hvers árs.

TAFLA 3

Sundurliðaður framkvæmdakostnaður við Kröfluvirkjun án borhola og aðveitukerfis.

Upphæðir í Mkr.

Tegundaskipting	1974	1975	1976	1977	1978	1979	Samtals
Laun og launatengd gjöld	1,0	5,0	40,8	100,9	129,5	4,4	281,6
Efniskaup orka og ýmsar vörur	-	17,4	273,8	177,7	100,1	7,5	576,5
Ýmis þjónusta þar með akstur og flutn.	0,3	10,7	75,7	59,4	130,9	8,0	285,0
Sérfræðiþjónusta, einkum verkfr.þj.	0,3	247,9	249,1	151,0	102,2	80,9	831,4
Verkkaup, verktakar og verkstæði	-	322,8	742,3	808,5	382,2	111,6	2.367,4
Tryggingar og skattar	-	1,4	21,9	7,8	15,4	3,9	50,4
Eignakaup	-	-	2.037,7	75,1	8,5	19,3	2.140,6
Tilfærsla			0,1	0,3	-	-	0,4
Samtals án vaxta	1,6	605,2	3.441,4	1.380,7	868,8	235,6	6.533,3
Til frádráttar:							
Vaxtatekjur	-	1,9	9,8	3,1	4,7	-	19,6
Vélaleiga o.fl.	-	-	17,6	1,7	76,8	0,1	96,2
Orkusala					20,3		20,3
Seldar vörur	-	-	-	-	72,7	14,0	86,7
Alls án vaxta	1,6	603,3	3.414,0	1.375,9	694,3	221,5	6.310,6
Vextir og lánagjöld	-	24,1	215,4	469,7	921,3	-	1.630,5
Heildarstofnkostnaður	1,6	627,4	3,629,4	1.845,6	1.615,6	221,5	7.941,1

TAFLA 4

Sundurliðaður framkvæmdakostnaður við borholur og aðveitukerfi. Upphæðir í Mkr.

	1975	1976	1977	1978	1979	Alls
Boranir	213,4	690,5	448,5	28,1	- 18,5	1.362,0
Aðveitukerfi	13,8	396,6	384,8	49,0	0,9	845,1
Stálgrindarhús	-	10,9	-	-	-	11,0
Rannsóknarhús	-	4,5	0,2	-	-	4,7
Vanskilavextir	-	-	-	17,9	0,5	18,4
Lántökugjald	-	-	-	-	4,1	4,1
Þjónusta OS	-	22,0	32,4	-	-	54,5
Alls án vaxta	227,2	1.124,5	865,9	95,0	- 13,0	2.299,6
Vextir og lánagjöld	-	13,6	52,0	299,4	-	365,0
Heildarstofnkostnaður	227,2	1.138,1	917,9	394,4	- 13,0	2.664,6

b) Heildarlaunakostnað er ekki hægt að tilgreina sérstaklega þar sem meirihluti launa kemur fram sem greiðslur til verktaka. Í töflu 3 kemur fram beinn launakostnaður Kröflunefndar á hverju ári. Sundurliðun kemur fram á fylgiskjali 1. Á fylgiskjali 2 kemur fram sundurliðuð sérfræðiþjónusta en verulegur hluti hennar er launakostnaður.

c) Viðskipti Kröflunefndar við Bílaleigu Akureyrar á árunum 1975-1978 voru þessi:

	Upph. í þús.kr.
1975	1.642
1976	8.867
1977	18.453
1978	20.102
Samtals	49.640

Viðskipti Kröflunefndar við verktaka og verkstæði árin 1975-1978 koma fram á fylgiskjali 2.

2. Framkvæmdaáform varðandi Kröfluvirkjun á næstu tólf mánuðum.

Svar:

Samkvæmt fjárlögum 1980 hefur verið samþykkt lántaka að upphæð 1.750 Mkr. til borunar 2 hola og tengingar einnar svo og til viðhalds virkjunarinnar og til að standa straum af áætluðum hallarekstri.

Kostnaðaráætlun

Borholur og búnaður	1.074,4
Safnæðar	30,5
Vatnsveita	55,0
Starfsmannahús	222,0
Gufuhljóðdeyfir	55,0
Almennt viðhald	112,3
Rannsóknir	53,4
Taprekstur	150,0
Alls	1.752,6 Mkr.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa gert tillögu um borun 4 hola árið 1981 og að þrjár þeirra verði tengdar.

Þá hefur verið gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlun vegna Kröfluvirkjunar fram til ársins 1985, en þá er áætlað að lokið verði gufuöflun til virkjunarinnar og hún hafi fengið næga gufu til 2x35 MW afls og tvær (2) varaholur að auki. Verði þá að fullu lokið byggingu virkjunarinnar og vandi afgangsvatns leystur.

Heildarkostnaður þessarar áætlunar er á verðlagi janúar 1980, 16.462 Mkr. Áætlanirnar voru unnar af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen h.f. og Virki h.f.

3. Rekstrarkostnaður við Kröfluvirkjun nú - og rekstrartekjur.

Svar:

Í meðfylgjandi fjárhagsyfirliti kemur fram að gjöld umfram tekjur af rekstri Kröfluvirkjunar nam 119 Mkr. á árinu 1979.

Hér er ekki tekið tillit til fjármagnskostnaðar heldur einungis reiknað með beinum rekstrargjöldum.

Tekjur eru reiknaðar samkvæmt gjaldskrá Landsvirkjunar miðað við sölu inná línu við Kröflu. Orkuafhending árið 1979 nam 37,3 GWh.

GJÖLD	Upphæðir í þús.kr.
Laun og launat. gjöld	169.772
Bækur, ritföng	1.776
Matvæli, fatnaður o.fl.	4.077
Vörur, varahlutir, áhöld	23.846
Orka	10.544
Skrifst.þjónusta	9.177
Ferðir, uppihald o.fl.	14.573
Leigugjöld	1.257
Akstur	14.132
Flutningar, vélaleiga	3.188
Sérfræðiþjónusta	42.032
Verkkaup og verktakar	34.310
Vextir, lántökugjald	34.413
Tryggingar og skattar	8.655
SAMTALS	371.752

TEKJUR	Upphæðir í þús.kr.
Raforkusala	240.688
Aðrar tekjur	12.016
Gjöld umfram tekjur	119.048
SAMTALS	371.752

4. Fjárhagslegur ávinningur af frekari fjárfestingu við Kröflu, þar á meðal við boranir og fjárhagsleg áhætta tengd þeim fjárfestingum.

Svar:

Nú þegar eru uppsettar vélar fyrir 30 MW orkuvinnslu í Kröfluvirkjun. Gufa er aðeins fyrir hendi til framleiðslu 6-7 MW. Fjárfesting í nú þegar uppsettu vélarafli verður ekki nýtt á annan veg en með frekari borunum. Hola 12 sem boruð var 1978 var boruð á nýju svæði (suðurhlíðum Kröflu) og hefur gefið góða raun. Verulegar líkur eru á því að ef farið hefði verið að tillögum iðnaðarráðuneytisins um boranir á árinu 1979, eins og rakið hefur verið hér að framan, hefði ekki þurft að koma til orkuskorts á s.l. vetri. Með áframhaldandi borunum á þessu ári eru einnig líkur á að draga megi úr rafmagnsskömmtun til orkufreks iðnaðar á næsta vetri. Miðað við sæmilegan árangur af borunum væri af þeim tvímælalaus fjárhagslegur ávinningur.

Ráðuneytið hefur leitað umsagnar Rafmagnsveitna ríkisins um fjárhagslegan ávinning af að koma Kröfluvirkjun í fullan rekstur (70 MW). Hafa Rafmagnsveiturnar aflað álitsgerðar Verkfræðistofu Helga Sigvaldssonar h/f. Niðurstöður þeirrar álitsgerðar eru að þegar fjárfestingar í raforkukerfinu eru skoðaðar til aldamóta, væri af því verulegur fjárhagslegur ávinningur, ef takast mætti að koma Kröfluvirkjun í fullan rekstur á næstu 6 árum.

Fjárhagslega áhættu af borunum er ávallt erfitt að meta, en benda má á, að áhættan minnkar með aukinni þekkingu á jarðhitasvæðinu. Jafnframt er vísað í tillögur ráðuneytisins um boranir á árunum 1979 og 1980, þar sem stefnt var að því, að taka ekki óhæfilega áhættu heldur meta stöðuna stig af stigi og um leið afla aukinnar þekkingar á jarðhitasvæðinu.

5. Lýsing á ástandi þeirra borhola, sem þegar hafa verið boraðar.

Svar:

Alls hafa verið boraðar 12 holur á Kröflusvæðinu
Árið 1974 voru boraðar tvær rannsóknarholur H-1 og H-2.
Árið 1975 voru boraðar þrjár vinnsluholur H-3 - H-5.
Árið 1976 voru boraðar sex vinnsluholur H-6 - H-11.
Árið 1977 var unnið að dýpkun og fóðrun H-9 og hreinsun útfellinga úr H-7 og H-10.
Árið 1978 var framkvæmd fóðrun efrakerfishluta H-11 og borun einnar holu H-12.
Árið 1979 voru hreinsaðar útfellingar og berg úr H-9.

Varðandi ástand þeirra hola semekki eru tengdar virkjuninni þ.e. H 3, 4, 5, 8 og 10 vísast til skýrslu iðnaðarráðherra til Alþingis í apríl 1978, þingskjal 684, en ekki hefur orðið teljandi breyting á ástandi þeirra síðan.

Í greinargerð Orkustofnunar, dags. 12.05.'80, koma m.a. fram eftirfarandi upplýsingar um ástand borhola:

"Af vinnsluholunum tíu eru fimm tengdar við gufuveitu Kröfluvirkjunar.
Þessar holur eru H-6, H-7, H-9, H-11 og H-12.
Afköst þeirra hafa verið samtals um 22-25 kg/s af háþrýstigufu, sem nægja til um 7-8 MW raforkuframleiðslu í virkjuninni, en til fróðleiks má geta þess að um 56 kg/s af háþrýstigufu þarf til að fullnýta aðra 30 MW vél Kröfluvirkjunar. Hafa afköst holanna haldist meira og minna stöðug, ef frá er talin

aflrýrnun sem varð á H-9 vorið 1979. Orsök þeirrar rýrnunar reyndist vera að hluta til kalkútfelling í holunni, en kalkútfelling er algeng í jarðhitaborholum (sbr. Svartsengi, Hveragerði o.fl.), en einnig kom fram þegar holan var hreinsuð fersk bergmylsna, sem virðist hafa sest innan í holuna. Hreinsunin færði holuna aftur í góð afköst, þó að um 10-20% vantaði á fyrri afköst. Í mars-apríl síðastliðnum dró enn á ný úr afli holunnar og liggur nú fyrir að hreinsa hana aftur. Sömuleiðis stendur til að hreinsa holur H-6 og H-7. Hafa afköst þeirra beggja minnkað á síðustu mánuðum. H-7 var síðast hreinsuð haustið 1977, en H-6 hefur ekki þurft að hreinsa áður þrátt fyrir stöðugan blástur frá því í ágúst 1976."

Samkvæmt skýrslu yfirverkfræðings Kröfluvirkjunar, dags. 18.04.1980, hafa afköst holu 11 verið sveiflukennd, en eru svipuð til lengri tíma litið. Hola 12 gefur yfirhitaða gufu. Er hún öflugasta holan á svæðinu. Hefur reynst nauðsynlegt að samtengja hana safnæðum frá holum nr. 7 og 9 til að koma í veg fyrir tæringu.

6. Afstaða til þeirra hugmynda að flytja annan hverfilinn við Kröflu á Reykjanessvæðið.

Svar:

Af því sem rakið hefur verið hér að framan telur ráðuneytið að enn sé ekki fullreynt hvort afla megi nægilegrar gufu á Kröflusvæðinu fyrir virkjunina, eins og ráð var fyrir gert í upphafi. Má í þessu sambandi minna á, að síðan árið 1976 hefur einungis verið boruð ein hola á svæðinu. Úr núverandi óvissu fæst ekki skorið, nema með frekari borunum.

Þá er einnig rétt að benda á að nú þegar hefur verið fjárfest í húsum og búnaði vegna beggja hverflanna, og myndi sú fjárfesting ekki nýtast annarsstaðar. Verðmæti sjálfra vélanna er um 20-25% af kostnaði við gufuaflsvirkjunina, en auk þess kemur til kostnaður við boranir og aðrar framkvæmdir tengdar gufuöflun. Flutningur á hverfli frá Kröfluvirkjun á annað jarðhitasvæði og uppsetning þar hefði því í för með sér kostnað, sem er 3-5 sinnum meiri en verðmæti vélarinnar.

Á jarðhitasvæðum á Reykjanesi, hafa ekki verið gerðar rannsóknir, sem byggja mætti á ákvörðun um að hefja raforkuvinnslu þar, ef undan er skilið Svartsengi. Jarðhitasvæðið í Svartsengi er þó ekki talið öflugra en svo, að þótt það eigi að endast Hitaveitu Suðurnesja til varmavinnslu til frambúðar, er talin hætta á að það mundi ekki þola það álag, sem hlytist af raforkuvinnslu með hverfli eins og þeim, sem um er að ræða við Kröflu.

Ákvörðun um flutning hverfils frá Kröfluvirkjun á annað jarðhitasvæði krefst verulegra rannsókna og borana, og að svo komnu telur ráðuneytið ekki tímabært að taka slíka ákvörðun. Það sem á vantar öðru fremur eru markvissar tilraunir til að ná árangri við gufuöflun á jarðhitasvæðinu við Kröflu. Ef í ljós kemur, að þær skili ekki árangri, hlýtur að koma til álita að nýta vélbúnað virkjunarinnar annars staðar.

7. Fjármagnskostnaður við Kröflu.

Svar:

Fjármagnskostnaður, þ.e. vextir og vísitöluálag, vegna Kröfluvirkjunar árin 1975-1979 hefur verið þessi. Upph. í Mkr.

	1975	1976	1977	1978	1979
Virkjun	24,1	215,4	469,7	921,3	1.771,2
Borh. og aðv.k.	-	13,6	52,0	299,4	680,3
Samtals	24,1	229,0	521,7	1.220,7	2.451,5

Áætlað er að afborganir og vextir vegna Kröfluvirkjunar verði um 4.000 Mkr. á árinu 1980.

Fjármálaráðuneytið
RÍKISBÓKHALD
12.05.80. SÞ/me.

Kröfluvirkjun
Verkefni Kröflunefndar
Í þús. kr.
Launagreiðslur 1974 - 1978

	Dagvinna	Yfirvinna	Nefndarstörf	Álagsgr. Aukastörf	Launat.gjöld	Samtals
1974	200	-	748	-	-	948
1975	4.075	-	912	-	-	4.987
1976	22.413	15.374	1.080	-	1.917	40.784
1977	49.952	43.946	1.847	200	4.937	100.882
1978	65.690	45.630	2.718	7.606	7.815	129.459
	142.330	104.950	7.305	7.806	14.669	277.060

Kröfluvirkjun

Sundurliðun sérfræðiþjónustu 1975.

Lögfræðiþjónusta:

Gunnar Helgason	Kr.	50.000	
Gunnar Sólnes	"	20.000	Kr. 70.000

Verkfræðiþjónusta o.fl.:

Baldur Líndal	Kr.	117.119	
Bragi Þorsteinsson	"	300.582	
Eiríkur Jónsson	"	176.240	
Guðm. Kristjánsson	"	314.046	
Júlíus Sólnes	"	502.185	
Manfreð Vilhjálmsson ..	"	5.984.612	
Páll Lúðvíksson	"	510.620	
Rafteikning s.f.	"	4.264.099	
Rogers Engineer	"	182.926.785	
Verkfr.st. Sig. Thoroddsen	"	52.539.292	
Þóroddur Sigurðsson ...	"	180.000	Kr. 247.815.580
			Kr. 247.885.580

KRÖFLUVIRKJUN

ÁRSREIKNINGUR 1976:

Byggingarreikningur.

- Sundurliðun verktaka og verkstæða og sérfræðiþjónustu -

Í þús. kr.

1. Verktakar og verkstæði:

Aða geir og Viðar, Akureyri	1.015
Blikksmiðjan Vogur, Kópavogi	15.599
Félag byggingarverktaka, Húsavík	17.626
Foss h.f., Húsavík	9.737
Haukur Ákason, Húsavík	3.616
Kvik s.f., Reykjavík	2.052
Málarar s.f., Reykjavík	5.819
Miðfell h.f., Reykjavík	411.008
Normi s.f., Reykjavík	2.800
Rafafl, Reykjavík	34.377
Sigurvaldi Guðmundsson, Kópavogi	2.863
Slippstöðin, Akureyri	48.118
Sniðill h.f., Mývatnssveit	6.247
Stálsmiðjan, Reykjavík	86.194
Stórhóll s.f., Dalvík	1.000
Strengjasteypan, Akureyri	8.883
Vegagerð ríkisins, Reykjavík	62.977
Aðrir verktakar	22.399
Samtals	742.330

2. Sérfræðiþjónusta:

Arkitektastofa, Manfreð og Þorvaldur	6.234
Rafteikning s.f.	12.373
Rogers Engineer	157.402
Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen	63.340
Aðrir	9.796
Samtals	249.145

KRÖFLUVIRKJUN

ÁRSREIKNINGUR KRÖFLUFUNDAR 1977:

Byggingarreikningur.

Í þús. kr.

- Sundurliðun verktaka og verkstæða og sérfræðiþjónustu -

1. Verktakar og verkstæði:

Blikksm. Vogur, Kópavogi	7.903
Byrgi HF., Húsavík	112.413
Félag byggingaverktaka, Húsavík	36.386
Foss HF., Húsavík	14.166
Haukur Ákason, Húsavík	3.738
Hótel Reynihlíð	20.959
Málarar SF., Reykjavík	6.597
Málmtækni HF., Reykjavík	8.069
Miðfell HF., Reykjavík	157.451
Normi SF., Reykjavík	1.657
Samraf, Húsavík	3.442
Rafafl, Reykjavík	77.523
Sigurvaldi Guðmundsson, Kópvogi	3.367
Slippstöðin HF., Akureyri	203.542
Sniðill HF., Mývatnssveit	24.026
Stálsmiðjan HF., Reykjavík	88.977
Strengjasteypan, Akureyri	12.415
Aðrir verktakar	25.825
Samtals	808.456

2. Sérfræðiþjónusta:

Arkitektastofa Manfreð og Þorvaldur	3.745
Rafteikning SF.	15.179
Rannsóknarst. iðnaðarins	2.484
Rogers Engineer	91.309
Verkfræðist. Sigurðar Thoroddsen	35.266
Aðrir	2.997
Samtals	150.980

KRÖFLUVIRKJUN

ÁRSREIKNINGUR KRÖFLUNEFNDAR 1978.

Byggingareikningur.
Sundurliðun verktaka og verkstæða og sérfræðiþjónustu.

Í þús.kr.

1. Verktakar og verkstæði:

Atli h.f., Akureyri	kr.	15.502
B.J.G.-vinnuvélar, Reykdælahreppi, S-Þing.	"	15.834
Blikksmiðjan Vogur, Kópavogi	"	2.066
Byrgi h.f., Húsavík	"	7.695
Foss h.f., Húsavík	"	40.876
Grímur og Árni, Húsavík	"	9.439
Hótel Reynihlíð	"	30.673
Kvik s.f., Kvikmyndagerð, Reykjavík	"	5.092
Málmtækni h.f., Reykjavík	"	4.217
Miðfell h.f., Reykjavík	"	12.921
Normi s.f., Reykjavík	"	200
Oddi h.f., vélsmiðja, Akureyri	"	3.781
Orkustofnun, Reykjavík	"	182.434
Rafafl, Reykjavík	"	17.959
Samraf, Húsavík	"	2.478
Slippstöðin h.f., Akureyri	"	876
Sniðill h.f., Mývatnssveit	"	11.773
Stálsmiðjan h.f., Reykjavík	"	5.721
Vegagerð ríkisins	"	3.007
Aðrir verktakar	"	9.676
Samtals	kr.	382.220

2. Sérfræðiþjónusta:

Arkitektastofa Manfreð og Þorvaldur	kr.	182
Orkustofnun	"	6.378
Rafteikning s.f.	"	5.466
Rannsóknarst. iðnaðarins	"	218
Rogers Engineer	"	25.458
Virkir h.f.	"	16.426
Verkfræðist. Sigurðar Thoroddsen	"	38.557
Aðrir	"	9.510
Samtals	kr.	102.195

Nd. 601. Frumvarp til laga [160. mál]

um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. maí.)

Samhljóða þskj. 339 með þessari breytingu:

Ákvæði til bráðabirgða (nýtt) hljóðar svo:

Ákvæði til bráðabirgða:

Í þeim tilvikum, sem hitunarkostnaður með raforku reynist hærri en hitunarkostnaður með olíu að frádregnum olíustyrk, er ríkisstjórninni heimilað að jafna þennan mismun með sérstökum styrk.

Nd. 602. Breytingartillaga [180. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá fjármálaráðherra.

Við 5. gr. bætist nýr töluliður sem verður 4. tl.

4. Vatnsveita Búðardals innlent lán á árinu 1980 að fjárhæð 150 m.kr.

Ed. 603. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 67 frá 31. des. 1963, sbr. lög nr. 53 frá 20. maí 1969.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á þremur fundum og fengið til viðræðu fulltrúa frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Aflatryggingasjóði.

Samgöngunefnd Nd. gerði nokkrar breytingar á frv., en skiptar skoðanir urðu í deildinni um þær breytingar og málið afgreitt þar með þeirri ábendingu, að samgöngunefnd Ed. tæki þær til sérstakrar athugunar.

Veigamesta breyting Nd. var í 4. málsgrein frv. á þá leið, að í stað 3 og 5 ára samfelldrar vinnu hjá sama útgerðarmanni skuli aðeins þurfa 2 og 4 ár til að halda föstu kaupi, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi og skuli sú regla gilda fyrir alla áhöfn skipsins.

Fulltrúar ASÍ voru sérstaklega spurðir að því, hvort hægt væri að bera þessi ákvæði fyrir sjómenn saman við það, sem aðrar stéttir hafa. Svarið var á þá leið, að sérstaða sjómanna væri slík, að alls ekki væri hægt að segja að þetta yrði hagstæðara fyrir sjómenn. Bentu þeir í því sambandi á 2. tbl. Fréttabréfs ASÍ frá þessu ári, þar sem segir í niðurlagi 12. liðar í sameiginlegum kröfum á samningssviði ASÍ, „að réttur sjómanna til launa í veikinda- og slysatilfellum verði aldrei minni en sá réttur, sem landverkafólki er tryggður.“

Í umræðum í nefndinni var bent á, að samkv. 3. gr. laga um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins beri hinni almennu deild sjóðsins að bæta aflahlut skips og áhafnar, þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjastofnum. Á þann hátt yrði leystur nokkur hluti þess vanda, sem kann að skapast við það,

að í Nd. var felld niður síðasta setningin í 2. mgr. frv., þ. e.: „Laun er þó ekki skylt að greiða í hléum milli veiðitímabila, sem eru hefðbundin og þekkt fyrir fram.“

Fulltrúi Aflatryggingasjóðs tjáði nefndinni, að sjóðurinn hefði alls ekki bolmagn til að standa undir slíkum greiðslum.

Nefndinni er því ljóst, að þetta atriði ásamt fleirum í sambandi við samþykkt frv. þarf að taka til nánari athugunar svo fljótt sem kostur er. En um önnur þarf að setja nánari ákvæði en verið hafa í kjarasamningum. Sá tími, sem samgöngunefnd hefur til athugunar á þessu máli, er hins vegar of skammur til þess að við verði komið fyrir þinglok slíkum breytingum, og leggur hún því til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. maí 1980.

Jón Helgason, form., frsm.	Egill Jónsson, fundaskr.	Stefán Guðmundsson.
Guðm. Karlsson, með fyrirvara.	Lárus Jónsson.	Eiður Guðnason.
	Stefán Jónsson.	

Nd. 604. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá meiri hl. félagsmálanefndar.

Nefndin hefur á fjórum fundum haft frv. til meðferðar.

Eins og fram kom í nefndaráliti félagsmálanefndar efri deildar hafði nefndin fjallað ýtarlega um frv. á fjölmörgum fundum, sent frv. til umsagnar hinum ýmsu aðilum og fengið í hendur athugasemdir og breytingartillögur frá þeim flestum. Enn fremur hafði félagsmálanefnd Ed. kvatt á sinn fund fulltrúa frá mörgum félagasamtökum og aðilum, sem hagsmuna eiga að gæta varðandi skipulag húsnæðismála. Að baki þeirra breytinga, sem gerðar eru á frv. í meðferð Ed., var mikil vinna og ýtarleg skoðun á málinu.

Félagsmálanefnd Nd. fékk í hendur flest þau gögn, er Ed. hafði undir höndum við athugun á frv. Enn fremur kvaddi nefndin á sinn fund formann félagsmálanefndar Ed., Þorvald Garðar Kristjánsson, og framsögumann nefndarinnar, Guðmund Bjarnason, til að skýra ólík sjónarmið í málinu er fram komu í breytingartillögum við afgreiðslu frv. í deildinni.

Jafnframt kvaddi nefndin á sinn fund ýmsa aðila til viðræðna um frv., svo sem húsnæðismálastjórn, fulltrúa Landssambands almennra lífeyrissjóða, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, fulltrúa Meistarasambands byggingamanna, Alþýðusambands Íslands, Stéttarsambands bænda, Vinnuveitendasambands Íslands, Verktakasambandsins, Óskar Hallgrímsson frá Vinnumáladeild félagsmálaráðuneytisins, Hallgrím Snorrason frá Þjóðhagsstofnun og fulltrúa frá stjórn verkamannabústaða í Reykjavík.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Við, sem myndum meiri hluta nefndarinnar, leggjum til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt eins og það var afgreitt frá Ed.

Hér er um þýðingarmikla löggjöf að ræða, sem um árabil hefur verið í endurskoðun og mótun hjá mörgum nefndum skipuðum færustu mönnum á þessu sviði. Miðað við þær umsagnir, sem fyrir liggja, er ljóst að þetta frumvarp, ef að lögum verður, markar tímamót í húsnæðismálum hér á landi.

Í frumvarpinu eru margar nýjungar: Aukið verkefnasvið, sem er til framfara, stórátak í byggingu verkamannabústaða, útrýming heilsuspillandi húsnæðis, félags-

legi þáttur húsnæðismála aukinn, lánstími lengdur og vextir lækkaðir, stefnt að 80% lánamarki, ávöxtun skyldusparnaðar tryggð að fullu.

Meiri hluta nefndarinnar er fullljóst, að æskilegt hefði verið að fjármögnunarþáttur frv. væri fyrir fram ákveðinn til að ná þessum markmiðum, en frv. gerir ráð fyrir að ríkisstj. og Alþingi ákveði árlega í fjárlögum og lánsfjáráætlun að verulegum hluta, hversu mikið fjármagn verði til ráðstöfunar fyrir húsnæðiskerfið í heild.

Í frv. svo og með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, dags. 29. apríl s. l., er ákveðinn fastur tekjustofn til byggingar verkamannabústaða, um 500 íbúðir á ári næstu þrjú ár. Er hér um að ræða þýðingarmikið mál fyrir láglaunafólk í landinu og komið til móts við óskir verkalýðshreyfingarinnar í landinu um íbúðabyggingar á félagslegum grundvelli.

Með reglugerðum um ýmis ákvæði frv., ef að lögum verður, er nauðsynlegt að skýra ýmis framkvæmdaatriði.

Með tilvísun til framanritaðs leggur meiri hluti nefndarinnar til að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 20. maí 1980.

Alexander Stefánsson, form., frsm. Eggert Haukdal. Jóhann Einvarðsson.

Guðm. J. Guðmundsson.

Ed. 605. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggja undirritaðir til að það verði samþykkt. Kjartan Jóhannsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. maí 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason. Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 606. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Hér er um að ræða enn eina skattahækkun fyrrv. vinstri stjórnar, sem núv. ríkisstjórn hefur ákveðið að gilda skuli allt yfirstandandi ár. Á s. l. ári giltu þessi lög aðeins lítinn hluta ársins. Af þeim ástæðum þyngjast skattar verulega í ár vegna þessara laga.

2. minni hl. nefndarinnar er andstæður skattahækkunarflóði ríkisstjórnarinnar og leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 21. maí 1980.

Lárus Jónsson, frsm. Ey. Kon. Jónsson. Þorv. Garðar Kristjánsson.

Nd. 607. Lög [150. mál]

um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 321.

Nd. 608. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Eitt megineinkennið á þessu frv., eins og það kemur breytt frá efri deild, er að mjög mikil óvissa ríkir um fjármögnunarþátt þess — og ekkert liggur fyrir um að hægt sé að standa á viðunandi hátt við þau markmið sem það setur.

Slíkt verður að teljast mjög gagnrýnisvert, einkum ef slík löggjöf á að vera liður til lausnar kjaramálanna, eins og stjórnarsinnar hafa gefið í skyn.

Sérstaklega er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir staðreyndum, þegar að því er látið liggja, að frv. hafi tekið þeim breytingum í efri deild að auka eigi fjármagn til byggingar félagslegra íbúða.

Í frv., eins og það var upphaflega lagt fram af Alþýðuflokknum, var lagt til að ríkissjóður legði fram 20% til félagslegra íbúðarbygginga og sveitarfélög 20%. — Nú er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram 30% og sveitarfélög 10%, þannig að heildarframlag opinberra aðila er óbreytt. Innifalið í þessu 30% framlagi er 1% framlag sem sérmarkað er til Byggingarsjóðs verkamanna. Það er einfalt reikningsdæmi að sjá að ekki er verið að auka fjármagn til félagslegra íbúðarbygginga frá því sem upphaflega var lagt til í frv. Auk þess verður að ganga út frá því, að hér sé um tilfærslu á fjármagni að ræða frá Byggingarsjóði ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna sem nemur 1% af launaskatti eða rúmum 5 milljörðum, þegar á það er litið að felld var tillaga Alþýðuflokksins í efri deild um að 2% af launaskatti renni til Byggingarsjóðs ríkisins, eins og hingað til hefur verið.

Einnig má benda á, að lántökuþörf Byggingarsjóðs verkamanna verður komin yfir 11 milljarða kr. árið 1984 skv. framlögðum gögnum, sbr. fylgiskjal III, og er þá ekki reiknað með lengingu lánstímans, eins og samþykkt var í efri deild, þannig að fjárþörfin er í reynd töluvert meiri.

Ljóst er einnig að breytingartillögur stjórnarsinna í efri deild stefna stöðu Byggingarsjóðs ríkisins í mikla tvísýnu. Af framlögðum gögnum Hallgríms Snorrasonar hjá Þjóðhagsstofnun og töflum með frumvarpi Magnúsar H. Magnússonar má ráða að lántökur Byggingarsjóðsins verði á fyrstu 5 árunum að nema **16.3 milljörðum króna hærri upphæð en frv. í upphaflegri mynd** gerði ráð fyrir — og að tíu árum liðnum, þ. e. um 1990, hefur lántökuþörfin aukist svo verulega að **hún verður yfir 20 milljörðum króna hærri upphæð** á ári, en þurft hefði að óbreyttu frv. Lenging lánstímans og lækkun vaxta skv. tillögum stjórnarliða **skerða ráðstöfunarfé sjóðsins um 28.4 milljarða króna** á árunum 1980—1990, miðað við 3% vexti á lántökum sjóðsins.

Á sama tíma og þessi yfirboð koma fram leggja stjórnarsinnar til að Byggingarsjóður ríkisins verði skertur um 5 milljarða.

Hér stangast því á raunveruleikinn og fögur fyrirheit slíkrar löggjafar, sem er alls óviðunandi, einkum ef slík löggjöf er liður til lausnar í kjaradeilunni, eins og komið hefur fram í máli stjórnarsinna.

Alþýðuflokkurinn taldi nauðsynlegt að fá fram hjá Þjóðhagsstofnun útreikninga á ýmsum þáttum frumvarpsins með tilliti til þeirra breytinga sem gerðar höfðu verið á frv. og fjármagnsþáttum þess.

Þjóðhagsstofnun telur að slíkir útreikningar taki um vikutíma og tilmælum 1. minni hluta félagsmálanefndar um, að niðurstöður þeirra lægju fyrir áður en frv. yrði afgreitt úr nefnd, var hafnað og verða slík vinnubrögð að teljast ámælisverð. En félagsmálanefnd var gert að afgreiða þetta viðamikla frumvarp á þremur dögum.

Samstaða er þó innan félagsmálanefndar um að Þjóðhagsstofnun verði áfram falið að framkvæma útreikningana og leggja þá fyrir eins fljótt og verða má. Upplýsingar, sem undirrituð óskaði eftir að fyrir lægju, fylgja sem fylgiskjöl með þessu nefndaráliti.

Þó telja verði að forsendur raunhæfrar ákvarðanatöku hljóti að felast í niðurstöðum þessara útreikninga, þá er það mat Alþýðuflokksins, að flestar grundvallarhugmyndir, sem fram komu í frv. eins og það var lagt fram, standi. — Þó verður ekki fram hjá því gengið að fjármögnunarmöguleikum húsnæðiskerfisins í heild er stefnt í mikla tvísýnu með þeim breytingum sem á því hafa orðið.

Í trausti þess, að litið verði nánar á fjármögnunarþætti frumvarpsins að nýju, þegar umbeðnar upplýsingar liggja fyrir, leggur 1. minni hluti til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem fluttar eru á þskj. 573.

Alþingi, 21. maí 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Fylgiskjal I.

Upplýsinga óskað frá Þjóðhagsstofnun 19. 5. 1980.

1. Hvað má áætla að þeir tekjustofnar, sem frv. gerir ráð fyrir, nægi fyrir mörgum íbúðarlánum á ári:
   a) hjá Byggingarsjóði ríkisins,
   b) hjá Byggingarsjóði verkamanna,
   að teknu tilliti til líklegra lána vegna leiguíbúða og til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, svo og til líklegra lána til dvalarheimila og dagvistarstofnana?
2. Áætlun þessi nái til næstu 15 ára, — og þá gert ráð fyrir að lánahlutfall á almennum íbúðarlánum fari stighækkandi samkvæmt þeim markmiðum, sem gerð er grein fyrir í grg. frv. og ríkisstjórnarsamþykkt er fyrir.
3. Til samanburðar verði sýnt hve mörg íbúðarlán voru veitt á s. l. ári og hver er áætluð íbúðarbyggingaþörf á ári yfir áætlanatímabilið.
4. Hvað tekur langan tíma að ná 80% markinu miðað við tekjustofna þá sem frv. gerir ráð fyrir:
   a) Miðað við frv. eins og það var upphaflega lagt fram.
   b) Miðað við frv. eins og það kemur breytt frá efri deild?

Fylgiskjal II.

Viðbótarupplýsinga óskað frá Þjóðhagsstofnun 20. 5. 1980.

1. Forsendur að öðru leyti en því, sem tiltekið var í upphaflegri ósk um útreikninga, verði þessar:
   a) Skv. fylgiskjali I með bréfi dags. 2. 4. 1980 til félagsmálaráðherra frá Hallgrími Snorrasyni, eftir því sem við á.
   b) Lántökur verði svipaðar að raungildi og þetta ár, en vaxi með þjóðartekjum.
2. Kannað verði hver áhrif það hefur á afkomu Byggingarsjóðs ríkisins og mögulegan fjölda íbúðarlána í samanburði við íbúðarþörf, ef fastur tekjustofn sjóðsins af launaskatti helst óskertur í 2%.
3. Kannað verði hversu mikil óafturkræf framlög þurfi, þegar fram í sækir, til þess að tryggja að sjóðurinn verði sjálfum sér nægur með fjármagn.
4. Útreikningar verði gerðir til 20 ára.

Fylgiskjal III.

Útreikningar Hallgríms Snorrasonar hjá Þjóðhagsstofnun vegna Byggingarsjóðs verkamanna, sendir félagsmálaráðherra 2. 4. 1980. Sendir félagsmálanefnd neðri deildar 19. maí 1980.

Dæmi um fjárstreymi Byggingarsjóðs verkamanna 1981—1986.

Milljarðar króna á verðlagi ársins 1980.

	1981	1982	1983	1984	1985	1986
1. Útlán	6.6	12.3	15.6	17.6	17.6	17.6
2. Gjöld:						
Afborganir, vextir, verðtr.		0.1	0.6	1.5	2.5	3.5
3. Fjárþörf, alls (1.+2.)	6.6	12.4	16.2	19.1	20.1	21.1
4. Tekjur:						
Tekjur af eigin fé	0.2	0.2	0.4	0.9	1.4	1.9
Inneign til útlána	1.5	.	.	.	.	.
Framlag ríkisins	2.8	5.0	5.1	5.3	5.3	5.4
Framlag sveitarfélaga	0.9	1.2	1.6	1.8	1.8	1.8
Samtals	5.4	6.4	7.1	8.0	8.5	9.1
5. Lánsfjárþörf (3.—4.)	1.2	6.0	9.1	11.1	11.6	12.0

Fylgiskjal IV.

Útreikningar Hallgríms Snorrasonar hjá Þjóðhagsstofnun vegna Byggingarsjóðs ríkisins, sendir félagsmálaráðherra 2. 4. 1980. Sendir félagsmálanefnd neðri deildar 19. maí 1980.

Dæmi um fjárstreymi Byggingarsjóðs ríkisins 1981—2000

Milljarðar króna á verðlagi ársins 1980.

Innstreymi:	1980	1981	1982	1983	1984	1988	1992	1996	2000
Skyldusparnaður	8.5	8.7	8.8	9.0	9.2	10.0	10.8	11.7	12.7
Framlög ríkis	8.6	8.3	6.1	6.3	6.4	6.9	7.5	8.1	8.7
Tekjur af eigin fé	6.6	7.3	8.5	10.0	11.0	17.2	26.4	37.9	47.5
Atvinnuleysistryggingasj.	3.4	3.1	3.1	3.2	3.3	3.5	3.8	4.1	4.5
Aðrar lántökur	8.0	6.1	6.3	7.3	9.0	18.9	30.1	30.7	31.8
Samtals	35.1	33.5	32.8	35.8	38.9	56.5	78.6	92.5	105.2
Útstreymi:									
Skyldusparnaður	5.8	6.4	7.0	7.6	8.1	10.0	11.5	12.9	14.2
Endurgreiðsla lána Atvinnuleysistryggingasj.	0.6	0.6	0.8	1.0	1.1	1.2	2.0	2.9	3.9
Endurgr. annarra lána	3.1	3.9	4.5	5.1	5.8	9.9	17.8	27.8	38.1
Kostnaður o. fl.	0.4	0.5	0.5	0.5	0.5	0.5	0.5	0.6	0.6
Samtals	10.0	11.4	12.7	14.2	15.5	21.6	31.8	44.2	56.8
Til ráðstöfunar	25.1	22.1	20.1	21.6	23.4	34.9	46.8	48.3	48.4
Ráðstafað:									
Nýbyggingarlán	10.1	11.7	14.1	15.6	17.4	26.6	36.0	37.2	37.2
Önnur föst lán	5.5	6.0	6.0	6.0	6.0	8.2	10.8	11.2	11.2
Framkvæmdalán	8.0	4.4	.	.	.	.	.	.	.
Samtals	23.6	22.1	20.1	21.6	23.4	34.8	46.8	48.4	48.4

Fylgiskjal V.

Vísbendingar um fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Samkvæmt lauslegum útreikningum verður ráðið að óleyst lánsfjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna fram yfir venjulegar lántökur nemi yfir 200 milljörðum króna á árabilinu 1980—1990, enda verði fjárþörfinni mætt með lántöku.

Í þessum útreikningum er stuðst við töflur frá Hallgrími Snorrasyni, sendum fjármálaráðherra hinn 2. apríl 1980, en afhentar nefnd í neðri deild hinn 19. maí s. l. sem hluti af svari við fyrirspurn frá Jóhönnu Sigurðardóttur. Þessu til viðbótar hefur skerðing ráðstöfunarfjár vegna lengingar lánstíma og lækkunar vaxta á lánum hjá Byggingarsjóði ríkisins verið reiknuð út og leiðrétt fyrir henni. Á hinn bóginn verður lánsfjárþörf Byggingarsjóðs verkamanna meiri en töflur sýna, því að lenging lánstíma úr 32 árum í 42 ár hefur ekki verið reiknuð inn í dæmið.

TAFLA I.

Byggingarsjóður verkamanna.

Vísbending um lánsfjárþörf (verðlag 1980).

	Núverandi mynd [1] Milljarðar kr.	Tillaga MHM-I Milljarðar kr.
1981	1.2	4.0
1982	6.0	5.1
1983	9.1	6.4
1984	11.1	7.7
1985	11.6	9.4
1986	12.0	9.4
1987	[12.0]	9.4
1988	[12.0]	9.4
1989	[12.0]	9.4
1990	[12.0]	9.4
	99.0	79.6

[1]) Reiknað með 32 ára lánstíma.

Byggingarsjóður verkamanna hefur ekki tekið lán fram að þessu. Hér er því um nýja lántökuþörf að ræða. Hin útreiknaða tala 99 milljarðar er stórlega vanmetin þar sem reiknað er með 32 ára lánstíma, en ekki 42 ára eins og gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi frv.

TAFLA II.

Byggingarsjóður ríkisins.

Vísbending um lánsfjárþörf (verðlag 1980).

	Núverandi mynd Milljarðar kr.	MHM. Milljarðar kr.	Hækkun frá till. MHM. Milljarðar kr.
1980	20.3	15.5	4.8
1981	18.5	16.8	1.7
1982	19.5	17.7	1.8
1983	20.8	17.7	3.1
1984	23.2	18.3	4.9
1985	[26.1] [1])	18.7	7.4
1986	[29.5]	19.4	10.1
1987	[32.6]	20.0	12.6
1988	36.0	20.7	15.3
1989	[39.8]	21.3	18.5
1990	[43.6]	21.5	22.3
		Samanlagt	102.5

[1]) Áætlunartölur út frá útreiknuðum tölum 1988 og 1992.

Samkvæmt þessu eykst lánsfjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins um yfir 100 milljarða króna yfir árabilið 1980—1990 frá því frumvarpi, sem Magnús H. Magnússon lagði fram. Ekki hefur verið gerð grein fyrir hvernig þess skuli aflað. Framlag samkvæmt lánsfjáráætlun fyrir 1980 er 18 milljarðar króna. Sé sú upphæð látin vaxa í hátt við áætlaðan vöxt þjóðartekna (2½—3%) fæst svipuð lánaröð og skv. tillögum MHM.

Nd. 609. Nefndarálit [17. mál]

um frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur fjallað um frumvarp þetta, en ekki orðið sammála. Við undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni teljum sumt í frumvarpi þessu geta horft til bóta, en annað vera mjög miður. Eins og frumvarpið er nú orðið eftir meðferð efri deildar er það sýnu lakara en þegar það var lagt fram. Við teljum, að á því séu svo alvarlegir meinbugir að ekki sé hægt að samþykkja það nema á því verði gerðar veigamiklar breytingar.

Megingalli frumvarpsins er sá, að aukin og ný verkefni eru lögð á íbúðalánakerfið án þess að því sé séð fyrir viðbótarfjármagni til að mæta hinum auknu þörfum.

Nefndin bað Þjóðhagsstofnun um frekari upplýsingar um fjármögnunarþörf miðað við þær breytingar, sem gerðar voru í hv. efri deild. Þær upplýsingar þyrftu að liggja fyrir áður en frv. verður afgreitt.

Við leggjum áherslu á að lán Byggingarsjóðs ríkisins séu með þeim lánskjörum, að almenningur í landinu og launþegar almennt fái staðið undir af almennum launatekjum. Þess vegna þurfa hin almennu íbúðarlán að vera sem hagstæðust, með sem hentugustum lánstíma, með sem lægstum vöxtum og í sem hæstu hlutfalli af byggingarkostnaði. Við viljum efla Byggingarsjóð ríkisins með þessa stefnu að markmiði. Jafnframt leggjum við áherslu á mikilvægi Byggingarsjóðs verkamanna til að mæta þörfum þeirra sem lakast eru settir. Þeir þurfa mikillar aðstoðar við umfram aðra og sú aðstoð verður svo best veitt að hún sé takmörkuð við hina verst settu.

Við teljum að þessara sjónarmiða sé ekki nægilega gætt í frumvarpinu og sumt í því gangi í öfuga átt í stjórn og skipan þessara mála. Samt viljum við freista þess að fá fram þær helstu breytingar á frumvarpinu sem nauðsyn krefur, til þess að það geti orðið viðunandi. Þess vegna berum við fram breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 20. maí 1980.

Friðrik Sophusson, frsm. Steinþór Gestsson.

Nd. 610. Breytingartillögur [17. mál]

við frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Friðrik Sophussyni og Steinþóri Gestssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „launafólks“ komi: fólks.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Húsnæðismálastjórn ákveður deildaskiptingu stofnunarinnar.
3. Við 4. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, húsnæðismálastjórn, skipa 7 menn kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi að afstöðnum almennum alþingiskosningum. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt.
4. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk húsnæðismálastjórnar er eftirfarandi:
   1. Að fara með stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

2. Að gera tillögur um skiptingu ráðstöfunarfjár milli útlánaflokka, afgreiða fjárhagsáætlanir og úrskurða ársreikninga stofnunarinnar og byggingarsjóðanna.
3. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um löggjafaratriði á sviði húsnæðismála.
4. Að fjalla um önnur mál, sem ráðherra eða aðrir leggja fyrir hana.

5. Við 9. gr.
a) 2. tl. orðist svo:
Með árlegum framlögum úr ríkissjóði af byggingarsjóðsgjöldum, tekju- og eignarskatti og af aðflutningsgjöldum.
b) Nýr töluliður komi er verði 6. tl. og orðist svo:
Með 3½% launaskatti samkvæmt lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum.
c) Nýr töluliður komi er verði 7. tl. og orðist svo:
Með 1% lántökugjaldi af lánum, er húsnæðismálastjórn veitir.

6. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Lánið skal að jafnaði veitt gegn 1. veðrétti og skal lánstími vera 30 ár. Um lánskjör að öðru leyti gilda ákvæði 33. gr.

7. Við 37. gr. Greinin orðist svo:
Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Fjár til hans skal aflað sem hér segir:
a) Með tekjum af eigin fé.
b) Með árlegu framlagi úr ríkissjóði af fjárlögum, sem nema skal 70% af áætlaðri fjármagnsþörf sjóðsins vegna byggingar verkamannabústaða.
c) Með framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags sem skal nema 20% af byggingarkostnaði þeirra íbúða sem hafin verður bygging á í verkamannabústöðum í sveitarfélaginu.
d) Með lántöku.
Eigið fé sjóðsins skal m. a. varið til lánveitinga vegna sölu á eldri verkamannabústöðum og til lækkunar á framlögum skv. stafliðum b og c hér að framan.
Afgreiðslur lána úr sjóðnum og innheimtur þeirra fara fram í almennum lánastofnunum, sem Húsnæðisstofnun semur við um slíka þjónustu. Þóknun fyrir slík störf greiðist samkvæmt fyrir fram gerðu samkomulagi.

8. Við 39. gr. Greinin orðist svo:
Í þeim sveitarfélögum, sem ákveða að bæta úr húsnæðisþörf láglaunafólks, skulu starfa stjórnir verkamannabústaða. Ráðherra skipar stjórn verkamannabústaða þannig: Þrír eftir tilnefningu sveitarstjórnar, tveir eftir tilnefningu húsnæðismálastjórnar og tveir eftir tilnefningu verkalýðsfélaga í sveitarfélaginu. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi sveitarstjórnarfulltrúa. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

9. Við 40. gr. Greinin orðist svo:
Stjórn verkamannabústaða skal, þegar eftir að hún hefur verið skipuð, rannsaka þörfina fyrir byggingu verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í því skyni skal hún auglýsa eftir væntanlegum umsækjendum um slíkar íbúðir. Stjórnin semur síðan rökstudda greinargerð um þörf fyrir byggingu verkamannabústaða, þar sem lýsa skal hugmyndum um stærð og fjölda íbúða sem æskilegt væri að byggja á næstu fjórum árum.

10. Við 47. gr. 2., 3., 4. og 5. mgr. falli niður.

11. Við 49. gr. 1. mgr. orðist svo:
Umsækjandi, sem fær úthlutað íbúð, skal greiða 10% af byggingarkostnaði íbúðar, þar af 5% af áætluðu kostnaðarverði, innan 8 vikna frá dagsetningu tilkynningar um úthlutunina. Standi umsækjandi ekki í skilum innan þess tíma, fellur réttur hans til íbúðarinnar niður.

12. Við 57. gr. Greinin falli niður.
13. Við 58. gr. Greinin falli niður.
14. Við 62. gr. 1. málsliður 1. mgr. orðist svo:
    Sveitarstjórn ráðstafar þeim leiguíbúðum, sem reistar eru á hennar vegum.
15. Við 69. gr. Greinin orðist svo:
    Tæknideild skal starfa innan Húsnæðisstofnunar. Verkefni hennar eru þessi:
    1. Að hafa á hendi eftirlit með framkvæmdum þeirra aðila, sem njóta lána úr veðlánakerfinu, eftir því sem þörf er á til þess að settum skilyrðum sé fullnægt.
    2. Að vera ráðgjafi Húsnæðisstofnunar og stjórnar hennar um tæknileg málefni og annast samskipti við opinbera aðila, sem vinna að rannsóknum og tilraunum á sviði húsnæðis- og byggingarmála.
    3. Að gangast fyrir opinberri samkeppni um gerð uppdrátta af íbúðarhúsum og kynna bestu lausnir, sem fást úr slíkri samkeppni hverju sinni.
    4. Að vera sveitarstjórnum og stjórnum verkamannabústaða, sem þess óska, til aðstoðar við undirbúning félagslegra íbúðabygginga.

Nd. 611. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyting á lögum nr. 23 19. júní 1922, um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má að farist hafi af slysum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 21. maí 1980.

Vilmundur Gylfason, form.	Ingólfur Guðnason, fundaskr.	Jósef H. Þorgeirsson, frsm.
Guðm. J. Guðmundsson.	Matthías Á. Mathiesen.	Ólafur Þ. Þórðarson.
	Friðrik Sophusson.	

Ed. 612. Lög [94. mál]

um breyting á sjómannalögum, nr. 67 frá 31. des. 1963, sbr. lög nr. 53 frá 20. maí 1969.

(Afgreidd frá Ed. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 525.

Nd. 613. Frumvarp til laga [194. mál]

um breytingu á lögum nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. maí.)

1. gr.

Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einnig skal veita úr sjóðnum styrki til framkvæmda við heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila, svo og vistheimili.

2. gr.

Við a-lið 25. gr. laganna bætist:

Til viðbótar framlagi skv. 1. málslið skal ríkissjóður leggja sjóðnum til a. m. k. 225 millj. króna, í fyrsta sinn á árinu 1981. Skal sú fjárhæð hækka í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar miðað við árið 1980 að grunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 614. Frumvarp til lánsfjárlaga [180. mál]

fyrir árið 1980.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. maí.)

Samhljóða þskj. 409 með þessum breytingum.

3. gr. hljóðar svo:

3. gr. laga nr. 82/1977, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1979 hljóði svo:

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tölulið D-liðs 30. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VIII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall verðbréfakaupa af ráðstöfunarfé.

Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er ríkissjóði, Framkvæmdasjóði Íslands og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupi bréf af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár svo og ákvæði um lánstíma og lánskjör.

18. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði a- og c-liðar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skulu samanlagðar tekjur Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt greindum stafliðum ekki fara fram úr 6 986 450 þús. kr. á árinu 1980. Fari tekjur skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977, og skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laganna fram úr þessari fjárhæð skal það sem umfram er renna í ríkissjóð. Þá skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skv. b-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970 eigi fara fram úr 63 750 þús. kr. á árinu 1980.

28. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka áformuð lánsfjármögnuð útgjöld fyrirtækja og stofnana í B-hluta fjárlaga um 2 612 millj. kr. á árinu 1980.

29. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 615. Lög [181. mál]

um breyting á lögum nr. 9 13. febr. 1970, um Iðnþróunarsjóð.

(Afgreidd frá Nd. 21. maí.)

Samhljóða þskj. 414.

Nd. 616. Lög [140. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 470.

Nd. 617. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta.

Frá fjármálaráðherra.

2. gr. falli niður.

Ed. 618. Frumvarp til lánsfjárlaga [180. mál]

fyrir árið 1980.

(Eftir 3. umr. í Nd., 22. maí.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1980 allt að 11 347 m.kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán á innlendum lánsfjármarkaði að upphæð 8 900 m.kr.

Lántökuheimild ríkissjóðs skv. 3. gr. laga nr. 98/1979 er úr gildi felld að öðru leyti en því sem fjárráðstafanir hafa þegar verið gerðar á grundvelli hennar með samþykki fjárveitinganefndar vegna lánsfjárþarfar fyrir árið 1979.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. mgr. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1980.

3. gr.

3. gr. laga nr. 82/1977, sbr. 3. gr. laga nr. 20/1979, hljóði svo:

Hverjum lífeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tölulið D-liðs 30. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VIII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lífeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall verðbréfakaupa af ráðstöfunarfé.

Að því marki, sem þarf til að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr., er ríkissjóði, Framkvæmdasjóði Íslands og Byggingarsjóði ríkisins skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þó skal 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins. Ríkisstjórnin kynnir hverjum og einum lífeyrissjóði að hvaða marki sjóðurinn kaupi bréf af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins og Framkvæmdasjóði Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tímasetningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunarfjár svo og ákvæði um lánstíma og lánskjör.

4. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að 28 700 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kostnaði við byggingu virkjunar við Hrauneyjafoss og lokaframkvæmdir við Sigölduvirkjun.

5. gr.

Heimild er til lántöku vegna hitaveituframkvæmda sem hér segir:

1. Akureyrarbær, lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að 2 000 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að 2 950 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Lán á árinu 1980 til annarra hitaveituframkvæmda samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 1 450 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Vatnsveita Búðardals innlent lán á árinu 1980 að fjárhæð 150 m.kr.

6. gr.

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð 1 100 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á kaupum og uppsetningu á gufuhverfli til raforkuframleiðslu á Svartsengi.

7. gr.

Sveitarfélögum er heimilt að taka lán á árinu 1980 samkvæmt síðari ákvörðun fjármálaráðherra um lántökuaðila allt að 500 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð 1 517 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforku- og hitaveituframkvæmdum.

9. gr.

Þörungavinnslunni hf. er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að 240 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til greiðslu skammtíma skulda sem á fyrirtækinu hvíla.

10. gr.

Undirbúningsfélagi saltverksmiðju á Reykjanesi hf. er heimilt að taka lán á árinu 1980 að fjárhæð allt að 100 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til greiðslu skammtímaskulda sem á fyrirtækinu hvíla.

11. gr.

Framkvæmdasjóði er heimilt að taka erlent lán á árinu 1980 að fjárhæð 5 525 m.kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

12. gr.

Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 5., 6., 7., 8., 9. og 10. gr., með þeim kjörum og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt f. h. ríkissjóðs, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, er standa munu að nýjum iðnaðarverkefnum, að fjárhæð allt að 250 millj. kr.

13. gr.

Þrátt fyrir ákvæði II. kafla laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, með síðari breytingum, skal húsnæðismálastjórn á árinu 1980 veita Framkvæmdasjóði Íslands lán af sparnaðarfé skv. III. kafla laganna er nemi 1 000 m.kr. Lánskjör skulu vera hliðstæð og þau er Byggingarsjóður ríkisins nýtur að jafnaði af skyldusparnaðarfé ungmenna.

14. gr.

Þrátt fyrir 2. tl. 27. gr. laga nr. 97/1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggðasjóðs á árinu 1980 eigi fara fram úr 2 635 m.kr. Að auki er Byggðasjóði ætluð lántaka að fjárhæð allt að 1 500 m.kr.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. tl. 4. gr. laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sbr. lög nr. 68/1973, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins á árinu 1980 ekki fara fram úr 721 700 þús. kr.

16. gr.

Þrátt fyrir 1. tl. 2. gr. laga nr. 34/1979, um Veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Veðdeildar Búnaðarbanka Íslands eigi fara fram úr 21 250 þús. kr.

17. gr.

Þrátt fyrir ákvæði C- og D-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum nr. 5/1976 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs Íslands á árinu 1980 ekki fara fram úr 1 236 m.kr.

18. gr.

Þrátt fyrir 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sbr. 5. gr. laga nr. 4/1980 og ákvæði laga nr. 2/1980 um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, skal framlag ríkissjóðs til Aflatryggingasjóðs eigi fara fram úr 501 350 þús. kr. á árinu 1980.

19. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a- og c-liðar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skulu samanlagðar tekjur Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt greindum stafliðum ekki fara fram úr 6 986 450 þús. kr. á árinu 1980. Fari tekjur skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 14/1965, sbr. 1. gr. laga nr. 65/1977, og skv. c-lið 2. mgr. 4. gr. laganna fram úr þessari fjárhæð skal það sem umfram er renna í ríkissjóð. Þá skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins skv. b-lið 2. mgr. 4. gr. laga nr. 30/1970 eigi fara fram úr 63 750 þús. kr. á árinu 1980.

20. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 20. gr. laga nr. 30/1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna á árinu 1980 eigi fara fram úr 432 500 þús. kr.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 5. gr. laga nr. 35/1966, um Lánasjóð sveitarfélaga, sbr. lög nr. 99/1974, skal framlag ríkissjóðs til Lánasjóðs sveitarfélaga á árinu 1980 eigi fara fram úr 201 813 þús. kr.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 30/1921, um erfðafjárskatt, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1972, skulu tekjur Erfðafjársjóðs af erfðafjárskatti á árinu 1980 ekki fara fram úr 327 300 þús. kr. Það sem umfram kann að innheimtast á árinu 1980 af erfðafjárskatti rennur í ríkissjóð.

23. gr.

Þrátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs á árinu 1980 eigi fara fram úr 125 062 þús. kr.

24. gr.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 25. gr. 6. kafla laga nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra eigi fara fram úr 1 060 m.kr. á árinu 1980.

25. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. 20. gr. hafnarlaga nr. 45/1973 skal framlag ríkissjóðs til Hafnarbótasjóðs á árinu 1980 ekki fara fram úr 190 120 þús. kr.

26. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, sbr. 8. gr. sömu laga, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs ekki fara fram úr 251 100 þús. kr. á árinu 1980.

27. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 8. gr. og 25. gr. laga nr. 60/1976, um skipulag ferðamála, skal ráðstöfunarfé til ferðamála af sérstöku gjaldi skv. 8. gr. laganna og framlagi úr ríkissjóði skv. 25. gr. laganna á árinu 1980 eigi fara fram úr 30% af skilafé Fríhafnarinnar til ríkissjóðs, að viðbættum 27 m.kr. til Ferðamálasjóðs. Kostnaður af starfsemi Ferðamálaráðs skal greiddur af þeim hluta skilafjár Fríhafnarinnar er fellur til ráðsins.

28. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán ríkissjóðs, þar sem lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánum. Jafnframt er Landsvirkjun veitt heimild til lántöku í sama tilgangi. Skal ráðherra og stjórn Landsvirkjunar hafa samráð við fjárveitinganefnd áður en til lántöku kemur samkvæmt þessari grein.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku láns eða lána, sem endurgreiða má fyrir gjalddaga (veltilán), er honum heimilt að nýta sömu heimild til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um veltilánið falli úr gildi, enda sé ekki dregið á lánssamninginn að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

29. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að lækka áformuð lánsfjármögnuð útgjöld fyrirtækja og stofnana í B-hluta fjárlaga um 2 612 millj. kr. á árinu 1980.

30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 619. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin fjallaði um frv. í samvinnu við nefnd Nd.

Í nefndinni komu fram ýmsar efasemdir um ýmis ákvæði frumvarpsins og ábendingar um viðbótarákvæði. Þótt einstakir nefndarmenn telji að nauðsynlegt hefði verið að taka frv. til gagngerðrar endurskoðunar er nefndin sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt, enda verði unnið að endurskoðun laganna með sérstöku tilliti til efnisþátta sem koma fram á þskj. 112 og 157.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur og fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Kjartan Jóhannsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. maí 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm.	Lárus Jónsson, með fyrirvara.	Ey. Kon. Jónsson, með fyrirvara.
Þorv. Garðar Kristjánsson, með fyrirvara.	Guðm. Bjarnason.	Davíð Aðalsteinsson.

Ed. 620. Breytingartillögur [160. mál]

við frv. til l. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni og Lárusi Jónssyni.

1. Ný grein komi, er verði 5. gr. og orðist svo:
   Olíustyrkir skulu enn fremur greiddir þessum aðilum:
   1. Þeim sem nota olíu til upphitunar atvinnuhúsnæðis.
   2. Skólum og öðrum menningarstofnunum, sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum og dvalarheimilum fyrir aldraða og unga.
   3. Þeim sem ekki eiga kost á raforku frá samveitu og verða að leysa raforkuþörf sína með rekstri dísilstöðva.
   4. Hitaveitum, sem nota olíu sem orkugjafa, og rafveitum, sem nota olíu til framleiðslu rafmagns og upphitunar húsa.

   Í reglugerð skal kveða á um með hverjum hætti skal ákveða upphæð styrkja samkvæmt þessari grein. Skal þá miða við að olía verði í hverju tilfelli greidd niður sem mest að sama hundraðshluta og nemur meðalniðurgreiðslum samkvæmt 4. gr.
2. Við 7. gr. Greinin falli niður.
3. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Iðnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

Ed. 621. Breytingartillögur [160. mál]

við frv. til laga um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Frá Agli Jónssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Lárusi Jónssyni og Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Við 4. gr. Ný málsgrein komi er verði 5. mgr. og orðist svo:
   Þá skal enn fremur greiða styrk vegna skólahúsnæðis, sem hitað er með olíu, er nema skal 465 kr. á hvern rúmmetra upphitaðs húsrýmis. Styrkur til heimavistarhúsrýmis, vegna skólahalds, má nema 930 kr. á hvern rúmmetra.
2. Við 7. gr. a-liður orðist svo:
   Að greiða styrk vegna heilsugæslustöðva er nema má 465 kr. á hvern rúmmetra upphitaðs húsrýmis.

Sþ. 622. Þingsályktun [15. mál]

um málefni hreyfihamlaðra.

(Afgreidd frá Nd. 22. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera úttekt á nauðsynlegum endurbótum á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang og verði gerð kostnaðaráætlun um þau verkefni sem brýnust þykja. Skal í þessum efnum haft samráð við Ferlinefnd fatlaðra. Úttektin skal lögð fyrir Alþingi.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um fastan tekjustofn í því að tryggja nægilegt fjármagn til framkvæmda, þannig að á næsta ári verði hægt að hefjast handa um breytingar á húsnæði svo sem þingsályktun þessi gerir ráð fyrir.

Ed. 623. Breytingartillaga [160. mál]

við frv. til l. um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

Frá Lárusi Jónssyni.

Við 7. gr. bætist stafliður d:

Heimilt er einnig að greiða dvalarheimilum aldraðra og ungra olíustyrki, sbr. reglur um skólahúsnæði skv. a-lið þessarar greinar.

Ed. 624. Lög [160. mál]

um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar.

(Afgreidd frá Ed. 22. maí.)

Samhljóða þskj. 601 (sbr. 339).

Ed. 625. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 23 19. júní 1922, um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má að farist hafi af slysum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og fengið til viðræðna Baldur Möller ráðuneytisstjóra í dómsmálaráðuneytinu. Benti hann á að varhugavert gæti verið að setja svo stutta fresti sem fram kemur í 4. og 5. gr. frv. Jafnframt upplýsti hann að verið er að vinna að endurskoðun laganna.

Nefndin er sammála um að leggja til að fella niður 4. og 5. gr. frv., gerir tillögu um það á sérstöku þingskjali, og mælir með samþykkt frv. þannig breytts.

Alþingi, 22. maí 1980.

Salome Þorkelsdóttir, form., frsm. Jón Helgason. Egill Jónsson.
Ey. Kon. Jónsson. Eiður Guðnason. Stefán Jónsson.
Stefán Guðmundsson.

Ed. 626. Breytingartillaga [123. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 23 19. júní 1922, um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má að farist hafi af slysum.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 4. gr. Greinin falli niður.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 627. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið í samstarfi með fjárhags- og viðskiptanefnd Nd.

Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á því í Nd.

Davíð Aðalsteinsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. maí 1980.

Ólafur Ragnar Grímsson, form., frsm. Guðm. Bjarnason.

Ed. 628. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Megineinkenni frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980 eru:

1) Heildarfjárfesting er aukin og áætlast 26½% af þjóðarframleiðslu.
2) Opinberar framkvæmdir aukast að magni til um 21.3%.
3) Samdráttur verður í heild á framkvæmdum á vegum atvinnuvega og einkaaðila.
4) Innlendar lántökur til opinberra aðila þrefaldast í krónutölu miðað við bráðabirgðatölur 1979.
5) Erlendar lántökur aukast um 39.2 milljarða króna eða 7% af áætluðum útflutningstekjum þrátt fyrir hagræðingu á tölum vegna frestunar á lántöku og greiðslu lána vegna ýmissa framkvæmda til 1981.
6) Greiðslubyrði erlendra lána verður á næsta ári skv. bréfi Seðlabankans til fjárhags- og viðskiptanefnda 18% af áætluðum útflutningstekjum. Þetta hlutfall var 13.3% 1978.

Heildarfjárfesting skv. þessum lánsfjárlögum breytist þannig frá fyrra ári að magni til:

	Magnbreyting fjárfestingar %
1. Atvinnuvegir	÷ 3.6%
2. Íbúðarhús	÷ 3.1%
3. Opinberar framkvæmdir	+ 21.3%
Heildarbreyting	+ 4.7%

Lántökur innlendra og erlendra lána til opinberra framkvæmda eru áformaðar sem hér segir í samanburði við bráðabirgðatölur frá árinu 1979 (sjá töflu 6 á bls. 36 í skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980):

	1979 Bráðab.tölur m.kr.	1980 Lánsfjárlög m.kr.	Hækkun %
innlend lántaka	8 059	24 038	198.3%
erlendar lántökur	30 354	49 795	64.0%
Samtals	38 413	73 833	92.2%
þar af til framkvæmda skv. A- og B-hluta ríkisreiknings	22 500	35 385	57.3%

Þótt beitt sé ýmsum bókhaldsbrögðum í þessari lánsfjáráætlun til „frestunar“ á lántökum hækka erlendar lántökur mjög. Í ljósi þeirrar þróunar, sem er á lánskjörum á erlendum fjármagnsmörkuðum, er rík ástæða til að gjalda varhug við hvert stefnir á þessu sviði.

Löng erlend lán námu 335 milljörðum króna í árslok 1979. Greiðslubyrði erlendra lána hefur verið sem hér segir sem hlutfall af útflutningstekjum:

1976	13.8%
1977	13.7%
1978	13.3%
1979	14.2% áætlað
1980	16—17% áætlað
1981	18% áætlun Seðlabankans

Hér er augljóslega um varhugaverða þróun að ræða. Útflutningstekjur eru hér áætlaðar miðað við metafla þann sem nú er og hæsta verð á útflutningsmörkuðum.

Á það er einnig að líta að erlendar lántökur hafa yfirleitt farið fram úr áætlun lánsfjárlaga. Á árinu 1978 fóru þær 13.1 milljarð fram úr áætlun og 1979 14.8 milljarða. Í þessum lánsfjárlögum er greinilega ýmsum vanda skotið á frest sem verða mun til þess að auka erlendar lántökur fram yfir lánsfjárlög, ef að líkum lætur og ekki verða skornar niður áformaðar framkvæmdir á einhverjum sviðum.

Stefna þessa frv. til lánsfjárlaga er skýr. Ríkisumsvif eru stóraukin á kostnað heimila og atvinnuvega. Lánsfjármagnið er tekið úr atvinnulífinu og því beint til opinberra viðfangsefna. Þrátt fyrir gífurlega aukna skattheimtu eru tekin lán til ýmissa framkvæmda sem áður voru fjármagnaðar með skatttekjum, t. d. vegamála. Þannig er eyðslustefnan í ríkisfjármálum allsráðandi og hún látin stjórna skattheimtu og lántökum ríkisins.

Eyðslufjárlög ríkisstjórnarinnar, sem afgreidd voru fyrir páska, og þensluláns-fjárlög þau, sem nú eru til afgreiðslu um hvítasunnu, magna þá gífurlegu verðbólgu sem ríkir í landinu. Í stað aðhalds á þessum sviðum ríkisfjármála og peningamála, skattalækkunar og takmarkaðrar lántöku á tímum, sem þjóðartekjur rýrna fremur en hitt, fer ríkisstjórnin þveröfuga leið. Sú þenslu- og eyðslustefna leiðir til vaxandi viðskiptahalla við útlönd, svo sem spáð er af Þjóðhagsstofnun, og stóraukinnar verðbólgu.

Alþingi, 28. maí 1980.

Lárus Jónsson, frsm. Þorv. Garðar Kristjánsson. Ey. Kon. Jónsson.

Ed. 629. Nefndarálit [180. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Lánsfjárlög og lánsfjáráætlun eiga að sýna stefnu ríkisstjórnar í fjárfestingarmálum og peningamálum.

Fyrirliggjandi lánsfjáráætlun og frumvarp til lánsfjárlaga einkennast af verulegri aukningu heildarfjárfestingar og erlendra skulda, sérstakri hækkun fjárfestingar hins opinbera, en samdrætti í fjármunamyndun og uppbyggingu atvinnuveganna. Um raunverulega peningamálastjórn verður hins vegar lítið ráðið af þessum gögnum annað en það, að ætlunin sé að mjólka bankakerfið og lífeyrissjóði til að standa undir almennum opinberum umsvifum í fjárfestingu.

Peningamál og lánsfjármarkaður.

Fátt er nauðsynlegra í íslensku efnahagslífi en styrk og sanngjörn peningamálastjórn og aukinn innlendur sparnaður. Þetta er nauðsynlegt til að ná jafnvægi í efnahagslífi og hamla gegn verðbólgu. Einn mikilvægasti þáttur slíkrar peningamálastjórnar er jákvæð raunávöxtun og verðtrygging sparifjár. Þau spor, sem stigin voru á s. l. ári í þessa átt, lofuðu góðu. Flótti ríkisstjórnarinnar frá verðtryggingu sparifjár hefur hins vegar haft þau áhrif, að almennur sparnaður hefur stórminnkað og fé streymir nú út úr bönkunum, þrátt fyrir góð aflabrögð og miklar gjaldeyristekjur. Jafnframt hefur ríkisstjórnin með þessu háttalagi prettað sparifjáreigendur.

Við þessar aðstæður, sem einkennast af fjárflótta úr bankakerfinu, er kaldhæðnislegt að ríkisstjórnin skuli ætla sér skv. lánsfjáráætlun sinni að draga til sín í opinber umsvif 20.4 milljarða króna út úr bankakerfinu, sem er 124% aukning frá fyrra

ári. Afleiðingin af þessari stefnu við minnkandi sparnað og þar með útlánagetu bankakerfisins er augljós. Afleiðingin mun birtast í minnkandi útlánum til almennings, sem þarf á fyrirgreiðslu að halda vegna stundarvanda, íbúðarkaupa, húsbygginga ellegar til að standa undir skattaáþján ríkisstjórnarinnar. Stefna ríkisstjórnarinnar í peningamálum einkennist þannig af þrennu:

1. Svikum við sparifjáreigendur.
2. Þurraustri bankakerfis í eigin umsvif ríkisins.
3. Niðurskurði á lánsfjármöguleikum alþýðu til að greiða úr stundarvanda í lífskjarabaráttu við rýrnandi kjör, m. a. vegna skattastefnu ríkisstjórnarinnar.

Alþýðuflokkurinn hefur lagt ríka áherslu á jákvæða raunvaxtastefnu og verðtryggingu sparifjár og annarra verðskuldbindinga. Ríkisstjórn Alþýðuflokksins hækkaði innlánsvexti um 4% hinn 1. des. s. l. jafnframt því sem gróði bankanna var skorinn niður um 1½% til hags fyrir sparifjáreigendur. Á þessum aðfangadegi kosninga hafði enginn hinna flokkanna neina stefnu í vaxtamálum og fulltrúar þeirra í bankaráði Seðlabankans fundu hver um sig sína afsökun fyrir stefnuleysi og meðmælum með algjöru aðgerðaleysi í vaxtamálunum.

Jafnframt þessari ákvörðun ríkisstjórnar Alþýðuflokksins um vaxtahækkun 1. des. s. l. var svo gerð atrenna að fjórum öðrum þáttum peningamálastjórnar, sem Alþýðuflokkurinn telur ófrávíkjanlega þætti raunhæfrar raunvaxtastefnu, en ekki hefur verið sinnt sem skyldi, hvorki fyrr né síðar.

1) Viðskiptabönkunum var gert að **kynna almenningi hverra lánskjara þeir ættu kost**, og voru þá birtar nokkrar auglýsingar frá þeim um þetta efni, sem hafa ekki sést síðan ný ríkisstjórn tók við völdum. Alkunna er þó, að almenningur hefur of litla hugmynd um þessi atriði, og væri því ástæða til að leggja sérstaka upplýsingaskyldu á bankana varðandi lánakjör.

2) Því var beint til bankanna að gera sérstakt átak til að **lengja lánstíma** hjá lántakendum og létta þannig greiðslubyrði þeirra. Augljóslega er slík lenging lánanna og jöfnun greiðslubyrði forsenda þess, að alþýðuheimili, sem þurfa á lánum að halda, geti risið undir þeirri vaxtahækkun sem raunvaxtastefna og verðtrygging fjárskuldbindinga fela í sér við ríkjandi aðstæður. Viðskiptaráðherrar úr röðum Alþýðubandalags og Framsóknarflokks virðast þó ekki hafa skynjað þessa hlið málsins, a. m. k. verður ekki annað séð af aðgerðarleysi og áhugaleysi þeirra á þessu sviði.

3) Til þess að tryggja hag útflutningsatvinnuvega var því beint til viðskiptabankanna, að hlutfall þeirra lána, sem þeir bæta við endurkaupanleg **lán út á útflutningsafurðir, verði rýmkað** um sem svarar 2% af endurkaupanlegu lánunum og jafnframt að þau fylgi jafnan uppfærðu andvirði endurkaupanlegu lánanna.

4) Því var beint til Seðlabankans að koma því í kring með sérstakri könnun að innlánsstofnanir greiði viðskiptavinum sínum **vexti af innstæðum mánaðarlega.** Með þessu móti væri komið til móts við sparifjáreigendur í þeirri verðbólgu sem nú geisar, þannig að þeim væri raunveruleg peningainneign tiltæk á hverjum tíma, en vaxtahluti hennar ekki frystur til eins árs eins og nú tíðkast. Ekki heldur í þessu réttlætismáli hefur heyrst hósti né stuna frá núverandi ríkisstjórn fram að þessu.

Í fylgiritum eru birt fáein bréf sem fóru frá ríkisstjórn Alþýðuflokksins til Seðlabanka og til viðskiptabankanna um þessi mál. Í fylgiriti I er bréf til Seðlabanka Íslands til staðfestingar á ósk bankastjórnar (en ekki bankaráðs, sem skipað er fulltrúum Alþýðubandalags, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks) um vaxtahækkun, og er þar greint frá nauðsyn þess að lengja lánstíma og kynna almenningi lánskjör. Í fylgiriti II er bréf til viðskiptabankanna af þessu tilefni þar sem þessi mál eru reifuð nánar. Í fylgiriti III er bréf til Seðlabankans þar sem fjallað er um mánaðarlega útgreiðslu vaxta af sparifé. Í fylgiriti IV er síðan bréf til Seðlabanka Íslands, dags. 8. jan. 1980, þar sem meginviðhorf eru ítrekuð.

Ríkisstjórn Alþýðuflokksins vann þannig að því að koma jöfnum höndum til móts við hag sparifjáreigenda og þarfir lántakenda um jöfnun greiðslubyrði og koma á skipulegri verðtryggingu lánsfjár og sparifjár og renna þannig stoðum undir aukinn innlendan sparnað. Þessi leið er hin eina mögulega til að efla innlendan lánsfjármarkað og koma á heilbrigðu peningamálakerfi. Núverandi ríkisstjórn hefur hins vegar fylgt öndverðri stefnu. Af því hefur þegar hlotist tjón sem erfitt verður úr að bæta, því að trausti sparifjáreigenda á stefnu og aðgerðum hins opinbera hefur verið spillt. Slíkt traust verður torvelt að endurheimta. Áform ríkisstjórnarinnar um innlenda lánsfjáröflun úr bankakerfinu til opinberra umsvifa fá á hinn bóginn trauðla staðist nema á kostnað lánafyrirgreiðslu til almennings í þessu landi.

Fjárfestingarstefna.

Samkvæmt áætlunum ríkisstjórnarinnar á heildarfjárfesting í landinu að aukast úr 25.3% af vergri þjóðarframleiðslu á s. l. ári í 26.6%. Þessa aukningu má vega á móti ráðstöfunartekjum heimilanna. Ef fjárfestingu hefði verið haldið sem óbreyttum hluta af þjóðartekjum milli ára, hefði verið unnt að auka ráðstöfunarfé heimilanna um 16 milljarða miðað við þann viðskiptajöfnuð, sem ríkisstjórnin miðar við í áætlunum sínum. Aukning fjárfestingarinnar mun reyndar hafa verðbólguhvetjandi áhrif, þrátt fyrir allt hjal ríkisstjórnarinnar um niðurtalningu verðbólgu. Með þessum hætti vinnur ríkisstjórnin þannig gegn því í reynd, sem hún boðar í orði — eins og reyndar á við á fleiri sviðum.

Alþýðuflokkurinn telur að setja verði heildarumsvifum í þjóðfélaginu fastákveðin, hæfileg mörk, ef takast eigi að ná jafnvægi í efnahagsmálum. Fjárlög og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar samrýmast ekki skynsamlegu aðhaldi í þessum efnum. Aðhaldshjal ríkisstjórnarinnar beinist því greinilega að öllum öðrum en henni sjálfri. Hún ætlar sér sífellt meira í eigin hlut, en krefst aðhalds af öðrum. Þess getur hún ekki vænst meðan hún stundar óhefta aðdrætti til sín í sköttum, í verðlagi á opinberri þjónustu og í lánsfjáráætlun. Umsvif þau, sem birtast í lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar, einkennast af þrennu:

1) Svo miklum heildarumsvifum, að þau munu auka á verðbólguþrýsting á sama tíma og ríkisstjórnin boðar hið gagnstæða í orði.
2) Sérdrægni sjálfri sér til handa, sem ómerkir tal ríkisstjórnarinnar um almennt aðhald til að draga úr verðbólgu.
3) Tilflutning á fé í fjárfestingu sem annars gæti nýst til að bæta kjör heimilanna miðað við þann halla á viðskiptum við útlönd sem ríkisstjórnin sættir sig við.

Innan ramma heildarumsvifa fjárfestingar er það meginverkefni ríkisstjórnar að marka stefnuna að því er varðar fjárfestingu í hinum ýmsu þáttum þjóðarbúskaparins. Í þeim efnum á það við að velja og hafna, því að öllum óskum og löngunum verður ekki fullnægt. Í þessu vali birtist þá hvers konar uppbyggingu leggja eigi sérstaka áherslu á. Rangt val fjárfestingar rýrir lífskjörin. Nærtæk eru dæmi um slíkar ríkisstjórnarákvarðanir um fjárfestingu, sem reynst hafa baggi á þjóðinni, og dugir að nefna Króflуævintýrið í því sambandi, þótt vel mætti rekja fleiri dæmi.

Alþýðuflokkurinn hefur lagt megináherslu á að fjárfestingarval væri vel undirbúið og líklegt til að skila góðum arði, sem runnið gæti til þess að bæta kjör launafólks. Í samræmi við þetta hefur Alþýðuflokkurinn bent á fáeinar grundvallarstaðreyndir sem marka verði fjárfestingarstefnuna. Þær eru þessar:

1. Framleiðsla landbúnaðarafurða umfram innanlandsþarfir er þjóðhagslega óhagkvæm, rýrir því lífskjörin og stefnir í reynd kjörum bænda í óvissu.
2. Fiskiskipastóllinn er of stór miðað við afrakstur fiskstofna. Stækkun hans mun rýra afkomu sjómanna, útgerðar og þjóðarinnar allrar.
3. Fiskvinnslan er vanvædd tæknilega. Í tæknilegum framförum í henni felst einhver arðvænlegasti vaxtarbroddur íslensks efnahagslífs og þar með lífskjara-

bóta fyrir Íslendinga. Þar á ofan ríður mikið á því, til að tryggja markaði okkar, að Íslendingar séu í fararbroddi annarra þjóða í verkun fisks, tæknilega, gæðalega og kostnaðarlega.

4. Íslenskur iðnaður er vanþróaður. Uppbygging hans og skipuleg framleiðniaukning mun skila ríkulegum ávexti.

Þessi verða að vera meginatriði fjárfestingarstefnu, ef ná á raunhæfum árangri í endurreisn efnahagslífsins og skapa þannig grundvöll að lífskjarabótum. Áform ríkisstjórnarinnar samrýmast ekki þessum markmiðum.

1. Samkvæmt lánsfjáráætlun sinni gerir ríkisstjórnin ráð fyrir 14.8 milljarða fjárfestingu í landbúnaði. Slík fjárfesting í framleiðsluaukningu mun engum þjóðhagslegum arði skila, heldur einungis verða til að auka enn á vandann í greininni og rýra lífskjör þjóðarinnar.
2. Nýlegar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar fela í sér að enn verði fiskiskipastóllinn aukinn með fiskiskipainnflutningi, sem hafði þó áður verið stöðvaður. Um þetta atriði er lánsfjáráætlunin reyndar óraunhæf, því að hún sýnir ekki þessa stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar. Engu að síður er ljóst að stefna ríkisstjórnarinnar í þessu efni er til óheilla. Aukning fiskiskipastólsins samkv. stefnuákvörðunum ríkisstjórnarinnar mun bitna á afkomu sjómanna, útgerðar og þjóðarinnar allrar, því að sífellt minna kemur í hvern hlut, þegar skipastóllinn vex, en tilkostnaður veiðanna eykst á hinn bóginn.
3. Á s. l. ári tókst að auka fjárfestingu í fiskvinnslunni um 20%. Þessi fjárfesting var ekki síst í tæknilegum endurbótum. Tókst þannig að marka nýja braut í þessum efnum, og vafalaust er það meginmál til að styrkja stöðu þjóðarbúsins að áfram verði haldið á þessari framfarabraut. Skv. áformum ríkisstjórnarinnar er þó öld snúin, því að hún ætlar fjárfestingu í fiskiðnaði að standa í stað þrátt fyrir öll fyrirheitin um framleiðniaukningu í fiskiðnaði. Sannast hér enn að sitthvað eru orð og efndir hjá núverandi ríkisstjórn.
4. Ekki er sjáanlegt neitt átak til framleiðniaukningar í íslenskum iðnaði skv. áformum ríkisstjórnarinnar. Almennum iðnaði er ekki ætlað að auka fjárfestingu sína nema um 3%. Þannig verður ekki séð að ætlunin sé að efla iðnaðinn neitt sérstaklega.

Af framansögðu er ljóst, að stefna ríkisstjórnarinnar er í grundvallaratriðum röng, og Alþýðuflokkurinn telur að meginstefnubreyting þurfi að eiga sér stað í peningamálum og fjárfestingarmálum. Þeirri breytingu verður ekki náð fram með breytingum á lánsfjárlögunum einum, og sjá þingmenn Alþýðuflokksins því ekki ástæðu til þess nú að flytja breytingartillögur við frumvarp til lánsfjárlaga.

Alþingi, 28. maí 1980.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Fylgirit I.

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

29. nóvember 1979.

Í tilefni af bréfi Seðlabankans, dags. 27. nóvember 1979, þar sem fram kemur, að bankastjórnin hafi orðið sammála um, að innlánsvextir hækki um 4%, en útlánsvextir um 2½% hinn 1. desember n. k., vill ríkisstjórnin taka eftirfarandi fram:

Ríkisstjórnin leggur á það ríka áherslu, að samhliða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár verði lánstími almennt lengdur í þeim tilgangi að létta greiðslubyrði lánþega framan af lánstímanum og jafna henni í heild yfir lengra tímabil.

Ríkisstjórnin er sammála bankastjórninni um það, að samhliða vaxtaákvörðunum, sem miða að verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, eigi að draga úr bilinu á milli útláns- og innlánsvaxta, og telur því, að 4½% hækkun innlánsvaxta eigi að koma þegar til framkvæmda. Að því er varðar vaxtahækkun um 2½% til viðbótar, bæði á útlán og innlán, eins og bankastjórnin hefur lagt til, getur ríkisstjórnin fallist á þessa breytingu, enda verði nú gerð gangskör að því að setja almennar reglur um lengingu lánstíma, sbr. lög nr. 13 frá 10. apríl 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., og jafnframt verði tekið ákveðið skref til lengingar lánstíma í tengslum við vaxtabreytinguna 1. desember n. k.

Um þetta atriði og önnur, er varða framkvæmd lánskjarastefnu fyrrgreindra laga, vísast einnig til bréfaskipta Seðlabankans og stjórnar Sambands ísl. viðskiptabanka, dags. 28. þ. m., og jákvæðra undirtekta sambandsstjórnarinnar við tilmælum viðskiptaráðherra um lengingu lánstíma, um framkvæmd viðbótarlánveitinga út á útflutningsafurðir og um kynningu á lánskjörum með auglýsingum í fjölmiðlum.

Ríkisstjórnin leggur sérstaka áherslu á það, að samvinnunefnd banka og sparisjóða kynni rækilega með auglýsingum og öðrum hætti þá lánamöguleika, sem bankar og sparisjóðir bjóða upp á, einkum að því er varðar lengingu lána og dreifingu greiðslubyrði af eldri lánum með því að dreifa verðbótaþætti vaxta yfir lánstímann.

Viðskiptaráðherra hefur einnig ritað Sambandi ísl. viðskiptabanka bréf til þess að ítreka framangreind sjónarmið varðandi framkvæmd lánskjarastefnunnar og fylgir ljósrit af því með þessu bréfi.

Kjartan Jóhannsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Seðlabanki Íslands
Reykjavík

Fylgirit II.

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

29. nóvember 1979.

Í framhaldi af bréfaskiptum Seðlabankans og yðar um framkvæmd lánskjarastefnunnar skv. lögum nr. 13/1979 í tengslum við vaxtabreytinguna hinn 1. desember n. k. og með vísun til jákvæðra undirtekta yðar við tilmælum um lengingu lánstíma, um framkvæmd viðbótarlánveitinga út á útflutningsafurðir og um kynningu á lánskjörum með auglýsingum í fjölmiðlum, bendir ráðuneytið á nauðsyn þess, að jafnhliða verðtryggingaráfanganum, sem þá verður framkvæmdur, verði stigið ákveðið skref til lengingar lánstíma. Viðmiðun í þessu sambandi gæti verið um það bil þriðjungs lenging lánstíma á algengustu lánum í útlánum viðskiptabankanna, vitaskuld eftir nánara samkomulagi við einstaka viðskiptamenn. Ráðuneytið ítrekar að vaxtabreytingin er að þessu sinni beinlínis á því byggð, að almenn lánalenging fylgi skv. 33. gr. laga nr. 13/1979, eins og fram kemur í bréfi ríkisstjórnarinnar til Seðlabankans, dags. í dag. Enn fremur beinir ráðuneytið því til viðskiptabankanna, að hlutfall þeirra lána, sem þeir bæta við endurkaupanleg lán út á útflutningsafurðir, verði rýmkað um sem svarar 2% af endurkaupanlegu lánunum og jafnframt að þau fylgi jafnan uppfærðu andvirði endurkaupanlegu lánanna.

Loks ítrekar ráðuneytið að hin nýju lánskjör verði kynnt rækilega bæði með auglýsingum og öðrum hætti, einkum þannig að möguleikar til lengingar lána og dreifingar á greiðslubyrði verði almennt kunnir, svo og möguleikar til að semja um tíðari gjalddaga á nýjum lánum en nú tíðkast, svo sem ársfjórðungs- eða mánaðarlega.

Með vísun til svars yðar við bréfi Seðlabankans um framangreind málefni væntir ráðuneytið skjótra aðgerða af hálfu viðskiptabankanna.

Kjartan Jóhannsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Til
Sambands ísl. viðskiptabanka

Fylgirit III.

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

29. nóvember 1979.

Ráðuneytið óskar hér með eftir því, að Seðlabankinn kanni í samráði við viðskiptabanka og aðrar innlánsstofnanir möguleika á því, að innlánsstofnanir gefi viðskiptavinum sínum kost á að fá vexti af innstæðum greidda í byrjun hvers mánaðar og vaxtakjörin við það miðuð að ársávöxtun verði hin sama, hvort sem greitt er árlega eða mánaðarlega.

Þess er óskað að könnun þessari verði hraðað.

Kjartan Jóhannsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Seðlabanki Íslands
Reykjavík.

Fylgirit IV.

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

8. janúar 1980.

Með bréfi hinn 29. nóvember 1979 féllst ríkisstjórnin á vaxtaákvarðanir Seðlabankans, sem tóku gildi hinn 1. desember s. l. Samþykki ríkisstjórnarinnar var við það bundið, eins og skýrt kom fram í bréfinu, að gerð yrði gangskör að því að setja almennar reglur um lengingu lánstíma og að fyrsta skrefið í þessa átt yrði tekið í tengslum við vaxtahækkanir 1. desember 1979. Um þetta efni og önnur atriði, er varða framkvæmd lánskjarastefnunnar, er einnig vísað til bréfaskipta við Samband íslenskra viðskiptabanka 28. og 29. nóvember 1979. Þá óskaði ráðuneytið sérstaklega eftir því við Seðlabankann með bréfi 29. nóvember 1979, að kannaðir yrðu möguleikar á því að innlánsstofnanir gefi viðskiptamönnum kost á að fá vexti af

innstæðum greidda mánaðarlega. Ráðuneytið óskar hér með eftir greinargerð frá Seðlabankanum um stöðu þessara mála og um framkvæmd lánskjarastefnunnar, ásamt tillögum bankans um framhald aðgerða á þessu sviði.

Einkum eru það fjögur atriði, sem óskast upplýst:

1. Almennar reglur um lengingu lánstíma í tengslum við útbreiðslu verðtryggingarákvæða.
2. Hvernig var lengingu lánstíma háttað, sérstaklega í tengslum við vaxtaákvarðanir 1. desember 1979?
3. Tíðari reikningur og færsla vaxta á innstæður í innlánsstofnunum.
4. Almenn kynning hinna nýju lánskjara skv. lögum nr. 13/1979.

Ráðuneytið bendir á, að æskilegt sé að tengja þessa þætti í framkvæmd lánskjarastefnunnar við gerð peningamálaáætlana skv. 29. gr. laga nr. 13/1979 og lánsfjáráætlunar fyrir 1980.

Kjartan Jóhannsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

Seðlabanki Íslands
Reykjavík.

Ed. 630. Breytingartillaga [180. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni og Lárusi Jónssyni.

Við 29. gr. Til viðbótar komi:
Heimild þessi nær ekki til útgjalda vegna Vesturlínu.

Nd. 631. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það liggur fyrir eftir afgreiðslu í efri deild.

Guðmundur G. Þórarinsson var fjarstaddur.

Alþingi, 28. maí 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir, form.	Jóhann Einvarðsson, fundaskr.	Guðrún Helgadóttir, frsm.
Matthías Bjarnason.	Jósef H. Þorgeirsson.	Pétur Sigurðsson.

Ed. 632. Frumvarp til laga [123. mál]

um breyting á lögum nr. 23 19. júní 1922, um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má að farist hafi af slysum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. maí.)

1. gr.

Í stað „liðnir eru 6 mánuðir“ í 1. gr. laganna komi: liðinn er einn mánuður.

2. gr.

Í stað „liðnir eru að minnsta kosti 6 mánuðir“ í 2. gr. laganna komi: liðinn er að minnsta kosti einn mánuður.

3. gr.

Í stað „6 mánuði“ í 3. gr. laganna komi: einn mánuð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 633. Lög [6. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald.

(Afgreidd frá Ed. 28. maí.)

Samhljóða þskj. 440 (sbr. 6).

Nd. 634. Breytingartillaga [194. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta.

Frá fjármálaráðherra.

2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Við a-lið 25. gr. laganna bætist:

Við ákvörðun framlags úr ríkissjóði til sjóðsins skal taka tillit til þess að sjóðnum er ætlað að veita styrki til sjálfseignarstofnana og vistheimila, sbr. 3. mgr. 24. gr. laganna, og ber í fjárlögum að ætla sérgreint framlag til þessara verkefna, þannig að það komi til viðbótar við framlög til sjóðsins samkvæmt 1. og 2. málslið.

Nd. 635. Lög [123. mál]

um breyting á lögum nr. 23 19. júní 1922, um sönnun fyrir dauða manna, sem ætla má að hafi farist af slysum.

(Afgreidd frá Nd. 28. maí.)

Samhljóða þskj. 632.

Nd. 636. Lög [182. mál]

um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

(Afgreidd frá Nd. 28. maí.)

Samhljóða þskj. 599 (sbr. 420).

Nd. 637. Framhaldsnefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá félagsmálanefnd.

Hinn 23. maí fór félagsmálanefnd þess á leit við Þjóðhagsstofnun að hún gerði áætlun um tekjustofna og fjárþörf Húsnæðisstofnunar ríkisins í samræmi við ákveðnar forsendur. Nú hefur nefndinni borist fyrsti hluti útreikninga, sem hún telur rétt að birta sem fylgiskjal með framhaldsnefndaráliti.

Alþingi, 29. maí 1980.

Alexander Stefánsson, form., frsm.
Friðrik Sophusson, fundaskr.
Guðmundur J. Guðmundsson.
Eggert Haukdal.
Jóhanna Sigurðardóttir.
Steinþór Gestsson.
Jóhann Einvarðsson.

Fylgiskjal.

28. maí 1980.

Til Alexanders Stefánssonar, formanns félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Frá Hallgrími Snorrasyni.

Efni: Útreikningar varðandi frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Með bréfi 23. maí 1980 fóruð þér þess á leit að gerðir yrðu frekari útreikningar varðandi tekjustofna og fjárþörf Húsnæðisstofnunar ríkisins en þeir sem nefndin hafði áður fengið. Skyldu reikningar þessir gerðir í samræmi við ákveðnar spurningar og forsendur, sem bréfinu fylgdu á tveimur blöðum.

Hér með fylgir fyrsti hluti þessara reikninga, sem ég hef samið ásamt Sigurði B. Stefánssyni, hagfræðingi. Reikningarnir eru settir fram í tveimur töflum, en jafnframt gerð grein fyrir helstu forsendum og álitamálum í þessum dæmum. Í þessum áfanga hafa verið reiknuð tvö dæmi þar sem reynt er að sýna mynd af mögulegu fjárstreymi Byggingarsjóðs ríkisins næstu 20 árin miðað við að framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs svari til núgildandi byggingarsjóðsgjalda af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum svo og annars vegar 1% launaskatts og hins vegar 2% launaskatts. Er þá miðað við ákveðnar forsendur um íbúðabyggingar svipaðar þeim, sem áður hefur verið reiknað með (sbr. orðsendingu HS til félagsmálaráðherra 2. apríl s. l.) og gert ráð fyrir, að öll fjárþörf umfram óafturkræf framlög, tekjur sjóðsins af eigin fé og venjubundnar lántökur af skyldusparnaðarfé og hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, verði leyst með lántökum hjá lífeyrissjóðum á sömu kjörum og nú er. Niðurstöður dæmanna koma því fram sem mismiklar lántökur hjá lífeyrissjóðum svo og mismiklar endurgreiðslur þeirra lána.

Forsendur og athugasemdir.

I. Útlán.

1. Gert er ráð fyrir að alls verði veitt lán til byggingar 2000 íbúða á ári, sem skiptist á sjóði sem hér segir:

	Byggingarsjóður verkamanna	Byggingarsjóður ríkisins
1981	400	1600
1982	500	1500
1983 og síðar	600	1400

2. Forsendur um fjárhæð nýbyggingarlána, lánshlutföll og hækkun þess eru óbreyttar frá reikningum 2. apríl s. l.
3. Forsendur um önnur föst lán eru reistar á áætlun Húsnæðismálastofnunar fyrir árið 1980, lánin eru síðan aukin hægt 1981—1984 vegna viðbótarlána til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og nýrra verkefna, en frá 1985 eru lán þessi látin haldast nokkurn veginn óbreytt sem hlutfall af heildarlánum og þar með reiknað með, að hækkun lánshlutfalls komi einnig fram á lánum til kaupa á eldra húsnæði. Nefna má, að á árinu 1981 eru lán til kaupa á eldra húsnæði áætluð 4.8 milljarðar, en önnur lán, þ. á m. viðbótarlán o. þ. h. til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, eru sett 2 milljarðar króna.
4. Lánskjör og lánstími útlána eru í samræmi við ákvæði frv. um Húsnæðisstofnun eins og það er lagt fram í neðri deild Alþingis.

II. Tekjur — innstreymi.

1. Skyldusparnaður árið 1980 er skv. lánsfjáráætlun, en innstreymi hans er síðan ákveðið sem fast hlutfall af þjóðarframleiðslu, sem látin er aukast um 2% á ári að raungildi. Hér er um ágiskun miklu fremur en áætlun að ræða.
2. Framlög ríkis eru byggingarsjóðsgjöld af tekju- og eignarskatti og aðflutningsgjöldum og í dæmi 1 er gert ráð fyrir 1% launaskatti frá og með árinu 1981 en 2% launaskatti í dæmi 2. Miðað er við tölur lánsfjáráætlunar 1980, en síðan er miðað við að tekjustofnar þessir séu óskertir og vaxi með þjóðarframleiðslu.
3. Tekjur af eigin fé eru reiknaðar miðað við lánskjör skv. frumvarpi.
4. Lán frá Atvinnuleysistryggingasjóði eru skv. lánsfjáráætlun á árinu 1980, en eru síðan látin vaxa með þjóðarframleiðslu.
5. Aðrar lántökur koma fram sem afgangsstærð í þessum dæmum.

III. Gjöld — útstreymi.

1. Í skyldusparnaði er miðað við ákvæði frumvarps og giskað á að meðallánstími sé 6—8 ár.
2. Lánskjör hjá Atvinnuleysistryggingasjóði eru höfð hin sömu og á nýbyggingarlánum eins og venja hefur verið.
3. Endurgreiðslur annarra lána eru miðaðar við gildandi kjör lífeyrissjóðslána, þ. e. fulla verðtryggingu, 4% ársvexti og 15 ára lánstíma.

IV. Áætlun áranna 1980 og 1981.

Árið 1980 er ekki reiknað, heldur er farið eftir áætlunum Húsnæðismálastofnunar, þ. m. t. um breytingar framkvæmdalána í föst lán. Uppsetning er þó nokkuð frábrugðin áætlun Húsnæðismálastofnunar. Áætlun um framkvæmdalán og breytingar slíkra lána í föst lán 1981 er gerð í samráði við Húsnæðismálastofnun. Áætlun um nýbyggingarlán 1981 ræðst að hluta af áætluðum greiðslum seinni hluta lána frá árinu 1980. Munur á ráðstöfunarfé og útlánum 1980 stafar af sjóðsaukningu og kaupum á skuldabréfi Framkvæmdasjóðs í samræmi við lánsfjáráætlun.

V. Athugasemdir.

Tekið skal fram, að reikningum þessum er fyrst og fremst ætlað að gefa grófa mynd af mögulegri þróun yfir langt árabil, miklu fremur en að sýna nákvæmar breytingar frá einu ári til annars. Dæmi sem þessi verður að reisa á safni tilbúinna forsendna, sem margar ráða afar miklu um niðurstöður, auk þess sem þær eru umdeilanlegar og hljóta að breytast með tímanum. Meðal þeirra forsendna, sem mestu skipta, er lánsfjárhæð, sem ákvörðuð er sem hlutfall af ágiskuðum byggingarkostnaði meðalstaðalíbúðar á fjárlagaverðlagi 1980, og fjöldi lána á hverju ári. Í því sambandi má telja að forsendurnar um skiptingu lána milli byggingarsjóðanna tveggja séu afar varkárar hvað varðar Byggingarsjóð ríkisins. Gengið er út frá 2000 íbúðalánum á ári og þeim deilt á sjóðina, þannig að Byggingarsjóður verkamanna lánar 400 lán 1981, 500 lán 1982 og 600 lán 1983 og síðar, en Byggingarsjóður ríkisins lánar afganginn. Bæði verður að ætla, að hér sé reiknað með ítrustu eftirspurn eftir lánum úr Byggingarsjóði verkamanna þegar til langs tíma er litið og að einkum sé miðað við of mörg lán þaðan fyrstu árin. Þar með fælist í þessum dæmum vanmat á útlánum og lánsfjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins, en lánsfjárþörf Byggingarsjóðs verkamanna

yrði jafnframt minni sem næmi færri útlánum. Jafnframt er ljóst, að ekki er víst að útlánum úr Byggingarsjóði ríkisins fækki næstu 2—4 árin þótt aukning verði á byggingu „félagslegra“ íbúða og gæti hluti þeirrar aukningar fremur komið fram sem hrein viðbót við íbúðabyggingar á næstunni. Samkvæmt þessu bendir margt til að útlán Byggingarsjóðs ríkisins geti verið nokkuð vanmetin, einkum árin 1983 og 1984.

Auk þessa má t. d. benda á, að miðað er við meðalverðbreytingar frá einu ári til annars þegar afborganir af lánum eru reiknaðar. Lánin miðast hins vegar við þær vísitölur sem í gildi voru þegar þau voru tekin, og getur tímasetning afborgana innan hvers árs því skipt verulegu máli um fjárhæðir á ári hverju, þegar verðbreytingar eru jafnmiklar og verið hafa undanfarin ár.

Loks má nefna, að frá 1981 hefur ekki verið reiknað með sjóðsaukningu, sem kann þó að vera óhjákvæmileg vegna þungra afborgana af lífeyrissjóðslánum strax í byrjun hvers árs, næstu árin a. m. k., í þessu felst því nokkurt vanmat á fjárþörf.

Byggingarsjóður ríkisins 1980—2000

Dæmi 1 um fjárstreymi miðað við 1% launaskatt.

Milljarðar króna á fjárlagaverðlagi 1980.

Innstreymi	1980	1981	1982	1983	1984	1988	1992	1996	2000
Skyldusparnaður	8.5	8.7	8.9	9.0	9.2	10.0	10.8	11.7	12.7
Framlög ríkis	8.7	6.0	6.1	6.2	6.4	6.9	7.5	8.1	8.7
Tekjur af eigin fé	6.3	7.3	8.5	9.7	10.8	16.6	25.2	35.2	45.1
Lán frá Atvinnuleysistr.sj.	2.2	2.3	2.4	2.4	2.5	2.7	2.9	3.1	3.4
Aðrar lántöku (lífeyrissj.)	7.3	11.3	7.0	8.5	10.4	21.2	33.1	35.7	38.4
Samtals	33.0	35.6	32.9	35.8	39.3	57.4	79.5	93.8	108.3
Útstreymi									
Skyldusparnaður	5.5	5.7	6.4	7.0	7.6	9.6	11.3	12.7	14.1
Endurgr. til Atvinnuleysistr.sj.	0.7	0.7	0.8	0.9	1.6	1.4	1.9	2.5	3.1
Endurgr. annarra lána (líf.sj.)	1.9	3.4	4.2	4.8	5.5	9.7	17.6	27.9	39.3
Kostnaður o. fl.	0.5	0.5	0.5	0.5	0.5	0.5	0.5	0.6	0.6
Samtals	8.6	10.3	11.9	13.2	14.6	21.2	31.3	43.7	57.1
Til ráðstöfunar	24.4	25.3	21.0	22.6	24.7	36.2	48.2	50.1	51.2
Ráðstafað	1980	1981	1982	1983	1984	1988	1992	1996	2000
Nýbyggingarlán	8.8	12.7	14.1	15.6	17.4	26.6	36.0	37.2	37.2
Önnur föst lán	6.0	6.8	6.9	7.0	7.3	9.6	12.2	12.9	14.0
Framkvæmdalán	7.5	5.8	—	—	—	—	—	—	—
Samtals	22.3	25.3	21.0	22.6	24.7	36.2	48.2	50.1	51.2

Byggingarsjóður ríkisins 1980—2000

Dæmi 2 um fjárstreymi miðað við 2%launaskatt.

Milljarðar króna á fjárlagaverðlagi 1980.

Innstreymi	1980	1981	1982	1983	1984	1988	1992	1996	2000
Skyldusparnaður	8.5	8.7	8.9	9.0	9.2	10.0	10.8	11.7	12.7
Framlög ríkis	8.7	10.8	11.0	11.2	11.4	12.4	13.4	14.5	15.7
Tekjur af eigin fé	6.3	7.3	8.5	9.7	10.8	16.6	25.2	35.2	45.1
Lán frá Atvinnuleysistr.sj. ...	2.2	2.3	2.4	2.4	2.5	2.7	2.9	3.1	3.4
Aðrar lántökur (lífeyrissj.) ...	7.3	6.5	1.8	2.7	4.2	12.3	20.5	18.2	14.4
Samtals	33.0	35.6	32.6	35.0	38.0	54.0	72.8	82.7	91.0
Útstreymi									
Skyldusparnaður	5.5	5.7	6.4	7.0	7.6	9.6	11.3	12.7	14.1
Endurgr. til Atvinnuleysistr.sj.	0.7	0.7	0.8	0.9	1.0	1.4	1.9	2.5	3.1
Endurgr. annarra lána (líf.sj.)	1.9	3.4	3.9	4.0	4.2	6.3	10.9	16.8	22.0
Kostnaður o. fl.	0.5	0.5	0.5	0.5	0.5	0.5	0.5	0.6	0.6
Samtals	8.6	10.3	11.6	12.4	13.3	17.8	24.6	32.6	39.8
Til ráðstöfunar	24.4	25.3	21.0	22.6	24.7	36.2	48.2	50.1	51.2
Ráðstafað									
Nýbyggingarlán	8.8	12.7	14.1	15.6	17.4	26.6	36.0	37.2	37.2
Önnur föst lán	6.0	6.8	6.9	7.0	7.3	9.6	12.2	12.9	14.0
Framkvæmdalán	7.5	5.8	—	—	—	—	—	—	—
Samtals	22.3	25.3	21.0	22.6	24.7	36.2	48.2	50.1	51.2

Nd. 638. Framhaldsnefndarálit [17. mál]

um frv. til l. um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Í nefndaráliti undirritaðra, sem mynda 2. minni hluta félagsmálanefndar Nd., er á þskj. 609 sagt, að við munum freista þess „að fá fram þær helstu breytingar á frumvarpinu sem nauðsyn krefur, til þess að það geti orðið viðunandi". Þar sem breytingartillögur okkar undirritaðra á þskj. 610 hafa allar verið felldar við 2. umræðu, teljum við eðlilegt að gefa út framhaldsnefndarálit til að gera grein fyrir nýjum upplýsingum, sem félagsmálanefnd hefur fengið í hendur, og eins til að leggja áherslu á nokkur helstu ágreiningsefni frumvarpsins.

Fjármögnun ótrygg.

Allir félagsmálanefndarmenn eru sammála um að fjármögnunargrundvöllur frumvarpsins sé afar veikur. Í nefndaráliti meiri hlutans segir orðrétt:

„Meiri hluta nefndarinnar er fullljóst, að æskilegt hefði verið að fjármögnunarþáttur frv. væri fyrir fram ákveðinn til að ná þessum markmiðum...“

Allt nefndarálit 1. minni hluta (Jóhönnu Sigurðardóttur) er samfelld gagnrýni á það, hvernig staðið er að fjármögnuninni. Í upphafi nefndarálitsins segir:

„Eitt megineinkennið á þessu frv., eins og það kemur breytt frá efri deild, er að mjög mikil óvissa ríkir um fjármögnunarþátt þess — og ekkert liggur fyrir um að hægt sé að standa á viðunandi hátt við þau markmið sem það setur.“

Í nál. 2. minni hl. (undirritaðra) segir:

„Megingalli frumvarpsins er sá, að aukin og ný verkefni eru lögð á íbúðalánakerfið án þess að því sé séð fyrir viðbótarfjármagni til að mæta hinum auknu þörfum.“

Undirritaðir lögðu þess vegna til, að Byggingarsjóðurinn yrði fjármagnaður með 3½% launaskatti, sem lagður er á atvinnureksturinn í þessu skyni.

Nýjar upplýsingar frá Hallgrími Snorrasyni hagfræðingi Þjóðhagsstofnunar sýna, að mikið vantar á, að fjármögnun sé tryggð, og hefur ástandið enn versnað með breytingum, sem gerðar voru í efri deild. Útreikningar Hallgríms og forsendur eru birt í sérstöku nefndaráliti frá félagsmálanefnd.

Hlutfall félagslegra bygginga.

Í frumvarpinu er því slegið föstu, að þriðjungi fjármagnsins, sem skv. frv. á að ganga til húsbygginga, skuli varið til svokallaðs félagslegs þáttar. Slíka lögfestingu á hlutfalli teljum við í fyllsta máta óeðlilega. Sjálfstæðismenn telja, að Byggingarsjóður ríkisins eigi að lána á þeim kjörum, að almenningur í landinu og launþegar almennt fái staðið undir þeim með almennum launatekjum, en leggjum áherslu á að Byggingarsjóður verkamanna mæti þörfum þeirra, sem lakast eru settir. Aðstoð við þá verður best veitt, sé hún takmörkuð við þá eina.

Skipan stjórnar.

Undirritaðir telja, að ASÍ og önnur samtök vinnumarkaðarins eigi að hafa áhrif á ákvarðanir í húsnæðismálum með eðlilegum hætti. Okkur þykir hins vegar rangt, að slíkt gerist með beinni stjórnaraðild, eins og frv. gerir nú ráð fyrir. Fleiri samtök vinnumarkaðarins, eins og BSRB, FFSÍ, Stéttarsamband bænda og VSÍ, hafa einnig gert kröfu til beinnar aðildar, og auk þess hefur Samband íslenskra sveitarfélaga orðað slíka aðild fyrir sig. Við teljum, að öll þessi samtök eigi að hafa áhrif á ákvarðanir, en óæskilegt sé að það gerist með beinni stjórnaraðild þeirra. Afstaða Sjálfstæðisflokksins og reyndar fjölmargra annarra, sem kynnt hafa sér þessi mál — þ. á m. fulltrúa Framsóknarflokks og Alþýðuflokks í húsnæðismálastjórn — er hvorki byggð á annarlegum sjónarmiðum gagnvart verkalýðshreyfingunni né heldur skilningsleysi á gildi félagslegra úrræða, þar sem þeirra er þörf. Hér er um að ræða grundvallaratriði í skipan stjórnsýslunnar og spurninguna um valdmörk Alþingis og hvenær eðlilegt sé að þingið framselji vald sitt til hagsmunasamtaka. Sjálfstæðisflokkurinn styður heils hugar að ASÍ hafi áhrif á ákvarðanir húsnæðismálastjórnar án beinnar aðildar að stjórninni. Á hinn bóginn telur Sjálfstæðisflokkurinn eðlilegt og æskilegt, að launþegasamtökin eigi beina aðild að stjórnum verkamannabústaðanna, sem sérstaklega sinna hinum svokallaða félagslega þætti húsnæðismálanna.

Tæknideildin.

Undirritaðir telja óþarft að lögbinda deildaskiptingu Húsnæðisstofnunar. Eðlilegt er, að stofnunin stundi eftirlits- og leiðbeiningarhlutverk auk þess að gangast fyrir opinberri samkeppni um gerð uppdrátta að íbúðarhúsum. Hins vegar teljum við, að hönnun og sala íbúðarteikninga eigi ekki að vera í verkahring Húsnæðisstofnunar, enda er hún þá í beinni samkeppni við teiknistofur í einkarekstri.

Þar sem stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa ekki séð sér fært að koma til móts við ofangreind viðhorf Sjálfstæðisflokksins og fellt allar okkar breytingartillögur í þá átt, leggjum við undirritaðir til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 29. maí 1980.

Friðrik Sophusson, frsm. Steinþór Gestsson.

Ed. 639. Frumvarp til laga [194. mál]

um breytingu á lögum nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta.

(Eftir 3. umr. í Nd., 29. maí.)

1. gr.

Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einnig skal veita úr sjóðnum styrki til framkvæmda við heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila, svo og vistheimili.

2. gr.

Við a-lið 25. gr. laganna bætist:

Við ákvörðun framlags úr ríkissjóði til sjóðsins skal taka tillit til þess að sjóðnum er ætlað að veita styrki til sjálfseignarstofnana og vistheimila, sbr. 3. mgr. 24. gr. laganna, og ber í fjárlögum að ætla sérgreint framlag til þessara verkefna, þannig að það komi til viðbótar við framlög til sjóðsins samkvæmt 1. og 2. málslið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 640. Lög [184. mál]

um Iðnrekstrarsjóð.

(Afgreidd frá Nd. 29. maí.)

Samhljóða þskj. 428.

Nd. 641. Framhaldsnefndarálit [17. mál]

um frv. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Í nál. 1. minni hluta á þskj. 608 var gefin vísbending um þá miklu lánsfjárþörf sem staðið er frammi fyrir miðað við þá tekjustofna sem frv. byggir á, — ef Alþingi samþykkti frv. með þeim breytingum sem efri deild hefur gert.

Auk þess var sýnt fram á að ekki er um að ræða aukningu á heildarfjármagni inn í félagslega kerfið frá því sem upphaflegt frv. gerði ráð fyrir. Þvert á móti stendur fjárhagsgrundvöllur félagslegra íbúðabygginga ekki eins traustum fótum — vegna aukningar sem skapast á lánfjárþörf. Þrýstingurinn mun einnig aukast geysilega yfir á félagslega kerfið, — ef fjármagn er dregið frá Byggingarsjóði ríkisins til Byggingarsjóðs verkamanna. Í því sambandi ber að hafa í huga að um ⅔ af félögum innan ASÍ hafa tekjur umfram það mark að geta fengið keyptar íbúðir í verkamannabústöðum.

Breytingartillögur efri deildar stefna því fjárhagsgrundvelli húsnæðiskerfisins í heild í mikla tvísýnu, jafnt félagslegum íbúðarbyggingum sem í almenna íbúðarlánakerfinu, auk þess sem draga verður í efa ávinning almenna lánakerfisins til íbúðarbygginga frá því sem er, — sem nú stendur í mikilli óvissu fjárhagslega eftir breytingar efri deildar.

Nú liggja fyrir viðbótarupplýsingar frá Þjóðhagsstofnun, sem eru hluti af umbeðnum upplýsingum frá félagsmálanefnd, og eru birtar á sérstöku þingskjali. Þær upplýsingar staðfesta enn frekar vísbendingar 1. minni hluta á þskj. 608 um að fjárhagsgrundvelli íbúðarbyggingakerfisins í heild er stefnt í mikla tvísýnu.

Þó æskilegt hefði verið að bíða eftir frekari útreikningum Þjóðhagsstofnunar áður en frv. verður samþykkt, — og gagnrýna megi málsmeðferð frv. á Alþingi varðandi fjármögnunarþáttinn sérstaklega, þá mun Alþýðuflokkurinn styðja framgang húsnæðismálalöggjafarinnar í trausti þess að fjármögnunarþáttur frv. verði endurskoðaður af ríkisstjórninni þegar allir útreikningar liggja fyrir, á þann hátt að hægt sé að standa við skuldbindingar frv.

Þingmenn Alþýðuflokksins eru þeirrar skoðunar, að með breytingum þeim, sem efri deild hefur samþykkt á frumvarpinu fyrir tilmæli ríkisstjórnarinnar, standi fjáröflun hins opinbera húsnæðislánakerfis í algeru uppnámi, eins og allar talnalegar upplýsingar, sem fram hafa verið lagðar, benda til, og sé svo er ávinningur launafólks við samþykkt frumvarpsins léttvægur, því mestöll baráttan er þá eftir. Staðfesti reynslan þessa skoðun Alþýðuflokksins áskilja þingmenn flokksins sér rétt til þess að taka fjármögnunarþátt lánakerfisins sérstaklega upp aftur á Alþingi.

Alþingi, 29. maí 1980.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Nd. 642. Lög [154. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 110/1976 og lög nr. 41/1977.

(Afgreidd frá Nd. 29. maí.)

Samhljóða þskj. 595.

Sþ. 643. Nefndarálit [36. mál]

um till. til þál. um ný samvinnufélagalög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leggur til að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við samvinnuhreyfinguna hefja undirbúning nýrrar löggjafar um samvinnufélög og samvinnusambönd.

Alþingi, 29. maí 1980.

Páll Pétursson, form., frsm. Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskr. Halldór Blöndal.
Salome Þorkelsdóttir. Helgi Seljan. Steinþór Gestsson.
Haraldur Ólafsson.

Sþ. 644. Nefndarálit [206. mál]

um till. til þál. um mál Skúla Pálssonar á Laxalóni.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar á þingskjali 566 um mál Skúla Pálssonar á Laxalóni. Nefndin er þeirrar skoðunar, að mikilsvert sé að þessu viðkvæma deilumáli verði lokið sem allra fyrst. Slíkt hljóti að verða hagur allra er málið snertir.

Því leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt með breytingu, sem hún flytur tillögu um á þskj. 645. Þar er lagt til, að ríkisstjórnin meti fyrir 1. október n. k. hvort og hve miklar bætur skuli greiða í framhaldi af ályktun Alþingis frá 23. maí 1979 og með hliðsjón af áliti þingkjörinnar nefndar, dagsettu 30. apríl 1980.

Í umfjöllun fjárveitinganefndar um málið kom fram, að meiri hluti nefndarinnar telur eina þeirra leiða, sem til greina koma við þetta mat, vera þá að skipa gerðardóm. Um það varð þó ekki algjör samstaða í nefndinni. En nefndin lítur svo á, að sú leið geti einnig falist í tillögunni.

Nefndarmenn eru sammála um að við það mat, sem hér um ræðir, hljóti að verða tekið tillit til sjónarmiða beggja deiluaðila til þess að finna sem allra fyrst og eigi síðar en 1. október næstkomandi sanngjarna lausn þessa deilumáls, sem lengi hefur verið í deiglunni.

Alþingi, 29. maí 1980.

Eiður Guðnason, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Lárus Jónsson.
Alexander Stefánsson.	Guðmundur Karlsson.	Guðm. Bjarnason.
Friðjón Þórðarson.	Geir Gunnarsson.	Friðrik Sophusson.

Sþ. 645. Breytingartillaga [206. mál]

við till. til þál. um mál Skúla Pálssonar á Laxalóni.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að meta fyrir 1. október 1980, hvort og þá hversu miklar bætur skuli greiða Skúla Pálssyni á Laxalóni í framhaldi af ályktun Alþingis 23. maí 1979 um aðgerðir vegna fiskeldis að Laxalóni og með hliðsjón af áliti þingkjörinnar nefndar frá 30. apríl 1980.

Ed. 646. Lánsfjárlög [180. mál]

fyrir árið 1980.

(Afgreidd frá Ed. 29. maí.)

Samhljóða þskj. 618.

Ed. 647. Lög [194. mál]

um breytingu á lögum nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta.

(Afgreidd frá Ed. 29. maí.)

Samhljóða þskj. 639.

Nd. 648. Lög [17. mál]

um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 29. maí.)

Samhljóða þskj. 552 (sbr. 543).

Sþ. 649. Þingsályktun [35. mál]

um kaup og sölu á fasteignum.

(Afgreidd frá Sþ. 29. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar í stað fara fram endurskoðun á lögum um fasteignasölu nr. 47/1938, og öðrum þar að lútandi lögum og reglum, sem um fasteignaviðskipti gilda, og gera þær hreyfingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja betur en nú er réttarstöðu kaupanda og seljanda í fasteignaviðskiptum.

Við slíka endurskoðun skal kveða nánar á en nú er um þá viðskiptahætti sem í fasteignasölu gilda, svo sem skyldur fasteignasalans gagnvart kaupendum og seljendum fasteigna, ábyrgð þá, sem hvílir á sölu- og kaupaðilum í slíkum viðskiptum, svo og um fasteignaviðskipti á byggingarstigi.

Endurskoðunin skal einnig við það miðuð að koma í veg fyrir óeðlilega verðlagsþróun á fasteignum.

Sþ. 650. Þingsályktun [59. mál]

um athugun á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði.

(Afgreidd frá Sþ. 29. maí.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta athuga nú þegar með hvaða hætti tryggja megi sem bestar og öruggastar flugsamgöngur við Vestfirði.

Athugun þessi skal fyrst og fremst beinast að eftirfarandi:

1. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Ísafjarðarflugvelli.
2. Endurbótum og lengingu á flugbrautinni við Holt í Önundarfirði og flugbrautinni í Bolungarvík með það í huga að þær gegni því hlutverki að vera varavellir fyrir Ísafjarðarflug.
3. Öryggisútbúnaði og lýsingu á Þingeyrarflugvelli.
4. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Patreksfjarðarflugvelli.

Athugun þessari skal hraðað svo sem frekast er kostur.

Sþ. 651. Þingsályktun [206. mál]

um mál Skúla Pálssonar á Laxalóni.

(Afgreidd frá Sþ. 29. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að meta fyrir 1. október 1980, hvort og þá hversu miklar bætur skuli greiða Skúla Pálssyni á Laxalóni í framhaldi af ályktun Alþingis 23. maí 1979 um aðgerðir vegna fiskeldis að Laxalóni og með hliðsjón af áliti þingkjörinnar nefndar frá 30. apríl 1980.

Sþ. 652. Þingsályktun [36. mál]

um ný samvinnufélagalög.

(Afgreidd frá Sþ. 29. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta í samráði við samvinnuhreyfinguna hefja undirbúning nýrrar löggjafar um samvinnufélög og samvinnusambönd.

Sþ. 653. Nefndaskipun.

(102. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi:

1. *Fjárveitinganefnd:*

Þórarinn Sigurjónsson, fundaskrifari,[1])
Lárus Jónsson, varaformaður,
Alexander Stefánsson,
Pálmi Jónsson,[2])
Eiður Guðnason, formaður,
Guðmundur Bjarnason,
Friðjón Þórðarson,
Geir Gunnarsson,
Friðrik Sophusson.

Mál er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

Fjárlög 1980 (193, n. 228 (meiri hl.), n. 233 (minni hl.), frhn. 266 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Eiður Guðnason.
Frsm. minni hl.: Lárus Jónsson.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Aðstoð við fiskflutninga milli Þorlákshafnar, Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar (84).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Hefting landbrots (132).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Áætlanagerð (131).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Vegáætlun fyrir árin 1979—82 (348, n. 480 (meiri hl.), n. 485 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Eiður Guðnason.
   Frsm. minni hl.: Lárus Jónsson.
5. Flutningur gufuhverfils Kröfluvirkjunar til nýtingar á háhitasvæði á Reykjanesskaga (347).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Mál Skúla Pálssonar á Laxalóni (566, n. 644).
   Frsm.: Eiður Guðnason.

---

1) Í fjarveru hans, frá 14. til 27. apríl, tók sæti hans í nefndinni Böðvar Bragason.
2) Eftir að hann varð ráðherra, frá 14. mars, tók sæti hans í nefndinni Guðmundur Karlsson.

2. *Utanríkismálanefnd:*
Aðalmenn:
Geir Hallgrímsson, formaður,
Steingrímur Hermannsson,
Albert Guðmundsson,
Ragnar Arnalds,[1])
Árni Gunnarsson,[2])
Jóhann Einvarðsson, fundaskrifari,
Eyjólfur Konráð Jónsson.
Varamenn:
Matthías Á. Mathiesen,
Ingvar Gíslason,
Friðjón Þórðarson,
Ólafur Ragnar Grímsson,[3])
Karl Steinar Guðnason,
Halldór Ásgrímsson,
Birgir Ísl. Gunnarsson.

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:
1. Viðskiptasamningur EFTA-landanna og Spánar (2, n. 43).
Frsm.: Geir Hallgrímsson.
2. Aðild Íslands að Genfarbókuninni (99, n. 181).
Frsm.: Geir Hallgrímsson.
3. Evrópusamningur um varnir gegn hryðjuverkum (326, n. 411).
Frsm.: Geir Hallgrímsson.
4. Samkomulag Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna (332, n. 412).
Frsm.: Geir Hallgrímsson.
5. Hafsbotnsréttindi Íslands og samvinna við Færeyinga (434).
Nefndarálit kom ekki.
6. Samkomulag milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál (503, n. 565 (meiri hl.), n. 576 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Geir Hallgrímsson.
Frsm. minni hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.

3. *Atvinnumálanefnd:*
Gunnar Thoroddsen,
Halldór Ásgrímsson, varaformaður,
Hjörleifur Guttormsson,[4])
Egill Jónsson,
Karvel Pálmason, formaður,
Ólafur Þ. Þórðarson,[5])
Friðrik Sophusson, fundaskrifari.

---

1) Eftir að hann varð ráðherra, frá 15. febr., tók sæti hans í nefndinni Ólafur Ragnar Grímsson.
2) Sæti hans í nefndinni tók 15. febr. Benedikt Gröndal og gegndi hann jafnframt varaformannsstarfi.
3) Sæti hans sem varamaður í nefndinni tók 15. febr. Guðrún Helgadóttir.
4) Eftir að hann varð ráðherra, frá 18. febr., tók sæti hans í nefndinni Stefán Jónsson.
5) Í fjarveru hans, frá 18. jan. til 3. febr., tók sæti hans í nefndinni Sigurgeir Bóasson.

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:

1. Útibú frá Veiðimálastofnun (11, n. 259).
   Frsm.: Egill Jónsson.
2. Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum (12).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp (13, n. 272).
   Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
4. Tekjuskipting og launakjör (14, n. 273).
   Frsm.: Karvel Pálmason.
5. Iðnaður á Vesturlandi (27).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Grasкögglaverksmiðjur (28).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Dalabyggðaráætlun (38).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Tollfrjálst iðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll (86).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Varnir gegn hættu af snjóflóðum (144).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Framkvæmdaáætlun í orkumálum vegna húshitunar (157).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Aukin nýting í fiskvinnslu (105).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum (118).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Launa- og kjaramál (217).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Hafnargerð við Dyrhólaey (306).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Iðnaður á Suðurlandi (324).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Nýting kolmunna og vinnslustöð á Austurlandi (227).
    Nefndarálit kom ekki.

4. *Allsherjarnefnd:*

Halldór Blöndal,
Páll Pétursson, formaður,
Salome Þorkelsdóttir,
Helgi Seljan, varaformaður,
Jóhanna Sigurðardóttir, fundaskrifari,
Guðmundur G. Þórarinsson,[1])
Steinþór Gestsson.[2])

Þingsályktunartillögur er til nefndarinnar var vísað:

1. Málefni hreyfihamlaðra (15, n. 443).
   Frsm.: Páll Pétursson.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 28. til 29. maí, tók sæti hans í nefndinni Haraldur Ólafsson.
2) Á fundi nefndarinnar 22. apríl tók sæti hans í nefndinni Sigurður Óskarsson.

2. Kaup og sala á fasteignum (35, n. 444).
   Frsm.: Jóhanna Sigurðardóttir.
3. Samvinnufélög (36, n. 643).
   Frsm.: Páll Pétursson.
4. Aldurshámark starfsmanna ríkisins (50).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Jöfnun húshitunarkostnaðar (63).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Flugsamgöngur við Vestfirði (89, n. 460).
   Frsm.: Guðmundur G. Þórarinsson.
7. Sveigjanlegur vinnutími hjá ríkisstofnunum (107).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Ávöxtun skyldusparnaðar (166, n. 459).
   Frsm.: Páll Pétursson.
9. Útreikningur framfærsluvísitölu í hverju kjördæmi (178).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Eftirgjöf á ársfjórðungsgjaldi fyrir síma hjá elli- og örorkulífeyrisþegum (196).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Leyfisveitingar í áætlunarflugi (230).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Nýting ríkisjarða í þágu aldraðra (226).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Geðheilbrigðismál (240).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Gjaldskrárbreytingar þjónustustofnana (335).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Könnun á áhrifum af ákvæðislaunakerfum (344).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Launasjóður rithöfunda (551).
    Nefndarálit kom ekki.

5. *Þingfararkaupsnefnd:*
   Sverrir Hermannsson, varaformaður,
   Stefán Valgeirsson,
   Friðjón Þórðarson,[1])
   Garðar Sigurðsson, formaður,
   Eiður Guðnason, fundaskrifari,
   Þórarinn Sigurjónsson,
   Guðmundur Karlsson.

6. *Kjörbréfanefnd:*
   Friðjón Þórðarson, varaformaður,[2])
   Ólafur Jóhannesson, formaður,
   Birgir Ísl. Gunnarsson,
   Skúli Alexandersson,
   Jóhanna Sigurðardóttir,
   Tómas Árnason,
   Friðrik Sophusson, fundaskrifari.

---

1) Eftir að hann varð ráðherra, frá 14. febr., tók sæti hans í nefndinni Matthías Bjarnason.
2) 13. mars tók sæti hans í nefndinni Jósef H. Þorgeirsson.

Nefndin rannsakaði kjörbréf Þráins Jónssonar, 4. (vara)þm. Austurl., Sigurgeirs Bóassonar, 5. (vara)þm. Vestf., Boga Sigurbjörnssonar, 5. (vara)þm. Norðurl. v., Jóns Baldvins Hannibalssonar, 4. (vara)þm. Reykv., Tryggva Gunnarssonar, 4. (vara)þm. Austurl., Sigurlaugar Bjarnadóttur, 5. landsk. (vara)þm., Sigrúnar Magnúsdóttur, 5. (vara)þm. Reykv., Ellerts B. Schram, 1. (vara)þm. Reykv., Guðmundar Gíslasonar, 1. (vara)þm. Austurl., Sveins Jónssonar, 2. (vara)þm. Austurl., Siggeirs Björnssonar, 6. (vara)þm. Suðurl., Jóns Sveinssonar, 1. (vara)þm. Vesturl., Sigurðar Óskarssonar, 2. (vara)þm. Suðurl., Böðvars Bragasonar, 1. (vara)þm. Suðurl., Einars Kr. Guðfinnssonar, 1. (vara)þm. Vestf., Guðrúnar Hallgrímsdóttur, 11. (vara)þm. Reykv., Sigurlaugar Bjarnadóttur, 4. (vara)þm. Vestf. og 5. landsk. þm., Soffíu Guðmundsdóttir, 4. (vara)þm. Norðurl. e., Valdimars Indriðasonar, 2.(vara)þm. Vesturl., Haralds Ólafssonar, 5.(vara)þm. Reykv., og Finnboga Hermannssonar, 2. (vara)þm. Vestf., og lét uppi munnleg álit um þau.

B.

Í efri deild:

1. *Fjárhags- og viðskiptanefnd:*

Eyjólfur Konráð Jónsson,[1])
Tómas Árnason,[2])
Ólafur Ragnar Grímsson, formaður,[3])
Lárus Jónsson,
Eiður Guðnason, fundaskrifari,[4])
Guðmundur Bjarnason, varaformaður,
Þorv. Garðar Kristjánsson.[5])

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Ferðagjaldeyrir (4, n. 55 (minni hl.), n. 56 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Eyjólfur Konráð Jónsson.
   Frsm. meiri hl.: Tómas Árnason.
2. Lántaka vegna framkvæmda á sviði orkumála (3, n. 147).
   Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
3. Lántaka Bjargráðasjóðs (5, n. 355, frhn. 383).
   Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
4. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði (64, n. 70).
   Frsm.: Eiður Guðnason.
5. Greiðsla opinberra gjalda 1980 (98 (sbr. 96), n. 100).
   Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
6. Kjarasamningar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (115, n. 135).
   Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
7. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði og lántaka á árinu 1980 (158, n. 162).
   Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
8. Tekjuskattur og eignarskattur (174 (sbr. 168), n. 177).
   Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.

---

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 13. mars til 14. apríl, tók sæti hans í nefndinni Sigurlaug Bjarnadóttir.
2) Eftir að hann varð ráðherra, frá 14. febr., tók sæti hans í nefndinni Davíð Aðalsteinsson.
3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 17. apríl til 2. maí, tók sæti hans í nefndinni Guðrún Hallgrímsdóttir.
4) Frá og með 13. febr. tók sæti hans í nefndinni Kjartan Jóhannsson.
5) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 17. apríl til 2. maí, tók sæti hans í nefndinni Sigurlaug Bjarnadóttir.

9. Lántaka Framleiðsluráðs landbúnaðarins (175, n. 185 (meiri hl.), n. 188 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
   Frsm. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.
10. Verðlag (183, n. 581 (meiri hl.), n. 582 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Eyjólfur Konráð Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
11. Söluskattur (210).
   Nefndarálit kom ekki.
12. Tekjuskattur og eignarskattur (219, n. 308 (1. minni hl.), n. 318 (2. minni hl.), n. 319 (3. minni hl.), frhn. 359 (3. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Lárus Jónsson.
   Frsm. 3. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.
13. Flugvallagjald (231, n. 310 (1. minni hl.), n. 312 (2. minni hl.), n. 316 (3. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
   Frsm. 3. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.
14. Orkujöfnunargjald (295, n. 300 (1. minni hl.), n. 301 (2. minni hl.), n. 302 (3. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
   Frsm. 3. minni hl.: Eiður Guðnason.
15. Tollskrá o. fl. (167, n. 353).
   Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
16. Skráning og mat fasteigna (142, n. 430).
   Frsm.: Lárus Jónsson.
17. Söluskattur (7, n. 431 (meiri hl.), n. 432 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Kjartan Jóhannsson.
   Frsm. minni hl.: Lárus Jónsson.
18. Lífeyrissjóður bænda (311, n. 429).
   Frsm.: Kjartan Jóhannsson.
19. Tímabundið vörugjald (440 (sbr. 6), n. 605 (1. minni hl.), n. 606 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Lárus Jónsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 3. minni hl.
20. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda (405).
   Nefndarálit kom ekki.
21. Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði (528, n. 579 (meiri hl.), n. 580 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
   Frsm. minni hl.: Lárus Jónsson.
22. Jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar (601 (sbr. 339), n. 619).
   Frsm.: Ólafur Ragnar Grímsson.
23. Lánsfjárlög 1980 (618, n. 627 (1. minni hl.), n. 628 (2. minni hl.), n. 629 (3. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Ólafur Ragnar Grímsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Lárus Jónsson.
   Frsm. 3. minni hl.: Kjartan Jóhannsson.

2. *Samgöngunefnd:*

Guðmundur Karlsson,
Tómas Árnason,[1])
Stefán Jónsson,[2])
Egill Jónsson, fundaskrifari,
Eiður Guðnason,
Jón Helgason, formaður,
Lárus Jónsson, varaformaður.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Lögskráning sjómanna (31, n. 415).
   Frsm.: Jón Helgason.
2. Skipulag ferðamála (238, n. 466).
   Frsm.: Jón Helgason.
3. Landflutningasjóður (205, n. 258).
   Frsm.: Jón Helgason.
4. Lögskráning sjómanna (169, n. 417).
   Frsm.: Jón Helgason.
5. Sjómannalög (525, n. 603).
   Frsm.: Jón Helgason.

Í samvinnu við samgöngunefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 248 (frsm.: Árni Gunnarsson).

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Þorv. Garðar Kristjánsson,
Jón Helgason,
Helgi Seljan, fundaskrifari,
Egill Jónsson, formaður,
Davíð Aðalsteinsson,
Eiður Guðnason,
Eyjólfur Konráð Jónsson, varaformaður.[3])

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Mat á sláturafurðum (86, n. 269).
   Frsm.: Egill Jónsson.
2. Tilbúningur og verslun með smjörlíki (474, n. 555).
   Frsm.: Egill Jónsson.
3. Eyðing refa og minka (394, n. 556).
   Frsm.: Egill Jónsson.

---

1) Eftir að hann varð ráðherra, frá 14. febr., tók sæti hans í nefndinni Stefán Guðmundsson.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 22. apríl til 5. maí, tók sæti hans í nefndinni Soffía Guðmundsdóttir.
3) Á fundi nefndarinnar 1. apríl tók sæti hans í nefndinni Sigurlaug Bjarnadóttir.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Guðmundur Karlsson,
Stefán Guðmundsson, formaður,
Geir Gunnarsson, fundaskrifari,[1])
Lárus Jónsson,
Karl Steinar Guðnason, varaformaður,[2])
Guðmundur Bjarnason,
Egill Jónsson.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Framleiðslueftirlit sjávarafurða (10).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (29, n. 73).
   Frsm.: Stefán Guðmundsson.
3. Olíugjald til fiskiskipa (9).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (119 (sbr. 103), n. 123).
   Frsm.: Stefán Guðmundsson.
5. Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins (120 (sbr. 104), n. 124).
   Frsm.: Stefán Guðmundsson.
6. Olíugjald til fiskiskipa (116, n. 122).
   Frsm.: Stefán Guðmundsson.
7. Olíugjald til fiskiskipa (254, n. 297 (meiri hl.), n. 298 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Stefán Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Guðmundur Karlsson.
8. Innflutningur á skipi (307).
   Nefndarálit kom ekki.

5. *Iðnaðarnefnd:*

Þorv. Garðar Kristjánsson, formaður,
Stefán Guðmundsson,
Stefán Jónsson, fundaskrifari,
Gunnar Thoroddsen,
Davíð Aðalsteinsson, varaformaður,
Karl Steinar Guðnason,[3])
Egill Jónsson.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Verðjöfnunargjald af raforku (16, n. 45).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
2. Niðurgreiðsla á olíu til upphitunar húsa (112).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Hitaveita Suðurnesja (198, n. 323).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

1) Á fundi nefndarinnar 24. jan. gegndi störfum hans í nefndinni Stefán Jónsson.
2) Á fundi nefndarinnar 10. apríl tók sæti hans í nefndinni Eiður Guðnason, en á fundi 7. maí Kjartan Jóhannsson.
3) Frá 13. febr. tók sæti hans í nefndinni Kjartan Jóhannsson.

4. Iðnþróunarsjóður (414, n. 500).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
5. Iðnrekstrarsjóður (428, n. 501).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.

6. *Félagsmálanefnd:*

Þorv. Garðar Kristjánsson, formaður,[1])
Stefán Guðmundsson,
Ólafur Ragnar Grímsson,[2])
Salome Þorkelsdóttir,
Karl Steinar Guðnason, fundaskrifari,[3])
Guðmundur Bjarnason, varaformaður,
Guðmundur Karlsson.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Öryggi á vinnustöðum (18, n. 403).
   Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
2. Húsnæðismálastofnun ríkisins (17, n. 506).
   Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
3. Stöðvun verkfalls á farskipum og verkbanns (19, n. 505).
   Frsm.: Karl Steinar Guðnason.
4. Tekjustofnar sveitarfélaga (212, n. 244).
   Frsm.: Þorv. Garðar Kristjánsson.
5. Bjargráðasjóður (327, n. 352).
   Frsm.: Guðmundur Bjarnason.
6. Aðstoð við þroskahefta (482).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum (102, n. 557).
   Frsm.: Salome Þorkelsdóttir.

Lagafrumvarp er nefndin flutti:

Aðstoð við þroskahefta (482).
Frsm.: Karl Steinar Guðnason.

7. *Heilbrigðis- og trygginganefnd:*

Gunnar Thoroddsen,[4])
Ólafur Jóhannesson,[5])
Helgi Seljan, formaður,[6])
Salome Þorkelsdóttir, varaformaður,
Jón Helgason,
Karl Steinar Guðnason, fundaskrifari,
Lárus Jónsson.

---

1) Á fundi nefndarinnar 29. apríl tók sæti hans í nefndinni Sigurlaug Bjarnadóttir.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 17. apríl til 2. maí, tók sæti hans í nefndinni Guðrún Hallgrímsdóttir, en á fundum nefndarinnar 8. og 9. maí Helgi Seljan.
3) Á fundum nefndarinnar 7. og 8. maí tók sæti hans í nefndinni Kjartan Jóhannsson.
4) Eftir að hann varð ráðherra tók sæti hans í nefndinni, frá 14. mars, Guðmundur Karlsson.
5) Eftir að hann varð ráðherra tók sæti hans í nefndinni, frá 14. mars, Davíð Aðalsteinsson.
6) Á fundi nefndarinnar 16. apríl tók sæti hans í nefndinni Sveinn Jónsson.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Eftirlaun aldraðra (65 (sbr. 32), n. 69).
   Frsm.: Ólafur Jóhannesson.
2. Lyfjadreifing (33).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Brunatryggingar utan Reykjavíkur (34, n. 329).
   Frsm.: Salome Þorkelsdóttir.
4. Almannatryggingar (24).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Heilbrigðisþjónusta (108).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands (126, n. 418).
   Frsm.: Karl Steinar Guðnason.
7. Fóstureyðingar (180).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Almannatryggingar (195).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Lífeyrissjóður sjómanna (222, n. 264).
   Frsm.: Salome Þorkelsdóttir.
10. Almannatryggingar (257, n. 265).
    Frsm.: Helgi Seljan.
11. Heilbrigðisþjónusta (289).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Meinatæknar (290).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Almannatryggingar (286, n. 465).
    Frsm.: Lárus Jónsson.
14. Tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir (203, n. 512).
    Frsm.: Karl Steinar Guðnason.
15. Almannatryggingar (370, n. 402).
    Frsm.: Helgi Seljan.
16. Skipulag ferðamála (435).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Starfskjör launafólks og skyldutrygging lífeyrisréttinda (420, n. 589).
    Frsm.: Helgi Seljan.

8. *Menntamálanefnd:*

Gunnar Thoroddsen,[1])
Ólafur Jóhannesson,[2])
Ólafur Ragnar Grímsson,
Salome Þorkelsdóttir,
Eiður Guðnason, varaformaður,[3])
Davíð Aðalsteinsson, fundaskrifari,
Eyjólfur Konráð Jónsson, formaður.

1) Eftir að hann varð ráðherra, frá 14. febr., tók sæti hans í nefndinni Þorvaldur Garðar Kristjánsson, en á fundi nefndarinnar 30. apríl tók sæti hans í nefndinni Sigurlaug Bjarnadóttir.
2) Eftir að hann varð ráðherra, frá 14. febr., tók sæti hans í nefndinni Jón Helgason.
3) Frá 13. mars tók sæti hans í nefndinni Karl Steinar Guðnason.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Fuglaveiðar og fuglafriðun (22).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Kvikmyndasafn Íslands (130, n. 564).
   Frsm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.
3. Grunnskólar (350, n. 537).
   Frsm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.
4. Fjölbrautaskólar (471, n. 538).
   Frsm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.

9. *Allsherjarnefnd:*

Eyjólfur Konráð Jónsson,
Ólafur Jóhannesson,[1])
Stefán Jónsson, varaformaður,[2])
Gunnar Thoroddsen,[3])
Tómas Árnason,[4])
Karl Steinar Guðnason, fundaskrifari,
Salome Þorkelsdóttir, formaður.

Lagafrumvörp er til nefndarinnar var vísað:

1. Kosningar til Alþingis (30).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Almenn hegningarlög (82, n. 449).
   Frsm.: Salome Þorkelsdóttir.
3. Almenn hegningarlög (83, n. 450).
   Frsm.: Salome Þorkelsdóttir.
4. Almenn hegningarlög (94).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Veiting ríkisborgararéttar (111, n. 378).
   Frsm.: Salome Þorkelsdóttir.
6. Meðferð einkamála í héraði (138).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Eftirlit með skipum (139).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Flutningsráð ríkisstofnana (136).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Framkvæmd eignarnáms (287).
